1. júlí — fyrsti fundur.

Föstudaginn, 1. dag júlímánaðar 1859 var alþingi Íslendínga hið 7. sett í Reykjavík. Áður en þíngið var sett, var guðsþjónusta haldin í dómkirkju bæjarins, og prèdikaði prófessor, Dr. *P. Pètursson,* og lagði út af Filipp. 2, 1.—4. v. Auk *konúngsfulltrúa* herra amtmanns *P. Melsteðs,* r. af dbr. og dbrm., og skrifara hans, prestaskólakennara *S. Melsteðs,* voru þessir alþíngismenn viðstaddir:

a) Konúngkjörnir:

1. *Þórður Jónassen,* háyfirdómari.
2. *H. G. Thordersen,* biskup yfir Íslandi.
3. *P. Pètursson,* prófessor og forstöðumaður prestaskólans.
4. *V. Finsen,* kanselíráð og landfógeti.
5. *J. Pètursson,* dómari í landsyfirrèttinum.
6. *J. Hjaltalín,* landlæknir.

b) Þjóðkjörnir:

1. Fyrir Austur-Skaptafellssýslu, *Stefán Eiríksson,* hreppstjóri, frá Árnanesi.
2. Fyrir Vestur-Skaptafellssýslu, *Jón Guðmundsson,* málaflutníngsmaður í Reykjavík.
3. Fyrir Vestmannaeyjasýslu, *Brynjólfur Jónsson,* prestur á Vestmannaeyjum.
4. Fyrir Rángárvallasýslu, *Páll Sigurðsson,* hreppstjóri, frá Árkvörn.
5. Fyrir Árnessýslu, *Magnús Andrèsson,* sættamaður, frá Syðra-Lángholti.
6. Fyrir Gullbríngu- og Kjósarsýslu, *Guðmundur Brandsson,* hreppstjóri, frá Landakoti.
7. Fyrir Reykjavíkurbæ, *H. Kr. Friðriksson,* skólakennari.
8. Fyrir Borgarfjarðarsýslu, *Arnljótur Ólafsson,* kandídat, frá Kaupmannahöfn.
9. Fyrir Mýrasýslu, *Jón Sigurðsson,* hreppstjóri, frá Tandraseli.

10. Fyrir Snæfellsnessýslu, *P. Melsteð*, sýslumaður.
11. Fyrir Dalasýslu (varaþingmaður), *Indriði Gíslason*, hreppstjóri, frá Hvoli.
12. Fyrir Barðastrandarsýslu (varaþingmaður), *Benidikt Þórðarson*, prestur frá Brjámslæk.
13. Fyrir Ísafjarðarsýslu, *Jón Sigurðsson*, skjalavörður, frá Kaupmannahöfn.
14. Fyrir Strandasýslu, *Ásgeir Einarsson*, sættamaður, frá Kollafjarðarnesi.
15. Fyrir Húnavatnssýslu, *Ólafur Jónsson*, hreppstjóri, frá Sveinsstöðum.
16. Fyrir Skagafjarðarsýslu, *Gísli Brynjólfsson*, kandídat, frá Kaupmannahöfn.
17. Fyrir Eyjafjarðarsýslu, *Stefán Jónsson*, umboðsmaður, frá Steinstöðum.
18. Fyrir Suður-Þingeyjarsýslu, *Jón Sigurðsson*, hreppstjóri, frá Gautlöndum.
19. Fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, *Sveinn Skúlason*, kandídat, frá Akureyri.
20. Fyrir Norður-Múlasýslu, *Halldór Jónsson*, prófastur, frá Hofi.
21. Fyrir Suður-Múlasýslu mætti enginn.

Konúngsfulltrúi setti þingið með eptirfylgjandi ræðu:

Heiðruðu alþingisfulltrúar, ástkæru landsmenn!

Enn þá einu sinni tilkvaddur af konúngi vorum, að flytja erindi hans á alþingi Íslendínga, finn eg mèr skylt að ávarpa yður, háttvirtu alþingismenn! fáeinum orðum, áður en vèr tökum til þeirra starfa, er stjórnin hefir ætlað oss af hendi að leysa, eður af hálfu þjóðarinnar verða feingin oss til meðferðar á þessu þingi.

Þegar nú nýtt þing eptir nýjar kosníngar er hèr saman komið, gleður það mig allmjög, að sjá hèr marga þá menn aptur komna, með hverjum eg, á hinum fyrri þíngum, hefi átt samvinnu, sem jafnan hafa sýnt mèr stöðugan velvilja, og frá hverra hálfu eg vænti mèr sömu velvildar framvegis. Að vísu söknum vèr hèr nú nokkurra þeirra manna, sem reyndir hafa verið að hyggindum og dugnaði á hinum fyrri þíngum, og sem vèr þess vegna mundum hafa kosið að vera í samverki með nú á þessu þíngi; en vèr vonum, að hinir nýju þíngmenn, sem síðustu kosníngar hafa kallað í hinna stað til þíngsins, muni bæta missi hinna að fullu.

Eg samfagna þínginu yfir því, að vor mildasti konúngur í auglýsíngu þeirri, sem yður mun nú bráðum verða afhent, hefir lýst velþóknun sinni yfir meðferð þíngsins á einu vandamáli, er það hafði til álits á síðasta þíngi, eins og vèr allir þakklátlega megum viðurkenna, að stjórnin nú þegar samkvæmt tillögum þíngsins hefir gjört nokkrar ráðstafanir til þess, að nákvæmara eptirlit, en áður, verði haft með fiskiveiðum útlendra þjóða við strendur landsins, og þar með fyrirbyggt, að rèttindum landsmanna verði í því tilliti misboðið.

Konúngur vor hefir í þetta sinn veitt oss það, er vèr opt áður höfðum beðið um, og sem öllum landsmönnum hefir þótt áríðanda, nl. að hinn íslenzki texti laga þeirra, sem hèr eptir koma út fyrir Ísland, verði undirskrifaður af konúnginum sjálfum og hlutaðeiganda ráðgjafa. Þessi bænheyrzla vors mildasta konúngs má vera oss óbrigðull vottur þess, að hann, þegar tími og kríngumstæður leyfa, muni veita oss þær bænir, sem byggðar eru á sanngirni og góðum ástæðum.

Þau frumvörp, er eg af hendi stjórnarinnar í þetta sinn hefi að leggja fyrir þíngið, eru hvorki mörg nè margbrotin, en þau eru þó mjög áríðandi fyrir landið, eins og t. a. m. jarðamatið og vegabótamálið, og ríður því mikið á, að þau sè vel og ítarlega yfirveguð, og að þær tilbreytíngar, er þíngið kynni að finna tilefni til að stínga upp á, sè vel og vandlega hugsaðar.

Tími sá, sem nú stendur yfir, er í mörgu tilliti bágborinn og ískyggilegur: megn fjársýki hefir geisað yfir talsverðan hluta landsins, unnið þar þegar mikið tjón, og það í fleiru tilliti, og bakað landsmönnum þúngar álögur, fyrir hverra enda enn þá hvergi nærri er sèð; megn harðindi hafa þar að auki heimsótt landið, og hnekkt víða hvar mjög tilfinnanlega velmegun manna, og á nokkrum stöðum þannig eytt og tilbyrgt alla bjargræðisvegi, að þar nú lítur út fyrir húngursneyð og jafnvel manndauða, verði ekki bráð bót ráðin á þeim bjargræðisskorti, sem nú á sèr þar stað, og eptir hlutarins eðli auðsjáanlega hlýtur að fara vaxandi á komanda vetri. Þetta bágborna ástand landsins vona eg verði hinum heiðruðu þíngmönnum hvöt til þess, að styðja alla þá viðburði, sem miða til að bægja frá og bæta úr, sem mest verður, þeirri neyð, er að landinu þreingir, með sameinuðum kröptum og bróðurlegri eindrægni.

Enn sem fyrri treysti eg því, að þèr, heiðruðu alþíngismenn! með sömu góðvild, og á undanfarandi þíngum, munið einnig á þessu gjöra mèr samvinnuna með yður svo lèttbæra, sem unnt er; og þess-

arar yðar góðvildar þarfnast eg því meir, sem ellin og veiktir kraptar gjöra mèr mí stöðu mína hèr erfiðari, en hún áður hefir verið; og í þessari von og í trausti til hans, sem máttugur er í breyskleikanum, viljum vèr þá byrja á störfum þeim, er fyrir höndum liggja, og að svo mæltu lýsi eg því yfir í nafni og umboði vors allramildasta konúngs, að

Alþíngi er sett.

Að ræðulokum svaraði einn þíngmanna:

Leingi lifi konúngur vor, **Friðrik hinn sjöundi!** og tóku allir þíngmenn undir í einu hljóði.

Konúngsfulltrúi: Samkvæmt 47. gr. í alþíngistilskipuninni skora eg á hina heiðruðu þíngmenn að koma fram með mótmæli þau, er einhver þeirra kynni að hafa móti kosníngum þíngmanna, og bið eg hinn heiðraða þíngmann Vestur-Skaptafellssýslu að gegna skrifarastörfum, þángað til þíngskrifarar verða kosnir.

I. Gíslason: Eptir tilætlun 44. § í alþíngistilskipuninni sendi eg í gær hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* skriflega umkvörtun nokkurra kjósanda í Barðastrandarsýslu yfir því, að þeim hefði verið misboðið af kjörstjórninni þar, sem og vitnisburði nokkurra hreppstjóra um það, að kjörskrárnar hefði aldrei birtar verið. Eg finn mèr því eingan veginn hlýða, að draga dulur á þessa umkvörtun, þar sem einginn nema þíngið eitt á dómsvald í þessu efni. Báru kjósendurnir það helzt fyrir, bæði hvað ótímabært að kjörþíngið hefði verið, sem og það, að kjörskrárnar ekki hefði birtar verið, eins og vitnisburðir hreppstjóranna sýndu, og svo þar sem aðalfulltrúi sýslunnar ekki treystist að takast kosníngina á hendur vegna ólögmæti hennar. Annars mætti hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* bezt mega vita um það, hvort kjörþíngisgjörðabókin í Barðastrandarsýslu ber vottorð um, að kjörskrárnar hafi löglega birtar verið.

B. Þórðarsson: Það vil eg þínginu kunnugt gjöra, að viðvíkjandi kosníngu þíngmanna í Barðastrandarsýslu er til skýrsla kjörstjórans, og er hún þegar prentuð í prentsmiðjunni; skýrsla sú sýnir ljóslega, að mótmæli þau, sem nú eru fram komin gegn löggildi kosníganna þar í sýslu, eru byggð á ósannri og ósannaðri undirstöðu. Bið eg þíngið gæti þessa, og þyki því, á annað borð, mótmælin þess verð, að gefa þeim nokkurn verulegan gaum, að það þá kynni sèr skýrsluna, áður atkvæði greiðist í málinu.

Konúngsfulltrúi: Eg skal geta þess, að í gærkveldi fèkk eg brèf, eg veit ekki frá hverjum, því það var óundirskrifað, viðvíkjandi kosníngu þíngmannsins í Barðastrandarsýslu; og með því eg ekki vissi, í hverjum tilgángi mèr var sent brèfið, hafði eg það ekki með mèr upp á þíngið. En að öðru leyti skal eg geta þess, að varaþíngmaður Dalasýslu hefir misskilið þá tilvitnuðu grein alþíngistilskipunarinnar, því hún ætlast ekki til, að þíngmenn sendi *konúngsfulltrúanum* mótmæli sín gegn kosníngunum, heldur að þeir beri þær sjálfir undir þíngið; þessari reglu hefir einnig jafnan verið fylgt hèr á þíngi.

P. Sigurðsson: Varaþíngmaður Dalasýslu gat þess, að nokkur skjöl þessari kosníngaraðferð viðkomandi hefði hann afhent *konúngsfulltrúa* í gær. Eg er alveg ókunnugur þessu málefni að öðru en því, sem ráða má af þjóðólfi, að kjörþíngið í Barðastrandarsýslu hafi verið ákveðið á óhentugasta tíma, kjósendur þess vegna hafi ekki getað neytt kosníngarrèttar síns sökum þá stöðugra harðinda og illviðra, jafnvel þó eg verði að álíta, að það sè staklegt kæruleysi af kjörstjórum, að leyfa sèr upp á sitt eindæmi að víkja frá augljósri setníngu alþíngistilskipunarinnar með að halda kjörþíng í september þeim næsta, áður en alþíngi á að koma saman, því hafi þeir forsómað, að segja hreppstjórum og prestum að annast um, að kjörskrár verði nógu snemma samdar og auglýstar, þá er skuldin hjá þeim, að kosníngar hafa ekki getað farið fram á þeirri lögboðnu tíð; en skyldi samt einhverra sèrlegra kríngumstæða vegna sá lögboðni kosníngartími farast fyrir, þá er fráleitast, að halda hann um harðasta tíma ársins, þegar bæði er helzt von óvega og illviðra, því með þeirri aðferð má optast búast við, að allur þorri kjósanda geti ekki neytt kosníngarrèttar síns, en fáir menn ráði fulltrúavali, og er slík aðferð mjög alræðisleg og þvert á móti anda þeirra nýju og frjálsu kosníngarlaga, er vèr nú höfum feingið, og ætti þá betur við, að kosníngin færi fram að vordögum, því þá er veðurfar orðið blíðara, þó vegir kunni að geta þá líka verið slæmir. Eg held því, að þíngið þyrfti að fá að sjá skjöl þau þessu efni viðkomandi, sem *konúngsfulltrúa* voru afhent, því um lögmæti kosníngar þeirra Barðstrendínga get eg ekki sèð að þíngið geti fellt neinn úrskurð, eptir því sem enn er fram komið, jafnvel þó mèr sýnist ráðstöfun hennar nokkuð ískyggileg.

Jón Guðmundsson: Eg verð að vísu að álíta, að hið heiðraða þíng eigi að skera úr því, hvort kosníngin í Barðastrandarsýslu sè

rètt, úr því nokkrir úr því kjördæmi hafa lýst yfir, að þeir gæti ekki unað við kosninguna og hafa kært hana; varafulltrúinn úr Dalasýslu hefir nú skýrt þinginu frá þeim ástæðum, er þeir byggi á kæru sína, og voru hinar helztu ástæður, að því er mèr skildist, þessar: að kjörþingið hefði verið sett bæði í ótíma og á hinum óhentugasta tíma, þegar illviðri og ófærð hefði meinað mönnum að sækja þángað, að í sumum sóknum hefði kjörskrárnar aldrei verið auglýstar og einginn feingið að sjá þær, og að mörgum kjósendunum hefði verið það kunnugt orðið, að sá, sem nú var kosinn til aðalþingmanns, hefði laungu fyr lýst því yfir við marga, að hann væri ófær og óláanlegur til að fara til þings og væri því ekki til neins að kjósa sig. Lægi nú þessar ástæður hèr augljósar fyrir þingmönnum, og þeir hefði haft færi á að kynna sèr þær, þá er vafalaust, að alþing ætti þegar í stað að skera úr því, hvort kosníng varafulltrúans, sem hèr er mættur, væri gild eður ekki; þetta er samkvæmast bókstaf alþingislaganna, en nú liggja ástæður þeirra, sem kæra kosninguna, ekki fyrir þinginu, og þar að auki er það svo víða, að minnsta kosti í Suðuramtinu og Vesturamtinu, að sögur fara af ýmsu ólagi og óreglu, sem hafi átt sèr stað við kosníngarnar í fyrra haust og undirbúníng þeirra, að full nauðsyn virðist á því, að þingið beri sig upp undan því við stjórnina og yfirvöldin, hversu linlega kjörstjórarnir hafi gætt skyldu sinnar í þessu efni, því slíkt má ekki haldast uppi. Eg vil því stínga upp á, að því sè frestað að gjöra út um það á þessum fundi, hvort kosníngin í Barðastrandarsýslu sè gild eða ógild, heldur sè nefnd kosin til að segja álit sitt um gildi þessarar kosníngar og annara, ef fleiri yrði kærðar eða þætti ískyggilegar, og til þess að gjöra uppástúngur um aðhald til kjörstjóranna að gæta betur kosníngarlaganna, en nú var gjört við þessar kosníngar, svo víða; og eg álít, að þingið með atkvæðafjölda megi koma sèr niður á því, rètt eins og á hverri annari breytíngu á þíngsköpum sínum, að taka þá stefnu, að setja nefnd til að ráða máli þessu til lykta, þó sú aðferð sè eigi ráðgjörð í alþingislögunum; en sú aðferð er höfð á flestum þíngum, að minnsta kosti í Danmörku, að nefnd er falið að rannsaka gildi kosninganna og bera upp álit um það, en þingið sker síðan úr.

Skjalavörður *Jón Sigurðsson:* Eptir því sem eg hefi orðið var við, virðist mèr, að kosníngunum hafi í þetta sinn verið í mörgu ábótavant, og eg er að því leyti samdóma hinum virðulega þingmanni, sem nú mælti; en eg sè ekki, að þingið geti að svo komnu sett nefnd um það mál, af því það hefir einga heimild í alþingistilskipuninni,

heldur ætla eg, að þeir, sem vilja hafa þetta mál fram, verði síðar að koma með uppástúngu um það til þíngsins, og virðist mèr vera allmikil ástæða til jafnvel að hafa fram bænarskrá um það, svo að kjörstjórar verði áminntir um, að fylgja betur kosníngarlögunum, en nú hefir verið gjört.

Hvað viðvíkur sèr í lagi kosníngunni í Barðastrandarsýslu, þá sè eg ekki, að þar um sè fram komið neitt, sem geti gjört kosníguna ógilda. Þar sem sagt er, að kjörfundurinn hafi verið settur á óhentugum tíma, þá virðist mèr þó, að úr því ekki fór fram kosníngin á þeim tíma, sem lögin skipa, þá sè kosníngin sett í það mund, í aprílmánuði, að menn geti vænt að koma fram ferðum sínum, þegar ekki viðrar óvenjulega illa. Það er líka auðsèð, að eingi brögð eða gildra muni hafa verið gjörð til kosníngarinnar, þar eð kosinn er sami alþíngismaður og fyr, þó annar sè varaþíngmaður.

Jón Guðmundsson: Eg leyfi mèr að taka enn fram þá uppástúngu mína, er eg hreifði áðan, og þeirri uppástúngu fylgi eg fram, að nefnd sè sett til að bera upp álit bæði um gildi kosníngarinnar, sem hèr er umtalsefnið, og allt annað, sem aflaga hefir farið annarstaðar við kosníngarnar til þessa alþíngis, að því það verður upplýst, ekki svo til þess að ónýta sem flestar kosníngar eða alstaðar, þar sem ólag hefir verið á þeim, heldur til þess að kjörstjórarnir fái formlega áminníngu um það, að gæta betur kosníngarlaganna, heldur en gjört var í fyrra; þetta álít eg nauðsyn, og eg álít, að þessa nefnd þurfi ekki að kjósa, fyr en kosníng forsetans er af geingin.

Guðmundur Brandsson: Mèr virðist, að menn geti ekki eingaungu kennt kjörstjórunum um, þó kosníngafundir til þessa þíngs hafi orðið heldur síðbúnir; allir vita eptir alþíngistilskipuninni, að prestar og hreppstjórar eiga í júnímánuði að semja nafnaskrár yfir alla kjósendur, og ef þessa hefði verið gætt, þá gátu kosníngar farið fram í september; en eg ætla, að töluvert hafi borið út af þessu, því eg vissi til, þegar kjósa átti núna seinast til alþíngis, að sumar nafnaskrárnar komu bæði seint og illa eptir að kjórstjórinn þó hafði krafizt þeirra. Eg get heldur ekki fallizt á þá meiníngu, að þíng þetta eigi að fara að setja ofan í við kjörstjórana og áminna þá um, að gæta betur skyldu sinnar hèr eptir en híngað til, eða að fara að ítreka þau lög, sem enn eru í fullu gildi, og einginn óskar eptir að breytt verði; það mætti þá eins fara með mörg önnur lög, sem þætti vanhaldin, og gæti það að lokum orðið æði tafsamt og margbrotið.

P. Sigurðsson: Það væri víst mikið slæmt, ef það þyrfti að koma fyrir, að menn yrði gjörðir þingrækir, vegna þess að kjörstjórar ekki gætti þess við kosníngar og eptirlit við að undirbúníngur til þeirra sè af hendi leystur í tæka tíð. Og þó það væri vonanda, að þjóðin ekki þyrfti að vera að reka á eptir embættismönnum, að forsóma ekki sína augljósu lagaskyldu, þá er þó að sjá, sem við undirbúníng næzt afliðinna kosníngа og framkvæmdir þeirra hafi brytt á þeim dofinskap eða kæruleysi í þessu efni sumstaðar, að áminníng um það væri ekki með öllu óþörf.

Konúngsfulltrúi: Eg skal geta þess, að kjörbækurnar frá Barðastrandarsýslu voru komnar til mín, og gat eg, eptir að hafa gegnumgeingið þær, ekki annað sèð, en að kosníngaraðferðin þar hefði í öllu tilliti verið lögleg. Með brèfi því, er eg áður gat um, sá eg að fylgdu seðlar frá 2 eða 3 hreppstjórum í sýslunni, sem báru það, að kjörskrárnar hefði ekki verið reglulega auglýstar, og man eg, að einn af þessum hreppum var Múlahreppur.

Hvað annars áhrærir þær umkvartanir, sem hèr hafa fram komið yfir óreglu þeirri, er í fleirum kjördæmum hèr á landi á að hafa átt sèr stað, þegar kosníngar nú seinast fóru fram, þá er eg öldúngis samdóma hinum heiðraða þingmanni Ísfirðínga í því, að það eigi ekki við, að blanda þeim inn í spurnínguna um gildi kosníngar þingmannsins frá Barðastrandarsýslu, sem mèr virðist þingið, án þess að kjósa nefnd, nú þegar geta skorið úr. En þar á mót getur hver þingmaður, sem vill, síðar meir gjört reglulega uppástúngu til þingsins, að það taki til yfirvegunar hina miður reglulegu aðferð, sem kvartað er yfir að við hafi geingizt í ýmsum kjördæmum landsins við síðustu kosníngar.

Halldór Jónsson: Óregla sú, sem talað hefir verið um, að víða muni hafa átt sèr stað við hinar seinustu kosníngar til alþíngis, ímynda eg mèr að meðfram kunni að hafa komið af tíðarfarinu, að minnsta kosti að því er kjörtímanum viðvíkur. Þannig er mèr kunnugt, að kjörþínginu fyrir Suður-Múlasýslu var frestað til vorsins þess vegna, að ótíðin var dunin yfir hinn ákveðna fundardag seinastliðið haust, svo kjósendur gátu ekki sótt fundinn.

Ólafur Jónsson: Eg get ekki sèð, að þingið hafi rètt til, eptir 47. § í alþíngistilskipuninni, að ónýta þá kosníngu, sem hèr ræðir um. Í nefndri grein er gjört ráð fyrir, að þau mótmæli komi fram, er miði til þess, að sá kosni ekki hafi þá til kjörgeingi nauðsynlegu eiginlegleika, eður í annan stað, að lögleg kosníng einhvers

annars hafi ránglega ónýtt verið; hvorugt þetta er nú umræðuefni, heldur einúngis aðferð kjörstjórnarinnar við kosninguna. Mèr virðist því þetta umrædda fremur heyra undir 57. § í nefndri tilskipun, og að þingið geti síðar, ef það vill, tekið það til yfirvegunar, til reglu fyrir eptirfylgjandi kosníngar.

J. Hjaltalín: Eg hefi heyrt talað um fleiri kosníngar á hinum þjóðkjörnu þíngmönnum, sem eigi mundu hafa farið reglulega fram, eins og vera ber eptir kosníngarlögum vorum, og er það einkum í mæli (en eigi veit eg sönnur á því), að þessi missmíði á kosníngunum hafi einkum verið fólgin í því, að kjörskrárnar hafi eigi verið heyrum kunnar um jafnlángan tíma og til er tekið.

Þetta er nú að vísu miður fallið, en eg hygg það hafi víðast komið af kríngumstæðum, sem eigi er altènd hægt úr að ráða. Kosníngartíminn sýnist yfir höfuð að vera óhagkvæmur, og ætti þíngið að mínu áliti að taka tillit til þess og bæta úr, ef kostur væri. Eins og nú á stendur, virðist mèr óráðlegt, að þíngmenn týni tölu sinni. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* gat þess áðan, að nú bæri mörg vandamál að hendi á þíngi þessu, og einmitt vegna þess virðist mèr það mjög aríðanda, að sèrhver sýsla á landinu geti haldið fulltrúa sínum á þíngi þessu.

Þessar eru þær athugasemdir, er eg leyfi mèr að gjöra út af umræðum þeim, er verið hafa um kosníngu alþíngismannsins fyrir Barðastrandarsýslu.

B. Þórðarson: Á tíma þeim, sem nægur var til þess að birta kjörskrárnar, vissi eg til, að presturinn í Múlasókn kom þar upp á laugardegi í góðu veðri, hitt er mèr leyndardómur, hvort hann messaði þar daginn eptir og lèt þá birta kjörskrána; þó efa eg það, samt veit eg, að Múlsveitíngar vissu af henni, altènd þeir, sem fundinn sóttu. Mótbára sú, sem einhver hèr hreifði, að Múlsveitíngar ekki hafi haft af kjörskránni að segja, verður því að vera ógild og falla sínum herra.

Að hinn kosni þíngmaður í Barðastrandarsýslu, prófastur *Ól. Sivertsen,* hafi ekki tekið þar móti kosníngu, sökum þess að honum hafi ekki þótt hún lögleg, þá ætla eg það ránghermt, en hitt veit eg, að hann sökum aldurdóms og vaxandi sjóndepru kvaðst ekki geta nè vilja ráræða við kosníngu að taka.

Á. Einarsson: Mèr virðist, að mest sè umkvörtunin yfir því í þessu máli, að kjörskrárnar hafi ekki verið reglulega auglýstar á kirkjufundum, en þessu getur það hafa hamlað, að mjög sjaldan varð messað um það leyti vegna illviðra; annars virðist mèr meira

ríða á því, að kosníngardagurinn sè auglýstur, en yfir því hefir ekki verið kvartað. Það hefir sjaldan borið til (svo eg viti), að mikið hafi verið sett út á kjörskrárnar, síðan alþíngi var sett hèr á landi. Hvað því viðvíkur, að gjöra kjörstjórum áminníngu fyrir yfirsjónir við kosníngarnar, þá held eg það væri ekki vanþörf, því margir þeirra munu, í þetta sinn, hafa beðið eptir því, að yfirvöldin skipuðu þeim að byrja undirbúníng til kosníngánna, og af því mun dráttrinn hafa flotið, en þetta er eingan veginn rètt skoðun eptir alþíngistilskipuninni.

Konúngsfulltrúi: Fyrst mótmæli hafa fram komið gegn kosníngu varaþíngmannsins frá Barðastrandarsýslu, og fleiri þíngmenn ekki taka til orða, bið eg þíngið að skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort þíngmaðurinn skuli taka hèr þíngsetu í þetta sinn eður ekki.

Og var það samþykkt, að hann skyldi þíngsetu taka.

Þar eptir skoraði *konúngsfulltrúi* á hinn elzta þíngmanna, *M. Andrèsson,* þíngmann Árnesínga, að láta kjósa *forseta;* gekk hann þá til *forseta*-sætis, og kvaddi þá sýslumann *P. Melsteð* og kandíd. A. *Ólafsson* til að rita upp atkvæðin við *forseta*valið, og var lögfræðíngur *Jón Guðmundsson* kosinn með 13 atkv.; skjalavörður *Jón Sigurðsson* fèkk 12. atkv.

Lögfræðíngur *Jón Guðmundsson* gekk þá til *forseta*sætis, og mælti:

Eg geing að þessu sæti, sem hið háttvirta þíng hefir nú kvatt mig til, með furðu og með kvíða; mig verður að furða það, að hið heiðraða þíng, er hefir ráð á svo mörgum ágætum mönnum, skuli láta mig verða fyrir þessari vandamiklu köllun, og eg kvíði henni, því einginn þekkir það nè finnur betur en sjálfur eg, að hún er mèr í alla staði of vaxin. Eg hefi að vísu jafnan geingið svo til verka minna í þessum sal, að eg hefi haft einlægan og fastan vilja á að vinna að því, sem mèr væri ætlað, eptir því sem mèr væri framast mögulegt; með hinum sama einlæga vilja geing eg að þessum starfa, er hið háttvirta þíng nú hefir sæmt mig með að trúa mèr fyrir, en góður vilji er ekki einhlítur, og eg orka hèr því að eins nokkru, að hinir háttvirtu þíngmenn láti mig enn sem fyr verða aðnjótandi þeirrar velvildar og umburðarlyndis, er svo margir þeirra hafa jafnan auðsýnt mèr í samvinnu vorri hèr í salnum, og eg orka litlu eða eingu á þessum stað, nema því að eins að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi,* — sem eg vona og treysti, — auðsýni mèr nú og láti í tè þá mannúð, umburðarlyndi og leiðbeiníngu, sem honum er svo

eiginleg, og sem hann hefir svo góðfúlsega látið mig verða aðnjótandi að undanförnu.

Að svo mæltu lèt *forseti* kjósa *varaforseta*, og varð prófessor *P. Pètursson* fyrir valinu með 16 atkvæðum; etazráð *Þ. Jónassen* fèkk 3 atkvæði; síra *H. Jónsson* og skjalavörður *Jón Sigurðsson* hvor 2, *P. Sigurðsson* og skólakennari *H. Kr. Friðriksson* hvor 1.

Forseti bað þingmenn þessu næst að kjósa þingskrifara, og var sýslumaður *P. Melsteð* kosinn til þess með 18 atkvæðum, og *Br.* prestur *Jónsson* með 17 atk.

Konúngsfulltrúi afhenti því næst *forseta* til útbýtíngar meðal alþíngismanna konúnglega auglýsíngu til alþíngis um árángur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástúngum á fundinum 1857.

Einnig til útbýtíngar meðal þíngmanna lagaboð, sem út eru komin síðan 1857

1. Lög frá 8. marz 1856, er skipa, að hæsti rèttur skuli gefa ástæður fyrir dómum sínum.
2. Auglýsíng 6.júlí 1858, um, að skip, sem eiga heima í konúngsríkinu Niðurlöndunum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sè undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apríl 1856.
3. Auglýsíng 8. október 1858, um, að portúgísisk skip, sem fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sè undanþegin að greiða 2 rd. auka-gjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konúnglegum úrskurði 1. apr. 1856.
4. Opið brèf 27. maí 1859, er lögleiðir á Íslandi lög 13. sept. 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín.
5. Opið brèf 27. maí 1859, um breytíng á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsíngum í blöðunum í vissum tilfellum.
6. Tilskipun 27. maí 1859, sem lögleiðir á Íslandi, með breytíngum, lög 6. apr. 1855, er gjöra leiguburð af peníngum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur.

Þvínæst lagði *Konúngsfulltrúi* fram þessi stjórnarfrumvörp:

1. Frumvarp til opins brèfs viðvíkjandi breytíng á tilskipun 28. marz 1855, um sunnu - og helgidagahald á Íslandi.
2. Frumvarp til laga um laun ýmsra embættismanna á Íslandi.
3. Frumvarp til tilskipunar um löggildíngu nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.
4. Frumvarp til opins brèfs um að leggja skatt á tómthús og

óbyggðar lóðir í Reykjavík. Í sambandi við síðastnefnt frumvarp lagði *Konúngsfulltrúi* fyrir þingið til lögskipaðrar meðferðar eptir fyrirmælum kirkjustjórnarráðherrans 30. maí þ. á. og samkv. konúnglegri auglýsingu 27. s. m. I, *in fine.*

5. Frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík óumbreytt og með óbreyttum ástæðum, eins og það var lagt fyrir þingið 1853 og finnst prentað í alþingistíðindunum fyrir nefnt ár, Viðbæti A, *pag.* 11 — 14, hvar til *konúngsfullrúinn* varð að vísa, þar hann hafði ekkert sèrstakt prentað frumvarp feingið í þessu máli.
6. Frumvarp til opins brèfs um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamati á Íslandi, og til bráðabyrgðar hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands.
7. Loksins fèkk *konúngsfulltrúinn* eptir fyrirmælum dómsmálastjórnarherrans 27. maí þ. a. þinginu í hendur, og skoraði á það að taka til lögskipaðrar meðferðar frumvarp til tilskipunar um vegina á Íslandi öldúngis óumbreytt, eins og það var lagt fyrir alþingi 1857, og eins og það með ástæðum finnst prentað í þingtíðindunum fyrir nefnt ár, Viðbæti A, *pag.* 3—24., til hvers *konúngsfulltrúinn* varð að vísa, þar eð ekkert sèrstakt frumvarp með ástæðum hafði verið sent frá stjórninni.

Að endíngu afhenti *konúngsfulltrúi forseta* exemplör af lagaboðum þeim, er út hafa komið í Danmörku síðan 1857, til þess að alþingi, samkvæmt konúnglegum úrskurði 10. nóv. 1843, segi álit sitt um, að hve miklu leyti lagaboð þessi eigi að ná lagagildi á Íslandi og með hverjum breytíngum.

Forseti: Eg bið skrifara þíngsins að afhenda hverjum þíngmanni 1 expl. af þeim lagaboðum og frumvörpum, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* nú greindi frá og afhenti mèr.

Fleira verður eigi í dag til meðferðar á þíngi; næsta fund ákveð eg til þess á morgun kl. 11; verða þá kosnar nefndir í þau stjórnarfrumvörp, sem nú voru framlögð, eptir því sem nákvæmar verður skýrt frá á dagskránni, er skal koma upp í kveld.

Fundi slitið.

---

2. júlí — annar fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá fyrsta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en tekið er til dagskráarinnar, skal eg leyfa mèr að leita atkvæða hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* um, að fá 2 aukaskrifara innan þings.

Konúngsfulltrúi: Samkvæmt því, er alþingistilskipunin fyrirskipar, hefi eg, eptir tilmælum *forseta,* kvatt 2 menn til aukaskrifara, málafærzlumann *Hermann Jónsson,* og settan sýslumann, kand. philos. *St. Thordersen.*

Forseti: Samkvæmt dagskránni verð eg þá að skora á hina heiðruðu þingmenn, að þeir kjósi nefnd til að íhuga konúnglegt frumvarp viðvíkjandi *breytíngum á helgidagatilskipuninni,* og skal eg leyfa mèr að skora á einhvern hinna heiðruðu þingmanna, að hann kveði upp, hversu marga hann álíti þurfa í nefndina.

H. K. Friðriksson: Eg álít 3 manna nefnd nægja.

Forseti: Með því einginn mótmælir 3 manna nefnd, skal eg leyfa mèr að skora á hina heiðruðu þingmenn, að þeir gángi til atkvæða og kjósi 3 menn í þessa nefnd.

Var síðan geingið til atkvæða og voru þessir 3 menn kosnir í nefndina:

Prófessor *P. Pètursson* með 20 atkvæðum; prófastur *H. Jónsson* með 17 atkv., og prestur *B. Þórðarson* með 11 atkv.

Forseti: Þá er samkvæmt dagskránni að kjósa nefnd til að íhuga frumvarp til opins brèfs um að *leggja skatt á tómthús* og *óbyggðar lóðir* í Reykjavík, og skal eg biðja menn að stínga upp á, hversu marga skuli kjósa í þessa nefnd.

P. Sigurðsson: Eg álít 3 manna nefnd nægja.

Forseti: Fyrst að einginn mælir á móti, skal eg leyfa mèr að skora á hina heiðruðu þingmenn, að þeir kjósi 3 manna nefnd í mál þetta.

Var síðan til atkvæða geingið, og voru þessir 3 kosnir í nefndina: skólakennari *H. K. Friðriksson* með 19 atkv., kanselíráð *V. Finsen* með 17 atkv. og Assessor *Jón Pètursson* með 10 atkv.

Forseti: Þá er samkvæmt dagskránni að kjósa nefnd til að íhuga konúnglegt frumvarp til opins brèfs um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamati á Íslandi og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, og skal

eg leyfa mèr að biðja hina heiðruðu þingmenn að stínga upp á, hversu marga skuli kjósa í þessa nefnd.

G. Brandsson: Eg álít þurfa 5 manna nefnd.

J. Hjaltalín: Því er eg samdóma.

En þar eð ýmsir mæltu á móti 5 manna nefnd, skoraði *forseti* á þingmenn að greiða atkvæði um, hvort kjósa skyldi 3 eða 5 manna nefnd, og var með 13 atkvæðum gegn 12 samþykkt, að kjósa skyldi 3 manna nefnd.

Síðan var til atkvæða geingið og kosnir þessir:

Skjalavörður *Jón Sigurðsson* með 17 atkv., *Páll Sigurðsson* með 11 atkvæðum og kand. *Arnljótur Ólafsson* með 11 atkv.

Forseti: Eg skal biðja þingskrifarana að afhenda formanni nefndarinnar skjölin, og leyfi mèr því næst að skora á hina heiðruðu þingmenn, að velja nefnd til að íhuga frumvarp til opins brèfs um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, og vil eg leyfa mèr að vekja athygli þingmanna á því að hafa atkvæðaseðlana sem greinilegasta, þar sumir þingmenn eiga samnefnt, svo atkvæði eigi verði ónýt, eins og tvö nú við seinustu atkvæðagreiðslu hafa orðið.

Var síðan stúngið upp á 5 manna nefnd, og þar einginn mælti á móti, skoraði *forseti* á þingmenn að kjósa 5 manna nefnd. Síðan var til atkvæða geingið, og þessir 5 menn kosnir: *Ásgeir Einarsson* með 16 atkv., skjalavörður *Jón Sigurðsson* með 14 atkv., kand. *Arnljótur Ólafsson* með 12 atkv., *Páll Sigurðsson* með 9 atkv., *Indr. Gíslason* með 8 atkv.

Forseti: Eg skal þá biðja skrifarana að afhenda formanni nefndarinnar skjöl málsins, og skal þess getið, að samkvæmt dagskránni átti að vísu að taka fyrir 5. málið til að kjósa nefnd í, nefnilega frumvarp til nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, en þar ýmsir þingmenn hafa látið í ljósi, að þeir óskuðu frestað kosníngunni til mánudags, skal eg, ef hvorki hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nè þingmenn hafa á móti því, fresta þessari kosníngu til mánudags. Áður en eg svo slít fundi, skal eg leyfa mèr að bera undir þingið, hvort eg megi semja við stiptsyfirvöldin um prentun þingtíðindannna.

Þetta var í einu hljóði samþykkt.

Skoraði síðan *forseti* á þingmenn að koma sem fyrst fram með bænarskrár þær, sem þeir hefði meðferðis, og gat þess, að næsti fundur yrði haldinn mánudaginn 4. júli kl. 12, og mundi þá verða kosnar nefndir í jarðamatsmálið og nefnd til að íhuga löggildíng ýmsra lag-

aboða, er út heíði komið í Danmörku 1857—1859, og kvaðst mundu birta dagskrá sem fyrst, og sleit síðan fundi.

---

4. júlí — þriðji fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá seinasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en geingið er til dagskrárinnar, skal eg leyfa mèr að geta þess, að eg hefi feingið tilkynníngu um, að til formanns í nefndinni um endurgjald jarðamatskostnaðarins sè kosinn *Páll Sigurðsson,* alþíngismaður Rángvellínga, og til skrifara *Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn, alþíngismaður Ísfirðínga, og í helgidagamálsnefndinni er kosinn formaður prófessor *P. Pètursson,* en í nefndinni, sem er sett til að yfirvega frumvarp til opins brèfs um laun ýmsra embættismanna á Íslandi er kosinn til formanns *Ásgeir Einarsson,* þíngmaður Strandasýslu, og til skrifara *Arnljótur Ólafsson,* þíngmaður Borgfirðínga.

Eptir ósk hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* skal því næst tekið fyrir nr. 2 á dagskránni: konúnglegt frumvarp um *jarðamatsmálið,* og skal eg leyfa mèr að skora á einhvern hinna heiðruðu þíngmanna að kveða upp, hversu marga skuli kjósa í nefnd þessa.

G. Brynjólfsson: Eg held ekki veiti af 9 manna nefnd.

Á. Einarsson: Eg held það nægi að hafa 7.

J. Hjaltalín: Eg verð líka að álíta, að 7 manna nefnd nægi.

H. G. Thordersen: Eg set mig á móti því, að fleiri en 5 verði kosnir í nefndina.

G. Brandsson: Eg er einnig á því, að 5 manna nefnd sè nóg.

G. Brynjólfsson: Eg verð enn að vera á því, að ekki veiti af 9 manna nefnd; því málið er efnismikið.

Forseti: Þar mönnum eigi kemur saman um, hversu marga skuli kjósa í nefndina, en stúngið er upp á 9, 7, og 5 manna nefnd, skal eg leyfa mèr að leita atkvæða þíngsins um, hversu marga skuli í nefndina kjósa.

Var síðan til atkvæða geingið, og fèllst þíngið með atkvæðafjölda á, að setja skyldi 7 manna nefnd í málið.

Forseti: Eg skal þá leyfa mèr að skora á hina heiðruðu þíngmenn að kjósa 7 menn í nefnd þessa.

Var síðan til atkvæða geingið, og fèll atkvæðagreiðslan þannig, að:

A. Ólafsson hlaut 19 atkv., *Á. Einarsson, G. Brandsson* og *V. Finsen,* hver um sig 17 atkv., *H.* prófastur *Jónsson* 16 atkv., *Ó.* dannebrogsm. *Jónsson* 13. atkv., og *B.* prestur *Þórðarson* 11 atkvæði. Og var málið síðan afhent þingmanni Borgfirðinga.

Forseti: Þar næst liggur fyrir, samkvæmt dagskránni, að kjósa nefnd í kgl. álitsmál *um útkomin lagaboð í Danmörku,* frá vordögum 1857 til vordaga 1859, og bið eg einhvern þingmann að stínga upp á, hve marga muni þurfa.

G. Brandsson: Eg skal þá stínga upp á 3 manna nefnd.

J. Hjaltalín: Eg held ekki veiti af 5 manna nefnd.

Forseti: Eg skal biðja þingið að skera úr því, hvort kjósa skuli 5 eða 3 menn í nefnd.

Var síðan til atkvæða geingið, og með atkvæðafjölda samþykkt, að kjósa skyldi 3 menn í nefndina.

Voru síðan greidd atkvæði og þessir kosnir:

Háyfirdómari *P. Jónassen* hlaut 22 atkv., yfirdómari *Jón Pètursson* og alþingismaður *P. Sigurðsson,* hvor um sig 13 atkvæði. Var málið síðan afhent hinum 1. konúngkjörna þingmanni.

Forseti: Þar næst er samkvæmt dagskránni að kjósa nefnd í málið um kgl. frumvarp um stofnun *barnaskóla í Reykjavík,* og skal eg leyfa mèr að hreifa því, hvort ekki mundi vera ástæða til, að vísa þessu máli til nefndar þeirrar, er kosin var til að íhuga frumvarp til opins brèfs um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að ráða þinginu frá því, að kjósa sèrstaka nefnd í málið um stofnun barnaskóla í Reykjavík. Þetta mál og málefnið um skattgjaldið af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík eru svo náskyld, að skólinn getur ekki komizt á stofn, nema skattgjald þetta komist á, og því held eg rèttast og affarabezt, að sama nefnd hafi hvorttveggja þessara mála til meðferðar.

Eptir nokkrar umræður með og móti, — meðal hverra alþingismaður Gullbríngusýslu lèt í ljósi efa um það, hvort leyfilegt væri að vísa konúnglegum frumvörpum til sömu nefndar, en sem *konúngsfulltrúi* sagði að ekki þyrfti um að efast — fèllst þingið á, að vísa málinu til nefndarinnar, og að nefndin gæti, ef þurfa þætti, kvatt 2 þingmenn sèr til aðstoðar. Lèt síðan *forseti* afhenda formanni nefndarinnar, þingmanni Reykvíkínga, skjöl málsins.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til nefndarkosníngar konúngl. frumvarp um *vegabótamálið,* og skal eg biðja hina heiðruðu þíngmenn að stínga upp á, hversu marga skuli kjósa í mál þetta.

En þar ágreiníngur varð um, hversu marga skyldi í nefndina kjósa, lèt *forseti* gánga til atkvæða, og fèllst þíngið á að kjósa 5 manna nefnd.

Í nefndina voru síðan kosnir:

Ásgeir Einarsson með 17 atkv.

Jón Pètursson með 14 atkv.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum með 12 atkv.

Ólafur Jónsson með 11 atkvæðum, og

Jón Sigurðsson frá Tandraseli með 9 atkvæðum.

Var málið síðan afhent þíngmanni Strandasýslu.

Forseti: Samkvæmt dagskránni hefir hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* orðið, til þess að skýra frá ástæðum stjórnarinnar um nokkur þau mál, er voru til meðferðar á alþíngi 1857, sem þessu er heitið um í konúnglegri auglýsíngu til þessa þíngs, 27. maí 1859.

Konúngsfulltrúi skýrði því næst þínginu frá orsökinni, hvar fyrir frumvarp til lagaboðs um laun ýmsra embættismanna á Íslandi væri lagt fyrir alþíngi, á þessa leið:

Í brèfi dagsettu 30. maí þ. á. hefir dómsmálastjórnarherrann falið mèr, um leið og eg legði fram fyrir þíngið frumvarp til laga um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, að skýra þínginu frá orsökinni til þess, að þetta frumvarp er lagt fyrir alþíngi, þó það snerti fjárhag ríkisins.

Þessa skýrslu skal eg þá leyfa mèr að gefa á þessa leið:

Árið 1857 setti stjórnin nefnd manna, og fól henni á hendur, að semja nýjar ákvarðanir um laun þeirra embættismanna í konúngsríkinu, sem taka laun sín úr ríkissjóðnum.

Eptir uppástúngu nefndar þessarar voru árið 1858 samin 2 frumvörp um laun nokkurra þeirra embættismanna, sem heyra undir dómsmála- og kirkjustjórnarráðin. Í þessum frumvörpum voru einnig ákvarðanir um laun þeirra embættismanna á Íslandi, er laun sín fá úr ríkissjóðnum og heyra undir nefnd stjórnarráð.

Eptir að þessi lagafrumvörp höfðu verið borin undir hið síðast haldna þjóðarþíng, hafði nefnd sú, er kosin var í málinu, í álitsskjali sínu látið þá meiníngu í ljósi, að það mundi vera rèttast, að allt það, er snerti laun íslenzkra embættismanna, væri tekið undir

eitt í sèrstöku lagaboði, og stakk þar hjá upp á, að laun þau, sem frumvörpin höfðu tiltekið fyrir þessa embættismenn, ekki yrði fastákveðin með lögum, fyr en alþingi hefði feingið tækifæri til, að láta um þau í ljósi meiningu sína.

Þó menn að vísu megi játa, að það eigi vel við, að út komi sèrstaklegt lagaboð um laun allra íslenzkra embættismanna, sem hafa föst laun, verða menn þó hins vegar að gæta þess, að, þar sem þjóðarþingsnefndin hefir farið því fram, að frumvarp til þessa lagaboðs yrði fyrirfram borið undir álit alþingis, þá liggur meðferð þvílíks lagaboðs, sem snertir fjárhagsmál, samkvæmt alþingistilskipun 8. marz 1843, 1. gr., fyrir utan verkahring alþingis. Allt að einu virtist stjórninni í þetta sinn að fara eptir tilmælum nefndarinnar, og það því fremur, sem alþingi að líkindum ekkert getur þótt að því, að leitað sè álits þess um þetta mál.

Dómsmálastjórnarherrann hefir því, eptir samkomulagi við stjórnarherra kirkjumálefnanna, samið hið umrædda lagafrumvarp, svo það, eptir uppástúngu þjóðarþingsnefndarinnar, yrði lagt fyrir þessa árs alþingi.

Enn fremur skýrði *konúngsfulltrúi* frá, hvers vegna stjórnin ekki hefði getað fallizt á vegabótafrumvarp síðasta alþingis, en lagt nú fyrir þetta alþingi aptur á ný óbreytt vegabótarfrumvarp stjórnarinnar, sem lagt var fyrir síðasta þing, á þessa leið:

Í hinni konúngl. auglýsingu til alþingis 27. maí þ. á. er þinginu tilkynnt, að frumvarp það til tilskipunar um vegina á Íslandi, er alþingi samdi 1857, eigi hafi orðið tekið til greina; hvers vegna dómsmálastjórnarherrann hefir í brèfi af sama *dato* falið mèr á hendur að gjöra þinginu kunnugar ástæðurnar fyrir því, og þar að auki að leggja fyrir þingið á ný það frumvarp stjórnarinnar öldúngis óumbreytt, er hinu síðasta alþingi var feingið til meðferðar, þar eð stjórninni á hinn bóginn hefir þótt ísjárvert, að gjöra tèð frumvarp óbreytt að lögum.

Hinar umgetnu ástæður, hvers vegna stjórnin ekki hefir getað fallizt á frumvarp alþingis, eru þessar:

Stjórnarráðinu virtist frumvarp það, sem alþingi hafði samið og samþykkt, svo óheppilegt og svo gallamikið bæði að formi og efni, að stjórninni gat ekki komið til hugar að taka það til greina. Í því tilliti getur stjórnarherrann þess fyrst, að frumvarpið innihaldi ákvarðanir, sem komi í beina mótsögn sín á milli. Þannig á sam-

kvæmt 5. grein, 1. lið, nefnd sú, sem talað er um í 4. grein, að *ákveða,* hverja vegi skuli álíta aðalvegi og hverja aukavegi, en samkvæmt 2. lið í sömu grein gjörir nefndin einúngis *uppástúngur,* en amtmanninum er ætlað bæði samkvæmt þessari ákvörðun og samkvæmt 8. grein að ákveða þetta atriði.

Í frumvarpi þíngsins eru þar að auki sumar ákvarðanir títeknar (sbr. gr. 6. og 19., og gr. 4. og 21.); þessi ítrekun er orðin af því, að þíngið hefir í frumvarpi sínu sleingt saman ákvörðunum um aðalvegi og aukavegi, sem í frumvarpi stjórnarinnar var talað um sitt í hvoru lagi; hins vegar er aptur eingin ákvörðun í frumvarpi þíngsins um eitt af þeim aðalatriðum, sem þó miklar þíngræður hafa orðið um, nl. um það, hvernig greiða skuli kostnað við aukavegi. Að vísu verður augljóst af ástæðunum fyrir 16. grein, að þessu á að haga á sama hátt og kostnaðinum við aðalvegina, en einmitt af því reglan samkvæmt 16. gr., sbr. sömul. 18. gr., er bundin við hina síðarnefndu vegi, og með því ákveðið er þar að auki í 6. grein, að hinar árlegu áætlanir um kostnað til vegabóta skuli semja fyrir þjóðvegi og aukavegi hvora í sínu lagi, hlýtur það í alla staði að verða nauðsynlegt, að sett sè bein ákvörðun í þessu tilliti einnig um aukavegina.

Enn fremur vantar í frumvarp alþíngis ákvarðanir um það, hvar og hverjir skuli kjósa þá 3 menn, sem nefndir eru í 3. grein; eins vantar nákvæmari reglur um það, hvernig fram skuli fara kosníng nefnda þeirra, sem gjört er ráð fyrir í 4. grein. Á líkan hátt er eingin ákvörðun sett um það, að taka megi efni til vegabóta á annars manns lóð, án þess að hann sè sviptur eignarrètti á lóð sinni; að vísu má sjá það af umræðunum, að alþíngi hefir haft það álit, að þessi rèttur innibindist í rèttinum til að svipta menn ráðum yfir landareign sinni, sem talað er um í frumvarpi stjórnarinnar 7. grein, 1. lið, en þar eð það er sitt hvað, að láta af hendi eignarráð yfir lóð sinni, og hitt að hafa á annars manns lóð heimild á því að taka þar vegabótaefni, er það líka rèttast, að gjörðar sè um það sèrstaklegar ákvarðanir í löggjöfinni.

Loksins inniheldur frumvarp þíngsins margar ákvarðanir ósamhljóða sín á milli, og ýmsum annmörkum bundnar; sem dæmi þessa eru 3., 5., og 6. grein, sem síðar skal nákvæmar minnzt á, 4. grein, samkvæmt hverri hreppsnefndunum er ætlað, að minnsta kosti eptir hinni dönsku þýðíngu, sjálfum að vinna vegabótarverkin, og er það þó í rauninni ekki meiníng frumvarpsins; 16. grein er

samin svo, að hver húsbóndi og hver, sem á með sig sjálfur, skal greiða gjald til vegabóta án tillits til aldurs og til þess, hvort þeir eru verkfærir, þar sem þó meiningin eflaust er sú, að þessi skylda skuli liggja þeim á herðum frá 18.—60. aldurs árs og ef þeir eru verkfærir. Í 20. grein er jarðeigendum gjört að skyldu að láta af hendi land og tilfaung til umbóta aukavegum eptir sömu reglum, sem settar voru um þjóðvegi í 9. grein, en þar eð þessi grein, eins og vikið er á, talar ekki um tilfaung til vegabóta, hlýtur þingið að hafa gleymt því, að það í áminnztri grein hefir fellt með atkvæðum niðurlagið í 7. grein stjórnarfrumvarpsins; 22. grein setur ákvörðun um skýrslur *hreppstjóranna,* en þar eð hreppstjórar eru eptir frumvarpi alþingis útilokaðir frá allri hlutdeild í vegabótarverkinu, en vegabótastörf eru talin sèrstöknm hreppsnefndum, er það mjög óviðfeldið að skipa þeim að gefa skýrslur um þetta efni, og sú ástæða, sem færð er fyrir þessu í ástæðunum fyrir þessari grein, nl. að það sè hreppstjórarnir, sem eptir 19. grein eiga að senda sýslumönnunum uppástúngur um vegabætur; sem þykja nauðsynlegar á aukavegum, er ekki heldur rètt; því það eru einmitt hreppsnefndirnar, en ekki hreppstjórarnir, sem eiga að senda sýslumönnum þær uppástúngur um vegabætur á aukavegum, sem talað er um í 19. grein. Ekki er það heldur ljóst, hvers vegna binda á skýrslur þessar einúngis við *aukavegi* hreppsins, því þar eð þær eiga að vera undirstaða fyrir skýrslum sýslumannanna til amtmannna, má það virðast eðlilegast, að þær nái til *allra* vegabóta, sem gjörðar eru í hreppnum. Síðast í 25. grein er talað um vegabótasjóð amtsins, þó hann sè einginn til, og það er heldur varla ástæða til að stofna slíkan amtssjóð, eptir þeirri tilhögun á vegabótum, sem alþingi hefir stúngið upp á, þar sem *hver sýsla* á að sjá um sínar vegabætur, og af þessari ástæðu er niðurlag 3. greinar líka samið ónákvæmlega, þar eð eptir frumvarpi alþingis amtinu ekki er ætlað, heldur sýslum amtsins, að bera kostnaðinn til vegabótanna. Ætti meiningin að vera sú, að ömtin skuli greiða nefadan kostnað, þá vantar ákvörðun um, hvernig taka eigi gjöld til að standast þenna kostnað.

Eptir að ráðherrann hefir tekið fram þessi missmíði á frumvarpi alþingis, snýr hann sèr að helztu mótbárum þingsins gegn frumvarpi stjórnarinnar.

Það er einkanlega í 2 atriðum, sem þingið hefir vikið frá frumvarpi stjórnarinnar, nl. *bæði* viðvíkjandi umsjón á vegabótarstörfum, *og* viðvíkjandi því, hvernig greiða skuli kostnaðinn til vegabótanna.

Viðvíkjandi hinu fyrnefnda atriði hefir alþingi einkanlega tilfært, að það yrði óklúfanda sýslumanninum, með öðrum störfum sínum, að hafa næstu umsjón á vegabótum í allri sýslunni, og þingið hefir því stúngið upp á, að þessi umsjón verði falin kosinni nefnd í hverjum hrepp undir yfirumsjón sýslumanns. Í þessu tilliti er það þó fyrst og fremst athugavert, að eptir frumvarpi stjórnarinnar var sýslumönnunum ekki ætluð umsjón á öllum vegabótum í sýslunni, heldur einúngis á *þjóðvegunum*, með því umsjón á aukavegabótum er samkv. 17. grein falin hreppstjórunum. Þau störf, sem í 4. grein frumvarpsins eru falin sýslumanni viðvíkjandi þjóðvegum, eru fólgin í því, að hann búi til uppástúngu um verk þau, sem vinna ber, skýrslu um, hvernig verkinu skuli haga, og áætlun um kostnaðinn. Það er sjálfsagt, að sýslumaðurinn getur og á að útvega sèr faung til þessa hjá hreppstjórunum eður öðrum kunnugum mönnum, en þess verður með fullum rètti krafizt, að hann sè svo kunnugur þjóðvegunum í sýslunni, að hann sè fær um að semja full-viðunanlegar uppástúngur og áætlanir, sem byggðar eru á þeim uppástúngum, sem hann fær frá hreppunum; og eg tel það kost, að sýslumaðurinn geti sameinað allar þessar sèrstöku uppástúngur í eina aðaluppástúngu um vegabætur í allri sýslunni, og lagt eina stefnu fyrir vegabótaverkinu öllu; þar á mót yrði ekki auðið að fylgja einni og sömu stefnu í öllu verkinu, ef það væri falið hreppsnefndunum á hendur, eins og alþingi stúngur upp á, að gjöra slíkar uppástúngur, hverri fyrir sinn hrepp, sem *sýslumaðurinn væri bundinn* við að fylgja (sbr. 6. gr. í frumvarpi alþingis).

Viðvíkjandi *umsjón vegabótanna* er því næst ákveðið í 5. grein frumvarpsins, að öll vegabótaverk á þjóðvegum skuli unnin eptir uppboði, og einúngis með vissu skilyrði fyrir daglaun; en eins og sýslumaður er sjálfsagt laus við umsjón vegabótanna, þar sem þær eru unnar að uppboði, þar eð það verður að sanna með lögmætri skoðunargjörð á sínum tíma, að verkið sè óaðfinnanlega af hendi leyst eptir 15. grein frumvarpsins, eins er fyrirskipað í niðurlagi 5. greinar, að sýslumaður skuli taka áreiðanlega menn til að hafa umsjón yfir verkinu, þegar það er unnið eptir daglaunum.

Ráðherranum virtist því, að störf þau, sem frumvarpið leggur sýslumönnunum á herðar við þjóðvegina, hvorki sè svo erfið eða flókin, að þau sè þeim nokkur ofætlun, ekki getur hann heldur ætlað, að þessi störf verði betur af hendi leyst, þó þau væri falin hreppsnefndum, eins og alþingi hefir stúngið upp á. Það hefir að

vísu verið tilfært, að reynslan hafi sýnt, að sýslumenn hafi hingað til litlu komið til leiðar um vegabætur, þó þeir hafi átt að hafa umsjón þeirra; en þessi ammarki hefir eflaust miklu fremur rót sína í því, hve óhaganlega vegabótunum hefir verið komið fyrir yfirhöfuð, og einkanlega vegabótaskyldunni óheppilega niðurjafnað, með því vegabætur á þjóðvegum hafa, eins og aðrar vegabætur, lagzt á hina einstöku hreppa, ef vegirnir liggja gegnum þá, þó bæði sè þeir litlir og fátækir, og þar að auki hefir skylduvinnunni verið mjög ójafnt niðurjafnað á hreppsbúa.

Sömuleiðis telur ráðherrann þá ákvörðun að öllu leyti óþarfa, sem alþingi stingur upp á í 3. grein frumvarps síns, að þegar þjóðvegur liggi milli 2 sýslna, skuli 2 kosnir menn, hver úr sinni sýslu, eiga fyrir fram fund með sèr á sýslumótum til þess að koma sèr niður á, hvaða vegabætur við þurfi á þeim vegi, hverja stefnu þær skuli taka, og hvernig þeim skuli haga; því ráðherranum virðist, að þetta allt liggi undir úrskurð amtsins eptir áður feingnum álitsskjölum frá sýslumönnum, sem þar að auki geta átt tal saman um málið, ef þörf gjörist. Eins og áður er á vikið, vantar í þessa grein ákvörðun um, hverjir kjósa skuli þessa menn, og hve margir þeir skuli vera; eins virðist svo, að ákvörðun sú, sem þeir gjöra, ef þeim kemur saman, ætti að miunsta kosti að koma undir álit viðkomanda sýslumanns, þar eð hann eptir 23. grein hefir umsjón og ábyrgð á vegabótum í sýslunni. Eins er niðurlagsákvörðunin í þessari 3. grein í frumvarpi þingsins ekki sem heppnust, þar sem hún segir, að þegar vegur liggi milli amta, *skuli* báðir amtmennirnir koma sèr saman, því trauðlega verður gjört ráð fyrir því, að amtmennirnir muni jafnan verða í því efni á sama máli, og geti þeir ekki komið sèr saman, verður málið að koma undir úrskurð stjórnarráðsins.

Þar sem 5. grein í frumvarpi þingsins fyrirskrifar, að hreppsnefndirnar skuli *ákveða,* hverja vegi í hreppnum skuli álíta þjóðvegi og hverja aukavegi, þá er þetta, eins og ávikið er áður, bæði að öllu leyti ónákvæmt, því síður sèst, að hreppsnefndinni einúngis er ætlað að *bera upp uppástúngu,* en amtmanninum að *ákveða,* en þar að auki er það ekki haganlegt, að hreppsnefndirnar skuli gjöra þvílíka uppástúngu, án þess að sýslumaðurinn sè í verki með (sbr. orðin: „sýslumaðurinn skal bera upp við hlutaðeigandi amtmann uppástúngur nefndanna“).

Samkvæmt ofangreindu er það skýlaust álit ráðherrans, að ekki sè ástæða til að fallast á uppástúngu alþingis að stofna hrepps-

nefndir sèrstaklega fyrir þenna starfa, á meðan almennri sveitastjórn verður ekki komið á, því á þann hátt mundi þetta mál verða óþarflega flókið án nokkurra verulegra þarfa.

Viðvíkjandi 2. aðalatriðinu, hvernig greiða skuli kostnaðinn, þá er ákveðið í frumvarpi stjórnarinnar, að kostnað til umbóta og viðurhalds þjóðvega skuli greiða af hlutaðeiganda amtsjafnaðarsjóði, þó þannig, að kostnaðurinn verði ekki hærri en svo, að hann megi standast með niðurjöfnun, sem ekki sè hærri en 2 skild. á hvert lausafjárhundrað; þessi ákvörðun var byggð bæði á uppástúngu embættismannanefndarinnar, og líka á því, að menn báru ótta fyrir því að ofþýngja lausafènu. Á *aukavegum* áttu þar á móti eptirleiðis vegabætur að fara fram með skylduvinnu, en hana átti ekki, eins og áður, að leysa af hendi á þann hátt, að hver húsbóndi legði til 1 dagsverk, heldur skyldu allir verkfærir karlmenn í hreppnum frá 18—60 ára vera skyldir til að leggja verk til, eptir því sem á þá skiptist. En ef hreppsbændur eða meiri hluti þeirra kynni heldur að kjósa, að einhver tækist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða að menn væri leigðir til þess, þá skyldi það heimilt, og skyldi þá hreppstjórinn jafna niður kostnaðinum á þá sömu menn, sem skyldir eru að vinna að vegabótum, og að öðru leyti þannig, að húsbóndinn greiði borgun fyrir börn og vinnufólk, sem er á heimili hans (sbr. 16. gr. í frv.). Alþíngi hefir nú stúngið upp á, að *öll* skylduvinna *skuli* hætta, og að gjöldum til vegabóta, bæði þjóðvega og aukavega, skuli jafna niður á alla verkfæra karlmenn frá 18—60 ára, þannig að þeir greiði gjald, sem samsvari hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá, og fyrir þetta fè, sem þannig fæst, og sem gjört er ráð fyrir að verða muni að minnsta kosti 6000 rd. árlega, eiga allar vegabætur að fara fram.

Alþíngi hefir fært þá ástæðu fyrir uppástúngu sinni, að fè það, sem koma mundi inn eptir frumvarpi stjórnarinnar til kostnaðar við vegabætur á þjóðvegum, mundi ekki hrökkva til, því varla mundi fást meira en hèr um bil 1200 rd. á ári, en á hinn bóginn væri það ógjöranda að þýngja meir á lausafènu, sízt eins og nú stendur á, þar sem fjárkláðinn hefir svo eytt fè manna; þar við bætist, að gjaldið til amtsjafnaðarsjóðanna, sem hundið sè við tíundina, komi mjög ójafnt niður, þar eð tíundin, einkum í sjáarhreppunum og í kaupstöðunum, eingan veginn lagi sig eptir efnahag manna. Þar á móti telur alþíngi þeim gjaldstofni, sem það hefir stúngið upp á, það til gildis, að hann sè gamall í landinu, og innrættur orðinn

anda þjóðarinnar, að hann sè viss og ákveðinn, og veki eingan efa eða ágreiníng um jöfnuð í niðurjöfnun gjaldsins.

Þessi síðasta athugasemd, sem þíngið þannig hefir fært sem ástæðu fyrir uppástúngu sinni, er að vísu að því leyti rètt, að gjaldstofn sá, sem stúngið er upp á, ekki mun gefa tilefni til ágreiníngs og sjálfræðis; þar á mót er lángt frá því, að þessi gjaldstofn innihaldi rèttan jöfnuð í skylduvinnunni. Honum var að vísu haldið í frumvarpi stjórnarinnar *hvað aukavegina snerti,* en þó var hann látinn koma þar fram einúngis *til vara.* Aðalreglan var skylduvinna, og ef meiri hluti manna vildi heldur greiða peníng, heldur en vinna skylduvinnu, var það í alla staði eðlilegt, að gjaldið þá legðist á þá. Þegar skylduvinna þar á mót er af numin, virðist *alls eingin ástæða til,* að setja verkfæra karlmenn sem gjaldstofn, eða *eingaungu* leggja á karlmenn, sem eru milli 18--60 ára og verkfærir, það peníngagjald, sem þarf til vegabóta, því það liggur þó í augum uppi, að maður, sem er sextugur eða meira, eða maður, sem ekki er verkfær, eða ómyndugur maður, hvort sem hann er karlmaður yngri enn 18 ára, eða kona, geta opt eptir efnahag sínum verið færari um að greiða þetta umrædda peníngagjald, heldur en verkfær maður milli 18 og 60 ára, og sama getur líka átt heima hjá ekkjum.

Eins og nú þessi gjaldstofn, sem alþíngi hefir stúngið upp á, þannig má álítast bæði ónáttúrlegur, ójafn og tekinn af handa hófi, eins verður uppástúnga þíngsins einnig í því tilliti óhaganleg, að samkvæmt henni feingi menn fast ákveðna peníngaupphæð um árið til vegabóta, án tillits til þess, hvort hún þetta árið væri nauðsynleg, eða hitt árið nægileg; það virðist eðlilegra, að láta gjöldin laga sig eptir vegabótunum, sem nauðsynlegar eru, heldur en þvert á mót vegabæturnar eptir gjöldunum, því þá gæti farið svo, að vegabætur, sem í alla staði væri nauðsynlegar, yrði ógjörðar vegna peníngaskorts. En einkum er það aðalgallinn á uppástúngu alþíngis, að væri farið eptir henni, hlyti ekkert að verða úr greinarmun þeim, sem gjörður er *á þjóðvegum og aukavegum, sem þó er í alla staði eðlilegur,* og það því fremur sem ákvörðunin um breidd veganna, sem ætti að vera helzta einkennið til aðgreiníngar á þjóðvegum og aukavegum, er látin vera komin undir áliti sýslumannsins (sbr. frumv. alþ. 11. og 20. greinir). Hvað þjóðvegina snertir, þá hlýtur öllum amtsbúum að vera umhugað um, að þeir sè bættir og þeim sè við haldið, og því á kostnaður til þeirra að berast af jafnaðarsjóðum amtanna; þar á mót er hinum minni umdæmum, hreppunum *einum* umhugað

um vegabætur og viðhald aukaveganna, og því er það í alla staði eðlilegt, að hreppsbúar annara fjarlægra hreppa í amtinu sè lausir við að greiða til þeirra.

Þar sem alþingi hefir talið það til gildis gjaldstofni sínum, að hann sè gamall á Íslandi, og orðinn innrættur þjóðinni, þá er þetta ekki rètt. Alþingi hefir nl. ekki breytt *hinni núverandi skyldu-vinnu* í peninga, því nú er skylduvinna ekki greidd af öllum verk-færum karlmönnum milli 18 og 60 ára, heldur á þann hátt, að hver húsbóndi, hvort sem hann er úngur eða gamall, hraustur eða heilsuveikur, leggur til eitt dagsverk og ekki fleiri; en alþingi hefir gjört tvennt; fyrst hefir það *skapað sèr*, að skylduvinna væri kvöð á öllum verkfærum karlmönnum milli 18 og 60 ára, og því næst snúið þessari skylduvinnu í peningagjald. Það virðist einnig vera sprottið af einberum misskilningi á ákvörðunum 16. greinar í frum-varpi stjórnarinnar, að alþingi hefir stúngið upp á áminnztri reglu um borgun kostnaðarins. Þingið hefir að líkindum byggt á því, að jafnan skuli á ári hverju skilyrðislaust vera brúkaður upp vinnukrapt-ur sá, sem fæst samkvæmt 16. grein í frumvarpi stjórnarinnar, án tillits til þess, hvort nauðsyn ber til eða ekki; en þetta er eingan veginn þannig að skilja. Eptir 16. grein er hver verkfær karlmað-ur milli 18 og 60 ára skyldur til að vinna skylduvinnu, sem *nauð-synleg* er til vegabóta á aukavegum í hreppnum, eptir því sem á þá skiptist, þó þannig, að ekki sè heimtað af neinum verkfærum manni meir en eitt dagsverk árlega (sbr. 24. grein); en það gefur að skilja, að, ef af hreppnum fæst meiri vinnukraptur, en nauðsyn-legur er til vegabóta það ár, þarf ekki að nota hann allan, heldur á þeim, sem afgángs verður það ár, fyrst og fremst að verja til að vinna skylduvinnu næsta ár. Hreppurinn *getur* þannig að vísu árlega heimtað dagsverk af hverjum hreppsbúa, sem skyldur er til vinnu, en þess er ekki þörf, að allur vinnukrapturinn *skuli* verða brúkaður á ári hverju.

Auk þess, sem hèr að framan er tilfært á móti frumvarpi al-þingis, skal þess enn fremur getið, að í mörgu tilliti verður erfitt húsbónda, sem hefir marga vinnumenn, að greiða fyrirskipað gjald fyrir þá alla, þar sem honum mundi veita hægt að leggja til skyldu-vinnu þá, sem þyrfti til vegabóta á aukavegum, sömuleiðis er það ekki ráðlegt, að gjöld til þjóðvega og aukavega greiðist af hinum sama sjóði nl. af þeim peningum, sem greiddir eru fyrir verkfæra karlmenn frá 18 til 60 ára. Einkanlega yrði þetta síðara ótækt, ef

því yrði komið fyrir, eins og alþingi hefir stúngið upp á í 6. grein, því þar eð sýslumanninum er þar ætlað að ákveða, hverjar vegabætur skuli gjöra á aukavegum, og amtmanninum, hverjar gjöra skuli á þjóðvegum, yrði það sýlsumaðurinn, sem fyrri tekur ákvörðun, er hefði hjá sèr ráð yfir öllum sjóðinum eða meira hluta hans, svo að ekkert yrði eptir, eða að minnsta kosti ekki nægilegt fè handa þjóðvegunum, sem þó eiga að gánga fyrir, og svo framarlega sem taka ætti uppástúngu alþingis til greina í þessu efni, yrði það óumflýjanlegt, að setja ákvörðun um, eptir hverju hlutfalli verja ætti hinum sameiginlega sjóði til vegabóta á hvorumtveggja vegum.

Hvað nú þá spurníngu snertir, hvernig koma eigi fyrir sem haganlegast þessu efni, verður því ekki neitað, að það væri samkvæmast rèttum reglum að láta gjöld til þjóðveganna greiðast af öllu amtinu eða úr jafnaðarsjóði amtsins, eins og ráð er gjört fyrir í frumvarpi stjórnarinnar, en samkvæmt því sem alþíngi hefir tilfært getur það að vísu verið vafasamt, einkanlega eptir því sem nú stendur á í Íslandi, hvort það sè haganlegt að koma þessu máli fyrir á þenna hátt, og því gæti verið ástæða til að haga því á aðra leið, og þá einkanlega þannig, eins og þegar er vikið á í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórninnar, og eins og ein af uppástúngum þeim, sem framkomu á þínginu, að mestu leyti fór fram á, nl. á þann hátt, að amtmennirnir hver í sínu amti ákveði eptir uppástúngum frá sýslumönnunum (stjórnarfrumv. §4), hversu mikið hver sýsla skuli greiða til þjóðveganna, og að sýslumaður (ef til vill með 2 mönnum, sem hann kveður til) síðan jafnaði sýslugjaldinu niður á hreppa sýslunnar, og skyldi þá hver hreppur greiða sitt ákveðna tillag úr sveitarsjóði, en eiga aðgáng að amtinu, ef einhver hreppur þættist hafa orðið fyrir halla af niðurjöfnun sýslumannsins.

En þar eð öll þessi aðferð er mjög erfið og flókin, og þar eð málið mun verða á ný lagt fyrir alþíngi, þykir það rèttast, einnig hvað snertir aðferðina til að fá fè í kostnað til þjóðveganna, að láta sitja við frumvarp stjórnarinnar, en þó, um leið og málið er lagt fyrir á ný, að geta þess, *að* stjórnin játar, að peníngaupphæð sú, sem feingist eptir frumvarpi stjórnarinnar, nl. hèr um bil 1200rd., mundi verða of lítil, *að* stjórnin verður að vera á máli alþíngis í því, að það sè ógjörlegt, vegna hins bágborna ástands, sem nú á sèr stað í landinu, að leggja hærra gjald á lausafjárhundruðin; en *að* stjórnin hins vegar af ástæðum þeim, sem að framan eru færðar, geti ekki fallizt á uppástúngu alþíngis um greiðslumátann, og það því

síður, sem ekki er annað fyrirsjáanlegt, en að einmitt þeir menn, sem hætta þótti búin að ofþyngt mundi verða með hækkun í gjaldi af lausafjárhundruðunum, muni verða fyrir þessu gjaldi, sem alþingi hefir stúngið upp á, og *að* stjórnin þess vegna, hvað útgjöldin til þjóðveganna snertir, muni ekki verða mótfallin þeirri tilhögun, sem bent er á í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, og sem þingmaður Strandasýslu hefir fylgt í öllum verulegum atriðum í breytíngaratkvæði sínu nr. 78.

Hvað *aukavegina* áhrærir, er það þar á mót álit stjórnarherrans, að skilyrðislaust eigi að standa óhögguð regla sú, sem sett er í 16. grein stjórnarfrumvarpsins, því stjórnin fær ekki séð betur, en að það yrði of þúngbært í þessum erfiðu kríngumstæðum landsins, að gjöra það landsbúum, eins og alþíngi hefir stúngið upp á, að óumflýjanlegri skyldu, að greiða kostnaðinn til allra vegabóta ekki að eins á þjóðvegum, heldur og á aukavegum, í peníngum, þar sem þeir þó samkvæmt ákvörðununum í nefndri grein eiga kost á að gjöra þetta, þegar meiri hluti hreppsbænda æskir þess. Þar sem að öðru leyti er stúngið upp á, að breyta orðunum: „börn og vinnufólk“ í „syni og vinnumenn“, álítur ráðherrann, að eingin ástæða sé til að fallast á þetta, þar eð hin nefndu orðatiltæki í frumvarpi stjórnarinnar að líkindum verða ekki misskilin, þar sem þar á móti orðin: „synir og vinnumenn“ virðast að vera of takmörkuð, með því húsbóndinn á að borga ekki einúngis fyrir syni sína, heldur og fyrir barnabörn, og líka geta verið aðrir karlmenn á heimili hans, heldur en vinnumenn, t. a. m. húskennarar, skrifarar, o. s. frv.

Þar sem alþíngi á *annan bóginn* hefir fellt sumar ákvarðanir í frumvarpi stjórnarinnar vegna þess, að þær fremur sé reglugjörðir og erindisreglur til leiðbeiníngar við vegabætur, heldur en eiginlegar lagaákvarðanir, og á *hinn bóginn* stúngið upp á nokkrum smábreytíngum í reglunum fyrir vegabótunum, getur stjórnin þess, að aðgreiníng sú, sem þíngið hafi gjört, sé eingan veginn gjörð til hlítar, og að stjórnin hafi ekki heldur í þessu tilliti fundið ástæðu til að fallast á uppástúngu þíngsins, þar eð hinar áminnztu reglugjörðir, sem teknar eru í frumvarpið, samkvæmt því sem á sér stað í vegatilskipunum konúngsríkisins, ekki geta vantað í lagaboðið nema bagi verði að, og stjórnarherrann er þess álits, eptir uppástúngum frá hinum kunnugustu og reyndustu mönnum í landinu, að eigi vegabótamálið á Íslandi að komast í nokkurn veginn þolanlegt lag, megi ekki með nokkru móti gjöra minni kröfur til vegabótanna,

heldur en gjört er í frumvarpi því, sem lagt var fyrir þingið. Breytíngar þær, sem þingið hefir stúngið upp á um tímann, sem aptur eru byggðar á uppástúngu þingsins um að setja hreppsnefndir, virðast ekki heldur tiltækilegar, þegar hreppsnefndir eru ekki settar.

Forseti: Eg skal þá samkvæmt dagskránni skýra þinginu frá nokkrum af þeim bænarskrám, sem til mín eru komnar, og vonast eg til, að þær geti orðið teknar til umræðu á morgun kl. 11.

1. Bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu um fiskiveiðar útlendra þjóða og vörð móti þeim, samþykkt á almennum fundi að Ísafirði og undirskrifuð af fundarstjóra.
2. —— úr Austur-Skaptafellssýslu, um sama efni (46 undirskriptir).
3. —— úr Ísafjarðarsýslu um póstgaungur til Vesturumdæmisins, samþykkt á almennum fundi og undirskrifuð af fundarstjóra.
4. —— úr sömu sýslu frá sama fundi um fjárforræði kirkna.
5. —— úr Austur-Skaptafellssýslu um breytíng og nákvæmari takmörkun á Jónsb. Rekab. kap. II., undirskrifuð af 41.
6. —— frá Suður-Þíngeyjarsýslu um ný sveitastjórnarlög, samin á frjálsum fundi og undirskrifuð af 19 mönnum.
7. —— úr Strandasýslu, um löggiltan verzlunarstað að Skeljavík við Steingrímsfjörð, undirskrifuð af 77.
8. —— úr Eyjafjarðarsýslu (Akureyri) með frumvarpi til bæjarstjórnarlaga á Akureyri (42 undirskriptir).
9. —— úr Húnavatnssýslu (með 2 fylgisk.) um fjárkláðann, niðurskurð, o. s. fr., með samtals 108 nöfnum.
10. —— úr Suður-Þíngeyjarsýslu um sama efni, samin á frjálsum fundi og undirskrifuð af 17 mönnum.
11. —— úr Eyjafjarðarsýslu (í 4 lagi) um sama efni með 241 undirskript.
12. —— og umkvörtun úr Vestur-Skaptafellsýslu yfir, að kostnaður við verði milli Rángárvalla- og Skaptafellssýslu á fjallabaki, 1857 og 1858, fáist ekki greiddur úr jafnaðarsjóðnum (182 nöfn undirskrifuð).

Konúngsfulltrúi: Eg held þó, samkvæmt því er áður hefir verið um talað, og að mestu leyti fylgt hèr á þingi áður, að það

væri rèttast, að einhver af þíngmönnum gjörðist flutníngsmaður hverrar bænarskráar út af fyrir sig, og að þíngið þar eptir ræddi um, hvort kjósa skuli nefnd í mál það, er bænarskráin talar um, eða ekki.

Forseti: Eg verð að álíta, að þeir þíngmenn, er hafa bænarskrárnar meðferðis og hafa afhent þær *forseta,* gjörist flutníngsmenn þeirra, en af því leiðir eingan veginn, að þeir gjöri hverja þá bænarskrá að sinni beinni uppástúngu, eða sè þeim í alla staði samdóma.

Út af þessu spunnust nokkrar umræður, hvar á meðal *konúngsfulltrúi* gat þess, að það hefði ei verið meiníng sín, að kjósa skyldi menn til þess að flytja bænarskrárnar, heldur sú, að einhver af þíngmönnum gjörðist flutníngsmaður þeirra; það væri heldur eingan veginn sagt, að sá, sem flytti eina bænarskrá, eður bæri hana fram á þínginu, vildi mæla fram með henni, og það hefði opt áður borið við hèr á þíngi, enda gæti þá einhver annar tekið hana að sèr og mælt fram með henni, ef honum svo sýndist.

Sú varð niðurstaðan, að þínginu virtist svo eiga að fara, eins og *forseti* mælti fyrir.

Forseti ákvað fund til þess á morgun kl. 11, og kvaðst mundu birta dagskrá sem fyrst, og sagði fundi slitið.

---

5. júlí — fjórði fundur.

Allir á fundi. Þíngbókin frá fyrra fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en geingið er til dagskráar, vil eg leyfa mèr að geta þess, að settur sýslumaður, *St. Thordersen,* verður að hætta við þíngskriptir vegna embættisstöðu sinnar, og skal eg því leyfa mèr, eptir samkomulagi við hinn háttvirta *konúngsfulltrúa,* að kveðja kand. *Helga Helgasen* til að taka sæti sem innanþíngsskrifari.

Þar næst skal eg geta þess, að eg hefi feingið tilkynníngu um, að til formanns í nefndinni til að íhuga frumvarp til opins brèfs um, að leggja *skatt á tómthús og óbyggða lóð í Reykjavík,* er kosinn þíngmaður Reykjavíkurbæjar.

Samkvæmt dagskránni hefir hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* orðið.

Konúngsfulltrúi: Samkvæmt því, sem ráð er fyrir gjört í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis, skal eg nú leyfa mèr að skýra

hinu heiðraða þingi frá því, hvað stjórnin hefir af ráðið áhrærandi póstgaungumálið:

Alþingi 1855 sendi þegnsamlega bænarskrá, sem fór því á flot, að sámið væri og lagt fyrir alþingi frumvarp til laga eða reglugjörðar um breytta tilhögun á póstferðum í Íslandi.

En vegna þess póstgaungur á Íslandi, eins og alþingi bendir til, hljóta að teingjast í samband við póstgaunguna milli Danmerkur og Íslands, hlaut þessi síðari nauðsynlega að komast í kríng, áður en samdar yrði ákvarðanir um breytíngu á póstgaungunum í landinu sjálfu, og eins hlaut áður að vera gjört út um það, að hve miklu leyti póstgaungumál Íslands ætti framvegis að lúta undir dómsmálastjórnina, eða hvort hentugra þætti, að leggja það undir hina almennu póstgaungustjórn alríkisins. Þar eð nú útgjört er um þessar spurníngar, með því komið er á póstgaunguferð milli Danmerkur og Íslands með reglulegri gufuskipsferð, og fjárhagsstjórnin í brèfi 10. okt. f. á. hefir ekki viljað gefa sitt samþykki til, að stjórn íslenzkra póstgaungumála væri falin póstmálastjórn alríkisins, þar eð ekki væri líkindi til, að hún gæti verið svo kunnug landshögum, sem þörf væri á, mun ekkert framar vera því til fyrirstöðu, að tekið verði til endurbóta þeirra í póstgaungumáli Íslands, sem beiðzt hefir verið. Í því skyni mun það að líkindum verða nauðsynlegt, að samin sè alveg ný póstgaungulög eður reglugjörð um póstmál á Íslandi, þar eð öll tilhögun á Íslandi er svo ólík því, sem ástatt er í Danmörku, að það væri ógjöranda að heimfæra póstlög 11. marz 1851 til Íslands. Ákvarðanir þær, sem setja þarf um póstgaungumál á Íslandi, eru svo sèrstaklegar, að það hefir ekki þótt hagkvæmt, að láta semja þær í stjórnarráðinu, sem næstum eingin afskipti hefir haft af póstgaungumáli landsins, en umsjón þess hefir verið falin amtmönnunum hverjum í sínu amti, eða stiptamtmanninum og landfógetanum í Reykjavík; þar á ofan má sjá af álitsskjölum amtmannanna, sem leitað hefir verið áður um þetta efni, að ágreiníngur á sèr stað í ýmsum verulegum atriðum um það, hvernig koma eigi fyrir þessu máli, einkum póstgaungunum milli amtanna, og því má það þykja æskilegt, að þessum embættismönnum gefist kostur á, að bera sig saman um þetta mál og ræða með sèr atriði þess. Þetta virðist bezt geta orðið á þann hátt, að nefnd manna eigi með sèr fund í Reykjavík, og sè í henni amtmennirnir, landfógetinn, og einn maður, er alþingi kýs, og þessir menn taki málið til íhugunar, og semji þau frumvörp, sem þurfa þykir. Þar eð nú póstgaungur í Íslandi þar að

auki eru í nánasta sambandi og liljóta að vera í nánasta sambandi við póstgaunguna milli Danmerkur og Íslands, verður nefndin enn fremur að taka til íhugunar og gjöra uppástúngu um, hvernig koma eigi haganlegast fyrir þessari síðarnefndu póstgaungu.

Samt er það athugavert, að þó fyrirkomulag á póstgaungum í Íslandi sè alveg sèrstaklegt mál, bundið við einkennilegt ásigkomulag Íslands, og liggi því fyrir utan verkahríng ríkisdagsins, verður ekki það sama sagt um póstgaunguna milli Danmerkur og Íslands, og því þykir það rèttast, hvað formið snertir, að samin verði 2 sèrstök frumvörp, annað um póstgaungurnar í landinu sjálfu, og hitt um póstgaunguna milli Danmerkur og Íslands.

Samkvæmt framansögðu hafa stiptamtmaðurinn, amtmennirnir, og landfógetinn feingið skipun frá stjórninni til að koma saman í nefnd hèr í Reykjavík við lok þessa þings, ásamt einum manni, er alþíngi kýs, til þess að taka þetta mál til yfirvegunar og semja um það naudsynleg frumvörp.

Eg skal þess vegna samkvæmt skipun ráðherra dómsmálanna, í brèfi 6. maí þ. á., biðja hinn háttvirta *forseta* að gjöra þá ráðstöfun, að þíngið geti valið einn mèðlim, þann er bezt mætti þykja til fallinn, í þá ofan umgetnu nefnd, og að setja kosníngu þessa mèðlims á dagskrána einhvern af eptirfylgjandi dögum, þegar þíngmenn hafa tekið sèr tilhlýðilegan umhugsunartíma.

Í hinni kgl. auglýsíngu til þessa árs alþíngis er því heitið, að *konúngsfulltrúi* skuli skýra þínginu frá ástæðum þeim, hvers vegna stjórninni hefir eigi þótt tiltækilegt eptir bænarskrá alþíngis að gjöra Seyðisfjörð í Norður-Múlasýslu að aðalverzlunarstað í Austfirðíngafjórðúngi í stað Eskifjarðar.

Síðasta alþíngi sendi konúngi bænarskrá samþykkta með 18 atkvæðum gegn 2, um, að sú breytíng mætti ske í lögum um siglíngar og verzlun á Íslandi frá 15. apr. 1854, að Seyðisfjörður í Norður-Múlasýslu yrði gjörður að aðalverzlunarstað í Austfirðíngafjórðúngi í stað Eskifjarðar. Til stuðnings þessari bænarskrá taldi þíngið, *að* stjórnin fyrri í frumvarpi því, er lagt var fyrir þjóðfundinn 1851, hefði álitið Seyðisfjörð hentugastan til aðalkaupstaðar í Austurumdæminu, hverja meiníngu þjóðfundurinn aðhylltist, og eins ríkisdagurinn í Danmörku, þángað til lög 15. apr. 1854 snögglega gjörðu þá breytíngu að velja Eskifjörð til aðalkaupstaðar í stað Seyðisfjarðar, án þess alþíngi væri spurt til ráða, *að* flestir þíngmenn væri á því,

að sá munur væri á Eskifirði og Seyðisfirði, að leiðin inn á Seyðisfjörð væri styttri og hættuminni en leiðin inn á Eskifjörð; *að* vegurinn frá hèraðinu til Seyðisfjarðar sè styttri og vatnaminni en vegurinn til Eskifjarðar; *að* á Seyðisfirði sè óhult og nægilegt kaupstaðarstæði, er þar á móti vanti á Eskifirði, hvar hús þau, er þar eru, varla sè óhult fyrir snjóflóðum eða skriðum; og *að* Seyðisfjörður á þeim fáu árum, síðan hann varð löggiltur verzlunarstaður, hafi aukizt svo mikið, að hann sè orðinn á undan Eskifirði, er þó hefir verið verzlunarstaður um lángan tíma.

Út af þessari bænarskrá þíngsins getur stjórnin þess fyrst, að sú breytíng í verzlunarlögunum, er alþíngi þannig beiðist, í raun og veru ekki leiði til annars, en að Seyðisfjörður í stað Eskifjarðar verði ákveðinn sem sú höfn á Austfjörðum, er útlendra þjóða skip skuli hafna sig á, áður en þau megi sigla inn á aðra löggilta verzlunarstaði á Íslandi. Þvílík breytíng, er ekki getur orðið að lögum, nema hún sè lögð fyrir ríkisdaginn, mundi verða mjög þýðíngarlítil, þar eð báðar þær umræddu hafnir, sem eru hèr um bil álíka góðar, liggja skammt hver frá annari, svo það er lítil óhægð fyrir þau skip, er fara vilja til Seyðisfjarðar, að sigla fyrst inn á Eskifjörð, enda hafa líka mjög fá útlend skip híngað til siglt inn á þessar hafnir. Ástæður þær, sem þíngmaðurinn frá Norður-Múlasýslu færði fram fyrir breytíngunni, virtu-t stjórninni ekki fullnægar, einkum þar konúngsfulltrúinn, er áður í mörg ár hafði verið sýslumaður í nefndri sýslu, mótmælti þeim. Ekki er heldur að byggja á atkvæðafjöldanum í þessu máli, þar sem flestir þíngmenn eru alveg ókunnugir landslagi, og verða því einúngis að byggja á sögusögn þíngmannsins úr kjördæminu, eins og það líka virðist miður tiltækilegt, að gjöra breytíngu á svo nýju lagaboði, sem verzlunarlögin eru, áður en reynslan hefir sýnt til hlítar, að slík breytíng sè öldúngis nauðsynleg.

Að vísu er það satt, að stjórnin í frumvarpinu, sem lagt var fyrir þjóðfundinn 1851, tók það fram, að Seyðisfjörður mundi að líkindum verða helzti verzlunarstaðnr á Austfjörðum, en jafnframt var það með berum orðum tekið fram sem galli við þenna stað, að *þar hvorki væri valdstjórn nè læknir.* Í það skipti var ekki enn þá áformað að gjöra út um það, á hverja höfn skip útlendra þjóða skyldu fyrst koma í Múlasýslum, en það þótti nauðsynlegt, að leita áður um það álita hlutaðeigandi yfirvalda í Íslandi, og eins um það, að hve miklu leyti sýslumanninum í Norður-Múlasýslu og hèraðslæknuinum ætti að gjöra það að skyldu, að setjast að á Seyðisfirði. Álit

amtmannsins tók það að vísu fram, að Seyðisfjörður mundi vera betur til fallinn, en Eskifjörður, þó höfnin á Eskifirði væri trygg, og góð leið inn á hana, en hvorki mundi sýslumanni þeim, sem nú er þar, verða gjört að skyldu, að setjast að á Seyðisfirði, enda væri hann ófús á það, og eins væri það í augum uppi, að hann væri þar svo illa settur fyrir sýslubúa, að ógjöranda væri að skylda hann til að búa þar, og sama er að segja um héraðslæknirinn.

Um sömu mundir kom bænarskrá til stjórnarinnar frá nokkrum innbúum Suður-Múlasýslu, um, að Eskifjörður yrði ákveðinn sem sá verzlunarstaður í Múlasýslum, er útlend skip fyrst skyldu sækja til, og þar eð ríkisdagurinn, sem þá hafði feingið verzlunarmálið til umræðu, lagði mikla áherzlu á það, að lögreglustjóri og læknir hefði bústað á þessum verzlunarstöðum, varð þetta ástæðan til, að nefnd sú, sem sett var í verzlunarmálinu, stakk upp á, að Eskifjörður, þar sem sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu býr, verði í löggjöfinni ákveðinn sem aðalverzlunarstaður fyrir Múlasýslur. Að vísu er héraðslæknirinn ekki búsettur á Eskifirði, en þar eð þar er heilbrigðisnefnd, sem læknirinn er líka í, virtist, að hún mundi geta haft á hendi rannsókn þá, sem talað er um í lögum 15. apr. 1854, § 4, þannig að kalla mætti til lækninn, ef þörf þætti.

Eins og stjórnin af því, sem að framan er talið, ekki finnur nægа ástæðu til að fallast á bænarskrá alþingis, eins virðist henni, að ástandið í Norður- og Austurumdæminu sé nú svo komið, að ekki geti verið umtalsefni, að koma fram þessari tilhögun. Það yrði nl. öldúngis nauðsynlegt, að sérstaklega væri settur lögreglustjóri á Seyðisfirði. En stofnun þessa embættis hlyti sjálfsagt að hafa í för með sér útgjöld, sem samkvæmt Plac. 24. nóv. 1856 yrði að borga af jafnaðarsjóði amtsins. En til þess getur amtssjóðurinn eingan veginn álitizt fær sökum þeirrar þúngu byrði, sem nú liggur á honum vegna fjárkláðans, og sem út lítur fyrir að ekki muni svo bráðum af létta.

Forseti: Viðvíkjandi því, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gat um, áhrærandi póstgaungumálið, að kjósa skyldi einn mann úr þínginu í nefnd þá, sem það mál á að hafa til meðferðar, þá skal eg hafa það í huganum og ákveða nákvæmar, áður langt líður um, kosníngu þessa manns á dagskránni, eptir samkomulagi við *konúngsfulltrúa.*

Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til inngángsumræðu bænarskrá úr Strandasýslu um að *löggilda Skeljavík í Steingrímsfirði,*

til kauptúns, og skal eg biðja skrifarana að afhenda þingmanninum úr Strandasýslu bænarskrána til flutnings.

Á. Einarsson: Eg álít hentugast, að lesa upp sjálfa bænarskrána, þar það eigi tekur meiri tíma en að skýra frá innihaldi hennar.

Bænarskráin er svo látandi:

„Þó opið brèf af 19. maí 1854 hafi gjört landsbúum á einstaka stöðum talsvert hægri verzlun, en áður var, sýnir reynslan þó, að lagaboði þessu er, eins og sjálfum hinum nýju verzlunarlögum, nokkuð ábótavant, þar þetta leyfi nær eins til kaupmanna þeirra, sem búa í Danmörku, eins og þeirra, sem búa á Íslandi, enda þó hinir, margir hverjir, sè Íslendíngum ekki eins hagfelldir í verzlun, eins og lausakaupmenn, hvort heldur þeir eru í Danmörku, eða öðrum löndum, en lausakaupmönnum er þó meinað að verzla annarstaðar, en á löggildum höfnum, nema hvað þeir kunna að geta smeygt sèr inn í fèlag með þeim, er leyfið tilheyrir, sem þeim þó getur verið ónotalegra, og eiga því bágra með að keppa við aðra í verzluninni; en þó þessi annmarki sè á lagaboðinu, hefir þó leitt það af því (auk annars hagnaðar), að leyfi þetta sýnir, hvar eðlilegast er að verzlunarstaðir sè, því á ófrelsistímunum voru þeir settir, þar sem mönnum sýndist hentast, af einhverju atviki í þann og þann svipinn; þá var óhægra að færa verzlunarstaðina á eptir; fyrir þessu höfum vèr Strandasýslubúar órækt dæmi, þar sem verzlunarstaður vor, Reykjarfjörður (Kúvíkur), er í norðasta hreppi sýslunnar, svo flestir þeir, er þángað eiga að sækja, eiga ekki skemmri sjóleið, en 6 vikur sjávar; þó verður þetta tilfinnanlegast, þegar skip koma ekki fyr en á slætti, vegna hafísa, sem ærið opt hefir við borið. Borðeyrarverzlunin getur þá ekki heldur bætt úr þessu, því eins kemur ísinn þar, og þó skip kæmi þángað, þegar vor stutti sláttartími væri byrjaður, er þángað enn þá leingri sjóvegur, en á Reykjarfjörð, en hestar of fáir til kaupstaðarferða. Af þessum orsökum lètu menn ekki leingi bíða, að fá kaupmenn til að verzla á Steingrímsfirði, þegar að framan áminnzt opið brèf af 19. maí 1854 var orðið kunnugt, og þykir oss það hafa verið til mikils hagræðis undanfarin ár, einkum þar hákallsaflinn er allt af að minnka á Gjögri, síðan þilskip fjölga annarstaðar, en þilskipaafli hefir ekki getað þrifizt hèr á flóanum til leingdar, vegna hafísa. Það getur eingum dulizt, sem nokkurt vit hefir á verzlun, að Steingrímsfjörður er lángtum betur settur, til verzlunarstaðar, en Reykjarfjörður, því auk sýslubúa hèr hafa margir

sótt til Steingrímsfjarðarverzlunar, bæði frá Barðastrandar- og Dalasýslum, sem eiga mikið styttri veg, en til Stykkishólms, Flateyjar, eða Borðeyrar; enda virðist nú Flateyjarverzlun á fallanda fæti, eins og Reykjarfjarðarverzlun, sem er eins og lèleg selstaða Hólanesverzlunarinnar á Skagaströnd. Það eru því líkindi til, að ef löggilt kauptún væri sett við Steingrímsfjörð, að þar muni dragast saman töluverð verzlun í stað þess, sem Reykjarfjörður, Flatey og Skagaströnd, reyta sitt smáræði hver til sín, og aðrir kaupmenn, er þángað sækja í fèlagi við lausakaupmenn; það mælir líka fram með kauptúni við Steingrímsfjörð, að þar gæti verið nokkrar vörubyrgðir á vetrum, sem ómögulegt er að nálgast frá Reykjarfirði, þó til væri, hvað sjaldan er, og væri ekki ólíklegt, að esnuðustu bændurnir annaðhvort stofnaði þar forðabúr (sem er svo nauðsynlegt, þar sem hafísar banna skipakomur fram eptir öllum sumrum), eða tæki einhvern þann þátt í verzluninni, að eitthvað væri fátæklíngum til bjargar, þegar húngursnauð ber að, eins og nú er tilfellið. Vèr álítum því nauðsynlegt, að Skeljavík við Steingrímsfjörð verði framvegis löggilt kauptún, einkum ef mönnum þætti ísjárvert, að veita öllum lausakaupmönnum það verzlunarleyfi, sem fastakaupmönnum er veitt í ofannefndu opnu brèfi af 19. maí 1854.

> Það er því vor sameiginleg ósk og bón, að hið heiðraða alþíngi beri þá bæn upp fyrir hans hátign konúng vorn, að Skeljavík við Steingrímsfjörð verði, sem fyrst skeð getur, gjörð að löggildum verzlunarstað, en til vara, vilji alþíngi ekki fallast á þetta, þá, að öllum lausakaupmönnum væri veittur sami rèttur til verzlunar við Ísland, sem opið brèf af 19. maí 1854 veitir fastakaupmönnum.
>
> Ritað í Strandasýslu í maímánuði 1859".

Undir bænarskránni eru 77 undirskriptir, fleiri gátu ei skrifað undir; því það voru eigi fleiri búendur í þeim hrepp á þíngunum, sem bænarskráin er samin í, en það, sem bænarskráin fer fram á, er almennasti vilji í Strandasýslu. Eg skal jafnvel leyfa mèr að skírskota til hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*, hvað þetta málefni áhrærir; því þó honum sjálfum sè eigi kunnugur staðurinn, þekkti formaður hans í amtmannsembættinu þar vel til, og eg er viss um, að hann veit vel, hvernig á stendur. Hèr eru einnig tveir menn á þíngi, sem þekkja til og vita, hversu örðugt er að sækja verzlun í Reykjarfjörð; hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður, sem verið hefir sýslumaður í Strandasýslu, er kunnugur þessu máli. Mèr

er líka kunnugt um verzlunina á Reykjarfirði, og gæti gefið skýrslur um það hèr um bil síðan 1808. Eg skal því ei orðleingja þetta, en vona, að nefnd verði sett í mál þetta.

I. Gíslason: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg feginn vil styðja að því, að bænarskrá þessi fái framgáng á þínginu, af því heita má, að eingin verzlun sè á Flatey, nema hvað lausakaupmaður Gram skýzt þángað snöggvast, og er þá optast varníngslaus, svo að kalla. Þar á móti geta bæði Strandasýsla, Barðastrandarsýsla og Dalasýsla haft góð not af verzlun á Skeljavík, og væri það því mjög hentugt.

II. Kr. Friðriksson: Eg fyrir mitt leyti get ekki neitað því, að mèr þykja smákaupstaðirnir hèr á landi nógu margir, og verð að álíta það skyldu þíngsins, fremur að styðja að, að efla þá kaupstaði, sem eru, en að bæta fleirum við, sem aldrei getur neitt úr orðið. Nú eru þegar 2 verzlunarstaðir í Strandasýslu, og yrði þeim 3. bætt við, yrði verzlunin þar þrískipt, og er þá hætt við, að hún yrði æði-lítil á hverjum staðnum. Skipkoman yrði eins sein á Skeljavík eins og Reykjarfjörð; ísinn mundi eins hamla henni á báðum stöðunum; því að komist skip sökum hafísa eigi inn á Reykjarfjörð, komast þau eigi heldur inn á Skeljavík. Eg sè því einga ástæðu til að fjölga kaupstöðum í Strandasýslu, og það því síður, sem kaupmenn hafa leyfi til að flytja varníng inn á hverja vík, og bændur þannig geta feingið vörur fluttar inn á hina hentugustu staði. Eg get eigi sèð, að mikil ástæða sè til, að þíngið taki bænarskrá þessa til meðferðar, og verð því að mæla á móti nefnd.

B. Þórðarson: Fyrir innbúa Barðastrandarsýslu, eins og þá í Strandasýslu, er mjög hentugt, að kaupstaður feingist á Skeljavík; því mèr er kunnugt um, að Reykjarfjarðarverzlun mun mega heita á fallanda fæti, og verzlunin í Flatey alveg fallin. Nú í 2 ár hefir hún ekki önnur verið, en að þar hefir skotizt inn einn lausakaupmaður með nokkuð lítið fyrir marga, og hafa Suðursýslubúar Barðastrandarsýslu haft þess lítil not, og orðið að sækja verzlan á Borðeyri eða Ísafjörð eða Stykkishólm, og eru miklir örðugleikar þar við bundnir. Af ástæðum þessum mæli eg fram með, að nefnd verði sett í málinu.

G. Brandsson: Mèr heyrist, að menn nú sè farnir að ræða mál þetta, eins og fram væri komið í því nefndarálit, en spursmálið er einúngis, hvort málið sè þess vert, að nefnd verði sett til að segja um það álit sitt. Eg fyrir mitt leyti er nú á þeirri mein-

íngu; því þó lögin um frjálsu verzlunina sè ekki gömul, þá hefir sú raun á orðið, að hitt og þetta hefir verið að þeim fundið, þar á meðal það, að lausakaupmenn hefði ekki sama rètt, sem fastakaupmenn, einkum að því leyti, þar sem þeim er ekki leyft að verzla nema á löggiltum höfnum. Nú fer seinna niðurlagsatriði bænarskrárinnar fram á það, að þessu verði breytt, og þar sem það getur snert hag allra landsbúa, þá vil eg fastlega mæla fram með, að nefnd verði sett í málið, það er þá í hennar valdi, hvort hún samþykkir annað eða bæði uppástúngnatriðin, eða breytir þeim, og svo getur þíngið á eptir gjört við málið, það sem því þykir tiltækilegast.

J. Hjaltalín: það, sem eg ætlaði að segja, var að miklu leyti það sama og það, sem hinn heiðraði þíngmaður, sem seinast talaði, sagði; því þó eg ekki sè á því, að fjölga eigi verzlunarstöðunum, vil eg samt styðja að því, að þeir sè á hinum hentugustu stöðum; og vil eg því heldur, að máli þessu verði gefinn gaumur, þar þíngmennirnir úr Strandasýslu og Barðastrandarsýslu, sem vel þekkja til, mæla fram með því.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: þíngmaður sá, sem seinast talaði, sagði hèr um bil það, sem eg vildi hafa sagt, og vil eg því fremur, að því sè gaumur gefinn, þar eg álít það nú mjög markvert atriði í verzlunarlögunum, sèrdeilis þar eð út lítur fyrir bjargarskort manna á milli; en að gjöra verzluninni sem frjálsastan aðgánginn á þá hentugustu staði í faðmi landsbyggðarinnar sem mögulegt er, hefi eg ætíð álitið það bezta bjargræðismeðal fyrir landsbúa yfir höfuð, og vil eg því mæla fram með, að nefnd verði kosin í málið og það nái að koma til umræðu á þínginu, og mun varla veita af 5 manna nefnd.

P. Melsteð: Eg vil einúngis leyfa mèr að mæla fram með því, að nefnd verði kosin í máli þessu.

Á. Einarsson: Eg vil einúngis láta þá meiníngu mína í ljósi, að þíngmaður Reykjavíkur hafi mælt af ókunnugleika, en eigi illgirni; því honum er ekki gjarnt til þess. En það sèr hver maður, að þegar kaupskip koma seint, er mun hægra að sækja eina $^1/_2$ til 2 vikna sjáar í kaupstað, en að sækja þángað 6 vikur sjóar. Og til þess að kaupmenn geti fært bændum vörur inn á víkur, þurfa þeir fyrst að hafa þær til. Núna var ekkert skip á Reykjarfirði, þegar verzlun var byrjuð, og vörur mjög litlar, eins og venja er á Reykjarfirði.

H. Kr. Friðriksson: Ætla vörurnar komi heldur á Skeljavík en

Reykjarfjörð? eða skip komi þángað fremur? Eg er reyndar ekki eins kunnugur í Strandasýslu, og hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu, en eg er þó nokkuð kunnugur, og hefi farið um nokkurn hluta hennar; eg hefi og komið á Reykjarfjörð, og þekki afstöðuna. Eg get ekki séð neinn hagnað af þessum hinum nýja verzlunarstað; því að annaðhvort er, að verði nokkur verzlun á Skeljavík, þá verður öll verzlun að hverfa frá Reykjarfirði, og þá verða þeir, sem nú búa í nánd við Reykjarfjörð að sækja eins lángan veg til verzlunar á Skeljavík, og þeir, sem búa í Steingrímsfirði, verða nú að sækja; svo að það verður eins mikill óhagur fyrir suma, eins og það verður hagur fyrir hina, eða þá, að eingin verður verzlunin á Skeljavík, og þá er löggildíng verzlunarstaðar þar árángurslaus. Auk þess er það, að hinir einu, er mundu sækja verzlun á Skeljavík, eru úr nokkrum hluta Strandasýslu og svo sem úr tveimur hreppum úr Barðastrandarsýslu. Eg verð því enn að vera fastur á því, að einga nefnd eigi að kjósa í þessu máli.

G. Brandsson: Af því mèr nú þykja umræðurnar nógu lángar, skal eg leyfa mèr að stínga upp á 5 manna nefnd, og skora því á hinn háttvirta *forseta*, að láta gánga til atkvæða.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að styrkja mál þeirra þíngmanna, sem mælt hafa fram með nefnd í þessu máli.

Forseti: Eg verð að álíta mál þetta nægilega rætt til inngángs og biðja þíngmenn að gánga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa eður eigi.

Var þá afráðið með 23 atkv., að kjósa skyldi nefnd í málið; stakk einn þíngmanna upp á 5 manna nefnd, aptur aðrir upp á 3 manna nefnd.

Var síðan geingið til atkvæða, og 3 manna nefnd samþykkt með 13 atkvæðum gegn 12., og þessir kosnir í nefndina:

Á. Einarsson með 22 atkvæðum,

B. Þórðarson með 10 atkvæðum,

I. Gíslason með 10 atkvæðum.

Var málið síðan afhent þíngmanninum úr Strandasýslu.

Forseti: Þar næst kemur samkvæmt dagskránni til umræðu bænarskrár úr Ísafjarðar-, Austur-Skaptafells-, Norður-Múla-, og Snæfellsnessýslum um fiskiveiðar útlendra undir Íslandi og verndan gegn því. Allar þessar bænarskrár eru að sönnu greinilegar, en þar eð bænarskráin úr Snæfellsnessýslu virðist yfirgripsmest, vil eg biðja hinn heiðraða þíngmann Snæfellínga að taka málið að sèr til flutnings.

P. Melsteð: Eg skal þá með leyfi þingsins lesa bænarskrána upp.

H. K. Friðriksson: Er ekki nóg, að heyra úr henni efnið?

Á. Einarsson: Það hefir hingað til verið venja hèr á þingi, að þegar bænarskrár hafa komið fram um sama efni, hefir ein þeirra jafnan verið lesin upp.

Voru þá einnig fleiri fyrir því, að bænarskráin væri lesin upp, og var hún þá lesin. Hún er svo látandi:

„Öllum, sem að nokkru þekkja til Snæfellsnessýslu, er það kunnugra en frá þurfi að segja, að mestur hluti innbúa hennar hefir atvinnu sína af fiskiveiðum, og að talsverður fjöldi sveitarbúa utan sýslu á vetrum og vorum einnig stundar veiðar þessar í þeim mörgu fiskiverum, sem eru á Snæfellsnesi. Þessi atvinnuvegur hefir nú um nokkur ár ekki notið þeirrar verndar, sem nauðsynleg er, til þess að hann hefði getað orðið landsbúum til heillavænlegra nota, sem með lögum vorum, einkum tilskipun 13. júli 1787, er fyllilega heimiluð.

Það er því í fulltrausti þess, að hið heiðraða þing gæti hagsmuna og þarfa vorra, að vèr leyfum oss í nafni því nær allra Snæfellsnessýslubúa eptir áskorun þeirra manna, er að tilmælum samsýslubúa vorra hafa sótt fund að Stykkishólmi í Þórsnesi í dag, fyrst og fremst að skýra frá, hvernig oss virðist sá helzti atvinnuvegur Snæfellsnessýslubúa, fiskiveiðarnar, vera mjög svo fyrir borð bornar af útlenzkum skipum, er stunda fiskiveiðar við land vort, og þar næst beiðumst af hinu heiðraða alþingi, að það skori alvarlega á stjórn vora, að hún geri þær ráðstafanir í þessu efni, sem gæti stuðlað til þess, að helzti atvinnuvegur Snæfellsnessýslubúa, sem eru fiskiveiðarnar, aptur geti blómgvazt og orðið til hinna sönnu og beztu nota.

Nú hin síðustu vor, einkum frá byrjun aprílmánaðar og þangað til í síðari hluta maímánaðar, hefir það tíðkazt, að útlenzk fiskiskip hafa sótt til þorskveiða á fiskimið vor. Svo hafa þeir fjölmennt á miðum vorum, að á þessum tíma má opt sjá 30 til 50 í einu, og veit það sèrhver, sem þekkir til fiskiveiða, hversu mikinn skaða það gjörir þorskveiðum þeim, sem stundaðar eru á bátum. Sèrhvert hinna útlenzku skipa hefir 12 til 20 færi í sjó, hinir íslenzku bátar ekkert færi útbyrðis, er þeir fiska með lóðum, eða að öðrum kosti 4 til 6. Það er sannreynt, að þá veitt er á þiljuskipum, fylgir fiskurinn skipunum, sem eru á nokkurri hreifingu, en

hann nemur þá ekki staðar hjá bátum vorum, sem halda kyrru fyrir. Sjón er sögu ríkari um það, að íslenzkir bátar opt ekki verða varir við fisk, þó að útlenzk fiskiskip, sem eru í grennd, í sama vetfángi dragi hríðnógan fisk. Það er vandi hinna útlendu fiskara við Ísland, að leita landsins, og þegar þeir eru komnir á fiskimið landsbúa, að leggja færi í sjó, síðan með hægð að fara frá landinu út á hin dýpri fiskimið, hvert landsbúar ekki leita.

Þorskurinn er leiðitamur í eðli sínu, hann fylgir beitunni á svo mörgum færum, leiðist áfram með skipinu, eins og í fylkíngu, eptir agni því, sem fyrir hann er lagt, og glampa þeim, sem í mararbotni stendur af svo mörgum færum. Þá fiskur er á hin útlenzku skip kominn og þau hörfa frá landi, er hann slægður, og öllu raski jafnóðum fleygt útbyrðis, er myndar svo sem feril, eptir hverjum þorskurinn rennur frá landi.

Þetta í sameiníngu gjörir að verkum, að enginn fiskur staðnæmist á fiskimiðum Snæfellsness á vordegi, þá hin útlenzku fiskiskip sækja á mið vor. Vèr getum tilfært mörg dæmi til, að þá fiskur var kominn á mið vor, og vel var farið að fiskast á bátum, þá hefir svo brugðið í brún við komu hinna útlenzku fiskiskipa, að eptir sókn þeirra á mið vor hefir á komizt arðlaus vertíð, en þau haft nægan fisk á miðum þeim, sem liggja svo lángt frá landinu, að íslenzkir bátar geta ei til þeirra sótt. Vèr höfum lýst þessu stuttlega til þess að gera skiljanlegt, hversu að fiskiveiðar útlendínga á miðum vorum eru skaðlegar. Þeir, sem til fiskiveiða þekkja, geta staðfest álit vort. Á vorvertíðunum, nú hèr síðustu ár, hefir aflaleysið ekki einúngis hnekkt almennri velmegan vor á meðal, en einnig leitt til tilfinnanlegs bjargræðisskorts; er það hin fullkomnasta sönnun fyrir því, að vèr eigi ástæðulaust framberum óskir vorar um, að útlendíngum mætti verða bægt frá fiskimiðum vorum. Vèr óskum þessa einnig af annari ástæðu, sem er næsta mikilvæg, því það hefir við borið allopt, og má sanna með nægum vitnum, ef krafizt verður, að útlendíngar þeir, sem þorskveiðar hafa stundað á miðum vorum, hafa gjört spjöll bæði á veiðarfærum og veiði, er þeir hafa með færum eða aunglum sínum orðið fastir í fiskilóðum landsbúa, og þá er það hefir skeð, hafa útlendíngarnir opt og tíðum sýnt misjafnt dreinglyndi.

Vèr höfum nú bæði sýnt og sannað, fyrir hversu miklu tjóni hinu helzti atvinnuvegur Snæfellsnesbúa hefir orðið af yfirgángi útlenzkra fiskiskipa, er á hverri vorvertíð stunda ólöglegar fiskiveiðar

við land vort. Þetta hefir orðið að miklu tjóni, fjöldi manna hefir þess vegna mátt sjá af því, sem þeir með þurftu sèr til viðurværis, og opt og einatt þess vegna mátt líða neyð, enda þótt þeir á degi hverjum, svo sem sómir góðri sjómennsku, hafi vogað lífi og fjöri sínu, til að stunda iðn sína. Yfirgángur útlendínganna, að veiða á fiskimiðum vorum, og með athæfi sínu, svo sem vèr því lýst höfum, að leiða fiskigaungur frá svæði því, er sækja má á íslenzkum bátum, er ei á lögum byggður, þar á meðal tilskip. 13. júni 1787, og fleiri eldri lögum; en nú er kunnugt, að þessum lögum ei hefir verið fram fylgt, nú um lángan tíma, svo sem vera skyldi. Yfirvöldum vorum hefir heldur ekki verið gefið afl það, sem við þurfti til framkvæmda þeirra, er, til að bægja slíkum yfirgángi, eru nauðsynlegar. Og þó að nú sè kominn sá áhugi meðal Snæfellsnesbúa, að vernda bjargræðisvegu þeirra, með því að veita yfirvöldunum hjálp, til þess með valdi að framfylgja tilskip. 13. júní 1787, þá er þó auðvitað, að slíkt ekki mundi geta orðið til þess alveg að tálma þeim yfirgángi, sem við er hafður að öllu leyti, en einúngis yrði til þess að aptra þeim einstöku fiskiskipum, er kynni að nást, að gjöra frekari yfirgáng, eptir að þau hafa verið gjörð upptæk.

Af þessum ástæðum er það, að vèr, sem kosnir í nefnd til að rita bænarská um þetta, nú viljum leita hins heiðraða alþíngis með bæn þessari og áskoran vorri, fyrir hönd Snæfellsnesbúa, er mætt hafa eða eptir kosníngum hafa látið menn fyrir sig mæta að fundi þeim, er í dag var haldinn í Þórsnesi, og mælast til, að það mætti þóknast hinu heiðraða alþíngi, að taka mál þetta til ítarlegrar umræðu, og frambera þegnsamlegast fyrir hans hátign konúnginn:

1., að eptirleiðis megi, með nýju lagaboði, verða reistar rammar skorður við því, að útlenzk skip sæki á fiskimið vor til þess á þeim að stunda þorskveiðar.

2., að þessu, og að skemmdir eigi sè gjörðar af útlenzkum fiskurum á veiðarfærum íslenzkra báta við Snæfellsnes, verði varnað, ef því ei verður við komið á hægara hátt, með því að stjórn vor, á ári hverju, ekki síðar en í byrjun aprílmánaðar á vorin, sendi herskip, hentugt til, að hinum helzta bjargræðisvegi Snæfellsnesbúa og annara landsmanna, fiskiveiðunum, verði borgið á fullnægjanda hátt.

Á fundi að Stykkishólmi í Þórsnesi, 15. dag júní 1859.

Á. Thorsteinson, sýslumaður. *Á. Ó. Thorlacius,* administrator. *S. Gudmundsson,* factor. *S. Nielsson,* forseti".

P. Melsteð: Eg ætla ekki að tala fleira að sinni um þetta mál, en einúngis óska, að nefnd verði kosin í málið.

J. Hjaltalín: Eg efast með eingu móti um, að það sè satt, sem sagt er í þessari bænarskrá, en það er sannfæríng mín, að örðugt muni að ráða bót á, eða reisa skorður við því, sem kvartað er yfir, því hvorki stjórninni nè alþíngi er auðið að reisa skorður við fiskiveiðum útlendra á miðum vorum, en eg álít sjálfsagða skyldu þíngsins að taka vel í málið, og vil eg leyfa mèr að stínga upp á, að 7 manna nefnd verði kosin í það.

G. Brynjólfsson: Eg verð einnig mikillega að mæla fram með nefnd í máli þessu. Því er ver og miður, að Ísland hefir leingi verið og er að miklu leyti enn þá skoðað og haft eins og verstaða og selstaða annara landa. Er oss öllum kunnugt, hversu verið hefir og er enn að mestu leyti um verzlunina, að flestir kaupmenn vorir eru í raun og veru ekki annað en aðkomandi verzlunarmenn, sem að eins um stundarsakir hafa sett hèr tjöld sín, þó þeir sè kallaðir „íslenzkir kaupmenn"; og líkt finnst mèr að miklu leyti vera ásigkomið um fiskiveiðar útlendra manna hèr við land. Í báðum málum má að líkindum ráða nokkra bót á ástandinu með lögum, en bezta ráðið mun þó ætíð verða, að gjöra sitt til að vekja kapp og áhuga meðal landsbúa sjálfra; og vil eg því biðja þíngið, er það setur nefnd í þessu máli, sem eg álít sjálfsagt, að láta sèr ei síður vera annt um að benda á það, sem að því mætti styðja, að veiðiskapur allur og dugnaður manna að sækja sjó gæti farið batnandi hèr í landi, heldur en að eins að hugsa um hitt, að bægja útlendum fiskimönnum frá landinu. Þykir mèr mál þetta í stuttu máli svo mikilsvert, að eg verð líka að vera á því, sem hinn konúngkjörni þíngmaður áðan stakk upp á, að ekki veitti af 7 manna nefnd í það.

P. Sigurðsson: Eg verð að vera bænarskrá þessari mjög meðmæltur, því allir vita, hvílíkt tjón hinir útlendu fiskimenn gjöra landsmönnum; því það er staðreynt, að þar sem fiskur hefir áður verið kominn nógur á fiskimið vor hèr við Suðurland, hefir hann strax orðið tregur, þegar hin útlendu fiskiskip hafa komið 30 – 50 í flota og lagt inn á miðin, og hefir þá fiskiríið ætíð farið minnkandi; þeir hafa einnig dregið fiskinn burtu með því á daginn að draga hann inn undir landinu, en á næturnar fara út á rúmsjó til þess að gjöra þar að honum, og vil jeg því einnig mæla með nefnd í málinu.

Stefán Eiríksson: Sömu reynslu hafa menn í Austur-Skaptafellssýslu. Það er alkunnugt, hversu mikið tjón landsmenn líða

við, að þessi útlenzki skipastóll sækir hèr undir landið. Því úr því þau eru komin meðfram ströndum á Austur-Skaptafellssýslu, sem er um þann tíma árs, að helzt er stunduð þar veiði á opnum bátum, en úr því, segi eg, að skip þessi eru komin inn undir fiskimið vor, þá dregst allur afli í djúpið og ekki að hugsa að fá afla úr því, og vil eg því, að nefnd sè kosin í málinu.

Br. Jónsson: Sama reynsla er og á orðin í Vestmannaeyjum, eins og annarstaðar við landið, því þegar hin útlendu fiskiskip, sem opt sjást í einu 60—80 að tölu, eru lögzt í kríngum eyjarnar, þykir mönnum svo, sem öll aflavon sè úti, með því þeir liggja á og nálægt hinum beztu fiskimiðum og láta berast um þau af vindi og straumi, og spilla þannig allri veiði fyrir Vestmanneyíngum eins og þeim Rángæíngum, er þar róa frá eyjunum, þar sem þeir, ekki allsjaldan liggja milli lands og eyja, innan um fiskiskip eyjamanna; verð eg því einnig að álíta málið mjög áríðanda og mæla fram með, að nefnd sè kosin í það.

A. Ólafsson: Eg vil einnig mæla fram með nefnd í málinu, því þó eg ekki hafi neina bænarskrá um þetta efni úr Borgarfjarðarsýslu, hafa kjósendur mínir samt beðið mig að mæla fram með þessu máli, ef það kæmi til umræðu á þínginu. Sýnist mèr og, að þíngið eigi því heldur að gefa því gaum, sem stjórnin hefir áður tekið vel í það, með því að senda híngað herskip til þess að hafa gát á fiskiskipum útlendra manna. Borgfirðíngar hafa einnig sagt mèr, að þegar herskipið kom, hafi brugðið svo við, að öll fiskiskipin fóru út úr firðinum, og ef herskip kæmi, snemma á hverju vori, þá mundi mikið batna, og þar eð stjórnin tók vel undir tillögur alþíngis 1857, þá er full ástæða til að halda, að hún muni gjöra það enn

M. Andrèsson: Eg vil geta þess, að þessar umkvartanir ekki eru nýjar; þær eru gamlar, og er það ósk mín, að menn með öllu móti reyni að bjarga þessum helzta og bezta atvinnuvegi landsmanna, og vil eg því mæla fram með nefnd í málinu.

Forseti: Þar eð einginn hefir mælt á móti nefnd, sè eg eigi þörf að leita atkvæða um það, hvort nefnd skuli kjósa eður eigi, en þar eð bæði hefir verið stúngið upp á 7 manna nefnd og 5 manna nefnd, skal eg biðja, að þíngmenn greiði atkvæði um þetta.

Var þá 5 manna nefnd samþykkt með 23 atkv., og í nefndina kosnir þessir:

P. Melsteð með 17 atkv.

J. Hjaltalín með 16 atkv.

Stefán Eiríksson með 14 atkv.

G. Brynjólfsson með 13 atkv.

P. Þórsson: með 10 atkv.

Var málið síðan afhent þingmanni Snæfellínga.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá næst til inngángsumræðu bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu um *fjárforráð kirkna og umsjón með því.* Eg skal biðja skrifarana að afhenda hinum háttvirta þingmanni Ísfirðínga bænarskrána til flutnings.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Innihald bænarskrár þessarar er það, að hún biður um, að 3 manna nefnd sé sett í hverri sókn til að sjá um fjárforráð kirkna og hafa umsjón með því. Málið er ekki nýtt, heldur hefir það áður komið fyrir; það er einnig mjög áríðanda, því þó það sé að eins eitt atriði úr kirkjustjórninni, og mörg fleiri atriði hennar kunni að þurfa umbóta við, þá getur þetta mál orðið til þess að koma rekspöl á slíkar endurbætur, og vil eg því stínga upp á því, að nefnd sé kosin í málið.

B. Þórðarson: Víst ætla eg kirkjumálum, stjórn og meðferð þeirra, vera í mörgu ábótavant í landi hèr bæði á andlegan og líkamlegan hátt, og alla þörf að ráða því til lagfæringar; bænarskráin, sem hèr ræðir um, snertir að sönnu eina grein slíkra mála, en sú grein er ekki samt, þá að er gætt, svo lítil, þar sem um er að gjöra fjárhald kirknanna; eg hefi reynt það sjálfur, að kirkjur eru prestum í þeirri grein þúng, og sumum of þúng byrði, og met málið þess vert, að því sé nú gaumur gefandi og nefnd í það kosin.

P. Þórsson: Eg ætla að leyfa mèr að leiða athygli þingmanna að því, hvort það muni leiða til nokkurs verulegs gagns, að setja nefnd í þetta mál. Bænarskráin hljóðar einúngis um einstakt atriði í kirkjustjórninni. Málið hefir einnig fyr komið fyrir, eins og þingmaður Ísfirðínga gat um, en hefir eigi enn þá orðið haganlega ráðið til lykta, og verður ei á þann hátt, sem bænarskráin fer fram á, af ýmsum orsökum, sem þingmenn sjálfir fá séð, en sèr í lagi af því, að þessir þrír umsjónarmenn, sem bænarskráin stíngur upp á, yrði að hafa umboðslaun; því einginn getur tekizt slíkan starfa á hendur fyrir ekki neitt. Það er öðru máli að gegna, þó prestar hafi þenna starfa kauplaust á hendi, því þeir njóta ágóðans. Það er sjálfsagt, að það er mikill annmarki á þeirri tilhögun, sem nú er, að þegar prestar flytja frá einu brauði, missa þeir venjulega það, sem þeir eiga til góða hjá kirkjunni. Stjórnin hefir stúngið upp á, að hið opinbera skyldi lána kirkjum fè til byggínga þeirra, svo prestar

eigi þyrfti þannig að sitja í skaðanum, og sendi þessa uppástúngu fyrir fám árum stiptsyfirvöldunum, en þau báru hana undir synodus og rèði hann frá að gjöra það að almennri reglu, að lána skyldi fè úr opinberum sjóði til kirknabyggínga, en til þess, að einstöku menn einúngis gæti átt kost á því í einstöku tilfellum, þegar stiptsyfirvöldin mælti fram með því. Þess bæri líka að gæta, að kirkjur eru ýmsum skaða undirorpnar og geta opt fallið eptir fáein ár. Málinu hefir þannig verið hreift, en á annan hátt. Ef málefnið feingi framgáng eptir uppástúngum synodusar og brauðamatsnefndarinnar, þá yrði því betur ráðið til lykta, en þó það feingi framgáng, sem bænarskráin fer fram á; því eins og eg hefi sagt, er það, sem í henni er hreift, einúngis eitt einstakt atriði kirkjustjórnarinnar, og yrði eptir uppástúngu bænarskráarinnar eitt einstakt atriði sveitastjórnarinnar, og þannig tekið fyrir sig fram; því meðan sveitastjórnarmálinu eigi er ráðið til lykta, geta menn eigi sèð, hvort það á við eða getur farið vel á því, að fela 3 mönnum fjárforráð kirkna á hendur. Eg er einnig hræddur um, eins og eg áðan sagði, að einginn mundi vilja takast það á hendur launalaust; því það er auðvitað, að líka þyrfti að setja við fyrir eignum kirkjunnar. Uppástúngan er því laus, þar hún virðist ekki að standa í rèttu sambandi við ásigkomulag málsins. Og þó eg sè því samdóma, að annmarkar sè nú á fjárforráðum kirkna, verð eg samt að mæla á móti því, að nefnd sè kosin í þessu sèrstaklega atriði, þar sem mörgum öðrum atriðum málsins, sem eru enn þá meira áríðandi, ekki er hreift, t. a. m. setníng staða, o. s. frv., en til þess að ráða öllum þeim málefnum til lykta þarf leingri tíma, en þíngið hefir ráð á að missa.

G. Brandsson: Eg ætla máli þessu væri fyrst hreift 1847 og síðan 1849, og þar það nú enn þá kemur fyrir, sýnir það áhuga þjóðarinnar á málinu og virðist því alþíngi ætti að gefa gaum þessari ítrekuðu ósk landsmanna. En þar sem því sè barið við, að launa þyrfti þessari 3 manna nefnd starfa sinn, þá get eg eigi sèð, hvers vegna fremur þyrfti að launa þeim en hreppstjórum, sem eingin laun hafa, eins og heldur ekki var gjört ráð fyrir launum í uppástúngunum um sveitarstjórn. Annað mál er það, að málið kann að vera of snemma upp borið, meðan sveitarstjórnarmálið ekki er komið í kríng. En hvað veðsetníngu fyrir kirkjueignunum snertir, þá vil eg spyrja: hver setur nú veð fyrir þeim? Gjörir prestur, prófastur eða biskup það? Þó málinu yrði hreift nú, spillist það ekki, úr því

sem það er; því verður má ske vísað frá, en að mínu leyti vil eg nefnd í málið.

J. Pètursson: Þetta mál er einúngis lítill partur hinnar almennu kirkjustjórnar, og ef því væri nú ráðið til lykta, gæti það síðan vel komið í bága við hið almenna fyrirkomulag kirkjustjórnarinnar, og vil eg því mæla móti nefnd. Hèr við bætist, að bænarskráin fer fram á, að setja 3 manna nefnd til fjárforráða öllum kirkjum, ekki að eins lènskirkjum presta, heldur líka bændakirkjum, og fer þannig fram á, að svipta einstaka menn eignarrètti þeirra, en það er óverðugt þínginu, að setja niður nefnd til að íhuga, hvort það ekki eigi að beiðast þess, að lagabrot sè gjört á einstöku mönnum.

P. Sigurðsson: Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sagði margt af því, er eg vildi hafa sagt, því eg óttast fyrir, að þetta komi í bága, einkum hvað *privat*-kirkjur snertir. Kirkjueigendurnir hafa nú sjálfir umsjón eigna sinna launalaust, og væri hart fyrir þá, að launa öðrum mönnum fyrir fjárforráð síns eigin fjár. Kirkjueignarbændum er nú og lagt á herðar óþarflegt útsvar af kirkjufè sínu, með að þurfa að borga próföstum árlega skoðunargjörð af kirkjufè sínu, eða eigin vasa, sè kirkjan í skuld, jafnvel þó þessar árlegu skoðanir sè þýðíngarlausar og gagnslausar, eins og sýnir sig af því, að prestar þeir, er byggja verða kirkjurnar, verða optast að lána kirkjunni sína eigin fjármuni, og deyi hann svo eður burt flytji, þá missa erfíngjar hans og hann sjálfur fè þetta; en er þetta ekki að kenna slakri umsjón prófasta, sem einkum við hver prestaskipti ætti nákvæmlega að gæta þess, að jafnmikið álag væri gjört á kirkjuna, og hrörnun hennar sambýður; en þegar sami prestur er leingi í brauðinu, ætti prófastur að hafa nákvæma aðgæzlu á, fyrst, að sjóður kirkjunnar sè sem sparsamlegast meðhöndlaður, og sýnist hann ekki nægja til byggíngar kirkjunni, þá að prestur setji veð í viðbót, sem saman lagt við sjóð hennar nægi til byggíngarinnar. Það er því einasta af slöku eptirliti prófasts, að sá prestur, sem kemur að brauði því, hvar gömul kirkja er, sem hann bráðum þarf að byggja, verður fyrir öllum hallanum, og til hvers eru þá þessar árlegu skoðunargjörðir, ef þær reynast ekki einasta ónýtar, heldur skaðlegar, að því leyti að einstakir prestar verða fyrir halla, og kirkjurnar allar, með að rýra sjóði sína til árlegra launa fyrir þessi prófastsstörf? Eg mæli því móti nefnd í þessu máli.

H. G. Thordersen: Það sýndist má ske ekki ólíklegt, að eg

talaði í þessu máli, þar sem um kirkjur er að ræða, en eg ætla að gjöra það strax uppskátt, að eg er samdóma hinum heiðraða 5. konúngkjörna þíngmanni og þíngmanni Rángvellínga, og mæli fastlega móti nefnd, því það liggur í augum uppi, að prívateigendur geta menn þó ekki svipt fjárforráðum eigna sinna, en nú hafa *beneficiarii* að nokkru leyti sama rètt, og er því eingin ástæða að setja þá undir formyndara. Sú umsjón, sem hingað til hefir verið, er nægileg, þar sem reikníngar kirkjufjárins eru gegnumgeingnir árlega af próföstum og biskupi. Auk þessa standa staðarhaldararnir í ábyrgð, ef kirkjuna brestur eitthvað. Annað mál er það, að gjöra kirkjurnar að safnaðarkirkjum, sem að öllu leyti sè í ábyrgð og undir umsjón safnaðanna; fallist menn á það, þá er öðru máli að gegna, því þá hefði söfnuðurinn sjálfur rètt til að setja nefnd, en þángað til verð eg að vera mótfallinn nefnd í þessu máli.

G. Brandsson: Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður talaði um, að bænarskráin lyti að því, að fá lagaboð, sem svipti kirkjueigendur rètti sínum, og skal eg þá geta þess, að prívatkirkjueigendur ekki einúngis hafa rètt, heldur einnig skyldur, þar sem þeir ekki geta losast við fjárforráð kirknanna og kostnað til þeirra, þó þeir fegnir vildi.

J. Pètursson: Það er eðlileg skylda þeirra sem kirkjueiganda, að viðhalda kirkjunum í sómasamlegu standi, en bænarskráin fer fram á, eins og eg hefi sagt, að svipta menn eignarrètti sínum.

J. Sigurðson frá Tandraseli: Mèr virðist þíngræðurnar orðnar of lángar. Hèr hafa lýst sèr tvær meiníngar, sú önnur, að allt sè gott, eins og það er, en hin, að margt þurfi að laga í kirkjustjórninni, og er eg á því máli og að málið sè svo áríðanda, að vert sè að kjósa nefnd í það, en þíngið getur gjört svo mikið, sem það vill, úr eignarrètti manna, og á víst fullan rètt til að segja meiníngu sína um þetta mál.

H. Jónsson: Mèr er það mikið kært, að þurfa ekki að taka þátt í umræðum þessa máls, sem snertir mig og meðbræður mína og yfirmenn; eg er samþykkur því, sem 3 hinir konúngkjörnu þíngmenn og þíngmaður Rángvellínga hafa nú sagt, og eg vona, að þíngmenn hafi af ræðum þeirra sannfærzt um, að ekki sè tilefni til að kjósa nefnd í málið.

H. K. Friðriksson: Mèr finnst ræðurnar um þetta mál orðnar of lángar, og rètt eins og nefndarálit lægi fyrir þíngmönnum, er þeir ætti að ræða. Eg verð reyndar að mæla fram með því, að nefnd

verði sett í málið, enda þótt bænarskráin fari fram á einstaklegt atriði kirkjustjórnarinnar; en það liggur í augum uppi, að ef þingið tæki málið til meðferðar, gæti nefndin, og þingið á eptir, farið í málið eptir sinni vild, og það gæti orðið tilefni þess, að kirkjustjórnarmálið allt þokaðist eitt fet áfram, með því öllum ber saman um, að kirkjustjórninni hèr á landi sè mjög ábótavant, og þurfi lagfæringar við. Eg er þess vegna á því, að nefnd sè kosin í málinu.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það eru að sönnu 12 ár, síðan að málinu var fyrst hreift, en því hefir lítið miðað áfram síðan. Alþingi á að örfa hreifingu þess eða ýta því áfram, og þetta er tilgángur bænarskráarinnar; hún fer raunar fram á eitt sèrstakt atriði, en það getur gefið tilefni til þess að hreifa við fleirum atriðum. En þar sem sumir hafa viljað skilja bænarskrána þannig, að hún vilji svipta einstaka menn eignarrètti þeirra, þá geta menn einúngis feingið það út með því, að hánga í orðunum; og þar sem sumir hafa talað um, að veð þyrfti að setja fyrir eignum kirkna og að borga þyrfti fyrir fjárforráðin, þá má taka slíkt til greina, þegar málið kæmi til meðferðar á þínginu, en aðalatriðið er þetta, að kirkjur fái betri fjárforráð og að betur verði um þær sèð og hirt en áður.

Ó. Jónsson: Þó nefnd yrði kosin í málinu, þyrfti hún ekki að rígbinda sig við bænarskrána, eins og hún er nú löguð. Eg játa fyrir mig, að mèr geðjast hún ekki sem bezt. Á hina síðuna held eg einginn geti neitað því, að stjórn kirknanna í fjárhaldslegu tilliti hafi að undanförnu í mörgu verið ábótavant, og því verð eg að mæla fram með því, að nefnd verði kosin í málinu.

P. Pètursson: Eg vil að eins gjöra grein fyrir atkvæði mínu og mótmæla fastlega því, sem þingmaður Mýramanna hermdi ránglega eptir mèr, að ekki væri ábótavant í kirkjustjórninni, því allir játa, að henni sè ábótavant, en í bænarskrána vantar allan grundvöll til þess að byggja kirkjubót ofan á, og getur það ekki orðið annað en hálfverk að taka þannig einstök mál út úr heildinni. Ef þingið tæki þessa bænarskrá til meðferðar, gæti að vísu hreifíng komið á málið, en eg treysti mèr ekki til að segja, hvort sú hreifíng yrði áfram eða aptur á bak.

I. Gíslason: Það eru nokkur ár, síðan eg fèkk eignarumráð kirkju, og lít eg svo á málið, að mèr þykja tillögur hins 5. konúngkjörna þingmanns beztar, þar sem mèr sýnist, að eingum komi við reikníngar kirknanna, nema eigendunum sjálfum, ef að kirkjurn-

ar einúngis eru í forsvaranlegu standi, og mæli eg því á móti nefnd hvað bændakirkjurnar áhrærir.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vildi leyfa mèr að vekja athygli hinna heiðruðu þingmanna, sem mælt hafa með nefnd í þessu máli, að því, hvort tíminn til að bera það upp núna væri sem hentugastur; þingið er þegar búið að fá allmikið að starfa, og ekki ólíklegt, að nokkur merkileg mál komi fyrir enn þá. Nú er, eins og allir vita, sveitastjórnarmálið í undirbúningi hjá stjórninni, og menn vona, eða að minnsta kosti eg vona, að þingið herði á henni með að flýta því sem mest. Mèr hefir því dottið í hug, hvort ekki mundi tiltækilegt, þegar búið er að hrinda sveitastjórn vorri í lag, að fela hreppanefndunum tilsjón með meðferð á eignum kirknanna og viðhaldi þeirra. Bænarskráin, sem upp var lesin fyrir skemmstu um þetta mál, fer hvort sem er fram á það, að nefndir verði kosnar til þessa, en mèr finnst slíkt með öllu ótiltækilegt, meðan sveitastjórnarmálið ekki er komið í kríng. Af þessum ástæðum verð eg á móti nefnd í málinu.

Forseti: Eg verð nú að álíta mál þetta nægilega rætt til inngángs, og vil því biðja þingmenn að gánga til atkvæða um það, hvort kjósa skuli nefnd.

Var síðan geingið til atkvæða, en af því atkvæði urðu óljós, lèt *forseti* gánga til atkvæða á ný með nafnakalli; bað *forseti* þá að segja já, sem nefnd vildu, en hina nei.

já (sögðu):	nei (sögðu):
Arnljótur Ólafsson.	P. Melsteð.
B. Þórðarson.	Br. Jónsson.
G. Brynjúlfsson.	Á. Einarsson.
G. Brandsson.	H. Jónsson.
H. Kr. Friðriksson.	H. G. Thordersen.
J. Hjaltalín.	I. Gíslason.
Jón Sigurðsson frá Kaupmh.	J. Pètursson.
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	J. Sigurðsson frá Gautlöndum.
M. Andrèsson.	P. Sigurðsson.
Ó. Jónsson.	P. Pètursson.
St. Eiríksson.	St. Jónsson.
S. Skúlason.	V. Finsen.
	Þ. Jónassen.

Var þannig málið fellt með 13 atkv. gegn 12.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur því næst til inngángs-

umræðu bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu um auknar *póstgaungur í Vesturamtinu*. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir nú skýrt þinginu frá, að setja skuli nefnd hèr í Reykjavík, að afloknu þingi, til þess að semja ný póstgaungulög á Íslandi, og vil eg því leyfa mèr að stínga upp á, hvort ekki muni rèttast, að senda bænarskrá þessa til tèðrar nefndar.

Jón Sigurðson frá Kaupmannahöfn: Eg er ánægður með, að bænarskráin verði afhent nefndinni í póstgaungumálinu.

Konúngsfulltrúi: Eg vil stínga upp á, að hinn háttvirti *forseti* afhendi bænarskrá þá, sem hèr ræðir um, þeim manni, er á sínum tíma verður kosinn af þinginu í nefnd þá, sem ræða á póstgaungumálið.

Forseti: Þessa, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* nú hreifði, skal eg gæta. — Þá koma eptir dagskránni 4 bænarskrár, úr Eyjafjarðar-, Suður-Þíngeyjar-, Húnavatns- og Snæfellsnes-sýslum um *fjárkláðann, niðurskurð, varnir* og *verði* og fleira. En þar eð bænarskráin úr Eyjafjarðarsýslu virðist að vera yfirgripsmest, en sú úr Húnavatnssýslu yfirgripsminnst, því hún fer einúngis fram á niðurskurð í Borgarfjarðarsýslu, þá vil eg fela hinum heiðraða þíngmanni Eyfirðínga að flytja málið.

St. Jónsson: Eg þarf ekki að geta þess, að málið er mjög áríðanda, þar sem það varðar líf og tímanlega velferð manna, og álít eg, að bezt sè, að bænarskráin sè lesin upp. Eg skal einúngis geta þess, að bænarskráin er samin, áður en mönnum var kunnugt það fyrirkomulag á þessu máli, sem nú er á orðið, en samt þykir mèr líklegt, þegar á allt er litið, að þínginu þyki málið svo mikilsvert, að vert sè að kjósa nefnd í það, og eg vona einginn mótmæli því. Eg ætla þá að leyfa mèr að lesa bænarskrána upp fyrir hinu heiðraða þíngi.

Var þá bænarskráin upp lesin svo látandi:

„Því mun einginn neita, að nú sè orðin full reynd á því, að niðurskurður og fyrirskurður sè hið eina ráð, sem dugir til hlítar til að útrýma og uppræta hinn útlenda fjárkláða, sem geisað hefir í nokkrum sýslum hèr á landi um undanfarin ár, því þó lækíngar á stöku stöðum á fáeinum sauðkindum, þar sem bezt hefir heppnazt og mest alúð og árvekni hefir verið við höfð, og þegar yfirgnæfandi fóður hefir verið fyrir hendi, hafi tekizt svo vel, að kláðinn hafi sigrazt um stundarsakir, þá samt hefir hvergi, þar sem við til vitum,

orðið tryggt til leingdar með heilbrigðisástand fjárins, heldur hefir fjársýkin út breiðst sveit úr sveit þrátt fyrir allar lækníngatilraunir, og enda þó ær hafi verið álitnar allæknaðar, þá hefir sýkin komið fram á lömbunum á fyrsta vetri, sem sýnir fullkomlega, að það er ómögulegt að fá heilbrigðan fjárstofn út af læknuðu fè, svo þessi fjársýki hlýtur — ef fjárlækníngum er fram haldið — að liggja í fènaðinum ár eptir ár, og þannig verða að innlendum fjársjúkdómi, sem yrði landi og lýð til ómetanlegs tjóns og eyðileggíngar. Þar á móti er nú með niðurskurði hins sýkta og grunaða fjár í Húnavatnssýslu, hvar hin sama útlenda fjárkláðasýki hafði náð að útbreiðast í marga hreppa, búið algjörlega að útrýma henni — að menn ekki betur vita —, og sannar það að fullu og öllu, að sýki þessi er útlend, en ekki, eins og nokkrir hafa meint, innlend, sem brytist út hèr og hvar á einum stað eptir annan af almennum orsökum.

En þó nú með afar-tilkostnaði og mikilli fyrirhöfn sè búið að útrýma fjársýkinni úr Húnavatnssýslu, þá vofir hin sama hætta allt af yfir, meðan fjársýkin er ekki að fullu upp rætt í Suðuramtinu, en það væri hin mestu og hryggilegustu bágindi fyrir Norðurland, ef fjársýkin flyttist þangað á ný, því það mundi, eptir því sem nú á stendur, brátt leiða af sèr húngursneyð og mannfelli.

Oss virðist þess vegna öldúngis nauðsynlegt, að öllu fè í þeim byggðarlögum, hvar fjárkláðinn hefir gjört vart við sig sunnanlands og honum hefir ekki verið út rýmt með lógun fjárins, verði gjörsamlega eytt með niðurskurði á næstkomanda hausti, því vèr þykjumst eiga fulla heimtíngu á, að vèr sèum frírir fyrir árásum hinnar útlendu fjársýki frá Suðuramtinu, hvar hún að sögn er í talsverðri hreifíngu, en hvergi annarstaðar hèr á landi, það vèr til vitum.

Skaðabætur fyrir haustskorið fè virðast ekki geta orðið miklar, en ef þær nokkrar yrði, mundi þær rèttast teknar af þeim 30,000 rd., sem stjórnin kvað hafa útvegað til fjárkláðalækníngа.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfum vèr oss að biðja hið heiðraða alþíngi vort, að taka þetta mál til ítarlegrar yfirvegunar og koma því til leiðar við hans hátign konúnginn, að hann fyrirskipi niðurskurð næstkomanda haust á öllu sýktu og grunuðu sauðfè í Suðuramtinu, enda þótt læknað virðist, móti sanngjörnu endurgjaldi af þeim 30,000 rd., sem útvegaðir eru til fjárkláðalækníngа.

Eyjafjarðarsýslu, í maímánuði 1859“.

(241 nafn).

St. Jónsson: Mönnum kann má ske að þykja sumstaðar nokk-

uð freklega til orða tekið. Menn vita það, að opt hefir verið sagt, að kláðinn sè læknaður, en hann hefir komið upp aptur og aptur, og er því hætt við, þó nú sè verið að lækna, að ekki verði tryggt, heldur beri að sama brunni, og þar nú fleiri bænarskrár eru komnar fram, sem bæði tala um varnir og fleira þar að lútanda, vona eg, að þingmenn setji nefnd í málið, sem segði álit sitt um, hvað tiltækilegast væri og hættuminnst fyrir Norður- og Vesturland, ef það fyrirkomulag, sem nú er gjört, ei hjálpar.

H. Kr. Friðriksson: Eg verð að mótmæla með öllu nefnd í þessu máli, því að, eins og þingmenn vita, hefir konúngur sjálfur í auglýsíngunni til alþíngis núna, bls. 10, sagt, að stjórnin hafi ei getað fallizt á uppástúngur alþíngis 1857, en hafi, með því að neyta framkvæmdarvaldsins, leitazt við að gjöra hinar haganlegustu ráðstafanir til að útrýma fjárkláðasýkinni. Hann hefir og þegar sent híngað 2 menn með umboði sínu, til þess að gjöra allar þær ráðstafanir, sem hentugar kynni að vera, til þessa. Ef alþíngi því færi nú að fjatla um málið, og kjósa nefnd í því, þá get eg eigi betur sèð, en að það væri bein mótspyrna á móti skýrum og ljósum orðum og boðum konúngs vors, og eigi til annars, en að gjöra erindsrekum þessum sem örðugast fyrir með framkvæmdina (heyr, heyr). Ef nefnd væri kosin í málið, þá er eitt af tvennu, að annaðhvort yrði erindsrekar þessir að bíða eptir tillögum þíngsins, og á meðan gæti þeir eingar ráðstafanir gjört, því að þeir gæti eigi vitað, hverjar þessar tillögur yrði, og með því væri þá frestað framkvæmdinni, og spillt fyrir þeim tímanum til einkis, og mjög svo óvíst, að þeir á eptir gæti fallizt á tillögur þíngsins, eða þá á hinn bóginn, að þeir eigi biði eptir tillögum þíngsins, og færi fram sinni stefnu, sem þeir þegar hafa sett, og þá yrði það til þess, eins og eg sagði áðan, að gjöra þeim örðugra fyrir með framkvæmdina; því að þegar sveitamenn frètta það, að málið væri til meðferðar hèr á þínginu, og það sökum þeirra bænarskráa, er allar fara meir eða minna fram á niðurskurð, þá verða þeir einmitt tregari til þess, að gjöra það með alúð, sem þeir eiga að gjöra, og þeim er boðið. En á hinn bóginn tel eg það öldúngis víst, og er sannfærður um, að þessir erindsrekar gjöra allt, sem þeim er auðið, til þess að þetta mál fái sem bezt afdrif. Eg ætla mèr eigi í þetta skipti að ræða neitt um hin einstöku atriði í bænarskránum, hvort þau sè rètt eða ekki, því það þykir mèr eigi eiga við í þetta sinn. Eg verð að vera fastur

á því, að þessum bænarskrám sè vísað til erindsreka konúngs í fjárkláðamálinu.

P. Jónassen: Eg verð að vera á hinu sama máli og hinn heiðraði alþíngismaður Reykjavíkur, sem nú mælti, að þetta mál eigi ekki að taka í nefnd, en að sú meðferð sè rèttust, eptir því sem nú er komið, að hinn heiðraði *forseti* afhendi bænarskrárnar þeim mönnum, sem stjórnin hefir falið meðferð þessa máls, og hèr eru staddir.

Eg verð því fremur að mæla fram með þessari meðferð á bænarskránum, sem þær ganga beinlínis í berhögg við það, sem stjórnin vill vera láta, þar sem þær halda fram niðurskurði, en hafna öllum lækníngum, og þar sem eg enn fremur, eptir því sem eg gjöri mèr í hugarlund um skoðun manna hèr á málinu, álít það nokkurn veginn víst, að ef farið yrði að setja nefnd í málinu og ræða það hèr á þínginu, mundi úrslit þess fara í sömu stefnu og bænarskrárnar, og þar af leiddi aptur, að stjórnin ekki gæti gefið tillögum þíngsins nokkurn gaum, og kalla eg það þá mikinn ábyrgðarhluta fyrir þíngið, að hafa varið svo miklum tíma, og svo laungum umræðum, sem vissulega hèr mundu eiga sèr stað, til einkis gagns, og, ef til vill, gjört þeim konúnglegu nefndarmönnum örðugra fyrir að gegna köllun sinni.

Sv. Skúlason: Eg hefi að vísu einga bænarskrá meðferðis um þetta mál, því eg gat ekki sökum vegaleysis og ófærða borið mig saman við kjósendur mína; en eg er samt beðinn af kjósendum mínum að mæla fram með því, og eg hefi sjálfur, og veit, að Norður- og Austuramtsbúar hafa þann áhuga á þessu máli, að eg verð að álíta nefnd ómissandi; og það jafnvel þó málið nú sè komið í annað horf, en þegar bænarskrárnar voru samdar, því þó málið sè tekið til meðferðar á þínginu, get eg eigi sèð, að það geti tafið eða spillt fyrir erindsrekum konúngs, því það er ekki víst, að nefndin komi í nokkurn bága við ráðstafanir erindsrekanna. Eg vil ekki heldur en þíngmaður Reykvíkínga fara að tala um stefnu málsins, en vil að eins mæla fastlega fram með nefnd í því.

Ó. Jónsson: Það var einúngis eitt í ræðu þíngmannsins fyrir Reykjavík, sem eg felli mig vel við, það nl., að menn eigi ekki nú að fara að tala um, hvort lækníngar eru mögulegar eður ekki. Það hefir verið sagt, að ef þíngið tæki málið til meðferðar, þá mundi erindsrekum konúngs verða gjört erfiðara fyrir að ná því eptiræskta augnamiði, nl. að útrýma kláðanum. Þetta get eg nú ekki skilið;

þvert á móti hygg eg það hlyti að vera þeim mjög kært að heyra tillögur þingsins. Bænarskráin frá Húnavatnssýslu fer ekki fram á algjörðan niðurskurð, heldur einúngis, að allt sýkt og grunað fè í Borgarfjarðarsýslu verði skorið, ellegar, fáist það ekki, þá að þingið útvegi nægilega vörn móti því, að kláðinn flytjist aptur inn í Húnavatnssýslu frá Suðuramtinu. Það er því aldeilis ekki víst, að nefndin komist til þeirrar niðurstöðu, að biðja um algjörðan niðurskurð.

J. Sigurðsson frá Tandraseli: Það geingur hreint yfir mig, að nokkur raust sú láti til sín heyra hèr í þinginu, er mótmæli því, að þetta mál sè fyrirstöðulaust tekið til nefndar og meðferðar. Það mun þó öllum þingheimi vera kunnugt, að kláðamálið er það mál, sem líklegt er að öllum liggi ríkt í brjósti að vandlega sè rætt og meðhöndlað, og líklegt er, að bæði þinginu, nefnd þeirri, sem sett yrði, og erindsrekum stjórnarinnar mætti vera umhugað, að styðja hver annan með að koma sèr saman á eitt ráð að útrýma úr landinu þessum háska, sem í því er upp sprottinn; það hafa verið svo tvískiptar meiníngar um þetta mál, að varla mun af veita, þó það sè nú tekið til ítarlegrar umræðu, og þykir mèr því sjálfsagt, að setja umtalslaust nefnd í því.

J. Hjaltalín: Það er eðlilegt, þó þeir, sem hafa bænarskrár að flytja, óski þess, að þær fái sem fljótastan og beztan framgáng, en til þess er ekki í þessu máli hinn bezti vegur að taka þær til umræðu á þinginu, en þar á móti mikið fljótara og betra að vísa þeim til erindsreka konúngs, því þíngræðurnar mundu verða lángar um þetta mál; eg segi fyrir mitt leyti, að mèr mundi ei ætíð hægt að verða stuttorður, en eg skyldi gjöra mèr far um að tala eptir minni innilegri sannfæríngu og með þeirri stillíngu og hóglyndi, sem mèr frekast væri unnt; en það er sannfæríng mín, að vansèð sè um, að ræðurnar hèr um geti haft góðar afleiðíngar, en á hinn bóginn ber eg hið bezta traust til erindsreka konúngsins, því eg, eins og aðrir, treysti þíngmanni Ísfirðínga til alls hins bezta, og tel því víst, að hann muni velja hin beztu úrræði, og því álít eg rèttast að fá erindsrekum konúngsins bænarskrárnar, sem þá munu hafa tillit til þeirra, en nefnd álít eg ekki ráðlega.

B. Þórðarsson: Eg ætla mál þetta, sem varðar líf landsmanna, mega nú hvorki verja nè sækja með ofurkappi, heldur eigi menn í bróðerni að semja um það. Nauðsynin í málinu er að uppræta úr landinu, sem fyrst og bezt verður, fjárkláðann. Vilji stjórnarinnar er í þessari grein samkvæmur vilja þjóðarinnar; þenna vilja verður að sameina, svo báðir verði á eitt sáttir um meðulin til framkvæmd-

anna. Til þessa verks ætla eg nefnd þurfa, og mæli eg því fyrir, að nefnd verði sett.

Arnljótur Ólafsson: Ræður þingmanna hafa sumar verið með, sumar móti því, að kosin sè nefnd í þessu máli; sumir álíta, að málið fái fljótastan framgáng, ef því sè skotið til erindsreka konúngs í kláðamálinu; en aðrir, ef það verður tekið til löglegrar meðferðar hèr á þíngi. Eg verð nú að álíta, að það sè beint á móti 77. gr. í alþíngistilskipuninni, að skjóta þessu máli til yfirvalds, því þessi grein segir, að einúngis megi vísa einstakra manna bænarskrám eða umkvörtunum til stjórnarinnar eða yfirvaldanna, og eg verð að skoða erindsreka konúngs í þessu máli sem yfirvöld. En málefni þetta er almennt, en ekki komið fram frá einum einstökum manni, og verður því ei vísað til yfirvalds, heldur hlýtur að takast til löglegrar meðferðar á þínginu; og virðist mèr það einnig styðjast við 49. gr. í alþíngistilsk., sem einmitt skírskotar til 77. gr. tilskipunarinnar, og því óbeinlínis sýnir, að það einúngis sè einstakra manna bónarbrèf, sem þíngið eigi að vísa til stjórnar og yfirvalds. En eg finn þörf á að snúa mèr til kláðamannanna, og skora eg því á þíngmann Ísfirðínga, að hann skýri þínginu frá áformi sínu og fyrirætlunum í þessu máli, og vil eg einnig leyfa mèr að skora á hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að skýra þínginu frá því, ef hann hefir nokkuð frá stjórninni um úrslit þessa máls á síðasta þíngi.

P. Sigurðsson: Mig furðar á því, að mótmæli skuli koma fram gegn þessu máli frá þíngmanna hálfu, því mál þetta liggur öllum Íslendíngum mjög á hjarta; mèr virðist því, að þíngið ætti að athuga, hvort það ekki mundi verða óvinsælt, að bægja málinu frá umræðu, og hvort það ekki mundi verða til þess að rýra álit alþíngis, því eg er hræddur um, að margur yrði þá til að segja, að þíngið væri óþarft, þegar það ekki vill skerast í slík mál; eg verð að biðja þíngmenn að athuga þetta, og leggjast allir á eitt með það, að sem bezt samstemma komi á í gegnum þíngið, og vona eg þá, að erindsrekar konúngs og einkum sá maður, sem svo opt að undanförnu hefir virt svo mikils eindreginn þjóðvilja, reyni til að sínu leyti, og svo þíngið hins vegar, að fá þá einíng í mál þetta, sem allir álitu happasælasta í úrsliti þessa mikla vandræðamáls í tilliti til velferðar þeirrar íslenzku þjóðar.

G. Brynjúlfsson: Mèr finnst full ástæða til að ræða þetta mikilvæga mál á þíngi hèr og nauðsyn að sleppa því eigi heldur nú í þetta skipti, fyrst því einu sinni hefir verið hreift í dag. En hitt er

annað, hvort menn þurfa að binda sig svo við þær bænarskrar, sem fram eru komnar, að menn ekki geti tekið nokkuð öðruvísi undir málið, en þar er farið fram á; og finnst mèr í því tilliti meira undir því komið, að fyllilega sè tekið tillit til andans í bænarskránni, heldur en hinu, að menn rígbindi sig við orðin ein. Eptir því sem alkunnugt er, er nú ásigkomulagið í landinu svo, að kláðinn að eins lætur til sín taka á Suðurlandinu, en hans gætir hvergi, að heita má, í hinum öðrum fjórðúngum landsins; mèr finnst auðsætt, að það er aðalatriðið í ósk manna, hvað þessu máli viðvíkur, að traustar skorður verði við því reistar, að kláðinn ekki útbreiðist leingra, en óumflýjanlegt er, hversu ósáttir sem menn annars kunna að vera um aðferðina, og get eg ekki neitað því, að mèr finnst almenníngur hafa fullan og gildan rètt til að heimta slíkt. Það er gamalt og gott sannmæli, að þá er þitt í húfi, þegar hús nábúans brennur, og fæ eg því ekki annað sèð, en að menn hafi fulla heimtíngu á því, að vita sig og sitt svo tryggt, sem unnt er; tek eg það því aptur fram, að það finnst mèr aðalatriðið í málinu, og tilgángi bænarskránna þá nægilega fullnægt að sinni, ef þíngið nú að eins sèr um, að málinu verði allur sá gaumur gefinn, sem nauðsynlegt er. Það er óefuð ósk allra vor, að úrslitin á þessu vandamáli verði þó á endanum þau, er hollust mega verða fyrir land og lýð; vèr vitum og, að nú eru af konúngs hendi komnir híngað tveir menn, er tilskipanir eiga að gera um málið, og þá einkum sjálfsagt á Suðurlandi, og efast eg ei um, að þeir og muni finna til þess, hve nauðsynlegt er, að hver og einn geri sitt til, að landsmenn megi verða svo tryggir og óhultir um sinn hlut, sem auðið er. En með því að þeir einir, nú sem stendur, hafa valdið til að skipa fyrir og það er auðsætt, að hið fyrsta til að tryggja menn er þó það, að segja þeim hvað áformað er, þá finnst mèr og í augum uppi, að það nú einnig að miklu leyti hlýtur að vera á þeirra valdi, að umræða þessi fái góð og sanngjörn endalok, ef þeir að eins vilja vera fúsir á að skýra þínginu frá, hvað þeir hafa af ráðið og hvernig þeir ætla að að fara í kláðamálinu. Og af því nú svo vel vill til, að annar hinna konúnglegu erindisreka einmitt líka er hèr viðstaddur á þínginu, sem fulltrúi Ísfirðínga, þá þykir mèr tilhlýðilegast, áður en leingra er farið út í málið, að skora nú á þenna mann, sem öllum Íslendíngum þess utan er kunnur að svo miklu góðu og hinu allrabezta, að skýra nú þínginu fyrst og fremst frá því, sem þeir erindisrekarnir hafa í ráðum að gjöra í málinu. Það, sem mönnum er og verður

að vera umhugað um, er það, að menn viti sig óhulta um, að kláðinn útbreiðist ei meira en óumflýjanlegt er, og fyrir það verður varla girt nema með föstum og vissum vörðum, og aðalatriðið er því, hvort þá skuli halda eður ei; verðirnir eru eins ómissandi, hvort sem lækna skal eða skera niður, og eg er sannfærður um, að það væri mönnum mikil tryggíng, ef þeir að eins vissi, að sú væri einnig skoðun erindisrekanna, og að sú vissa mundi þá einnig verða til að koma þeirri stillíngu og sáttgirni til leiðar, sem er svo nauðsynleg í meðferð þessa máls, og þíngmenn víst ei óska síður að við verði höfð, en hinir konúnglegu erindisrekar. Ítreka eg því enn beiðni mína til hins ágæta þíngmanns Ísfirðínga og er fastur á því, að þíngmenn verði að heyra skýrslur hans, áður en þeir álykta nokkuð um hið mikilvæga mál, er her nú ræðir um í fyrsta sinni á þessu þíngi.

H. Jónsson: Það gleður mig — og, eg vona, alla þíngmenn —, að annar af erindsrekum konúngs í vandamáli þessu er sá maður, sem þjóðin hefir borið, og ber víst enn það mesta traust til. Það er mikils vert, að þíngið, og hver einstakur þíngmaður á kost á að tala við hann um málið og skýra honum frá áliti sínu, óskum og ástæðum. Eg efast ekki um, að hann mundi taka allt þvílíkt til greina, og eg get ímyndað mèr, að þetta gæti borið heillaríka ávexti fyrir afdrif málsins. En með þessu er þó ekki fullnægt sanngjörnum kröfum landsbúa; þeir óska, sem vonlegt er, að vita, hvað fulltrúar þeirra hafa lagt til mála; og það fá þeir því að eins að vita, að málið sè rætt á þíngi. Það er líka óneitanlegt, að í máli þessu standa tveir flokkar hvor á móti öðrum, svo eg er hræddur um, að það yrði ekki rætt og skýrt með eins mikilli rósemi og stillíngu — með eins sannfærandi röksemdum hliðdrægnislaust, þó þíngmenn einstakir eða í flokkum ætti utanþíngs tal um það við erindsreka konúngs, eins og ef nefnd yrði kosin, þar sem að líkindum yrði menn úr báðum flokkum; og því verð eg að mæla með því, að nefnd verði kosin.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannah.: Sökum þess að fleiri hafa skorað á mig, vil eg leyfa mèr að tala fáein orð. Þeir menn, sem konúngur vor hefir kosið til erindsreka sinna í þessu máli, eru fyrst fyrir 3 vikum komnir til landsins, og á svo stuttum tíma er eigi hægt að sjá eða segja fyrir endalok málsins. Ekki er okkur heldur hægt að gefa nein viss og áreiðanleg loforð, og því síður sem tálmanir koma úr ýmsum áttum. Stefna sú, sem við höfum tekið, er bæði

samkvæm hinu konúnglega erindisbrèfi okkar, og vísindalegri skoðun og reynslu annara þjóða. Alstaðar höfum við snúið okkur til yfirvaldanna og beðið um aðstoð þeirra, til þess að böðun fjárins fari fram í vor og verðir verði settir, svo sýkin eigi útbreiðist. Við höfum einkanlega sèrlegar gætur á takmörkunum milli hinna sýktu og ósýktu plássanna og höfum lagt fyrir, að settir verði tryggir verðir hjá hverjum þeim, sem hefir sjúkt fè. Þegar böðin fram fara, viljum við, að aðgreint sè hið sjúka fè frá því heilbrigða, svo því sè eingin hætta búin; til lækninga hins sjúka fjár verða látin af hendi gefins meðul, og til aðstoðar læknunum verða teknir hinir duglegustu menn, og ekkert til sparað til tryggíngar því, að allt fari sem bezt fram. Erindsrekārnir geta eigi sjálfir verið alstaðar, en bændur, sem mest eiga í húfi, verða sjálfir að styrkja að allri tryggíngu sem bezt og sjá um, að hún komi að haldi. Þeir verða sjálfir að styðja að því, því annars verður það að eingum notum. Það er næsta eptirtektavert fyrir þíngið, að bænarskrár þessar eru allar samdar, áður en erindsrekarnir voru útnefndir af konúngi, eða áður en menn þekktu þær ráðstafanir, sem nú eru gjörðar, og er þetta bendíng um, að menn eiga eigi að líta til bænarskránna sjálfra, eða þess, sem þær fara fram á, heldur hafa það eina fyrir mark og mið, að styðja að því á allan veg, að málefnið sjálft fái hin gagnlegustu úrslit. Það er æfinlega bæði ábyrgðarlítið og vandalítið fyrir þíngmenn, að fylgia öllum meiníngum kjósenda sinna, en það er vandameira, að fylgja að eins hinum góðu meiníngum þeirra og tillögum. Vera kann, að þessi ræða mín þyki óþjóðleg, en það verður svo að vera, og þó þíngmenn sè á öðru máli en eg, vil eg ekki tortryggja hinn góða tilgáng þeirra. Hèr má í þessu máli eigi byggja á öðru en reynslunni, og má eigi telja annað sannað, en það, *sem sannað er*. Aðalágreiníngurinn er um það, eins og allir vita, hvort affarabetra verði til að eyða kláðanum, niðurskurður eða lækníngar, en allir verða þó að játa, að með niðurskurðinum *eyða* menn fjárstofninum; hið skorna fè verður eigi aptur lífgað, en sè fèð læknað, þá hefi eg það, sem eg hefi, og get haldið stofninum lifandi. Eg verð að biðja þíngið fyrirgefníngar á því, að eg fer svo lángt út í þetta mál; en ef alþíngi tæki þessar bænarskrár til meðferðar og kysi nefnd í málinu, þá lýsti þíngið þar með yfir, að það hèldi fast við niðurskurðarstefnuna (nei, nei). En með því að taka niðurskurðarstefnuna og halda fast við hana spillir þíngið öllu málinu frá rótum, örvar nýjar sundrúngar og óeirðir, sem á endanum mundi lenda í niðurskurði, en sá niðurskurður yrði miklu hættu-

legri en sá fyrri. Sá tími, sem varið væri til þess að kjósa nefnd í þetta mál og ræða það á þingi, væri brúkaður alveg til ónýtis. Eg verð því að álíta, að réttara hefði verið og betra, að okkur hefði verið feingnar þessar bænarskrár í hendur, og það álít eg réttast enn, ekki af því að mig lángi til að fá þær, heldur af því það sýnist liggja beinast við, og þetta hefði verið álit mitt, þó eg hefði ekki verið öðruvísi við málið riðinn, heldur en hver annar þingmaður. Nú stendur til, að eg ferðist upp til héraða, en bráðum mun eg koma aptur, og get eg þá skýrt þingmönnunum frá, hvað gjörist og hvernig við horfir, og get þá miklu betur átt samtal við þá, og samið við þá annaðhvort á fundi, eða öðruvísi, ef hentugra þætti, heldur en þó nefnd verði kosin. En það er auðráðið, að þeirri stefnu verður haldið, sem þegar er byrjað á. En þó málið verði tekið fyrir á þinginu og rætt þar, geta umræðurnar eigi orðið annað en upptugga af því, sem áður hefir verið sagt í þessu máli. En ef þingið eigi verður á okkar máli, getur það eigi annað en orðið til ills eins og málinu til spillíngar, þar sem hlaupafréttir um það hljóta að vekja nýjan efa út um landið og spilla fyrir okkur, svo landsmenn eigi taki okkur og tillögum okkar og ráðstöfunum með þeim ljúfleika, sem skyldi; þannig hlýtur það að verða happasælum framkvæmdum lækninganna til fyrirstöðu, ef þingið ræður af, að kjósa nefnd í málið.

G. Brandsson: Í tilefni af því, sem þingmaður Ísfirðínga nú sagði, vil eg ráða þinginu til að slá því á frest að kjósa nefnd í málinu að sinni; það má altènd kjósa hana síðar.

I. Gíslason: Það situr ekki á mèr, að vera með lángar tölur, enda er þeirra hèr sízt vant, en eg vildi geta þess, að eg álít vafalausa skyldu þíngsins að kjósa nefnd í málinu, vegna þess að það verður að hafa tillit til vilja héraðsbúa. En ef alþíngi vísar málinu til baka, er hætt við, að það missi það traust landsmanna, sem því miður ekki er mikið.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil að eins svara því úr ræðu þíngmannanna úr Rángárvallasýslu og Mýrasýslu, sem hnè að því, að erindsrekum konúngs mundi vera þægilegt að fá upplýsíngar um ástæðurnar í sveitunum hjá þíngmönnunum. En þessar upplýsíngar fá þeir ekki hèr á þínginu, að minnsta kosti eigi eins góðar, eins og hjá hreppanefndum og sýslumönnum. Þíngmaður Snæfellínga er, að eg held, hinn eini, sem gefið getur nokkrar verulegar skýríngar í þessu máli, með því hann er hinn eini hèr á þíngi, er hefir haft nokkur afskipti af framkvæmdinni á boðum þeim, er miðað hafa að því að

útrýma kláðanum. Eg hefi átt eigi alllítinn þátt í þessu máli, og þó treysti eg mèr eigi að gefa þeim neinar þær upplýsíngar, er þeir eigi geta feingið hjá hreppsnefndunum, og hvað þá heldur þeir, sem eigi hafa svo mikið sem sèð kláðakind, eða neina lækníngaaðferð við hann. Það, sem þíngmaður Borgfirðínga sagði, að alþíngi hefði ekki vald til þess, að vísa máli þessu til erindsreka konúngs, þá er það undarlegt, þar sem hann rètt nýlega hefir gefið atkvæði sitt fyrir því, að vísa bænarskrá, sem snerti eins almennt mál, til þeirra manna, sem skipaðir eru að ræða það.

J. Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg verð að vera því öldúngis mótfallinn, að nefndarkosníng í þessu máli verði frestað, eins og hinn heiðraði fulltrúi Gullbríngusýslu stakk upp á, eg held einmitt nauðsynlegt, að nefndin sè valin sem fyrst, svo hún geti strax tekið til starfa, og farið að safna þeim upplýsíngum, sem nauðsyn krefur í máli þessu, og þó nú hinir konúnglegu erindsrekar fari frá svo sem eina 8 – 10 daga, sýnist mèr ekki gjöri mikið, því nefndin yrði að líkindum ekki komin svo lángt út í málið, þegar þeir koma aptur, að upplýsíngar þær, sem þeir kynni geta gefið, komist ekki að.

Hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga sagði, að bænarskrárnar færi eingaungu fram á niðurskurð, og sèst af því, að hann hefir lesið þær nokkuð lauslega, því fleiri bænarskrárnar fara einnig fram á verði. Þannig er um bænarskrána úr Suður-Þíngeyjarsýslu, að þó aðalatriðið í henni sè niðurskurður, af því biðjendurnir, eins og aðrir Norðlendíngar, álíta hann það eina óbrigðula meðal til að uppræta kláðann, þá er þar til vara beðið um varnir, og er þetta atriði mjög mikilsvert fyrir okkur Þíngeyínga; því, eins og kunnugt er, er enn þá lifandi kláðafè í Rángárvallasýslunni, sem getur verið mjög svo hættulegt fyrir Þíngeyjarsýslu, með því fjársamgaungur hafa svo opt átt sèr stað millum hennar og Rángárvallasýslu. Það er enn fremur til greina takanda, að Rángæíngar hafa farið þess á leit við okkur Norðlendínga, að fá sauðfè keypt í haust, og er það víst, að sýslubúar mínir vildu gjarnan verða við þessum tilmælum þeirra, en með því eina móti, að kláðafènu verði á einhvern hátt útrýmt úr Rángárvallasýslu eða á hinn bóginn fáist áreiðanleg vissa fyrir því, að það ekki nái samgaungum við hið nýkeypta fè; mèr finnst því Rángæíngum sjálfum mest ríðanda, að einhver góð ráð verði tekin í þessu tilliti. Hinn sami heiðraði þíngmaður tók það áðan fram í ræðu sinni, að menn yrði að byggja á reynslunni og eingu öðru í þessu máli; þetta hafa Norðlendíngar gjört og gjöra enn.

Niðurskurðurinn hefir verið reyndur á Norðurlandi, og lækníngarnar hafa verið reyndar og reyndar til hlítar á Suðurlandi, og hver er nú árángurinn? Á Norðurlandi er vonanda að kláðinn sè upprættur; en á Suðurlandi er hann víst enn þá til, og það ekki svo lítill á sumum stöðum; mig minnir þó ekki betur, en einn þíngmanna 1857, og það einmitt hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur, gjörði ráð fyrir því og teldi sem víst, að allt fè yrði allæknað innan næstu veturnótta; en svo hafa liðið einar veturnætur og aðrar til, að kláðinn hefir ekki orðið læknaður, og mèr þykir ekki ólíklegt, að svo komi þriðju veturnæturnar, að menn eigi þenna óvin yfir höfði sèr. Eins og áður er sagt, mæli eg fastlega fram með nefnd í málinu, að hún sè valin strax, og að í hana sè valdir 9 menn.

Ó. Jónsson: Þíngræðurnar um þetta ætla nú fara að gjörast nokkuð lángar. Eg hefi áður getið þess, að bænarskrárnar fara ekki allar fram á algjörðan niðurskurð. Sú bænarskrá, sem eg hafði meðferðis, biður einúngis um niðurskurð á sjúku og grunuðu fè í Borgarfjarðarsýslu. Eg hafði einnig meðferðis tvö brèf, undirskrifuð af mörgum mönnum í vesturhluta sýslunnnar, í hverjum þeir skora á mig að útvega gegnum þíngið örugga vörn móti því, að kláðinn flytjist aptur inn í sýsluna; og getur einginn láð Húnvetníngum, þó þeir vilji vera fríir frá árásum sunnanfjárins, meðan það er ekki heilbrigt. En nú er ekkert gjört, það eg til veit, til tryggíngar fyrir Norðurland í þessu tilliti. Verð eg því fastlega að mæla fram með því, að nefnd verði kosin í málið.

G. Brynjúlfsson: Eptir að eg nú hefi heyrt upplýsíngar þær, sem þíngmaður Ísfirðínga að svo stöddu hefir sèð sèr fært að veita þínginu um aðgjörðir þeirra hinna konúnglegu erindsreka í kláðamálinu, get eg ekki sèð, að það sè til nokkurs að fara leingra út í þetta mál í dag, og eg verð því mikillega að mæla fram með uppástúngu hins heiðraða þíngmanns úr Gullbríngusýslu, af því mèr finnst hún vera beinlínis afleiðíng af því, hvernig málinu nú er komið. Aðalatriðið er, eins og eg í upphafi hefi sagt, að þíngið sleppi ei málinu, en gjöri sitt til að hafa hönd í bagga með öllum úrslitum þess, og fæ eg ekki annað sèð, en að það sè öldúngis eins hægt, þó nefndarkosníngu nú sè frestað um nokkra daga; þíngið hefir ekki látið neitt af rètti sínum fyrir því, en miklu heldur áunnið það, að þíngmönnum sjálfum að öllum líkindum verður hægra að líta rètt á málið, þegar þíngmaður Ísfirðínga kemur aptur úr sinni ferð, og þess utan líka sýnt, að það eingan veginn vill gera erindsrekum konúngs örðugra

fyrir, en nauðsyn býður, þó það að öðru leyti vilji standa á rètti sínum og ei bregðast vonum landsmanna. En hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti þingmaður Ísfirðinga sagði, að sèr væri eins hægt að skýra öllu þinginu frá aðgjörðum þeirra erindsrekanna, eins og útvalinni nefnd, þá verð eg þó enn að vera á því, að hitt sè rèttara, að nefnd sè sett í málinu og þeir svo helzt eigi við hana erindsrekar konúngs; ætla eg mèr því enn allt af að gefa atkvæði fyrir því, að nefnd verði sett, þó eg láti mèr vel líka, að kosníngu hennar sè slegið á frest um sinn.

J. Sigurðsson frá Tandraseli: Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkínga hefir misskilið mig áðan, þar sem hann bar mig fyrir því, að hafa talað á þá leið, að erindsrekum stjórnarinnar mætti vera styrkur í því að fá meiníngarnar í bænarskránum eða skýrslur frá sýslum og sveitum. Eg sagði, að það mundi helzt geta orðið málefninu til heilla, að þíngið tæki það til vandlegrar yfirvegunar og að erindsreki stjórnarinnar í samvinnu með því kæmi sèr niður að einu ráði, sem bezt álitist til að útrýma þessum háska, fjárkláðanum. Eg get því ekki verið samdóma hinum hæstvirta þingmanni Ísfirðínga, að það spilli fyrir áformi hans sem erindsreka stjórnarinnar, að þíngið taki málið til meðferðar, því eg þekki hann svo, að hans staðfasta augnamið er að ráða þessu máli, sem svo er *áríðanda,* sem velferð og líf landsmanna og þjóðarinnar ríður á, svo happalega til lykta, sem mögulegast að unnt er, en til þessa mun ekki af veita, að bæði hann og þíngið leggist á eitt og hver styðji annan, og hafi þau ráð við, sem bezt hlýða, og byggi þau, eins og hann sagði, á reynslunni. Eg vil líka byggja meiníngar mínar í þessu efni einmitt á reynslunni, og menn hafa nú svo mikla reynslu í þessu efni, að þíngið getur byggt skoðun sína á henni, t. a. m. með 3 ára reynslu á lækníngunum hefir allt miðað að því, að fèð fækki og efni manna og lífsbjörg eyðist, en kláðinn viðhaldist, en aptur á hinn bóginn hafi varnir og fyrirskurður varnað útbreiðslu kláðans og þegar stemmt hann. Hinn sami þíngmaður sagði að sönnu, að þegar maður væri búinn að skera fèð, lífgaði maður það ekki aptur, en eg vil segja: skeri maður fè sitt niður á hentugri tíð, allir í einu úr sjúku byggðarlagi, hefir maður bezta tækifæri og krapt til að lífga sèr upp fè aptur, með því að kaupa aptur í byggðarlagið ósjúkt fè fyrir lamann af hinu sjúka.

Að vísa þessu máli frá alþíngi til stjórnarinnar eður erindsreka hennar, álít eg, eins og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðínga sagði,

hvorki lögformlegt nè alls kostar heppilegt eða tilhlýðilegt, því það álít eg væri það sama, sem að setja reynsluna og kunnugleikann til síðu, en gefa sína skilníngu fángna undir hlýðni trúarinnar á lækníngarnar og stjórnina, nefnilega að viðurkenna, að reynslan, þjóðin og alþíngi væri blint, en einúngis stjórnin og erindsrekar hennar væri sjáandi; og til hvers er þá alþíngi?

Konúngsfulltrúi: Eg verð þrátt fyrir allar þær umræður, sem hèr hafa farið fram, að ráða þínginu frá, að kjósa nefnd í þetta mál, einkanlega nú, þegar konúngur vor hefir fyrirskipað, að útrýma kláðanum með lækníngum, og sent híngað erindsreka sína með valdi til þess að gjöra allar ráðstafanir til að varna frekari útbreiðslu fjársýkinnar og útrýma henni með lækníngum.

Allir eru á einu máli í því, um það er alls einginn efi, að óska af alhuga, að kláðanum verði útrýmt. Þetta getur orðið með tvennu móti, annaðhvort með niðurskurði eða með lækníngum; þriðji vegurinn er ekki til. Yrði nú þíngið á því, að kjósa nefnd í þetta mál, og nefnd þessi og þíngið kæmist til þeirrar niðurstöðu, að útrýma ætti kláðanum með niðurskurði, þá fæ eg eigi betur sèð, en að það yrði bein skylda mín, sem konúngsfulltrúa, að veita ekki slíkri bænarskrá móttöku, sem þannig færi alveg beint á móti vilja konúngs, og þeim boðum, sem hann hefir fyrirskipað í þessu máli. Færi bænarskrá þíngsins þar á móti því fram, að útrýma sýkinni með lækníngum, þá færi hún að öllu í sömu stefnu, sem ráðstafanir stjórnarinnar, og virðist mèr þá óþarfi að eyða laungum tíma til að ræða málið hèr á þínginu. En vilji þíngmenn fyrir hvern mun, að nefnd sè kosin í mál þetta, þá ræð eg þeim að fresta kosníngu þessari, þángað til þíngmaður Ísfirðínga, sem hefir á hendi erindi konúngs í þessu máli, er kominn aptur úr ferð sinni. Hèr hefir verið sagt, að þíngmenn og þetta þíng mundi missa hylli og traust þjóðarinnar, ef það vísaði frá sèr þessu máli, sem er svo umvarðanda fyrir allt landið, en slíkar hugsanir á einginn að láta ógna sèr, því ekki eiga þíngmenn að fara í blindni eptir vilja og óskum kjósenda sinna, heldur eiga þeir að láta stjórnast af eigin sannfæríngu, og þar að auki þekki eg af reynslunni, að landsmenn yfirhöfuð dæma skynsamlegar um tillögur þíngmanna hèr á þínginu, en hèr er stundum gjört ráð fyrir. Þíngmenn hafa heyrt af ræðu hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga, að hann muni gjöra allar þær ráðstafanir, sem honum er unnt, að útrýma kláðanum og aptra útbreiðslu hans frá hinum sýktu til hinna ósýktu hèraða bæði með því að bjóða stránglega þeim mönnum, er

sjúkt fè eiga, að geyma það á sinni eigin lóð, og með því að gánga einarðlega að lækníngunum; og þar eð þetta nú er hið mest áríðanda atriði í málinu, virðist mèr óþarfi, að þíngið taki það til meðferðar, og það því heldur, sem eg óttast fyrir, að þínginu takist ekki að fara svo með málið, að meðferð þess leggi ekki hindranir í veginn fyrir framkvæmdir og ráðstafanir hinna konúnglegu erindsreka í kláðamálinu, heldur en að þeir hafi af henni nokkurn stuðníng.

Arnljótur Ólafsson: Eg finn mèr skylt að þakka hinum háttvirta þíngmanni Ísfirðínga fyrir þær upplýsíngar, er hann nú gaf. Þó eg beri allt það traust til hans, sem eg get borið til nokkurs manns, og sem eg óska af heilum hug að aldrei mætti þverra, og þó hann sè sá maður, sem bæði þíngið og allir Íslendíngar bera hið mesta traust til, þá get eg samt sem áður eigi ráðið til þess, að bænarskránum sè vísað til hans; því það væri að breyta gegn lögum þíngsins, gegn rètti þjóðarinnar og gegn skyldu þíngsins við hana. Eg fæ heldur eingan veginn sèð, að bænarskrárnar sè betur geymdar í vasa hins háttvirta kláðamanns, en hjá nefnd þeirri, er þíngið kýs í málið. Það er auðvitað, að hann mundi geta feingið mestar og beztar upplýsíngar frá þíngmönnum, er komnir eru híngað úr öllum hèruðum landsins; má honum og vera mjög svo um það hugað, að fá skýrslur frá fulltrúum þjóðarinnar, og vita tillögur þeirra í þessu máli; honum ætti að vera annt um, að heyra álit alþíngis, ráðgjafarþíngs landsins, einkum fyrst hann hefir eigi önnur landslög við að styðjast í framkvæmdum sínum á máli þessu en niðurskurðartilskipunina frá 1772, er hann þó mun eiga bágt með að nota. Þíngmaður Ísfirðínga ferðast nú til þeirra hèraða, sem bænarskrárnar eru frá, og mun hann þar heyra fátt annað en það, sem í bænarskránum stendur, en þá er hann kemur aptur, er verða mun að svo sem 10 dögum liðnum, þá gæti hann borið sig saman við nefndina, ef hún er nú sett. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* rèð frá nefndarkosníngu, fyrir því að ekki væri nema tvennt að gjöra, annaðhvort að lækna, eða skera niður, en hið þriðja gæfist eigi; eg held þó, að hið þriðja ráð sè til, það er lækníngar og niðurskurður, eður að lækna sumstaðar, en skera sumstaðar, eptir því sem hentast er, og getur sú aðferð vel rýmzt saman við umboð kláðamanna.

Það er eigi rètt gjört að gjöra endilega ráð fyrir, að nefndin hljóti að ríða í bága við kláðamennina, því það er með öllu óvíst, nema nefndin verði á sama máli sem þeir, og gæti þeim þá orðið mikið fylgi að áliti hennar. Um það er hinn háttvirti þíngmaður Reykvík-

ínga kvað mig hafa breytt á móti skilníngi mínum á 77. gr. alþíngistilsk. rètt áðan, þá verð eg að benda honum til þess, að það er allur munur á, að skjóta máli frá þínginu til yfirvalds, eður fá það í hendur þíngmanni, er alþíngi kýs til að segja álit sitt um lagafrumvarp með öðrum mönnum.

S. Skúlason: Fyrst nú erindsrekarnir ekki hafa í 3 vikur getað komizt til fastrar niðurstöðu, þá er eigi líklegt, að þeir á 10 dögum verði miklu nær, og gæti þeir án efa haft gott af nefndarálitinu; vil eg því, að nefnd sè kosin strax.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það er ekki satt, að undirstaða sè eigi lögð í þessu máli; því föst ákvæðin stefna er þegar tekin; við vitum sjálfir bezt og höfum vel yfirvegað allt það, sem við þegar höfum af ráðið og gjört. En viðvíkjandi því, hvort fresta eigi máli þessu, eða ekki, þá er minn dómur eins merkur eins og hvers annars, þar eð eg á hèr hlut að máli, og eg verð að álíta, að eg sjái eins vel, hvort gagn sè að því, að nefnd sè kosin í málið eður ei. Ef þíngnefnd ætti að verða okkur til hjálpar og kosin væri nefnd til að íhuga bænarskrá, sem væri með lækníngum, þá væri öðru máli að gegna; en að kjósa nefnd til þess að hafa til meðferðar niðurskurðarbænarskrár, má okkur verða til ennar mestu fyrirstöðu; því það berst út um landið, að þíngið hafi tekið þannig í málið. En ef sá væri vilji þíngsins, að nefnd sú, sem kosin væri, væri oss til styrktar, þá væri það að vísu gott, en nefnd sú gæti eigi gjört annað eða meira í þá stefnu heldur en þíngmenn sjálfir. Vèð viljum gjarna vera í samvinnu með þínginu, og erum fúsir á að gefa því allar upplýsíngar og gjöra allt málinu til framkvæmdar, en við getum eigi látið okkur lynda það, að haldið sè sverði yfir hálsum okkrum og öllum framgángi málsins aptrað með því, að kjósa nefnd í það, í þá stefnu, sem hèr er farið fram í bænarskránum.

St. Jónsson: Á meðan eg ekki veit, hve leingi þíngmaður Ísfirðínga verður burtu, þykir mèr ískyggilegt að fresta nefndarkosníngunni, en verði hann kominn aptur að 10 dögum liðnum, er minni hætta búin.

G. Brynjúlfsson: Eg get enn ei skilið, hvað nefndin eiginlega getur gjört, fyr en þíngmaður Ísfirðínga er kominn aptur, því það er þó auðsætt, að þá má fyrst með rèttu segja, að öll gögn málsins sè verulega fram komin; og einmitt af því eg vil, að nefndin geti orðið að svo miklu liði, sem frekast má, hirði eg ei um, að hún taki til starfa, fyr en sýnt er, að hún geti unnið þetta gagn. Það

hefir verið sagt, að erindsrekunum sjálfum væri líka bezt að heyra sem fyrst meiningar þingmanna um málið, þar eð þeir væri því svo gagnkunnugir; og þó eg ei vilji neita þessu, þá ber þó hins að gæta, að þingmenn ei vita, það sem þeir vita um þetta mál, sem þingmenn að eins, heldur miklu fremur sem kunnugir menn hver í sinni sveit, og geta þeir því eins nú þegar, hvort sem nefnd er kosin eða ekki, gefið hinum konúnglegu erindsrekum allar þær upplýsíngar um málið, er nytsamar mega verða. En þess utan er það ei láanda, þó erindsrekarnir helzt vilji sjá með eigin augum, hversu vel sem þeir svo annars mega trúa og treysta sögusögnum kunnugra manna, og þó þeim sè það með öllu fjarstætt að vilja reingja þá um nokkuð; það er sem hver sjái sjálfan sig í slíku, og sá veit þó líka æfinlega bezt, hvað gjörist í sveit og hvernig þar til hagar, sem sjálfur kemur þángað. En hitt þykir mèr aptur alveg rètt, sem hinn heiðraði þingmaður Eyfirðínga drap á, að allt kynni að verða í óvissu, ef einginn tími væri til tekinn fyrir fram, og vil eg því enn leyfa mèr að spyrja þingmann Ísfirðínga, hversu marga daga hann ímyndar sèr að hann muni verða burtu leingst.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eptir því sem áformað er, gjöri eg ráð fyrir að verða í burtu 8 eða 10 daga.

S. Skúlason: Hvaða upplýsíngum vonast þingmaður Skagfirðínga eptir?

G. Brynjúlfsson: Upp á þessa spurníngu get eg að eins svarað því, að eg sè ei annað, en að erindsrekarnir verði að hafa miklu rèttari og ljósari hugmyndir um, hvað gjöra skal, er þeir koma aptur að norðan. Andi bænarskránna finnst mèr allt af, sem eg áður hefi sagt, einkum vera sá, að menn óskaði, að sem mest yrði gert til að tryggja þá landsfjórðúnga, sem kláðinn enn ei hefir náð að eyða; og þingmaður Eyfirðínga hefir áður með tilliti til orðatiltækjanna, og þess, sem farið er fram á, rèttilega getið þess, að bænarskrárnar væri samdar, áður en menn vissu um hinar síðustu tiltektir stjórnarinnar. Hèr er nú því ei verið að tala um, hvort lækna skuli eða skera níður, en að eins um að gjöra menn alveg óhulta, hvað útbreiðslu kláðans viðvíkur, og vona eg, að erindsrekarnir finni þetta ei síður nauðsynlegt en aðrir; *Jón Sigurðsson* þekkjum vèr allir Íslendíngar, en hinn manninn, próf. *Tscherning,* þekki eg og nokkuð, og veit, að hann er duglegur maður, sem með alúð og sanngirni vill reyna að fullnægja ætlunarverki sínu, án þess fyrir fram að hafa ásett sèr að fara eptir óreyndri ímyndun einherri — en því meiri

ástæða er þá líka til að lofa honum að hafa tóm til að átta sig, þar sem hann enn má heita landinu alveg ókunnugur. Það er því sannfæring mín, að erindsrekarnir geti ei fullkomlega afráðið nokkuð um það, hvernig þeir helzt vilji reyna að gera landsmenn óhulta, fyr en þeir koma aptur að norðan, og get eg því ei séð, að nokkuð sé nú í húfi, þó nefndarkosníngunni sé frestað um eina 10 daga; aðalatriðið er eins allt af unnið fyrir því, og ítreka eg það hèr enn, að það er að sleppa ei málinu úr höndum sèr. Vèr höfum nú líka þess utan heitorð þíngmanns Ísfirðínga fyrir því, að erindsrekarnir vilji skýra þínginu, og þá nefndinni líka, frá aðgjörðum sínum, er þeir koma aptur, og þá er æfinlega eins tími til að biðja um hvað sem mönnum lízt; og meira vitum vèr svo, hvort sem heldur er, að alþíngi aldrei getur gert, því vèr höfum ekkert framkvæmdarvald.

P. Sigurðsson: Eg verð að vera enn þá fastari á því en áður, að kosin sé nefnd í þetta mál; því það er einginn skaði að kjósa nefndina strax, og einginn ábati að fresta henni. Annað mál er það, að nefndin, meðan erindsrekinn er í burtu, þarf ekki að taka neina fasta stefnu, en getur einúngis búið sig undir, svo hún eigi hægra með að koma sèr saman við hann á eptir; en sè nefndinni frestað, getur verið, að málið komi aldrei fyrir, því margt getur hamlað apturkomu hans; hann getur t. a. m. sýkzt. Þess ber líka að gæta, að 1857 var á alþíngi farið fram á almennan niðurskurð, og fèllst þó þíngið að eins á takmarkaðan niðurskurð, og eins getur farið enn. Þetta mál liggur allri þjóðinni mjög á hjarta, því undir happasælum úrslitum þess er velferð hennar komin; mál þetta er íslenzkt búnaðarmál; því væri það mikil og dæmafá harðstjórn, ef sá þjóðvilji, sem Íslendíngar nú eptir nákvæma skoðun og talsverða reynslu hafa, væri brotinn á bak aptur af því valdi, sem ekki hefði að styðjast við næga reynslu og þekkíngu, hvernig til hagar á landi hèr, en byggir álit sitt á vísindum útlanda.

J. Sigurðsson frá Tandraseli: Eg get ekki verið samþykkur þeim þíngmönnum, sem stúngið hafa upp á því, að fresta nefndarkosníng í þessu máli. Þetta mál er svo vandasamt, að eg held, að tíminn verði ekki of láungur, sem þíngið hefir það undir höndum til yfirvegunar. Eg held, þó strax sè kosin nefnd í það, þá hlaupi það ekki svo af sèr tærnar, að það fáist ekki þessi 8 — 10 daga frestur, þó vèr ekki biðjum í þessari bæn. Eg skil því ekki, hvers vegna þíngmenn þessir hixta á að láta kjósa nefnd í það nú þegar, nema sá sè tilgángurinn, að smádraga svona úr því, og traðka því;

því ef þingið aðhyllist að kjósa skuli nefnd í því, þá er nokkuð áunnið með því að gjöra það strax í dag; það þarf þá ekki að taka annan dag til þess og eyða þá nýjum tíma til að halda aðra eins, eður kann ske leingri inngángsumræðu um það. Eg verð því að vera fastur á því, að í þetta mál eigi að kjósa nefnd, og það strax.

Á. Einarsson: Þegar geingið verður til atkvæða um það, hvort nefnd skuli kjósa eða ekki, koma fyrir 2 spursmál, nl. 1., hvort nefnd skuli kjósa, og svo, hvort hana skuli kjósa nú þegar, eða fresta kosníngunni. Eg fyrir mitt leyti er ekki á móti því, að fresta nefndarkosníngunni til viss tíma, en eg vildi mega spyrja hinn háttvirta þíngmann Ísfirðínga, hvað leingi lækníngatilraunum skal áfram halda, verði kláðasýkinni ekki útrýmt algjörlega í sumar; líka vil eg geta þess, að mér skildist ekki vel, hvernig þíngmaðurinn, sem umboðsmaður konúngs í þessu máli, vildi setja tryggilegar varnir fyrir útbreiðslu fjárkláðans, meðan á lækníngunum stæði; mér þykja það ekki tryggilegar varnir, þó hverjum búanda sè trúað til þeirra á sínum bæ, þegar heilbrigt fè er á næstu bæjum, og held eg, að það, sem er eptir af sjúku fè, ætti að geymast í flokkum, undir umsjón áreiðanlegra manna, og jafnvel taka sýkt fè úr þeim hèruðum, þar sem mest er heilbrigt eða fjárlaust, svo heilbrigt verði feingið sem fyrst; eg vil taka til dæmis Rángárvallasýslu, þar sem ekki er sjúkt fè nema á fáum bæjum, margir hreppar gjöreyddir af sauðfè, og geta ekki feingið heilbrigt fè annarstaðar frá, nema því sýkta sè eytt eða flutt burtu, og held eg það væri vinnanda verk, heldur en láta fjölda fólks komast í húngursnauð, þángað til það gæti feingið heilbrigt fè. Eg vil líka geta þess, að mér þykir þíngið nauðulega statt í þessu máli, vilji *Konúngsfulltrúi* ekki taka í móti bænum þess til konúngs í þessu máli, og sá heiðraði ræðismaður konúngs í þessu máli setur sig upp á móti því, að nefnd verði sett, og álítur það einmitt til að hindra erindi sitt og framkvæmdir í málinu.

G. Brandsson: Mèr þykir þíngmaður Mýramanna gjöra óþarfagersakir; því hægt er að taka málið fyrir seinna, þó nú sè skotið á frest að kjósa nefnd í það, því þegar ekki er gjört ráð fyrir nema 10 daga burtuveru erindsrekanna í kláðamálinu, þá er allur dagur til stefnu, þegar þeir koma aptur; þá verður þó naumast hálfnaður þíngtíminn, og hafa opt að undanförnu verið kosnar nefndir, þó meira hafi verið á hann liðið. Má ske menn við komu þeirra fái nýjar bendíngar í málinu bæði um það, hvernig baðanir fjárins hafi tekizt, og svo um heilbrigðisástand þess yfir höfuð og um fleira, sem þar að lýtur.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg vil að eins bæta því við, að þingið gæti miklu betur unnið í sameiníngu með erindsrekum konúngs og *konúngsfulltrúa*. En hitt get eg ekki sèð, að það sè neinu fremur tryggjanda, að nefnd sè kosin í málið hèr á þínginu; því hún getur að eins undirbúið málið með nefndaráliti til þíngsins og bænarskrá til konúngs, en ekkert annað. Það er því bezt, að allir komi sèr saman um, að skjóta því á frest, sem ekki er þarflegt, en flýta hinu, sem flýta þarf.

H. Jónsson: Eg fyrir mitt leyti er fjarlægur því, að vilja sækja nokkurt mál með óskynsamlegu kappi, með þeirri stífni, sem eg hvorki álít nauðsynlega nè gagnlega; og þar eg einga hættu sè málinu af því búna, að fresta nokkuð nefndarkosníngunni, en get hugsað mèr það verði til einhvers góðs, mun eg gefa atkvæði mitt með því, að nefndarkosníngunni verði frestað um 10 daga.

Ó. Jónsson: Eg vil einnig mæla fram með því, að nefndarkosníngunni verði frestað þann umtalaða tíma, eður, svo eg taki það glögglega fram, til 14. þ. m. Eg álít, að það geti orðið til góðs fyrir sjálft málefnið, að hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga yrði búinn að kynna sèr ástandið í Húnavatnssýslu, og kominn híngað aptur, áður en málið er tekið til meðferðar af nefndinni. Mèr skildist líka á ræðu hans, að hann heldur vildi, að nefndarkosníngunni verði frestað til þess tíma. Hvað það atriði áhrærir, er hann minntist á, að hann hefði ekkert móti nefndarkosníngu, ef þíngið lýsti því yfir, að hún (nl. nefndin) ætti að kjósast í þeim tilgángi að aðstoða sig í því verki, sem honum er nú á hendur falið, þá vil eg geta þess, að það er eingan veginn víst, að aðgjörðir nefndarinnar komi neitt í bága við ráðstafanir þær, sem hann má ske hafi hugsað sèr að gjöra. Þó þíngmenn má ske álíti, að algjörður niðurskurður væri það eina rètta ráð til að útrýma sýkinni, þá sjá þeir, eins og málinu *nú* er komið, að það yrði þýðíngarlaust að fara því á flot að svo stöddu. Það er því ekki ólíklegt, að nefndin gjörði sèr annast um að tryggja sem bezt hin ósýktu hèruðin, annaðhvort með því að biðja um niðurskurð á takmörkunum, og þannig að þoka því sjúka fè frá því heilbrigða, eður þá með því, að biðja um öruggar varnir.

Arnljótur Ólafsson: Eg sè enn einga gilda ástæðu til að fresta þessu þjóðmáli voru, því það má gánga að því vísu, að það sè eindreginn vilji allra þíngmanna að útrýma kláðanum og stemma stigu fyrir honum; þetta er aðalefni og tilgángur þessa máls, og í þessum tilraunum sínum geta þíngmenn eigi komizt í bága við kláðamenn-

ina, því einmitt hið sama segir í umboðsskrá sjálfra þeirra; það er og enn, að þótt sú fregn berist út um landið, að alþingi hafi kosið nefnd í niðurskurðarbænarskrár, þá er það hverjum manni kunnugt, að nefndin þarf ekki að fylgja þeim í blindni, heldur getur hún tekið málið sem henni lízt bezt við eiga eptir málavöxtum. En þar sem hinn háttvirti fulltrúi Ísfirðinga kallaði það mótþróa af þinginu, ef það tekur mál þetta til löglegrar meðferðar, eins og brýn skylda þess er til, þá hlýt eg fyrir mitt leyti að mótmæla því fastlega og vísa frá mèr slíkum áburði.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg man ekki til, eg hefði orðið „mótþróa", en sagði að eins, að betra væri að fresta nefndarkosningunni, því það gæti eigi orðið til neins skaða; en ef nefnd væri kosin, þá get eg ekki sèð, hvað sú nefnd ætti að gjöra, sem eingin skilríki hefir, og verð eg því reyndar enn þá að álíta nefnd í í málinu bæði óþarfa og skaðlega.

St. Jónsson: Eg hefi ekkert á móti því að gjöra þá tilhliðrun, að skjóta nefndarkosningunni á frest til viss tiltekins dags, nefnil. þess 14., en vil ekki fresta henni út í ótiltekinn tíma.

P. Sigurðsson: Eg hefi enn ekki nokkra ástæðu heyrt fram komna frá þeim þingmönnum, er fresta vilja nefndarkosningu, að málefnið vinni þar við nokkurt gagn; en verði inngángsumræða hafin aptur, þá kosið er, þá eyðir þingið þar óþörfum tíma, og því álít eg, að kjósa ætti nefndina nú strax, en ef það verður fellt, þá, að kosin sè nefnd, án þess nokkur frekari inngángsumræða sè þá leyfð af *forseta*.

V. Finsen: Þarf ekki nýja uppástúngu, ef málið tekst fyrir aptur?

Forseti: Eg álít nú, að málið sè nægilega rætt í bráð, og er spursmálið fyrst um það, hvort nefnd skuli kjósa eður eigi, og ef menn vilja kjósa nefnd, þá hvort eigi að fresta henni eður ekki, en þó henni sè frestað, þá þarf einga inngángsumræðu síðar. En áður en geingið er til atkvæða, skal eg leyfa mèr að tala fáein orð, þó eg ekki ætli mèr að leggja í vana minn að ræða um málefnin sjálf eða sjálft efni þeirra frá þessum stað. Það hefir verið tekið fram, að það sè hugleikið bæði þingi og þjóð, að hið bezta verði af ráðið í þessu máli, og erindi hinna konúnglegu erindsreka áorki sem mestu og verði sem affarabezt, en til þess að það takist, vona eg þeir verði sjálfir að játa, að þeim má verða mikil stoð að því, að nefnd sè sett í málið, og eg get ekki skilið, hvernig það verður sagt með rökum eða sanni, að sú nefnd verði eins og sverð, er hángi yfir höfði erindsrekanna, því eg veit fyrir víst, að eins og þeir vilja,

að málið fái hin beztu afdrif, eins vill þingið það líka; en til þess getur það orðið mestur og beztur stuðningur að nefnd verði nú sett í málið, því hægra er fyrir hana að setja sig í samband við erindsrekana, leiðbeina þeim og aðstoða þá í nafni og umboði gjörvalls þingsins, heldur en fyrir allt þingið, eins og hinn háttvirti þingmaður Ísfirðinga áðan fór fram, og eins sjá allir, að hægra er fyrir hina konúnglegu erindsreka að ráðfæra sig við þingnefndina og semja við hana, heldur en við gjörvallt þingið. Hvað því viðvíkur að fresta nefndarkosníngunni, þá legg eg það í vald þingmanna sjálfra, en vil einúngis vekja athygli að því, að á meðan erindsrekarnir eru á ferðum sínum, getur nefndin ekkert borið sig saman við þá, nè þeir við hana, og vil eg að svo mæltu biðja þingmenn að gánga til atkvæða um það, hvort nefnd skuli kjósa eður eigi.

Var þá samþykkt með 17 atkvæðum gegn 8, að nefnd skyldi kjósa.

J. Sigurðsson frá Gautlöndum: Á ekki að ákveða fastan dag?

Forseti: Jú! Skal eg þá biðja þingmenn að greiða atkvæði um það, hvort fresta skuli nefndarkosníngunni til þess 14. þ. m., eða kjósa skuli nefndina nú þegar.

Urðu 14 atkvæði fyrir því gegn 7, að fresta kosníngunni.

Forseti: Það er þá ákveðið með atkvæðafjölda, að fresta skuli sjálfri kosníngu nefndarinnar til þess á fundi fimmtudaginn, 14. þ. m., og framfer hún þá, eptir auglýsíngu þar um fyrirfram á dagskránni til þess dags, án nokkurrar umræðu. Eg get ekki að sinni ákveðið neitt víst um dagskrána til næsta fundar, og með því að þíngskriptum varla getur orðið lokið til morguns og þíngmenn einnig hafa nóg að starfa í nefndum, verður næsti fundur eigi ákveðinn fyr en til fimmtudags kl. 11.

Fundi slitið.

---

7. júlí — fimmti fundur.

Allir á fundi, nema þíngmaður Ísfirðínga, sem með brèfi frá 5. þ. m. hafði tilkynnt *forseta*, að hann þyrfti að ferðast upp í hèruð landsins og mundi verða burtu 8—10 daga. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Því næst skýrði *forseti* þínginu frá, að hann hefði feingið til-

kynníngar um, að valdir væri formenn í eptirfylgjandi nefndir: Í *vegabótamálinu,* þíngmaðurinn úr Strandasýslu, skrifari nefndarinnar: hinn 5. konúngkjörni þíngmaður; í *jarðamatsmálinu* formaður: hinn 4. konúngkjörni þíngmaður, skrifari: þíngmaður Norður-Múlasýslu; í málinu um *löggildíng Skeljavíkur* við Steingrímsfjörð, formaður: þíngmaðurinn úr Strandasýslu, skrifari: þíngmaður Barðstrendínga, og í *fiskiveiðamálinu,* formaður: *varaforseti,* skrifari: þíngmaðurinn úr Snæfellsnessýslu.

Því næst tilkynnti *forseti,* að hann hefði veitt móttöku ýmsum nýjum bænarskrám frá þíngmönnum, auk þeirra, sem væri á dagskránni í dag og teknar hefði verið til umræðu á undanförnum fundum, og kvaðst mundu setja þær á dagskrárnar síðar, eptir hentugleikum. Bænarskrárnar voru þessar:

1. Bænarskrá frá Snæfellsnessýslu, um breytíngu á veiðilögunum, samin á fundi í Þórsnesi.
2. —— frá Skagafjarðarsýslu, um jarðamatið, samin á Hólahreppsfundi, og undirskrifuð af 23.
3. —— frá Vestmannaeyjasýslu, um reka þar á eyjunum (27 undirskriptir).
4. —— frá Vestmannaeyjum, um ábúð konúngsjarða (28 undirskriptir).
5. —— frá Vestmannaeyjum, um takmörkun á aðflutníng áfeingra drykkja (undirskrifuð af 25).
6. —— frá Þíngeyjarsýslu, um búnaðarskóla (með 39 undirskriptum).
7. —— frá Þíngeyjarsýslu, um óreglu á giptíngum (27 nöfn).
8. —— frá Kollabúðarfundi, um auglýsíngu ópinberra sjóða.
9. —— frá Þínghöfðafundi, um endurbót á hjúskaparlögum og hjónavígslulögum á Íslandi.
10. —— frá sama fundi, um skattalög eptir efnahag.
11. —— frá sama fundi, um að amtmönnum verði settir 2 aðstoðarmenn til ráðaneytis í umsjón hans yfir sjóðum, sem hann hefir undir hendi.
12. —— frá sama fundi, um að lög ei verði birt á Íslandi, sem ekki eru áður lögð fyrir alþíngi.
13. —— frá sama fundi, um betri stjórn og afnot kristfjárjarða.
14. —— frá sama fundi, um stjórnarlög hèr á landi og samband Íslands og Danmerkur.

15. Bænarskrá frá Kollabúðafundi, um leyfi að sigla upp Reykjafjörð við Ísafjörð.
16. — — frá sama fundi um þjóðfund.
17. — — frá Þínghöfðafundi, um sektir fyrir illa meðferð á skepnum.
18. — — frá sama fundi, um fastákveðið landskuldargjald af hverju jarðarhundraði.
19. — — Bænarskrá frá Þínghöfðafundi, um að þjóðeignir sè byggðar líkt og klaustrajarðir.
20. — — frá sama fundi, um að engin jörð sè undanþegin tíundargjaldi.
21. — — frá Norður-Múlasýslu, um að eigendur gjaldi sjálfir tíund af jörðum sínum (21 nafn).

Forseti: Eptir dagskránni hefir þá hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* orðið.

Konúngsfulltrúi: Í hinni kgl. auglýsingu til þessa árs alþíngis er því lýst yfir, að stjórnin hafi ekki fundið neina ástæðu til að fallast á þá þegnlegu beiðni alþíngis, er það endurnýjaði á síðasta þíngi, um, að breytt verði 15. grein í tilsk. 26. jan. 1821, og stofnaður í Reykjavík kennsluskóli handa íslenzkum lögfræðíngaefnum; hvar hjá þess er getið, að þíngið megi eiga von á því, að *konúngsfulltrúi* skýri því frá ástæðum þeim, er ráðið hafa úrslitum máls þessa.

Í þessu tilliti getur stjórnin þess fyrst, að fyrir nokkrum árum hafi að sönnu verið þvílíkur skortur á latínskum lögfræðíngum *(juridiske Candidater)*, að menn hafi orðið að skipa dönskum lögfræðíngum í nokkrar hinar lakari sýslur á Íslandi, en þetta hafði rót sína í sèrstaklegum kríngumstæðum þeirra tíma, af því þá á stuttum tíma urðu laus fleiri embætti en venjulegt er, og mjög fáir Íslendíngar sóttu háskólann um þær mundir. Þetta hefir nú breytzt síðar gjörsamlega, að líkindum af því hækkaður hefir verið styrkur stúdenta við háskólann, því nú eru ekki færri en 20 íslenzkir stúdentar við háskólann, sem lesa undir fullkomið lærdómspróf í lögum, auk 3 kandídata, sem bíða eptir embættum. Þegar menn nú hafa tillit til, að ekki eru alls til nema 25 júrídisk embætti í Íslandi, má kvíðbogi alþíngis fyrir því, að skortur muni verða á latínskum lögfræðíngum til þessara embætta, einkum sýslumannsembættanna, álítast ástæðulítill, því að sönnu eru nokkrar sýslur tekjulitlar, en það hefir þó reynzt, að latínskir lögfræðíngar, embættislausir, hafa sótt um þær. En þar það

þó, ef til vill, getur að borið, að latínskir lögfræðíngar sæki ekki um hin lökustu embætti á Íslandi, álítur stjórnin það rèttast, að halda framvegis óbreyttri 15. grein tilsk. 26. jan. 1821.

Hvað stofnun lagaskóla í Reykjavík áhrærir, þá getur stjórnin þar næst þess, að *konúngsfulltrúinn* hafi þegar við umræðurnar á þínginu sýnt fram á, hve óhentug hún væri, með því hann með fullum rètti leiddi fyrir sjónir, að kennslan í slíkum skóla hlyti að verða ónóg, einstreingíngsleg og ekki fylgja tímanum *(stagnerende)*, þar eð ekki mundi verða faung á þeim sömu hæfilegleikum hjá kennurunum við skólann, sem hjá háskólakennurunum í lögfræði, og eins mundu menn þar um of eingaungu fást við íslenzkan rètt sèrstaklega, en ekki nægilega leggja stund á hina almennu rèttarútlistun og framför eða verða færir til að fylgja henni, hvers vegna *konúngsfulltrúinn* hefir fastlega ráðið frá því, að veita þessari bænarskrá áheyrslu. Enn þá óhappalegra er það, eptir meiníngu stjórnarinnar, að hin umbeðna stofnun lagaskólans án alls efa mundi verða tilefni til þess, að íslenzkir stúdentar mundu hætta að sækja til háskólans í Kaupmannahöfn, hvað þó mætti álítast hið mesta óhapp, því háskólinn er ekki einúngis hinn bezti og greiðasti vegur til þekkíngar og menntunar, heldur líka í mörgu öðru tilliti hinn mikilvægasti sambandsliður milli Danmerkur og Íslands.

Alþíngi hefir að vísu leitazt við að bægja þessum ótta frá með þeirri athugasemd, að kennslan í Íslandi einúngis skyldi koma í staðinn fyrir þá kennslu, er hinir óskólageingnu lögfræðíngar nú fá við háskólann, en þar eð, eptir uppástúngu alþíngis, þeir lögfræðíngar, sem tæki embættispróf í Íslandi, ætti að standa í sama hlutfalli við latínsku lögfræðíngana frá háskólanum, sem á sèr stað milli þeirra, er taka embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, og guðfræðiskandídata frá háskólanum, getur það varla verið efasamt, að það mundi að bera í tilliti til lögfræðínganna, sem hefir átt sèr stað í tilliti til guðfræðínganna, það nl., að lögfræðíngarnir ekki mundi álíta það ómaksins vert, að sækja háskólann, þegar þeir hefði von um, eptir svo sem 2 vetra lestur, að fá rètt til að sækja jafnhliða háskólageingnum lögfræðíngum um öll undirdómaraembætti á Íslandi, hvar af helmíngurinn er tekjumeiri en yfirdómaraembættin, og sum jafnvel betri en amtmannaembættin. Yrði það þar á móti ákveðið, að þeir, sem tæki embættispróf við lagaskólann í Reykjavík, skyldi standa í sama hlutfalli við kandídata frá háskólanum, eins og nú á sèr stað milli þeirra og danskra lögfræðínga, nl. að þeir skyldu ekki

fá embætti nema eingir latínskir lögfræðingar væri til, þá er hægt að sjá það fyrir, að lagaskólinn mundi ekki verða notaður.

Skoði menn nú enn fremur röksemdafærslu þá, sem alþingi byggir bón sína á, þá er hún í ýmsu tilliti svo skökk, að hún fær ekki staðizt. Þar sem þingið þannig hefir ætlað að bæta úr þeirri óreglu, sem þykir leiða af 15. grein í tilsk. 26. jan. 1821, þar sem minni hæfilegleikar útheimtast til að fá undirdómaraembætti á Íslandi en í Danmörku, jafnvel þó rèttargángsmáti í borgaralegum málum á Íslandi, sem gjörir dómurunum að skyldu að leiðbeina málspörtunum, færi það með sèr, að meiri krafa er gjörð til íslenzkra undirdómara heldur en danskra, þá er það í augum uppi, að þessi óregla lagaðist ekki eptir uppástúngu alþíngís, en ykist miklu fremur mjög mikið, vegna þess að hartnær eingir kandídatar mundu fást frá háskólanum, og menn mundu þannig neyðast til, að gjöra það að *reglu,* að skipa í dómaraembættin á Íslandi þvílíka menn, sem ekki hafa hæfilegleika til að fá dómaraembætti í Danmörku, þar sem þetta, eins og nú er ástatt, einúngis á sèr stað sem *undantekníng* og *neyðarúrræði.* Þar sem þingið hefir stutt bón sína á því, að við háskólann sè ekki hæfilega haft tillit til íslenzkra laga, einkanlega rèttarsögu, og landbúnaðarrèttar, þá nær þetta ekki einúngis til danskra lögfræðínga, heldur einnig til latínskra (en alþíngi hefir þó ekki beðið um, að veitt væri kennsla við háskólann í þessum greinum), og þessir síðari mundu framvegis eiga rètt á að komast í hin helztu embætti á Íslandi, þó þeir ekki hefði feingið þvílíka kennslu í íslenzkum rètti, sem þykir ómissandi fyrir hina dönsku lögfræðínga.

Þegar því enn þá er bætt við það, sem áður er talið, að alþíngi ekki hefir getað vísað á fè til að stofna lagaskólann, en beðið um, að kostnaðurinn þar til, er án alls efa mundi verða miklu meiri, já, jafnvel tvöfalt meiri, en þíngið hefir gjört ráð fyrir, mætti verða greiddur úr ríkissjóðnum, þá er þetta enn fremur gild ástæða til þess ekki að veita áheyrn þessari bæn alþíngis.

Loksins álítur stjórnin það efalaust, að alþíngi 1857 ekki mundi hafa ítrekað bæn sína um stofnun lagaskóla í Reykjavík, strax eptir að hafa feingið neitun konúngs um sömu bæn þíngsins 1855, ef ástæðurnar fyrir neituninni hefði verið kunnugar hinu síðasthaldna þíngi; og þess vegna hefir konúngur vor falið mèr á hendur að kunngjöra þínginu ástæðurnar fyrir neituninni á þann hátt, er eg nú hefi gjört.

Forseti: Þar næst kemur samkvæmt dagskránni til inngángs-

umræðu fyrst þær bænarskrár, sem settar voru á dagskrána 5. júlí, en ekki urðu þá ræddar, af því tíminn þraut, og er þá fyrst bænarskrá frá Suður-Þingeyjarsýslu um *nj sveitastjórnarlög.*

Bænarskráin var afhent flutningsmanni, þingmanninum úr Suður-Þingeyjarsýslu.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Af því bænarskráin er einstök, virðist mèr, ef til vill, rèttast, að lesa hana upp, ef enginn hefir á móti því.

Var bænarskráin þá lesin upp, svo látandi:

„Til alþingis 1853 komu bænarskrár úr ýmsum kjördæmum landsins um endurbót á sveitastjórninni. Þingið tók þessum bænarskrám með miklum fögnuði; meðhöndlaði þær á venjulegan hátt, og ritaði bænarskrá til konúngs um málið.

Af þessu leiddi, að fyrir alþingi 1855 var lagt frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga hèr á landi; frumvarp þetta var þannig úr garði gjört, að þingið gat ekki aðhyllzt það að öllu leyti, og stakk því upp á talsverðum og mjög verulegum breytíngum við það. Síðan hefir máli þessu ekki verið hreift, og er eins og það sè lagzt í eins konar þagnargildi.

Vèr, sem ritum nöfn vor hèr undir, erum á sama máli og alþíngi 1853, að hin brýnasta nauðsyn beri til að breyta sveitarstjórn vorri og bæta hana frá rótum. Þörfin til þessa verður áþreifanlegri með ári hverju, eptir því sem menntan og framfarir aukast; bjargræðisvegirnir og þar af leiðandi þarfir útvíðka, og mál þau, er undir sveitarstjórnina heyra, verða fleiri og margbreyttari.

Án þess að fara hèr um fleiri orðum, eður færa sterkari röksemdir fyrir máli voru — því þær ætlum vèr geti verið sèrhverjum ljósar — dirfumst vèr að skora á hið heiðraða alþíngi 1859, að það ítreki og endurnýi bæn sína til konúngs vors:

um ný sveitarstjórnarlög, grundvölluð á þeim höfuðatriðum, sem þíngið hefir stúngið upp á 1853 og 1855.

Á frjálsum fundi í Þíngeyjarsýslu, 10. dag júním. 1859".

(19 nöfn).

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr þykir tilhlýðilegt, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skýri frá, hvað sveitarstjórnarmálinu nú líður hjá stjórninni, því ef málið er á góðum vegi, sýnist mèr ekki brýn nauðsyn að kjósa nefnd í það.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki gefið þínginu aðra skýrslu um

það, hvað sveitastjórnarmálinu líður hjá stjórninni, en þá, sem hin konúngl. auglýsíng til alþíngis 1857 inniheldur, í hverri stjórnin heitir því, að taka til nákvæmrar yfirvegunar, hvað nú sè tiltækilegast að gjöra, til að koma máli þessu fram. Að stjórnin hafi það hugfast, að láta þetta mál fá framgáng, þegar tími er til kominn, má bæði ráða af því, sem tilfært er úr hinni nýnefndu kgl. auglýsíngu til alþíngis, og líka af því, að eg veit til þess, að stjórnin síðan hefir sent þetta málefni yfirvöldunum til að segja um það álit sitt að minnsta kosti í ýmsum áríðandi atriðum. Eg hefi nú það álit, að þessu máli verði ekki ráðið til lykta vel og hentuglega, nema því að eins, að það færi með sèr talsverðan kostnað fyrir alþýðu, því hvort sem menn stofna hèr amtsráð eður eitt Communalráð fyrir allt landið, þá verður það nauðsynlegt, að veita þeim mönnum, sem kosnir verða í slík ráð, bæði ferðakostnað og fæðispeníng a. Vegna þess nú, að ástand landsins, nú sem stendur, er svo bágborið, að eg, fyrir mitt leyti, álít það mjög ísjárvert, að leggja á það töluverðan nýjan kostnað, nema því að eins, að hann sè óumflýjanlega nauðsynlegur, svo hefi eg með fram af þeirri orsök ekki flýtt svo mjög fyrir þessu máli. Þar eð nú þetta mál þannig er í því horfi, að vænta má, að stjórnin, áður lángt líður, muni gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að það fái framgáng, get eg eigi annað en álitið það rèttast, að þíngið leiði það hjá sèr í þetta sinn og kjósi ekki nefnd í því.

G. Brandsson: Í tilefni af því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* nú mælti, vil eg fastlega ráða til, að nefnd verði kosin í mál þetta, því annars mætti stjórnin ætla, að þínginu væri um það hugur horfinn, úr því að talsverður tími er liðinn, síðan þíngið sendi henni uppástúngur sínar um þetta; og þó málið kunni að vera í smíðum hjá henni, þá spillti þetta eingu, að minni meiníngu; má ske hún líka feingi núna nýjar bendíngar, sem ekki hafa verið teknar fram áður, eða að *konúngsfulltrúinn* gæti svo leiðbeint þínginu í þessu máli, að stjórnin á eptir fèllist á tillögur þess. Ástandi landsins er nú svo varið, að það þarf á öflugri sveitarstjórn að halda, einkum þar yfirstjórn þess virðist að vera nokkuð sundurleit í skoðunum sínum; mætti henni því víst vera kært að hafa sveitanefndir þær, sem stúngið er upp á, sèr til aðstoðar og ráðaneytis. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að nefndin, ef sett verður, getur farið með málið, eins og henni sýnist, og svo er það á þíngsins valdi, hvað það á eptir við það gjörir. En hvað kostnaði þeim viðvíkur, sem

konúngsfulltrúinn var að tala um að gæti risið út af hinni nýju sveitarstjórn, þá var ekki gjört ráð fyrir honum seinast, þegar mál þetta var rætt, því svo var þá til ætlazt, að allir neíndarmenn í sveitastjórninni skyldu vinna kauplaust; enda held eg, að þeim þyrfti ekki að bregða við þetta, sem verið hefði áður hreppstjórar, því allir vita, hvernig með þá hefir verið farið í þessu tilliti.

Konúngsfulltrúi: Eg skal bæta því við það, er eg sagði áðan, til að fyrirbyggja misskilníng, að eptir því sem eg hefi skilið stjórnina, þá ætlast hún til, að hèr verði sett amtsráð í hvert amt, eður eitt Communalráð (ekki landsstjórnarráð) yfir allt landið. Hver þessi tilhögun sem sett er, getur ekki komizt á án töluverðs kostnaðar, og hann er eg hræddur að leggja á landið, eins og nú stendur.

J. Sigurðsson frá Tandraseli: Þetta mál hefir hèr áður á þíngum verið vel og ítarlega rætt og meðhöndlað; það var bæði 1853 og 1855, svo sem alþíngi gjörði sèr allt far um að ráðslaga um það, og senda stjórninni sínar tillögur um það, að eg get ekki skilið, að þetta þíng gjöri það betur, þó það fari nú að taka það mál til meðferðar. Eg held, að stjórnin hafi því í höndum nægar upplýsíngar í því máli, og eg vil trúa henni til þess, að hún sinni því, þegar henni þykja hentugleikar til þess. Annars er sveitarstjórnin, sem stendur, ekki svo vond, að ekki sè önnur mál, sem meira ríður á að þíngið gefi sig við í þetta sinn, og mèr virðist, að það muni fá nóg verkefni, þó ekki sè þetta mál tekið til neíndar.

G. Brandsson: Eg gjöri ráð fyrir, að ef þíngið tekur mál þetta til umræðu, þá verði uppástúngur þess að miklu leyti byggðar á því, er það samþykkti, þegar það seinast hafði mál þetta til meðferðar, svo þó embættismenn yrði eptir bendíngu *konúngsfulltrúa* kallaðir saman úr ýmsum áttum landsins til að segja um það álit sitt, og málinu þar með frestað, þá er ekki víst, að hvað miklu eða litlu leyti að þíngið gæti síðar fallizt á uppástúngur þær, er þeir semdi um þetta efni. Stjórnin getur með öðru móti heyrt tillögur þeirra, og þá tekið þær upp í frumvarp það, er hún líklega legði fyrir næsta þíng, ef henni svo sýndist, og mundu þíngmenn þá veita þeim fullt athygli. Þar sem þíngmanni Mýrasýslu þótti óþarfi að fara þessu á flot núna, af því svo skammt væri liðið, síðan alþíngi hefði sent um það bænarskrá, og málið væri í undirbúníngi hjá stjórninni, þá get eg ekki verið honum samdóma í þessu; hann hèlt, að lítið mundi ávinnast, þó menn nú ítrekuðu óskir sínar í þessu máli, en svo hefir verið fyrri sagt um önnur mál, sem þó hafa feingizt út-

kljáð að lokunum, tek eg til dæmis verzlunarmálið, sem leingi átti erfitt uppdráttar, og undirskriptamálið, því öllum mun vera í fersku minni, hversu mörg vandkvæði voru talin á því, að konúngur vor gæti skrifað undir íslenzka textann, en nú er þó þetta orðið, og íslenzkan sett á undan dönskunni. Vita menn þó ekki til, að neinar þær stjórnarbreytíngar hafi orðið í Danmörku, sem hafi gjört þetta auðveldara nú heldur en fyrri, og getur líkt farið um fleiri mál, ef menn ekki þreytast að halda þeim fram.

J. Hjaltalín: Á hinum eldri þíngum hefir sveitastjórnarmálið opt verið rætt, en er ei enn þá komið í gott horf, og er það eðlilegt, því menn gæta ei að því, að sveitastjórnin stendur í nánu sambandi við stjórnarfyrirkomulag alls landsins. Nú hefir stjórnin lofað nýrri stjórnartilhögun fyrir Ísland, og þykir mèr ísjárvert að taka einn part úr heildinni og gjöra út um hann eða fyrirkomulag hans, því sveitastjórnin er að eins einn partur af hinni almennu stjórn landsins. En meðan mönnum er ókunnugt, hvernig stjórnarfyrirkomulag Íslands muni verða, geta menn ei vitað, hvernig haga skuli hinum sèrstaklegu greinum þess, og því eigi heldur sveitastjórninni, sem hæglega gæti komið í bága við yfirstjórnina, ef nú væri þegar gjört út um fyrirkomulag hennar, og vil eg því óska, að eigi yrði hreift við sveitastjórninni að svo komnu.

Arnljótur Ólafsson: Mèr þykir það undarlegt, að þíngmenn skuli tala á móti nefnd í þessu máli, einkum þar eð þínginu er í stjórnarlögum vorum heitinn meiri rèttur í þessu máli en öðrum, og á því fulla kröfu á, að því verði gegnt. Þíngmenn hafa fært tvær ástæður móti nefndarkosníng í máli þessu; önnur er sú, að stjórnin muni leggja á síðan frumvarp fram, og hún muni taka tillögur alþíngis 1855 til greina, en hin ástæðan er sú, að hún sè farin að hugsa sèr að setja hèr amtsnefndir, en sýslunefndir eingar, heldur eins konar landnefnd, og því sè eigi vert að fara að rugla stjórnina í þessum reikníngum sínum. Vèr vitum þá, að stjórnin er að hugsa málið, og ef svo vel vill til, eins og sumir hafa sagt, að vilji hennar fari sömu leiðina, sem ósk alþíngis, þá sýnist mèr, að alþíngi ætti eigi að hafna tækifærinu til þess að biðja stjórnina um það, sem það veit að hún er fús á að veita. En sè nú svo, að stjórnin sè að búa frumvarp til, sem vèr megum vera hræddir um að ekki muni eiga alls kostar vel við hèr á landi, þá gæti þíngið, ef það nú tekur málið til meðferðar, girt fyrir óhentugt frumvarp frá stjórninni um sveitastjórn, og

bent henni á ýms ný atriði í málinu. Þar sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður gat þess, að sveitastjórnin væri partur af stjórn alls landsins, og hafði það sem ástæðu á móti nefnd, þá sýnist mèr það eingin ástæða á móti nefnd, heldur mæla með nefnd, því að sönnu stendur sveitastjórnin í sambandi við landstjórnina, en hún er líka sèrstakleg og óháð henni, einkum þar sem henni er frjálslega fyrir komið. Eg veit, að þíngmaðurinn fellst á að svo sè, því honum mun kunnugt um sveitastjórn á Einglandi. Með því nú að sveitastjórn er sèrstakleg, og að mörgu leyti aðgreind frá landstjórninni, þá er rètt, að ætlun minni, að kjósa nefnd í þetta mál sèr; en það mælir og með nefnd í málinu, að vèr eigum bráðum von á stjórnarbót á landi hèr, og það því fremur, sem álíta verður, að sveitarstjórnin sè undirstaða landstjórnarinnar, en mèr finnst menn eigi að fara hèr að, eins og þegar menn byggja hús, að byrja að neðan og byggja upp eptir, eður leggja fyrst grundvöllinn, en ekki að byrja að ofan og fara ofan eptir.

G. Brandsson: Þíngmaður Borgfirðínga gat þess, sem eg vildi hafa sagt, að venja væri að leggja fyrst undirstöðu og byggja síðan ofan á, og er líklegt að stjórnin líti eins á málið; því það er kunnugt, að hússtjórnarlögin, sem þó standa neðar en sveitastjórnarlögin, hafa verið í smíðum hèr á landi næstliðinn vetur, og það eptir tilhlutun sjálfrar stjórnarinnar, og vildi hún hafa lagt þau fyrir þetta þíng, hefði hún ekki haft of nauman tíma til þess; það eru því líkur til, að stjórninni sè það ei ógeðfellt, þó sveitastjórnarmálið sè tekið fyrir hèr á þínginu.

J. Hjaltalín: Þar sem þíngmaður Borgfirðínga benti til sveitastjórnar á Einglandi, þá vil eg spyrja hann að, hvenær sveitastjórnin á Einglandi hafi byrjað; var það ekki með „parlamentinu“? því „parlamentið“ er eigi annað en stór sveitarstjórn; sveitarstjórnin þar getur ei gjört annað en það, sem „parlamentið“ vill. Þar sem þíngmaður Gullbríngusýslu sagði, að menn ætti að byggja á grundvellinum, þá vil eg spyrja: hvað er grundvöllur sveitarstjórnarinnar, er það ekki hin æðsta stjórn t. a. m. alþíngi hèr á Íslandi? eða landstjórn innlenzk, ef að hún á sínum tíma getur á komizt.

G. Brynjúlfsson: Eg skal nú manna sízt verða til þess að neita, að sú aðferðin sè æfinlega rèttari, að byrja heldur að byggja húsið að neðan, en að ofan. En einmitt af því mèr finnst oss Íslendínga enn vanta svo margt, sem jafnvel er neðar enn sjálf sveitastjórnin, eins og t. a. m. öll tilhögun á bústjórn og vinnufólkshaldi hèr í

landi, sem hinn heiðraði þingmaður úr Gullbringusýslu minntist á; einmitt vegna þess held eg ei, að árángurinn geti orðið mikill af því fyrir þingið, að fara nú þegar að fara út í sjálft sveitastjórnarmálið. Á Einglandi er það að vísu satt, að allt hefir þar skapazt og myndazt koll af kolli og á eðlilegan hátt, en því miður vantar oss hèr enn svo ofboð margt og jafnvel sjálfa undirstöðuna, sem Einglendíngar þó fyrir öndverðu byggðu á; og sè eg því ei, til hvers það er að fara nú undir eins að benda oss til dæmis þeirra í þesu máli. Hèr ræðir enn að eins um nefndarkosníngunа, og væri æfinlega bezt að vera sem stuttorðastur um slíkt, til þess að taka ei meira af tíma þíngsins frá öðrum störfum, en nauðsynlegt er; en með því eg nú ekki fæ sèð, að þíngið geti að sinni gjört nokkuð meira í málinu, en það hefir áður gjört, þó það nú aptur taki það til yfirvegunar, og af því sjálfur flutníngsmaður bænarskrárinnar hefir sagt, að aðalaugnamið hennar að eins væri að hvetja þíngið til að herða á stjórninni með málið, sem víst æfinlega í sjálfu sèr er mikilsvert —, þá finnst mèr það fullkomlega nægja, ef menn nú að eins gæti fundið upp einhverja þá aðferð, sem fullnægði þessum tilgángi beiðanda og ósk allra vor, án þess þó að tefja þíngið á óþarfanefndum. Skal eg því leyfa mèr að stínga upp á því, ef slík uppástúnga er hèr löglega fram borin — því það veit eg ei með vissu —, að þíngið í þetta sinn að eins álykti, að biðja stjórnina að flýta fyrir málinu, en að öðru leyti sleppi nefndarkosníngu að svo stöddu.

Páll Sigurðsson: Þetta mál hefir verið tekið fyrir á alþíngi 1853 og 1855 og ítarlega rætt, og voru þá margbreyttar skoðanir á því, og fannst mönnum það þá mjög örðugt viðfángs, svo við sjálft lá, að úr því yrði ógreiðanleg benda. Virðist mèr því vel til fallið, að málið væri nú tekið aptur fyrir; því það gæti orðið til stuðnings fyrir stjórnina, og menn gæti nú varað sig á göllunum, sem þóttu vera 1855. Sveitarstjórn og góð hússtjórn er undirstaða undir góða landstjórn, og þar eð menn nú eiga von á frumvarpi frá stjórninni um fyrirkomulag landstjórnarinnar, þá væri það mjög óhentugt, ef bæði þessi mál yrði samferða, og virðist mèr því betra, að menn hugsi nú um sveitarstjórnarmálið, sem þarf mikilla umbóta við, og mundi með því betri samstemma geta komizt á milli sveitastjórnar og landstjórnar, og vil eg því mæla með nefnd í málinu, og það því fremur, sem óvíst er, að frumvarpið frá stjórninni um stöðu Íslands í ríkinu komi

strax, og vil eg því ekki fresta málinu, heldur að það sè rætt á þinginu nú, og þar stjórnin hefir nú í höndunum skoðun þingsins á þessu máli, að menn þá aptur bendi stjórninni á þau helztu undirstöðuatriði, sem þingið álítur nauðsynlegt að frumvarpið væri á byggt. Það má kann ske líka leingi bíða eptir endurbættri landstjórn hèr, eða við fáum jafnrètti við aðra ríkishluta konúngsveldisins, því þó því hafi þráfaldlega verið lofað, þá vitum við ekki, hvenær þessi tími stjórnarinnar kemur, svo það er að sjá, að hjá stjórninni sè 1000 ár sem 1 dagur.

Guðmundur Brandsson: Hinn 6. konúngkjörni þingmaður sagði, að alþingi væri grundvöllur sveitastjórnarinnar; því vill hann þá hrinda málinu frá þinginu? þetta þykir mèr mótsögn. Sæi stjórnin, að sveitastjórnarmálinu væri vel fyrir komið, og hún gæti sèð, að við værum færir um að stjórna oss í hinu minna, kynni vel að vera hún yrði fúsari að gefa oss meira frelsi í því stóra, og fyr koma fram með frumvarp til stjórnarskipunar fyrir Ísland, og finnst mèr þetta því ný ástæða fyrir því að kjósa nefnd í málið.

Arnljótur Ólafsson: Hinn háttvirti 6. konúngkjörni þingmaður sagði, að parlamentið, málþingið eður lögþingið á Einglandi, væri samsett af hèraðaþingum. Þetta er öldúngis rètt hermt, málþing Englendínga er að uppruna sínum til landsþing eður alþingi, því að þar áttu menn sæti úr hverju hèraðsþingi og bæjarþingi, enda var og parlamentið optlega kallað alþingi *(the common council)* í fyrri daga. Með þessum sínum eigin orðum hefir þá hinn háttvirti þingmaður sjálfur sagt, að sveitastjórnin hafi á Einglandi verið undanfari aðalstjórnar landsins, og væri það því undarlegt, ef hann vildi, að öfugt væri að farið hèr á landi. En þar sem þingmaðurinn sagði, að parlamentið setti nú lög um sveitamál, er sveitastjórnirnar yrði að hlýða, þá er auðvitað, að svo er; en hitt er og víst, að sveitanefndir, og þó einkum bæjarnefndir hafa enn mikið frelsi á Einglandi, þar sem þeim er heimilaður rèttur til að setja aukalög *(bylaws)*, eður gjöra samþykktir til betri og haganlegri stjórnar á sínum málum; fyrir því eru og margskonar reglur og frábrugðnar samþykktir á Einglandi, eptir því sem til hagar í hverju bæjarfèlagi eður sveit.

Eg hefi leyft mèr að drepa á þetta mál, af því eg veit, að hinn 6. konúngkjörni þingmaður ber, eins og eg, hina mestu virðíngu fyrir stjórnarhætti Englendínga. Þá vil eg og benda hinum 6. konúngkjörna þingmanni til þess, að von er á uppástúngu um stjórnarbót nú á þessu þingi, og fæ eg sannarlega eigi sèð, hvernig alþingi get-

ur farið að kjósa nefnd í það mál, en reka sveitasjórnarmálið frá sèr; nú með því að mèr hefir svo skilizt, sem þingmaðurinn vilji hafa stjórnarbótarmálið fram, þá vona eg, að hann sè því eigi mótfallinn, að sveitastjórnarmálið verði því samferða, því hvort sem hann nú ætlar, að sveitastjórnin eigi að fara á eptir eður á undan, þá hefir hann þó sagt, að þessi mál væri svo náskyld, að það væri mikil ósamkvæmni af honum, að gjöra þeirra skilnað svo mikinn, að annað þeirra skyldi sitja strandsetri hèr á landi, meðan hitt siglir út fyrir pollinn.

Jón Hjaltalín: Eg mælti á móti nefnd í þessu máli einkum vegna þess, að eg hèlt, að ekkert frumvarp um stjórnarbótarmálið yrði lagt fyrir þetta alþingi og áleit því, að gagnslaust væri að ræða sveitarstjórnarmálið; en verði nú lagt fyrir þingið frumvarp um stöðu Íslands í ríkinu (*Forseti:* þingmaðurinn meinti bænarskrá). Nú! ef svo er, þá fell eg frá meiníngu minni, og hefi ekkert á móti, að málið sè tekið fyrir.

Arnljótur Ólafsson: Eg sagði uppástúnga.

Konúngsfulltrúi: Mín meiníng um það, að rèttast sè að setja einga nefnd í þessu máli, hefir ekki getað breytzt við þær laungu umræður, sem þegar eru orðnar um það. Eg sè eigi, hvað þingið ætlar að ávinna með því, að taka nú þetta mál aptur til umræðu; því það getur þó ekki ætlað sèr að fara sjálft að búa til nýtt frumvarp, og ekki get eg heldur sèð, að það eigi við, að það biðji stjórnina um nýtt frumvarp aptur; hvar á móti mèr finnst það bezt eiga við, að þingið, við svo búið, bíði eptir því, hvað stjórnin gjörir framvegis við málefni þetta, er henni mun ekki falla úr minni. Að öðru leyti virðist mèr ræður þingmanna hafa verið nokkuð á reiki um þetta mál, og sumir þeirra ekki verið lausir við að misskilja orð mín. Eg talaði um það sem mögulegt, að sett kynni að verða hèr eitt stórt communalráð fyrir allt landið, en eg talaði ekki neitt um landsstjórnarráð. Eg hefi ekki heldur gefið tilefni til þess, sem nokkrir þingmenn hafa talað hèr um, að illa færi á því að byrja byggínguna frá ofanverðu, því ef stjórnin á ný leggur frumvarp til sveitastjórnarlaga fyrir þingið, þá mun slíkt frumvarp innibinda í sèr ekki einúngis yfirstjórn í sveitarmálefnum, heldur líka sveita- eða hreppastjórn og má ske sýslustjórn, og þannig, eins og eðlilegt er, byrja á grundvelli byggíngarinnar.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vildi vekja athygli þingsins á því, að tilgángur bænarskráarinnar er sá, að þingið herti á stjórninni að flýta fyrir málinu, en ekki sá, að þingið skyldi semja

nýtt frumvarp. Virðist mèr því rèttast, að kosin væri nefnd til að semja ávarp til konúngs um, að flýta fyrir málinu. En mèr finnst þíngið vera sjálfu sèr ósamkvæmt, ef það nú hrindir málinu; því 1853 og 1855 var þíngið einhuga á sveitarstjórnarmálinu, en sýnir, að það nú er orðið annars hugar, ef nefnd er eigi kosin í það. En að mesta þörf er á nýrri sveitastjórn, sèst daglega á ræðum þíngmanna, t. a. m. í vegabótamálinu; og því skyldu menn þá eigi velja nefnd í þetta mál, sem öllum þykir þó svo mikils varðanda?

Konúngsfulltrúi: Ef þíngmenn væri hræddir um það, að stjórnin hèldi, að þínginu væri horfinn allur hugur á sveitastjórnarmálinu, ef það eigi sendir um það bænarskrá í þetta sinn, þá er hægt fyrir þíngið að fyrirbyggja það, með því að fara í líka átt, eins og þíngmaðurinn frá Skagafjarðarsýslu stakk upp á.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr þykir vænt að heyra af orðum hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að hann álítur uppástúngu mína svo rèttilega framborna, að hana megi taka hèr til greina, og skal eg því ei framar leingja umræður um þetta mál. Að eins eitt atriði vildi eg þó enn leyfa mèr að taka fram. Sumir álíta, að nú þegar sè nauðsyn að fara frekar út í sveitarstjórnarmálið sjálft, en eg verð þá að spyrja: hvað er stjórn og til hvers er hún sett? Að mínu viti er hún ekki annað en verkfæri til að koma því fram, sem menn álíta rètt og nauðsynlegt; og spursmálið er þá allt af um, hvort sú sveitastjórn, sem nú er, nægi ei *í bráð* til þess að koma því til leiðar, sem allranauðsynlegast er fyrst, og undirstaðan er undir öllu hinu, að bæta sumsè og efla búnaðarhag manna bæði á sjó og landi. Því til hvers er að hugsa svo mjög um sjálfa stjórnina, meðan margt það enn vantar, sem stjórna skal? En þó skal eg nú ei fara leingra út í þetta, eins og eg ei heldur í raun og veru vil vera sjálfu málinu mótfallinn, ef það kemur fyrir; en eg ætla mèr heldur að minnast ögn á það, sem þíngmaður Borgfirðínga sagði um uppruna hins enska þjóðþíngs, því eg held það ei gott, að svo rángar skoðanir komi mótmælalaust fram á þínginu. Það er eingan veginn rètt, að „parlamentið“ enska sè upprunalega sprottið af sveitastjórn eða sveitanefndum, heldur veit hver, sem þekkir sögu Englands, að yfirhúsið, sem nú er kallað, og þar sem lávarðarnir enn eiga erfðasetu, er upprunalega að eins svo til komið, að konúngur stefndi hinum svo nefndu „barónum“ á sinn fund til ráðagjörðar um ríkismál; slíkt kölluðu menn á Norðurlöndum höfðíngjastefnur í fornöld, og barónarnir ensku svara beinlínis til fornra hersa

í Noregi eða goðanna, sem sátu í lögrèttu hjá oss, og annara sveitarhöfðíngja, en með eingu móti til almúgamanna. Sama er og í raun og veru að segja um uppruna undirhússins, er í fyrstu líka var sameinað yfirhúsinu, að þeir, sem þángað komu, voru heldur með eingu móti alþýðumenn, en svara helzt til „hölda“ hjá oss í hèruðum, eður slíkra minni sveitarhöfðíngja, er goðarnir höfðu með sèr í lögrèttunni til ráðagjörðar, sína tvo hver; þeir voru á Englandi kallaðir *„knights of shires“*, riddarar úr hèruðum, og var það upprunalega skipan konúngs, að umboðsmaður hans í fylkinu skildi senda tvo slíka menn til þíngs úr hverju umdæmi. (*Forseti* kvað óviðkomandi málinu). Eg er þá líka fús á að hætta því í þetta skipti, með því eg hefi ekki heldur í fyrstu hafið máls á þessu, og var nú líka að mestu leyti búinn. Hvað sjálfu málinu, sem hèr um ræðir, viðvíkur, skal eg að eins enn bæta því við, að þar sem sagt hefir verið, að ástæða væri meiri til að taka nú sveitastjórnarmálið til greina, ef almenn landstjórn yrði og rædd á þínginu í þetta sinn, þá skal eg heldur ei neita því, að þetta er sjálfu sèr vel samkvæmt. En einmitt af því eg vil byggja að neðan, en ei að ofan, sè eg nú ei heldur mikla ástæðu til að fara svo lángt út í hið *almenna* landstjórnarmál í þetta skipti; hitt er annað, að menn reyni að endurbæta einstök atriði og þá þau, sem mest er undirkomið.

Forseti: Eg vil geta þess viðvíkjandi uppástúngu þíngmanns Skagfirðínga, að um hana getur eingin atkvæðagreiðsla farið fram, að svo komnu, eða á meðan stendur á inngángsumræðunni, en það verður að vera komið undir nefndinni, ef nefnd yrði sett í málið, hvort hún vill ráða til að taka þá stefnu í málinu.

Ásgeir Einarsson: Það er lítið gagn í því að tala um sveitarstjórnina á Englandi, því alþíngi býr eigi til sveitarstjórn í þetta sinn eins og hún er á Englandi, enda munu Íslendíngar ekki verða gjörðir að Englendíngum fljótlega. Þíngmaður Skagfirðínga sagði, að sú sveitastjórn, sem væri hèr, nægði til að framkvæma það, sem þyrfti, en hefir þá kláðamálið eigi sýnt það, að þörf er á annari sveitastjórn en hreppstjórum og prestum? Það er öllum kunnugt, hvernig til geingur með sveitastjórnina: hreppstjórar eru launalausir, settir af amtmönnum um 3 ár, og þegar þau eru liðin, verða flestir fegnir að sleppa við hreppstjórnina, og þetta geingur, þángað til ekki fæst annar til að vera hreppstjóri en sá ónýtasti af öllum hreppsbændum. Sumir vilja ekki taka sveitarstjórnarmálið til nefndar, eða meðferðar, meðan ekki sè útkljáð um samband Íslands við Danmörku

og yfirstjórn í landinu sjálfu, og hafa þeir nokkuð til síns máls; en svo vill nú til, að bænarskrár eru komnar til þingsins um þetta efni; árið 1853 voru þau 3 mál tekin fyrir, stjórnarbótar-, sveitastjórnar-, og hússtjórnarmálið, og lýsti *konúngsfulltrúinn* ánægju sinni yfir því, hvað vel hefði tekizt með stjórnarbótarmálið, og spáði vel fyrir því, en sá spádómur er ekki rættur enn þá, getur mèr þó ekki betur sýnzt, en frestur þess máls sè slagbrandur fyrir flestum framkvæmdum í allri landsstjórn á Íslandi; eg þykist því viss um, að þingið taki það mál til meðferðar á þinginu nú, og þurfi því ekkert að vera því til fyrirstöðu, að kjósa nefnd í sveitastjórnarmálið.

Indriði Gíslason: Eg hefi leingi staðið í þeirri meiníngu, að alþíngi heldur vildi láta sèr miða áfram, en aptur á bak, og hvað sem nú sveitastjórninni líður á Einglandi eða hvar annarstaðar, þá hefir líklega alþíngi verið stiptað í þeim tilgángi, að gefa þjóðinni kost á að láta meiníngu sína í ljósi, og þíngið yfirvegi vel þá meiníngu, enda segir máltækið, að hver sè sínum hnútum kunnugastur, og hver getur nú verið kunnugri *þörfum* sveitarstjórnarlögunar, en sveitirnar sjálfar, er bera sig nú upp fyrir þínginu, og því skyldu menn nú ekki mæla með nefnd í málinu?

Arnljótur Ólafsson: Þótt eg vilji eigi orðleingja framar um sveitastjórn á Einglandi, þá neyðist eg til að svara þíngmanni Skagfirðínga því einu, að lýsíng hans á einúngis við efri málstofuna, en alls ekki við neðri málstofuna, því þar er lýsíng mín rètt, og skal eg sýna honum það svart á hvítu, hvenær sem hann vill.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Það var ekki af því, að eg var mótfallinn nefnd í þessu máli, að mèr þætti einkis ábótavant í sveitastjórnarlöguninni, sem er, heldur var hitt, að mèr sýnist, að þíng þetta muni fá nóg annað enn nauðsynlegra til að ræða um og afgjöra. Stjórnin hefir hvorki neitað að gegna þessu máli nè hússtjórnarmálinu, þau eru bæði í smíðunum hjá henni, og get eg haft þolinmæði að bíða eptir þeim. Eg vil ekki fara svo lángt inn í málið að svara þeim, sem hafa sagt, að framkvæmdir sveitarstjórnarinnar mundu gánga betur, ef nefndarstjórn væri í sveitunum, það megi sjá á kláðamálinu; en það er sjaldan (sem betur fer), að svo standi á, að alþýðan verði eða þurfi, að brjótast beint á móti ráðum stjórnarinnar, það getur skeð, að það gángi betur með nefndarstjórn, en að framkvæma og framfylgja nauðsynlegum skipunum yfirvalda og stjórnarinnar, og ráða úr fyrir fátækum, mun gánga allt

eins vel og líjótt, að einn sè hreppstjóri eða forstöðumaður sveitarstjórnar í hverri sveit.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mig getur ei annað en furðað á því trausti, sem þingmaður Mýramanna hefir í þessu máli til stjórnarinnar, sem þó ekki er vandi hans, og get eg alls ekki verið honum samdóma; með því að kjósa nefnd í málið, vinnur þingið það tvennt, fyrst að herða á stjórninni, með að flýta því sem mest, og í annan stað kynni með því að fyrirbyggjast að stjórnin sendi þinginu frumvörp til sveitastjórnarlaga, sem ekki ætti alls kostar vel við, sem eg annars kostar hefi nokkra ástæðu til að óttast fyrir.

Pètur Pètursson: Þar bænarskráin fer því á flot, að alþingi láti í ljósi áhuga sinn á því, að gefin verði ný sveitarstjórnarlög, án þess að nýtt frumvarp sè samið, þá vil eg greiða atkvæði með því, að nefnd sè sett; því nefndin getur gjört annaðhvort, að semja nefndarálit þess efnis, að það skýri stjórninni frá áhuga landsmanna á þessu máli, eða þá ávarp frá þinginu í þess stað, og er eg að því leyti á sama máli og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og þingmaður Skagfirðínga.

Jón Hjaltalín: Þar mèr virðist *forseti* og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki vera á sömu meiníngu viðvíkjandi uppástúngu þíngmanns Skagfirðínga, þar sem *konúngsfulltrúi* vill láta taka hana til greina, en *forseti* ekki, vil eg, þar mèr þykir mál þetta mjög áríðanda, og það mikilsvarðanda, að því verði ráðið sem bezt til lykta, spyrja hinn háttvirta *forseta*, hvort þingið eigi geti haldið sèr til uppástúngu þíngmanns Skagfirðínga, ef nefnd eigi yrði kosin í málið?

Forseti: Eins og eg benti til áðan, þá sè eg eigi, að uppástúnga hins heiðraða þíngmanns Skagfirðínga verði tekin til greina eða atkvæða í þessari umræðu málsins, því samkvæmt 63. gr. í alþingistilskip. verður annaðhvort að gjöra við hverja þá uppástúngu er kemur fram á þíngi, að kjósa nefnd í málið, eða ónýta það eða fella með atkvæðagreiðslunni, og eru þar undantekin einúngis þau mál, sem 77. gr. alþingistilskipunarinnar getur náð til.

Konúngsfulltrúi: Þegar eg benti hinu heiðraða þíngi til uppástúnga þíngmannsins úr Skagafjarðarsýslu, vildi eg ei nákvæmar taka það fram, hvernig þingið skyldi nota hana, því það áleit eg meir viðkoma hinum háttvirta *forseta* en mèr. Eg skal geta þess, að það sem hinn nefndi þíngmaður stakk upp á, líkist því, er Danir kalla „*Dagsorden*“. Fyrir henni er að vísu ekki gjört ráð í þíng-

sköpum vorum, en eg sè þó á hinn bóginn ekkert ólöglegt í því, þó málinu nú væri vísað frá þinginu með þeirri athugasemd, sem þingmaðurinn stakk upp á.

Gísli Brynjúlfsson: Ef uppástúnga mín, eptir því sem hinn háttvirti *forseti* nú hefir sagt, ei er með öllu lögleg hèr á þingi, þá er eg fús á að taka hana aptur. Skal eg þá og heldur ei leingur vera á móti nefnd í þeim tilgángi að herða á stjórninni með málið.

Jón Hjaltalín: Eg er þá einnig á því, að málið verði ánýjað við stjórnina.

Forseti: Eg verð þá að álíta málið nægilega rætt.

H. G. Thordersen: Á það að vera ætlunarverk nefndarinnar einúngis að semja ávarp til konúngs, um að flýta frumvarpi sínu eða er það meira? sè hið fyrgreinda, ætla eg að gefa atkvæði fyrir nefndinni, annars ekki.

Forseti: Nefndin hefir fríar hendur.

Var síðan geingið til atkvæða og samþykkt með 19 atkvæðum gegn 4, að kjósa skyldi nefnd í málinu. En þar bæði var stúngið upp á 3 manna nefnd og 5 manna nefnd, var geingið til atkvæða um, hvort heldur skyldi vera, og var 5 manna nefnd samþykkt með 13 atkvæðum gegn 7.

Var síðan geingið til kosníngar í nefndina, og voru þessir kosnir:

Pètur Pèturson með . . . 13 atkv.
Arnljótur Ólafsson með . 12 —
Sveinn Skúlason með . . 11 —
Gísli Brynjúlfsson með . 10 —
Jón Sigurðson frá Gautl. með 10 —

Og voru skjöl málsins síðan afhent *varaforseta,* er hlotið hafði flest atkvæði.

Forseti: Þar næst kemur eptir dagskránni bænarskrá úr Austur-Skaptafellssýslu *um breytíngu á J. b. R. b. II. kap.* Var bænarskráin afhent þíngmanni Austur-Skaptfellínga.

Stefán Eiríksson: Þíngmenn hafa raunar lesið bænarskrána á lestrarsalnum, en þó er líklega betra að lesa hana upp.

Var þá bænarskráin upp lesin, svo látandi:

„Vèr hèr undirskrifaðir innbúar Austur-Skaptafellssýslu óskum, að hið heiðraða alþíngi taki til yfirvegunar og álita eptirfylgjandi atriði. Það er alkunnugt, að Jónsbókarlög eru á margan hátt mis-

skilníngi undirorpin, og það hjá hinum löglærðu mönnum, og þá er ekki von, að hinir ólöglærðu geti leitt sèr í grun neina vissu af lögbók þessari, sem þó þyrfti að vera. Það er einkum rekabálkur Jónsbókar, 2. kapítuli, sem nauðsynlega þarf að takast til íhugunar, sèr í lagi þau atriði, sem snerta ítaksfjörurnar, því leiguliðar, þar sem svo á stendur, að ítaksfjara er inn í landareigninni, vilja hafa sömu rekaítölu af ítaksfjörunni og landsleigufjörunni, en það er orðin venja að eptirgefa af landsleigufjöru 4 alna laung trè og þaðan af smærri, einkum á konúngsjörðum, en í Jónsbókar rekabálki, 2. kapítula, er að eins talað um af ítaksfjöru álnarkefli og smærri; en til að fyrirbyggja misklíð og misskilníng lögbókarinnar í þessu efni óskum vèr, að hið heiðraða alþíngi taki 2. kapítula í rekabálki Jónsbókar til yfirvegunar, og sendi þegnsamlega bænarskrá til konúngs vors um.

1., að lagt verði fyrir alþíngi 1861 frumvarp til laga um rekarètt af ítaksfjörum, þannig:
   a) að ítaksfjörueigandi eða rekamaður hafi allan trjáreka af fjöru sinni.
   b) en leiguliði eður landeigandi, þar sem svo á stendur, fái þóknun eptir samkomulagi fyrir björgun trjánna.
2., að hvort heldur leiguliði eður landeigandi búa á jörð þeirri, hvar ítaksfjara er í landareigninni, þá hafi þeir einir rètt fremur öðrum óviðkomandi að vera fjöruvaktarar, ef rekamaður ekki sjálfur getur vaktað reka sinn.
3., að rekamaður hafi 6 álna lánga hákalla og þaðan af stærri, hnísur allar, 6 álnir og þar yfir, hvali alla, þorska alla, er heilir reka á land.

Skrifað í maí 1859“.

(41 nafn).

Stefán Eiríksson: Eg verð reyndar að játa það, að eg var ei fastur á, að semja þyrfti bænarskrá um þetta efni, en vildi þó ei neita kjósendum mínum um að bera hana fram fyrir alþíngi, og eg gat það ekki heldur samkvæmt 39. gr. alþíngistilskipunarinnar. En áður en eg tala meira, ætla eg að biðja hina lögfróðu þíngmenn að segja álit sitt um bænarskrána, þar eg er, eins og þíngmenn vita, einginn lögfræðíngur.

Þórður Jónassen: Eg er samdóma hinum heiðraða flutníngsmanni, að þessi bænarskrá sè ekki mikilsverð, því hún er, að mínu áliti,

hvorki vel hugsuð, nè að efninu til þess umkomin, að nefnd sè sett um hana. Hún snertir einúngis leiguliðagagn á ítakafjörum, sem bænarskráin vill sè annað og minna á ítaksfjörum en á leigulandi. Eg veit nú ekki betur, en að landeigandi og landseti geti samið og sè vanir að semja um leiguliðagagn, og að það fari eptir því, hvernig á stendur í hvert skipti, en þegar svo er, þá er ítaksrekaeiganda innan handar að semja fyrir sitt leyti um leiguliðagagnið við þann, sem á jörðu býr, og að koma sèr saman við hann, hvort það skuli vera meira eða minna en það, sem hann hefir hjá jarðeiganda, og því þarf hèr ekki á neinu lagaboði að halda. Að ágreiníngur sè milli lögfróðra manna um leiguliðagagnið, er mèr ókunnugt, en það get eg fullyrt, að ekki hefir spursmálið í lánga tíma komið undir dómstólana hèr til úrskurðar.

Stefán Eiríksson: Ágreiníngurinn er einkum um það, *að* ábúandi vill hafa leiguliðagagn á ítakafjörum þeim, sem liggja fyrir landi ábúðarjarðar hans. Hver hefir eiginlega rètt til að vakta ítakafjöru, og þá til að fá leiguliðagagn? er það eigandi fjörunnar eða ábúandi landsins? um þetta vantar ákvörðun í Jónsbókinni; þetta var það, sem hvatti kjósendur mína til þess, að bænarskráin var samin, og því get eg ekki verið samdóma hinum háttvirta konúngkjörna þíngmanni um, að bænarskráin sè illa hugsuð, þar hún sýnir fram á, að sinn lögfræðíngurinn segir sitt hvað um rekarètt hèr á landi.

Þórður Jónassen: Mèr finnst það þó eðlilegt, að leiguliðinn hafi sama endurgjald eða leiguliðagagn hjá þeim, sem á ítaksreka, og hann fær hjá jarðeiganda, og eins virðist mèr, að leiguliði standi næst til að hirða rekann á ítaksfjörunni, þegar eigandinn eða rekamaður ekki getur hirt rekann sjálfur, sem honum að öðru leyti hlýtur að vera heimilt, þegar hann getur komið því við; geti hann það ekki, þá á bezt við að fela umsjón rekans ábúanda á jörðinni, fyrir hverrar landi rekinn liggur, og bæði landeiganda og ítaksrekaeiganda hollast, að sami maður hirði hvorntveggja rekann.

Jón Pètursson: Mèr finnst með öllu ófært að taka þannig fáein atriði út úr rekalöggjöfinni og fara að breyta þeim; því breytíngin, sem farið er fram á, getur hæglega komið í bága við aðrar ákvarðanir rekalöggjafarinnar; nema þá ef allur rekabálkur væri tekinn fyrir um leið, og það er ófært að rífa einstök atriði úr samanheingi þeirra í lögunum, því þar við detta lögin öll sundur í sundurlausar

hugsanir eður ákvarðanir. Af þessum ástæðum verð eg að mæla móti því, að nefnd sè sett í þetta mál.

Stefán Eiríksson: Eg er ekkert fastur á því, að bænarskráin verði tekin til meðferðar, þar eg heyri af ræðum hinna konúngkjörnu þíngmanna, er talað hafa, að eingin lagaákvörðun sè til um leiguliðagagn önnur en sú, sem er í Jónsbókarlögum, því eins og hinn 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, er eg samdóma honum í því, að ítaksfjörueigandanum er heimilt að taka hvern þann fjörnvaktara, er hann vill, ef honum þykir landsleigumaður eða landeigandi ótrúir þjónar.

Forseti: Vill þíngmaðurinn þá taka bænarskrána aptur?

Stefán Eiríksson: Eg vil þó heldur óska, að hún sè felld með atkvæðagreiðslu.

Var síðan geingið til atkvæða og bænarskránni hrundið með 22 atkvæðum gegn 2.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngángsumræðu umkvörtun úr Vestur-Skaptafellssýslu yfir því, að *kostnaðurinn við verði á fjallabaki 1857 og 1858 fáist ekki greiddur úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins*, og skal eg geta þess, að eptir samkomulagi við mig er hinn heiðraði þíngmaður Austur-Skaptfellínga flutníngsmaður hennar, enda eiga kjósendur hans skylt við það mál.

Var bænarskráin þá afhent þíngmanninum.

Stefán Eiríksson: Bænarskráin er laung, og í byrjun hennar er einúngis um brèfaskriptir um þetta; það er víst nóg að lesa einúngis niðurlag hennar?

Guðmundur Brandsson: Það er bezt að lesa hana alla.

Var bænarskráin síðan öll lesin, svo látandi:

„Eptir að kláðafaraldrið var alvarlega farið að útbreiðast í Rángárvallasýslu, bannaði amtmaðurinn í Suðurumdæminu, að geldfènaður væri þar á afrètti rekinn sumarið 1857, svo faraldur þetta dreifðist ekki út til annara hèraða; en þótt flestir hlýddi banni þessu, brutu það samt nokkrir á Rángárvöllum, og ráku geldfènað á afrètt þeirra, sem liggur áfastur við afrètt Skaptártúngumanna hèr í sýslu. Sýndist mönnum þá ekki annað fært, þó amtmaðurinn hefði ekki tilsett hèr nefndir til varnaðar kláðanum, en skerast í, að Skaptártúnguafrèttur væri hreinsaður þrisvar á því sumri, til að stía kláðafè Rángvellínga burtu. Kostnaðarreikníng, að upphæð 94 rd., fyrir vörn þessa, sendi sýslumaður Skaptfellínga viðkomanda amt-

manni með brèfi dagsettu *3. febrúar 1858,* og vændist þess, að hann yrði borgaður hlutaðeigendum af jafnaðarsjóðnum, en amtmaður tilkynnti sýslumanni aptur með brèfi af 22. *marz f. á.,* að hann gæti ekki fundið neina ástæðu til að borga kostnað þenna af jafnaðarsjóði Suðuramtsins, þar fyrirtækið, er kostnaðurinn stæði af, hefði einúngis miðað til að vernda Skaptafellssýslu fyrir skaða af kláðafaraldrinu, heldur skyldi upphæð reikníngsins jafnast niður á lausafjártíundina í Skaptafellssýslu. Árið eptir, eða í fyrra 1858, gjörði sýslumaður vor þá ráðstöfun, að sterkar varnir væri settar fyrir fjársamgaungum milli Rángárvalla- og Skaptafellssýslna að fjallabaki og hjá Fúlalæk, og beiddi með brèfi af 24. júlí um amtmannsins samþykki til þess. Vörnina samþykkti amtmaðurinn að vísu, með brèfi 3. ágúst s. á., með þeim fyrirvara, að kostnaður hennar fèlli ekki amtsins jafnaðarsjóði til byrði, heldur greiddist, eins og áður er um getið, af lausafjártíund Vestur-Skaptfellínga. Samt sem áður fór sýslumaður enn þá með brèfi af 8. janúar seinastl. því á flot við amtmann, að kostnaður sá, sem áfallinn var næstliðið sumar fyrir að varna fjársamgaungum á milli Rángárvalla- og Skaptafellssýslna, að upphæð samtals 363 rd. 64 sk. mætti borgast af jafnaðarsjóði Suðuramtsins, bæði vegna þess að kostnaðurinn sè svo mikill, að Vestur-Skaptafellssýsla ekki geti borið hann, og einnig, að Skaptfellíngar hafi unnið öllum amtsbúum gagn með vörninni, en amtmaður svarar sýslumanni með brèfi af *10. marz* í ár á þá leið, að hinn umræddi kostnaður yrði ekki borgaður af Suðuramtsins jafnaðarsjóði, og færir það til ástæðu, fyrst, að varnirnar ekki eru fyrir teknar að opinberri ráðstöfun, og þar næst, að amtið ekki hefir getað tekið tillit til kostnaðarins við þær í þeim ráðstöfunum, sem það þegar hefir gjört til að standast áfallinn kostnað við kláðalækníngarnar. Enn fremur bendir amtmaður til, að landfarsótt þessi verði ekki fyrirbyggð með vörnum.

Málefni þetta er svo mikilsvarðanda fyrir Vestur-Skaptfellínga, að þeir geta ekki látið við svo búið standa, því ekki fjölmennari sýslubúum en þeim, hvar einasta þrír hreppar eiga í höggi að jafna niður á sig 457 rd. 64 sk. kostnaði, er óbærilegt, sem við höfum ekki betur vit á en öll sanngirni tali fyrir að leggist á allt amtið, því þó sýsla þessi sè ekki megnug um að láta alla Suðuramtsbúa fá nægan fjárstofn, þá mun hún, sem stendur og næstkomandi ár, bera mestmegnis af þeim aukatolli, sem jafnaður er á lausafè amtsbúa, og virðist oss, að vèr eigum heimtíng á, að aðrir samamtsbúar

vorir beri með oss varnaðarbyrðina, því heldur sem reynslan hefir sýnt oss, að vörnin hefir hlíft oss fyrir kláðafaraldrinu. Þar eð mál þetta er svo vaxið, að amtmaður vor hefir aptur og aptur neitað um, að varnaðarkostnaður vor verði greiddur af jafnaðarsjóði Suðuramtsins, þá verðum vèr að biðja alþíngi vort að líta á þetta málefni, er oss varðar mjög miklu, og vonum vèr og óskum, að það sendi konúngi vorum þegnsamlega bænarskrá um:

að sá kostnaðarreikníngur, sem áfallinn er, að upphæð 457 rd. 64 sk., fyrir í tvö undanfarin ár að varna sauðfjársamgaungum milli Rángárvalla- og Skaptafellssýslna, verði greiddur annaðhvort af jafnaðarsjóði Suðuramtsins, eða þeim 30,000 rd., sem ríkisþíng Dana hefir veitt til fjárkláðalækninga hèr á landi.

Vestur-Skaptafellssýslu, 1. júní 1859".

(182 nöfn).

Stefán Eiríksson: Mèr finnst sanngirni tala fyrir bænarskránni, því þessi kostnaður hefir verið mjög tilfinnanlegur fyrir Vestur-Skaptfellínga, og ósanngjarnt, að þeir einir skuli standast þenna kostnað, þar sem hann einnig hefir orðið til góðs fyrir marga aðra, og, eins og bænarskráin segir, hafa Vestur-Skaptfellíngar borið í ár mestan hluta til jafnaðarsjóðsgjalda.

Gísli Brynjúlfsson: Þó að þessi bænarskrá sè nokkuð annars eðlis, en þær hinar aðrar viðvíkjandi kláðamálinu, sem áður hefir verið ályktað að setja nefnd í, þá get eg þó ei annað sèð, en að henni sè fullborgið, ef henni að eins verður vísað til þessarar aðalnefndar. Það er auðvitað, að ef sú nefnd kemst að þeirri niðurstöðu, að rètt sè yfir höfuð að halda vörðu, til þess að varna útbreiðslu kláðans, og gjalda hlutaðeigendum fyrir úr almennum sjóði, þá verða Skaptfellíngar eigi heldur út undan, heldur er sanngjarnt að gjalda þeim einnig hinn fyrri tilkostnað sinn. Stíng eg því upp á því, að bænarskrá þessari verði að eins vísað til aðalnefndarinnar í kláðamálinu.

H. Kr. Friðriksson: Eg get eigi betur sèð, en að bænarskrá þessi heyri beinlínis undir 49. gr. í alþíngistilsk., og að það hafi verið og sè bein skylda *forseta*, að vísa þessari bænarskrá frá þínginu, og samkvæmt 77. grein, þar sem til er tekið, að vísa skuli til hlutaðeigandi amtmanna umkvörtunum yfir órètti, sem einstöku menn þykjast hafa orðið fyrir. En hèr er alls enginn órèttur gjörður Skaptfellíngum, því að þeir vissu það fyrirfram, að þeir

yrði að borga verðina sjálfir; stiptamtmaður hafði sagt þeim, að þeir mætti setja verði þessa, en þó því að eins, ef þeim svo líkaði, að þeir sjálfir kostuðu þá. 1857 átti enginn kláði að vera í Rángárvallasýslu, en þó var bannað að reka þar fè á afrèttir. Hefði þessu verið hlýtt, þá hefði einga verði þurft, og engin ástæða til umkvörtunar. En hafi því banni eigi verið hlýtt, þá áttu Skaptfellíngar að bera sig upp undan því, og fá það lagfært. Auk þess virðist nú, að nógu mörg útgjöld liggi á jafnaðarsjóðnum. Eg veit ekki heldur, hvort amtmenn geta lagt slíkan kostnað, sem eigi er lögákveðinn, á jafnaðarsjóðinn.

Ólafur Jónsson: Eptir 77. gr. í alþingistilskip. finnst mèr þingið hafi fullan rètt til að taka þetta mál til meðferðar, og fellst eg því á uppástúngu þingmannsins úr Skagafjarðarsýslu, að vísa því til nefndarinnar, sem kjósa á í kláðamálinu; því mèr finnst það rèttilega heyra þar undir.

Páll Sigurðsson: Jafnvel þó eg álíti, að þetta heyri til kláðamálsins, því það er einmitt ángi af því, þá má eins vel kjósa í það sèrstaka nefnd, eins og að fresta því, þar til nefndin er kosin í kláðamálið. En hvað því viðvíkur, að eg 1857 hafi sagt, að enginn kláði væri þá á Rángárvöllum, hugsaði eg, satt að segja, að kláðinn væri þar drepinn, en hann var kæfður, en ekki drepinn. En þar sem amtið bannaði Rángvellíngum að reka fè sitt á afrètt; þá, hvort sem nú þingmaðurinn úr Reykjavík eða aðrir hafa gefið hinu útlenda yfirvaldi þetta ráð, sáu það strax kunnugir menn, að þvílíkri skipun, að vakta jafnmikið fè í litlum heimahögum, var ómögulegt að hlýða, því bæði yrði það ríghorað við það sparhald, og spillti ávexti af kúm, og þar til væri víst, að eitthvað slyppi úr vöktun. Menn tóku því upp það skynsamlegra ráð, að breyta til með vörnina, nota nokkuð af afrèttum sýslunnar til sumarbeitar, en setja vörð með Markarfljóti, og þykir mèr því furða, ef stiptamtmaður ekki vildi sjá til, að Rángvellíngar feingi endurgjald fyrir varðkostnað þenna, þar sem þeir í því hlýddu skipun hans, og þar til höguðu varðstöðum sem skynsamlegast þeir gátu eptir ástæðum.

Jón Hjaltalín: Þessi bænarskrá er sannarlega mjög einstakleg, og virðist mèr, að Skaptfellíngar hafi einga ástæðu til umkvörtunar, þegar menn íhuga, hversu lítilfjörlegur kostnaður þeirra við verðina er. Hann er einir 400 rd., og má það ekki heita mikið í samanburði við þann kostnað, sem aðrar sýslur hafa haft. Umkvartanir yfir embættismönnum heyra sannarlega ekki heldur undir alþingi,

heldur undir mínisterið, og mèr sýnist alþingi eigi að gjöra sèr það að reglu, að taka ekki á móti neinum slíkum umkvörtunum yfir einstökum embættismönnum eða gjörðum þeirra, því sè frá þeirri reglu vikið, þá geta bráðum komið þeir tímarnir, að alþingi geti ekkert annað gjört, en vera að taka á móti umkvörtunum allan þann tíma, er það á að gegna störfum sínum. En störf þess eiga alls eigi að vera fólgin í því, að það sè að setjast í dómarasætið, heldur á það að gefa grundvöll til nýrra laga, eptir hverjum landi og lýði verði stjórnað.

Ásgeir Einarsson: Eg verð að geta þess, að líkt er ástatt í Vesturamtinu. Verði þótti þurfa að setja á heiðinni milli Bitru og Gilsfjarðar, og tóku menn sig saman um að gjöra það, en þar amtmaður neitaði fyrirfram, að borgaður væri af því opinbera sá kostnaður, sem af því flyti, þá datt eingum manni í hug að fara þess á flot, að fá það borgað úr jafnaðarsjóðnum. Eg er einnig samdóma þingmanni Reykvíkínga í því, að ísjárvert sè að borga slíkan kostnað af jafnaðarsjóðnum, meðan ekki er feingið nýtt lagaboð fyrir því; eg get ekki skilið, að fjárkláðanefndin geti gjört mikið við þetta mál, því eg ímynda mèr hún stíngi helzt upp á, hvernig hèr eptir skuli fara með *það* mál, ef ekki tekst að útrýma kláðanum með þeim ráðstöfunum, sem nú eru gjörðar; eg held því, að rèttast sè, að kjósa í þetta mál sèrstaka nefnd, ef það annars kemur til nefndar.

Forseti: Hvað viðvíkur áskorun þingmannsins úr Reykjavík, skal eg geta þess, að eg sem *forseti* hefi ekki getað álitið, að eg mætti af sjálfsdáðum vísa málinu frá þinginu og til stiptamtmanns eða stjórnarráðanna, heldur yrði þingið sjálft að gjöra það; eg neita því ekki, að mál þetta má heimfæra til þeirra mála, sem 49. gr. í alþingistilskipuninni talar um, en sá kafli greinarinnar verður að útþýðast í sambandi með 77. gr. alþingistilskipunarinnar, en þó málið sè skylt þeim málum, sem þessar greinir tala um, þa talast þar þó einúngis um umkvartanir frá einstökum mönnum, sem beinlínis eiga að gánga til stjórnarráðs eða konúngs. En þar eg er þingmaður þess kjördæmis, sem umkvörtunin er frá, og eg finn mèr skylt að styðja þetta málefni þeirra og fylgja því fram, en mèr á hinn bóginn þykir eigi hlýða, að eg taki sèrstaklegan þátt í umræðum málanna eða svari einstökum mönnum frá þessum stað, þá vil eg leyfa mèr að biðja hinn háttvirta *varaforseta* að gegna *forseta*störfum, á meðan umræða þessa máls stendur yfir.

Gekk *varaforseti* síðan í *forseta*sætið.

H. Kr. Friðriksson: Eg veit reyndar ekki, hver það var, sem rèð stiptamtmanni að banna Rángvellíngum að reka fè sitt á afrètt 1857, það gat eins verið þingmaður Rángvellínga, eins og þingmaður Reykvíkínga; en hitt veit eg, að það hefir verið bannað; en eg get ekki sagt fyrir víst, hvort því banni var hlýtt, en eingar umkvartanir komu frá Rángvellíngum yfir þessu banni. Eg veit eigi heldur til, að stiptamtmaður, eða hver amtmaður sem er, hafi nokkurn rètt til þess, að leggja á jafnaðarsjóðinn aðrar gjaldtegundir en þær, sem lögákveðnar eru. Þessi umkvörtun er því beinlínis umkvörtun yfir því, að stiptamtmaður ekki hafi gjört lagabrot. Eg get ekki heldur fallizt á skoðun *forseta,* að þetta mál heyri eigi undir 49. gr. alþingistilsk.; eg verð að álíta, að það eigi beinlínis að vísa því til stiptamtmanns eða stjórnar, og verð eg því að vera fastlega á móti nefnd í því.

Jón Guðmundsson: Eg veit að vísu ekki til, að stiptamtmaður megi leggja á jafnaðarsjóðinn önnur útgjöld en þau, sem lögákveðin eru; en hvar eru þeir 2959 rd. lögákveðnir, sem eptir prentaðri skýrslu um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins í Suðuramtinu, 1853-1857, hefir verið varið til ýmsra útgjalda í kláðamálinu, og þar á meðal til varða, t. d. 1857, milli afrètta Norðlendínga og Árnesínga. Skýrsla þessi er að vísu ódagsett og nafnlaus, en samt sem áður verða allir að eigna hana stiptamtinu; en sè nú svo, að öllu þessu fè, sem skýrslan segir, hafi verið varið í notum fjárkláðans án þess það sè að neinu byggt á lögákveðinni heimild, og nokkru til kostnaðar við verði annarstaðar í amtinu, er þá rètt að neita Vestur-Skaptfellíngum um endurgjald fyrir vörð sinn? því menn verða þó einmitt að þakka það þessum vörðum, að Skaptafellssýsla er sú einasta sýsla í Suðuramtinu, sem á nú óskertan fjárstofn sinn. Þess ber einnig að gæta, að vegna þess að Skaptafellssýsla nú er lángfènaðarríkust í amtinu, þá lendir á henni um mörg hin næstu ár lángmest að tiltölu af kostnaði þeim, sem jafnað verður árlega niður á lausafè manna; en nú er þeim ekki að eins neitað um endurgjald fyrir kostnað sinn við verðina, heldur verða þeir að bera að tiltölu meiri partinn af endurgjaldinu upp í þau 2900 rd., sem varið hefir verið til kláðans. Það hefir verið talað um að vísa umkvörtun þessari til stiptamtmannsins, en það býður ekki svörum, því stiptamtmaður hefir einmitt neitað að endurgjalda þenna kostnað af jafnaðarsjóðnum (*H. Kr. Friðriksson:* Þá til stjórnarinnar). Því hefi eg í sjálfu sèr ekkert á móti; en allt um það verður að kjósa nefnd til þess að gjöra uppástúngu

um, hvernig og í hverju formi eigi að bera málið upp fyrir stjórnina, og sem geti sýnt, að alþingi er samdóma beiðendunum í því, er þeir kvarta yfir, og vilji styðja þeirra mál. En að vísa máli þessu til nefndarinnar í kláðamálinu álít eg sama, sem að gefa því eingan gaum, því að vísu á það skylt við fjárkláðann, að því leyti að það er út af þeim toga risið, en að sjálfu málsefninu er það sèrstaklegt og alveg óskylt kláðanum, og mæli eg þess vegna með sèrstakri nefnd.

Ásgeir Einarsson: Hvað á nú að gera? Á að klaga stiptamtmann, fyrir það hann lagði ekki á bændur gjald til jafnaðarsjóðsins á móti lögum? á að klaga hann fyrir það hann gjörði ekki rángt? og hafi hann nú eptir lögunum ekki getað ávísað þessu úr jafnaðarsjóðnum, þá sýnist mèr, að ekki verði gjörð umkvörtun yfir aðgjörðum stiptamtmannsins, heldur verði að biðja um nýtt lagaboð, er heimili stiptamtmanni, að borga þenna kostnað úr jafnaðarsjóðnum, ef menn vilja, að svo verði. Það hefir að vísu verið sagt, að varið hafi verið 2900 rd. til fjárkláðans úr jafnaðarsjóðnum, en mèr finnst munur, ef peníngar þessir hafa legið fyrir í jafnaðarsjóðnum, þó tekið hafi verið til þeirra í uppáfallandi vandræðum, sem skyndiláns, eða að leggja nýtt gjald á til sjóðsins, meðan ekki var fyrir því lagaheimild, því enn þá kynni að takast að fá þessa 2900 rd. borgaða af þeim 30,000 rd., sem veittir eru til fjárkláðans.

Arnljótur Ólafsson: Efnið í umkvörtuninni er það, að kvarta yfir stiptamtinu fyrir það, að það hafi neitað að endurgjalda Vestur-Skaptfellíngum varðkosntað þeirra, þar sem þó aðrir hafi feingið varðkostnað endurgoldinn úr jafnaðarsjóðnum. Þíngmaður Vestur-Skaptfellínga *(forseti)* skýrði frá því, að stiptamtmaður hefði borgað verði úr jafnaðarsjóðnum; og til þess hefir verið varið ekki einúngis þeim peníngum, sem lágu fyrir í jafnaðarsjóðnum, heldur hafa einnig 6000 rd. verið teknir til láns, eins og kunnugt mun vera, til þess að standa straum af kostnaðinum við fjárkláðann. Aðalefni málsins er því, hvort rètt sè að leggja allan kostnaðinn fyrir verðina á jafnaðarsjóðinn, eða einúngis nokkurn part hans, og get eg eigi betur sèð, en hafi sumir rètt til þess að fá kostnaðinn endurgoldinn, þá hafi allir rètt til þess; og ætti því Skaptfellíngar að fá kostnað sinn endurgoldinn, þar verðir þeirra, eins og þíngmaður þeirra hefir skýrt frá, voru fullt eins nauðsynlegir, eins og aðrir verðir, og verð eg því að vera með nefnd; en hitt er annað mál, hvort rètt sè að leggja nokkurn þann kostnað á jafnaðarsjóðinn, sem ekki er ákveðinn að lögum.

H. K. Friðriksson: Eg verð að geta þess með tilliti til þess, er þingmaður Skaptfellínga sagði, að áður en stiptamtmaður lagði þann varðkostnað á jafnaðarsjóðinn, átti hann fund með nokkrum hinum helztu bændum úr umdæminu, og lagði kostnaðinn á með samþykki þeirra; og á fundinum, sem haldinn var hèr í Reykjavík 28. septemberm. í haust, beiddu einmitt fundarmenn, sem voru kosnir af sýslubúum, stiptamtmann að útvega jafnaðarsjóðnum 6000 rd. lán, og einmitt með þessari beiðni sinni lögðu þeir samþykki sitt á, að fè, sem þegar var varið, væri greitt úr jafnaðarsjóðnum. En hafi hann gjört rángt í því, að leggja þetta fè á jafnaðarsjóðinn, þá er umkvörtunin yfir því, að hann skuli ekki vilja gjöra meira rángt. En vörður sá, sem hèr ræðir um, er svo sèrstaklegur, einúngis fyrir eina sýslu, og ef hann ætti að borgast úr jafnaðarsjóðnum, þá ætti hver einstakur amtsbúi rètt á, að fá borgun fyrir vörð á fè sínu í heimahögum, og auk þess er það mikill munur á því, hvort verðir eru settir eptir boði stiptamtmanns með samþykki amtsbúa, eða hann er settur svo, að stiptamtmaður fyrir fram neitar um kostnaðinn.

Jón Guðmundsson: Já, mèr að minnsta kosti finnst nú, að þingmanni Reykvíkínga sè stundum mislagðar hendur með ályktanir. Stiptamtmaður bannaði að vísu eptir fundinn, sem hann átti hèr í Reykjavík 13. apríl f. á. með dýralæknunum, landlækninum og má ske þingmanni Reykvíkínga, eptir þenna fund, segi eg, bannaði hann Rángvellíngum, eins og öllum öðrum í þessum 4 kláðasýslum, að reka fè sitt til afrètta, heldur skyldi reka allt sjúkt fè saman á vissa staði og lækna það þar í einu lagi, en halda öllu heilbrigðu fè í heimahögum; eingri sauðkind mátti sleppa til afrètta eða úr heimavöktun; Rángvellíngum var nú ómögulegt annað en að óhlýðnast þessari skipan; það vita allir, sem um Rángárvallasýslu hafa farið, og þeir, sem ekki hafa farið um hana, geta sannfærzt um það af landsuppdráttum og öðrum bókum, að þar er mikið þèttbýlt víða og landkreppa og rýrir heimahagar, en vorið 1858, þegar þetta bann út gekk frá amtinu, var allur sauðfènaður alveg ófelldur í Rángárvallasýslu; hún hèlt þá enn allri sauðfjártölu sinni óskertri; en þá var sauðfènaðurinn í Borgarfjarðar-, Árnes- og Gullbríngusýslu mjög svo felldur og fallinn, einkum allur afrèttarfènaður; í þessum þremur sýslunum áttu menn því hægt með að hlýðnast því, sem amtið skipaði, að halda öllum fènaði heima og reka einga skepna á afrètt, en það var Rángvellíngum ómögulegt með allan sinn fjárgrúa; þeir máttu til að óhlýðnast, þeir gátu eigi annað; þetta mátti þessum amtsfundi 13. apr. f. á. vera ljóst, og þá

einnig hitt, að Skaptfellíngar máttu til að hafa verði á fjallabaki til þess að verjast samgaungum af fè Rángvellínga; amtið sjálft hafði skipað að verja og vakta fèð fyrir samgaungum, þess vegna var bannað að reka á afrètti; það var því tilgángslaust og þýðíngarlaust, þó amtið hafi sagt Skaptfellíngum fyrir fram, að þeir feingi ekkert endurgjald fyrir verðina, fyrst að yfirvaldinu var ómögulegt að láta heimavöktunarskipaninni verða framgeingt í Rángárvallasýslu. En þar að auki hèldu Skaptfellíngar vörð sinn ekki einúngis fyrir sig, heldur fyrir allt Suðuramtið, því að sleppa verðinum hefði verið hið sama, sem að hleypa kláðanum inn í Skaptafellssýslu, og hefði hann komizt þar inn, þá hefði fè þeirra naumast verið ósjúkt, eins og það nú er, og þeir ekki haft þann stofn, sem þeir nú hafa; en af því Skaptafellssýsla er nú sú eina sýsla hèr í Suðuramtinu, er hefir óskerðan fjárstofn sinn og svo lángmestan, þá lendir lángmesti hlutinn af jafnaðarsjóðsgjaldinu í Suðuramtinu á Skaptfellíngum um mörg hin næstkomandi ár, meðan fjárstofninn er að rètta við og ná sèr í hinum sýslunum, og því eiga þeir eins rèttláta kröfu á endurgjaldi fyrir verði sína, eins og sú krafa er rèttlát, að þeir gjaldi til jafnaðarsjóðsins af hinu verndaða fè, og finnst mèr þeir því hafa fullan rètt til að fá varðkostnaðinn endurgoldinn úr jafnaðarsjóðnum. Hvað viðvíkur ætlunarverki nefndarinnar, þá læt eg mèr lynda, að nefndin mæli fram með eða stíngi upp á, að rita álitsskjal um málið til stjórnarinnar, eins og jafnframt er ráðgjört í 77. gr. alþ.tilsk., og álít eg það nægja til þess, að Skaptfellíngar fái viðrèttíngu máls síns.

Jón Hjaltalín: Þíngmaður Vestur-Skaptafellssýslu getur ekki betur, en við hinir, dæmt um gagn varðanna, því hann hefir ekki skoðað fèð í Skaptafellssýslu, og þó hann hefði skoðað það, þá er það óvíst, hvort hann gæti dæmt um það eður ei; það hefir opt verið sagt, að þar og þar væri kláðalaust, og á þínginu 1857 var sagt, að Rángárvallasýsla væri kláðalaus; hún var óhrein um vorið, en hrein um sumarið, og hinn óhreini Hreinn, er svo var í apríl 1857, átti að vera orðinn hreinn í júlí sama ár eptir sögusögn alþíngismannsins úr Rángárvallasýslu hèr á þíngi, og af þessari ástæðu var skorið niður í Árnessýslu ekki 100, ekki 1000, heldur 20,000 fjár. Það eru erindsrekarnir, sem eiga að segja, hvar sè kláðalaust; ef nú er kláðalaust í Skaptafellssýslu, þá gæti erindsrekarnir borgað þeim fyrir verkið af þeim 30,000 rd., sem þeir hafa til umráða, og get eg því ómögulega mælt fram með sèrstakri nefnd, heldur mundi

bezt að láta málið bíða og annaðhvort alveg fella það, eða í mesta máta eigi fara leingra, en færa það þeirri nefnd, er kjósa á í kláðamálinu.

Indriði Gíslason: Mèr lízt, að þínginu megi vera ljóst, að hèr er órèttur gjörður einstökum mönnum eptir 77. gr. alþ.tilsk., og að þingið eigi því ekki að hrinda málinu, og vil eg mæla með sèrstakri nefnd, en þó er eg ekki með því, að slíkan kostnað eigi að leggja á jafnaðarsjóðinn.

Páll Sigurðsson: Þó eg ætli ekki að gjöra lítið úr þekkingu hins 6. konúngkjörna þingmanns, og eg játi, að hann sè lærður maður, er mèr nær að halda, að hann sè lítill spámaður, og eg þori að fullyrða, að hann er ekki alvitur, þó hann spái opt í eyðurnar og hafi opt sagt: læknið þið, læknið þið, piltar, við skulum gjöra það allt gott. 1858, þegar amtsbrèfið kom austur, stóð svo á, að það kom einmitt á sýslufund, sem haldinn var í Rángárvallasýslu, og þótti skipun amtsins býsna mikil, og var þá strax á fundinum skrifað aptur, að ómögulegt væri að hlýða þessari skipun fyrir vestan Markarfljót; en þessu var neitað af amtinu, og skipaðir verðir í heimahögum, en þessi skipun átti ekki við, og er reynslan fyrir því. — Mèr virðist það ósamkvæmni, að þegar verðir Holtamanna, sem ekki að eins voru gagnlegir fyrir Suðurland, heldur einnig fyrir Norðurland, voru endurgoldnir, að þá skuli ekki vera endurgoldnir þeir verðir, sem voru gagnlegir fyrir amtsbúa innbyrðis. Hèr er því einstökum mönnum gjörður órèttur, og vil eg því, að málið sè tekið fyrir og nefnd kosin í það.

Jón Hjaltalín: Má eg að eins tala 4 orð? Satt er það, að eg hefi sagt: læknið þið! læknið þið! en eg hefi ekki heldur verið á móti hóflegum niðurskurði, og hefi ætíð fylgt fram sannfæringu minni. Eg skal líka segja þínginu dálitla sögu. Í fyrra á amtsfundinum spurði eg hinn heiðraða þingmann Rángvellínga, hvort hann væri aldeilis viss um, að kláðinn væri ekki kominn austur fyrir Markarfljót, því eptir því ætlaði eg á þeim fundi að haga atkvæði mínu um tilhögunina í Rángárvallasýslu; en hverju svaraði hann? Hann svaraði: „eg held það, en ekki er eg viss um það“; þetta sagði hann, og eg trúði honum, að hann mundi tala eptir sannfæringu sinni; því maðurinn er bæði hreinskilinn og skynsamur.

Varaforseti: Eg verð nú að álíta nóg rætt um þetta mál.

Var síðan geingið til atkvæða um það, hvort nefnd skyldi kjósa eður eigi, og var nefnd samþykkt með 16 atkv.

Voru þá atkvæði greidd um það, hvort kjósa skyldi sèrstaka nefnd eða vísa skyldi málinu til nefndar þeirrar, er kjósa á í kláðamálinu, en atkvæðagreiðslan um það varð óljós, svo að nafnakall var við haft, og fór það þannig fram, að þeir sögðu já, sem vildu, að sèrstök nefnd væri sett í málið, en hinir nei.

já (sögðu):	nei (sögðu):
Páll Melsteð.	Brynjólfur Jónsson.
Arnljótur Ólafsson.	Gísli Brynjúlfsson.
Ásgeir Einarsson.	Guðmundur Brandsson.
Benedikt Þórðarson.	H. Kr. Friðriksson.
Halldór Jónsson.	H. G. Thordersen.
Indriði Gíslason.	Jón Hjaltalín.
Jón Guðmundsson.	Jón Pètursson.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	Ólafur Jónsson.
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	Vilhjálmur Finsen.
Magnús Andrèsson.	Þórður Jónassen.
Páll Sigurðsson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	

Og var það þannig samþykkt með 14 atkvæðum gegn 10, að sèrstaka nefnd skyldi setja í málið. Var síðan geingið til nefndarkosníngar, og var eptir uppástúngu eins þíngmanns, sem einginn hafði á móti, kosin þriggja manna nefnd, og voru þessir kosnir í hana:

Stefán Eiríksson með 9 atkv.,
Páll Sigurðsson með 8 —
Arnljótur Ólafsson með 8 —

Voru skjöl málsins síðan afhent þíngmanni Austur-Skaptfellínga, er hlotið hafði flest atkvæði.

Gekk síðan *forseti* aptur til sætis.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til inngángsumræðu bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu (Akureyri) um *bæjarstjórn á Akureyrarkaupstað*. Þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu er flutníngsmaður bænarskráarinnar, og vil eg biðja skrifarana að afhenda honum hana.

Var síðan bænarskráin afhent þíngmanninum.

Sveinn Skúlason: Eg skal leyfa mèr að skýra þínginu frá því með fáum orðum, hvernig mál þetta er undir komið: Akureyrarmenn hafa leingi viljað skiljast frá Hrafnagilshrepp, og leituðu því fyrir milligaungu amtmanns til stjórnarinnar 1855, en stjórnin svar-

aði því þannig, að hún gæti ekki sagt neitt um það, fyr en menn kæmi fram með reglulegt frumvarp þar að lútandi. Þegar þetta svar var komið frá stjórninni, setti amtmaður í vetur nefnd manna á Akureyri til að semja þetta frumvarp, og var það lagað eptir reglugjörðinni um bæjarstjórn í Reykjavík frá 27. nóv. 1846. Eg er að vísu ekki þingmaður Eyfirðinga, en eg var einn af nefndarmönnum, og var eg því beðinn að flytja málið hèr á þinginu; vil eg ekki tala meir um þetta mál að sinni, fyr en eg hefi heyrt ræður þingmanna.

Var þá bænarskráin lesin upp, svo látandi:

Bæjarbúar á Akureyri hafa um lángan tíma fundið til þess, hve mikill óhagur það er fyrir þá og bæ þeirra, að vera í sambandi við Hrafnagilshrepp, og að stjórn hreppsins og bæjarins getur eigi leingur samþýðzt, því eptir því sem fólki fjölgar í bænum, finna menn betur og betur til þess, að bærinn þarf sèrstaklegrar stjórnar við. Bæjarmenn sóttu því um það til konúngs 8. október 1855, að bærinn væri skilinn frá hreppnum og feingi bæjarmálefnastjórn út af fyrir sig, en stjórnin svaraði því þannig 28. april 1856, að hún gæti ekki sagt neitt víst um það, fyr en hún feingi ítarlegt frumvarp um málið, og færð væri rök fyrir nauðsyn þess. Til þess að fá sem nákvæmast að vita óskir bæjarmanna í þessu efni, setti amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu nefnd manna á Akureyri til þess ásamt sýslumanni að gjöra frumvarp til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna þar. Nefnd þessi hefir nú samið frumvarp til slíkrar reglugjörðar, og þótti henni hlýða að leggja til grundvallar reglugjörð um bæjarmálefnalögun og stjórn í Reykjavík 27. nóvemb. 1846, og halda öllu því úr henni, er við þætti eiga, þó að orðum og efnisskipun sè öðruvísi hagað, og ýmsar breytíngar á gjörðar, eptir því sem bezt þótti hèr við eiga.

Vèr undirskrifaðir Akureyrarbúar biðjum því alþíngi vort, að taka þetta málefni til löglegrar meðferðar og senda stjórninni bænir vorar um, að meðfylgjandi frumvarp verði gjört að lögum.

Akureyri, 14. júní 1859.

(42 nöfn).

Stefán Jónsson: Eg vil einnig styrkja það, að nefnd verði kosin í þessu máli, því þó eg ekki sè flutníngsmaður bænarskráarinnar, þá er það að nokkru leyti sjálfum mèr að kenna. Bæjarbúar Akureyrar höfðu opt talað um málið við mig, og beðið mig að

flytja það, áður en þeir vissu, að þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu, sem þar er nú bæjarbúi, yrði hèr á þingi; en eg ætla ei að fjölyrða meir um það að sinni, því eg vona, að engin mótmæli komi fram á móti nefnd í málinu.

Guðmundur Brandsson: Eg verð að leyfa mèr að spyrja, hvort þetta sè eptir samkomulagi Akureyrarbúa og Hrafnagilshrepps að biðja um þetta, því mèr þykir það vera skilyrði fyrir því, að málið sè tekið fyrir. Því eg veit til, að þegar Reykjavík og Seltjarnarneshreppur, sem áður voru sameinuð, voru aðskilin, var það gjört eptir sameiginlegu samkomulagi, og er slíkt samkomulag nauðsynlegt, því annars getur málið ei hafzt fram.

Sveinn Skúlason: Viðvíkjandi því, sem þingmaður Gullbringusýslu vakti máls á, skal eg skýra þinginu frá því, að eg hefi meðferðis útskript úr þingbók Eyjafjarðarsýslu, og fallast hreppsbúar þar á það, að aðskilnaður sè gjörður, með þeim skilmálum, sem í frumvarpinu standa, og skal eg afhenda hana nefndinni, er kosin verður í málið, en mèr þótti ei þörf á að leggja hana nú fram fyrir þingið.

Guðmundur Brandsson: Hvað eru mörg nöfn undir bænarskránni, og hvaðan eru þau nöfn?

Sveinn Skúlason: Undirskriptirnar eru 42 og sjálfsagt allar frá Akureyri.

Gísli Brynjúlfsson: Eg vona, að ekki verði lángar umræður um þetta mál, og vil eg fyrir mitt leyti styðja málið, og stíng upp á 3 manna nefnd.

Sveinn Skúlason: Eg vil leyfa mèr að óska þess, ef það ekki er ólöglegt, að ef 3 manna nefnd verður kosin, þá verði valinn einhver sá þingmaður í nefndina, sem er kunnugur bæjarstjórn hèr í Reykjavík, en eg vil leyfa mèr að stínga upp á 5 manna nefnd.

Forseti: Eg verð þá að álíta inngángsumræðu þessa máls lokið, en áður en leitað er atkvæða um það, hve mannmörg nefndin skuli verða, er fyrst að leita atkvæða um hitt, hvort nefnd skuli setja í málið eður eigi.

Var síðan atkvæða leitað um þetta, og var nefnd samþykkt með 22 atkv. gegn 2.

En þar stúngið hafði verið bæði upp á 3 manna nefnd og 5 manna nefnd, var einnig leitað atkvæða um það, hvort heldur skyldi vera, og var 5 manna nefnd samþykkt með 13 atkv. gegn 11.

Síðan var nefnd kosin, og hlutu þessir flest atkvæði:

Stefán Jónsson . . . 21 atkv.,

Sveinn Skúlason	21 atkv.,
H. Kr. Friðriksson	17 —
Vilhjálmur Finsen	12 —
Gísli Brynjúlfsson	10 —

Voru skjöl málsins síðan afhent þingmanni Eyfirðinga, þar hann var eldri þeirra tveggja, er höfðu feingið flest atkvæði.

Forseti: Eptir dagskránni kemur því næst til inngángsumræðu uppástúnga frá stúdentum við háskólann í Kaupmannahöfn um *stofnun lagaskóla í Reykjavík,* og er flutníngsmaður hennar þíngmaður Reykvíkínga.

H. Kr. Friðriksson: Má eg lesa bænarskrána upp?

Þar einginn hafði á móti því, las hann hana upp, svo látandi:

„Frá nokkrum Íslendíngum í Kaupmannahöfn hefir tvívegis verið send bænarskrá til alþíngis um, að stofnaður yrði lögfræðíngaskóli í Reykjavík. Hið heiðraða þíng hefir í hvorttveggja skiptið tekið bænarskrár þessar til greina, rætt málið og sent um það álitsskjal til konúngs, eins og lesa má í þíngtíðindunum 1855 og 1857, þau árin, sem bænarskrárnar voru upp bornar fyrir þíngið. Í „konúnglegri auglýsíngu til alþíngis", dagsettri 27. maímán. 1857, er því lýst yfir, að ekki þyki ástæða til, að fallast á tillögur þíngsins í þessu efni, en þínginu 1857 fannst þó samt sem áður ástæða til, að láta málið ekki að svo búnu falla niður, og ítrekaði því bæn sína um það, eins og áður er sagt. Oss er nú að vísu eigi fullkunnugt um, hver áheyrn að tillögum þíngsins hefir verið veitt að þessu sinni, en að því er vèr frekast vitum hefir málið þó enn ekki feingið þau afdrif, er þíngið hafði til ætlazt, og hyggjum vèr því nauðsyn til bera, að þíngið enn að nýju hreifi málinu og endurnýi bæn sína um það, eins og áður er sagt.

Oss þykir ekki þörf á, að fara lángt út í málefnið sjálft að sinni, eða telja þau rök og ástæður, er það hefir við að styðjast. Ber það einkum til þess, að málið er nú þínginu svo kunnugt orðið, þar sem það hefir verið svo ítarlega rætt á tveim þíngum, og svo margar góðar og gildar ástæður verið fyrir því færðar. Frá stjórnarinnar hendi hefir heldur ekki með einu orði verið bent til, hverjar orsakir að liggi til þess, að bæninni hefir verið synjað, svo ekki má vita, hver þau atriði málsins eru, er helzt þyrfti að styrkja með nýjum ástæðum eða úrræðum. Þess eins viljum vèr geta, að enda þótt vèr verðum að vera samdóma þínginu í því, að rètt og sanngjarnt væri, að kostnaður sá, er stofnun þessi mundi hafa í för með sèr,

yrði greiddur úr ríkissjóði, þá finnst oss málið eigi að síður svo mikils varðanda, og svo brýna nauðsyn til bera, að því gæti sem fyrst framgeingt orðið, að oss virðist, að kostnaðurinn, er þyrfti til þess að koma skólanum á fót, fyrir eingan mun megi verða málinu til fyrirstöðu, og það því síður, sem hann eptir áætlun alþingis, er vèr hyggjum á rèttum rökum byggða, í rauninni má ekki mikill heita. Vèr viljum því leyfa oss að skjóta því til álita hins heiðraða þings, hvort því ekki finnist öll ástæða til að bera fram þá vara-uppástúngu, að kostnaðurinn til skólans verði fyrst um sinn, þángað til aðrar ráðstafanir kynni að verða gjörðar um það, lagður á landið, á þann hátt, er þínginu þætti bezt henta, ef þess er einginn kostur, að hann verði greiddur úr ríkissjóði. Vèr skulum og geta þess, að oss þykir eiga miður við, að tiltaka nokkuð í sjálfum uppástúnguatriðunum um tilhögunina á kennsluuni í skólanum, eins og gjört hefir verið í síðustu bænarskrá þingsins til konúngs (uppástúnguatriðin, 3. töluliður), þar eð oss þykir sjálfsagt, að slíkar ákvarðanir mundu verða teknar til greina í reglugjörð þeirri, sem samin mundi verða handa skólanum.

Vèr, sem ritum nöfn vor hèr undir, felum þá hinu heiðraða þíngi málið á hendur, og treystum því fastlega, að alþíngi muni veita því eins góða og örugga undirtekt nú sem áður fyrri, og skulum vèr að endíngu leyfa oss, að taka fram í fám orðum þau atriði málsins, er vèr óskum að þíngið vildi um biðja, en þau eru þessi:

1. Að 15. grein í tilskipun 26. janúar 1821 verði úr lögum numin, að svo miklu leyti hún ákveður, að hinir dönsku júristar, sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo sýslumannaembættin á Íslandi eigi verði veitt neinum, sem hèr eptir les að eins dönsk lög.
2. Að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðíngaefnum, er áður hafi lokið burtfararprófi við lærðan skóla, og taki þeir próf í forspjalls-vísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þenna, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimsspekilegri lögfræði, rómverskum lögum og íslenzkum lögum og rètti.
3. Að lögfræðíngar þeir, sem tæki embættispróf í skóla þessum og reyndist hæfir, mætti öðlast rètt til lögfræðíngaembætta á Íslandi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þætti.
4. Að kostnaðurinn til skólans verði greiddur úr ríkissjóði, eða

fáist það ekki, að hann þá fyrst um sinn verði lagður á landið á þann hátt, er alþingi þætti bezt henta.

Kaupmannahöfn, 30. d. maímán. 1859.

Uppástúngur þessarar bænarskrár leyfi eg mèr að bera upp fyrir hið heiðraða alþingi, og skora á það, að taka málið til lögboðinnar meðferðar.

Reykjavík, 6. dag júlímánaðar 1859.

H. Kr. Friðriksson".

H. Kr. Friðriksson: Bænarskrá þessi er undirskrifuð af 16 vísindamönnum í Kaupmannahöfn, og eg hefi leyft mèr að bera hana upp fyrir hið heiðraða þíng, og er þess sannfærður, að eins og þíngið áður hefir gefið máli þessu kröptugleg meðmæli sín, eins muni það nú taka vel undir það og fylgja því fram. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir reyndar nýlega skýrt frá ástæðum þeim, sem stjórnin þykist hafa til að neita þínginu um bæn sína, að stofna lagaskóla hèr á landi; en þessar ástæður verð eg að telja einúngis persónulega skoðun stjórnarinnar, eða að þær einúngis eigi við skoðun hennar að styðjast, en eingar gildar ástæður, eingar þær ástæður, er sè fullgildar til að synja um þá bæn, er alþíngi nú tvívegis svo kröptuglega hefir fylgt fram. Eg vil nefna eina ástæðu stjórnarinnar, er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* nýlega las upp, og það er sú, þar sem sagt er, að áður fyrrum hafi svo fáir siglt til Kaupmannahafnarháskóla, að stjórnin hafi neyðzt til að skipa þá, sem að eins lásu dönsk lög, í embættin, en nú sè svo margir, sem lesi lögfræði við háskólann. Það sjá nú allir, að þetta er eingin ástæða, það er að eins spá stjórnarinnar, sem ekki er meira metandi, nema síður sè, en þótt eg eða einhver annar segði, að þeir mundu um nokkurn tíma eingir verða; því að hafi það komið fyrir áður, að svo fáir hafi siglt, þá getur það eins komið fyrir hèr eptir, og þrátt fyrir allan þann fjölda, sem stjórnin nú segir að lesi lög við háskólann, eg trúi hún segi, að þeir sè tuttugu, þá er þó eigi betur ástatt en svo, að falli nú einhver frá af hinum lögfróðu embættismönnum, þá er einginn til að skipa í skarðið. Þar sem stjórnin segir, að þeir, sem læri á lögfræðíngaskóla hèr, verði hann stofnaður, muni að eins lesa íslenzk lög, þá er slíkt heldur eingin ástæða; því að það er komið undir vísindalaungun hvers eins, hversu mikilli lagaþekkíngu hann leitast við að ná; en hitt er líklegt, að þeir muni fyrst og fremst reyna að ná þekkíngu á þeim lögum, sem gilda hèr

á landi; enda eru það hin íslenzku lögin, er íslenzkur embættismaður þarf á að halda, og þarf að nema; en það er eingan veginn víst fyrir það, að hann eigi kynni sèr nein önnur lög, eða skeyti eigi um neina aðra menntun; því að þótt þeir fremur öðru lesi íslenzk lög, þarf alls eigi af því að leiða, að þeir kasti frá sèr allri almennri lagamenntun; þvert á móti, því meiri stund þeir leggja á að nema íslenzk lög, því fremur munu þeir og leggja stund á lagamenntun yfir höfuð. Enn fremur segir stjórnin í ástæðum sínum fyrir synjuninni, að verði þessi lagaskóli stofnaður, muni færri sigla til Kaupmannahafnar, en þetta er auðsjáanlega spá ein, en eingin ástæða; og þótt svo yrði, þá yrði það og, að þeir mundu færri, er sigldi til einskis gagns fyrir fósturjörðu sína; því að því verður ekki neitað, að ekki koma allir aptur frá Kaupmannahöfn þannig, að þeir verði löndum sínum að gagni fyrir lögfræðislestur sinn við háskólann; þeir eru þó ekki allfáir, sem sigla til að nema lög, sem koma jafnnær aptur að lagaþekkíngu og þeir fóru. Stjórnin segir og, að kostnaðurinn við skólann verði miklu meiri, en þíngið hefir talið að verða mundi. Eg vil eigi neita því með öllu, en eg vil eigi heldur játa það, enda finnst mèr þíngið 1857 hafa fært nægar og ljósar ástæður fyrir því, hver kostnaðurinn þyrfti að vera fyrst um sinn; en stjórnin hefir eigi með einu orði sýnt fram á, í hverju sá kostnaðarauki væri fólginn, og þar sem stjórnin ber því við, að alþíngi 1857 eigi hafi bent á neina þá sjóði, eða neitt það fè, sem taka mætti til kostnaðar skólanum, þá vil eg spyrja: hvernig getur alþíngi bent á sjóði, sem það ekkert ræður yfir, eða vísað á fè, meðan það ekkert vald hefir til neinna skattaálaga? Eg vona þess því fastlega, að þíngið fylgi þessu máli enn fram, og að nefnd verði í það sett.

Ásgeir Einarsson: Eg vona, að þíngmönnum sè það kunnugt, að eg hefi híngað til ekki mælt á móti vísindastofnunum hèr á landi, heldur fremur mælt með þeim; en eg ætla nú ekki að fara að tala um málið sjálft, en vil að eins tala um eitt atriði. Það hefir á seinni tímum verið kvartað yfir því, að fáir stúdentar komi úr lærða skólanum, og að út líti fyrir það, að skortur muni verða á prestaefnum. Ef þessar umkvartanir eru á rökum byggðar, ætli það sè þá ekki bezt, sem stendur, að fresta málinu, þó það sè nauðsynlegt? því eigi því að verða vel komið fyrir, er bezt að fara með gætni, og undirbúa það vel. Aðalspursmálið er, hvort svo margir muni útskrifast frá lærða skólanum, að nægilega margir feingist á þenna

lagaskóla, því ef menn þurfa að óttast fyrir þessu, virðist nú liggja næst að ráða bætur á því. Og þar sem nú uppástúngan fer fram á það, að kostnaðurinn sè lagður á landið, þá virðist mèr það ísjárvert á þessum tíma, og ætti þíngið að fara varlega í öll fjárhagsmál, þángað til það feingi öll fjárhagsmál Íslands til umráða. Þetta var það, sem eg vildi benda þínginu á.

Þórður Jónassen: Mèr þykir það eptirtektavert, að þessi bænarskrá skuli vera borin upp einmitt í sömu andránni, og þíngið hefir frá stjórninni fyrir munn fulltrúa hennar feingið að heyra ástæður hennar fyrir því, að bænin um stofnsetníngu lagaskólans ekki gæti orðið upp fyllt, og get eg ekki ímyndað mèr annað, en að beiðendurnir hugsi, eins og tekið var fram í öðru máli hèr í dag, að þeir muni sigra með þrábeiðninni. Eg verð fyrir mitt leyti að vera á sömu skoðun, sem eg hefi áður verið, um þetta mál, og það því fremur, sem engin ný atriði eru komin fram í því, síðan það kom seinast til umræðu hèr á þínginu, og því skil eg heldur ekki, hvernig menn geta ætlazt til þess, að stjórnin breyti áliti sínu á málinu. Eg verð enn að halda og vera fastur á því, að það yrði lagamenntun hèr á landi til verulegrar apturfarar, ef þessi stofnun kæmist hèr á og menn hætti að mestu eða öllu leyti að læra lögfræði við háskólann. Eg verð einnig að halda, að það sè ekki eins mikið djúp staðfest milli hinna íslenzku og dönsku laga, í því sem snertir sameiginleg mál, að ekki sè hægðarleikur fyrir þá, sem numið hafa lögfræði við háskólann, að átta sig í því, á stuttum tíma, sem á Íslandi er sèrstaklegt eða afbrugðið, og þetta held eg reynslan sè til hlítar fyrir löngu búin að sýna og sanna; eg verð enn að vera á því, að kennslan í lögum við háskólann sè ekki eins óhentug fyrir Íslendínga, eins og sumir hafa sagt, enda mætti bæta úr því með því, að kennsla veittist við háskólann í þeim einstöku greinum, sem helzt eru sèrstaklegar fyrir Ísland, t. a. m. í landbúnaðarrètti, og væri þetta bundið ólíkum kostnaði við það, sem lagaskóli, ef hann ætti að vera meir en að nafninu, yrði að hafa í för með sèr.

Það hefir verið sagt, að þeim, sem hèðan sigla og lesa lög við háskólann, reiddi misjafnt af, og að það væri mjög miklum kostnaði bundið, en það yrði líka ærinn kostnaður fyrir hlutaðeigendur, að stúdera hèrna í lagaskólanum í fleiri ár, svo eg held, að allt mundi á endanum jafna sig upp; að hlutaðeigendur yrði að bera minni menntun frá borði, hefi eg áður tekið fram.

En hvað sem svo þessu líður, þá er og hlýtur það að vera í

augum uppi, að stofnun sú, sem hèr er umtalsefni, ekki getur, eins og nú hagar hèr til, komizt upp nema í hugmyndinni, því skóli getur ekki hugsazt, nema einhverjir sè til, sem í hann gángi. Nú er tala skólalærisveinanna hèr í skólanum um og undir 40, og þessi tala held eg verði hèr, eins og hún hefir áður verið, normaltalan. Það útskrifast þannig ekki nema 4—6 árlega, og þessum á að skipta niður á prestaskólann, lagaskólann, og má ske læknaskólann, og sjá þá allir, hvað marga lærisveina lagaskólinn feingi, í mesta lagi einn og hálfan, því bænarskráin (og þessu atriði má ekki gleyma) ætlast til, að þeir einir gángi í lagaskólann, sem áður hafa geingið í og eru útskrifaðir úr lærða skólanum. Er nú ástæða til að stofna skóla, þegar svona er ástatt, og verja til slíkrar stofnunar miklu fè?

Loks skal eg leyfa mèr að taka það fram, að eg álít það ábyrgðarhluta fyrir þingið að stuðla að því, að stjórnin fái lagalega ástæðu til þess að skipa íslenzkum lögfræðíngum, vegna þeirra minni menntunar, á annan og óæðra bekk, en dönskum lögfræðíngum, og eg vil fyrir mitt leyti forðast að styðja að því, að þetta verði ofan á. Með þessum fáu orðum hefi eg viljað rèttlæta skoðun mína á málinu, því fremur, sem eg fer hèr einförum. Eg legg því á móti nefnd í þessu máli.

H. G. Thordersen: Eg ætla ekki að vera lángorður um málið sjálft, en ætla að eins að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, og vona eg, að menn virði mèr til vorkunar, þó eg mæli með nefnd í þessu máli, því eg hefi allt af verið og mun ætíð verða með því, að fá alla þá menntun inn í landið, sem mögulegt er, af því það er sannfæríng mín, að hin innlenda menntun mundi verða hin hollasta og affarasælasta sèrhverri þjóð. Og eg vil því síður mæla á móti lagaskóla, þar sem vèr höfum hèr aðra líka stofnun, sem hefir borið hina beztu ávexti, eg meina prestaskólann, frá hverjum tíðin hefir sýnt að komi duglegri prestaefni, en áður voru faung á hèr á landi, og eg verð að játa það, að eg get ei sèð, hvað lagaskóla er til fyrirstöðu. Látum svo vera, að menntunin verði minni, en eptir minni meiníngu yrði hún oss þó fullt eins hagfelld; og þó nú að þessi skóli yrði stofnaður hèr, þá er allt fyrir það eingum bannað að leita sèr æðri menntunar annarstaðar.

Jón Hjaltalín: Eg er sömu meiníngar og herra biskupinn, því mèr þykir eptirtektaverður sá áhugi á menntun, sem, eins og alkunnugt er, finnst hjá bændum vorum, og verður maður ekki var við slíkt í öðrum löndum. Vèr menntuðu mennirnir megum að minni

meiníngu sannarlega ekki kefja þenna áhuga þjóðarinnar, og það eigum vèr að sýna í verkinu. Hvað lagaskólanum við víkur, þá er eg því máli ókunnugur, og er óviss um það, hvort honum verði komið á að sinni eður ei, en eg vil ekki, að menn sleppi þeirri hugsun, sem vakir fyrir þjóðinni, heldur beri hana fram fyrir stjórnina með stillíngu og hógværð. Eg verð og að játa það, að eg get ekki fullkomlega sannfærzt af sumum af ástæðum stjórnarinnar fyrir synjun lagaskólans, því mèr fundust þær ekki allar full-sterkar; stjórnin ber því við, að lagaskólinn yrði svo kostbær, en má eg spyrja: kostar það þá ekki ærna peninga að stúdera í Kaupmannahöfn? Svo hefir það og verið fært til, að menn feingi hèr minni og ófullkomnari lagamenntun, en í Kaupmannahöfn, og er það að vísu satt, að óhægra mundi verða að fá hèr umfángsmikla menntun en við háskólann, þar sem hèr vantar góð og stór bókasöfn og annað, sem þar eru faung á, en eg vil þó vekja eptirtekt þíngsins á því, að vèr höfum mörg dæmi upp á það, að þeir menn, sem einúngis hafa feingið menntun sína hèr í landi bæði í lögum og öðru, hafa ekki að eins verið jafnokar margra þeirra, er sótt hafa menntun sína utanlands, heldur jafnvel verið mörgum þeirra fremri, því menntun er ekki bundin við einstök lönd, heldur fer hún eptir áhuga, gáfum og skapferli þjóðanna. — Íslendíngar hafa góða skynsemi fremur mörgum þjóðum, og þó ómögulegt sè að standast, nú sem stendur, þann kostnað, sem af lagaskóla flyti, þá finnst mèr ei ráðlegt alveg að hafna vilja þjóðarinnar í því að fá menntun í landinu sjálfu. Og hvað kostnaðinn snertir, þá vil eg spyrja: hvað fer ei mikið af peníngum árlega út úr landinu til stúdenta í Kaupmannahöfn og hvað stórum summum má ekki sjálf danska stjórnin kosta upp á þessa menn? en þrátt fyrir það, hversu margir verða ei að hætta við bóknám sitt þar vegna peníngaleysis? — Þegar eg nú yfirvega allt þetta, þá er eg í vandræðum með atkvæði mitt, en mèr sýnist samt, að menn ætti ekki í þetta sinn að senda stjórninni bænarskrá á ný um þetta efni, heldur að eins að skýra stjórninni frá áhuga landsmanna á innlendri menntun yfir höfuð og með hógværum ástæðum benda henni á sumt, er að þessu lýtur.

Sveinn Skúlason: Hinir tveir konúngkjörnu þíngmenn, er síðast mæltu, hafa mælt svo vel fram með máli þessu, að eg hefi þar fáu við að bæta, en hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður ætlaði að færa mörg og mikil rök gegn lagaskólanum, en mèr fundust nú ástæður hans ekki allar gullvægar. Máltækið segir: „hollt er heima

hvað"; og að ekki þurfi að óttast apturför í lagamenntun, eins og hann sagði, sýnir bezt prestaskólinn. Það var í upphafi spáð mjög misjafnlega fyrir honum, en sú hefir raun á orðið, að flestir af mönnum þeim, sem útskrifazt hafa frá honum og komnir eru í prestsembætti, þykja ágætir prestar, og miklu fremri í kenníngu og lærdómi hinum fyrri, og þykir mèr vansèð, að guðfræðiskennendur frá Kaupmannahafnarháskóla sè þeim í nokkru fremri. Eins ímynda eg mèr að mundi fara fyrir lagaskóla; því þó menn hèr ekki gæti feingið hina fullkomnustu lagamenntun, þá mundu menn þó geta feingið fullkomna lagaþekkíngu í því, sem þörf er á hèr á landi, og mundi kennslan hèr verða Íslendíngum fullt eins notasæl, eins og kennslan í Danmörku, þó hún yrði yfirgripsminni; því það er öllum kunnugt, að þar er margt kennt, sem með öllu er óþarft hèr á landi og ekki er til annars en að rugla júristana í ritníngunum, ef eg má svo að orði kveða. Það virðist mèr ekki heldur nein mótbára á móti lagaskólanum, er hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður sagði, að það eru svo fáir, sem útskrifast úr lærða skólanum, því aldrei geta þeir orðið færri, sem leita lagamenntunar fyrir þá skuld, að stofnaður yrði innlendur lagaskóli, heldur eru öll líkindi til þess, að þeir fjölguðu. Og það er eg sannfærður um, að jafnmargir mundu lesa lög, ef lagaskóli væri stofnaður á Íslandi, eins og meðan hann er í Kaupmannahöfn, og því getur það, að svo fáir útskrifast, aldrei orðið ástæða móti lagaskólanum, heldur getur það orðið ástæða til að endurskoða reglugjörðina fyrir hinn lærða skóla, og að ástæða finnist til að breyta henni svo, að mönnum yrði léttari aðgángurinn til þeirrar undirstöðumenntunar, sem menn þurfa, áður en þeir fara að leggja sig eptir sèrstaklegum vísindum.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil að eins svara fáeinu af því, sem sagt hefir verið. Þíngmaður Strandasýslu áleit bezt, að fresta þessu máli nú, vegna þess hvernig nú er ástatt í landinu; en það þarf varla að kvíða því, að það beri svo fljótt að, að lagaskólinn komist á, að ástæður landsins geti ekki þá verið komnar í annað horf. Eg er sannfærður um, að hinn 1. konúngkiörni þíngmaður vill, eins mikið eins og eg, styðja að menntun lands þessa, en hin bezta stoð fyrir menntunina, í hverju landi sem er, eru innlendar menntunarstofnanir, og er það því undarlegt af honum, að mæla á móti lagaskólanum, því að almenn menntun getur ekki komið frá útlendum vísindastofnunum; hún verður að eiga upptök sín í landinu sjálfu. Þar sem það á að vera undarlegt, að ítreka þessa bæn nú þegar, þar sem nýlega sè neitun komin frá stjórninni um það, þá er það eingin mótbára, því vèr

höfum reynsluna fyrir oss í því, að sá hefir sitt mál, sem þrástur er, eins og sjá má af undirskriptarmálinu. — Þar sem hinn 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að nú væri ekki fram komnar neinar nýjar ástæður í þessu máli, hvers vegna menn þyrfti að breyta skoðun sinni, þá er það satt, en þá er ekki heldur nein ástæða fyrir þíngið, sem hefir verið einhuga í þessu máli, að breyta skoðun sinni um það nú og hætta við svo búið. Það hefir verið sagt, að þar sem nú sè ekki nema 40 í skóla, þá útskrifist árlega ekki nema 4, en þetta er ekki satt, því það verður að meðaltölu 6—7, en þar sem nú eru um 20 við Kaupmannahafnarháskóla, sem lesa lög, þá gæti það orðið laglegur skóli, ef þessir 20 menn sækti hann. Svo er og það, að margir hætta við menntun, af því að þeir vilja ekki verða prestar, en sjá sèr ekki annan menntunarveg, og mæli eg því enn fram með nefnd í málinu.

Þórður Jónassen: Það er ekki rètt, að bera lagaskólann saman við prestaskólann. Prestaskólinn var veruleg framför, því, eins og kunnugt er, gátu þeir, sem útskrifuðust úr skólanum, strax orðið prestar, og þeir bjuggu þannig yfir höfuð að þeirri geistlegu menntun, sem skólinn lèt þeim í tè, en nú fara þeir úr lærða skólanum í prestaskólann, og menntast þar, eins og nærri má geta, miklu betur, en kostur var á, áður en prestaskólinn var settur. Þar á móti þurftu lögfræðíngar vorir að sigla, og gánga undir próf í lögum við háskólann, áður en þeir gæti tekið hèr embætti. Hefði verið svo ástatt, að bæði presta- og lögfræðíngaefni áður hefði þurft að sigla og stúdera við Kaupmannahafnarháskóla til þess að geta feingið embætti, þá hefði báðir staðið jafnt, hvað þá umtöluðu skóla snertir, en það er nú ekki þessu máli að gegna. Að öðru leyti stendur allt öðruvísi á með prestaskólann en með lagaskólann; prestsembættin eru mörg, hin verzlegu mjög fá, og í fleiru mundu þeir standa ójafnt að, svo það tjáir ekki að draga ályktanir frá þeim eina til hins.

Gísli Brynjúlfsson: Þó að eg sè fús að játa, og þykist, einkum síðan eg nú kom hèr aptur til landsins, og sá, hvernig ástandið er, hafa sèð nóg rök til þess, að mörg mál sè í bráð fremur áríðandi en þetta, þá finnst mèr þó æfinlega lagaskólamálið svo mikilsvert, að rètt sè að setja nefnd niður í því. Hèr hafa tvær meiníngar komið fram: önnur sú, að það mundi spilla lagamenntun í landinu, að lagakennsla kæmist hèr á, en hin meiníngin sú, að slík stofnun mundi einmitt auka og efla hana, og sýnist svo fyrir einfaldri skynsemi, sem sú skoðun sè að öllu sennilegri og eðlilegri. Menn segja,

að háskólinn í Höfn verði að skapa meiri lögfræðínga, en eg verð að segja mína meiníngu um það, að eg held yfir höfuð ei, að háskólar skapi mikla fróðleiks- eða lærdómsmenn; þeir skapa sig að eins sjálfir, og hver nemur æfinlega mest af sjálfum sèr og bókum, eptir að hann er orðinn fullþroska að viti og anda, svo að það verður að eins um hina minni skóla fyrir æskumenn, er enn eru að skapast og sjálfum sèr því ónógir, eins og t. a. m. latínuskóla, að segja má með fullum rètti, að þeir skapi mennina, ef þeir að eins leggja góða undirstöðu undir almenna menntun. Hinir æðri skólar geta aldrei sjálfir skapað mikla menn í nokkurri vísindagrein eða nokkurum fróðleik, því mikilleikinn er opt einmitt í því innifalinn, að brjóta niður það sem kennt er í slíkum skólum, og finna nýja vegu; en þeir geta þó búið menn undir einfalda embættisstöðu, að því leyti sem bókakunnáttu þarf til hennar, og, það sem er aðalatriðið, þeir geta við haldið og verið eins og nokkurs konar gróðrarstía allrar þeirrar menntunar, sem einu sinni er komin inn í landið. Það er einmitt vegna þessa, en ei af því eg í raun og veru búist við, að slíkur skóli sjálfsagt muni skapa afbragðslögfræðínga, að eg verð að vera á því, að gott væri að fá hèr lögfræðíngaskóla, svo að sú lagamenntun, sem menn hèr í landi æfinlega hafa haft laungun til og mætur á, mætti fá einhverja aðhjúkrun eða einhvern fastan stofn til að safnast að; og hefi eg því mikillega furðað mig á, að verða að heyra mikla og góða lögfræðínga hèr hafa á móti slíku, sem mèr einmitt finnst þeim ætti að vera annara um en öllum öðrum. Eg óttast ei, að lærdómi fari hnignandi í landinu fyrir það, sem einmitt er ætlað til að efla hann, því eingum er þó vegna þess bannað að leita sèr fróðleiks, hvar sem þeir svo helzt kjósa; Íslendíngar hafa æ verið sagðir námgjarnir, og er vonanda svo sè enn, en hafi sú námgirni að eins komið af því þeir máttu til að láta berja eitthvað í sig utanlands, eins og þeir sýnast að meina, sem nú vantreysta svo mjög fróðleikslaungun Íslendínga, ef háskólans danska missir við, þá hefir sá lærdómur, sem þannig fèkkst, víst heldur aldrei verið mikilsvirði. Þó sagt sè, að of fáir útskrifist úr latínuskólanum hèr til að nema lög, þá er það ei meiri mótbára móti lagaskóla á Íslandi, heldur en á móti aðsókn íslenzkra lögfræðínga að háskólanum í Höfn, og sýndist eptir því mest ástæða til þess, fyrst að reyna einhvern veginn að bæta úr þessu, hvað latínuskólanum við víkur; en hvað hinu við víkur, að of fáir muni yfir höfuð sækja lagaskóla hèr, þá er það enn allt ósannað, og líklegt, að fleiri muni sækja hann, en eintóm

embættismannaefni, því þess þurfum við nú einna helzt við hèr í landi, menntaðra manna, og þá ei sízt í lögum, er þó ei sè embættismenn, en að eins öllum óháðir búandi menn. Hið eina, sem víst er, er það, að íslenzk lög eru alveg ei kennd við háskólanu í Kaupmannahöfn, og hvað því við víkur, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður mælti, að eðlilegra hefði verið að setja prestaskólann, en nú að stofna lagaskóla, þá er þó auðsætt, að öll lagamenntun er miklu þjóðlegri og einstaklegri en guðfræðismenntunin, sem að mestu er almenn í flestum löndum, og því meiri nauðsyn fyrir hverja einstaka þjóð að koma henni upp hjá sèr, ef hún ei fæst annarstaðar. Eg verð því að vera á því, sem hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður sagði, er eg sit við hliðina á, að aðalatriðið fyrir oss sè að hlynna sem mest að allri menntun í landinu sjálfu, því „hollt er heima hvað"; og gef eg því mitt atkvæði fyrir því, að nefnd verði sett í málinu.

Jón Hjaltalín: Eg vil leyfa mèr að skýra málið með stuttri athugasemd. Eg gat þess áðan, að það mundi verða kostnaðarminna fyrir landið að hafa lagaskóla hèr á landi en að senda stúdenta til Kaupmannahafnarháskóla. Eg hefi nú reiknað út, hvað það kostar mikið að stúdera í Kaupmannahöfn, og reikníngur minn er svona: Það hefir verið sagt, að nú stúderuðu 20 júristar við háskólann, og hver þeirra þarf hèr um bil 400 rd. á ári, það eru 8000 rd. árlega, og margfaldi menn það nú með tölu þeirra 5 ára, sem menn þurfa að hafa til stúderínga, þá verða það 40,000 rd., sem þessir 20 stúdentar kosta landið, en auk þessa gefur stjórnin sjálf mikið fè handa þessum mönnum árlega. Menn hafa sagt, að annað væri meir áríðanda; en menn hafa líka sýnt fram á, að fjöldi þeirra, sem stúdera, fer allt af minnkandi, þó fólkstalan í landinu aukist; þetta er eðlilegt, því þó menn geti látið syni sína læra í skóla, þá geta þeir þó ekki látið þá sigla til Kaupmannahafnar, og ef þeir ekki vilja verða prestar, þá er ekki von á, að feður eða vandamenn vilji kosta upp á það, sem til einskis verður, því margir hafa ei efni á að láta þá sigla, og fjöldi stúdenta hefir einnig orðið að hætta við lærdóm sinn vegna peníngaleysis. Allt sýnist því að benda á, að innlendar æðri menntunarstofnanir yrði án efa hin bezta hvöt til þess að auka tölu lærisveina hins lærða skóla, sem nú virðist heldur að fara þann veg minnkandi, að ísjárvert má sýnast, ef Ísland hèr eptir á að geta feingið jafnmarga innlenda embættismenn, eins og það með þarf.

Konúngsfulltrúi: Þíngmenn eru búnir að ræða svo margt og

mikið um þetta mál, og hafa í umræðunum um það farið lángtum meir, en góðu hófi gegnir inn í efni málsins sjálfs *(Realiteten)* og þess vegna skal eg ekki á slíkan hátt leingja þíngræðurnar; eg skal þess vegna eigi heldur nú í þetta sinn svara upp á þær útásetníngar *(Kritik)* gegn ástæðum stjórnarinnar, þeim er eg skýrði þínginu frá í byrjun þessa fundar, sem nokkrir þíngmenn hafa borið fram, en einasta geta þess, að mèr virðast tèðar útásetníngar hvorki vera mikilsverðar nè eiga vel við. Þar á móti skal eg biðja hina heiðruðu þíngmenn nákvæmlega að yfirvega það, hvort nokkur líkindi sè til þess, að stjórnin, eptir skýrslu þeirri, sem eg hefi gefið þínginu, muni breyta svo meiníngu sinni, að hún veiti ásjá ítrekaðri bænarskrá um stofnun lagaskóla hèr á landi. Eg held það megi liggja í augum uppi, að hún muni ekki gjöra það, og þess vegna mun hún ekki heldur fara því á flot við ríkisþíngið að veita fè til slíkrar skólastofnunar hèr, enda mundi ríkisþíngið verða öldúngis ófúst á að veita slíkan styrk. Eg skal þar að auki benda hinum heiðruðu þíngmönnum til þess, og sèr í lagi þeim, sem nánast eru kosnir til þess, að vernda hag og rèttindi gjaldþegnanna hèr á landi, hvort það sè hentugt og tiltækilegt, að leggja þúngan skatt á landið, til að koma upp þeirri stofnun, er stjórnin og margir menn með henni álíta að minnsta kosti eingan veginn nauðsynlega og það á meðan óáran og fjársýki þreingja svo að landinu, að velmegunin er rýrnuð alstaðar, og sumar sveitir eiga að berjast við megnan bjargarskort. Það hefir verið sagt hèr á þínginu, að það kostaði landið lángtum meira, að láta únga menn stúdera í Kaupmannhöfn, en þó lagaskóli væri hèr stofnaður; en eg bið þíngið að gæta þess mismunar, sem er á því, að þeir menn, er láta syni sína nema lögfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, leggja til þess fè með frjálsum vilja og af eigin hvötum, og á hinu, að lagður væri þvíngunarskattur á allt landið til lagaskólastofnunar.

H. Kr. Friðriksson: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gat þess, að eingin líkindi væri til, að stjórnin veitti lagaskólann, nema vísað yrði á fè, er gæti staðizt kostnað hans, en til þess að geta vísað á fè, verða menn að fá færi á að íhuga málið, og því er það eingin mótbára á móti nefnd.

Konúngsfulltrúi: Eg get þó ekki betur sèð, en að ástæða sú, sem flutníngsmaður bænarskrárinnar kom fram með, sè móti því, að nefnd sè kosin í málið, því eg get eigi ætlað þínginu það, að

það taki sèr nokkuð það fyrir hendur, sem það fyrir fram má vita að er öldúngis tilgángs- og árángurslaust.

Pètur Pètursson: Eg vil að eins gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Það sæti ei á mèr að vera mótfallinn innlendri menntun núna, þar sem eg hefi reynt að styðja ekki að eins hina innlendu guðfræðislegu menntun, heldur einnig áður hèr á þínginu innlenda lögfræðíngamenntunarstofnun. Eg álít einnig, að hin innlenda menntun sè hollust fyrir hverja þjóð, þegar mönnum gefst kostur á jafnframt að útvega sèr útlenda menntun; en eg verð að játa það, að eg er hugdeigari nú, en áður, hvað lagaskólann snertir, ekki svo vegna kostnaðarins, heldur af því að eg er farinn að óttast, að ekki muni fást nógir til þess að sækja lagaskólann, svo að nú er ekki líklegt, að stofnunin kæmi að notum. Nú sem stendur eru 40 í skóla, og má reikna, að þar af útskrifist 6 á ári hverju að meðaltali. Þó nú lagaskólinn kæmist á, má gjöra ráð fyrir, að hinir æðri embættismenn og hinar dönsku eða hálfdönsku ættir, sem eiga heima hèr á landi, sendi syni sína til Kaupmannahafnarháskóla, og gjöri eg þá ráð fyrir, að 2 sigli á ári, og ef nú læknaskóli kæmist á, sem er fullt eins ómissandi, eins og lagaskólinn, þá yrði 4 stúdentar, sem ætti að skipta á milli 3 skóla. Ef nú ætíð eiga að vera nóg prestaefni í brauðin, þá þarf 3—4 prestaefni árlega, en ef nú fleiri vísindastofnanir kæmist á, mundi verða hörgull á prestaefnum. Þykir mèr því uppástúnga þíngmannsins úr Strandasýslu vel til fallin, að þíngið ætti að láta sèr annt um að greiða veg fyrir hinum lærða skóla, svo fleiri gæti útskrifazt þaðan. Liggur þá næst nú að biðja um endurskoðun reglugjörðar hins lærða skóla, og laga hana þannig, að mönnum væri gjört hægra fyrir að læra, svo fleiri gæti útskrifast til hærri vísindastofnana. Þetta er mín skoðun nú á málinu, að eg er í efa um það, hvort nú er sá rètti tími til að biðja um lagaskóla, og mun eg því ekki gefa atkvæði mitt fyrir því, að nefnd sè sett í þessu máli.

H. Kr. Friðriksson: Það hefir opt verið sagt, að fáir komi í skóla, og það fært til sem ástæða á móti lagaskólanum, en ef latínuskólanum er nokkur hætta búin, að fáir muni sækja hann, þá er það einmitt ástæða með lagaskólanum, því hvers vegna eru svo fáir í skóla nema af því, að menn eigi sjá sèr unnt að standast kostnaðinn, sem námið við háskólann í Kaupmannahöfn hefir í för með sèr á eptir. Lærisveinar mundu fjölga í latínuskólanum, ef þeir sæi sèr veg til þess að halda menntun sinni áfram, þegar þeir koma úr skóla. 1846 fjölguðu piltar talsvert í skóla, og það getur orðið svo enn.

Ef menn sjá sèr greiddan hægri veg til embætta, en hingað til hefir verið, þá verða menn fúsari á að ganga í lærða skólann, og því er þetta einmitt ástæða með lagaskólanum.

Jón Hjaltalín: Það er vel gjört af hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* að minna oss á vilja stjórnarinnar, því það er heimska að ota kappi við hana, en vèr eigum þó að minni meiníngu samt sem áður að segja stjórninni þjóðarinnar skýlausa vilja, og það eigum vèr að gjöra sem góðir þegnar með stillíngu og hógværð. Það hefir verið sagt, að lagaskólinn mundi verða kostnaðarmikill, en er það þá ekki skattur á landinu, að menn ekki skuli geta náð menntun sinni nema við Kaupmannahafnarháskóla, sem er hinn dýrasti staður fyrir oss Íslendínga? það er undarlegt, að þegar vèr erum orðnir rúmar 64,000, þá sè ekki meiri lyst til menntunar hjá oss, en þegar vèr að eins vorum 40,000, en það er eðlilegt, því eins og eg sagði áðan, að þegar foreldrar sjá, að ei fæst hentug menntun, þá hætta þeir að láta syni sína læra í hinum lærða skóla, og þetta virðist mèr mjög ískyggilegt.

Forseti: Nú verð eg að álíta þessari inngángsumræðu lokið, og vil eg biðja þá, sem vilja, að nefnd sè sett í málið, að standa upp.

Var það samþykkt með 15 atkv. gegn 6, að nefnd skyldi kjósa í málið.

Þar bæði var stúngið upp á 5 manna nefnd og 3 manna nefnd, var leitað atkvæða um, hvort heldur skyldi vera, og var 3 manna nefnd samþykkt og þessir þíngmenn kosnir í nefndina:

Jón Hjaltalín með 14 atkv., *H. Kr. Friðriksson* með 13 atkv., *H. G. Thordersen* og *Gísli Brynjúlfsson* hvor með 7 atkvæðum, og rèð aldur, svo að *H. G. Thordersen* varð hinn 3. nefndarmaður.

Voru síðan skjöl málsins afhent hinum 6. konúngkjörna þíngmanni, er hlotið hafði flest atkvæði.

Forseti: Mèr þykir rèttast, þó á fundartímann sè liðið, að halda áfram dagskránni, þar ekki eru aðrar bænarskrár eptir en þær, er mèr virðist vísa megi til þeirra nefnda, er þegar eru kosnar. Er þá fyrst uppástúnga frá þíngmanninum í Reykjavík um *bót á kjörum dómkirkjuprestsins,* og vil eg bera undir þíngmenn, hvort ekki sè rèttast að vísa uppástúngu þessari til nefndarinnar um laun embættismanna.

Með því einginn þíngmanna mælti í móti, var uppástúngan afhent formanni nefndarinnar, þíngmanninum úr Strandasýslu.

Forseti: Þar næst kemur bænarskrá frá Kollabúðarfundi um

fiskiveiðar útlendra þjóða við Ísland, og virðist mèr rèttast, að henni sè vísað til nefndarinnar í fiskiveiðamálinu.

Fèllst þingið einnig á það, og var bænarskráin því næst afhent formanni nefndarinnar, *varaforseta.*

Forseti: Þar næst koma 4 bænarskrár úr Dalasýslu, Snæfellsnessýslu, frá Kollabúðarfundi og Þinghöfðafundi, um *frestun á löggildingu jarðamatsins,* og virðist mèr rèttast, að vísa þeim öllum til jarðamatsnefndarinnar.

Þegar enginn mælti í móti þessu, voru þessar bænarskrár afhentar formanni nefndarinnar, hinum 4. konúngkjörna þingmanni.

Forseti gat þess, að sökum þess, hvað mikið hinar mörgu nefndir, er nú væri settar, hefði að starfa, þá yrði enginn fundur næsta dag, og ákvað hann því fund til laugardags, 9. júlí, kl. 11.

Fundi slitið.

---

9. júlí — sjötti fundur.

Allir á fundi nema þingmaður Ísfirðinga.

Þingbókin lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en geingið er til dagskráarinnar, vil eg geta þess, að eg hefi feingið tilkynníngu um formannakosníngar í nokkrum af nefndum þeim, er þegar eru settar, og eru þær þessar: í nefndinni, sem kosin var til að íhuga *umkvörtun Vestur-Skaptfellínga,* er formaður: þingmaðurinn úr Austur-Skaptafellssýslu; skrifari: þingmaður Borgfirðínga; og í nefndinni *um bœjarstjórn á Akureyri* formaður: þingmaður Eyfirðínga, skrifari: þingmaður Skagfirðínga.

Því næst vil eg geta þess, að í morgun barst mèr brèf frá stiptsyfirvöldunum, dagsett í gær, sem svar upp á brèf mitt til þeirra 4. þ. mán. viðvíkjandi prentun alþingistíðindanna, sem eg vil leyfa mèr að lesa upp fyrir þingmönnum, ef þeir kynni að hafa eitthvað að athuga við kjörin, og svo þingmenn geti betur ákveðið, hvað upplag alþingistíðindanna á að vera stórt.

Las *forseti* síðan upp brèf stiptsyfirvaldanna og hljóðar það þannig:

Eptir að hafa leitað álits hjá forstöðumanni prentsmiðjunnar viðvíkjandi brèfi yðar af 4. þ. m., hvar í þèr fyrir spyrjið, með hverjum kjörum alþingistíðindin og annað, sem alþingi þarf að láta prenta,

muni fást afgreitt í prentsmiðjunni, samt hvað pappir undir þetta muni kosta, látum, vèr ekki hjá líða að tjá yður, að forstöðumaðurinn hefir látið í ljósi, að prentsmiðjan geti ekki að skaðlausu látið vinnu sína og pappír í tè fyrir minna verð en 1857, sem var 12 rd. fyrir ark í prentunarlaun, 40 rd. fyrir hvern balla af Medían N. 1, og 2. mörk fyrir hverja bók Median- postpappírs til prófarka. Þar hjá hefir hann getið þess, að ekki sè hægt fyrir fram að ákveða verðið fyrir það, sem prentað verði auk þingtíðindanna, heldur verði það að vera komið undir umfángi þess, en pappírinn verði með sama verði, að því leyti um hann er beðið sömu tegundar. Handritið hefir hann áskilið verði greinilegt og samkvæmt sjálfu sèr.

Um leið og yður tilkynnist þetta, verðum vèr að athuga, að vèr með sèrlegu tilliti til þess, að prentsmiðjan, á meðan á prentun stendur fyrir alþíngi, verður að vísa svo gott sem öllu öðru frá sèr til að leysa það af hendi, ekki getum lagt til vinnu og pappír prentsmiðjunnar fyrir minna verð, en á er vikið að framan.

Íslands stiptamthúsi og skrifstofu biskups, 8. júlí 1859.

J. D. Trampe. H. G. Thordersen.

Forseti: Eg veit ei, hvort þíngmenn hafa nokkuð að athuga við þetta; mèr fyrir mitt leyti sýnist, að ekki verði búizt við betri kjörum, en alþíngi voru sett 1857, og þó þau sè óneitanlega nokkuð þúng í samanburði við það, sem prentun kostar utanlands, þá finnast mèr samt kjör þessi, er hèr eru fram boðin, eigi svo þúng, að þau sè frágángssök, enda mundu einnig verða ýms vandkvæði á því, að prenta alþíngistíðindin í Kaupmannahöfn; þetta er nú einúngis mín skoðun, en eg vil biðja þíngmenn að láta meiníngu sína hèr um í ljósi, og svo um það, hvað upplag alþíngistíðindanna eigi að vera stórt, hvort það eigi að vera 600 exempl., eins og vant er, eða annaðhvort stærra eður minna.

Guðmundur Brandsson: Mèr finnst það vera óskaráð, að fá að vita, hvað mikið hefir selzt af þíngtíðindunum, því ef þau hafa selzt vel, væri ástæða til að auka upplagið, en hafi þau selzt illa, getur maður ályktað þar af, að fáir muni vilja eiga þau, og þá væri má ske ástæða til að minnka upplagið. En í sambandi við þetta vil eg leyfa mèr að gjöra þá uppástúngu, sem mèr ei þykir ósanngjörn, að útbýtt væri gefins til hvers hrepps eitt exempl. af þíngtíðundunum, því þess ber að gæta, að alþíngiskostnaðurinu, og þá einnig prentun alþíngistíðindanna, er skattur á öllu landinu, og því ætti þau að geta orðið sem flestum að notum, og það á auðveldasta

og aðgeingilegasta hátt; og finnst mèr þau eins vel geymd út um landið hjá skjölum hvers hrepps, eins og í hrúgu hèr á kirkjuloptinu, hvar þau geta glatazt með mörgu móti, og ef þau t. a. m. brynni öll, sem vel gæti að borið, þá væri öllu tapað, en eingu er spillt, þó 1 exempl. af þeim, og það jafnvel frá fyrstu byrjun alþingis, lægi við hreppskjöl hvers hrepps; því það má fullyrða, að með alþingi byrjar nýtt tímabil í sögu landsins, og ætti því sem flestir að geta glöggvað sig á, hverju síðan hefir fram farið. Ef menn nú hefði 1 exempl. í hverjum hreppi, þá mundi, ef til vill, margur lesa þau, sem annars ekki gjörði það, og þau gæti með þessu móti komizt inn í alþýðulífið meir en hingað til, og gæti það orðið orsök til, að eptirsóknin eptir þeim ykist heldur en minnkaði. Hvað flutníng þeirra við víkur, þá væri sjálfsagt, að hann ætti að annast hreppstjórar, sýslumenn eða amtmenn, en flutníngskostnaður, ef nokkur yrði, ætti að minni meiníngu að leggjast með öðrum alþíngiskostnaði, því þetta er ekki annað en skattur, sem þjóðin leggur á sjálfa sig til að gefa hann sjálfri sèr á eptir. Vil eg nú ekki fara fleirum orðum um þessa uppástúngu mína, en vil gjarna heyra, hvern róm þíngmenn gjöra að henni, því eg álít það fullkomlega á þíngsins valdi, að úrskurða í þessu máli, svo það þurfi ekki að gánga leingra.

Forseti: Viðvíkjandl fyrirspurn þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, um hversu mikið hafi selzt af þíngtíðindunum, þá eru eingar skýrslur þar um komnar til *forseta*dæmisins; en það vill svo vel til, að sá sem hefir á hendi útsölu alþíngistíðindanna frá 1857, er sjálfur hèr á þínginu; það er þíngmaðurinn úr Reykjavík, sem efalaust getur gefið þínginu upplýsíngar hèr um.

H. Kr. Friðriksson: Af alþíngistíðindunum 1857 er selt og út sent framt að 200 exemplörum, og verð eg að telja þau exempl. seld, sem útsend eru. Þó þetta sè eigi mikið, finn eg einga ástæðu til að minnka upplagið. Að því er uppástúngu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu snertir, finnst mèr, að til þess, að henni verði gaumur gefinn, þyrfti uppástúngan að vera skrifleg, og þyrfti einnig að setja nefnd til að íhuga hana.

Páll Melsteð: Eg ætla eigi að leingja þíngræðurnar, en einúngis geta þess, að mèr þykja þeir kostir heldur harðir, sem settir eru fyrir prentuninni, eptir því sem eg áður þekkti hèr til, og eptir því sem eg þekki til prentunar ytra; þó vil eg ekki leingra fara fram í það að þessu sinni. En hvað upplag alþíngistíðindinna snert-

ir, þá virðist mèr 600 exemplör nægileg. Og hvað uppástúngu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu við víkur, finnst mèr það vel til fallið, að einu exemplari yrði útbýtt til hvers hrepps; því ef þau eru nú lítið lesin, sem víst mun satt vera, þá kynni þetta að verða vegur til þess, að þau yrði meira lesin og kæmist betur inn í huga og meðvitund þjóðarinnar.

Jón Hjaltalín: Eg vil styðja uppástúngu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu; því hún er bæði frjálsleg og falleg, það er ekki af nízku fyrir öllum, þó þeir eigi kaupi þíngtíðindin, heldur fremur sökum óhægðarinnar að fá þau og flytja þau; og væri 1 exemplar í hverjum hreppi, gæti það einmitt orðið tilefni til þess, að þíngtíðindin seldist betur, og í öllu falli er það betra, en að þau liggi hèr, þar þau auðveldlega geta brunnið; það þarf ekki annað til þess, en að reiðarslag slái niður á kirkjuna, og vil eg því styðja uppástúnguna af alefli.

H. Kr. Friðriksson: En eg vil af alefli mótmæla henni, því það er ekki til annars, en að venja óvanda upp í mönnum.

Konúngsfulltrúi: Eg fyrir mitt leyti hefi ekkert móti uppástúngu þíngmannsins frá Gullbríngusýslu, en eg vil benda þínginu til þess, að gjöra þarf um málefni það, sem hún fór fram á, sèrstaka uppástúngu, og ræða hana sem mál fyrir sig. Ræða uppástúngumannsins bendir á svo mörg atriði, sem taka þarf til greina og ræða nákvæmlega, svo ætla má, að þar um verði lángar umræður; og það má eingan veginn fresta uppástúngu hins háttvirta *forseta,* um, hvað stórt skuli vera upplagið af þíngtíðindunum eptir úrslitum uppástúngu hins nefnda þíngmanns, heldur verður að skera úr uppástúngu *forsetans* strax nú á þessum fundi, svo ekki frestist of mjög útkoma þíngtíðindanna.

Páll Sigurðsson: Eg er mjög meðmæltur uppástúngu þíngmannsíns úr Gullbríngusýslu, því orsökin til, að þíngtíðindin eigi seljast, er eigi einasta sú, að menn eigi vilji lesa þau, því það vilja margir gjöra, gæti þeir náð þeim til sín, heldur kemur það til af því, að menn eigi ná til þeirra; því þó menn eigi ferðir híngað ofan úr sveitum, eru menn ei með þess konar farángur, að þeir geti varðveitt bækur; því til þess þarf koffort eða kistur, sem fæstir hafa meðferðis. Auk þessa gæti það örvað lystina til að lesa tíðindin, ef 1 exemplar væri til í hverjum hrepp. Auk þessa prentast einnig lög þau, sem út koma, aptan við þíngtíðindin, og þó þau sendist í hvern hrepp á annan hátt, væri samt gott að hafa þau í tvennu

lagi; því þá gæti bændur heldur feingið önnur þeirra að láni, þegar önnur gæti legið kyr fyrir. En verði uppástúngunni ei gaumur gefinn, vil eg, að upplag alþíngistíðindanna sè minnkað.

Forseti: Áður en frekari umræður verða um þetta mál, vil eg leyfa mèr að láta greiða atkvæði um, hvort ræða skuli uppástúngu þessa nú, eða kjósa nefnd til að yfirvega hana nákvæmar.

Guðmundur Brandsson: Ef skriflega uppástúngu þarf, þá getur þetta valdið nokkrum drætti, en fyrir mitt leyti er eg ekkert á móti því, að nefnd verði sett til að hugleiða þetta betur.

H. Kr. Friðriksson: Mèr finnst skriflega uppástúngu þurfi; því að þíngið getur ekki gefið munnlegum uppástúngum neinn gaum, því að af því leiddi líka, að hver þíngmaður gæti farið að koma með munnlegar uppástúngur, þegar þeim dytti þær í hug.

Arnljótur Ólafsson: Eptir alþíngistilsk. 62. grein verður ekkert mál löglega rætt, nema um það komi fram skrifleg uppástúnga. Þetta mál er að vísu nokkuð sèrstaklegt, því það þarf ekki að fara út yfir pollinn, eins og önnur mál, heldur ætla eg rètt sè að alþíngi gjöri sjálft samþykkt um það, og feli *forseta* á hendur framkvæmdina, að því leyti nauðsynlegt er. En samt sem áður þarf um það skriflega uppástúngu, og skal eg mæla fram með henni, þegar hún kemur, en ætla ekki að tala meira þar um að sinni.

Forseti: Eg skal þá láta ganga til atkvæða um, hvort sèrstaka skriflega uppástúngu þurfi um málið, og nefnd til að segja álit sitt um það.

Var það samþykkt með 21 atkvæði gegn þremur.

Forseti: Þar næst skal eg biðja þíngmenu láta álit sitt í ljósi um, hvort upplag tíðindanna skuli vera það sama og áður, eða ekki; þar nú að eins tæp 200 exemplör af þíngtíðindunum eiga að vera seld, þá er svo mikill afgángur, að vel má missast eitt exemplar til hvers hrepps, svo þó uppástúnga þíngmannsins úr Gullbríngusýslu næði samþykki þíngsins, álít eg 600 exx. upplag nægilegt.

H. Kr. Friðriksson: Ef uppástúngu þíngmanns Gullbríngusýslu verður framgeingt, þykir mèr upplagið of lítið; því þá hafa menn eigi eptir nema svo sem 100 exemplör að hlaupa upp á fyrir allan ókominn tíma.

Guðmundur Brandsson: Þíngmanni Reykvíkínga skjátlar í reikníngnum; því þegar rúm 400 exemplör eru óseld og þar af er tekið 1 exemplar fyrir hvern af þeim 169 hreppum, sem eru í landinu, verður afgángurinn meiri, en hann gjörði ráð fyrir.

H. Kr. Friðriksson: Eg vissi nú ekki það, sem eg nú heyri, að þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu veit það fyrir fram, að þingtíðindin aldrei muni seljast betur en í þetta skipti, en hitt veit eg, að áður hafa stundum selzt um 400.

Guðmundur Brandsson: Af því hvorki eg nè þingið þekkir annan duglegri útsölumann þingtíðindanna, en einmitt þingmann Reykvíkínga, en honum hefir þó ekki tekizt betur en kunnugt er orðið, þá get eg ekki ímyndað mèr, að sölunni verði meiri framfara auðið í annara höndum en hans.

Jón Hjaltalín: Hvað upplaginu við víkur, álít eg 600 nægileg, og það jafnvel þó þingið fèllist á uppástúngu þingmannsins úr Gullbríngusýslu; því litlar líkur eru til, að útsalan aukist fyrst um sinn.

Magnús Andrèsson: Eg held, að ekki þurfi stærra upplag en hingað til, því þó alþingistíðindin, ef uppástúnga þingmansinns úr Gullbríngusýslu feingi framgáng, dreifðist meira út, þykir mèr óvíst að fleiri mundi seljast; að öðru leyti vil eg mæla fram með uppástúngunni.

Ásgeir Einarsson: Orsökin til þess, að svo lítið geingur út af þingtíðindunum, er að mínu áliti sú, að þau berast svo seint til útsölumanna þeirra. Eg er einn af útsölumönnunum og hefi ekki feingið heim til mín nema ein 3 hepti af alþingistíðindunum frá 1857, og hvað flutníng tíðindanna snertir, vildi eg heldur, að þau væri prentuð í Kaupmannahöfn eða í Frakklandi, því þá er eg viss um að eg feingi þau fyrri.

Indriði Gíslason: Eg er á því, að nægilegt sè, að upplagið sè 600.

Forseti: Eg veit ei, hvort þingmaður Reykvíkínga vill halda fram uppástúngu sinni um að auka upplagið?

H. Kr. Friðriksson: Nei.

Forseti: Eg álít þá, að það sè samþykkt af þínginu, að upplagið skuli vera jafnstórt og hingað til, nefnilega 600 expp., og skal eg þá leyfa mèr að biðja þingmenn að velja ritnefnd.

Ásgeir Einarsson: Má ekki fresta að kjósa ritnefndina til morguns?

Forseti: Mèr virðist, að ekki megi leingur fresta að kjósa í ritnefndina, það er búið að dragast nógu leingi, en drátturinn kemur eingaungu af því, að eg hefi verið að bíða eptir svari frá stiptsyfirvöldunum, og þetta svar, dagsett í gær, barst mèr ekki fyr en í

morgun; og vil eg því biðja þingmenn að kjósa nú þegar 2 ritnefndarmenn.

Var síðan geingið til kosníngar og voru kosnir til *ritnefndarmanna, H. Kr. Friðriksson,* með 18 atkv., og *Pètur Pètursson,* með 15 atkv.

Forseti: Samkvæmt dagskránni hefir þá hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* orðið til þess að halda áfram skýrslum sínum um ástæður stjórnarinnar.

Konúngsfulltrúi: Í hinni konúnglegu auglýsíngu til þessa árs alþíngis er þess getið, að *konúngsfulltrúinn* muni skýra þínginu frá þeim ástæðum, hvers vegna stjórnin hefir ekki tekið til greina þegnlega bæn alþíngis um, að leyft verði, að veita móttöku á leigu í hinn íslenzka jarðabókarsjóð ómyndugra fè og opinberra stiptana, er nemur frá 25—100 rd.

Þar eð þessar ástæður eru teknar fram í brèfi fjárhagsráðherrans til dómsmálastjórnarinnar 12. maí 1859, hefir mèr verið sent eptirrit af þessu brèfi, og er inntak þess þetta:

Með lögum 28. marz 1855 um reikandi ríkisskuldir er það ákveðið, að frá 1. apr. 1855 veiti ríkissjóðurinn ekki móttöku á leigu nokkurri peníngaupphæð undir 100 rd. hvorki fyrir ómyndugra eða stofnanir. Þessi ákvörðun, sem enn þá gildir til 31. marz 1860, samkvæmt nýjustu lögum um reikandi ríkissuldir 24. febr. 1858, varð að álítast einnig beinlínis gilda fyrir Ísland, þar eð jarðabókarsjóður Íslands er ein grein af ríkissjóðnum, og fjárhagsstjórnin getur ekki eignað sèr meiri ráð yfir þessum einstaka sjóð, heldur en ríkissjóðnum öllum. Stjórnin getur því ekki verið á því, að á ríkissjóðnum hvíli nokkur eðlileg skuldbindíng til þess að geyma og taka á leigu peninga einstakra manna. Ekki getur stjórnin heldur sèð, að tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847 hafi lagt ríkissjóðnum á herðar skuldbindíngu til þess, að veita móttöku slíkum peníngaupphæðum, og með því lagt þá takmörkun á ríkissjóðinn, að hann geti ekki komið í rètt horf skuldamálum sínum, og greitt skuldir sínar, á þann hátt sem fjárstjórninni mætti virðast hentugast samkvæmt löggjöf þeirri, er gildir um fjárstjórn ríkisins, nema með því að tekið sè tillit til þeirra reglna, sem settar eru um fjárforráð ómyndugra. Þessar reglur um fjárforráð ómyndugra hafa verið settar samkvæmt því ástandi, er átti sèr stað, þegar þær voru gefnar. Menn urðu að geta í þessum lagaákvörðunum, hvort ríkissjóðurinn eða einhver annar sjóður þætti vera hentugastur geymslustaður fyrir

fè ómyndugra, sem ekki yrði gjört arðsamt á annan hátt, og það var eðlilegt, að einnig væri þar minnzt á þær reglur, sem hlutaðeigandi sjóður færi eptir, þegar hann veitti móttöku slíku fè. En þegar þessum reglum er breytt, og ríkissjóðurinn annaðhvort alveg hættir að veita móttöku fè manna, eða setur aðra skilmála fyrir móttökunni, þá er það auðvitað, að lögin um fjárforráð ómyndugra í því tilliti geta ekki komizt að á eins yfirgripsmikinn hátt og þau upphaflega voru sett. Stjórnin getur því ekki, hvað ríkissjóðinn snertir, fallizt á, að hverfa aptur til hinna eldri ákvarðana um, að veita móttöku í ríkissjóðinn íslenzku ómyndugra fè og opinberra stofnana, er nemur frá 25—100 rd. En í þessu efni virðist það að öðru leyti að vera íhugunarmál, hvort ekki yrði unnið að því, að koma á legg í Íslandi einum eða fleiri sparnaðarsjóðum, eins og Færeyjar hafa átt sèr lángan tíma, og fjárhagsstjórnin telur sig fúsa á, með vissum skilmálum, að veita sparnaðarsjóð í Reykjavík, sem menn höfðu í hug að stofna þar 1850, kost á því, að setja fè sitt á leigu í jarðabókarsjóðinn. Þar sem það er svo erfitt í Íslandi að koma fjárupphæð, sem litlu nemur, í geymslu og á leigu, eins og bænarskrá alþíngis tekur fram, verður það framvegis á valdi Íslendínga sjálfra að ráða fram úr þessum erfiðleikum, með því að stofna þenna sparnaðarsjóð, sem þeir hafa í huga, og sem leggja mætti í til geymslu og til ávaxta slíka peníngaupphæð, er litlu nemur.

Í hinni konúnglegu auglýsíngu 27. maí til alþíngis þ. árs er þess getið, að útgjöld þau, er þyrfti til þess að setja 7 nýja lækna hèr á landi, er bænarskrá síðasta alþíngis fór fram á, ekki munu geta feingizt greidd úr ríkissjóðnum; samt að það, eins og nú er ástatt, hafi þótt ótiltækilegt að leggja á jafnaðarsjóði amtanna gjöld þau, er stúngið var upp á í tèðri bænarskrá að gánga skyldu til styrktar læknisfræðisiðkurum við háskólann, hvar hjá það er ætlað *konúngsfulltrúanum* að skýra þínginu frá ástæðunum til þess, hvers vegna stjórnin eigi hefir getað fallizt á, að stofna læknaskóla og spítala í Reykjavík, eins og það líka hefir verið lagt fyrir *konúngsfulltrúann* að skýra fyrir alþíngi, hvernig stjórnin eptirleiðis muni láta sèr annt um, að betra skipulag komist á um þau atriði, sem um ræðir í bænarskrá síðasta alþíngis í 3., 4., 5. og 6. tölulið. Þessa skýrslu skal eg þá, eptir fyrirmælum stjórnarinnar, gefa á þessa leið:

Í millum bænarskráar alþíngis 1857 og þeirrar, sem kom frá þínginu 1855, er sá verulegi mismunur, að þar sem bænarskrá þíngsins 1855 einúngis talar um, að æskilegt væri, að stofnaður væri

læknaskóli, án þess að þingið gjörði um það formlega uppástúngu, en þar á móti bar það fram sem aðaluppástúngu, að sem bráðast yrði stofnuð nokkur læknaembætti á kostnað ríkissjóðsins, og ef þetta feingist ekki, að laun handa 3 nýjum læknum væri greidd úr hinum íslenzka læknasjóð, þá hefir alþingi 1857 alveg sleppt þessari varauppástúngu, en aptur á mót fyrst og fremst beðið um stofnun læknaskóla í Reykjavík, sem verja skuli til eingaungu efnum læknasjóðsins, en kostnaður til hinna nýju læknaembætta skuli skilyrðislaust greiðast af ríkissjóðnum.

Alþingi færir það sem ástæðu fyrir breytíngu sinni á fyrri uppástúngum sínum í þessu máli, að þó því verði eigi neitað, að það mundi verða mikil hvöt íslenzkum stúdentum til að lesa læknisfræði, ef farið væri eptir aðaluppástúngu alþingis 1855, mætti eingu síður bera kvíðboga fyrir, að ekki yrði svo margir til að lesa læknisfræði af Íslendíngum við háskólann, að hver sýsla gæti feingið lækni sèr. Alþingi taldi, að hið einasta ráð til að bjarga þessu við mundi verða það, að stofnaður væri spítali og læknaskóli í landinu sjálfu, og aukahjálp sú, sem þingið áður hefir stúngið upp á handa stúdentum, sem læsi læknisfræði, væri því að álíta einúngis bráðabyrgðarráðstöfun, sem yrði að eingu, þegar læknaskólinn væri tekinn til starfa. Þar sem nú alþingi byggði á því, að kostnaðurinn til spítalans og læknaskólans yrði að greiðast af efnum spítalanna, rèð það af, að ítreka ekki varauppástúngu þíngsins 1855 um stofnun 3 nýrra læknaembætta á kostnað læknasjóðsins, með því það gæti orðið tilefni til þess, að stofnun spítalans og læknaskólans drægist lángan tíma til óbætanlegs skaða landinu, ef 1200 rd. á ári hverju væri varið af sjóðnum til að launa hinum 3 læknum.

Alþingi játaði að vísu, að kennsla sú, sem veitast mundi á slíkum skóla, hlyti jafnan að standa mikið á baki kennslunnar á háskólanum, en þó bar þingið eingan kvíðboga fyrir því, að hún mundi ekki að minnsta kosti verða nokkurn veginn viðunanleg, því þó læknar, sem menntuðust í Íslandi, gæti ekki feingið jafn-yfirgripsmikla þekkíngu, eins og þeir, sem menntast á háskólanum, mundi þeim þó gefast betur kostur á, að kynnast þeim sjúkdómum, sem einkennilegir eru fyrir Ísland, og kennslan því verða Íslandi að eins miklu liði, eins og kennslan á háskólanum.

Konúngsfulltrúinn hefir í áliti sínu um þetta aðalatriði málsins getið þess, að hann hvorki gæti mælt með eða fallizt á þessa uppástúngu þíngsins, eins og hann þegar hafði tekið fram, þegar

málið var rætt á þinginu. Hann hefir lýst því, að það væri sannfæring sín, að það væri sú einasta rètta og landinu holla brúkun á sjóð þeim, sem stofnaður væri af efnum spítalanna til læknamálsins, að fjölga smátt og smátt hèraðslæknum á Íslandi, eptir því sem tekjur sjóðsins vaxa, svo að hann gæti launað læknum þeim, sem settir yrði, en að þó væri jafnframt lagt upp nokkuð af tekjunum til vaxtar sjóðnum, þángað til að hann væri orðinn svo stór, að ársleigurnar og tekjurnar væri nægar til þess að launa öllum læknum, sem nauðsyn þætti vera að setja í Íslandi. *Konúngsfulltrúinn* var þess álits, að læknaskóli yrði ekki settur í Reykjavík þannig, að hann svaraði tilgánginum, og að slík stofnun mundi verða svo kostnaðarmikil, að hún ekki að eins mundi eyða alveg árlegum tekjum spítalasjóðsins, heldur jafnvel skerða höfuðstól þann, sem safnað hefði verið; auk þessa væri stofnun spítala í *Reykjavík* af eignum spítalasjóðsins ekki sem sanngjörnust, þegar litið væri til annara landsparta, og gæti gefið tilefni til almennrar óánægju, þar eð efni spítalasjóðsins eru orðin til af tillögum frá landinu öllu, og spítalinn mundi þó vegna fjarlægðar ekki geta orðið notaður nema af sjúklíngum úr Reykjavík og næstu sveitum.

Stjórninni virðist, að þessar ástæður sè á fullum rökum byggðar, og bætir því við, að hún sjái einga ástæðu til, að leggja talsverða nýja byrði á ríkissjóðinn handa læknaskipun á Íslandi, eins og leiddi af stofnun 7 nýrra læknaembætta, og það því síður, sem Ísland sjálft hefir efni til þessa, þar sem er sjóður sá, sem að framan er minnzt á; en þegar brúka á þenna sjóð til að launa hèraðslæknum, sem settir yrði, er það auðvitað, að ekki er hugsanda fram á, að koma upp læknaskóla og spítala í Reykjavík. Það er varla heldur rètt undirstaða, sem alþíngi byggir á, þar sem það ímyndar sèr að kostnaður sá, sem leiddi af stofnun spítala og læknaskóla, gæti greiðzt af árlegum tekjum læknasjóðsins. Árið 1857 voru þær, eptir því sem alþíngi segir sjálft, ekki nema *2,393 rd. 28 sk.*, nl. spítalahlutirnir eptir meðaltölu 738 rd. 12 sk., tekjur af jörðum spítalanna 389 rd. 64 sk., og leigur af höfuðstól spítalasjóðsins (að upphæð 31,637 rd. 56 sk.) 4% 1265 rd. 48 sk., og af þessu má það að líkindum vera augljóst, að þetta fè er, og mun leingi vera, ónógt til þess, að koma á svo stórkostlegri stofnun, sem læknaskóli er, og spítali, með öllu því, sem hann þarf við. Alþíngi hefir að vísu gjört ráð fyrir, að þessi stofnun mundi ekki kosta árlega meira en 2,920 rd., en þessi áætlun er auðsjáanlega mikils til of lág. En þó

ekki sè litið til kostnaðarins, verður stjórnin að álíta stofnun þvílíks læknaskóla í Reykjavík óhaganlega, og hefir jústizráð *Schleisner* einnig fast tekið það fram; hann hefir meðal annars bent til þess, að hin verulega undirstaða fyrir slíkum skóla sè spítali, þar sem hjúkrað sè nægilega mörgum sjúklíngum, til þess að lærisveinarnir geti haft fyrir augum sèr ýmislegar tegundir sjúkdóma til leiðbeiníngar í kennslunni, en að slíkur spítali geti aldrei komizt á í Íslandi.

Stjórnin álítur því, af þeim ástæðum sem tilfærðar eru, að uppástúnguatriðin í bænarskrá alþíngis I. og II. ekki eigi að takast til greina, en að læknaskipunin sè bætt á þann hátt, samkvæmt fyrri uppástúngum alþíngis, að fleiri ný læknaembætti sè stofnuð á Íslandi *af efnum læknasjóðsins,* og að menn leitist við að gjöra menntun í læknisfræði við háskólann svo aðgeingilega íslenzkum stúdentum bæði með fèstyrk og von um að komast fljótt til embætta, að nógu margir innfæddir íslenzkir kandídatar í læknisfræði fáist í þessi auknu embætti. Fyrir þessu máli hefir það tafið híngað til, að beðið hefir verið eptir svari frá jústizr. *Schleisner,* sem nýlega hefir feingizt, og fer því fram, að þar eð kennnarar háskólans í læknisfræði sè alveg ófúsir á, að halda sèrstaka fyrirlestra í læknisfræði fyrir Íslendíngum; eins og hann hafði stúngið upp á, og standi fastir á því, að ekki veiti af 4 eða 5 ára dvöl við háskólann fyrir þessa stúdenta, þá megi álíta, að uppástúnga sín ekki geti komizt að, og að hann, eptir því sem málinu nú er komið, verði alveg að fallast á þá stefnu, sem stjórnin hafi tekið þessu máli til framgreiðslu.

Ef þessari nýáminnztu stefnu verður framgeingt, verður hjálp sú af jafnaðarsjóði amtanna, sem alþíngi hefir stúngið upp á í tölulið I, b. handa stúdentum í læknisfræði við háskólann, ónauðsynleg, þar að auki má þess geta, að eins og slíkur styrkur að líkindum varla yrði nægilegur til að ná þessu miði, eins yrði það, eins og nú stendur á, öldúngis ótiltækilegt að leggja þenna þúnga á amtsjafnaðarsjóðina á Íslandi.

Um önnur uppástúngnatriði alþíngis skal þess getið, að stjórnin er farin að skrifast á við yfirvöld á Íslandi *bæði* um það, hvernig hentugast sè að verja og heimta inn tekjur spítalasjóðsins, *og eins* um að nema úr lögum ákvörðun Rskr. 20. febr. 1750 um, að spítalahlutir í Vestmannaeyjum af fiski- og fuglaveiðum falli í fátækrasjóð, eins hefir stjórnin viljað gefa læknum á Íslandi tækifæri til, áður en útgjört væri um 5. uppástúnguatriði alþíngis, að skýra frá

því, hvort þeir væri fáanlegir til að takast á hendur að veita kauplaust kennslu þá, sem hèr ræðir um, kandídötum af prestaskólanum. Þar sem alþíngi hefir beiðzt þess, að fyrir þessa árs alþíngi yrði lagt frumvarp til tilskipunar um, að svo mörgum ljósmæðrum yrði veitt kennsla í yfirsetukvennafræði, að ein ljósmóðir gæti verið í hverjum hrepp yfir land allt, þá getur stjórnin þess, að árið 1845 hafi landlæknir jústizráð Thorstensen lagt fram uppástúngu um að fjölga ljósmæðrum í Íslandi, og hvernig ætti að kenna þeim. Um þessa uppástúngu, sem auk annars laut að því, að *hèraðslæknar í Íslandi skyldu kenna ljósmæðrum*, var leitað álits hèraðslæknanna og amtmannanna, og fèllust flestir þeirra á hana með nokkrum breytíngum, og hið konúngl. heilbrigðisráð mælti fram með henni. En þar eð jústizráð *Schleisner* í uppástúngu um læknamál á Íslandi 1849 fastlega lagði á móti uppástúngu Thorstensens um fræðslu ljósmæðra, en stakk upp á því, *að* stofnuð væri jafnmörg ljósmæðraumdæmi sem læknaumdæmi í Íslandi, nl. alls 20, *að* í þau skyldi skipa einúngis þeim ljósmæðrum, sem lært hefði á fæðíngarstofnuninni í Kaupmannahöfn, og að þeim framvegis verði falið að fræða aðrar konur í yfirsetukvennafræði, þannig að þær tæki próf hjá hlutaðeigandi hèraðslækni, og þar eð þessi uppástúnga *Schleisners* fèkk meðmæli heilbrigðisráðsins, var leitað um hana álita læknanna og amtmannanna í Íslandi, sem flestir gáfu henni meðmæli sín. Þar eð stjórnin varð nú að leggja þessa uppástúngu til grundvallar fyrir rekstur þessa máls framvegis, en hún hins vegar stóð í nánasta sambandi við uppástúngu nefndra embættismanna um stofnun 12 nýrra læknaembætta, hlaut stjórnin að slá á frest að ráða ljósmæðramálinu til lykta, þángað til búið væri að koma í betra horf læknaskipun á Íslandi.

Samkvæmt öllu þessu, sem að framan er talið, lætur stjórnin alþíngi vita, *að* hún ekki hafi fundið ástæðu til að fallast á bænarskrá þíngsins um læknaskóla í Reykjavík, *að* kostnaðurinn til 7 nýrra lækna muni ekki verða greiddur úr ríkissjóðnum, *að*, einkum eins og nú er ástatt, þyki ekki tiltækilegt að þýngja á jafnaðarsjóðum amtanna með gjöldum, sem stúngið er upp á, til styrktar þeim stúdentum við háskólann, sem læsi lækuisfræði, *að* farið sè að skrifast á við hlutaðeigandi embættismenn í Íslandi um uppástúnguatriðin nr. 3, 4 og 5, og *að* stjórnin framvegis muni hafa hug á að koma lækna- og ljósmæðraskipun í betra horf á Íslandi, samkvæmt þeirri stefnu, er alþíngi hefir bent á í sínum fyrri bænarskrám, sèr í lagi með því, að fjölga hèr læknaembættum, sem vonanda er að

fást muni í nógu margir kandídatar, þar eð ráðgjafi kirkjumálanna hefir heitið að veita Íslendíngum, sem lesa læknisfræði, allt að 200 rd. styrk árlega auk venjulegra stípendía.

Forseti: Eptir dagskránni kemur því næst til inngángsumræðu uppástúnga hins háttvirta *varaforseta* um *þakkarávarp til konúngs* vors fyrir undirskriptina undir hinn íslenzka texta laganna.

Var síðan uppástúngan afhent flutníngsmanni.

Pètur Pètursson: Eg skal leyfa mèr að lesa hana.

Var þá uppástúngan lesin upp.

Pètur Pètursson: Uppastúngan er ekki margorð, og eg skal ekki heldur vera margorður um hana: hún inniheldur ekki annað en það, sem eg er sannfærður um að hreifir sèr í brjósti allra alþíngismanna, en það, sem hreifir sèr hjá oss öllum, er lifandi þakklætistilfinníng við vorn milda konúng, og eg skal einúngis geta þess, að mönnum kann má ske virðast undarlegt, að eg skuli hafa komið fram með þessa uppástúngu, þar sem eg áður hefi latt þess, en ekki hvatt til þess, að þessa væri beðizt af konúngi; en eg vona, að þíngmenn sjái af umræðunum um þetta mál í þíngtíðindunum, að eg og nokkrir fleiri þíngmenn höfum á enum fyrri þíngum gefið atkvæði vor á móti því, að konúngur væri beðinn um að undirskrifa hinn íslenzka texta laganna, ekki af því, að vèr ekki álítum það æskilegt, heldur af því, að oss virtist það bundið svo miklum örðugleikum, og vansèð um að fá því framgeingt, eptir því stjórnarfyrirkomulagi, sem nú er í Danmörku; en því meiri örðugleika sem vèr sáum á því, þess innilegri þakklætistilfinníngu hlýtur það að vekja hjá oss, að konúngur hefir veitt oss þessa bæn þrátt fyrir alla erfiðleika. Svona skoða eg málið. Að þessu er nú orðið framgeingt, er að vísu án alls efa mikið að þakka frjálslyndi þeirra stjórnarherra, sem nú sitja að völdum, en mest er það þó að þakka eðallyndi vors allramildasta konúngs og ást þeirri, er hann hefir á landi voru og túngu vorri. Eg vona, að einginn mæli á móti uppástúngu þessari, og skal því ekki vera lángorðari, en vil að eins skora á *forseta,* að hann láti nú þegar kjósa nefnd, til þess að semja þakklætisávarp til konúngs vors.

Halldór Jónsson: Eg er með öllu meðmæltur hinum háttvirta uppástúngumanni, að það sè mjög svo tilhlýðilegt að senda hans hátign konúnginum þakklætisávarp fyrir það, að hann nú af mildi sinni hefir veitt áheyrslu þeirri bæn þíngsins, sem þjóðina varðar svo miklu, og sem aptur og aptur hefir verið fram borin með svo miklum áhuga og atkvæðafjölda. En eg vildi einúngis leyfa mèr

að vekja máls á því, hvort ekki mætti fresta nokkuð nefndarkosníngu, þar mig minnir, að þvílík ávörp opt sè samin að þínglokum, og fleira sè stundum áhrært í þeim en eitt atriði.

Páll Melsteð: Eg er flutníngsmanni uppástúngunnar að öllu samdóma, að oss beri að þakka konúngi vorum þetta innan sals og utan, en eg er því alveg mótfallinn, að öðru sè blandað inn í það, heldur þykir mèr það vera svo mikilsvert, að eg vil, að það sè eitt sèr, og vil eg, að nefnd sè nú þegar kosin, og vil eg stínga upp á 3 manna nefnd.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að styðja að því, að ekki sè blandað fleirum atriðum inn í þessa uppástúngu, en að hún sè tekin fyrir út af fyrir sig, eins og hún er.

Arnljótur Ólafsson: Varauppástúnga sú, er þíngmaðurinn úr Norður-Múlasýslu nú gjörði við uppástúngu hins 3. konúngkjörna þíngmanns, fer fram á, að frestað sè þakklætisávarpinu til konúngs fyrir undirskriptina undir hinn íslenzka texta laganna, vegna þess menn kynni, ef til vill, síðar að fá ástæðu til að teingja önnur atriði þar við. Uppástúnga þessi virðist mèr athugaverð, því á þann hátt kann þakklætisávarpið að breytast, þar sem það lýtur nú að eins að einu atriði. Ávarpið til konúngs gæti þá orðið meira en þakklætisávarp, t. a. m. vonarávarp eða traustsávarp um þjóðrèttindi vor. Mèr virðist rèttara, að haldið sè fast við aðaluppástúnguna, er fer fram á, að menn þakki konúngi fyrir þessa gjöf, er alþíngi nú hefir þegið, og finnst mèr, að þíngið ætti því fremur að taka vel á móti þessari uppástúngu, sem hún er komin frá þeim flokki manna, er á hinum fyrri þíngum, þá er mál þetta hefir verið ítarlega rætt, hefir einhverra ástæða vegna álitið skyldu sína að gefa atkvæði í móti því, að send væri bænarskrá til konúngs um undirskriptina, og finnst mèr því eiga vel við, að þíngið votti líka þessum flokksmönnum þakklæti sitt með því að kjósa þá eina til að semja ávarpið; það er vottur um traust þíngsins til þeirra, er hlýtur að vera þeim vel komiun.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, skal eg biðja menn að gánga til atkvæða um það, 1., hvort nefnd skuli kjósa, og 2., hvort fresta skuli að semja ávarpið eður ei.

Halldór Jónsson: Eg er fús til að taka aptur uppástúngu mína um frestun nefndarkosníngar, þar eg, að efninu til, var og er öldúngis samþykkur uppástúngu hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns.

Forseti: Þá er einúngis að greiða atkvæði um hið fyrra.

Voru síðan atkvæði greidd og var nefnd samþykkt með 21 atkv. móti 3.

Pètur Pètursson: Eg óska nafnakalls.

Forseti: Atkvæðagreiðslan er nú af geingin og var ljós, svo að mèr sýnist eingin ástæða til þess.

Pètur Pètursson: Eg finn mig knúðan til þess, að krefjast nafnakalls; annars tek eg uppástúngu mína aptur.

Forseti: Eg sem *forseti* finn hèðan af einga ástæðu til að leita nýrrar atkvæðagreiðslu með nafnakalli, og get eigi gjört það upp á mitt eindæmi, en eg skal að eins í þetta sinn bera það undir atkvæði þíngmanna, hvort þeir vilji leyfa nafnakallið.

Var síðan leitað atkvæða um það, og urðu 15 atkvæði fyrir nafnakalli.

Síðan fór nafnakall fram, og sögðu þessir:

já:	nei:
Páll Melsteð.	Einginn.
Brynjólfur Jónsson.	
Arnljótur Ólafsson.	
Ásgeir Einarsson.	
Benedikt Þórðarson.	
Gísli Brynjúlfsson.	
Guðmundur Brandsson.	
H. Kr. Friðriksson.	
Halldór Jónsson.	
Indriði Gíslason.	
Jón Hjaltalín.	
Jón Pètursson.	
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	
Magnús Andrèsson.	
Ólafur Jónsson.	
Páll Sigurðsson.	
Pètur Pètursson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	
Vilhjálmur Finsen.	

2 Þíngmenn (*H. G. Thordersen* og *Þórður Jónassen)* greiddu ei atkvæði.

Var það þannig samþykkt á ný með 22 atkv., að kjósa skyldi nefnd í málið.

Forseti: Þar stúngið hefir verið upp á 3 manna nefnd og einginn hefir mælt í móti því, vil eg biðja menn að kjósa 3 menn í nefndina.

Var síðan geingið til kosníngar, og voru þessir kosnir:

Pètur Pètursson með 21 atkv.
Þórður Jónassen með 9 —
H. G. Thordersen með 8 —

Voru skjöl málsins afhent *varaforseta,* er hlotið hafði flest atkvæði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til inngángsumræðu bænarskrá úr Norður-Múlasýslu um það, að *eigendur skuli sjálfir greiða tíund af jörðum sínum,* og skal eg leyfa mèr að láta afhenda hana flutníngsmanni hennar, þíngmanni Norður-Múlasýslu.

Halldór Jónsson: Efnið í bænarskránni er svo einfalt, að eg álít ei þörf að lesa hana upp, ef einginn þíngmanna krefst þess.

Forseti: Eg álit nægilegt að skýra frá innihaldinu.

Halldór Jónsson: Það er tekið fram í bænarskránni, að jarðaeigendur sè eptir lögum skyldugir að gjalda tíund af jörðum sínum, og er vitnað til laganna í þessu tilliti, en að það sè orðið að venju, að leiguliðar borgi hana; og er þá að líta á það, við hvað þessi venja styðjist. Eg skal nú ekki tala í þessu tilliti um hina eldri tíma; en nú á tímum ætla eg að það sè almennt álit, að jarðeigendur megi byggja jarðir sínar fyrir það eptirgjald, sem þeim kemur saman um við leiguliða; og styðst þetta bæði við eignarrètt og samníngafrelsi. Þetta hefir og enn fremur innrætzt meðvitund þjóðarinnar, síðan almennar bænarskrár úr öllu landinu um nýtt jarðamat leiddu það álit berlega í ljós, að ekki væri faranda eptir hinu gamla hundraðatali, og leingi hefir það að minnsta kosti verið venja, að byggja þær jarðir fyrir niðursetta landskuld, sem hafa mjög hátt hundraðatal í samanburði við landkostina. Nú vil eg spyrja, hvort ekki komi í sama stað niður, hvort landsdrottinn semur þannig við leiguliða: „Þetta skaltu gjalda í landskuld og þetta í tíund“, eða hann segir: „Viljir þú vera frí við tíundargjald, set eg jarðarafgjaldið þeim mun hærra“. Sè nú hinir heiðruðu þíngmenn mèr samdóma í því, að leigusamníngar sè, og eigi, eptir því sem nú á stendur, að vera frjálsir, þá er það að vísu æskilegt, að ræður þíngmanna skýri hugmyndir manna um þetta efni, en minna tilefni hefi eg þá

samt til að halda fram þessari bænarskrá; hún stendur líka í sambandi við aðra bænarskrá, sem einnig mun koma til umræðu á þinginu, nefnil. um, að fast gjald verði ákveðið fyrir hvert jarðarhundrað eptir hinu nýja mati, ef það verður löggilt. Finnst mèr því vel til fallið, ef fresta mætti umræðu um þessa bænarskrá, þángað til hin verður lögð fyrir þingið.

Forseti: Bænarskrá sú, sem þingmaðurinn talar um, er að vísu komin til mín, en er ekki sett á dagskrána í dag, og getur því ekki komið til umræðu, og er því ekki annað fyrir, en annaðhvort að fella bænarskrána eða kjósa nefnd í hana; því ei má hreifa hinni sömu bænarskrá optar en einu sinni á sama þingi.

Ásgeir Einarsson: Má ekki fresta því að taka bænarskrána fyrir?

Forseti: Það má fresta henni, ef flutningsmaður óskar þess, og þingið samþykkir.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg er samdóma hinum heiðraða flutningsmanni bænarskráarinnar að öðru leyti en því, að eg vil ekki láta hana bíða eptir þeirri bænarskrá, sem sögð er í vændum um skattalögin; eg vil láta fella hana strax, hvað sem hinni bænarskránni líður og hvað sem þingið svo gjörir; mèr finnst annars þetta mál ekki upp borið á hentugum tíma; eg held einmitt það ætti að bíða þess, að öll skatta- og tíundarlögin yrði tekin fyrir í einu.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg held það væri þó eingu í spillt, þó þingið tæki þetta mál til yfirvegunar, því eg verð að geta þess, að eg hefi orðið var við óánægju sumra manna yfir því, að venjan sè búin að gjöra það að reglu, að leiguliðar verði að tíunda ábýlisjarðir sínar, án þess að fá neina eptirgjöf í skuldunum eða endurgjald frá landsdrottni, sem þó eptir hinum fornu Íslands lögum er sjálfur skyldur að tíunda fasteign sína. Það er að vísu satt, sem hinn velæruverðugi flutningsmaður sagði, að einginn gæti bannað samninga millum landsdrottna og leiguliða, og jarðeigendur gæti sett það hærri landskuldir á jarðir sínar, ef þeir skyldu tíunda þær sjálfir. En þó vil eg segja, að sumstaðar í landi eru skuldir svo háar á jörðum, að það er ekki, að húsbændur ætti svo hægt með að setja þær upp, og sízt, ef harðnar í ári, þó þeir væri sjálfir skyldaðir til að tíunda jarðirnar; það eru þó gömul lög, og leiguliðar ætti því rètt á, að losna við þessa tíundarálögu; þess vegna verð eg nú að mæla fram með nefnd í þessu máli.

Guðmundur Brandsson: Eg er öldúngis á móti nefnd í þessu máli, því mèr sýnist bænarskráin ætlist til þess, að þíngið fari að troða sèr inn á milli eiganda og leiguliða, og ætti það eins illa við, og ef þíngið færi að skipta sèr af því, hvað húsbændur vildi gefa vinnumönnum sínum eða vinnukonum mikið kaup. Þess ber og að gæta með tilliti til tíundargreiðslunnar, að afgjald jarða hefir lækkað frá því sem það var áður, því þá var, eins og alkunnugt er, 12 álna landskuld af hverju hundraði, og þó menn vildi binda slíkt með lögum, þá verður aldrei með lögum girt fyrir frjálsa samninga eða fyrirbyggt, að menn ekki fari í kríngum lögin í slíkum samníngum.

Halldór Jónsson: Mèr væri mikið kært, ef hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu, sem helzt hefir stutt bænarskrána, vildi gjöra efni hennar að sinni uppástúngu, svo hún verði tekin til nefndar eða felld með atkvæðagreiðslu.

Forseti: Eg verð þá að álíta, að flutníngsmaður hafi tekið bænarskrána aptur, og ef einginn þíngmanna tekur hana að sèr, þá er hún fallin.

Arnljótur Ólafsson: Annaðhvort er að álíta bænarskrána tekna aptur, og getur hún þá samkvæmt 63. gr. í alþíngistilskipuninni ekki framar komið til umræðu á þessu þíngi, eða að það verður að kjósa nefnd í hana og verður þá samkvæmt 69. gr., þegar nefndarálitið kemur, gjört um afdrif hennar.

Jón Hjaltalín: Eg verð að álíta, að þíngið eigi ekki að eyða tíma sínum með því að taka á móti og ræða um slíkar bænarskrár, því að skipta sèr af slíkum samníngum milli einstakra manna, yrði hlægilegt, rètt eins og ef þíngið færi að skipta sèr af samníngum um kaup vinnumanna.

Stefán Jónsson: Eg ímynda mèr, að þó nefnd væri sett í þetta mál, þá mundi hún aldrei geta fallizt á uppástúngu bænarskrárinnar, og yrði það því ei til annars, en að eyða tímanum. Eg álít líka hollast það fyrirkomulag, að eiga aðgánginn um tíundina að leiguliða, því landsdrottinn getur verið, eins og opt er, í öðrum hèruðum, og hafi þó ekki umboðsmann, og yrði það mjög óhægt að verða að gánga eptir tíundinni hjá honum.

Konúngsfulltrúi: Áður geingið er til atkvæða um þetta mál, vil eg, svo þíngmenn viti meiníngu mína um málið, geta þess, að eg get gjört hvert orð hins heiðraða þíngmanns úr Gullbríngusýslu í þessu máli að mínu.

Forseti: Eg verð þá að álíta bænarskrána fallna, fyrst flutningsmaður ekki fylgir henni fram, og einginn annar vill gjöra hana að sinni uppástúngu.

Kemur þá samkvæmt dagskránni til inngángsumræðu bænarskrá úr Vestmannaeyjum *um reka þar á eyjunum,* og skal eg afhenda hana hinum heiðraða þíngmanni Vestmanneyínga til flutnings.

Brynjólfur Jónsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána upp, ef þíngmenn hafa ekkert á móti því.

Var þá bænarskráin lesin upp, svo látandi:

„Það hefir, að því er oss er kunnugt, verið og mun enn vera venja á voru landi, að þar sem rekasvæði eða fjörur tilheyra jörðum, að leiguliðar á jörðum þessum hafi leiguliðagagn, og hirði það, er rekur á fjöru þá, er ábýlisjörð þeirra tilheyrir, án þess öðrum óviðkomandi sè heimilt að gánga á fjörur jarðarinnar eða helga sèr nokkuð af því, sem henni tilheyrir. En þegar vèr, bændur á Vestmannaeyjum, lítum til eyjar vorrar, þá er svo að sjá, sem hún hafi orðið út undan í þessu tilliti, með því það hefir tíðkazt allt til þessa, að jafnvel óviðkomandi menn af landi, sem ekki eiga hèr heimili, eða neinn ábúðarrètt, hvað þá heldur hèr búandi tómthúsmenn, sem ekki hafa hèr neina jarðatiltölu, hafa feingið óskert bjarglaun af trjám þeim, er þeir hafa fundið rekin, án þess að nokkuð hafi þar runnið inn í sjóð jarðarbænda. Oss getur ekki skilizt, að þetta sè á neinum rètti byggt, því vèr vitum vel, að eyja þessi er ekkert almenníngsgagn, þó margir hafi gagn af henni, því hún er allra vor sameiginleg ábýlisjörð, sem vèr því ætlum að vèr höfum rètt til að færa oss í nyt, án þess öðrum sè heimilt að njóta nokkurs af rèttindum vorum. Þess viljum vèr og geta, að sú óregla hefir, sökum lagaleysis, allt af viðgeingizt hèr, að þeir einir hafa mest haft gagn af þeim litla reka, bæði leiguliðagagni og bjarglaunum stærri trjáa, sem aðsætnastir voru með að gánga á reka, enda þó að rèttur þeirra væri ekki meiri en hinna, sem minna hlutu; kemur þetta mest til af því, að allt (að fráteknum túnum jarðanna og fuglaveiðarplássum) á heimaeyjunni, sem svo er kölluð, er álitið sem óskipt land, þó þannig að allir bændur hafa hèr um bil jafnan hagbeitarrètt, en þessi jöfnuður hefir ei náð til rekaplássanna, þar hvers hefir orðið happ, sem hlaut. Þetta biðjum vèr vort heiðraða alþíngi að taka til yfirvegunar, óskandi þess, að samin yrði og send bænarskrá til hans hátignar konúngins, þess efnis, að honum allramildilegast mætti

þóknast að fyrirskipa: 1., að eingum öðrum en jarðarbændum hèr sè heimilt að hirða leiguliðagagn, eða eignast hin lögboðnu bjarglaun fyrir stærri trè, sem reka hèr á eyju; og 2., að rekaplássum eyjarinnar skuli skipt niður á jarðir eyjarinnar að rèttri tiltölu við stærð þeirra, þannig að hver jörð eða jarðartorfa hafi sitt afmarkaða rekasvæði.

Vestmannaeyjum, þann 13. júnímánaðar 1859".

(27 nöfn).

Brynjólfur Jónsson: Biðjendur færa sjálfir í bænarskránni ástæður fyrir þeirri bæn sinni, að leiguliði sjálfur megi gánga á reka að tiltölu eptir ábýli sínu, en að aðrir óviðkomandi menn megi ekki gánga á reka, svo sem sjómenn af landi, sem ekki einu sinni eiga heima á eyjunum, eða tómthúsmenn, sem ekki hafa neinn rètt til jarðarafnota, og í öðru lagi er beðið um það, að hinum óskipta almenningsreka verði skipt til jafnaðar, svo ekki fari eins og nú, að hver hlaupi í kapp við annan, og sá hafi mest, sem fljótastur er eða yfirgángsmestur, því þetta leiðir til ósanngirni og óreglu, að hver hrifsi það, sem hann nær, og sèst af þessu, að nauðsynlegt er, að hver þekki rètt sinn og viti, hvar hann eigi reka með frjálsu. Mál þetta er mjög mikilsvert, og verð eg því að óska þess, að nefnd verði í það kosin.

Guðmundur Brandsson: Mèr finnst líku máli að gegna um þessa bænarskrá og þá næstu á undan, að hún grípi inn á milli landsdrottins og leiguliða, sem eiga sjálfir frjálst að koma sèr saman um það, hver reka skuli hafa, og finnst mèr því óþarft að taka þetta mál fyrir.

Brynjólfur Jónsson: Konúngur sjálfur er hèr landsdrottinn, og þetta hrekur strax mótbáru þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, að bænarskráin hlutist til um samníngа prívatmanna. Hèr er ekki heldur kvartað yfir neinum samníngi, heldur yfir því gagnstæða, að engin regla sè; því ef hún væri nokkur til, ætti hennar að vera getið í byggíngarbrèfum jarðanna, en það er ekki, og þess vegna verða menn að fá lög um það, svo það geti orðið regla til eptirbreytni. Jarðir eru þar byggðar eptir jarðabókum eyjanna, og er í þeim tiltekið um öll önnur hlunnindi, sauðabeit, fuglatekju og annað, en reki ekki nefndur, og hvers vegna skyldi ekki eins þurfa einhverja reglu honum viðvíkjandi? en að reki er ei nefndur í byggíngarbrèfum jarðanna, kemur til af því, að eingar ákvarðanir eru um hann í jarðabókunum.

H. G. Thordersen: Mèr virðist mál þetta heyra undir landslögin, því ef eingin sèrstakleg lög gilda á eyjunum í þessu efni, hljóta landslögin að gilda þar, og þá er að snúa sèr til hins hlutaðeiganda valdsmanns, sýslumannsins, svo málið geti geingið fyrir dómstólana, því það heyrir ekki, að ætlan minni, undir alþíngi.

Páll Sigurðsson: Eg vildi feginn fá upplýsíngu um það, hvort menn hafa farið þess á leit við sýslumanninn, að lóðunum yrði skipt. Eg álít, að landsetar eigi að snúa sèr að sýslumanni og fá fast ákveðið, annaðhvort hvað hverri jörð skuli fylgja af rekanum, eða hvernig menn skuli skipta rekanum í milli sín, ef menn vilja hafa hann í sameiníngu. Eptir því sem þíngmaðurinn frá Vestmannaeyjum skýrði frá, hefir reki þar geingið í óreglu, og mèr er það kunnugt, að þessi óregla hefir ekki að eins átt sèr stað á landi, heldur einnig á sjó, og að jafnvel sýslumenn hafa heimtað og hirt þann reka, sem hirtur hefir verið á sjó, og sem hefir verið svo lángt frá landi, að enginn hefir getað eignað sèr hann, og það heimildarlaust eptir íslenzkri löggjöf, og hafa þeir opt sýnt stíini í þessu, þeir hafa heimtað allt, jafnvel kubba, nema menn gæti sagað rekann í sjó, rètt eins og slíkt væri mönnum mögulegt. Það lítur þá út, eins og Vestmannaeyjar í þessu efni heyri ekki undir íslenzk lög, heldur undir dönsk lög eða lög, sem að eins gilda þar. Þíngmönnum er mál þetta svo ókunnugt, að nefnd mundi einga bót ráða á því, heldur mundi ráða til þess, að málinu væri vísað frá þínginu, og vil eg því, þó mèr sè annt um málið, að nefnd sè kosin í það.

Arnljótur Ólafsson: Margir þíngmenn hafa nú sagt, að á Vestmannaeyjum væri eingin rekalög, heldur lögleysur og gripdeildir á reka; eg fæ þó eigi betur sèð, en að rekabálkur Jónsbókar hljóti að ná til Vestmannaeyja, því eigi er þess getið, að þeir væri undanskildir, þá er Jónsbók var í lög tekin á landi hèr, nema gömul lögvenja sè búin að ónýta hana, eður þar sè önnur sèrstök rekalög. Eg veit að vísu, að sèrstök tíundarlög eru á Vestmannaeyjum, því þar er goldin „norsk tíund", sem kölluð er, er þar hefir komizt á, fyrir því að Staða-Árni gaf kirkjuna þar til múnklífis í Björgyn; en um reka veit eg ei til að þar sè nein sèrstök lög eður önnur rekalög en gánga á landi hèr. Aðalefni málsins finnst mèr vera: „gildir rekabálkur Jónsbókar á Vestmannaeyjum eður eigi?" og það lýtur undir dómstólana, að skera úr því. En það, sem þíngmaður Rángvellínga sagði frá, sýnir einúngis, að geingið hefir verið út fyrir lögin. Væri það nú Vestmannaeyíngum ljóst, að Jónsbókar rb. væri lög þar sem

annarstaðar á landi voru, þá mundu þeir, ef til vill, sjálfir kjósa, að eigi væri sett nefnd í málið. Niðurstaðan verður þó jafnan að minni hyggju sú, að mál þetta sè dómsmál, en eigi löggjafarmál, og því verður að skjóta málinu til dóms, eður til úrskurðar þeirra, er skera eiga úr því, hvað eru lög þar á eyjunum, en það á alþingi eigi um að gjöra.

Brynjólfur Jónsson: Það getur verið, að málið feingi fljótari úrslit fyrir dómstólunum, en á sama stendur, hvaðan gott kemur, hvort heldur fyrir tilstilli þingsins eða dómstólanna. Viðvíkjandi fyrirspurn þingmanns Rángvellínga um, hvort sýslumanns hafi verið leitað, þá get eg skýrt frá því, að sýslumaður hefir verið spurður um, hvort menn eigi gæti feingið skipt rekanum, og hefir hann svarað, að hann vissi ei neina reglu, eptir hverri að skipta ætti, og því ekki gjört það; en þar á móti hefir hann bent mönnum á að fara með málið til alþingis. Viðvíkjandi reka, sem fundizt hefir út á sjó, þá hefir sá, sem fundið hefir reka svo lángt frá landi, að óvíst þótti, hvar reka mundi, þar slegið eign sinni á hann, en sá reki, sem nær hefir verið kominn og öll líkindi voru til að mundi landfestast þar, hefir verið seldur og fundarmaður feingið hin tilskipuðu bjarglaun, en ef þingið nú kynni að fella bænarskrána, gæti málið má ske geingið fyrir dómstólana, og þannig orðið fljótast útkljáð.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mèr virðist það vera efnið í bænarskránni, sem upp var lesin, að á Vestmannaeyjum vantaði reglu um rekann fyrir jörðunum; bæði væri rekanum óskipt milli jarðanna, og ekki heldur ákvörðun, hvort rekinn tilheyrði ábúendunum eður landsdrottni. Er það ekki konúngurinn, á hann ekki eyjarnar? *(Brynjólfur Jónsson:* Jú). Þá sýnist mèr ekkert á móti því, að alþingi styðji að því, að ákvörðun sè gjörð um það, að betri regla sè sett um þetta, og rekanum verði skipt að tiltölu á milli jarðanna; og mèr sýnist það hlýða miklu betur til, heldur en dómstólar höndli um þetta mál. Eg held það væri óþægilegt. Það hefir verið sagt, að ábúendur gæti feingið þetta eður uppástaðið það, jafnótt og þeir tæki jarðirnar; en það er ekki svo hægt, því einn og einn tekur jörð í senn, og getur þá ekki sýslumaðurinn, sem er umboðsmaður, veitt það, ef hinir setja sig á móti, nema þá að allir landsetarnir óskuðu skiptanna undir eins, sem ekki mun vera. Nú hefir fèlagið óskað þess með bænarskrá þessari, og held eg sè nauðsyn á, að gegna því, svo óreglan takist af; því gef eg atkvæði fyrir nefnd.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst sjálfsagt, að alþíng taki mál þetta

fyrir, því það er sèrstaklegt, þar sumir hafa sagt, að eingin lög gildi í þessu efni á Vestmannaeyjum; nú getur svo farið, að maður höfði mál á Vestmannaeyjum um þetta, og dómstólarnir komi til þeirrar niðurstöðu, að þar gildi eingi lög um þetta, og er þá spillt bæði tíma og tilkostnaði; en það er gömul regla: með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða; það eiga því hvervetna að vera lög í hverju efni, og þetta er grundvallarregla, sem alþingi á að halda fast við, og vil eg því, að málið sè tekið í nefnd.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að styðja að því, sem hinn heiðraði 6. konúngkjörni þingmaður lagði til, að málefni þessu verði skotið til nefndar; því sè ástandið á Vestmannaeyjum þannig vaxið, hvað rekahirðínguna snertir, eins og hin upplesna bænarskrá lýsir því, þá sè eg eigi betur, en að þar, í þessu efni, viðgángist fullkomið reglu- og lagaleysi, sem nauðsynlega verður að leiða til gripdeilda. Eg fæ eigi sèð, að málefni þetta, eins og mèr heyrist sumir þingmenn meina, sè þess eðlis, að það sè eiginlegt dómsmál, eða heyri undir úrslit dómstólanna, heldur er spurníngin um, að setja einhverja haganlega og góða reglu í stað þess regluleysis, sem þar nú viðgeingst; þess vegna álít eg nauðsynlegt, að þíngið kjósi nefnd, til að íhuga málið; en til hverrar niðurstöðu slík nefnd má ske kynni að komast, skal eg láta ósagt; það getur gjarna verið, að hún ráði til, í stað þess að senda konúngi bænarskrá, að vísa málinu til hlutaðeiganda háyfirvalds, svo að það geti valið veginn til að koma af þeirri óreglu, sem þar er kvartað um í eyjunum.

Páll Sigurðsson: Eg get nú ekki betur sèð, en að Jónsbókar rekabálkur gildi á eyjunum, en eg vil samt ekki mæla móti nefnd í málinu, því ef ætti að reka það fyrir dómstólunum, gæti sýslumaður þar ei setið í dómi; því hann er málspartur, og yrði því að fá annan dómara settan, en það yrði ókljúfandi kostnaður og gæti auðveldlega komið þær torfærur fyrir, er felldi málið, og vil eg því af megni styðja málið hèr á þíngi.

Jón Pètursson: Eg skildi bænarskrána þannig, að það gángi svo til þar á eyjunum, að hver hripsar það af reka, sem hann nær, ekki einúngis menn frá landi, heldur og eyjarmenn sjálfir, og er það mesta óregla, en eg get eigi betur sèð, en að landslögin gildi á Vestmannaeyjum eins og annarstaðar, en það er eigi til neins að biðja um, að löggilda þau lög á eyjunum, sem gefin eru jafnt fyrir eyiarnar og aðra parta landsins. Maður gæti nú að vísu hugsað, að þetta sè gömul venja á eyjunum frá þeim tímum, að allir fjórð-

úngsbúar máttu sækja og sóttu á almenníngsreka, og er það líklegt, að venjan á Vestmannaeyjum eigi þángað kyn sitt að rekja, þó nú þyki óvenja; en sè nú þetta svo og væri nýtt lagaboð gefið fyrir eyjarnar, er heimilaði þeim rekann eingaungu, tæki það almenníginn frá fjórðúngsbúum handa einstöku mönnum, en það væri mjög ránglátt, og finnst mèr þetta ástæða gegn nefnd.

Konúngsfulltrúi: Það, sem fram er komið hèr í þessu máli, sýnir glögglega, að rekinn á Vestmannaeyjum er konúngseign, og það fær þess vegna eingan veginn staðizt, að hann sè almenníngur.

Brynjólfur Jónsson: Þó þetta væri að álíta eins og almenníng, gæti það ekki verið almenníngur fyrir aðra en eyjabúa, en ekki fyrir menn ofan af landi, en næst liggur að álíta, að hvorki landmenn nè tómthúsmenn þar á eyjunum geti átt jafnan rètt til rekans við ábúendur jarða þar á eyjunum; að öðru leyti gleður það mig, að *konúngsfulltrúi* mælti fram með nefnd í málinu, og vona eg því heldur, að því verði framgeingt.

Ásgeir Einarsson: Eptir því sem mèr skilst, sýnist mèr gánga líkt með reka á Vestmannaeyjum, eins og gekk með fjármark hjá Færeyíngum fyrir nokkrum árum, að hver hafði það honum sýndist, og sá brúkaði, sem fyrst náði; en hvernig svo sem með málið verður farið, álít eg betra, að nefnd sè sett til að íhuga það; því það mundi gjöra beiðendum hughægra, og þeir vita, hvort löglega væri farið með þá eða ekki í þessu máli; og mæli eg því með nefnd.

Gísli Brynjúlfsson: *Konúngsfulltrúi* sagði, að óljóst væri, hvort nokkur lög gilti um reka á Vestmannaeyjum eða ekki, og hinn 5. konúngkjörni þíngmaður áleit, að þar mundi vera almenníngur. Þar nú slíkur efi er á málinu meðal hinna lögfróðu manna, álít eg það mikla ástæðu fyrir þíngið til að kjósa nefnd í málið, að minnsta kosti til að rannsaka það, og vil eg því mæla með, að slík nefnd verði sett.

Forseti: Fyrst nú ekki taka fleiri til máls, skal eg biðja þíngmenn greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kjósa.

Var nefnd samþykkt með 16 atkvæðum gegn 7.

Var þá stúngið upp á 3 manna nefnd, og þar einginn mótmælti því, var geingið til kosníngar og hlutu þessir flest atkvæði:

Brynjólfur Jónsson 17 atkvæði, *Páll Sigurðsson* 12 atkvæði og *Jón Pètursson* 9 atkvæði, og voru skjöl málsins afhent þíngmanninum úr Vestmannaeyjum, er flest atkvæði hlaut.

Forseti: Þar næst kemur samkvæmt dagskránni bænarskrá úr

Suður-Þingeyjarsýslu til meðferðar, *um stofnun búnaðarskóla,* og skal eg láta afhenda hana til flutnings þingmanninum úr Suður-Þingeyjarsýslu.

Bænarskráin var því næst afhent þingmanni Suður-Þingeyínga.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skal biðja um leyfi til að mega lesa bænarskrána upp.

Var það veitt; bænarskráin lesin, svo látandi:

„Það hlýtur efalaust að vera sannfæring allra Íslendínga, æðri og lægri stèttar, að ekkert geti betur eflt hag og velferð þessa lands, en ef bændastèttin yrði betur menntuð í búnaði, en nú er; sjálft alþíngi hefir látið þetta sameiginlegt álit sitt í ljósi, og borið tvívegis þá allra-þegnlegustu bæn fram, að konúnglegri hátign mætti þóknast, að stofna hèr á landi búnaðarskóla, og feingið konúnglega auglýsíngu um, að stjórnin mundi framvegis láta sèr einkar annt um þetta mál.

Vèr treystum því, að alþíngi hafi ekki breytt áliti sínu um þetta efni, og að hans hátign konúngurinn efni sín heit, en þar eð það hefir orðið oss mjög tilfinnanlegt, hversu hèr á landi er áfátt öllum landbúnaði og atvinnugreinum, sem að honum lúta, og eru aðalfóturinn undir velmegun landsins, og vèr erum sannfærðir um, að eingin stjórnarráðstöfun getur orðið öllum stèttum kærari, eða landi og lýð heilladrjúgari, en ef búnaðarskóli yrði settur hèr á stofn, þá finnst oss öll nauðsyn á, að þessu máli sè hraðað, sem unnt er.

Að vísu dylst oss eigi, að þvílík stofnun eður sæmilegur búnaðarskóli fyrir landið sè ofætlun fyrir einstaka menn að einu leyti, en vèr að hinu leyti eigum eigi aðgreindan fjárhag fyrir Ísland, en vèr efumst eigi um, að ráðvísi hinnar konúnglegu hátignar bæti úr þessari nauðsyn með fjártillagi eptir þörfum úr ríkissjóðnum, sem oss finnst, eptir því sem á stendur, að vèr eigum heimtíngu á.

Vèr biðjum þess vegna hið heiðraða alþíngi að bera þá þegnlega bæn fram fyrir hans hátign konúnginn af nýju:

Að hinni konúnglegu hátign mætti þóknast að stofna hèr á landi sæmilegan búnaðarskóla; og

Að fè til þessarar stofnunar verði greitt úr ríkissjóði.

Skrifað í Þíngeyjarsýslu, í júním. 1859“.

(39 nöfn).

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg finn eigi ástæðu til að

bæta neinu við það, sem stendur í bænarskránni, en óska nefnd setta í málið.

Forseti: Fyrst einginn tekur til máls, verð eg að álíta inngángsumræðunni lokið, og skal eg biðja þingmenn skera úr því með atkvæðum, hvort nefnd skuli kjósa í málið eður eigi.

Var nefnd síðan samþykkt með 20 atkvæðum gegn 2.

Var síðan stúngið bæði upp á 5 manna nefnd og 3 manna nefnd og 5 manna nefnd samþykkt með 13 atkvæðum gegn 9.

Voru síðan kosnir menn í nefnd þessa, og hlutu þessir flest atkvæði:

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum 18 atkvæði, *Magnús Andrèsson* 11 atkvæði, *Arnljótur Ólafsson* 10 atkv., *Gísli Brynjúlfsson* og *Sveinn Skúlason* hvor 9 atkvæði, og voru skjöl málsins afhent þingmanninum úr Suður-Þingeyjarsýslu.

Forseti: Þar næst kemur samkvæmt dagskránni til inngángsumræðu bænarskrá úr Suður-Þingeyjarsýslu og önnur frá Þinghöfðafundi, um *breytíngu á hjúskapar- og hjónabandslögum,* en þar eð sú úr Suður-Þingeyjarsýslu virðist yfirgripsmeiri og nákvæmari, vil eg biðja þingmanninn úr Suður-Þingeyjarsýslu að vera flutníngsmann málsins.

Var bænarskráin síðan afhent téðum þingmanni.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vil að eins greina frá helztu atriðum í bænarskránni í stað þess að lesa hana upp, og vil eg gjöra það með því að lesa upp niðurlagsatriði hennar.

Var það þá lesið upp:

1. Prestar mega ekki gefa nokkurn mann í hjónaband, nema hann útvegi sèr áður hjá sveitarstjórninni í framfærsluhrepp sínum skriflegt leyfi til að gánga í hjónaband.
2. Frá þessu skulu vera undanskildir allir, sem hafa veitíngarbrèf fyrir einhverju embætti, eða borgarabrèf til að stunda einhvern atvinnuveg í kaupstað, eður hafa jarðnæði með ábúðarrètti æfilángt.
3. Þegar sveitarstjórnin neitar einhverjum um leyfi til að gánga í hjónaband, þá skal hún vera skyldug til að gefa honum skriflegar ástæður fyrir neitun sinni, ef hann óskar þess.
4. Amtmaður má leyfa þeim hjónaband, sem sveitarstjórnin hefir neitað um það, ef hann álítur ástæður hennar ránglátar.
5. Eigi þarf að fá hjónabandsleyfi hjá sveitarstjórninni, ef svaramenn

þess, er í hjónaband vill gánga, skuldbinda sig á löglegan hátt til að ábyrgjast, að hann þurfi ekki sveitarstyrk hin næstu 10 ár.

6. Gefi prestur nokkurn í hjónaband, sem ekki er undanþeginn þessum ákvörðunum, skal hann sjálfur skyldugur að ábyrgjast, að sá, sem hann gaf þannig í hjónaband, þurfi ekki sveitastyrks hin næstu 10 ár.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Menn sjá af þessu, að bænarskráin fer að eins fram á, að takmarka öreigagiptíngar, en ekki er farið fram á, að hindra hjónabandið í reglulegum skilníngi þess.

Þórður Jónassen: Það hafa komið til þíngsins bænarskrár, sem hafa verið miður en vel hugsaðar, og miður en skyldi úr garði gjörðar, en það tekur þó steininn úr með þeirri bænarskrá, sem nú var lesin upp frá Þíngeyjarsýslu, að því leyti hvað hún er ófrjálsleg og óeðlileg — (bænarskráin frá Múlasýslu er, þó hún fari í sömu átt, miklu skaplegri) — og mig furðar á því, að sumir af þeim mönnum, sem hafa ritað undir bænarskrána, sèr í lagi þó prestarnir, ekki skuli hafa tekið eptir þessu, og látið bænarskrána sigla, sem menn kalla, sinn eiginn sjó, því bænarskráin geingur í berhögg við náttúrlegt frelsi manna, og eigi síður við það, sem nú er í lögum um öreigagiptíngar, því eins og kunnugt er, liggur nú ekki annað band á öreigagiptíngum en það, sem tilsk. frá 30. apr. 1824, § 3, nr. 10, inniheldur, og þar í er fólgið, að sá, sem eptir það hann kemst af barnsaldri, hefir þegið sveitarstyrk, og ekki endurgoldið hann, má ekki gipta sig, nema hann fái til þess samþykki sveitarstjóra í hans framfærsluhrepp, en á þessu bandi er aptur slakað með lagaboði, sem kom út á næstl. vetri, og nú verður lagt fyrir þíngið, því þar segir svo, að hlutaðeigandi skuli hafa feingið styrkinn á seinustu 5 árunum; eldra styrks gætir því ekki í þessu efni, og þannig er löggjöfin orðin enn þá frjálslegri, en áður, í þessari grein. Eg skal líka leyfa mèr að taka það fram, að þíngið felldi bænarskrá, sem kom fram á þínginu árið 1847 um öreigagiptíngar, og það með miklum atkvæðafjölda, og eins skal eg leyfa mèr að benda þínginu á annað atriði, sem hèr á skylt við, að amtmaðurinn í Norðuramtinu bar árið 1834 upp við kanselíið uppástúngu um það, að reisa skorður við öreigagiptíngum hèr í landi, en kanselíið svaraði honum árinu eptir (16. júní), að það fyndi hvorki í hlutarins eðli nè í löggjöfinni ástæðu til að taka uppástúngu hans til greina, enda hefði hinir amtmennirnir og biskupinn með verið henni mótfallnir. Svona er nú

skoðun stjórnarinnar á málinu, og eg held henni mundi því gefa á að líta, ef hún feingi frá þínginu jafnófrjálslega bænarskrá, og hèr ræðir um; en eg skal ekki fjölyrða þetta meir, en komið er, en mótmæla algjörlega nefnd í málinu.

Forseti: Hin bænarskráin, sem eg gat um, er líks eðlis, og skal eg, áður en umræðurnar fara leingra, leyfa mèr að lesa upp þau tvö atriði, sem bænarskráin frá Þínghöfðafundi inniheldur, ef þíngmönnum kynni að geðjast betur að þeim.

Síðan voru þau lesin upp, svo látandi:

1. Að hver hjónaefni, áður með þeim væri lýst, yrði að hafa feingið loforð um vist þá eður jarðnæði, er lífvænlegt þætti fyrir þau, að áliti og með samþykki sveitastjórnar í þeim hrepp, þar sem maðurinn væri sveitlægur.
2. Að hjúskaparlögin fyrir land vort, sem enn eru á dönsku, yrði sem fyrst endurbætt út gefin á íslenzku.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður fer, að mèr finnst, nokkuð lángt; hann er sumsè farinn að geta sèr til, hvernig sú bænarskrá yrði löguð að efni og orðum, sem þíngið kynni að senda konúngi um málið; nú sjá það allir heilvita menn, að ef þíngið tekur málið til meðferðar, er það eingan veginn bundið við höfuðatriðin í bænarskránni, sem hèr er umræðuefni; eg fyrir mitt leyti ímynda mèr, að þíngið aðhyllist þau sum, en sum ekki, og verður nógur tími til að tala um það, þegar sèst, hverja stefnu nefndin tekur, sem kosin verður í málið. En nú er aðalspursmálið, hvort málið sè þess vert, að þíngið gefi því gaum; og því ætla eg einginn muni geta neitað, sem þekkir til, hvað mikil og margbrotin vandræði standa af þeim of tíðu, og eg vil segja — óskynsamlegu öreiga- og ráðleysíngjagiptíngum. Hinn sami þíngmaður tók það fram áðan, að tveir merkisprestar hefði skrifað undir bænarskrána. Þetta er satt; og þetta er einmitt sönnunin fyrir því, að prestum finnst þeim lögum, sem nú gilda um giptíngar, vera í sumu ábótavant. Er þetta því heldur meðmælíng með bænarskránni, sem það er alkunnugt, að hreppstjórar eiga stundum í stríði við presta um þessar ótakmörkuðu giptíngar.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg held eg verði að styðja þessa uppástúngu, því mèr þykir ekkert óþarft, þó það sè talað um þetta mál, og þó fyrri bænarskráin, sem flutníngsmaðurinn las, kann ske taki í sumum póstum nógu freklega til orða, þá held eg, að

hin síðari, sem hinn háttvirti *forseti* tók fram, fari ekkert of lángt. Augnamiðið í báðum er, einúngis að takmarka dálítið giptíngar öreiga og ráðleysíngja; og það held eg væri eingin spillíng í rèttindum manna, því að gipta þá, og trúa þeim fyrir lífi og velferð konu og barna, sem varla kunna grein góðs og ills, eður geta sèð sínum eigin fótum forráð, held eg sè eingin stjórnfræðisforsjálni; það eru þó dæmi til þessa, og eg get vitnað um það, ekki mjög gamalt, að ónytjúngsfáráðlíngur, sem aldrei hafði haft vit eður dugnað til að vinna sèr brauð, og stóð í óendurgoldinni skuld við sveit sína, eptir að hann var kominn úr ómegð, var, án þess að sú sveitarstjórn vissi nokkuru hlut til, ginntur til að eiga kvennmann úr fjarlægu landsplássi, jafnræði hans, en sem búin var að eiga fjögur börn; og þau svo bæði strax, af því þau höfðu einga bólfestu eður von í neinum lífsatvinnuvegi, ekki svo mikið sem vist, tekin sem fángar og flutt hreppstjóra frá hreppstjóra til þeirrar sveitar, hvar hann átti fæðíngar átthaga. Eg held því, eins og eg sagði, að það, sem síðari bænarskráin fer fram á, sè ekki of mikil takmörkun á öreigagiptíngum, þó þeir ætti að eiga í vændum einhvern lífs-atvinnuveg, altènd þó ekki væri nema vist til næsta árs, og því vil eg, að þetta mál sè tekið til nefndar.

Páll Sigurðsson: Eg verð að mæla fastlega fram með því, að nefnd sè sett í þetta mál, því þess veit eg mörg dæmi, bæði í minni sýslu og annarstaðar, að óhófsseggir, letimagar og ráðleysíngjar, sem eingir hafa viljað hafa í vist, vegna þess, að ekki verður við þá tjónkazt sem hjú, þetta fólk er samt gefið í hjónaband, ef það getur snapað sèr út einhverja svaramenn og optast þá, sem eru líkastir þeim í búenda flokknum, og sjálfir liggja á sveitarfè eða á heljarþröminni með að þurfa þess, og þá gefa prestar þessa menn í hjónaband, og það opt nauðugir, því þeir sjá vel fram á afleiðíngarnar af þvílíkum giptíngum, en segjast ekki annað þora, en gjöra það samt laganna vegna; en hreppstjórar og allir beztu bændur mega horfa á þetta, og fá ekki við ráðið. Svo fá menn þessir húsmennsku eða litla jarðarsneið hjá einhverjum búandi ráðleysíngnum fáein ár, meðan þeir eru að únga út nokkrum eggjum eptir sinni mynd. Svo koma þeir og segja við hreppstjórann: „eg þarf sveitarstyrk, èg get ekki lifað svona, en ef eg fæ hann ekki, þá skaltu mega taka við öllu saman, eða reyndu að útvega mèr stærra jarðnæði, þá kæmist eg betur af“. Hreppstjórinn vill sem leingst verjast sveitarþýngslum, og fer, þó nauðugur, að reyna að útvega haganlegra jarðnæði. Það

fæst, en með þeim kjörum, að hreppstjóri taki alla ábyrgð bæði með ábúð og eptirgjald; þar er maðurinn nokkur ár, en til hvers? til að fjölga ómögum, trassa og skemma jörðina, þrátt fyrir allar áminníngar hreppstjórans, því nú getur hann að vísu byggt honum út, en ekki annað en ofan á sjálfan sig og sveitarfèlag sitt. Þegar fá ár eru liðin, segir hann við hreppstjóra: „eg hætti nú að búa, þú verður nú að sjá fyrir öllu saman, eg nenni ekki að vera að þessu basli leingur“, og svo vistar hann sig lángt í burtu, þángað sem að hann er óþekktur, en sveitarmenn mega hirða alla ómegð hans. Þegar þessir menn eru farnir að ráða svona mestu í hèraðinu, þá kalla eg það skrílstjórn, og ættum við að gjalda varhuga við, að hún ekki þróaðist á landi voru. Forfeður vorir, meðan þjóðstjórnin stóð, vernduðu atorkusama fátækt, en tóku hart á ómennsku og svallaraflakki, en Jónsbókarlög með katólsku kennivaldi spilltu strax hústjórn og sveitartjórn Íslendínga, með að leyfa flakk og fleira sjálfræði, er óregla varð úr. Sparsaman og atorkusaman fátæklíng, sem hefir verið dyggt hjú í fèlaginu, vilja allir styrkja, og gera opt, en þá, er ekki varð komið við neinu tauti sem vinnuhjú, vilja menn ekki styrkja til meira sjálfræðis, því þeir sjá ekki þar af koma utan meiri skaðræðisávexti fyrir heill fèlags síns. Eins og eg ekki get álitið hagkvæma einvaldsstjórn, sem hefir aðsetur í öðru landi, þá vil eg þó enn síðar óska, að skrílstjórn næði yfirhönd á landi voru, því þá er velferð hvers lands á förum, nái hún yfirhönd; en beztu menn þjóðarinnar verða að lúta í lægra haldið.

Ásgeir Einarsson: Það er margrætt um þetta málefni upp til sveita, og ekki minnst, þegar harðnar í ári; og þó mörg vandkvæði sè á slíkum giptíngum, er það þó aðgæzluvert, að bæði er hart að banna þær, og einkum hitt, að slíkt bann getur leitt til annars verra; en á hinn bóginn getur misbrúkun á giptíngum geingið úr hófi, eins og þegar t. a. m. örvasa karlar og fáráðlíngar eru feingnir til að giptast einhverri stelpu, og svo strax eptir giptínguna sendir með allt saman á hrepp mannsins. Þíngmaður Mýramanna kann, ef til vill, einhverja sögu um slíkt. Þetta kalla eg nú vanhelgun á hjónabandinu, sem ekki ætti að eiga sèr stað, meðan það er álitið sem heilagt. Öðru máli er að gegna, ef menn skoða það sem verzlega athöfn, svo eigi þarf annað en fara til þíngs og lýsa því þar eins og öðru skuldabrèfi, eins og sagt er að beri við í öðrum löndum. En eg álít betra, að nefnd væri sett í málið, svo alþýða feingi að

heyra álit þingsins um það, og þætti mèr vel til fallið, að í nefnd þeirri væri sitt af hverju, lögfræðingum, guðfræðingum og bændum.

Halldór Jónsson: Það fer kann ske ekki vel á því, að eg mæli móti nefnd í máli þessu, þar sem eg einnig hafði meðferðis bænarskrá um sama efni; þó get eg ekki fallizt á uppástúnguatriðin í bænarskrá Þingeyinga. Eg skyldi ekki vera því mótfallinn, að lagt yrði eitthvert band á giptíngar öreiga og ráðleysíngja, ef það gæti skeð án þess að of nærri væri geingið náttúrlegum rèttindum manna. Flutníngsmaður bænarskráarinnar sagði, að prestar hèldi opt meira með öreigagiptíngum en hreppstjórar; og eg þekki það vel, að prestum er ámælt fyrir, að þeir sè of fúsir á að gefa hverja sem er í hjónaband; en það er ekki altènd gætt að því, að prestar hafa lög til að lifa eptir, og finnst mèr ekki tilhlýðilegt að kvarta yfir því, að prestar gjöri ekki lögbrot á mönnum, eða að þeir gjöri það ótilneyddir, sem mætti samkvæmt lögum þvínga þá til að gjöra, ef þeir færðist undan. Með því að takmarka giptíngar minnka ekki heldur sveitaþýngsli yfir höfuð, og allrasízt óregla sú, sem sumir þíngmenn hafa bent á. Það eina, sem eg þá að svo komnu get lagt til mála í þessu efni, er það, að eg vil ekki vera því mótfallinn, að þíngið, samkvæmt seinna uppástúnguatriðinu í bænarskránni frá Þínghöfðafundinum, setji nefnd til að endurskoða hjónabandstilskipunina.

Ólafur Jónsson: Hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður hefir farið svo mörgum orðum um bænarskrána, sem nú var lesin upp, að eg held það sè óþarfi að fara um hana fleiri orðum; eg játa það líka, að mèr fellur hún ekki vel í geð, en hin bænarskráin, úr hverri hinn heiðraði *forseti* las upp niðurlagsatriðin, fer ekki eins hart í þetta mál, og geðjast mèr hún því lángtum betur. Eg hefi aldrei viljað setja mig mikið móti hjónabandinu, og allrasízt láta eintóma fátækt geta hindrað nokkurn mann frá að komast í hjónaband, en samt finnst mèr, að einhverja lagaákvörðun þyrfti í þessu falli, frekari en nú er. Eptir nú gildandi lögum eru hjónabandinu eingin takmörk sett, og allir mega giptast, nema þeir, sem eru holdsveikir, eða hafa þegið óendurgoldinn sveitarstyrk. Mèr er það nú kunnugt, að þó einn hafi þegið sveitarstyrk, hindrar það hann ekki frá hjónabandi, því flestir rembast við að borga hann, svo það ekki verði til tálmunar, og stundum skjóta þeir bændur saman fè, sem búa í þeim hrepp, sem konuefnið er sveitlæg í, og gefa honum til að borga með sveitarstyrkinn, þegar þeir sjá, að það verður til hagsmuna fyrir

sinn hrepp, að hjónabandið komist á. Það má því ekki heita, eptir nú gildandi lögum, að hjónabandinu sè nokkur takmörk sett. Allir mega giptast, þó þeir eigi ekki einn skildíng, nenni ekkert að vinna, og sè hvergi húshæfir, en eigi 10 stúlkur ólèttar, og fari strax með allan hópinn á sveitina. Mèr sýnist því brýn nauðsyn beri til þess, að málið sè tekið til yfirvegunar, og nefnd kosin í það.

Páll Melsteð: Mèr þykir mál þetta svo áríðanda, að eg vil mæla með, að nefnd sè sett í því.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Enginn má skilja orð mín svo, þó eg mæli fram með nefnd, að eg vilji mæla bænarskránni bót, eins og hún er, heldur álít eg málið svo áríðanda, að vert sè að gefa því gaum; en með orðum mínum áðan vildi eg eingan veginn kasta skugga á prestana; því það er ekki prestunum, heldur lögunum að kenna, að ágreiníngur er um öreigagiptíngar milli presta og hreppstjóra; en ágreiníngur þessi sýnir þó, að lögin eru óhagkvæm og þurfa því endurbótar við.

Ólafur Jónsson: Það eru ekki fremur prestarnir, heldur en hreppstjórarnir, og hreppsbændur, sem opt stuðla að þessum óefnilegu hjónaböndum. Eg veit mörg dæmi til þess, að prestar hafa sárnauðugir gefið sumar persónur í hjónaband, en þeir hafa mátt til, þegar eingin lagaákvörðun er til, sem geti hindrað þetta. Sumir hreppstjórar og hreppsbændur hafa lángtum heldur notað sèr þetta lagaleysi, og stutt að mörgum hjónaböndum, þegar þeir hafa sèð, að með því móti losaðist þeirra hreppur við einhver áfallin eða yfirvofandi vandræði og sveitarþýngsli.

Jón Hjaltalín: Það hefir verið sagt, að það, sem bænarskráin fer fram á, skerti rèttindi manna, því það lyti að því, að meina mönnum giptíngar, en þegar eg heyrði þetta, kom mèr til hugar, að menn ekki ætíð gætti að, hvað þeir segja. En mèr fyrir mitt leyti þykir mikils áríðanda, að sem flest mál sè lögreglum bundin; en hreppstjórar hafa nú hèr á þíngi sýnt fram á, að eingar reglur eru um þetta mál hèr á landi, og þó það væri reglum bundið, þá eru menn ekki þar fyrir sviptir frjálsræði sínu; því það er mikill munur á frjálsræði og stjórnleysi. Sumar giptíngar hèr lýsa þessu, og mæli eg því með nefnd.

H. Kr. Friðriksson: Eg álít ísjárvert fyrir alþíngi, sem á að vernda rèttindi manna, og þá þíngmenn, sem þykjast vinna að því, að afla löndum sínum sem mests frelsis, að gefa þeim bænarskrám gaum, er gánga svo nærri hinum náttúrlegustu rèttindum manna, eins

og þessi gjörir. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður fór mörgum orðum um, að munur væri á frjálsræði og sjálfræði, og fann það sem ástæðu til að mæla með nefnd, en á þá fátæktin að ráða svo miklu, að hinn fátæki sviptist frjálsræði sínu, einúngis af því hann er fátækur? því að fátæktin ræður hèr í þessu máli muninum á frjálsræði og sjálfræði. Eg skal leiða athygli þíngmanna að því, að giptíngabannið ver einguni sveitarþýngslum; því að, að eg hafi sömu orðin og þíngmaður Húnvetníinga, ef einhver á 10 stelpur ólèttar, sína á hverjum bænum, ætla þessir 10 krakkar eigi kæmi eins í ljós fyrir það, þótt honum væri meinað, að giptast? ætla það yrði meiri sveitarþýngslin af þeim fyrir það, þótt hann giptist einhverri af þessum 10. Eg er því mótfallinn nefnd, og vil eigi, að þíngið sýni löndum sínum, að það sè í rauninni ófrjálslynt, með því að gefa gaum þeim uppástúngum, sem vilja hnekkja náttúrlegu frelsi manna, eins og þessi bænarskrá gjörir.

H. G. Thordersen: Eg er algjörlega á máli þíngmannsins úr Reykjavík og hins 1. konúngkjörna þíngmanns, og vil alls ekki, að fleiri bönd sè lögð á hjónabandið, og það gleður mig, að hinir fyrri biskupar, sem efalaust ekki hafa viljað Íslandi illa, hafa verið á hinu sama máli í þessu efni, að slíkt band á hjúskap manna ekki ætti að eiga sèr stað. Hvað fátækt snertir, þá hefir verið sýnt fram á, að eins mikil sveitarþýngsli geta flotið af því, að banna fátæklíngum giptíngar, eins og af því, að leyfa þær. Hèr að auki verðskuldar það sèrlegt athygli, að maður ekki, með því að leggja hapt á hjónabönd, gefi tilefni til lausúngar og ósiðsemi, og þá um leið til enn meiri byrðar fyrir sveitirnar en þeirrar, sem nú á sèr stað með hinum frjálsari hjónabandslögum. Fátæktin ein á ekki heldur að hamla neinum frá hjónabandi; því reynslan hefir margsinnis sýnt, að margur sá, sem byrjaði hjúskap sinn bláfátækur, hefir orðið mesti gagnsmaður í sinni sveit. En um fáráðlínga og vitskerta menn er öðru máli að gegna; því þeim er í lögum bannað að giptast. Eg mæli þess vegna móti nefnd í þessu máli.

Jón Hjaltalín: Menn hafa sagt, að ekki ætti að leggja band á hjónaband, því það væri sama og að skerða frjálsræði manna, en eg vil samt vekja athygli þíngsins, að þess eru þó dæmi í lögunum, því það er bannað holdsveikum að giptast. En þetta er að vísu undantekníng, en þó hjónabandið væri takmarkað í fleiru tilliti, þá þyrfti eigi hið sanna frjálsræði manna að vera svo mikið skert fyrir það; sjálfræði og stjórnleysi mætti að eins sakna vinar

í stað, en eg ætla hvorttveggja þessara systkina hafi nægа áhángendur á landi voru. Ef að nú til geingur víða hvar í sveitum, eins og ýmsir hreppstjórar hafa upp lýst, þá er skylda þíngsins að hafa tillit til ástæða þeirra, er mæla fram með því, að takmörkuð sè öreigagiptíng, og einkum er það áríðanda á þeim tímum, sem nú fara í hönd, að hafa sem flest bundið góðri reglu. Þetta ættum vèr að hafa hugfast, sem erum komnir saman til að ráðgast um efni lands og lýðs. Eg kæri mig ekki um stór orð um frjálsræði og frelsi; þó þau láti vel í eyrum, því frjálsræði það, sem stríðir á móti heillum lands og lýðs, er skaðlegt og ekki hið sanna frjálsræði, heldur blint sjálfræði og stjórnleysi.

Þórður Jónassen: Eg vil þó leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að mèr virðist, að þíngið, ef það nú færi að setja nefnd í þessu máli og ræða það, yrði sèr ósamkvæmt, þar sem það, eins og eg hefi tekið fram, ónýtti bænarskrána, sem kom híngað árið 1847, og sem var sama efnis og sú, sem hèr liggur fyrir.

Pètur Pètursson: Eg óttast fyrir, að þessar laungu umræður komi af því, að menn hafa hugann einúngis við þá bænarskrá, er fyrst var upp lesin, en ekki um þau 2 atriði úr bænarskránni frá Þínghöfðafundi, sem *forseti* las upp. Aðalspursmálið, sem menn nú ætti að ræða um, er það, hvort þíngið vilji setja nefnd til þess að endurskoða hjúskaparlögin, og er þessi uppástúnga miklu yfirgripsmeiri.

Ásgeir Einarsson: Það gladdi mig mikið að heyra það í ræðu herra biskupsins, að giptíngafrelsið afstýrði ólifnaði, því eg er sannfærður um, að einginn veit betur, en hann, misbresti þá, sem á eru í þessu efni, þar hann fær skýrslur um það árlega, og ef nefnd yrði kosin, þá mundi hún frá honum geta feingið hinar beztu upplýsíngar. En hvað viðvíkur giptíngu fáráðlínga, er eg nefndi, þá get eg ei annað en kallað þá fáráðlínga, sem ekki vita, hvað gamlir þeir eru, þegar sýslumenn eru að taka lífshlaup þeirra, og þeir verða sveitarvandræði strax með giptíngunni.

Guðmundur Brandsson: Mèr heyrist, að menn misskilji bænarskrána, því fátæktin er ekki til færð sem sú einasta ástæða fyrir því, sem beðið er um, heldur margt fleira svo sem óknyttir og ónytjúngsskapur, og er það eins ísjárvert að gefa slíka menn í hjónaband, sem geta ollað hreppstjórum og sveit sinni auðsjáanlega mikilla vandræða, þegar t. a. m. þarf að taka börnin frá foreldrunum og koma þeim annarstaðar fyrir, af því foreldrunum er ekki trúanda fyrir að ala þau upp. Eg að minnsta

kosti álít meira varið í góða kynslóð en mannmarga, en stofninn undir kynslóðinni mun þó hjónabandið eiga að vera, og álít eg því eingu spillt, þó málið sè tekið inn á þingið og nefnd kosin í það.

Forseti: Fyrst nú einginn tekur framar til máls, álít eg mál þetta nægilega rætt til undirbúnings, og vil biðja menn að greiða atkvæði um það, hvort nefnd skuli kjósa eður eigi.

Var nefnd síðan samþykkt með 16 atkvæðum gegn 6; en þar bæði var stúngið upp á 3 manna nefnd og 5 manna nefnd, var leitað atkvæða um það, hvort heldur skyldi vera, og var 5 manna nefnd samþykkt með 14 atkvæðum.

Var nefndin síðan kosin og hlutu þessir flest atkvæði: *Jón Hjaltalín* 16 atkv., *H. G. Thordersen* 12 atkv., *Pètur Pètursson* 11, *Guðmundur Brandsson* og *Ólafur Jónsson* 9 atkv. hvor.

Voru skjöl málsins síðan afhent hinum 6. konúngkjörna þíngmanni.

Forseti: Af því svo mjög er liðið á tímann, vil eg fresta þeim 4 bænarskrám, sem eptir eru á dagskránni til næsta fundar, en taka þar á móti til undirbúningsumræðu nefndarálitið um frumvarp stjórnarinnar, er viðvíkur *breytíngum á tilskipuninni 28. marz 1855* um *helgidagahald* og skal eg leyfa mèr að láta afhenda það *framsögumanni* málsins hinum háttvirta *varaforseta.*

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Eg ætla að leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp.

Nefndarálitið var síðan upp lesið. Það er svo látanda:

„Hið heiðraða þíng hefir falið oss undirskrifuðum á hendur, að íhuga og segja álit vort um frumvarp til opins brèfs viðvíkjandi breytíng á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi; og skulum vèr nú leyfa oss að skýra þínginu frá skoðun vorri á þessu máli með sem fæstum orðum á þessa leið:

Þar eð sú ákvörðun, sem frumvarp þetta tekur fram, bætir úr þeirri helztu umkvörtun um tilsk. 28. marz 1855, sem hreift var í bænarskrám til alþíngis 1857, að ýmisleg störf og skemmtanir og önnur fyrirtæki væri leyfð eptir miðaptan á sunnu- og helgidögum, getum vèr ekki fundið nægа ástæðu til, að ráða þínginu til, að ítreka þá bæn frá seinasta alþíngi, „að samið yrði frumvarp til nýrrar tilskipunar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi af nefnd manna, er til þess yrði sett á Íslandi“, með því það er sannfæríng vor, að óánægja almennings með áminnzta tilskipun hafi einkum risið af því,

að hún takmarkaði löghelgi sunnu- og helgidaga við miðaptan, en lèt hana ekki ná til alls dagsins. Þar að auk er tilskipun þessi enn þá svo ný og óreynd, að það virðist ísjárvert og óþarflegt nú þegar að breyta henni, þegar hinni guðrækilegu tilfinníngu er fullnægt á þann hátt, sem frumvarpið gjörir. Af þessum ástæðum erum vèr að vísu samhuga í, að ráða þínginu til, að fallast á frumvarp stjórnarinnar; en þó skal eg meðundirskrifaður síra *Benedikt Þórðarson* leyfa mèr, að láta þá ætlun mína í ljósi, að betur færi, að orða frumvarpið öðruvísi, svo það væri skýrara tekið fram, að helgi hinna lögboðnu helgidaga ætti að vara allan daginn, og áskil eg mèr rètt til, að bera upp um það breytíngaratkvæði á þínginu, ef mèr svo sýnist. Þar á mót álítum við hinir nefndarmennirnir frumvarpsgreinina heppilega orðaða og finnum ekki ástæðu til að breyta henni.

Reykjavík, 6. júlímán. 1859.

Pètur Pètursson, formaður og framsögum. *Halldór Jónsson,* skrifari. *Benedikt Þórðarson*“.

Framsögumaður: Frumvarp stjórnarinnar er bæði stutt og gagnort; nefndarálitið er líka stutt, og skal eg ekki fara mörgum orðum um það, fyrri en eg heyri álit þíngmanna um það.

Jón Hjaltalín: Það er sorglegt að vilja neyða menn til guðrækni; það eru mörg dæmi upp á það, að slíkt hefir ei orðið nema til ills eins. Á Skotlandi t. a. m. er strángt helgihald lögboðið, en eptir því sem sagt er, því eg hefi ei verið þar sjálfur, er helgihaldið þar bæði til spotts og skammar. Hvers vegna á að vera að búa til lög, sem menn vita um að verði ekki haldin? og ef frelsarinn hefir leyft oss að bjarga uxa eður asna á helgidegi, hvers vegna skyldi það þá ekki vera leyfilegt að bjarga mönnum, og nú er opt svo ástatt hèr, að það varðar líf manna að fá að nota kafla úr helgideginum til ýmsra nauðsynjaverka. Það er sorglegt, að menn nú skuli vilja fara að setja ný lög, sem ekki eru samkvæm trúarbrögðunum, því eptir þeim mun það vera leyfilegt að gánga að því verki, sem varðar líf manna. Menn spilla miklu fremur, en að menn bæti fyrir helgidagahaldinu með slíku lagaboði, og er eg mótfallinn frumvarpinu, því það leggur þá skyldu á menn, sem ómögulegt er að halda og sem almenníngur, áður lángt líður, mun verða mjög óánægður með, og óska eg, að þíngið felli þetta frumvarp.

Framsögumaður: Hinn heiðraði 6. konúngkjörni þíngmaður hefði getað sparað sèr ræðu sína, ef hann hefði lesið tilskipunina eða frumvarpið, því ræða hans byggðist á því, að bannað væri að vinna

öll verk á sunnudögum, en þetta er ekki rètt; það eru að eins ónauðsynleg verk og skemmtanir, sem bönnuð eru, en breytíng sú, sem nú skal gjöra, er að eins sú, að verk þau, sem áður voru leyfð eptir kl. 6 og sem talin eru upp í tilskipuninni, skuli ei vera leyfð allan daginn. Hvað dæmi því viðvíkur, sem hann tók af Skotlandi, þá fer tvennum sögum af guðrækni Skotlendínga, því sumir að minnsta kosti segja vel af henni, og að þeir sè að minnsta kosti útvortis stillilegir og guðrækilegir á helgidögum; eptir þessu verður maður að fara, því um hjörtun getum vèr ekki dæmt.

Guðmundur Brandsson: Það hefir svo opt verið sagt hèr á þínginu, að það mundi rýra álit stjórnarinnar á þínginu, ef það bæði um breytíngar á nýjum lögum, sem það hefði sjálft búið til. Helgidagatilskipunin var ekki gömul, þegar farið var að hnjáta við henni. Merkilegt er það, að 1853 nægði öllum, að helgin væri til miðaptans, og jafnvel líka á kóngsbænadaginn, því sumir þíngmenn fóru fram á það, að láta helgi hans ekki vara leingur en til miðaptans. 1855 og 1857 komu kvartanir úr öllum áttum yfir þessu, eg segi úr öllum áttum, af því það hèt svo, eptir sem sumum þíngmönnum fórust orð um það, þó eg ekki hafi orðið var við þá óánægju, sem þeir þá kvörtuðu yfir. Nú hefir stjórnin látið að bæn þíngsins, þeirri er það sendi í hitt hið fyrra í þessu máli, en það er auðsèð á ástæðunum fyrir frumvarpinu, að henni hefir verið þetta nauðugt, því allt, hvað hún tilfærir, eru ástæður á móti því, að helgin verði leingd, þó hún að lokunum láti það eptir. Eptir frumvarpinu skal allur dagurinn vera helgur til kvelds, en það er gömul landsvenja hèr á landi, að sól ræður á sumri en dagur á vetri, og eptir því verða helgidagarnir mislángir á sumrum og vetrum, því á veturna verður hún ekki einu sinni til kl. 6. Þetta finnst mèr nokkuð óhönduglegt, því á sumrum þarf margur á meiri vinnutíma að halda en á vetrum. Mèr þykir breytíng þessi á nýrri tilskipun, sem ekki hefir valdið neinu hneyksli, svo eg til viti, óþörf. Það hefir opt verið sagt, að eptir tilskipuninni gæti bóndi skipað vinnumönnum sínum að fara að slá eða rista torf eptir miðaptan, en vita menn þess nokkur dæmi að þetta hafi verið gjört, síðan tilskipunin kom út? Það er þá undarlegt, að bændur skuli biðja um breytínguna, en ekki hjúin, þar sem bændur ráða því sjálfir, hvað leingi þeir halda helgina eptir miðaptan. Það er orðið samgróið meðvitund manna, að saklaust sè að gánga til nauðsynlegra starfa eptir miðaptan, og er því þessi breytíng að minni meiníngu á móti þjóðarand-

anum. Eg get vel trúað því, að á næsta þingi yrði beðið um breytíngu á þessu aptur, en ef nú á hinn bóginn álit alþíngis yrði frumvarpi stjórnarinnar mótfallið núna, er það ekki ólíklegt, að álit alþíngis mundi þar við má ske rýrna, svo það getur einúngis þess vegna verið viðsjárvert, að fella frumvarpið, þó eg ætli, að svo væri betur gjört.

Benedikt Þórðarson: Samkvæmt því, sem eg ráðgjörði í nefndarálitinu, ætla eg að bera fram breytíngaratkvæði, eða, ef heldur heita mætti, viðaukaatkvæði við frumvarpið. Bið eg þíngmenn gæti þess, að eg ekki þar með breyti frumvarpinu sjálfu; og bæti einúngis fáum inngángsorðum við það, þeim orðum, sem eg veit að almenníngi geðjast að, því hann amast ekki við því, að sunnudagurinn heiti helgur frá morgni til kvelds, eins og sumir gjöra hèr. Atkvæðið hljóðar þannig:

Sunnudagar og löghelgir dagar eiga helgir að vera frá morgni til kvelds, og því skulu þau störf, skemmtanir og önnur fyrirtæki, sem eptir tilsk. 28. marz 1855 eigi eru leyfileg fyrri en eptir miðaptan, framvegis óleyfileg vera til kvelds á þessum dögum; brýn nauðsynjaverk eru hèr þó undan þegin, samkvæmt hinum nákvæmari ákvörðunum, þeim er í tèðri tilskipun staðizt geta með þessu lagaboði.

Frumvarpið er heilt og haldið með litlum formála, er eg minntist á, og viðbæti, er eg ætla þarfan til þess að benda á, að það er ekki öll helgidagatilskipunin úr lögum tekin með frumvarpinu, heldur að eins það, sem ekki stenzt með því. Auðvitað er, að nauðsynjaverkin eru ekki bönnuð, heldur leyfð í löggjöfinni, og að hún, að því leyti sem þeim viðvíkur, eigi að gilda.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði nefndarmaður, sem stúngið hefir upp á breytíngaratkvæði, hefir í því breytt nokkuð út af venjulegu formi. Þeim sið hefir nl. jafnan verið fylgt hèr á þíngi, að þegar nefndarmenn hafa ekki komið sèr saman um málin, þá hefir minni hluti tilfært sitt ágreiníngsatkvæði í nefndarálitinu. Er það bæði samkvæmt þíngsköpum og hefir þann hagnað í för með sèr, að þíngmenn strax við undirbúníngsumræðuna geta haft fyrir sèr orðuð ágreiníngsatkvæði minna hlutans, eins og uppástúngu meira hlutans, og rætt svo og yfirvegað hvorttveggja bæði við undirbúníngs- og ályktarumræðuna. En þegar að er farið, eins og hèr hefir verið gjört, þá kemur ekki fram breytíngaratkvæði minna hlutans fullkomlega orðað fyrr en við ályktarumræðuna. Eg verð að segja fyrir

mig, að eg við þessa umræðu ekkert get sagt um atkvæði minna hlutans, af því eg hefi það ekki orðað og uppskrifað fyrir mèr, og þannig get eg til, að fleiri þingmönnum fari. Að öðru leyti vil eg ráða þinginu til þess, að aðhyllast álit meira hlutans, og taka frumvarpið óbreytt, eins og það er, því ef þingið skyldi nú vilja fella það, þá væri það svo mikil ósamkvæmni, og lýsti svo miklu hviklyndi, þar sem frumvarp stjórnarinnar einúngis er fram komið eptir óskum og beiðni hins síðasta alþíngis. Þegar frumvarpið til helgidagatilskipunar var fyrst lagt fyrir þíngið, náði helgin ekki leingra en til einum tíma eptir nón, en eptir beiðni þíngsins var hún leingd til miðaptans, og hugmyndin um miðaptanshelgina var þá svo rík hjá þíngmönnum, að eg fèkk því ekki fram komið, að helgi bænadagsins samkvæmt stjórnarfrumvarpinu mætti ná til kvelds. Þegar nú hið síðasta þíng beiddi um, að sunnudagshelgin yrði leingd allt til kvelds, bar það fyrir, og eg ætla með góðum ástæðum, að það væri almennur vilji þjóðarinnar, og af sömu ástæðum lagði eg það til, að þessi beiðni þíngsins mætti fá bænheyrslu. Þegar nú þetta frumvarp þannig er fram komið, einmitt eptir beiðni þíngsins, er aptur styðst við almennan þjóðarvilja, álít eg annað ófært, en að þíngið taki frumvarpið óbreytt, eins og það er komið frá hendi stjórnarinnar.

Jón Hjaltalín: Hinn 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, að eg hefði ekki skilið frumvarpið (*Framsögumaður:* Eg sagði: lesið), en eg hefi vel skilið andann, og hann er sá, að gjöra helgidagahaldið enn strángara en áður; en það er ekki gott að segja, hver störf að sè þarfleg, því skemmtanir geta líka verið þarflegar og nauðsynlegar; fyrir erfiðismanninn t. a. m., sem situr mikið kyrr fyrir alla vikuna, getur það verið mikið þarflegt að hreifa sig og skemmta sèr eptir miðjan dag á sunnudögum; en það breytir nokkuð málinu, ef þetta væri eptir vilja og ósk þjóðarinnar, og það mundi verða til þess að rýra álit þíngsins, að biðja um sitt í hvert skiptið, og þá vil eg helzt, að menn taki frumvarpið eins og það er; eg vil ekki hafa þær breytíngar, sem nefndin og presturinn hafa gjört.

Framsögumaður: Nefndin hefir eingar breytíngar gjört.

Þórður Jónassen: Mèr hefir ætíð þótt það ísjárvert, þegar þíngið hefir verið að biðja um breytíngu á lagaboðum, svo að kalla í sömu andránni og þau hafa komið út, og því lagði eg og á móti því, að helgidagatilskipuninni yrði breytt, og það því heldur, sem eg ekki gat lagt neinn trúnað á þær umkvartanir, sem komu fram yfir tèðri tilskipun, og af hverjum sumar tóku svo djúpt í árinni, að til-

skipunin væri búin að spilla guðrækni og hugsunarhætti almennings, því fyrir þessu gat eingin reynsla verið komin á svo stuttum tíma, sem nú var liðinn, frá því tilskipunin kom út. Stjórnin hefir eigi að síður látið undan þessum umkvörtunum, þar sem hún varð að halda, að þær væri ekki með öllu tilhæfulausar, og þannig er nú lagt fram frumvarp til breytíngar á tilskipuninni um það, að sunnudagurinn skuli vera helgur frá morgni til kvelds, og nefndarálitið, sem nú var lesið upp, mælir fram með því, að frumvarp þetta verði óbreytt að lögum. Eg gjöri þannig ráð fyrir því, að þíngið aðhyllist nefndarálitið, og frumvarpið verði löggilt. En hvað um það, þá virðist mèr það ekki æskilegt, því eg er sannfærður um, að þetta kemst ekki leingra en á pappírinn; í lífið kemst þessi breytíng ekki, og þess konar lög eru ekki æskileg. Það hefði verið öðru máli að gegna, ef tilskipunin hefði gjört nokkurt nýmæli, en það gjörði hún ekki; þau störf, og þær athafnir, sem tilskipunin leyfir á helgidögum, áttu sèr stað, þegar hún kom út, og voru búin að fá sinn stað og heimild í lenzkunni, og eingínn hneykslaðist þá á þeim, en óðar en tilskipunin kom út, kom hneykslið, og þá var farið að tala um helgispjöll og helgidagsbrot, og allt komst í uppnám.

Eg mæli því fram með því, að allt standi við svo búið, eða að tilskipunin standi óbreytt; að minnsta kosti sè eg ekki, eins og nú er komið, hvernig því verður komið við í kaupstöðunum, að halda sunnudaginn helgan frá morgni til kvelds, og tilskipunin gildir þó líka fyrir kaupstaðina.

Páll Sigurðsson: Það er þó ekki góðs viti, ef að sá spádómur rættist, að guðræknin verði helzt á pappírnum, en smáhverfi úr þjóðlífinu, og heitir það þá að bera skin guðhræðslunnar, en afneita hennar krapti, og er þó svo að heyra, sem Reykjavík ætli að verða fyrst til, að sýna þetta merki á sèr, en þegar höfuðið er orðið sjúkt, þá smásýkist allur líkaminn með. En að þíngið áður hefði fallizt á, að stytta helgi sunnudagsins, þá var það eingan veginn vilji allra þíngmanna. En þess er gætanda, að helgidagafrumvarpið kom þá spánýtt, tekið úr lögum Dana, og sniðið eptir þjóðanda þeirra, og fundu menn þegar, að það átti hèr ekki við sveitalífið. Og þegar kosin var nefnd í málið, þótti öllum það hafa æskilega tekizt, þegar flestir beztu guðfræðíngar urðu í nefndinni og bjuggust hinir þíngmenn þá við, að þeir mundu gjöra stórar umbreytíngar á frumvarpinu, og laga það sem bezt eptir þjóðvilja Íslendínga, en þessi von brást; frumvarpið kom frá nefndinni aptur að mestu óbreytt og þá

sást fyrst berlega, að guðrækniseinkunn Reykvíkínga, víst í útvortis formi, var orðin sundruð frá formi sveitalífsins, en orðin samrýmdari háttum Dana, því nefndin stytti nú helgi sunnudagsins, eins og Danir höfðu áður gjört, og það var fyrir fylgi sveitapresta og bænda, að nónhelgin var leingd til miðaptans, og þó ekki yrði þá allur dagurinn helgur, mátti heyra það á ræðum margra sveitamanna, að þeir vildu þó hafa hann það, og það því heldur, sem sá almenni bænadagur var allur helgur eptir frumvarpinu, en að almenn störf hafi áður verið gjörð að nauðsynjalausu eptir miðaptan (*Guðmundur Brandsson:* Ekki rètt. *Páll Sigurðsson:* Jú), en eg get vitnað um það, að þetta hefir ekki verið, því það hefir verið almenn regla til sveita, að gjöra eingin nauðsynjalaus verk allan sunnudaginn; en nauðsynjaverk er að hirða þurrt hey undan regni og þess háttar. Hafa menn lesið fyrst húslestra og síðan geingið til þeirra starfa, án þess að hugsa nokkuð um miðaptan. En það, sem mönnum þótti helzt þurfa að koma í veg fyrir til sveita, voru óþarfaútreiðir og drykkjuslark á helgum dögum, en lagaboð þetta kemur þar ekki í veg fyrir, og liggur nærri, að lög þessi verndi helgidagaferðir t. a. m. að fara til veiða. Það væri heldur vindhanaskapur af þíngi þessu, ef það nú skyldi fella frumvarp þetta, en biðja þó þess á næsta þíngi, og sýndi það með því svoddan staðfestuleysi, að stjórnin ekki gæti reitt sig mikið á tillögur þess framar.

Guðmundur Brandsson: Eg hefi ekki breytt áliti mínu á þessu máli, síðan það var fyrst rætt hèr á þíngi 1853, og hefi eg þó viljað skoða það hlutdrægnislaust á allar hliðar. Reynslan verður nú bezt til að skera úr, hvort breytíngin, sem verið er að biðja um, verður eins affaragóð, og menn ímynda sèr; að minnsta kosti gæti eg trúað, að önnur grein í helgidagatilskipuninni yrði má ske skilin nokkuð rýmra eptir en áður, og nauðsynjastörfin, sem álitin hafa verið, heldur fjölguðu en fækkuðu, og yrði þá má ske byrjað á sumum þeirra fyrir miðaptan. Eg veit eitt dæmi upp á það, hvernig helgidagatilskipuninni var beitt fyrst eptir að hún kom út: Kaupmaður var sektaður fyrir það hèr á Suðurlandi, að hann hafði látið ferma skip sitt á helgidegi, eptir að óþerrir hafði geingið alla vikuna, en síðan veit eg ekki til, að neinn hafi verið sektaður fyrir slíkt eða þvílíkt, þó aðhafzt hafi, og sýnir þetta, hversu rúman skilníng að menn geta lagt í aðra grein tilskipunarinnar; enda finnst mèr það eginn skaði fyrir borgaralegt fèlag, þó hún verði nokkuð rúmt skilin. En menn fara í kríngum lögin, þegar þau eru straung, og

leita því meir á þau, sem þau eru stráng̃ari, og sú breytíng, sem nú er verið að biðja um, ef henni væri stránglega fylgt, getur leitt til vandræða fyrir ferðamenn bæði á sjó og landi, og vil eg leyfa mèr að gjöra breytíngaratkvæði í þá átt, að verzlun sè leyfð í öllum kaupstöðum eptir miðaptan á helgidögum.

Þórður Jónassen: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *framsögumann,* hvort þær athafnir og þau störf, sem tilskipunin um helgihald sunnudagsins leyfir, verði nú ekki aptur óleyfileg, ef sunnudagshelgin á að vara frá morgni til kvelds?

Framsögumaður: Eg vil svara hinum 1. konúngkjörna þíngmanni því, að mèr þykir það nokkuð undarlegt, að hann skuli leita hjá mèr upplýsíngar um rèttan skilníng á lögunum, þar sem það er hans að þýða lögin; en þessi fyrirspurn hans er ekki heldur gjörð fyrir alvöru. Þíngmaður Ráng̃vellínga talaði svo vel um mál þetta, að eg gæti skrifað undir hvert orð, sem hann sagði. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu má eiga hrós skilið fyrir það, að hann hefir allt af verið sjálfum sèr samkvæmur í þessu máli, þar sem hann allt af hefir heldur viljað stytta helgina, en leingja hana, og er það undarlegt, þar sem hann kvað sjálfur vera guðhræddur og kirkjurækinn. Viðvíkjandi því, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* áleit breytíngaratkvæði hins 3. meðnefndarmanns óformlegt, þá vil eg geta þess, að það ekki er að skoða svo sem viðaukaatkvæði eða ágreiníngsatkvæði við nefndarálitið, heldur sem breytíngaratkvæði, er hann kemur fram með sem þíngmaður, og getur þá verið með það farið eins og önnur breytíngaratkvæði. Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að hann aldrei hefði lagt trúnað á þær mörgu umkvartanir, sem komið hefði yfir því, að helgin væri of stutt, og að reynslutíma tilskipunarinnar væri enn þá of stuttur; það er nú að sönnu satt, að hin útvortis reynsla í þessu efni er stutt, en það er líka til önnur innvortis reynsla sem heitir guðrækileg tilfinníng, og þarf ekki lángan tíma til að særa hana, það getur skeð á einu augnabragði. Óánægja þjóðarinnar er risin af þeirri meðvitund hjá Íslendíngum, að allur sunnudagurinn eigi að haldast heilagur. Hin gamla helgidagatilsk. var of hörð, þar sem hún jafnvel bannaði nauðsynlega vinnu og ferðalög jafnvel upp á fjöllum, en 1853 var lagt fyrir þíngið frumvarp um takmörkun á helgidagahaldinu, sem var byggt á dönsku lagaboði, þannig að helgin átti að vera úti kl. 3, og þótti þínginu ísjárvert að leingja hana til alls dagsins, með því menn voru þá ekki búnir að koma sèr fullkomlega niður á því, hver vinna skyldi álít-

ast nauðsynleg og hver ekki, og ákvað því þingið, að helgin skyldi vara þángað til kl. 6; en undir eins komu ofan úr sveitum umkvartanir yfir því, að helgin að eins væri látin ná til miðaptans. Reynslan sýnir, að aldrei verður lifað fullkomlega eptir lögunum. Eins og lögin ekki mega vera svo hörð, að það sè ómögulegt að lifa eptir þeim, þannig mega þau að hinu leytinu ekki heldur vera of lin, sízt þegar talað er um þau lög, sem hafa áhrif á siðferðislega tilfinníng manna, því sè þau of lin, þá sljóvga þau hina siðferðislegu tilfinníngu, í stað þess að gjöra hana næmari og viðkvæmari. Eg get ekki annað en metið það sèrlega mikils, að stjórnin skuli bera þá virðíngu fyrir guðrækilegum tilfinníngum Íslendínga, að hún vill veita þeim þessa bæn þeirra, og þætti mèr það sæta furðu, ef þíngið skyldi nú aptur fara að gjöra nýjan graut í þessu.

H. Kr. Friðriksson: Eg hefi eigi feingizt við þetta mál nema tvisvar, en eg hefi eigi breytt skoðan minni á því frá því 1857. Eg var þá á móti breytíngunni, og það er eg enn; eg sè ekkert gott geta leitt af því, þó þetta frumvarp verði að lögum gjört, því að ef þessi guðræknistilfinníng er hjá landsbúum, að þeir vilja nota allan helgidaginn til guðrækni sinnar, þá munu þeir eins gjöra það, þótt það sè ekki boðið, en sè þessi guðræknistilfinníng eigi fyrir hjá þeim, hafa þeir þessa leingíngu að vettugi; enda held eg, að guðræknin eigi verði neydd fram með lögum. Mèr hefir ávallt skilizt svo, þegar um slík mál er að ræða, að andinn verði að gánga á undan stafnum, en stafurinn ei á undan andanum, því að lagastafurinn knýr aldrei fram andann, sem lagastafurinn á að styðjast við, og sè guðræknisandinn eigi hjá landsbúum, hvað leiðir þá af breytíngunni annað en það, að því fleiri verða lagabrotin, sem einginn getur hindrað eða hegnt, eins og hèr er hagað, og einmitt við það veikist tilfinníngin fyrir helgi sunnudagsins, í stað þess að efla hana. Auk þess er þessi breytíng óhafandi, eigi að eins fyrir Reykjavík, heldur og einnig fyrir alla kaupstaði landsins. Eg verð því að leyfa mèr að áskilja mèr rètt til þess breytíngaratkvæðis: að þetta frumvarp ei fái lagagildi fyrst um sinn; og til vara: að reglugjörð 28. marz 1855 standi óbreytt fyrir Reykiavík.

Konúngsfulltrúi: Þetta breytíngaratkvæði er öldúngis óþarft, því þeir þíngmenn, sem ekki óska þess, að frumvarpið verði að lögum, þurfa eigi annað en segja nei, þegar geingið er til atkvæða.

Stefán Jónsson: Það hefir verið stúngið upp á, að hrinda

þessu frumvarpi; en stundum segja menn þó, að þingið eigi að vera sjálfu sèr samkvæmt, og eg er líka á því.

Nú var 1857 beðið um, ef mig minnir rètt, að sett yrði nefnd hèr í landi til að yfirvega helgidagalöggjöfina og breyta henni, eptir því sem hèr þætti við eiga, leggja svo frumvarp fyrir þingið, en af þeirri bæn er sprottið þetta frumvarp, sem hèr ræðir um, því stjórnin hefir álitið, að með því yrði bætt úr hinum mestu vansmíðum, sem þóttu vera á löggjöfinni. Nú skyldu menn aptur segja: „vèr viljum hvorki þetta frumvarp nè það, sem vèr báðum um á þingi 1857, heldur að löggjöfin standi óbreytt“. Ef nú svona fer, þá held eg, að stjórnin hafi fulla orsök að halda, að það sè kominn heldur mikill glundroði á þingið.

Það hefir verið sagt, að löggjöfin hafi ekki haft neinar vondar afleiðingar enn sem komið er, og það mun að miklu leyti satt vera, en hvað sannar það? það sannar einmitt, að enginn, eða víst mjög fáir hafa viljað nota hana eða þann rètt, sem hún veitir til helgidagavinnunnar. Þetta er nú svo, enn sem komið er, en hvort svo verður, þegar tímar líða, getur enginn sagt neitt um.

Það var áðan sagt, að hefði bænarskráin komið frá vinnufólki, þá hefði verið ástæða til að gegna henni, en eg held það kunni að dragast, að vinnufólk fari að senda bænarskrár inn á alþingi um breytingu á lagaboðum, þó þeim væri ábótavant, svo mèr þykir þetta eingin ástæða móti breytingunni.

Það var sagt meðal annars, að bænarskrár mundu koma til næsta þings, að fá því breytt, sem frumvarpið fer fram á. Þetta held eg nú ekki verði, nema ef það skyldi vera frá þingmanninum fyrir Reykjavík og Gullbringusýslu.

Stefán Eiríksson: Stjórnin getur ei annað en álitið þing þetta nokkuð ómerkilegt og sundurleitt í skoðunum sínum, ef það nú skyldi biðja konúng vorn að heyra ekki bæn sína, sem það með atkvæðafjölda bað um 1857, og þegar nú stjórnin sèr þetta staðfestuleysi þingsins, er eg mikið hræddur um hún álykti sem svo: „vèr vitum ei hvers biðja ber“, og því sè eingin ástæða til að heyra bænir vorar; að öðru leyti hefir hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga tekið það flest fram, er eg skyldi hafa sagt.

Benedikt Þórðarson: Eptir umræðum sumra þingmanna virðist mèr það mundi óskaráð fyrir þá, að koma nú fram með viðaukaatkvæði við 3. boðorðið, og ef þeim sýndist að orða það á þessa leið: „ekki leingur en til miðaptans“.

Guðmundur Brandsson: Það er ekki dæmalaust, að menn biðja um breytíngar á nýjum lögum; selaskot hafa nýlega verið bönnuð, þar sem nú er aptur beðið um, að þau megi leyfast, og því voru það eingin fjarmæli, þó eg hèldi áðan, að einhverjir kynni á næsta þíngi að biðja um nýjar breytíngar á helgidagatilskipuninni, og má ske þær, að helgin yrði aptur stytt um það, sem hún væri núna leingd. En viðvíkjandi því, sem þíngmaður Barðstrendínga nýlega sagði, þá verð eg að segja honum, að eg hefi ætíð kunnað 3. boðorðið þannig: „Minnstu að helga hvíldardaginn drottins guðs þíns", og hefi eg ætíð skilið það svo, að mönnum með því væri fremur skipað að halda hvíldardaginn vel en leingi.

Indriði Gíslason: Hversu lítill trúmaður sem eg annars væri (hvað drottins er eins að dæma um), þá finn eg mig knúðan til að styðja að því, að frumvarpið sè óbreytt í lög leitt, því andi þess er mjög svo samboðinn kristilegum tilfinníngum almenníngs í sveitunum, eptir því sem eg frekast til þekki.

Halldór Jónsson: Eg þarf ekki að styðja álit nefndarinnar, þar sem svo margir þíngmenn, og einkum hinn háttvirti *framsögumaður* hefir mælt svo vel með því. Það er opt talað svo mikið um, hvað þjóðlegt sè, og að menn eigi að meta mikils þá meðvitund, sem lifi í þjóðinni; nú veit eg ekki, af hverju þekkja má þessa meðvitund, ef ekki af almennum bænarskrám til þíngsins. Það er þó eðlilegt, að áður en menn koma sèr saman um að senda þíngi bænarskrár, hafa menn talað sig sundur og saman um málefnið. Eitt er rètt í hverju sem er, og þó tvennt sýnist geta verið eins gott og affarasælt — svo sem miðaptanshelgin og löghelgi alls dagsins — þá verður altènd eitthvað, sem gefur öðru yfirburðina, og það er í þessu máli sú nefnda meðvitund eða tilfinníng þjóðarinnar; — svo þó eg viti, að hið guðrækilega hugarfarið sè ekki einskorðað við tíma, og að aðalatriðið sè að efla það, en ekki að hindra ónauðsynlega vinnu, verð eg að vera fastur á því, að þíngið gjöri rèttast í að samþykkja frumvarpið.

Páll Sigurðsson: Þegar eg lít yfir málefni þetta, og þær ræður sem nú eru komnar fram í því, þá gefst mèr orsök til að skoða það frá 2 sjónarmiðum: fyrst frá sjónarmiði Reykjavíkur, og svo frá hlið sveitalífsins. Eg held, að hèr ætli að sannast, það sem sagt var forðum: „fjandmaðurinn fór til og sáði illgresi í meðal hveitisins", og er sorglegt til þess að hugsa, að þetta banvæna sæði skuli hafa fyrst fallið niður í Reykjavík, og jafnvel að fjandmaður

þessi hafi enn verið svo nettur, að sá því inn í menntunarskóla vorn, því nú hafa menn heyrt rödd eins kennara skólans, og finnst mèr, að þetta banvæna óþrifasæði sè farið að smitta hann. Þetta er sorglegur vottur, að þetta skuli hafa náð að falla hèr og finna vökva, einmitt í þeim stað, sem álítur sig að vera sæti allra mennta og veraldlegra vísinda, sem hèðan eigi að veita út um allt land vort bæði til andlegra og líkamlegra framfara, og kemur hèr fram, það sem sagt var forðum: „af þelrra ávöxtum skuluð þèr þekkja þá; en af gnægð hjartans mælir munnurinn“. Eg þekki ekki betur, en það standi enn óhaggað í lögum vorum, að messu skuli sýngja hvern miðvikudag í lángaföstu; en þessa gnðræknisiðkun er nú samt búið að leggja niður svo víða sem mèr er kunnugt, nema einasta í þeim aumu Vestmannaeyjum. En þegar venjan var búin að ríða ofan þá lögboðnu guðsþjónustugjörð miðvikudaganna, þá fara menn að ráðast á helgi sunnudagsins, og reyna fyrst til með hægð að mylja utan úr henni, svo þess hægra veiti síðar að gefa henni banasár, ef mönnum þá sýnist að reyna það; enn það er sorglegast, að nokkrir þeirra skuli nú verða til að bregða vopni móti helgi hvíldardagsins, er helzt hlífa skyldu, og á þar vel við, það sem Kjartan sagði síðast: „víst ætlar þú nú níðingsverk að gjöra“. Eg heyri hèr þær raddir, að guðræknin sè ekkert bundin við neitt útvortis form, en þessari kenníng verð eg að mótmæla, að hún geti verið rètt, á meðan manneskjan er samansett af andlegri sál, og dýrslegum líkama, því væri þessi kenníng rètt, þá þyrfti manneskjan eingan helgidag, einga kirkju og eingan prest, og það væri þó hagkvæmt, eins og nú stendur á, að við bændur gætum feingið til landsins þarfa í hendur vorar allar kirkjueignir til umráða; þá gætum við verið ósoltnir eitt ár, ef við kynnum vel með að fara; en meðan nokkur ángi af kristilegri trú og kristilegum þeinkíngarhætti viðhelzt á landi hèr, þá væri það sorglegt, ef að á þessum tíma heyrðist fyrst í höfuðstað þessa lands af nokkrum þeim menntuðu mönnum, er hèr væri saman safnaðir innbúar hans, þær raddir, sem að sönnu bæri skyn guðhræðslunnar, en sýndist þó afneita hennar krapti.

Jón Hjaltalín: Þó eg sè sannfærður um, að straung lög eru ekki nema til ills eins, þá vil eg samt stemma með frumvarpinu, vegna þíngsins og þjóðarinnar, svo að stjórnin sè ekki höfð fyrir narra.

Brynjólfur Jónsson: Hvort sem nú þíngið vill vera sjálfu sèr samkvæmt eða ekki, í því að afneita því, sem það hefir áður farið fram á, þá finn eg mèr skylt ei að síður að láta í ljósi þá sannfær-

íngu mína, að sunnudagurinn og hver annar helgidagur eigi allur helgur að haldast samkvæmt hinu gamla boðorði.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, álít eg undirbúningsumræðu þessa máls lokið, og vil eg biðja þingmenn að koma með breytingaratkvæði þau, er þeir hafa ráðgjört, til mín fyrir kl. 12 á morgun; og þar tíminn er mjög áliðinn, geta bænarskrár þær á dagskránni, sem eptir eru óræddar, eigi komið til umræðu í dag, en munu verða settar á dagskrá næsta fundar, ásamt fleiri öðrum bænarskrám, og þá verður einnig tekið til ályktarumræðu helgidagamálið, sem nú var rætt hér til undirbúnings í dag; næsta dagskrá mun skýra nákvæmar frá þessu. En sökum þess að synodus verður haldinn á mánudaginn hinn 11., og hinn háttvirti 2. konúngkjörni þingmaður auk annara fleiri andlegrar stéttar manna, sem eru hér á þingi, eigi geta komið hér á fund þann dag, þá verð eg að fresta fundi þángað til á þriðjudaginn hinn 12. þ. m. kl. 11. f. m.

Fundi slitið.

---

12. júlí — sjöundi fundur.

Allir á fundi nema þingmaður Ísfirðinga og þingmaður Reykjavíkurbæjar, sem hafði tjáð *forseta* forföll sín frá að vera á fundi í dag.

Þingbók frá fyrra fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti gat þess, að sér hefði verið tilkynnt, að í nefndinni um reka á Vestmannaeyjum væri kosinn formaður: þingmaður Vestmanneyínga, og skrifari hennar hinn 5. konúngkjörni þingmaður; í nefndinni um búnaðarskóla, formaður: þingmaður Suðurþingeyínga, og skrifari: þingmaðurinn úr Norður-Múlasýslu; í nefndinni til að íhuga þau fyrir Danmörku útgeingnu lagaboð á árunum 1857—1859, formaður: hinn 1. konúngkjörni þingmaður; skrifara eigi getið.

Enn fremur gat *forseti* þess, að hann, síðan seinasti fundur var haldinn, hefði veitt móttöku umkvörtun úr Húnavatnssýslu yfir kosníngunum þar, sem virtist lúta að því, að biðja um, að betur yrði gætt kosníngarlaganna eptirleiðis, og mundi hún seinna verða sett á dagskrána.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til umræðu bænarskrá úr Snæfellsnessýslu *um breytíngu á veiðilögunum.*

Bænarskráin var afhent flutníngsmanni.

Páll Melsteð: Bænarskrá þessi er stutt og greinilega orðuð, og vil eg beiðast leyfis að mega lesa bænarskrána.

Bænarskráin var lesin, svo látandi:

„Það hefir ætíð verið talið meðal hinna helztu kosta Íslendínga að hlýða lögum þeim, sem yfir þá hafa verið sett, og þá er það hefir átt sèr stað, að sum lagaboð, er gildi hafa haft, hafa mátt virðast að vera á ónógum ástæðum byggð, svo hefir hlýðni við þau sýnt, hversu mikinn siðferðislegan krapt að meðvitund skyldunnar að hlýða lögunum hefir fólgið í huga þeirra.

Þessi meðvitund um skyldu vora að hlýða lögunum býður oss fyrir hönd fundar þess, er haldinn er hèr á Stykkishólmi í dag, og sem hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, að bera upp fyrir alþíngi því, er haldið verður í sumar, þá staðföstu, og, að vèr teljum, á ó-bifanlegum sönnum rökum byggða skoðun vora, að greinir í veiði-lögum þeim, sem út hafa komið 20. júní 1849 og 22. marz 1855, ekki sè svo grundvallaðar í hinum sanna rètti mannlegs fèlags, sem vera skyldi; og um leið og vèr framberum fyrir yður skoðan vora og vandkvæði, munum vèr beiðast þess, að á þessu mætti tilhlýðileg bót verða ráðin.

Einginn ber á móti því, að sèrhver, sem eignarráð á yfir nokkru, á að vera aðnjótandi laganna verndar, en á hinn bóginn ber þess að gæta, að sú vernd verður bæði að vera jafnt fyrir alla og að hún ei má ná yfir aðra hluti en þá, sem helgast af eignar-umráðum, auðkennilegum að meira eða jafnvel minna. Oss virðist, að þessa hafi verið að litlu gætt, þar sem að opið brèf af 22. marz 1855 hefir gert að lögum, að öll skot á seli fyrir innan línu, miðaða frá Bjargtaungum að Öndverðarnesi, skyldi verða bönnuð; þetta mun vera til hagsmuna fyrir þá einstöku menn, sem látur eða lagnir eiga fyrir innan Búlandshöfða, því fyrir utan hann eru hèr eingin látur eða lagnir; vèr mundum að vísu kannast við, að þetta væri á góðum rökum byggt, ef að með því væri friðaður atvinnuvegur, sem gæti haft áhrif á hina almennu velmegun landsins eða hèraðanna, en þetta er ei svo, því það er svo lángt frá því, að arður þeirra af látrum eða lögnum, síðan selaskotabannið á Breiðafirði komst á, hafi aukizt að tiltölu við veiði þá, sem stunduð var með byssu, að vèr megum fullyrða, að selaveiðar þeirra einstöku, sem feingu lagða ein-okun á veiði þessa, einúngis hefir staðið í stað. Áður en algjört bann gegn selaskotum á Breiðafirði var leitt í lög, voru hèr margir

menn, sem á vetrum höfðu atvinnu sína af selaveiðum með byssu, og var þetta fyrir þá arðsamt, einkum þar með því var samfara lítil verkatöf; fátækir menn, er ei gátu róið til vertíðar, eða ei máttu leingi vera að heiman frá fjölskyldu sinni, höfðu af því talsverðan hagnað. Nú er lokn fyrir þetta skotið, eptir að einokun með selaveiðar er leidd í lög, og mundu menn henni vel una, ef sèzt gæti skynsamlegar ástæður fyrir henni, en vèr hljótum að benda til þess, að oss virðist ei, að nokkur maður, sem á lagnir eða látur, hafi meiri heimtu á, að eignarrèttur og eignarnot hans sè helguð af lögunum á stærra sviði, en eignarland helgar og í nágrenni þess, svo að bersýnileg veiðispjöll annars kynni af leiðast. Virðist oss því, að sú helgi, sem gefin var nágrenni látra og lagna með tilsk. af 20. júní 1849, á góðum rökum byggð, en að þau hin fjarlægari takmörk, sem sett voru með opnu brèfi af 22. marz 1855, alls ekki sè byggð á þeim ástæðum, sem til greina verða teknar, þá um friðan eignar og bjargræðisvegs er að gera, heldur þvert á móti beinlínis gagnstæðar þeirri á öllum rètti og sannsýni grundvölluðu kröfu, er sèrhver má álítast að hljóta að hafa, nefnilega að veiða á löglegan hátt þá guðsgjöf, sem að landi geingur og ekki er komin í helgi veiðiskaps annara, svo sem látur eða lagnir. Hversu lángt hafi verið stigið út fyrir þessi takmörk, má af því sjá, er vèr skulum nú til greina, og það er, að með því öllum í Snæfellsnessýslu norðanvert eru bönnuð selaskot, er því varnað, að nokkur vöðuselur sè veiddur með byssu, og væri þó með því einginn skaði gjör, því hèr í sýslu eru eingar vöðuselalagnir, og þó væri ei sagt, að af því þyrfti að leiða veiðispjöll, nema skotið væri við sjálfar vöðuselsnæturnar.

Þeir tímar eru nú komnir, að þörf er á, að sèrhver atvinna, sem að arði getur orðið, ekki sè einokuð til ímyndaðra, en alls ekki sannra, hagsmuna fyrir einstaka menn, sem búa á hlunnindajörðum; en þeirri fyrirstöðu, sem á er komin, verður burt að ryðja, til þess að einnig þeir, sem lifa að mestu leyti af sjávarafla, geti orðið aðnjótandi þess, sem þeim með öllum rètti ber, en sem þeir nú ei, þá hallæri og húngursneyð að líkindum stendur fyrir dyrum, að lögum ei mega verða aðnjótandi. Þess ber og einnig að gæta, að selur sá, sem veiddur er hjá oss, ei einúngis er hafður til manneldis, heldur er veiði sú til undirstöðu öðrum mjög áríðanda atvinnuveg, og sem fyrir opið brèf af 22. marz 1855 hefir orðið fyrir hnekki. Þetta eru hákallaveiðarnar, við hverjar fremur öðru verður að hafa sel til beitu. Í nætur í lögnum veiðist nú svo lítið af sel, að hann til

hákallaveiða á mörg þiljuskip og íslenzka báta, er stunda þessar veiðar, er ónógur, opt og tíðum ófáanlegur, torsóttur, og alla jafna of dýr til þeirra nota; þessar skaðlegu afleiðíngar af einokun selaveiðanna era ómetanlegar.

Vèr getum því ei betur sèð, en að vèr höfum fyrir hönd fundarins fullkomna ástæðu til þess að bera vandkvæði vor upp fyrir hinu heiðraða alþíngi í þessu, og æskja þess, að því mætti þóknast eptir íhugun málefnis þessa,

> *að frambera fyrir hans hátign konúnginn þá allrapegnsamlegustu ósk, að opið brèf af 22. marz 1855 mætti sem fyrst verða úr lögum numið.*

Enn fremur höfum vèr áður á vikið, að oss virðist sem að sú helgi, sem veitt er selaveiðum í látrum og lögnum, og í nágrenni þeirra, eptir tilsk. af 20. júní 1849, sè á góðum rökum byggð, en vèr verðum að hreifa því, að oss virðist, að aðnjótendum þessara hlunninda sè heldur mikil rèttindi veitt, þar sem afbrotum gegn selaveiðum skal fram fylgja sem opinberum lögreglumálum; vèr getum ei kannast við, að hið opinbera hafi nokkra sèrlega skuldbindíng á hendi til þess þannig að takast þessa byrði á hendur til að friða veiðirètt manna, fyrir einstaka menn. Vèr getum ei þegjandi geingið fram hjá því, að oss virðist ósanngjarnt að meðhöndla afbrot gegn slíkum veiðirèttí sem opinber lögreglumál, þar sem af því leiðir, að þann kostnað, sem ei verður endurgoldinn af þeim ákærða, skal endurgjalda af jafnaðarsjóðnum, sem hefir of þúng gjöld að bera, og oss getur ei skilizt, að með þeirri sèrlegu einokun á selaveiðum, sem á er komin, skuli einnig hafa átt að fylgja einkaleyfi fyrir aðnjótendur einokunarinnar að fá vakað yfir einokunarrèttindum þeirra á kostnað jafnaðarsjóðsins, í stuttu máli, á kostnað allra Vesturamtsbúa. Vèr verðum því að frambera þá áskoran fyrir alþíngi: að því mætti þóknast af ítrasta megni að koma því til leiðar,

> *að með öll afbrot gegn ákvörðunum þeim, sem gefnar eru í tilsk. 20. júní 1849 um selaveiðar, verði ei leingur farið sem opinber lögreglumál.*

Á fundi að Stykkishólmi í Þórsnesi, 15. júní 1859".

(4 nöfn).

Páll Melsteð: Það er að eins 2 atriði, sem hèr er um beðið, fyrst það, að opið brèf frá 18. júlí 1855 verði numið úr lögum, og það annað, að yfirtroðslur gegn veiðilögunum 1849 eigi verði skoðaðar sem opinber lögreglumál. Eg fyrir mitt leyti álít lögin frá

1849 góð og nytsöm, og get eiginlega ekki mælt fram með því, að þeim skuli raska í nokkru. En opið bèf frá 18. júlí 1855 er eptir mínu áliti of yfirgripsmikið, þar sem það bannar öll selaskot innan þeirrar línu, sem dregin er frá Öndverðarnesi að Bjargtaungum, og hefði mèr sýnzt nægilegt, að mörkin hefði verið sett frá Búlandshöfða og beint norður yfir fjörðinn til Barðastrandar. Þó mörkin hefði þannig verið sett, þá hefði það eptir mínum skilníngi ekki getað skemmt fyrir eyjabúum inni á Breiðafirði, eða þeim, sem selalagnir hafa þar, en eingin varplönd, og trautt nokkrar lagnir eða látur fyrir utan þau mörk, sem eg nú nefndi; en þetta bann, eins og það nú er, getur þar á móti hnekkt hákallaveiðum undir Jökli, og vil eg því mæla með nefnd í málinu. Eg skal leyfa mèr að stínga upp á 3 manna nefnd; það er beiðenðum hughægra, að nefnd yrði kosin í málinu, hver sem svo afdrif þess verða, og að það falli, ef það þá fellur, eptir íhugun nefndar, en svona eptir stuttar umræður og óvissa atkvæðagreiðslu manna í þann svipinn.

Þórður Jónassen: Þegar það var borið upp hèr á þínginu, að friða selina á Breiðafirði algjörlega fyrir skotum, var eg meðal þeirra, sem upphaflega mæltu á móti því, því mèr virtist uppástúngan mjög ísjárverð, en af viðtali við kunnuga menn, og af þeim upplýsíngum, sem komu fram á þínginu, sannfærðist eg um, að friðun selsins fyrir skotum var byggð á góðum og gildum ástæðum, og að arður sá, er Breiðfirðíngar hefði af selveiði í nótum og með uppidrápi, væri svo mikill og almennur, að það væri gild ástæða til að vernda hann gegn skotmönnunum, þar sem arðurinn af byssunni ekki kæmist í neinn samjöfnuð við arðinn af hinni veiðinni, og gæti heldur ekki orðið henni samfara. Þessa skoðun aðhylltist líka þíngið, og stjórnin lagði á hana sitt samþykki. Það var nú við því að búast, að skotmennirnir mundu una illa við þessar málalyktir, og þykja rètti sínum vera geingið of nærri, og það getur líka vel verið, eins og líka var tekið fram af flutníngsmanni, að það sè einstök pláss eða byggðarlög kríngum Breiðafjörð, hvar svo er ástatt, að skot geti átt sèr stað, án þess að það geti orðið að meini fyrir selalagnir og uppidráp, og sem því hefði verið ástæða til að undanskilja skotbanninu, en eg þori þó ekki að ráða til þess, að þessi takmörkun sè gjörð, þar sem það yrði ógjörníngur að halda vörð á því, að þetta ekki leiddi til vanbrúkunar, og því síður held eg nokkrum geti dottið í hug að biðja um að taka lagaboðið gegn skotunum algjörlega aptur. Það er sjálfsagt, að það er ekki sèlveiði á hverjum bæ kríngum

Breiðafjörð, en það er heldur ekki æðarvarp á hverjum bæ hèr við sjávarsíðuna, og þó er bannað að drepa æðarfugl með skotum og á annan hátt yfir allt land, og eins á Færeyjum, og þó höfðu margir, sèr í lagi fyrir norðan, allmikinn arð af æðarfuglaveiðinni. Það stendur líkt á með friðun selsins á Breiðafirði. Hvorttveggja bannið er á góðum rökum byggt. Eg mæli því á móti því, að þessi bænarskrá komi til nokkurra greina hèr á þinginu.

Jón Hjaltalín: Eg skal eigi neita því, að mèr þykir undarlegt, að kreppa svo að frelsi manna, að friðhelga fyrir veiðum almennings ekki einúngis firði, heldur heila flóa, og þykir mèr það gífurlegt, þegar veiði sú, er skotmenn tíðka, eigi spillir fyrir öðrum; því mèr er það fullkunnugt, að mikið kemur af selum inn á Breiðafjörð, sem einginn hefir gagn af; hann kemur þangað í stórflokkum frá Grænlandi, sem lagnamenn eingin not hafa af, þó þeir sjái hann, og er því ísjárvert að banna þeim að nota, sem geta, þegar eingum er skaði gjörður með því. Eg mæli því með nefnd, sem þá getur gjört við málið hvað hún vill; en eg álít það ekki neinn baga eða óráð, þó menn friðhelgi eigi tíunda part af öllu hafinu kríngum Ísland fyrir landsbúum sjálfum, og það er einmitt alþíngi, sem á að sjá við slíkri skaðlegri og dæmalausri einokun, og kvarta yfir, ef þörf þykir. Ef helga skal allan Breiðafjörð fyrir skotum, vegna einstakra manna, því þá eigi og svo Faxafjörð, Ísafjörð, Húnaflóa og jafnvel sjálft Grænlandshaf?

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg held, að þetta mál hafi áður hèr á þíngi, og það ekki fyrir alls laungu, verið svo vel yfirvegað, að það gjöri ekkert gagn að fara að tefja þíngið á að tala um það aptur nú. Eg held sú sama hugmynd muni vaka fyrir mönnum enn, sem þá, að sú selaveiðin, sem yfirgnæfir, nefnilega látra- og lagnaveiðin eigi að sitja í fyrirrúmi, og hin minni, nefnilega skotmannaveiðin, megi ekki vera til að eyðileggja hina. Líka hefir það verið og er hugmynd manna, að byssuskotaveiðin sè til að fæla selinn frá, og spilla þannig veiðinni fyrir framtíðina og eptirkomendurna, þó stöku maður geti rètt í bráð haft ábata eður hramsað sèr sjálfum happ í þann svipinn. En hvað því viðvíkur, sem flutningsmaðurinn fór fram á að færa friðhelgina inn að Búlandshöfða, þá held eg það taki varla, að breyta nýútgefnu lagaboði til þess, því það mun sjaldan vera mikil selveiði með skotum fyrir utan Búlandshöfða. Mestur arðurinn af henni mun vera fyrir innan Höfða og í kríng um Stykkishólm, þar sem er þó ógjöranda að leyfa skot á sel.

En sel til beitu fyrir hákall held eg Jöklamenn fái nógan frá þeim, sem veiða í lögnum, og þá með uppidrápi. Eg mæli því ekki með nefnd í þessu máli.

Ásgeir Einarsson: Eg hèlt bænarskrá þessi mundi fella sig sjálf, og ætlaði því ekki að eyða orðum að henni, því eg vil ekki hoppa á dauðu ljóni; en nú sè eg, að hún hefir feingið talsmann, og þess vegna vil eg tala um málið hlutdrægnislaust. Viðvíkjandi opnu brèfi 18. júlí 1855, þá sýnir það bezt, að órètturinn hefnir sín sjálfur; því eptir að veiðilögin 1849 komu út, munu skotmenn hafa verið næsta óbilgjarnir og nærgaungulir lagaboði þessu, svo ómögulegt var að friða látursel, og það einmitt hefir gefið tilefni til, að með opnu brèfi 18. júlí 1855 var tekið út fyrir allar æsar. En þar sem flutníngsmaður gat um svæðið fyrir utan Búlandshöfða, þá finnst mèr það ekki nægileg ástæða til að kjósa nefnd í málið, því það er eigi sannað, að þar verði skotveiði á sel til nokkurra muna, og allrasízt svo að þess vegna sè vert að breyta nýjum lögum. Það er nú sagt, að hèr sè nú eingin vöðuselsveiði, en hver getur sagt, hvað orðið getur? Hvað Jöklamenn áhrærir, þá er hægt fyrir þá að fá beitu annarstaðar, til að mynda frá Hvammsfirði og Skarðströnd og enda frá Barðastrandarsýslu. Mèr virðist því þarfleysa, að taka mál þetta til nefndar, enda held eg þíngið hafi nógu mikið annað að gjöra. En þar sem sagt er, að mál gegn veiðilögunum skuli eigi sækja sem opinber lögreglumál, þá rekur mig minni til, að góður lögfræðíngur hafi sagt í veiðilagamálinu, að það opinbera, en ekki einstakir menn, ætti að vaka yfir gæzlu laganna, og eg tel víst, að fè jafnaðarsjóðanna sè varið til margs verra, en að hjálpa fátæklíngum til að ná rètti sínum, og einkum þegar það er aðgætt, að spilla má veiði algjörlega á einum vetri, ef illa er að farið. Veiðin, eins og hún er, verður heldur ekki kölluð einokunarveiði. 6. konúngkjörna þíngmanni þarf eigi að svara, því ræða hans er ekki á nægum rökum byggð, hluturinn sýnir sig sjálfur; eg álít því með öllu óþarft að kjósa nefnd í málið.

Benedikt Þórðarson: Bænarskrá þessi, sem hèr ræðir um, er að mínu áliti mikill viðsjárgripur; hún biður um, að nýtt konúnglegt lagaboð sè úr lögum numið; sèr er hver bænin! Þessa biður hún sömu mennina, sem áður eptir bæn hlutaðeiganda, og, ef til vill, sjálfra þeirra, er nú biðja, en sjálfsagt með örruggu fylgi þáveranda fulltrúa þeirra á þínginu, lètu leiða sig með sönnum skynsemdum til þess að fá lagaboðið, eða vissu beiðendurnir nú ekki, að *kon-*

úngsfulltrúinn og helztu og beztu menn þíngsins, sem þá voru, eru hèr enn á þíngi hinir sömu? Hvernig gátu þeir ætlað slíkum mönnum varmennsku þá, að brjóta það í dag, sem þeir byggðu í gær? eða halda þeir, að hèr sannist máltækið, að nýir vendir sópi bezt? Þetta mun vera, þeir munu ætla að hleypa fíflunum á foræðið, þar sem nýju þíngmennirnir eru, en eg efa þeim takist það, því eg veit, að eingin vor vill leggja hèr niður virðíngu sína undir fætur þeim; einginn vor, nema eg einn, og ef til vill, þíngmaðurinn úr Dalasýslu þekkir til þess, hvernig til hagar á Breiðafirði; já eg þekki til á Breiðafirði, og lýsi því hèr yfir, að löggjöfin um algjörða friðun selsins er þar einkar þörf, hún er þar öldúngis ómissandi; þær sömu yfirgnæfandi ástæður, almenníngsgagnið, sem fyrir fáum árum mæltu fram með því, að löggjöfin feingist, mæla enn í dag fram með því, að hún fái að haldast; það sem bænarskráin ber fram til meðmælis sèr, takmörkun eða bann bjargræðisvegs manna með selaskotum á Breiðafirði, er, eins og þar hagar til, hègómamál; eða á þá áþreifanlegt gagn almenníngs að falla fyrir ímynduðum hag einstakra manna? eg held ekki; væri það, þá mundi óhætt að nema úr lögum bann það, sem lagt er við rán og stuld. Eg veit svo mikið, að eg veit, að allur almenníngur um og kríng um Breiðafjörð ann löggjöfinni hugástum, og vill fyrir eingan mun missa hana. Beiðendurnir segja í bænarskránni, að ekki hafi nótselaveiðin aukizt, síðan skotbannið kom; þetta segja þeir, en sanna ekki; en eg get bæði sagt og sannað, að hún hefir aukizt í heimalöndum í Hergilsey og á Reykhólum; að eg ekki nefni fleira til dæmis, hefir síðan árlega meiri selur veiðst, en venja var að veiddist, og svo mætti geta hinnar miklu vöðuselsnótaveiðinnar á fjörðunum í Barðastrandarsýslu, sem þar hefir verið stunduð með ærnum arði, síðan löggjöfin kom og skothríðinni linnti, því síðan hefir selur getað haft þar næði og haldizt þar við að kalla á sömu stöðvunum. Að nokkru leyti er það kátlegt, að beiðendurnir bera þetta fyrir, að veiðin síðan ekki hafi vaxið, því líklega hafa þeir þó vitað, að selurinn er að því leyti samrar veru með sjálfum þeim, að hann verður að fæðast, vaxa upp, og verða fullorðinn, til þess hann geti aukið kyn sitt, og að hann þarf til þessa meiri tíma en eitt eða 2 ár. Það er enn ekki kominn tími til þess, að þær heillaríku verkanir, sem löggjöfinni eru áskapaðar handa Breiðfirðíngum, geti almennt sýnt sig, en sá tíminn kemur vafalaust, að þær sýna sig. Eitt er enn athuganda við bænarskrá þessa, að hún er samin í Stykkishólmi, þeim staðnum, sem einn var aðalinni og griðastaður

selskotavíkínganna, sem, áður en bannið kom, æddu um Breiðafjörð þveran og endilángan, og lètu eingum sel óhætt, sem þeir festu sjónir á. Hver veit nema forínginn lifi þar enn, og sitji efstur á bænarskránni.

Að endíngu skora eg á þíngmenn í nafni allra Breiðfirðínga, þeirra sem ekki líta á eigin hag, heldur almennan, að þeir vísi bænarskránni frá þínginu, það er mitt atkvæði.

Páll Sigurðsson: Eg gaf atkvæði mitt fyrir friðun Breiðafjarðar, þegar það mál var rætt hèr; að vísu var eg ókunnugur, en eptir að eg hafði skoðað huga minn um málið, heyrt nákvæmar sagnir frá, hvernig ástatt væri, og skoðað vandlega landkortið, sá eg, að undantekníngar mundu vera nauðsynlegar, þar sem margar eyjar eru þar, en friðhelgi náði ei svo lángt, að eigi yrði skotið milli landa, þar sem skotið varð. Þetta notuðu skotmenn og spilltu lögnum manna; en gátu þó skotið í fullri friðhelgi, þar sem að svona stóð á, og var auðsèð, að slíkt mundi til óróa leiða og málareksturs, en skotmenn sem optast sloppið frá bótum, þegar svona stóð á, en spilltu þó samt lagnaveiði. Þess vegna gaf eg atkvæði fyrir friðun sela á Breiðafirði, og sömu skoðun hefi eg enn þá. Það getur vel verið, að takmörkin sè utar, en brýn nauðsyn krefur, en það gjörir ekki það að, að það geti verið ástæða til breytíngar, og því veiti eg atkvæði á móti þessari bænarskrá.

Jón Hjaltalín: Eg sè, að menn hafa misskilið mig, því eg vildi og vil einúngis mæla með því almenníngsgagni, sem eigi spillir fyrir öðrum. Þegar menn tala um, að skotin spilli veiði á selnum, þá á það líklega að koma af hvellinum, en ekki þarf það að stauda fyrir; því við vitum allir, að til er hvell-laust púður, og líka vindbyssur, sem eingan hvell gjöra; það er hægt að panta 100 pund af því frá Einglandi, hvað segja menn til þess? Eg held selveiði hafi lítið farið fram, síðan bannað var að skjóta; en eg get ómögulega haldið, að það sè rètt, einstakra manna vegna að friða heila firði fyrir fáum og sèrstökum mönnum, þó þeir hafi lagnir. Það hefir einginn gagn af því, þó vöðuselurinn komi hèr um allan sjó, þegar einginn má skjóta hann, og það á einginn með að banna mönnum fremur að veiða með byssum, heldur en öðrum veiðarfærum, þegar menn þar með ekkert spilla veiði annara. Eg held veiðarfæri útlendínga, hvort heldur eru byssur eða annað, sè enn eigi svo lángt á veg komin, að það sè vert að ónyta þau eða banna mönnum not þeirra. Eg álít því, að þíngið eigi að minnsta kosti að setja nefnd í málinu.

Ásgeir Einarsson: Eg hèlt, að hinn 6. konúngkjörni þíng-

maður mundi koma til sjálfs síns og beita sanngirni, sem optar á þínginu, en mèr varð ekki að því; hann heldur selaveiðin hafi ekki aukizt, síðan bannað var að skjóta, en það getur hann ekki sannað; en hvað því við víkur, að opið brèf af 1855 sè of strángt, þá má segja um það, að fádæmi koma á móti fádæmum, því skotmenn munu varla hafa gætt hófs nè laga, áður en þetta opna brèf kom út. Hann sagði rètt í fyrstu, að skotin hafa verið til að spilla selaveiðinni, en það er ekki hvellurinn af skotunum eingaungu, sem spillir selveiðinni, heldur er það drápið, því bæði fækkar selurinn við það, og svo fælist hann við það, því opt fara selirnir hálfskotnir og hrekkjast eða drepast, svo þeir koma eigi aptur. Sá 6. konúngkjörni þíngmaður býður að útvega hljóðlaust púður. Sumir segja nú, að bannað sè í lögum að brúka hvell-laust púður; eg verð að álíta nefnd óþarfa. Menn eru nú ekki kunnugri þessu máli en áður, þegar það hefir verið rætt hèr á þíngi.

Forseti: Eg verð nú að álíta mál þetta nægilega rætt til inngángs, og skal því biðja menn að greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli kjósa, eður eigi.

Voru síðan atkvæði greidd og nefnd hafnað með 18 atkvæðum gegn 3, og málið þannig fallið.

Forseti: Þar næst kemur, samkvæmt dagskránni, bænarskrá úr Norður-Múlasýslu *um betri stjórn kristfjárjarða.*

Var bænarskráin afhent flutníngsmanni.

Halldór Jónsson: Er leyfilegt að lesa bænarskrána upp?

Var því játað, og bænarskráin síðan lesin upp, svo látandi:

„Að því leyti vèr til þekkjum, til að mynda hèr í Múlasýslum, hefir meðferð og afnotum hinna svo nefndu kristfjárjarða og má ske einnig fátækrajarða að minnsta kosti á þessari öld, og hver veit hvað lángt framan úr öldum, verið þannig háttað, að prófastar hèraðanna hafa undir yfirumsjón biskupa byggt þessar jarðir; og hafi festa verið goldin, mun hún optast hafa geingið til þessara manna, en sú landskuld verið tíðast eptir goldin, að einhver einn ómagi, hvað margir fleiri aðrir sannþurfandi sem verið hafa í þeim hrepp, þar sem jarðirnar liggja, hefir, undir nafni kristfjármanns, verið haldinn af landsetum þessara jarða. Og þó stundum hafi eigi til verið hæfilega þúngur sveitarlimur, hefir ábúendum samt sem áður haldizt uppi að hafa að eins hjá sèr í ómaga stað einhvern, er sveitlægur var, þótt ekki væri þýngri, en það, að sumir aðrir hefði viljað halda fyrir

matvinnúng. Að eins þekkjum vèr hèr eystra 1 eða 2 dæmi þess, að presturinn í sókninni hafi eitt sinn útvegað til þess konúngs eður stiptsyfirvalda úrskurð og leyfi, að prestsekkja sóknarinnar mætti, þegar hún nokkur væri til, búa á kristfjárjörðunni, og halda kristfjármanninn, en væri eingin prestsekkja til í sókninni, mætti presturinn eða prófasturinn á staðnum taka til sín landskuldina, móti því að halda sjálfur kristfjármanninn.

Nú með því vèr með vissu vitum, að flestar, ef eigi allar, þessar kristfjárjarðir, sem vèr til þekkjum, eru bæði að landrými og öllum landkostum einhverjar lángbeztu jarðirnar þeirra sveita, er þær liggja í, en þó sín á milli, eins að gæðum sem dýrleika, töluvert mismunandi, og sama þó kvöðin á öllum þeim, eður flestum, nl. tèð ómagahald, en því líka á hinn bóginn svo varið, að allir, sem til þessa ójafnaðar þekkja, eins í þeim sveitum, þar sem tèðar jarðir eru, sem öðrum nálægum, geta eigi annað en unað illa hinni ósanngjörnu meðferð og rýru afnotum þeirra híngað til í landsins þörf: — þá er nú það álit og atkvæði vort, að nú sè kominn sá tími, að menn ætti ekki leingur orðalaust að horfa á þetta óviðurkvæmilega skipulag og rýru afnot af svo mikilvægum þjóðeignum vorum. En sú meðferð og hagnýtni, er vèr álítum sennilegasta jörðum þessum viðvíkjandi, er sú, að eins og vèr álítum, að sú fátækratíund, sem af öðrum fasteignum landsins hefir venjulega goldin verið, mætti öðru nafni kallast kristfjártíund, þannig finnst oss og, að það ætti bezt við, að afraksturinn: landskuld og leigur af kristfjárjörðunum, væri sett á einn reikníng og í einn sjóð með kristfjár- eður fátækratíundunum, hlutaðeigandi sveita þurfamönnum sameiginlega til bjargar; og að stjórn og umsjón þessara jarða yrði því einkum falin þeim sveitastjórnum í sameiníng, er hafa híngað til átt að verja eður skipta með sèr, sínum fátæku til þarfa, afnotunum af jörðum þessum.

Og þess vegna biðjum vèr yður, háttvirtu og heiðruðu alþíngismenn! að ljá eyru yðar þessu að voru áliti mikilsverða málefni, og bera síðan allraþegnsamlegustu bæn og álit yðar fram fyrir konúng vorn um hagkvæmari afnot og stjórn kristfjárjarða framvegis, er vèr tökum aptur fram, að væri, eptir nærverandi áliti voru, fólgið í þeim tveim aðalatriðum:

1. Að landskuld og leigum af kristfjárjörðum mætti verða varið sinna sveita verðugu þurfamönnum sameiginlega til þarfa.
2. Að meðferð og stjórn þessara jarða, sem áður hefir verið í

hendi biskupa og prófasta, yrði framvegis falin á hendur hlutaðeigandi sveitastjórnum.

Þessi álits- og bænarskrá er í nafni öndverðlega nefnds fundar samin og undirskrifuð af þeirri 5 manna nefnd, er í vorum kosnir.

Á þínghöfðafundi, 27. maí 1859.

(5 nöfn).

Halldór Jónsson: Eg get ekki annað en álítið málefni þetta þess vert, að þingið gefi því gaum; að vísu er það mjög varúðarvert, að breyta til um meðferð og afnot þeirra jarða, sem gefnar eru til guðs þakka; tilgángi gjafaranna má ekki raska, og um kristfjárjarðir munu vera ýmislegar ákvarðanir; en aptur er það líka að varast, að tilgánginum verði raskað með of mikilli fastheldni við bókstafinn eða forna venju. Þeir menn, sem sent hafa þinginu bænarskrá þessa, hafa nú sèr í lagi haft fyrir augum þær kristfjárjarðir, sem þeir bezt þekkja til, og liggja í Norður-Múlasýslu, og það er óneitanlegt, að þessar jarðir má telja með beztu jörðum þar. Það fer því að líkindum, að mikil eptirsókn er eptir þessum jörðum, þegar þær losna, og allt afgjaldið á að vera fólgið í því, að halda einn ómaga. Sá sem byggir þær, verður að gángast fyrir því, að fá duglegan leiguliða og efnaðan; þar af leiðir þetta tvennt, að einstakir menn ábatast á fátækra fè, og að þeir menn verða fyrir þessu, sem sízt þurfa þess við. Það er talað í bænarskránni um festur, sem prófastar muni hafa stúngið í vasa sinn. þetta er nú ósönnuð ákæra; þvert á móti er mèr kunnugt, að festur þær, sem á seinni árum hafa verið goldnar til kristfjárjarða í Norður-Múlasýslu prófastsdæmi, hafa eptir ráðstöfun biskupsins geingið í fátækrasjóð eins eður annars hrepps, einu sinni, ef eg man rètt, þess hrepps, sem prófasturinn áleit mest þurfanda í prófastsdæminu. Hitt væri kann ske ekki ástæðulaust að óttast, að prófastar kynni að byggja jarðir þessar náúngum sínum, eða mæla með þeim við biskup, þegar þeir væri öðrum jafnlíklegir til búskapar. Annars sýnist mèr festugjaldið augljós vottur þess, að umráðanda eða umráðendum jarða þessara hafi ekki fundizt tilgángi gjafaranna fullnægt með því ákveðna afgjaldi, nl. að halda einn ómaga. Og þá get eg ekki dulið þá meiníngu mína, að það væri enn samkvæmara tilgánginum, að jarðir þessar væri byggðar festulaust fyrir sanngjarnt eptirgjald, sem hlutaðeigandi fátækir skyldu njóta, hvort heldur undir umsjón biskups eður sveitastjórna, eins og við geingst um eina kristfjárjörð, Ytravallholt í Skagafirði. Eg get því ekki annað en álitið, að málefni þetta sè

þess vert, að þingið gefi því gaum og setji nefnd í það, þó eg hins vegar geti ímyndað mèr, að þingið, án frekara undirbúnings, kunni að skorta nauðsynlegar upplysíngar til að geta í þetta sinn ritað konúngi bænarskrá um það. Annars treysti eg því, að hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður, sem máli þessu mun vera lángkunnugastur, og mest er við það ríðinn, geti og vilji gefa þínginu hèr um þær beztu upplýsíngar og leiðbeiníngar. Verði nefnd kosin í málið, kemst það þó á rekspölinn, og fær einhverja vissa stefnu.

H. G. Thordersen: Eg stend upp, af því mín var getið, og skal eg þá geta þess, að mál þetta hefði getað feingið fljótar úrgreiðslur frá minni hálfu, ef það hefði komið til mín; en málinu hefir híngað til ekki verið hreift, og þess vegna hefi eg eigi gjört skýrslur um það til hlutaðeiganda stjórnarráðs. En fyrst nú málinu er hreift, skal eg með stærstu ánægju greiða fyrir því, hvað í mínu valdi stendur; því eg hefi álitið og álít, að breytíng sè nauðsynleg á tilhögun þeirri, sem nú er, eins og flutníngsmaður segir. Hvað festunni viðvíkur, þá hefir það verið stöðug regla mín, að gjöra svo ráð fyrir við prófasta, að festuna skyldi afhenda til hlutaðeigandi sveitarstjórnar, svo henni yrði varið þurfamönnum til hjálpar; en formenn mínir veit eg til og get sýnt að hafa tekið móti festunni. Eðlilegasti vegurinn álít eg væri, að senda málið til mín; en eg er ei viss um að geta feingið nægar upplýsíngar nú, meðan á þíngi stendur; en þegar eg sendi málið frá mèr, skyldi eg sjá um, að nægar upplýsíngar fylgdi því, eptir því sem auðið væri; því eg vildi óska, að það gæti orðið að sem mestu gagni fyrir alla, og er eg því samdóma, að breytíngin sè nauðsynleg.

Stefán Eiríksson: Eg verð að álíta, að nefnd í málinu sè nauðsynleg; eg er að vísu ekki mjög kunnugur kristfjárjörðum að öðru leyti en því, hvað bænarskráin fer fram á, en eg þekki þó eina kristfjárjörð í Suður-Múlasýslu, Búlandsnesið, sem eflaust mætti byggja, svo að hún gæti gefið af sèr nægilegt með tveimur ómögum, því undir jörð þessa liggja 2 hjáleigur, Borgargarður og Bjargarrètt, og þegar maður nú rennir augum yfir jarðabókarfrumvarpið, sèr maður, að jörð þessi er talin þar 80 hndr., enda þó að eins muni vera með hana, eins og aðrar hlunnindajarðir, að nóg muni vera lagt þar í dúntekjuna. En eg er fastur á því, að byggíng þessara jarða ætti að setja í fulla samhljóðun við byggíng annara fátækra jarða í landinu, og þær væri byggðar með landskuldum og leigum, og stjórn þeirra heyrði undir sveitastjórnirnar.

Halldór Jónsson: Eins og við mátti búast, tók hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður svo vel í mál þetta, sem eg gat óskað, og ræða hans fullnægði mèr fyrir mitt leyti, en vegna þeirra, sem þínginu hafa sent þessa bænarskrá, verð eg að óska, að það verði afgjört með atkvæðagreiðslu, hvort nefnd verði kosin í málið, eða þíngið vilji fela biskupinum það til undirbúnings.

Konúngsfulltrúi: Eg skal geta þess, að þegar eg var sýslumaður í Múlasýslu, virtist mèr stjórn á tekjunum af kristfjárjörðum fara óliðlega opt og tíðum, og koma ekki að fullum notum. Sú regla var nl. við höfð, að 1 sveitarómagi, kallaður kristfjármaður, var settur á hverja kristfjárjörð, en sumir þeirra voru ekki þýngri en svo, að jörðin hefði getað gefið af sèr í leigu meðlag með tveimur. Eg kom því fram með uppástúngu um breytíngu á þessari tilhögun, og stakk upp á því, að tekjur af kristfjárjörðum væri lagðar í sveitarsjóð, og þeim væri varið eins og öðrum sveitarfjármunum, og settar undir umsjón hreppstjóra, sýslumanns, og amtmanns. Amtmaður minn, sem þá var, fèllst á þessa uppástúngu, en hvað verið hefir því síðar til fyrirstöðu, að henni yrði framgeingt, er mèr ókunnugt. Eg verð samkvæmt þessu að vera á því, að nefnd sè kosin í málinu.

Guðmundur Brandsson: Það hefir opt verið sagt, að ísjárvert væri að hagga tilgángi þeirra, sem eitthvað hefði gefið í vissu augnamiði; hefir þetta komið fram hèr áður á þíngi, bæði þegar talað var um spítalasjóðina, og svo um *Thorchillii* sjóðinn; en samt hafa orðið skiptar meiníngar um þetta, eins og málalokin hafa sýnt. En hafi nú verið ástæða til að breyta tilgángi þessara sjóða, því skyldi það þá ekki vera eins með kristfjárjarðir? það er þó aðgætanda, að flestar af þeim munu vera gefnar á katólskum tímum og var þá öðruvísi ástatt; því þá lágu þurfamenn svo að kalla á snöpum, fóru manna á milli og áttu ekkert víst, ef skyldmenni eigi voru, sem færir voru um að hjálpa; þá var sannur velgjörníngur að hjálpa, svo aumíngjar hrökkluðust eigi manna á milli, og að því leyti hafa þessar kristfjárjarðir verið gefnar í bezta tilgángi. En nú er sveitastjórn komin í annað og betra horf; hver hreppur verður nú að annast sína þurfamenn, svo þeir fari ekki á vonarvöl; og því sýnist eiga vel við, að vísa þessu til sveitastjórnanna, og að hrepparnir njóti þess, er áminnztar jarðir af sèr gefa. Það er að vísu hagnaður fyrir hreppinn, að bóndinn búi við góð kjör; því þegar honum fènast, fènast hreppnum líka, því þá verður bóndinn færari um að greiða meira til hreppsins, en þetta kemur ekki eins jafnt niður, eins og ef af-

gjaldið rynni inn í sveitarsjóðinn. Eg sè ekki heldur, að hèr með verði haggað upprunalegum tilgángi þeirra, sem gefið hafa, því með þessu móti yrði sèð fyrir því, að fleiri hefði not gjafanna, en áður var. Nú er líka spítölunum breytt, sem upprunalega höfðu sèrstaklegt augnamið, og fè þeirra safnað í sjóð til að bæta með því læknaskipun seinna meir, og gæti þá fè þetta komið fleirum að haldi, en holdsveikum einum; eg verð því að mæla með nefnd í máli þessu.

Ásgeir Einarsson: Það er helzt athuganda við þetta mál, að breyta sem minnst tilgángi eða augnamiði gjafarinnar. Augnamiði gjafarinnar er ekki raskað, þó gjöfinni sè hagað þannig, að þeir hafi meira gott af gjöfinni með því að afgjald jarðanna aukist, sem hennar eiga að njóta, og sama er að segja um það, þó fjölgað sè þeim, er stjórn þessara gjafa hafa á hendi.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mèr virðist þetta mál svo vaxið, að það mætti heimfærast undir 77. gr. í alþingistilskipuninni, og sèrdeilis styrkist eg í þeirri trú, að það mundi gjöra málefninu fullt gagn, þar eð hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þingmaður tjáir sig fúsan til að taka við því, og jafnvel færan til að laga það, svo það komist í gott horf. En hvort þingið (sem ekki þarf að skipta sèr af einstakra manna bónarbrèfum) vill nú strax vísa því til háyfirvaldsins, eður setja í því nefnd, svo að hún eða þingið þá vísi því þángað, mætti kann ske bera undir atkvæði.

Halldór Jónsson: Bænarskráin er frá almenníngi, og er ekki umkvörtun yfir einstökum mönnum, heldur yfir meðferð á þjóðeignum.

Forseti: Eg get ei fundið ástæðu til að vísa málinu frá, þar bænarskráin er almenns efnis, og þar eflaust hefir vakað fyrir beiðendunum, að laga þyrfti stjórn kristfjárjarða í öllu landinu. Það er allt öðru máli að gegna, ef þíngmenn fyndi ástæðu að neita um það, og geta þeir það með atkvæðagreiðslunni, og ef nefnd skyldi verða valin, kynni hún að finna ástæðu til að vísa málinu til yfirvaldanna.

Indriði Gíslason: Eg get ei skilið, að 77. gr. alþíngistilskipunarinnar innihaldi neina ástæðu, hvers vegna þíngið ekki geti kosið nefnd í þetta mál, og verð eg því að vera með því, að nefnd sè kosin.

Forseti: Þar enginn tekur framar til máls, álít eg inngángsumræðu þessa máls lokið.

Síðan var geingið til atkvæða og var það samþykkt með 16 atkv. gegn 5, að nefnd skyldi kjósa í málið.

Var síðan eptir uppástúngu eins þíngmanns 3 manna nefnd kosin, og hlutu þessir flest atkvæði:

Halldór Jónsson 21 atkv.

H. G. Thordersen 15 —

Ásgeir Einarsson og *Sveinn Skúlason* hlutu 5 atkvæði hvor, og rèð þar aldur, og varð *Ásgeir Einarsson* hinn 3. nefndarmaður.

Forseti: Þar næst kemur eptir dagskránni bænarskrá úr Norður-Múlasýslu: *um skattgjald eptir efnahag.*

Var bænarskráin afhent flutníngsmanni.

Halldór Jónsson: Bænarskráin er ekki laung; eg vil því leyfa mèr að lesa hana.

Var þá bænarskráin upp lesin, svo látandi:

„Þegar merkustu embættismenn lands vors sátu í nefndinni í Reykjavík, eptir boði konúngs vors, árið 1843, til að yfirvega ýms mikilvæg málefni vor, og búa undir lög um þau, var eitt, sem rætt var, um skattana hjá oss, og gert ráð fyrir, að þá skyldi jafna eptir efnahag manna. Þessu fögnuðu margir fátæklíngar og vonuðu, að nú mundu loksins hætta hin gömlu skattalög og ójöfnuður þeirra. Þetta hefir þó ekki orðið híngað til, og er mælt það hafi staðið á jarðamatinu, því sumir, sem í voru embættismannanefndinni, lètu svo leiðast af útlendum skattalögum, að þeir vildu ei annað en skattgjald væri miðað, að minnsta kosti að nokkru leyti, við jarðadýrleika, sem vèr getum alls ekki skilið annað en kæmi sèr miklu ver hèr á landi, og mundi verða til niðurdreps á harðindaárum. Nú er svo kallað, að jarðamatið nýja sè búið undir síðustu úrslit, en þó það fái gildi, sem hèr á Austurlandi er álitinn ógjörníngur, þá virðist oss sá jarðadýrleiki, sem það ákveður, óhæfilegur til að miða við skattgjald, og það miklu fremur en sá, sem nú er, þó margur ójöfnuður sè á honum. Vèr getum ei betur skilið, en jarðaskattur verði skaðlegur velmegun landsins, með því hann yrði jafnhár af jörðunni, hvort sem búandinn felldi fè sitt af harðindum eða pest ellegar ekki.

Ef nokkrum hyggnum Íslendíngi sýndist nauðsynlegt, að binda skattgjöld við jarðir, þá hefði verið hagkvæmara og hollara að miða hann við landskuldir jarðanna, sanngjarnlega metnar, sem lækka jafnan í hörðum árum og fènaðarfelli, þó jörðin haldi hundraðatali sínu, heldur en við jarðadýrleikann.

Sá skattur hefði þó síður orðið til niðurdreps en hinn, sem ætíð var bundinn við hundraðatalið. Eingu að síður virðist oss þó hvorttveggja óþarft að mörgu leyti, og skaðlegt að miða skatta við jarðir eða jarða-afgjöld, en lausafèð vera það, sem helzt geti sýnt, hvað búandi eigi að gjalda og geti goldið, eins og hver annar atvinnuvegur, sem menn lifa af, hlunnindi og handafli hvers húsráðanda, sem eins ætti þá að gjalda af og fènaði sveitabóndans.

Þar eð það þótti mál komið, að breyta hinum ósanngjörnu skattalögum vorum fyrir 16 árum, þá er því heldur kominn tími til þess nú, þegar þetta mál hefir verið svo leingi í undirbúningi.

Því er það bæn vor til yðar, háttvirtu alþingismenn á þinginu í sumar, að þèr takið skattalög vor til yfirvegunar og umræðu, og sendið konúngi vorum bænarskrá um það, að hann láti leggja fyrir næsta alþingi frumvarp um ný skattalög hjá oss, er ákveði skattgjaldið eptir efnahag manna, en miði það einúngis við lausafè, hlunnindi og handafla gjaldþegna, en ekki jarðadýrleika.

Þínghöfðafundi, 27. maímán. 1859.

(7 nöfn).

Halldór Jónsson: það getur nú verið, að bænarská þessi sè ótímabær burður, eða of snemma upp borin, þar sem jarðamatið hefir ekki enn feingið lagagildi. Víst mun þess upprunalega hafa verið óskað af landsbúum meðfram þess vegna, að menn hafa álitið sjálfsagt, að einhverjar skattaálögur yrði á því byggðar, og fyrir hinu sama er gjört ráð í 2. grein frumvarpsins til tilskipunar um löggildíngu hinnar nýju jarðabókar, og ástæðunum fyrir sömu grein. Það er því líklegt, að einúngis hafi staðið á jarðamatinu, að stjórnin ekki hefir þegar fyrir laungu lagt fyrir þíngið frumvarp til skattalaga, sem svo mikil þörf er á. Ef að jarðamatið því verður löggilt, efast eg ekki um, að konúngur vor muni hið allrabráðasta láta leggja fyrir þíngið frumvarp til nýrra skattalaga. En þar eð bænarskráin fer í aðra stefnu, með tilliti til gjaldstofnsins, en stjórnin og líklega meiri hluti landsbúa munu hafa hugsað sèr, nefnil. að miða skattinn hvorki við jarðir nè afgjöld þeirra, finnst mèr ekki eiga illa við, að alþíngið nú þegar láti álit sitt í ljósi með eða móti þessari uppástúngu. En fallist þíngið ekki á, að kjósa nefnd í málið, finnst mèr betra en ekki, að bænarskránni verði vísað til jarðamatsnefndarinnar, því óneitanlega er nokkurt samband milli þessara tveggja mála.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Þessari bænarskrá viðvíkjandi

skattamálinu er eg nú öldúngis samdóma í öllum hennar póstum. En eg held nú samt, eins og flutníngsmaðurinn drap á, að það eigi ekki við á þessum tíma að taka það máleíni fyrir. Mèr virðist, að stjórnarskipunarmálið ætti að gánga fyrst á undan, og fjárhagsmálið, nefnilega reiknîngaskiptin milli Íslands og Danmerkur, og þá væri fyrst tækifæri á að sjá fyrir, hverja skatta og hvernig ætti að leggja á landið; en nú held eg sè hvorki tíð nè tækifæri að taka fyrir það vandamál.

Sveinn Skúlason: Eg álít að eins gjörlegt, að visa bænarskrá þessari til jarðamatsnefndarinnar, að í nefndaráliti því verði farið fram á, að stjórnin flýtti fyrir frumvarpi til nýrra skattgjaldslaga.

Jón Hjaltalín: Eg er sömu meiníngar og þeir tveir, sem seinast töluðu, að bezt sè að vísa bænarskránni til jarðamatsnefndarinnar. Margir hafa sagt, að afgjaldið af jörðum eigi að leggja til grundvallar fyrir sköttunum. Það hefir opt verið reynt í öðrum löndum að leggja á skatt eptir efnahag manna, en það hefir jafnan reynzt örðugt að koma því vel fyrir. Eg mæli því með, að þíngið láti sèr nægja með að vísa þessu til jarðamatsnefndarinnar.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að styðja tillögur þeirra, sem vilja, að þessu máli sè skotið til jarðamatsnefndarinnar, og það einkanlega vegna þess, að það mundi verða ókljúfanlegt fyrir þetta þíng, að semja viðunanda frumvarp til laga um efnaskatt. Það hefir, eins og hinn heiðraði 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, verið feingizt við þess háttar skattalög í öðrum löndum, og jafnan þótt hið mesta vandaverk, því um það þarf að setja margar og nákvæmar reglur, bæði um það, hvernig eigi að jafna skattinum niður, og á hverjar efnagreinir eigi að leggja hann.

Forseti: Eg skal þá, fyrst flutníngsmaður eigi hefir fallið frá sèrstaklegri nefnd í málinu, biðja menn að greiða atkvæði um, hvort sèrstaka nefnd skuli kjósa, eða vísa því til jarðamatsnefndarinnar.

Voru síðan atkvæði greidd, og var með 19 atkvæðum móti 3 af ráðið, að ekki skyldi setja sèrstaka nefnd í málið, en með jafnmörgum atkvæðum aptur samþykkt, að vísa málinu til jarðamatsnefndarinnar.

Var bænarskráin síðan afhent formanni jarðamatsnefndarinnar, hinum 4. konúngkjörna þíngmanni.

Forseti: Þar næst kemur, eptir dagskránni, bænarskrá úr sömu sýslu um, *að eingin lagaboð verði birt á Íslandi, sem ekki eru áður lögð fyrir alþíngi.* Mèr virðist tiltækilegast, að vísa þessari bænarkrá til nefndar þeirrar, sem kosin er til að íhuga löggildíngu

lagaboða þeirra, sem út eru gefin fyrir Danmörku á tímabilinu 1857-1859, en legg á vald þingsins, að vera því mótfallið.

Halldór Jónsson: Eg ætlaði ekki að óska annars.

Forseti: Fyrst svo er, og ef einginn annar vill gjöra bænarskrána að sinni uppástúngu, skal eg leyfa mèr að láta afhenda hana formanni nefndarinnar í lagaboðamálinu, hinum hattvirta 1. konúngkjörna þíngmanni.

Forseti: Þar næst kemur eptir dagskránni bænarskrá úr sömu sýslu um, *að leiða í lög sektir fyrir illa meðferð á skepnum,* og skal eg geta þess, að meðal lagaboða þeirra, er út hafa komið í Danmörku 1857—1859, er eitt lagaboð, sem einmitt höndlar um þetta efni, og vil eg því vekja athygli flutníngsmanns að því, hvort hann láti sèr eigi lynda, að skjóta bænarskránni til þeirrar nefndar, sem hefir þessi lagaboð til meðferðar.

Halldór Jónsson: Eg hefi enn ekki lesið hið danska lagaboð um meðferð á skepnum; en eg get víst verið ánægður með, að bænarskráin verði afhent nefnd þeirri, sem þegar er kosin til að íhuga þetta og fleiri dönsk lagaboð, að hve miklu leyti þau geti átt við á Íslandi. Eg treysti því, að nefndin mundi taka fram þær ákvarðanir og breytíngar, sem nauðsynlegar væri og vel ætti við á Íslandi. Að vísu hafa menn, um meðferð á skepnum, lög samvizkunnar, skynseminnar og guðsorðs; samvizkan ætti að vera bezti talsmaður skepnanna, skynsemin ætti að geta sannfært, að minnsta kosti eigendur þeirra, um, að þeir hafi sjálfir bezt af því að fara vel með þær; helgidagalög Gyðínga höfðu tillit til þeirra, og hvert barnið hefir í æskunni lært, að ekki megi fara illa með þær, því skaparinn vilji, að þeim vegni vel eins og mönnunum. En reynslan sýnir, að þetta nægir ekki, heldur er þörf á sterkara aðhaldi.

Jón Hjaltalín: Mèr sýnist bænarskrá þessi verð þess, að lesa hana upp; það er í fyrsta sinni þessu er hreift hèr á þíngi; um þetta eru gefin lög í öllum löndum og hèr er full þörf á því líka, en margt er sèrstaklegt hèr á Íslandi, en of víða er farið of illa með skepnur, eins og flestir hèr í salnum munu verða við að kannast. Lög Dana í þessu efni eru mèr nú ekki vel kunnug; en eg er sannfærður um, að slík lög sè nauðsynleg, því þó allir viti, að slíkt á ekki að vera, gjöra lögin það þó ljósara og minnisstæðara, eins og öll húsdýr á hinn bóginn, eptir allra siðaðra þjóða dæmi, eiga rètt á því að standa undir vernd laganna. Eg vil stínga upp á, hvort ekki sè bezt að lesa bænarskrána upp, svo menn betur geti sèð, hvort

ástæða er að velja sèrstaka nefnd, og verði nefnd valin, ætti hún að fara sem næst lögum Dana í þessu máli, því eg efast eigi um, að þau munu vera frjálslynd og mannúðleg.

Ásgeir Einarsson: Ef sèrstök nefnd yrði sett í þetta mál, gæti hún komið í bága við hina nefndina, og svo yrði umræður um málið með því leingri, og því yrði betra, að auka heldur hina nefndina. En það er aðgæzluvert við bænarskrána, að nefndin fari því einu fram, sem vörður verður hafður á, og tiltekið sè, hvaða rètt sá skal hafa, sem vernda vill. Það dugir t. a. m. ei, þó menn vilji vernda skepnur frá hor, ef einginn vegur er til að aptra mönnum frá, að stofna þeim í dauða af ráðleysu.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil mæla fram með sèrstakri nefnd í málinu; laganefndin hefir nóg að starfa, verkefni hennar er svo umfángsmikið, að hún naumast getur lokið við það, og því síður bætt við sig; laganefndin og þessi hin sèrstaka nefnd þurfa eingan veginn að komast í bága, því laganefndin ljær hinni lagaboðið um þetta efni. Eg þekki lagaboð þetta að nokkru og hefi lesið umræður þess á þíngi Dana, og ætla eg það yrði of lángt, ef nefndin ætti að taka það allt til greina. Danska lagaboðið er og svo, að margra breytínga þarf á því; þar er hestum helzt beitt fyrir vagna og hafðir til að aka með, en það er ekki hèr; þar er minni hætta fyrir, að skepnur falli í hor; eg mæli því með sèrstakri nefnd, sem fái danska lagaboðið til láns hjá nefndinni, og búi til fullkomið frumvarp, er verði sent stjórninni; eg vona, að þíngið fallist á þetta, fyrst flutníngsmaður og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður hafa fremur en hitt mælt fram með sèrstakri nefnd.

Forseti: Eg álít þá inngángsumræðunni lokið, og skal eg biðja þíngmenn greiða atkvæði um, hvort sèrstaka nefnd skuli kjósa eða eigi.

Var síðan geingið til atkvæða og sèrstök nefnd samþykkt með 19 atkvæðum móti 2.

Forseti: Eg álít, að sèrstök nefnd sè samþykkt með þeim fyrirvara, að hún fái til láns lagaboðið um sama efni og beri sig saman um málið við laganefndina. Þar eð stúngið hefir verið upp á 3 manna nefnd, og einginn mótmælt, álít eg það samþykkt, og bið því menn að kjósa 3 menn í nefnd þessa.

Var síðan geingið til kosníngar og þessir kosnir: *Jón Hjaltalín* með 11 atkv., *Arnljótur Ólafsson* með 9 atkv. og *Halldór*

Jónsson með 8 atkv., og skjöl málsins síðan afhent þeim af nefndarmönnum, er flest atkvæði hlaut.

Forseti: Þar næst kemur eptir dagskránni bænarskrá frá Kollabúðafundi, um *að sigla megi upp Reykjarfjörð við Ísafjörð til verzlunar;* er ekki réttast að vísa henni til nefndarinnar í Skeljavíkurmálinu?

Indriði Gíslason: Mér finnst réttast að vísa þessari bænarskrá til nefndarinnar í Skeljavíkurmálinu, og það því heldur, sem bænarskrá þessi að nokkru leyti kemur í bága við hana, en er þó eigi á eins góðum rökum byggð. Eg skal leyfa mér að lesa bænarskrána, ef einginn er á móti því.

Var þá bænarskráin lesin upp, svo látandi:

„Þar eð vèr, íbúar nokkurs hluta Barðastrandarsýslu og nokkurs hluta Ísafjarðarsýslu, eigum mjög svo örðugt með að ná til verzlunarstaða, þar sem að nefnilega svo má kalla, að verzlun hafi nú þegar í 2 ár eingin verið í Flatey í Barðastrandarsýslu, og Ísfirðíngar úr Reykjarfjarðar- og Nauteyrarhreppum, eiga yfir 7 til 8 vikur sjóveg að sækja til Ísafjarðarkaupstaðar, sem opt fellur örðugt og kostnaðarsamt, þá leyfum vèr oss að biðja alþíngi, í sumar, að mæla fram með því við konúng vorn, að það verði gjört að lögum, að fastakaupmönnum og öðrum, sem rètt hafa til að verzla á Íslandi, verði leyft að sigla á Reykjarfjörð við Ísafjörð, og hafa þar verzlun á skipum.

Að frjálsum fundi á Kollabúðum, 16. júní 1859.

Í nafni fundarins,

Ó. Sívertsen,

forseti".

Guðmundur Brandsson: Mér finnst sjálfsagt, að vísa þessu máli til nefndarinnar í Skeljavíkurmálinu, því hún hnígur undir það atriði í hinni bænarskránni, að öllum lausakaupmönnum verði leyft að sigla upp hverja vík og vog.

Páll Melsteð: Eg er einnig á sama máli.

Forseti: Fyrst einginn mótmælir því, skal eg leyfa mér að láta afhenda bænarskrána formanni nefndarinnar í Skeljavíkurmálinu, hinum heiðraða þíngmanni úr Strandasýslu.

Forseti: Þar næst kemur, samkvæmt dagskránni, umkvörtun frá sama fundi yfir *jafnaðarsjóðsgjaldi* og *kostnaði við Hvítárvörðinn* í Vesturamtinu. Flutníngsmaður hennar er hinn heiðraði vara-

þingmaður úr Dalasýslu. En áður en þessi umkvörtun verður rædd hèr á þinginu, vil eg spyrja flutníngsmanninn, hvort umkvörtun þessi hefir áður verið borin upp fyrir hlutaðeiganda amtmann, því sè það ekki, en það verður eigi séð af umkvörtuninni, þá mundi eg, samkvæmt 49. gr. alþíngistilsk., finna mèr skylt að vísa málinu þegar frá þinginu til amtmannsins, sem á hlut að máli.

Indriði Gíslason: Það voru 129 bændur í Dalasýslu, sem skrifuðu ávarp til amtmanns í öndverðum næstliðnum maímánuði, og beiddu hann að setja niður gjaldið, í hið minnsta til helmínga, nfl. úr 12 ofan í 6, af þeim ástæðum, að menn ekki vissu, hvernig fè þessu væri varið, eða menn gæti skilið, að lækníngа- og Hvítárvarðarkostnaðurinn ætti neitt skylt við jafnaðarsjóðinn.

Forseti: Eg verð að biðja þíngmanninn að svara spurníngu minni, hvort umkvörtunin hafi verið send til amtmannsins.

Indriði Gíslason: Amtmaður tjáði sèr ei mögulegt að setja niður jafnaðarsjóðsgjaldið, þar þess væri of seint beðið og tíminn orðinn svo naumur, að það yrði ei gjört, án þess að sumum sýslum yrði gjörður órèttur. Vil eg því mælast til, að mèr verði leyft að lesa upp bænarskrána.

Forseti: Eg álít þá rèttast, að málið sè tekið fyrir og þíngið skeri úr, hvað gjöra skuli.

Voru skjölin síðan afhent flutníngsmanninum, og las hann umkvörtunina upp, og er hún svo látandi:

„Það er nú þegar alkunnugt orðið á Vestfjörðum, að megn óánægja er vakin hjá alþýðu út af hinu háa gjaldi, er amtmaður vor hefir boðið að greiðast skuli til jafnaðarsjóðsins nú í ár og í fyrra, hvers vegna allmargir gjaldendur hafa færzt undan, að svo stöddu að láta af hendi allar álögur þær, er amtinu þannig þóknazt hefir að leggja á sem jafnaðarsjóðs-skatt, og veldur því bæði harðærið, og með fram þekkíngarleysi á ásigkomulagi jafnaðarsjóðsins, svo og það, hvort nokkurt konúnglegt lagaboð sè nýkomið, um það, að sjóðurinn skuli bera fleiri byrðar, en á hann hafa híngað til verið lagðar, að lögum. Að sönnu hafa menn nú feingið nokkurs konar ávísan frá amtinu um það, að endurgjald fyri Hvítárvörðinn 1857 valdi að mestu leyti fjárheimtu þessari, en mönnum hefir aldrei getað skilizt annað, en að það sè í mörgu tilliti óeðlilegt og lögum gagnstætt, að kostnaður Hvítárvarðarins skuli þannig lúkast af jafnaðarsjóði amtsins.

Fundurinn leyfir sèr því, að bera upp umkvörtun sína fyrir hinu

heiðraða alþíngi, um það: að rèttur þess í þessu tilliti sè skertur, jafnframt því, að Vestfirðíngum sè órèttur gjör, í því að leggja á ábúendur álögur þær, sem oss virðast ekki eigi heimild í þeim lögum, sem oss eru þegar gefin og birt, snertandi jafnaðarsjóð Vesturamtsins, og biðjum vèr þíngið að fara með málefni þetta eptir því sem því þykir bezt henta.

Jafnframt þessu biðjum vèr alþíngi, að senda hans hátign konúnginum bænarskrá um, að eingar nýjar álögur verði lagðar á jafnaðarsjóð Vesturamtsins án þess það sè borið undir alþíngi, og álögurnar á lagðar með konúnglegu lagaboði.

Að frjálsum fundi á Kollabúðum, 16. júní 1859.

Í nafni fundarins,

Ó. Sívertsen, forseti. Ó. Jónsson, skrifari".

Indriði Gíslason: Orsökin til bænarskrárinnar er sú, að vorið 1858 skipaði amtmaðurinn sýslumönnum að krefja oss Vesturamtsbúa um 10 skildínga af hverju lausafjárhundraði til jafnaðarsjóðs Vesturamtsins, er þá greiddist, en þó með möglun, í blindri trú á því, að þetta væri löglega álagt, að undanskildum nokkrum þíngsóknum í Barðastrandarsýslu, en með því ekki allfáum þótti álaga þessi mjög ískyggileg, og gátu ekki þekkt lögmæti hennar, einkum þar þeir sáu, að í þíngboðsseðlum vorið 1859 voru krafðir 12 sk. af hverju lausafjárhundraði, tóku margir málsmetandi menn sig saman um, að greiða ekki utan það hálfa, allt til þess þeir feingi sèð skýra reikníngа fyrir meðhöndlun þessa fjár, er talið var að skyldi til samans vera að álíta sem sakamála- og Hvítárvarðarkostnað, eins og það, að menn feingi upplýsíngu á því, hvort gjald þetta væri skattálaga eða skyndilán, og kváðust menn þá fyrst mundu greiða tollinn, er þeir þekkti skattálögu þessa vera á rèttum rökum byggða, ef skattur skyldi heita, eða skuldbindíng feingist til endurgjalds, ef skyndilán væri. Eg ætla þá ekki að fara fleirum orðum hèr um að sinni, en einúngis vænta þess af þínginu, að það vaki yfir því, að útlend lög ekki sè hèr innleidd, án þess þau áður hafi borin verið undir þíngið, ef svo væri, að hèr um hefði feingin verið einhver ákvörðunarmynd.

Jón Hjaltalín: Eg held, að þíngið fái senn til meðhöndlunar eins margar bænarskrár og dagar þess eru margir, en viðvíkjandi þeirri bænarskrá, er hèr ræðir um, þá er það ekki ætlunarverk alþíngis að taka í móti klögunum yfir yfirvöldunum, heldur eiga þeir að fara til stjórnarráðsins eða dómstólanna, sem þykjast hafa yfir ein-

hverju að klaga. Ef þingið gjörði það þar á móti að reglu sinni að taka á móti slíkum klögunum, þá kynni á endanum úr öllum hreppum að streyma klaganir yfir sýslumönnum, prestum og hreppstjórum; það eru nú komin tvö slík sýnishorn hèr fram á þingið. Ein klögunin kvartar yfir *of miklu* álagi, önnur yfir því, að ekki sè *nóg* álag lagt á til jafnaðarsjóðsins. Er eg því alveg á móti því, að nefnd sè sett í þetta mál, nema það mætti má ske, ef menn vilja hafa spaug hèr á þingi, vísa því til nefndarinnar, sem var sett til að íhuga umkvörtunina úr Austur-Skaptafellssýslu, sem þá feingi það verkefni að hugleiða tvær gagnstæðar umkvartanir. Nefndin mundi þá ei heldur vita, hvort hún ætti að fara til vinstri eða hægri, og færi þá líklega beint áfram og vísaði málunum til stjórnarráðsins.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mèr þykir það undarlegt, að þessi kvörtun eða bænarskrá skuli koma frá Dalasýslubúum, því þeir vita, að þetta háa jafnaðarsjóðsgjald flýtur af Hvítárverðinum, og þeir Dalamenn hafa þó álitið verði, og eins Hvítárvörðinn mjög nauðsynlegan, og þeir hljóta að álíta, að hann hafi gjört sèr og öllum Vestfirðíngum gagn, og að hann hafi verið það eina meðal, sem hefir stemmt stiga fyrir því, að þessi landplága, fjárkláðinn, hafi, enn sem komið er, náð að geisa yfir allt Vestur- og Norðurland. Það máttu allir kunna yfirvaldinu þakkir fyrir (og eg held, að allir hafi gjört það), að slík ráðstöfun var gjörð, því það er sú fyrsta og heppnasta hjálp, sem verður gjörð við hverjum hættulegum sjúkdómi, að setja strax öflugar og forsjállegar sóttvarnir. Nú máttu Vestfirðíngar vita það, að slíkar varnir mundu kosta eitthvað, að menn vilja ekki eða fást ekki til að standa á vakt eða verði allt sumarið (gagnstímann úr árinu), og fæða og kosta sig sjálfir fyrir ekki neitt; og líklega vita menn, að þeir, sem höfðu gagn af verkinu, áttu að borga mönnunum verkið. Nú átti amtið, sem hafði gjört þessa ráðstöfun, að standa varðmönnunum fyrir kostnaðinum; en Vestfirðíngar höfðu ekki vísað því að neinu fè, eður sjóði, utan þeim eina, sem sjálfsagt var, og amtið á, sem er jafnaðarsjóðurinn. Mèr finnst því í þessari bænarskrá liggi helzt eptirköst, undanbrögð, og prettir, og klögun yfir rèttlátum og þörfum ráðstöfunum yfirvaldsins, og er líklegt, að þingið sinni lítið slíku málefni.

Ólafur Jónsson: Eg get ómögulega fundið þann skyldugleika milli þessarar bænarskrár og þeirrar úr Skaptafellssýslu, sem um daginn var hèr til umræðu, sem sá 6. konúngkjörni þingmaður finnur, að þær sè báðar sama eðlis. Í bænarskránni úr Skaptafellssýslu

var kvartað yfir því, að ekki feingist borgun úr jafnaðarsjóð Suðuramtsins fyrir vörð þann, sem haldinn var, til þess að hindra útbreiðslu fjárkláðans, þar sem þó aðrir verðir, stofnaðir í sama augnamiði, voru borgaðir úr nefndum sjóði. Eg held því þingið hafi gjört rètt að kjósa nefnd í það mál, til að rannsaka það sem bezt. Allt öðru máli er að skipta um þessa bænarskrá, sem nú er rætt um, í henni er einúngis kvartað undan of háu gjaldi til jafnaðarsjóðsins, en ekki yfir því, að það sè lagt hærra á suma heldur en suma; hèr er því ekki um nokkurn ójöfnuð að tala. Ekki er heldur upplýst, að nokkuð hafi verið borgað ólöglega úr nefndum sjóði, heldur virðist umkvörtunin grundvallast einúngis á því, að Hvítárvörðurinn hafi verið borgaður úr honum, en þar sem öllum ber saman um, að þessi Hvítárvörður hafi verið nauðsynlegur til að hindra útbreiðslu kláðans inn í Vesturamtið, og hann hefir án efa gjört mikið gagn í þessu tilliti, þá má það virðast undarlegt, að nokkur kvörtun skuli koma fram hèr að lútandi; eg er líka viss um, að þeir eru lángtum fleiri í Vesturamtinu, sem una því vel, að þessi kostnaður sè borgaður af jafnaðarsjóðnum, því einhvern veginn verður hann að borgast; en þó að einstöku menn kunni að vera óánægðir með þessa borgun, held eg ekki sè tiltökumál, því það mundi verða bágt að fá allra samþykki í öðru eins máli og þessu; og mætti amtmenn ekki borga neitt úr jafnaðarsjóðnum án þess að fá allra þeirra samþykki til þess, sem til sjóðsins eiga að borga, þá held eg þeir kæmi litlu til leiðar í öðru eins máli og þetta fjárkláðamál er, og yrði þá stjórn þeirra í því þýðíngarlítil. Eg verð þess vegna að mæla móti því, að nefnd verði kosin í þetta mál.

Indriði Gíslason: Eg held þó, að nefnd sè nauðsynleg, til þess að þíngmenn skilji málið. Umkvörtunin er ekki úr Dalasýslu einni, heldur frá þeim 4 sýslum, sem sóttu Kollabúðarfund. Það var aldrei meiníng Vesturlandsbúa, að Hvítárvörðurinn væri óþarfur, heldur voru allir ánægðir með hann. 1857 samþykkti þíngið vörðinn, en það hefir aldrei verið borið undir þíngið, hvernig ætti að borga kostnaðinn, og ekki svo mikið, að þar um hafi leitað verið álits amtsbúa. Þykir ei þínginu ískyggilegt, að þessu gjaldi sè sleingt upp á jafnaðarsjóðinn, án þess það sè heimilað í lögunum? Margir þekkja tilsk. 1838, en enginn getur álitið rètt eptir henni að leggja Hvítárvarðar- og lækníngakostnaðinn á jafnaðarsjóðinn. Það er líka ísjárvert fyrir þíngið að sleppa þessu máli, því

þá mætti leggja öll gjöld á jafnaðarsjóðinn, þó hvergi fyndist lög fyrir.

Jón Hjaltalín: Hinn heiðraði þingmaður Húnvetninga misskildi mig, þar sem hann sagði, að eg hefði álitið bænarskrárnar skyldar, því eg sagði þær væri gagnstæðar. Ef svona á að fara með amtmennina í hverjum hlut, þá verður loksins ómögulegt fyrir þá að uppfylla skyldu sína. Bænarskráin vill, að amtmenn megi ekki leggja neitt gjald á jafnaðarsjóðinn, nema að þeir áður hafi spurt sig fyrir hjá stjórninni; er þá ekki nóg af þessum fyrirspurnum, þar sem stiptamtmaður vor getur ekki látið gjöra svo mikið sem við eitt sæluhús án þess að spyrja stjórnina að því, en þessar fyrirspurnir eru ekki nema til ills eins og setja allt í bobba.

Ásgeir Einarsson: Eg álít nefnd ómissandi, og ef að allt er komið í bobba hjá okkur, þá er því meiri þörf á nefnd. Þetta, eins og fleira, flýtur af stjórnarlögun vorri. Stjórnarherrarnir skipa amtmönnunum það og það, og amtmenn verða að hlýða, hvort sem þetta eru lög eða ekki, og nú eru aðrir settir yfir amtmenn í fjárkláðamálinu, enda vona eg, að bænarskrár komi fram á þinginu bráðum, sem biðja um stjórnarbót þessa lands, því meðan svona stendur, flýtur þar af mesta óregla. Bænarskráin, sem hèr er verið að ræða um, er ólík þeirri úr Austur-Skaptafellssýslu, hvað stjórn amtmannanna yfir jafnaðarsjóðunum viðvíkur, en báðar gefa þær tilefni til að fá lög um stjórn jafnaðarsjóðanna. Hvað gjaldtregðu Vestfirðínga snertir, þá hèldu nokkrir menn í fyrra eptir af þessu gjaldi, og voru ekki búnir að láta það enn, og þótti mönnum þetta horfa til mestu óreglu, og nú kom þetta fjárskaháa gjald, þegar harðindin dundu á, og á því fèkkst ekki bót. Fyrst gekk allt með hægð og stillíngu í Vesturamtinu, en þegar á leið, fór að síga í menn út af þessu, og vona eg, að nefnd verði sett í málið.

Konúngsfulltrúi: Þó eg ekki ætlaði mèr að tala í þessu máli, verð eg samt að svara fáeinum orðum því, sem þingmaðurinn úr Strandasýslu sagði. Sakamálatolli þeim, er eg í fyrra jafnaði á Vesturamtið, var alstaðar svarað með góðu, eins og eg hafði ákveðið, nema að mig minnir úr 3 hreppum úr Barðastrandarsýslu, hvar innbúarnir ekki vildu greiða nema, að mig minnir, 6 skild., í staðinn fyrir 10 sk., af hverju lausafjárhundraði. Þetta fèkk eg ekki að vita fyr en seint frá sýslumanni, um leið og hann sendi jafnaðarsjóðsreikníngana og gjaldið. Eg skipaði honum þá strax, að senda lista til amtsins yfir þá, er hefði tregðazt við að gjalda jafnaðar-

sjóðstollinn, samt yfir það er eptir stæði hjá þeim óborgað, því eg ætlaði að láta taka það lögtaki. En þessi listi er enn þá ekki kominn frá sýslumanni, og sá dráttur hans er orsök til, að málið enn þá er ekki til lykta leitt. Fyrst eg stóð upp á annað borð, skal eg út af því, er hinn háttvirti *forseti* sagði um, hvort málinu ætti að vísa til mín, geta þess, að málið hefir af hlutaðeigendum verið undir mig borið, og því yrði að vísa klögun þeirra til hlutaðeiganda stjórnarherra. Eg hefi svar mitt til kærandanna hèr við höndina, en ætla þó ekki að lesa það upp. Eg skal einúngis geta þess, að 3 þingsóknir í Dalasýslu snèrust til hlýðni, og greiddu allt gjaldið til jafnaðarsjóðsins, þegar þeir heyrðu það lesið.

Halldór Jónsson: Hvort sem það nú er af misskilníngi eða ekki, get eg ekki gefið atkvæði mitt fyrir því, að nefnd verði kosin í mál þetta. Eg hefi ekki heyrt kvartað yfir því, að Hvítárvörðurinn hafi verið ónauðsynlegur, ekki yfir því, að kostnaðurinn við hann hafi verið of hár, ekki yfir því, að Vesturamtinu hafi ekki borið að borga hann, heldur einúngis yfir því, að hann hafi verið lagður á jafnaðarsjóðinn. Nú varð, að mèr finnst, amtmaðurinn annaðhvort að gjöra, að jafna kostnaðinum öllum í einu á amtið, og veit eg þá ekki, hvort eptir öðru var betra að fara en lausafjártíundinni, eða taka lán, sem síðar hefði orðið að jafna niður. Það er sjálfsagt bezt, að öll gjöld sè svo ákveðin með lögum, sem mest má verða; en þegar eg lít til kláðamálsins, veit eg þó ekki, hvort æskilegt væri, að það væri lögákveðið, hvað marga skildínga mest mætti leggja á hvert lausafjárhundrað til jafnaðarsjóðsins; og get eg tekið allt Norður- og Austuramtið til vitnis í því tilliti, þar vildu menn þó gefa alltað $^1/_{12}$ fjárins til að ráða fram úr svo einstaklegu og áríðanda máli.

Indriði Gíslason: Eg vil að eins geta þess, með tilliti til þess sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að umkvörtunin væri við stjórnina; hún er ekki við stjórnina, heldur við þíngið, og það beðið um, að gæta þess, að lögum verði ei beitt í landinu, sem ei eru rètt og ekki hefir áður verið lagt undir það, eða með öðrum orðum að órèttur sè ei við hafður.

Arnljótur Ólafsson: Eg hefi skilið mál þetta líkt og hinn heiðraði þíngmaður Norður-Múlasýslu; umkvörtun þessi er öllu fremur umkvörtun yfir lagaleysi eður yfir rèttarástandi voru, en yfir aðgjörðum embættismannsins, og þíngið er beðið um að vaka yfir því, að ei sè lagður skattur á landsmenn fyrir lög fram. Það er

eðlilegt, að amtmenn fari því fram, sem verið hefir vani formanna þeirra, og leggi þann kostnað á amtsbúa, er þeim virðist nauðsynlegur; en hitt er eingu síður eðlilegt, og eg er sannfærður um, að einginn amtmaður er því mótfallinn, að skýr lög sè gefin, sem bæði ákveði gjöldin, og til hvers eigi að verja þeim. Umkvartanir yfir því, að menn viti ei, til hvers fènu sè varið, eru tíðar, og því má það vera þægilegt fyrir embættismanninn að geta skýrt frá því, til hvers fènu sè varið. Alþingi á ei að taka við umkvörtunum yfir einstökum embættismönnum, nema þær sè á því betri rökum byggðar, en þetta mál, sem hèr ræðir um, er ei umkvörtun yfir einstökum embættismanni, heldur yfir því, að lagaboð vanti, og er því almenns efnis, og því vil eg, að sèrstök nefnd verði kosin í málið og það verði með lögum ákveðið, hvað hátt hið hæsta jafnaðarsjóðsgjald megi vera, bæði til þess, að gjaldið verði lögákveðið, og svo menn viti það fyrir fram og geti búið sig undir það; en eins og nú stendur á, vita menn ekki, fyrri en menn koma á þingið, hvað mikið menn eiga að gjalda (*Halldór Jónsson:* það geingur þingboðsseðill á undan þingum). Þó þingboðsseðill gángi fáum dögum áður, þá er það lítil bót í máli, því 12 sk. af hverju lausafjárhundraði eru eigi teknir upp úr steinunum, enda fá sjaldan allir að sjá þingboðsseðilinn, fyr en á þing er komið. Embættismönnunum má vera umhugað um, að eingin grunsemd geti fallið á embættisfærslu þeirra, og því má með sanni segja, að mál þetta er eingu síður þeim í hag, er toll heimta, en hinum, er toll gjalda. Auk þessa eru og enn þá ástæður frá þingsins hálfu, að nefnd sè kosin, svo það sýni, að það vilji vernda þann rètt, sem það á, að einginn nýr skattur eður önnur þegnskylda sè lögð á almenníng, nema lagafrumvarp um það efni sè áður borið undir þingið.

Guðmundur Brandsson: Þó að þingmaður Borgfirðínga vilji, og það mjög góðgjarnlega, verja bænarskrána, þá er hún samt umkvörtun yfir einstökum embættismanni, og finnst mèr því, að þessu atriði hennar verði hèr ekki gaumur gefinn. Og hvað því viðvíkur, að menn þurfi að vita fyrirfram, hvað þeir eigi að gjalda, svo menn geti greitt það á manntalsþínginu, þá eru gjaldþegnar ekki ætíð vanir að lúka öllum gjöldum sínum þar, og sýslumenn eru margir svo mannúðlegir að líða menn nokkuð um þau, en hèr er öðru máli að gegna, því Vesturamtsbúar sumir hafa mótmælt að gjalda það, er á þá var lagt, en ekki beðið um neina líðun. Menn segja, að umkvörtun þessi sè almenn, og er það merkilegt, því hèr í amtinu er einnig

lagt mikið gjald á menn til jafnaðarsjóðsins, og hafa allir goldið með fúsum vilja, að því leyti mèr er kunnugt; það eru ekki heldur neinir aðrir sjóðir til, sem bent verði á að grípa til, þegar þessu líkt ber að höndum, og hvaðan eiga þá amtmennirnir að fá í þessi útgjöld? Að öðru leyti virðist mèr sem amtmönnum með þessu móti verði gert lægra undir höfði en hreppstjórum, því þeir mega þó leggia aukaútsvar á sveitarbúa sína eptir þörfum og kríngumstæðum, og munu fá dæmi til, að yfirvaldið breyti þeim síðar. Vesturamtsbúar ætti einnig að gæta að því, hvort þetta ekki kemur í bága við stefnu þeirra niðurskurðarmanna í kláðamálinu. Lækníngamennirnir segja, að verðir sè óþarfir, en það er auk niðurskurðarins hið einasta meðal, sem niðurskurðarmennirnir vilja brúka. Mèr finnst það nú vera ósamkvæmni ekki að vilja borga þá verði, sem þeir þó hafa álitið nauðsynlega; niðurskurðarmennirnir brjóta hèr sína eigin reglu. Öðru máli skiptir það, með lögum að ákveða, hvað hátt jafnaðarsjóðsgjaldið megi vera hæst, en samt held eg það nokkuð valtan grundvöll til að byggja ofan á; hitt skyldi það heldur vera, hver gjöld á jafnaðarsjóðunum ætti að hvíla, enda þó það kynni ekki að verða undantekníngarlaust, og þá held eg ætti vel við, um leið að ákveða um stjórn og meðferð allra opinberra sjóða; en til þess að þíngið gefi þessu atriði gaum, verður einhver þíngmaður að koma fram með aðra bænarskrá þess efnis, er óski þessa yfir allt landið, en bindi sig ekki við Vesturamtið eitt, en verði nú kosin nefnd til að íhuga bænarskrá þessa, eins og hún nú liggur fyrir, þá get eg ekki gefið því meðmæli, nema með því skilyrði, að nefndin þá í áliti sínu taki til greina það sem eg nú hefi sagt.

Páll Sigurðsson: Bænarskráin kvartar yfir of miklu gjaldi til jafnaðarsjóðsins, en þó gjaldið sè nú hátt, er það eðlilegt vegna kláðans; allir eru á því, að verðir sè mjög nauðsynlegir, en það getur vel verið, að öllu því, sem goldið hefir verið, hafi verið sleingt saman, svo að menn vissu ekki, hvað var til varða goldið; og mèr sýnist að þessu leyti nefnd óþörf, en að svo miklu leyti sem nefndin ætti að ákveða með lögum, hvað hátt hæsta jafnaðarsjóðsgjald mætti vera.

Jón Hjaltalín: Þíngmaður Borgfirðínga sagði, að æskilegt væri að binda allt með lögum, en ef það er gjört, gæti það komið fyrir, að amtmennirnir hefði ekkert fè til umráða, hvað sem á lægi; og til þess þeir hafi það, verða þeir að hafa nokkuð fríar hendur. Það er líka aðgætanda, hvort gjaldið til jafnaðarsjóðsins ekki þá má

ske mundi hækka, ef eitthvert hæsta álag ætti að ákveða; því það sýndist mèr náttúrlegt að amtmennirnir gjörðu, nl. að taka nokkuð dýpra í árinni til vara, þegar þeir eiga að ákveða gjöldin til jafnaðarsjóðsins fyrirfram. Amtmennirnir verða að hafa nokkuð fríar hendur, en það er annað mál, að menn fái að vita, til hvers fènu er varið. Eg mæli því á móti nefnd, því ef því yrði framgeingt, sem bænarskráin fer fram á, þá legðist óþolanda band á framkvæmdarvaldið, sem er nógu bundið.

Sveinn Skúlason: Eg vil sem minnst binda hendur á þeim valdsmönnum, sem hafa framkvæmdarvaldið á hendi, þegar þeir láta jafnt ganga yfir alla, þó álögur þær, sem þeir leggja á almenníng, verði stundum þýngri en stundum, einkum þegar um slík mál er að ræða, sem varða velferð allra landsmanna, og þegar menn vita, að allir amtsbúar eru samhuga og sammála um það málefni, er hinum niðurjafnaða kostnaði er varið til. Mèr þykir líka mjög ísjárverð sú uppástúnga þíngmanns Borgfirðínga, að það væri fyrirfram ákveðið með lögum, hve miklu gjaldi hæst og lægst mætti jafna niður á jafnaðarsjóði amtanna; því eg er hræddur um, að það mundi verða ofan á, að amtmenn tæki þá ætíð hið hæsta gjald, er þeir gæti heimtað, þángað til þeir væri búnir að safna stórum sjóði, svo að þeir gæti haft fè til að grípa til í viðlögum. Kostnaðurinn, sem risið hefir af fjárkláðamálinu, og einkum Hvítárverðinum, er allir amtsbúar lètu sèr annt um að settur væri, hefir verið svo mikill hin síðustu ár, og hefir lagzt svo fjarska þúngt á á einu ári, og þess vegna eru umkartanirnar fram komnar. Það hefði, ef til vill, verið heppilegra, ef amtmaður hefði getað feingið lán, er borgað yrði smátt og smátt. Eg get ei annað en furðað mig á því, að einginn þíngmanna hefir óskað að heyra það skjal, sem *konúngsfulltrúinn* kveðst hafa meðferðis, og sem hafði svo mikil áhrif á suma hreppa í Dalasýslu, að þeir greiddu gjaldið, því mèr þykir líklegt, að það mundi skýra málið, og óska eg þess, að *konúngsfulltrúi* vildi lesa það upp fyrir þínginu.

Konúngsfulltrúi: Það er mjög mikið móti skapi mínu, að leingja þíngræðurnar í þessu máli. En vegna þess, að einn hinna heiðruðu þíngmanna hefir skorað á mig, að lesa upp fyrir þínginu brèf það, er eg minntist á, verð eg um leið með sem fæstum orðum að skýra nokkur atriði, án hverra innihald brèfsins getur ekki orðið skiljanlegt. Þegar eg hafði skýrt stjórninni frá ráðstöfun þeirri, er allir amtmennirnir álitu nauðsynlega, nefnil. að vörður væri settur

að vestanverðu með Hvítá, fèllst stjórnin á þessa ráðstöfun, og leyfði þar hjá, að kostnaðurinn til þess mætti takast úr jafnaðarsjóði Vesturamtsins. Í fyrra vor var amtsfundur haldinn í Stykkishólmi, og voru í hann valdir 2 hinir beztu menn úr hverri sýslu amtsins. Þessi fundur samþykkti ekki einúngis Hvítárvörðinn, og þær ráðstafanir, er stóðu í sambandi við hann, heldur lýsti fundurinn því yfir í bænarskrá, er fundarmenn rituðu konúngi, að þeir samþykkti vörðinn og kynni mèr þakkir fyrir, að hann hefði verið settur, og töldu það víst, að hefði það ekki verið gjört, mundi fjárkláðinn þá hafa verið orðinn út breiddur til mikils hluta af Vesturamtinu. Þegar nú varðkostnaðinn, er með öllu þar að lútanda hljóp næstum því til 4000 rd., skyldi greiða af jafnaðarsjóðnum, skorti fè til þess, og bað eg því stjórnina um peníngalán. Þetta veitti stjornin með fjáraukalögum *(Tillægsbevillingslov)* 29. des. 1857, og kvað þar að auki á, að lán þetta með lagavöxtum skyldi verða borgað aptur að 2 árum liðnum af amtsbúum eða jafnaðarsjóði Vesturamtsins. Af því eg af varðkostnaðinum gat borgað nokkuð yfir 1200 rd. árið sem leið af gjöldum þeim, er greiddust til amtsjafnaðarsjóðsins í fyrra, sem voru 10 sk. af hverju lausafjárhundraði, þurfti eg ekki að taka meira lán en rúma 2400 rd. Um þetta lán skrifaði eg stjórninni, að borgunarfrestur þess mætti eigi reiknast frá fjáraukalaganna dato, heldur frá þeim tíma sumarið 1858, þegar lánið var tekið úr jarðabókarsjóðnum. Eg bað þar að auki um, að rentur af láninu mætti niður falla, en lánið sjálft borgast á 2 árum, nefnil. helmíngur í ár og helmíngur árið 1860, af því það væri amtsbúum of þúngt að greiða lánið allt á einu ári, eins og ákveðið var í fjáraukalögunum. Til þess nú að geta borgað þann helmíng lánsins, sem í ár átti að greiðast, hefi eg í ár jafnað 12 sk. niður á hvert lausafjárhundrað í Vesturamtinu, því mèr taldist svo, að með þessu gjaldi til sjóðsins mundu rúmir 1200 rd. í ár geta endurgoldizt af láninu. Eg hafði þar hjá í hyggju, vegna harðinda þeirra, sem upp á eru fallin, að biðja stjórnina um, að hinn helmíngur lánsins mætti jafnast niður á fleiri ár til borgunar, svo að eigi þyrfti þýngri álögur, sem teljandi væri, á amtsbúa, en venjulegt er; hvað sem nú getur af því orðið.

Sveinn Skúlason: Eg get ei betur sèð, en að *konúngsfulltrúi* hafi nú gjört svo fulla og góða grein fyrir aðgjörðum sínum, að eingin ástæða sè til að kvarta yfir þessari niðurjöfnun hans, og mæli eg því móti nefnd í málinu.

Indriði Gíslason: Eg vil að eins minna *konúngsfulltrúa* á það, sem hann víst ekki ber á móti, að hann sagði á amtsfundinum, að það bæri ei Vesturamtinu með réttu, að bera kostnaðinn af Hvítárverðinum. Viðvíkjandi því, að tíminn hafi verið orðinn of naumur til að breyta jafnaðarsjóðsgjaldinu, þá getur það verið má ske rétt, en eg er sannfærður um, að þingið muni ekki vilja sleppa þeim rétti sínum, að ei sé á lagðir skattar án þingsins samþykkis. Þar sem þingmaður Gullbríngusýslu sagði, að ei væri betra að gjalda eptir lögum en sanngjarnri niðurjöfnun, þá er það undarlegt, því með lögum skal land byggja *(Konúngsfulltrúi:* en með ólögum eyða); ef exíkvera ætti þetta gjald, þá kann að koma í ljós, hvort þingið, ef það fellir bænarskrána, hefir gætt réttar síns, og hvað þar af leiðir, og þá mun bezt sjást, hvað tollurinn hefir löglega verið á lagður.

Guðmundur Brandsson: Þar þingmaður Dalasýslu sagði, að eg hefði sagt, að eins gott væri að gjalda, þó eingin lög væri fyrir, þá mótmæli eg því, að eg hafi það nokkurn tíma talað, og vorkenni honum annars þetta minnisleysi, því það kemur víst ekki af öðru, að hann ránghermir þetta svona, og því get eg skilið, að hann hafi haft rétt að mæla í því, sem hann áðan kvartaði yfir.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mér er nú orðið óþarft að standa upp eður tala frekar í þessu máli, því bæði hefir sá háttvirti 6. konúngkjörni þingmaður og sá heiðraði þingmaður úr Norður-Þíngeyjarsýslu tekið flest allt það fram, er eg vildi hafa sagt, og svo hefir sá hæstvirti *konúngsfulltrúi* gjört þínginu svo góða og greinilega skýrslu, að það er líklegt, að það viti, hvað réttast er að afráða. Mér virðist málið óþarft (— *Forseti*: Eg bið þingmenn að gæta þess, að málefnið er ekki einúngis kvörtun, heldur uppástúnga um nýjar lagaákvarðanir eptirleiðis —). Eg þurfti nú ekki þessarar útskýríngar við; eg álít málið óþarfa eins fyrir það, þó eg skoði það í tvennu lagi, og fer ekki út fyrir efnið, þó eg skýri frá, vegna hvers að eg vil hrinda bænarskránni í báðum hennar atriðum. Það fyrra er umkvörtun yfir þörfum og réttlátum, skeðum og framkomnum, aðgjörðum yfirvaldsins; þetta atriði þykir mér hvorki þarft né tilhlýðilegt að alþíngi taki til nefndar. Hið annað atriði er, að hér eptir verði settar vissar reglur um það, hvað jafnaðarsjóðurinn megi gjalda, og hefir fram komið sú uppástúnga, að víst takmark verði sett, hvaða gjald að amtið megi í því skyni hæst leggja á lausafjárhundruðin. Þetta finnst mér nú líka mjög vanskilegt, og að þíngið ætti mjög örðugt með að gjöra þá áætlun, svo að amtmenn gæti ekki allt

eins farið í kríngum það. Ef gjald þetta væri til tekið hátt, getur svo farið, að þeir í fullu lagaleyfi legði hátt gjald á menn, þó sjóðurinn hefði litlar byrðar að bera. En væri nú gjaldstakmarkið sett lágt, yrði hendur yfirvaldsins bundnar svo, að hann hefði ekkert til að grípa og gæti ekkert í ráðizt, þegar kann ske lífið lægi þó á, og bráðan háska bæri að, sem strax þyrfti að gjalda varhuga við, svo sem var með fjárkláðaútbreiðsluna, og væri þá ákvörðun þessi betur ógjörð; því það er seint að byrgja brunninn, þá barnið er dottið ofan í hann. Það hefði verið seint að setja vaktina við hana Hvítá, hefði fyrst átt að spyrja stjórnina í Danmörku, og þar næst tilkomanda alþingi, hvort það mætti vegna kostnaðarins. Eg held því, að það ætti að hrinda bænarskránni allt eins í þessu hennar síðara atriði, og það færi ekkert betur fram, þó það væri tekið, heldur en að láta standa eins og er.

Forseti: Áður en umræðurnar fara leingra í svona einstaklega stefnu, eins og nú virðist fyrir flestum, finn eg mèr skylt að vekja athygli þíngmanna að því, sem þegar er tekið fram af hinum heiðraða þíngmanni Borgfirðínga, og nokkrum öðrum, að skjalið hefir til meðferðar 2 sèrstök aðalatriði: annað er umkvörtun yfir, að of hátt gjald hafi verið jafnað niður, hitt er almenns bænarskráreínis, um að þíngið biðji um lagáakvarðanir lútandi að því, hver gjöld megi lenda á jafnaðarsjóði, og í þess notum jafna niður á alþýðu, eða með öðrum orðum, að alþíngi vaki yfir, að eingin almenn gjöld sè lögð á almenníng, án þess þínginu gefist kostur á, að hafa þar af afskipti eða samþykkja þau. Þetta atriðið sjá allir að er almennt og verulegt, og nefndin, sem yrði kosin, gæti vel aðhyllzt það atriðið, en látið hitt liggja milli hluta, ef henni svo sýndist. Og þó að nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu að fylgja fram báðum atriðunum, þá ætti þíngið kost á að fella hið fyrra atriðið, ef því þætti það rèttara, þegar málið kæmi til umræðu. Mèr virðist því ljóst, að þessi 2 ólíku atriði þurfi alls eigi að standa í vegi fyrir nefndarkosníngu.

Halldór Jónsson: Hinn háttvirti *forseti* tók af mèr ómak; eg vildi að eins hafa leitt athygli þíngmanna að því, að í bænarskránni eru fólgin 2 atriði, og að ræður sumra þíngmanna binda sig mest eða eingaungu við fyrra atriðið, nl. umkvörtun yfir aðgjörðum háyfirvaldsins, aptur annara við hið síðara atriðið, að ekki skuli mega leggja ný gjöld á almenníng án lagaboðs, er heimili þau. Umkvörtunina sè eg nú ekki á rökum byggða, því málið krafði bráðra

aðgjörða. En má ske það mætti standast að greiða atkvæði um hvort atriðið fyrir sig.

Arnljótur Ólafsson: Mèr þótti vænt um að heyra, að hinn háttvirti *forseti* var á sama máli og eg, að 2 atriði væri í málinu, og að umkvörtunin var eigi yfir einstökum embættismanni, heldur umkvörtun yfir of háu gjaldi; hitt atriðið er umkvörtun yfir því, að vanti lög. Eg get ei annað en álitið það æskilegt, að ákveðið væri, hvað há gjöldin til jafnaðarsjóðsins ætti að vera, og finnst mèr, að alþingi ætti að ráða því. Eg hefi reyndar eigi sagt, að allar álögur væri ólöglegar, sem ei væri ákveðnar að lögum, þótt eg annars ætli, að svo sè; en til þess vil eg benda, hvernig fara muni, þegar vantar lög, er ákveði, hvað miklar álögur megi á leggja. Ráðgjafinn skipar, að gjaldið skuli heimta. Amtmenn skipa sýslumönnum að krefjast þess. Þeir, sem gjalda, færast undan og bera sig upp við amtmann, en amtmaður vísar til ráðgjafans úrskurðar. Amtmaður vill þá taka gjaldið lögtaki, en bóndi heimtar dóm yfir sig; en eptir hverju á nú að dæma, þegar eingin lög eru? Þetta ætti þingið að fyrirbyggja. Amtmenn hafa eingan lagarètt til að jafna niður álögum á menn, eins og hreppstjórar aukaútsvari, og því hafa þeir ekki eins mikið vald, eins og hreppstjórar, að lögum, og er þeim þá gjört lægra undir höfði. Hvers vegna vill þingið neita þeim um, að fá þetta vald, og neita um nefnd í því máli, sem vill fá þeim þetta vald? *Konúngsfulltrúi* sagði, að lánið væri eptir lögum, og skírskotaði til fjárhagslaga Dana 1858; lánið er *veitt* að lögum, það er satt, en hitt er eins satt, að lánið er *eigi tekið* að lögum; þing Dana hefir eingan rètt til að leggja álögur á oss eður á jafnaðarsjóðina í landinu, og amtmaður hefir eingan lagarètt til að semja fyrir jafnaðarsjóðina um lán til þess kostnaðar, sem eigi er heimilaður í lögum; hann er og embættismaður stjórnarinnar, og því eru þess háttar samníngar hans við þing Dana eins og þeir væri gjörðir af stjórninni sjálfri; það er lán, sem hún verður að borga, en eigi vèr, fyr en málið hefir verið borið undir alþingi. Eg tek það enn fram, að það væri þægilegt bæði fyrir þann, er heimtar gjaldið, og eins fyrir þann, er geldur það, að hafa hèr lög fyrir sèr. Þó er það eigi ætlun mín, að hvað eina sè rígbundið með lögum, heldur vil eg, að ákveðið verði með lögum, hversu hátt hið hæsta gjald til jafnaðarsjóðanna megi vera, líkt og gjört var í Danmörku með opnu brèfi 31. des. 1819. En hvernig sem menn velta nú máli þessu fyrir sèr, þá

verður þó æfinlega aðalumtalsefnið: vilja menn hafa lög í landi, eður vilja menn það eigi?

Guðmundur Brandsson: Viðvíkjandi því, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, að amtmönnum væri gjört lægra undir höfði en hreppstjórum, þá er það ei satt, því amtmenn hafa einmitt vald til að jafna niður gjaldinu til jafnaðarsjóðsins; en menn verða vel að gæta þess, að ný lög, sem nú yrði gjörð um niðurjöfnunina, kæmi ei í bága við stjórnarskipunina, sem ei er enn um garð geingin, og vil eg ekki hafa á móti nefnd, ef hún gjörir málið almennt, og sèr um, að þetta komi ei í bága síðar.

Indriði Gíslason: Þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að hreppstjórar hefði meira vald en amtmenn; hreppstjórana má þó klaga, en fyrir hverjum á að klaga amtmennina? ekki fyrir stjórninni, því sá fer ei sekur af þinginu, er sjálfur dæmir, heldur fyrir þinginu. Þar sem *konúngsfulltrúi* sagði, að amtsreikníngarnir stæði undir eins skarpri og nákvæmri skoðun stjórnarinnar, eins og sýslureikníngarnir frá sýslumönnum, þá mun nú sumum þykja það má ske þakkarvert, að fá að sjá meðhöndlun fjárins með augum stjórnarinnar, en þó þakkarverðara, að sjá reikníngana á amts-*contoirinu,* þótt þar að líkindum yrði þraungt, ef allir amtsbúar koma sama daginn; en mjög er það samboðið öðrum athöfnum þessarar álögu; en þakkarverðast er þó, að sjá þá á prenti. Eg get ei dulizt þess, að eg vil votta hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga innilegar þakkir fyrir það, að hann hefir reynt að halda sinni verndarhendi yfir heiðri þingsins og rèttindum í þessu máli, að það yrði sèr ei til minnkunar með því að vísa þessari bænarskrá frá.

Ásgeir Einarsson: Af umræðum málsins hefi eg sannfærzt um það, að nefnd eigi að kjósa í málið. Það er ekki heldur víst, að amtmanni sè nokkur þága í því, að nefnd ei sè kosin, því mál þetta er almennt, og nær ei að eins til Vesturamtsins, og finnst mèr það ósamkvæmni af þinginu, ef það ei vill kjósa nefnd, þar sem það nýlega hefir sett nefnd í umkvörtunina úr Vestur-Skaptafellssýslu.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Það atriði, sem fram kom í tölu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga, að veita amtmönnum nýtt vald, að hann segir, eins og hreppstjórum, til að leggja aukaútsvar á alþýðu til jafnaðarsjóðsins eptir efnahag eða kann ske velþóknun, virðist mèr að vera ný uppástúnga, og ekki verða rædd á þessum fundi til inngángs, heldur verði þingmaðurinn að framleggja

hana skriflega til *forseta,* sem nýja uppástúngu, en bænarskráin, sem nú er undir umræðum, verði í dag að fara sína leið fyrir henni.

Gísli Brynjúlfsson: Það kann vel að vera, að það, sem þingmaður Borgfirðínga og varaþingmaðurinn úr Dalasýslu hafa sagt, sè vel meint; en hitt finnst mèr heldur efasamt, hvort það sè svo á rökum byggt. Eg fæ ekki sèð, hvernig menn geta sagt, að alþingi, með því nú að skjóta þessu máli frá sèr, sleppi nokkurri vitund af rètti sínum, þar sem vèr þó allir vitum, að þingið því miður ekki enn hefir nokkur umráð yfir fjárhag landsins, sem þetta mál þó auðsjáanlega á mjög svo skylt við. Hversu fús sem eg því æfinlega skal vera á að styðja það, að þingið í þessu tilliti fái sem mestan rètt, og það sem fyrst að verða má, og þó að eg einnig manna sízt vilji hafa á móti því, sem mèr ætíð hefir fundizt hið eðlilegasta, að landsmenn sjálfir ætíð hafi sem mesta hönd í bagga með, þegar um útsvör þeirra ræðir —, þá get eg þó ei sèð, til hvers það er, að vera nú að reyna til að berja þessa bænarskrá fram hèr á þínginu, með því að telja því trú um, að það annars sleppi rètti sínum, sem öldúngis ekki á hèr við. Það er satt, að í bænarskránni eru tvö atriði, annað almenns efnis, en hitt, er þar er í fyrirrúminu, miklu einstaklegra; en af því atriðið um jafnaðarsjóðina yfir höfuð auðsjáanlega er mjög svo nákomið sveitastjórnar- og landstjórnarmálinu, sem þó víst síðar munu koma fyrir hèr á þínginu, þá sè eg nú einga ástæðu til þess, sem stendur, að setja sèrstaka nefnd um þetta atriði, því það kynni miklu fremur að eins að verða góðum úrslitum hinna málanna til tálmunar, ef menn fyrirfram byndi hendur sínar um svo einstaka grein; og hvað fyrra atriði bænaskrárinnar viðvíkur, þá verður það þó, hvernig sem því svo er snúið, aldrei annað en óþarfaumkvörtun yfir aðgjörðum embættismanns, sem eg þó ei get sèð að hafi gjört annað en að eins skyldu sína í aðalmálinu, og sè eg því ei heldur nokkra ástæðu fyrir þingið að taka slíkt til greina. Eg verð því nú öldúngis að vera á móti því, að nefnd sè sett um þessa bænarskrá, en hitt er annað, að eg skal ei hafa á móti, að hið síðara atriði hennar sè tekið til greina á sínum tíma.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil svara þingmanni Skagfirðínga með því að lesa upp 4. gr. í tilskip. 28. maí 1831.

Gísli Brynjúlfsson: Hèr er ei verið að tala um ný lög, því það vill einginn, að alþingi sleppi rètti sínum, hvað þau snertir, heldur er verið að tala um, hvernig amtmaður hafi beitt gömlum lögum, og er eg því fastur á því, að nefnd þurfi ei að setja í þetta mál.

Forseti: Það er einmitt verið að tala um að fá ný lög, er ákveði, hver gjöld og hversu mikil upphæð þeirra gjalda megi hvíla á jafnaðarsjóðnum.

Gísli Brynjúlfsson: Já en hèr hafa ei verið gefin nokkur ný lög, án samþykkis alþíngis, og það er því, sem eg hefi svarað þeim, er hèldu, að alþíngi sleppti rètti sínum, ef það nú ei tæki þessa bænarskrá til greinar.

Arnljótur Ólafsson: Hèr er í stuttu máli um það að gjöra, hvort menn vilja fá lög, er ákveði, hvað hátt gjaldið til jafnaðarsjóðanna eigi að vera, og í öðru lagi, hvort rèttur alþíngis, og eg segi, rèttur þjóðarinnar, sem á fulla heimtíng á, að henni sè stjórnað eptir lögum, sè eigi fótum troðinn, ef þegnskylda er heimt af alþýðu eptir ráðstöfun embættismanna einna, án þess þau sè ákveðin með nokkrum lögum.

Halldór Jónsson: Þegar eg stakk upp á, að skipta atriðunum í bænarskránni til atkvæðagreiðslu, gjörði eg það einúngis af því, að eg hèlt það mundi hafa áhrif á atkvæðagreiðsluna, ef atkvæðin væri greidd um bæði atriðin í einu.

Ásgeir Einarsson: Bænarskráin er ekki svo flókin, að menn þurfi að misskilja hana, og mætti því verja betur tímanum, en að brúka hann til að þrátta um það, hvað beðið sè um, en mèr þykir það merkilegt af þínginu að taka nýlega við bænarskrá úr Vestur-Skaptafellssýslu, sem var klögun yfir stiptamtmanni út af því, að hann hafði gjört rètt, en vilja nú ei biðja konúng um lög, svo ei verði gjört rángt; en enginn getur sett nefndinni nein takmörk, því hún ræður því sjálf, hvað hún gjörir; málið er yfirgripsmikið, og mèr getur ekki annað en þótt það undarlegt, að þíngið vill skoða 3—4 sýslur svo sem einstaka menn.

Forseti: Viðvíkjandi því, sem stúngið hefir verið upp á, að skipta atriðum bænarskráarinnar í tvennt undir atkvæðagreiðslu til nefndarkosníngar, þá get eg það ekki upp á mitt eindæmi, allrasízt án beinlínis kröfu frá flutníngsmanni, og þíngið hefir að mínu áliti ei rètt til þess, heldur verður þíngið að kjósa nefnd til að yfirvega alla bænarskrána, eins og hún nú er; en nefndin ræður sinni meðferð á málinu, og þíngið getur síðar með atkvæðum fellt eða samþykkt þær uppástúngur, sem nefndin gjörir.

Indriði Gíslason: Þíngmaður Skagfirðínga sagði, að ekki þyrfti lög um það, sem áður væri lögákveðið; það er vel, ef hann getur greitt úr þessari bendu, og sýnt þínginu gildandi lög, er heimili, að

leggja megi Hvítárvarðar- og lækníngakostnaðinn á jafnaðarsjóði Vesturamtsins.

Gísli Brynjúlfsson: Lögin eru nú þau, að amtmenn ákveði gjaldið til jafnaðarsjóðanna, eptir því sem nauðsyn þykir krefja, og þarf eg því ei að greiða hèr úr neinni bendu. En hvað því viðvíkur, sem sagt hefir verið, að það væri ósamkvæmni fyrir þíngið að vísa nú þessari bænarskrá frá, en hafa þó áður sett sèrstaka nefnd um líka bænarskrá frá Skaptafellssýslu, þá verð eg að geta þess, að eg er mèr þó að minnsta kosti ekki ósamþykkur í því tilliti, því eg áleit þá líka rèttast, að vísa þeirri bænarskrá til þeirrar aðalnefndar, er setja á í kláðamálinu. Tilgángurinn var og í raun og veru annar með bænarskrá Skaptfellínga en Vestanmanna, er nú að eins hafa á móti, að gjalda fyrir vörðinn úr amtssjóði, þar sem hinir einmitt óskuðu þess.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg hafði ásett mèr að standa ekki upp til að tala í þessu máli, því umræðurnar eru þegar orðnar nógu lángar, en það er eins og það ætli að verða nauðsynlegt, að þíngtíðindin beri með sèr, hverja skoðun hver einstakur þíngmaður hefir á þessu máli. Eg skildi þessa umkvörtun, eða hvað hún heitir, svo, strax sem hún var lesin upp, að það væri tvö atriði í henni, sem þíngið ætti að taka til greina; hið fyrra er umkvörtun eða klögun yfir aðgjörðum amtmannsins í Vesturamtinu viðvíkjandi jafnaðarsjóðsgjaldinu í nefndu amti. Hið síðara atriði er ósk eða áskoran Vestfirðínga til þíngsins um það, að það riti konúngi bænarskrá, sem fari fram á, að eingir nýir skattar eða álögur verði lagðar á án samþykkis þíngsins. Hvað fyrra atriðinu viðvíkur, þá er mèr orðið ljóst, bæði af skýrslu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* og ræðum sumra þíngmanna í dag, að amtmaðurinn í Vesturamtinu hefir alls ekki gjört amtsbúum rángt til, og að það því er þýðíngarlaust, að þíngið taki þessa umkvörtun til greina, og leiðir ekki til annars, en þíngið slítur kröptum sínum og eyðir tímanum til einkis. Aptur á mót virðist mèr seinna atriðið til greina takanda. Eg vil því helzt halla mèr að uppástúngu þíngmannsins úr Norður-Múlasýslu, og óska þess, að umkvörtuninni verði skipt í sundur, ef það er leyfilegt, til atkvæða, því annars kostar neyðist eg til að greiða atkvæði móti nefndarkosníng í máli þessu yfir höfuð.

Pètur Pètursson: Eg er líka á því, að hèr sè um 2 ósamkynja atriði að ræða, og finnst mèr vert að skýra það og taka fram, og heyri eg fleiri eru sömu meiníngar; vil eg því skjóta til *forseta*, hvort ei

sè tiltækilegt, að láta greiða atkvæði um hvort fyrir sig; því ekki er ólíklegt, að margir sè með síðara atriðinu, sem eru hinu mótfallnir, og því sæti, ef um allt ætti að greiða atkvæði í einu, en það þarf að taka það fram, svo eigi verði misskilningur.

Ólafur Jónsson: Væri þá eigi betra, að einhver þingmaður, sem er með nefnd, gjörði almennari og yfirgripsmeiri uppástúngu um 2. atriðið?

Arnljótur Ólafsson: Það má segja um mál þetta, að opt verður mikill eldur af litlum neista. Nú eru sumir á því að fella málið, af því þingmanninum úr Húnavatnssýslu geðjast eigi að 1. atriðinu; það er ólögulegt og enda ótilhlýðilegt að vilja hluta bænarskrána í sundur. Það er eins og menn hafi eigi það traust til nefndar, að hún muni haga gjörðum sínum svo þínginu sæmi. Eg get ekki annað sagt, en að mèr finnst það ástæðulaust, að hrinda bænarskránni vegna fyrra atriðisins, og það er óskipulegt að hluta hana í sundur og hrinda 1. atriðinu, eins og *forseti* mun við kannast, og er því rèttast að taka bæði atriðin. Eg vil og benda þínginu til þess, hversu ósamkvæmt það yrði sjálfu sèr, ef það felldi þessa bænarskrá, af því að í henni er umkvörtun yfir gjörðum amtmannsins í Vesturumdæminu, þar sem umkvörtuninni yfir stiptamtmanninum er gefinn gaumur af þínginu; eg álít rèttast að gjöra báðum þessum amtmönnum jafnt undir höfði, og ætla eg amtmaðurinn í Vesturamtinu muni eigi kunna mig þess, að eg set hann við hliðina á stiptamtmanninum sjálfum.

Halldór Jónsson: Þingmaður Borgfirðínga má eigi gjöra neinum gjörsakir fyrir hlutdrægni í ræðum og atkvæðagreiðslu.

Arnljótur Ólafsson: Það vil eg heldur eigi gjöra.

Pètur Pètursson: Það er komið undir flutníngsmanni, hvort greiða skuli atkvæði um bænarskrána í tvennu lagi eða eigi; hafi hann ekkert á móti því, getur einginn annar haft á móti því.

Páll Sigurðsson: Nefndin hefir frjálsar hendur, hvaða stefnu hún tekur, og er bezt að fela henni það, og þyki annað atriðið þess vert, er gjörlegt að setja nefnd í málið, þó hitt líki miður; hún getur þá geingið fram hjá því.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr þykir vænt, að þingmaður Borgfirðínga vakti máls á því, að ólöglegt mundi að skipta bænarskránni, því eg vona það verði þá einmitt því fremur til þess, að hún verði alveg felld í heilu lagi. Það er ekki þar fyrir lokum fyrir skotið, að það atriðið í henni, sem notanda er, megi eins síðar koma fram, og sè eg þar mennina til að sjá um að svo verði; því, eptir því

sem umræður hafa farið hèr í dag, held eg það sè eingum skyldara en þeim þingmönnum Borgfirðínga og úr Dalasýslu, að annast þetta, með því að gera það atriðið að sinni uppástúngu í annað skipti. En hvað því viðvíkur, að mönnum hafa verið gerðar gersakir um atkvæðagreiðslu, þá má það síðar sjást, þegar um mikilvægari málefni ræðir en þetta, hver í raun og veru er hlutdrægastur og Íslendíngum hollastur.

Indriði Gíslason: Menn kvarta um þekkíngarleysi á því, til hvers sjóðunum sè varið, og menn þekkja eigi lagaboð, er leyfi, að Hvítárvarðarkostnaðurinn sè greiddur úr jafnaðarsjóðnum. Það er því undarlegt, að vilja kljúfa bænarskrána í sundur, þar sem einmitt fyrri hluti hennar skýrir frá, hvers vegna menn ekki vilji, að amtmenn leggi án laga á jafnaðarsjóðina, því líklega ætti menn heldur að vilja greiða eptir lögboðnum hætti, en sundurleitum geðþótta yfirvaldanna.

Guðmundur Brandsson: Það er kátlegt, hvernig menn staglast á því sama; eg tók það skýrt fram áðan, að eg væri ekki á móti nefnd, ef álit hennar hnigi að því, að fá lagaboð um meðferð allra sjóða á landinu, og það er með því eina skilyrði, að eg vil hana. Hvað það snertir, að þíngmaður Dalasýslu sagði, að amtmenn breyti stundum niðurjöfnun hreppstjóra, en það gjöra þeir að eins þegar innbyrðis ójöfnuður þykir vera á útsvari einstakra manna í sama hreppi, annars gjöra þeir það ekki og hafa ekkert vald til þess ella; meira að segja, öll góð og gætin yfirvöld varast þetta í leingstu lög; en veit þíngmaðurinn til, að yfirvaldið hafi nokkurn tíma lækkað eða hækkað hreppsútsvarið í heild sinni? því það eitt gæti má ske orðið til samanburðar við það, sem nú er verið um að tala.

Indriði Gíslason: Viðvíkjandi því, sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði um jöfnuðinn, þá var það vel á minnzt; því sumir hafa í Vesturamtinu goldið 6 sk., aðrir 12 sk., og í þíngboðsseðlum Mýrasýslu munu hafa staðið 16 sk.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal svara þíngmanni Gullbríngusýslu því, að eg skildi það, eins og hann nú gat um, að lagaboðið skyldi ná til hinna amtanna líka, enda er það sjálfsagt, að þegar beðið er um almennt lagaboð, þá hlýtur það að taka yfir land allt, en gilda eigi fyrir Vesturamtið eingaungu.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að bera á móti því sem öldúngis ósönnu, sem þíngmaðurinn frá Dalasýslu sagði, að 16 sk. hefði verið lagðir á lausafjárhundraðið í Mýrasýslu, eða greiddir af því.

Eg hefi, eins og eðlilegt og vanalegt hefir verið, lagt jafnt gjald á lausafjártíundina í öllu amtinu. Að sumir amtsbúar nú borga 12 sk., eins og eg hefi ákveðið, en sumir 6 sk., það er ekki mèr að kenna, heldur þingmanninum úr Dalasýslu og fylgjurum hans; en hvort slík óregla og óstjórn getur leingi staðizt, það vil eg fela þingmönnum sjálfum að dæma um.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg sem þingmaður Mýrasýslu get gjört grein fyrir því, að þar í sýslu var á næstliðnu vori hvorki krafizt nè tekið hærra jafnaðarsjóðsgjald, en 12 sk. af hundraði. En saga sú, er þingmaður Dalasýslu hefir fram fært, um 16 sk. gjaldið þar, mun vera byggð á þeirri völtu ástæðu, að í þingsboðsseðlinum stóð (að minnsta kosti þeim, sem mèr tilheyrði að sjá), að jafnaðarsjóðsgjaldið mundi verða 16 sk. af hundraði. Strax og sýslumaður hèlt þing við bændur, var það hans fyrsta að skýra þeim, að þetta gjald væri lægra, því hann hefði ekki verið búinn að fá vissa ákvörðun frá amtmanni, þá hann hefði gefið út þingsboðsseðlana. Enginn maður fann að því, þó hann í fyrstu tæki munninn fullan með þetta gjald, því bæði hann og þeir munu hafa vitað, að þörf og ástæða var nóg, og kann ske ekki hentugra síðar, en þó strax hefði verið lagðir 16 sk. á hvert hundrað.

Forseti: Eg álít þá inngángsumræðu þessari lokið, en fyrst flutníngsmaður bænarskráarinnar ekki hefir viljað fallast á það, sem nokkrir þingmenn hafa farið fram á, að kljúfa atriði bænarskráarinnar til atkvæðagreiðslu, verður að greiða atkvæði um, hvort fela skuli bænarskrána, eins og hún er, sèrstakri nefnd til meðferðar.

Var síðan geingið til atkvæða og bænarskráin felld frá nefndarkosníngu með 14 atkvæðum mót 8.

Arnljótur Ólafsson: Það er þá fellt, að kjósa skuli sèrstaka nefnd í málið, en þá er eptir að greiða atkvæði um, hvort vísa skuli því til nefndarinnar um umkvörtunina úr Vestur-Skaptafellssýslu, eins og hinn 6. konúngkjörni þingmaður stakk upp á.

Forseti: Eg verð reyndar að álíta, að þetta spursmál standi enn opið til atkvæðagreiðslu, þar sem hinn heiðraði 6. konúngkjörni þingmaður hreifði uppástúngu um þetta í upphafi umræðanna um þetta mál.

Jón Hjaltalín: Þingmaðurinn hefir misskilið mig, það var ekki meiníng mín, en eg brá því upp í spaugi.

Forseti: Eg verð þá að álíta, að þetta spursmál geti ekki komið til atkvæða hèðan af, úr því sá, sem hreifði þessu, vill nú eigi kannast við það sem beina uppástúngu.

Ásgeir Einarsson: Er það leyfilegt eptir 59. gr. alþingistilskipunarinnar, að þingmenn gjöri uppástúngur í spaugi?

Forseti: Það eru eptir 2 uppástúngur, er ætti að koma til umræðu í dag eptir dagskránni; er önnur uppástúnga þingmannsins úr Gullbríngusýslu áhrærandi alþingistíðindin, og þó það kunni að vera efasamt, hvort í hana þurfi að kjósa nefnd, þá uggir mig samt, að út af henni muni spinnast all-lángar umræður, og af því nú er orðið á liðið, álít eg varlegra að fresta þessum 2 uppástúngum til næsta fundar, en hlaupa yfir þær nú; og kemur þá þar næst samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu nefndarálit um hið konúnglega frumvarp *viðvíkjandi breytíngu á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahaldið;* eg hefi látið prenta atkvæðaskrána, og vona, að hún liggi fyrir hverjum þíngmanni. *Framsögumaður* er hinn háttvirti *varaforseti.*

Atkvæðaskrá
í málinu um
konúnglegt frumvarp til opins brèfs viðvíkjandi breytíngu á tilsk. 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

1. Breytíngaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar:*
   að þíngið biðji um, að löggildíngu þessa frumvarps verði frestað fyrst um sinn.
2. Breytíngaratkvæði *Benedikts Þórðarsonar:*
   Sunnudagar og aðrir helgir dagar eiga helgir að vera frá morgni til kvelds, og því skulu þau störf, skemmtanir og önnur fyrirtæki, sem eptir tilsk. 28. marz 1855 eigi eru leyfileg á sunnu- og helgidögum fyr en eptir miðaptan, mega hèr eptir eigi heldur fram fara hinn tímann, sem eptir er til kvelds á þessum dögum. Þó eru nauðsynjaverk hèr undanþegin, samkvæmt hinum nákvæmari ákvörðunum í tèðri tilskipun.
3. Frumvarp stjórnarinnar *(Nefndin):*
   Þau störf, skemmtanir og önnur fyrirtæki, sem eptir tilskipun 28. marz 1855 eru eigi leyfileg á sunnu- og helgidögum fyr en eptir miðaptan, mega hèr eptir eigi heldur fram fara hinn tímann, sem eptir er til kvelds á þessum dögum.
4. Varaatkvæði *H. Kr. Friðrikssonar:*
   Að tilsk. 28. marz 1855 standi óbreytt fyrir Reykjavík og aðra kaupstaði á Íslandi.

5. Viðaukaatkvæði *Guðmundar Brandssonar:*

að við endann á grein frumvarpsins verði bætt:

„Þó skal verzlun á þessum tíma vera leyfileg í öllum kaupstöðum“.

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Eg vil ei vera lángorður um breytíngaratkvæði og viðaukaatkvæði þau, er komið var fram með við undirbúníngsumræðu málsins, þar mótbárum þeim, sem hefir verið komið fram með á móti frumvarpi stjórnarinnar, mun hafa verið hrundið þá, og vil eg því ekki tala meira þar um, þángað til menn koma fram með nýjar röksemdir á móti stjórnarfrumvarpinu, aðrar en þær, er komu í ljós við undirbúníngsumræðuna. En þar eð eg sè, að þíngmaður Reykvíkínga er ei viðstaddur, svo að hann getur ei varið atkvæði sín eða, ef til vill, er fallinn frá þeim, vil eg þó tala lítið eitt um hvert breytíngaratkvæði fyrir sig. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga undir tölulið 1., um að löggildíng frumvarpsins verði frestað fyrst um sinn, þá er óþarft að eyða orðum um það, því ef þíngið geingi inn á það, þá væri það hið sama og að ónýta allt málið. Þar næst kemur breytíngaratkvæði eins meðnefndarmannsins undir tölulið 2., og er það líkrar meiníngar og frumvarpsgreinin. Uppástúngumaður hefir viljað skýra málið betur, en endirinn á breytíngaratkvæði hans gjörir það óhafanda, þetta nefnil. „þó eru nauðsynjaverk hèr undanþegin samkvæmt hinum nákvæmari ákvörðunum í tèðri tilskipun“. Því þau verk, sem talað er um í tèðri tilskipun, eru *ónauðsynjaverk*, og væri það þó hálfhlægilegt að orða lagaboðið þannig, að ónauðsynjaverk sè bönnuð allan daginn, en þó skuli nauðsynjaverk vera þar frá undanskilin. Þar næst kemur varaatkvæði þíngmanns Reykvíkínga, um að tilsk. 28. marz 1855 standi óbreytt fyrir Reykjavík og aðra kaupstaði á Íslandi, og loksins viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, um að verzlun skuli vera leyfð eptir kl. 6 í kaupstöðum öllum, og eru þau bæði líks eðlis. Af ástæðum stjórnarinnar fyrir frumvarpinu hafa menn sèð, að henni þótti ótilhlýðilegt, að gefa það lagaboð, sem ekki væri almennt og næði yfir allt landið. Ef menn nú fallast á breytíngaratkvæði þessi, er það þess vegna sama og að fella allt frumvarpið. Að svo mæltu vil eg ekki fara hèr um fleiri orðum að sinni, en fel þínginu að skera úr þessu máli sem bezt með atkvæðagreiðslu sinni.

Halldór Jónsson: Eg álít ekki nauðsynlegt að tala móti breytíngaratkvæðunum í þessu máli. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir

sýnt fram á, vegna hvers breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Barðastrandarsýslu, eins og það er orðað, sè óhafanda. Eg skal að eins bæta því við, að í því er líka málvilla, sem gjörir það óbrúkanlegt. Eg tek þetta fram einúngis þess vegna, að það er það eina af breytíngaratkvæðunum, sem eg hefði getað aðhyllzt, hefði mèr fundizt það hafa nokkra yfirburði yfir frumvarpið, en það er nú að meiníng minni þvert á móti.

Þórður Jónassen: Eg vil leyfa mèr hèr að gjöra þá athugasemd, að mèr þætti það umvarðanda, að það kæmi fram í umræðunum, hvenær sunnudagshelgin byrjaði og endaði, því eg er hræddur um, að út af þessu atriði geti síðar risið ágreiníngur, ef þetta er ekki tekið fram öðruvísi en svo, að sunnudagurinn eigi að vera helgur frá morgni til kvelds, eins og stendur í breytíngaratkvæðinu minna hlutans, og „til kvelds“ í uppástúngu nefndarinnar.

Ólafur Jónsson: Af þíngtíðindunum hefi eg sèð, að um þetta mál hefir á síðasta þíngi verið ágreiníngur meðal þíngmanna. Hefði eg þá verið á þíngi, mundi eg ei hafa verið með neinni breytíngu á tilskipuninni, því eg hefi ei orðið var við neina óánægju í mínu hèraði með hana; og þó nú að frumvarp þetta yrði lögleitt, þá mun það litla verkun hafa á guðrækni manna. En úr því að þíngið 1857 bað um þessa breytíngu á tilskipuninni, þá finnst mèr það vera rèttast gjört af þínginu nú að samþykkja frumvarpið, eins og það er frá hendi stjórnarinnar, og mun eg gefa því atkvæði mitt, því það væri hin mesta ósamkvæmni, þar sem þíngið 1857 bað um breytínguna, og hana eins lagaða, eins og hún nú kemur frá stjórninni, ef það nú ekki vildi aðhyllast frumvarpið. Ekki get eg heldur fellt mig við þau breytíngar- og viðaukaatkvæði, sem fram eru komin, og virðist þíngið ei geti tekið þau til greina.

Magnús Andrèsson: Eg tók eigi til máls við undirbúníngsumræðu þessa máls, en af þeim, sem töluðu, voru sumir með frumvarpi stjórnarinnar, sumir á móti því, en af umræðunum hefir meiníng mín ei breytzt, en mín meiníng er sú, að þíngið eigi að fallast á frumvarpið, eins og það er komið frá hendi stjórnarinnar og eins og nefndin fer fram á, því eins og eg sagði á síðasta þíngi, hefi eg í minni sýslu heyrt umkvartanir yfir því, að menn skyldi hafa farið að stytta helgidaginn, og því vil eg styðja frumvarpið, en get ei fellt mig við breytíngaratkvæðin; því ekki get eg álitið rètt, að breyta lögunum fyrir Reykjavík, því mèr finnst hún geta verið undir sömu lögum og allt landið í þessu efni, og það því fremur, sem

kaupmenn í Reykjavík hafa tekið sig saman um það, að ljúka ei upp búðum sínum á sunnudögum, og þó Reykjavíkurbúar ekki gæti skemmt sèr á sunnudögum, þá held eg þeir geti tekið sèr annan dag til að skemmta sèr á. Vil eg svo ekki fara fleirum orðum hèr um, en ætla að gefa frumvarpi stjórnarinnar atkvæði mitt.

Framsögumaður: Hinn heiðraði 1. konúngkjörni þíngmaður talaði um, að orðatiltækið *kveld* væri nokkuð óákveðið, og taldi það uppástúngu nefndarinnar. En þetta orð er einmitt haft í frumvarpi stjórnarinnar, sem nefndin hefir haldið óbreyttu. En að öðru leyti hefir ekkert breytíngaratkvæði um þetta orð komið fram við undirbúníngsumræðuna.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst það alveg nauðsynlegt, að það sè nákvæmar til orða tekið og sagt, hvenær kveldið eigi að álítast byrjað, því annars verður kveldið mjög mislángt, þar sem það er nær því ekkert á sumrum, en mjög lángt á vetrum, þegar það er komið kl. 3—4, og þá getur maður eptir frumvarpinu farið að gjöra hvað helzt sem maður vill, og því er alveg nauðsynlegt að tiltaka nákvæmlega, hve nær kveld sè komið.

Konúngsfulltrúi: Eg held, að orðatiltækin „til kvelds“ sè nógu nákvæm, og verði eingum misskilníngi undirorpin, því lagaboðið miðar til að leingja helgina frá miðjum aptni allan daginn til enda. Að öðru leyti skal eg geta þess, að löggjafarinnar tilgángur er að fyrirbyggja öll þau störf utan húss, sem annaðhvort eru hneykslanleg að taka fyrir á sunnudögum, eða sem á einhvern hátt trufla guðræknisæfíngar manna; en þar á mót ætlast löggjöfin ekki til, að skygnzt sè smásmuglega inn í híbýli manna og aðgætt, hvort nokkur tekur sèr eitt eða annað smávegis verk í hönd á kveldvökum á vetrartíma.

Framsögumaður: Eg vil að eins bæta því við það, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sagði, að ef hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður hefði lesið frumvarpið, þá hefði hann sèð, að rètt á undan er talað um *miðaptan,* og að það þess vegna er ómögulegt þar af að villast á *nóni,* og þó hann vegna embættisanna ekki kunni að hafa tíma til að lesa laung og yfirgripsmikil mál, ætti hann þó að geta feingið tíma til að lesa þau frumvörp, sem eru eins stutt og þetta.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst ekki, að hèr geti komið til greina nema annað breytíngaratkvæðið, það sem er undir tölulið 2. Eg vil gjöra mèr það að reglu, að breyta lagafrumvörpum sem minnst í öllum smágreinum, og því vil eg leiða fram hjá mèr,

að leiðrètta stílinn í frumvörpum stjórnarinnar, eins og mèr þykir aptur á mót ólaglegt og jafnvel óviðurkvæmilegt, að stjórnin leiðrètti stílinn á því, er frá þínginu kemur, eins og hún þó mun hafa leyft sèr. Að eg þá snúi mèr að breytíngaratkvæðínu undir tölulið 2, þá virðist mèr æskilegast, þegar til atkvæðagreiðslu kemur, að því væri skipt í tvennt, þannig að fyrri parturinn væri frá upphafi og að: „þó eru nauðsynjaverk hèr undanþegin", o. s. frv., og yrði þá endirinn þar á eptir síðari parturinn, því vera kynni, að menn fèllist á fyrri partinn, þó menn ekki fallist á síðari partinn, ef þannig er skipt, en að menn felli allt breytíngaratkvæðið vegna endans, ef greidd eru atkvæði um allt breytíngaratkvæðið í einu. Upphaf breytíngaratkvæðisins felli eg mig betur við en við frumvarpið, því mèr finnst rèttara og samkvæmara rèttu lagamáli, að aðalfyrirskipun lagaboðsins sè tekin fram með skipandi orðum *(positivt)* en eigi neitandi *(negativt)*; en í breytíngaratkvæðinu er það tekið positivt fram, að allir sunnudagar og aðrir helgir dagar eigi að vera helgir frá morgni til kvelds, en aptur negativt í frumvarpinu. En hvað stílinn snertir, þá má lagfæra hann með litlum orðabreytíngum, sem þíngið hefir verið vant að leysa sèr og því mun geta leyft sèr enn, og það er með því að fella orðið „mega" úr, því þá verður rètt mál; sè þessi orðabreytíng gjörð, mun eg gefa fyrri hluta breytíngaratkvæðisins undir tölulið 2 atkvæði mitt.

Guðmundur Brandsson: Þegar mál þetta var rætt hèr áður á þíngi 1853, voru lángar umræður um það, og það svo, að eingar voru þá leingri um nokkurt mál, og eg held, að þíngið hafi þá ætlað að skilja svo við það, að því þyrfti ekki að breyta í bráð, en reynslan hefir sýnt, að það hefir þó ekki verið nógu vel rætt, því strax 1855 komu umkvartanir ofan úr sveitum, sem aptur voru ítrekaðar 1857, hverjum að þíngið þá einnig veitti meðmæli sín, en þessar umkvartanir eru nokkuð skrítnar, þar sem fulltrúum úr sömu sýslu ei ber alls kostar saman. Fulltrúinn úr Húnavatnssýslu, sem var hèr á þínginu 1857, talaði um umkvartanir, er hann hefði heyrt í sýslu sinni, út af því hvað sunnudagshelgin væri stutt, en fulltrúinn þaðan, sá sem nú er á þínginu, sagðist eingar hafa heyrt. Fulltrúi Árnesínga kveðst og hafa heyrt umkvartanir í sinni sýslu, en eg hefi talað við menn úr sýslunni, sem eingar hafa heyrt, svo mèr finnst, að lítið sè á þessu að byggja, því það getur sannast hèr sem optar, að „svo er margt sinnið, sem maðurinn er". Mèr dettur það í hug, sem einn merkur þíngmaður sagði einu sinni hèr á þínginu, sem nú er horfinn

úr okkar röð; hann sagði, að fulltrúar þjóðarinnar væri ei komnir hingað á þingið til þess að smjaðra fyrir hverri bænarskrá, sem þángað væri kastað, heldur til að skoða málin hlutdrægnislaust og fylgja þeim fram eptir eigin sannfæringu sinni. Eg hefi einnig ætíð skoðað kristilegt frelsi þannig, að ekki eigi að rígbinda það með lögum. Kristur sagði sjálfur: „eru eigi 12 stundir í deginum“? og þar hann ei áleit daginn leingri, er þá nokkur þörf á að leingja hann eða eru ekki 12 stundir frá miðjum morgni til miðaptans? Menn hafa sagt, að þingið geingi í sjálft sig, ef það ekki samþykkti frumvarp stjórnarinnar, en eg segi: Nei, þingið 1857 bað stjórnina um, að lagt yrði fyrir þetta þing nýtt frumvarp, sem til búið væri í landinu sjálfu; þetta hefir stjórnin ekki gjört, heldur hefir hún búið sjálf til frumvarp eptir þeim uppástúngum til breytíngar, sem þingið gjörði samkvæmt umkvörtunum þeim, er þá komu til þingsins, og þingið sýndi því einga ósamkvæmni í því, þó það nú felldi þetta frumvarp, þar það ei er komið hingað samkvæmt uppástúngum þess 1857. heldur sýnir það miklu meiri ósamkvæmni, ef það nú skyldi fallast á það. Á meðan gömlu helgidagalögin voru í gildi, kvörtuðu menn yfir þeim og sögðu, að þeim yrði ei hlýtt sökum strángleika. Breytíng var gjörð á þeim, og á hana fèllust allir. Frumvarp stjórnarinnar vildi hafa sunnudaginn helgan til kl. 4, en þingið til kl. 6, og sýndist það nægilegt, þar tilgángur lagaboðsins er einkum sá, að trufla ei guðrækni manna í kirkjum og heimahúsum; því hin útvortis lög geta að eins girt fyrir útvortis hneyksli, en geta ei náð til þess, sem innvortis er; og eg vil spyrja, hvað nú sè áunnið með 2. gr., er leyfir ýmsar undantekngíngar frá aðalreglu þeirri, sem til er tekin í fyrstu grein; verður nú beindur vegur til að fara í kríngum tilskipunina meir en áður, því síðan hún kom út, hefir margur frestað nauðsynjastörfum sínum þángað til eptir miðaptan, en nú mun reynslan sýna það, hvort menn ekki muni taka nauðsynjastörfin í rýmri skilníngi en áður. Eg vil ei fagna nú þegar yfir ávöxtum af þessari breytíngu, reynslan mun sjálf syna, hverjir þeir verða og hvort þeir verða betri, en eg hefi búizt við. Þar sem þíngmaður Árnesínga sagði, að kaupmenn hefði tekið sig saman um, að ljúka eigi upp búðum á sunnudegi, þá verð eg að segja honum það, að það er helgidagatilskipunin, sem hefir skipað þeim að loka búðunum þángað til um miðaptan á þessum dögum, en fegnir ætla eg bæði þeir og aðrir hafi orðið, að fa þær opnaðar úr því, og hefir það flýtt fyrir mörgum, að komast því fyr til heimila sinna; annars álít eg allt af mjög ísjárvert að leggja tálmanir í veg

fyrir lángferðamenn, einkum þá, sem eiga yfir sjó að sækja; tökum til dæmis menn, sem verzla í Vestmannaeyjum; hindrun frá miðaptani til kvelds getur valdið því, að þeir teppist þar í viku eða leingur; og get eg vitnað um það til þingmanns Rángvellínga; sama er að segja um útlend skip, fyrir hverjum að er um að gjöra opt, að verða svo snemma búin, að þau nái í tíma til þess markaðar, hvar þau eiga að selja varníng sinn; þau má nú hvorki ferma nè afferma á helgidögum, nema nauðsynin, sem er og verður ýmislega skilin, reki á eptir. En hvað sem eg segi um þetta, munu þíngmenn fara sínu fram. Eg ætla að leiða fram hjá mèr að tala um 1. breytíngaratkvæðið, því eg er uppástúngumanni þess samþykkur um það, en vil að eins mæla fram með viðaukaatkvæði mínu, því eg get ei sèð neinn skaða að því, þó leyft sè að verzla á sunnudögum eptir kl. 6, einkum á sumarmánuðunum, því hina mánuðina kemur það ekki til, en mèr getur ei annað fundizt, en að kaupmönnum nú sè gjörðir harðari kostir en öðrum, því þeir eiga óhægra með en aðrir, að heimfæra til verzlunar sinnar aðra grein í tilskipuninni, því öll verzlun, að læknisdómum undanteknum, er stránglega bönnuð, svo þó hún nú eins hèr eptir, sem híngað til, væri leyfð frá miðaptani til kvelds á helgidögum, þá finnst, mèr það bæði nauðsynlegt og sanngjarnt. Eg vil nú ei fara fleirum orðum hèr um, en fela þínginu á vald að sýna með atkvæðagreiðslunni, hvað það vill af ráða.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu gat þess, að þíngið 1857 hefði beðið um annað en það, sem nú hefði feingizt, og það er satt, að það, sem þíngið bað um undir tölulið „*a*“, hefir ekki feingizt, en það, sem þíngið bað um undir tölulið „*b*“, hefir feingizt, en undir tölulið „*b*“ tók þíngið fram það atriði, sem hafði vakið óánægju með helgidagatilskipunina. Hinn sami þíngmaður sagði einnig, að eptir það að helgidagatilskipunin kom út, hafi kaupmenn hætt að verzla á sunnudögum, en af alþíngistíðindunum fyrir 1857 má sjá, að þeir voru áður búnir að taka sig saman um, ekki að verzla á sunnudögum. Hann misskilur einnig tilskipunina, því bæði sjóferðir og eins að ferma og afferma skip er leyft í henni undir vissum kríngumstæðum og þegar nauðsyn krefur. Hann sagði einnig í annara orða stað, að menn ætti varlega að fara eptir bænarskrám frá þjóðinni; en eptir hverju á þíngið að fara, ef ei eptir bænarskrám, sem koma úr ýmsum áttum og allar biðja um hið sama, þegar menn vita, að þeir, sem sendu hinar ýmsu bæn-

arskrár, ekki höfðu tekið sig saman um það, og ekki vissu hver af öðrum. Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga mælti fram með breytíngaratkvæðinu undir tölulið 2, og vildi hjálpa því við með orðabreytíngum og með því að kljúfa það í sundur, og er eg honum samdóma í því, að betri sè *positiv* reglur en undanþágur, en frumvarpið getur ei orðið orðað öðruvísi, því hèr er ei verið að gefa almenn lög, heldur er verið að gjöra nákvæmari ákvarðanir við einstakt atriði, og finnst mèr það óþarft að breyta frumvarpi stjórnarinnar, því af því að hèr ræðir um undantekníngar, er það fram sett neitandi.

Stefán Jónsson: Þó eg sè ekki hræddur um, að þeim tveimur seinustu viðaukaatkvæðum á atkvæðaskránni verði gaumur gefinn, þá vil eg samt benda á, að þau eiga án efa að gilda fyrir alla verzlunarstaði á landinu, þó þau að eins tali um kaupstaði, en eptir því sem þau nú eru orðuð, mundu þau til þess þurfa að breytast, þar ekki er nema einn kaupstaður á landinu með kaupstaðarrèttindum, nefnilega Reykjavík; en eins og þau nú eru, geta þau að eins gilt um hana eina eptir straungum skilníngi.

Ásgeir Einarsson: Eg vil að eins anza einu orði úr ræðu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu; hann segist ekki trúa þíngmanninum úr Húnavatnssýslu, sem nú er á þínginu, og muna, hvað þíngmaðurinn þaðan sagði, sá er næst var á undan, 1857, um þetta mál, er honum mun virðast hafa verið gagnstæð hvor annari, en ef hann nú ekki vill trúa fulltrúunum, og ekki heldur bænarskrám, hverju vill hann þá trúa, ef hann ekki vill sleppa því að trúa, og verða þannig trúarlaus og helgidagalaus?

Konúngsfulltrúi: Þíngmaðurinn frá Borgarfjarðarsýslu gat þess, að orðatiltækjunum í breytíngaratkvæði minna hluta nefndarinnar væri áfátt, hvað einnig er mín meiníng, en hann hèlt, að mætti laga þau; en þetta getur ekki skeð, þar eð ekkert breytíngaratkvæði þar um er upp borið. Það eru því mínar tillögur, að þíngið hrindi uppástúngu minna hlutans og öllum breytíngaratkvæðum, en taki frumvarpið óbreytt.

Benedikt Þórðarson: Eg ætla að eins að tala fátt eitt viðvíkjandi breytíngaratkvæðunum. Hið fyrsta atkvæði þíngmannsins úr Reykjavík, að þíngið biðji um, að löggildíngu frumvarpsins verði frestað fyrst um sinn, styðst við ekkert og fellur því af sjálfu sèr. Um hið annað atkvæðið á atkvæðaskránni vil eg ekki vera lángorður; gallar nokkrir hafa sumum þótt á því vera, hefir þó byrjunin feingið

fagurt meðmæli, og kært væri mèr, að hún mætti standa; um viðaukann gildir mig einu, hvort hann stendur eða fellur, líki mönnum svo betur. Eg er reyndar ánægður með, að frumvarpið fái að standa, og vona það standi óbreytt, þó allt annað falli. Á móti varaatkvæðinu undir tölulið 4 mætti bera það, að sè það samþykkt, þá eru ekki leingur ein lög í landi voru; vèr höfum heyrt þess getið, að feður vorir vildu ekki, að lögunum væri skipt, ættum vèr þá að vilja það?

Viðaukaatkvæðið undir töluliðnum 5 finnst mèr ofur lètt á metum; verzlun vor er ekki svo mikil, að 6 vikudagarnir dugi oss ekki, svo við þurfum að níðast á sunnudeginum með hana.

Forseti: Þar einginn tekur framar til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja þingmenn að gánga til atkvæða.

Voru atkvæði síðan greidd, og fóru þau þannig:

1. Breytíngaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar* fellt með 18 atkv. gegn 4.
   Forseti gat þess, við tölul. 2 á atkvæðaskránni, að þar eð að eins væri að ræða um þá orðabreytíngu, að orðið „*megi*“ verði úr fellt, einmitt af því það valdi málvillu, en þar með raskist að eingu meiníng eða orðaskipun atkvæðisins, þá yrði hann að álíta þessleiðis orðabreytíng vera á valdi þíngmanna undir atkvæðagreiðslunni; með þessari breytíngu kom því næst til atkvæða:
2. Breytíngaratkvæði *Benedikts Þórðarsonar*, og var skipt í tvennt:
   Fyrri parturinn aptur að: „þó eru nauðsynjaverk“ o. s. frv., felldur með 17 atkv. gegn 2.
   Var þá síðari parturinn einnig álitinn felldur með þessari atkvæðagreiðslu.
3. Frumvarp stjórnarinnar (nefndin) samþykkt með 17 atkv. gegn 5.
4. Varaatkvæði *H. Kr. Friðrikssonar* fellt með 18 atkv. gegn 2.
5. Viðaukaatkvæði *Guðmundar Brandssonar* fellt með 18 atkv. gegn 2.

Forseti: Frumvarp stjórnarinnar er þannig samþykkt orðrètt og óbreytt, og mun álitsskjal til konúngs verða samið samkvæmt því og borið undir þíngið, áður en það verður undirskrifað og afhent stjórninni.

Ákvað *forseti* því næst fund til næsta dags, þess 13. júlí kl. 11.

Fundi slitið.

---

13. júlí — áttundi fundur.

Allir á fundi nema þingmaður Ísfirðinga.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til umræðu uppástúnga þingmannsins úr Gullbringusýslu um það, *að hver hreppur fái gefins 1 expl. af alþingistíðindunum;* og vil eg, áður en menn byrja að ræða þetta mál, leyfa mèr að geta þess, að eg álít, að menn nú þegar, eptir umræðurnar, geti greitt atkvæði um þetta mál á fundinum í dag, og álít eg, að ekki þurfi að kjósa nefnd, því nefndin gæti ei gjört annað en samið álitsskjal til þingsins, en það álít eg að svo komnu eiga síður við, eða vera nauðsynlegt, þar þetta mál ekki þarf að fara leingra; hèr á þingi hafa einnig áður verið ráðin til lykta lík mál þessu, án þess þau hafi komið á dagskrána, auk heldur í nefnd; þetta er mitt álit, en ekki vil eg standa fast á því, ef þingið er á annari meiníngu, heldur fela það á þingsins vald.

Síðan var uppástúngan afhent uppástúngumanni.

Guðmundur Brandsson: Eg vil leyfa mèr að lesa uppástúnguna upp.

Síðan var uppástúngan upp lesin, svo hljóðandi:

„Það hefir opt verið yfir því kvartað, hversu lítinn áhuga að íslenzk alþýða legði á almenn málefni, og er víst nokkur hæfa í þessu; en þar til geta verið margar orsakir, og meðal þeirra ein sú, að strjálbyggð landsins og erfiðleiki veganna hindrar menn frá að koma saman svo opt, sem þörf væri til; þar af leiðir einnig, að menn eiga erfitt með að ná í góðar og gagnlegar bækur, sem prentaðar eru einúngis í Reykjavík; ein af þessum bókum eru alþíngistíðindin, sem að miklu leyti eru öllum þorra þjóðarinnar ókunn, því þó hún í Þjóðólfi og Norðra hafi feingið að heyra úrslit einstakra mála á alþíngi, þá er meðferð þeirra á þínginu henni að mestu hulin; með öðrum orðum: hún sèr ekki tillögur hvers einstaks þíngmanns og getur því ekki sagt, hvað af þeim henni geðjast vel eða illa; hèr af leiðir á annan bóginn tortryggni, en að öðru leyti efa og samtakaleysi, þegar kjósa á til þíngsins, eins og víða mun hafa bólað á, þegar seinustu kosníngar fóru fram; bæði þeir, sem kjósa, og hinir, sem kjósast, geta því af þessum orsökum verið of ókunnugir því, hvað hvorir þeirra gjöra eigi. Þar sem nú þjóðin er farin að eiga

mikinn þátt í tilbúningi laga sinna, þá ríður ekki lítið á, að hún viti, hvernig þau fara að myndast, og að hjá henni geti smátt og smátt lifnað laungun til að afla sèr þekkingar þeirrar, er þar að lýtur. Þess vegna virðist mèr, að alþingi ætti að gjöra allt, hvað í þess valdi stendur, til að hlynna að þessu; og án þess nú að fara hèr um fleirum orðum, sting eg upp á:

> Að alþingi hlutist til, að sèrhver hreppur í landinu fái að gjöf eitt exemplar af öllum þeim alþingistíðindum, sem prentuð hafa verið og prentuð verða á yfirstandanda ári.

Reykjavík, 9. júlí 1859.

Guðmundur Brandsson".

Guðmundur Brandsson: Eg ætla ekki að vera lángorður um uppástúngu mína, og það því síður, sem þingmenn gjörðu góðan róm að henni, þegar síðast var vakið máls á henni.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla að eins að geta þess, að þegar eg bar upp uppástúngu um það, að lagaboðin væri prentuð aptan við þingtíðindin, þá var það samþykkt, án þess að nefnd væri kosin.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg finn mèr skylt að styrkja þetta mál, því að skynsamir menn heima í hèraði höfðu látið mèr í ljósi þessa sömu ósk og meiníngu sína, og hafði eg í huga að koma með þessa sömu uppástúngu, hefði ekki annar orðið fyrri til þess, og vil eg því mæla með því, að þingið gefi henni góðan gaum, og vona, að þingmenn álíti það viðfeldnara, að dreifa þingtíðindunum út um landið, og að 1 epxl. liggi við hver hreppsskjöl, heldur en þau liggi hèr í Reykjavík óseld í búnka, og einginn lesi þau.

Páll Sigurðsson: Eg er samþykkur uppástúngunni í því, að hver hreppur fái 1 expl. gefins, en vil að eins vita, hvort það ekki sè meiníng uppástúngumanns, að þingtíðindi fyrir hvert ár feingist, og frá hverju þingi framvegis, því mèr heyrðist, að uppástúngan ekki fara leingra, en 1 exempl. feingist af tíðindum þeim, sem út eru komin, og svo þessa árs.

Stefán Eiríksson: Mig minnir, að uppástúngumaður færi þeim orðum hèr um daginn, þá málefni þetta kom hèr til umræðu, að ef hver hreppur feingi 1 expl. gefins af þingtíðindunum, þá skyldu hreppstjórarnir annast útflutníngínn, og vil eg því stínga upp á því, að hrepparnir borgi sjálfir flutníngskostnaðinn.

Páll Melsteð: Eg vil styðja þessa uppástúngu, eins og eg gat um áður. Innbúar kjördæmis míns eru mjög fátækir, og vil eg því gjarna, að þeim sè gjört hægra fyrir að geta feingið að lesa þíng-

tíðindin, og það ekki að eins þau, sem koma munu út, heldur einnig þau, sem eptir eru óseld frá hinum fyrri árum og liggja til einskis gagns uppi á húsaloptum hèr í Reykjavík, og vildi eg taka þetta skýrt fram, ef það væri ei nógu skýrt í uppástúngunni. En viðvikjandi meðferð málsins, er eg hinum háttvirta *forseta* alveg samdóma.

Magnús Andrèsson: Af því eg er útsölumaður þíngtíðindanna í mínu kjördæmi, er mèr nokkuð kunnugt um þetta mál, og þess vegna vil eg styðja þessa uppástúngu, að 1 expl. bæði af hinum eldri þíngtíðindum og einnig þíngtíðindi hinna komandi ára útbreiðist, þannig að 1 expl. fái að liggja í hverjum hreppi hjá öðrum hreppskjölum, en mèr þótti eitt atriði vanta í uppástúnguna, nefnil., að stínga upp á því, upp á hverra kostnað þau eigi að flytjast í hvern hrepp, og vil eg, að þíngið ákveði eitthvað um það, ef það annars fellst á þetta mál.

Forseti: Þíngmaðurinn úr Austur-Skaptafellssýslu hreifði þeirri uppástúngu, að hrepparnir önnuðust flutníinginn sjálfir; eg tók það sem beina uppástúngu, og ritaði það hjá mèr til atkvæða síðar.

Ólafur Jónsson: Eg er einnig uppástúngunni samþykkur, og það því fremur, sem mèr er það kunnugt, að til orða hefir komið í Húnavatnssýslu að stofna lestrarfèlag í hverjum hrepp, og væri þá gott að fá alþíngistíðindin til þessara fèlaga, ef þau kæmist á. En þar mèr er ókunnugt, hvað mikið er óselt af hinum gömlu þíngtíðindum; þá vildi eg minnast á þetta,svo menn gæti feingið að vita, hvort svo mikið er óselt af þeim, að eitt exemplar gæti feingist af þeim í hvern hrepp. Hitt álít eg sjálfsagt, að hreppstjórinn í hverjum hrepp verði að annast um flutníinginn.

H. G. Thordersen: Mèr þykir það merkilegt, að jafnvel þíngmenn skuli stínga upp á því, að sú bók sè út býtt gefins, sem er með beztu verði af öllum íslenzkum bókum, enda þykir mèr það undarlegt, að menn skuli ekki vilja kaupa þessa bók, sem er með svo lágu verði, ef menn hafa nokkurn áhuga eða *Interesse* fyrir þínginu, en merkilegast þykir mèr þó, að sjálfir alþíngismenn skuli gjörast flutníngsmenn þessara betlibrèfa. Eg veit ekki upp á víst, hvað margir hrepparnir eru, og hvort svo mikið er eptir af hinum eldri þíngtíðindum, að það hrökkvi til, en það veit eg, að ef hrepparnir eru fyrir að fá eitt expl. af þíngtíðindunum, til þess að þau liggi við hreppskjöl hvers hrepps, að það eru lítil samtök í sveitum, ef menn geta ei komið sèr saman um að kaupa 1 expl.; og eg er alveg á því máli, að þíngið, með því að fallast á uppástúngu þessa,

leggi fram þann vitnisburð, að litlar mætur sè hafðar á þessu þíngi, þar sem sárfáir vilji eiga þíngtíðindin, og get eg með eingu móti fallizt á þá skoðun, sem mèr þó virðist að alþíngi styrki, ef það fer að útbreiða alþíngistíðindin gefins.

Arnljótur Ólafsson: Síðan hinn 2. konúngkjörni þíngmaður talaði, sè eg mèr varla fært að styðja þessa uppástúngu, eins og eg lofaði, þegar síðast var um hana rætt. Ef eg væri sannfærður um, að einginn vildi eiga eða lesa alþíngistíðindin eður uppástúnga þessi væri betl, eins og hinn 2. konúngkjörni þíngmaður kallaði það, þá held eg, að eg mundi hugsa mig vandlega um, áður en eg mælti með því, sem uppástúngan fer fram á, en þetta er misskilníngur af hinum háttvirta konúngkjörna þíngmanni; hèr er stúngið upp á, að hrepparnir eignist alþíngistíðindin, til þess þau fylgi hreppskjölunum sem nauðsynleg eign, en hreppstjórum kann nú að þykja sèr eigi heimilt að kaupa þau fyrir sveitarinnar fè; því er stúngið upp á, að hrepparnir fái þau gefins; þetta er heldur ekki betl, því það er aldrei betl að bjóðast til að gefa öðrum, heldur að biðja að gefa sèr.

Alþíngistíðindin eru eign alþíngis, og ræður því þíngið, hvað það vill við þau gjöra. Þar sem nú öll lagaboð eru prentuð á almennan kostnað, og að opinberri ráðstöfun send amtmanni, til þess að fá þau í hendur sýslumönnum, og sýslumenn afhenda þau aptur hreppstjórum, og er svo fyrirskipað, að lagaboðin skuli liggja hjá hreppstjórunum í hverjum hreppi við hreppskjölin, þá finnst mèr næsta áríðanda, að þar liggi einnig allar ástæðurnar fyrir lögunum og þau gögn, sem þeim fylgja, og þær eru einmitt í þíngtíðindunum, og þess vegna vil eg, að alþíngi úthluti þeim til hreppanna. Hèr er ekki um 1 rd. að gjöra, heldur um útbreiðslu alþíngistíðindanna og að þau sè geymd á hentugasta stað í hverri sveit, og það væri sannarleg ósamkvæmni af þínginu, ef það vill nú eigi styðja uppástúngu þessa af alhuga, þar sem það áður hefir gjört sèr það að skyldu, að breiða út meðal alþýðu þekkíng á gjörðum alþíngis; það hefir ályktað að prenta alþíngistíðindin, að setja verð þeirra ekki nema á 1 rd., og eitt sinn tóku alþíngismenn sig saman um, að reiða tíðindin með sèr hver í sitt kjördæmi. Menn hafa stúngið upp á, að hrepparnir annaðist flutnínginn sjálfir, og læt eg það vera, því það er þó hægra að sækja alþíngistíðindin, sem gefin eru, en kaupa þau og sækja; hreppurinn verður og að álíta gjöfina þess verða, að hann vilji sækja hana, ef hann annars getur. En um meðferð málsins, þá vil eg, að þíngið

biöji *forseta* að auglýsa í blöðunum þessa ráðstöfun, svo að allir hreppar fái að vita, að þeir mega nálgast alþingistíðindin.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg verð að svara hinum háæruverðuga 2. konúngkjörna þíngmanni því, að þessi uppástúnga hefir ekki komið hèr fram sem betlibrèf frá hreppstjórunum, því þeir hafa einga bænarskrá sent híngað um það, ekki heldur frá þíngmönnum, því þeir munu flestir eiga þau; eg get sagt honum, að eg á þau, og hefi keypt þau; en allt fyrir það þykir mèr ekkert fyrir að biðja um þau, og það gefins handa hverri sveit í landinu, eptir því sem hèr á stendur. Mèr hefir aldrei þótt fyrir að biðja um það, sem hinn hefir átt hægt með að veita, og mèr sjálfum hefir aldrei þótt að því, að eg væri beðinn um það, sem mèr væri bagalaust að verða við, því mèr hefir fundizt það ánægja að geta orðið öðrum til vilja og liðs með því, sem ekki gjörði mèr neina aflögun. Nú þeinki eg, að alþíngiskostnaðinum, sem ber prentunarkostnað tíðindanna, sem hèr liggja í kirkjuloptinu og fúna þar niður hundruðum saman, væri eingin aflögun gjörð, þó gefið væri 1 exempl. af þessum materíum til hverrar sveitar, og þau geymdist þar við sveitarskjölin þeim til glöggvunar og eptirsjónar, sem vita vildi grundvöll laganna, eins og sá heiðraði þíngmaður Borgfirðínga tók fram. En um flutníng og útbýtíngu þeirra hygg eg það hafi verið meiníng uppástúngumanns, eða að minnsta kosti hefði eg haft þá meiníngu, ef eg hefði gjört uppástúnguna, að aðferðin ætti að vera sama, eins og með lagaboðin, nefnilega að yfirvöldin útbýtti þeim við hentugleika. Hinn háttvirti *forseti* hefir nú að sönnu sagt, að þetta væri innanlands- og innanþíngsmál, og ef svo er, að það kemur ekkert stjórninni við, þá verður ekki annar mismunurinn, en að alþíngiskostnaðarsjóðurinn kosti flutnínginn til amtmannanna; og þá útbýta amtmennirnir og sýslumennirnir (innanlandsyfirvöldin) þeim eptir sömu reglum og lagaboðunum til sveitanna, ef uppástúngan verður samþykkt annars, en ef að hver sveit norður og vestur á landi á að sækja híngað suður í Reykjavík sitt exempl. af tíðindunum, eins og einhver þíngmanna hèr vildi, þá held eg það yrði sá annmarki á þessari rèttarbót, að margar sveitir í landinu yrði eins jafnærar eptir sem áður.

Jón Hjaltalín: Eg held það hljóti að koma af misskilníngi, að umræðurnar um þetta mál eru svo lángar. Má eg spyrja: kostar ekki Ísland alþíngið og þá líka alþíngistíðindaprentunina? og ef svo er, eiga þá landar vorir ekki svo mikið skilið sem að fá 1. exempl.

af þingtíðindunum í hvern hrepp, það er ekki svo mikil sæla fyrir það, sem þeir borga fyrir okkur; og er það ekki betra, að þau liggi, þar sem þau verða lesin, en að þau rotni hèr upp á kirkjulopti. Það er óþarfi að eyða fleiri orðum um þetta, það er sannarlega ekki of mikið, þó hver hreppur fái 1. exempl. af alþingistíðindunum.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr sýnist það reyndar vera sönnun fyrir áhugaleysi almennings á þinginu, að svo lítið geingur út af þingtíðindunum; en eg vil samt ekki mæla á móti uppástúngunni, því það er satt, sem sagt hefir verið, að alþingistíðindin má þó að nokkru leyti skoða á sama hátt sem lögin, er stjórnin sjálf lætur útbýta í hreppum. Eg get að vísu ekki neitað því, að mèr finnst það í sjálfu sèr heldur óviðurkvæmilegt, að alþingismenn sjálfir láti sèr svo ofboð annt um að koma út ræðum sínum, því það eru þó í raun og veru að eins úrslit málanna, sem mest er um vert að vita og alþingi sjálfu því skylt að auglýsa, og þó menn segi, að hitt sè til þess, að kjósendur viti því greinilegar um aðgjörðir fulltrúa sinna, þá kemur slíkt í raun og veru ekki þinginu við, þar sem það miklu fremur væri hið eðlilegasta, að hver þingmaður að eins gjörði kjósendum sínum grein fyrir aðgjörðum sínum og atkvæðagreiðslu á þingi. En með því sá óþarfasiður nú einu sinni er löggildur orðinn, að þingið sjálft eyði fè landsins til þess að gefa út ræður þingmanna, þá finnst mèr það og sjálfu sèr samkvæmt, að þingið einnig álykti að útbýta tíðindunum gefins í hverjum hrepp; og einmitt af því eg þess vegna álít þetta eins og endahnútinn á tilhögun, sem menn nú einu sinni ekki geta komizt hjá að svo stöddu, ætla eg mèr að gefa atkvæði mitt fyrir uppástúngunni.

Guðmundur Brandsson: Hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þingmaður fór mörgum og stórum orðum um uppástúngu mína og mælti í móti henni, en sjá má, hvað margir eru með honum í þessu. Eg man það hèrna um árið, þegar honum nægði ekki minna en 1000 expl. af þingtíðindunum; við vorum þá ekki ásáttir, en ári síðar fèllst hann á, að 600 væri nóg. Hann sagði í fyrra skiptið, að hann vildi ekki gjöra landsmönnum sínum þá minnkun, að ætla þeim, að þeir ekki keypti alþingistíðindin, en í seinna skiptið mun reynslan hafa verið búin að sannfæra hann um, að honum hafi nokkuð skjátlað í áætlun sinni. Það má líka sýna það af reynslunni, að það getur orðið til þess, að meira seljist af þingtíðindunum, ef eitt expl. er gefið til hvers hrepps; því var nýju testamentunum ekki fyrst, þegar biflíufèlögin voru að skapast, útbýtt gefins, og sendir

menn með þau víða um lönd, og varð þetta ekki til góðs, hafa þau ekki síðan verið bæði keypt og lesin meir en áður? og þó bækur þessar sè ei líkar að innihaldi, getur árángurinn orðið líkur. Viðvíkjandi því, hvort nóg sè til af gömlu alþíngistíðindunum, þá held eg það sè, því, þegar bezt lèt, mun hafa verið selt mest 400 expl., og eru þá 600 eptir af 1000 expl., svo að ef þau ekki hafa orðið fúanum og völskunni að bráð hèrna í Reykjavík, þá held eg ekki þurfi að óttast fyrir, að of lítið verði til af þeim. Menn hafa sèð, að næstum helmíngur alþíngiskostnaðarins geingur til prentunar þíngtíðindanna og til ýmislegs annars, er þar að lýtur, og ef svo er, þá geingur mest af því til Reykjavíkur, og sýnist mèr það vera ný ástæða fyrir því, að Reykvíkíngar heldur mælti með uppástúngu minni, svo ekki verði sagt um þá, að þeir vilji sitja einir yfir öllu, án þess þó að hafa þess nokkur veruleg not. Sumir vilja, að til tekið sè, að sömu ráðstöfun skuli gjöra á hinum eptirkomandi þíngum, og vil eg það gjarna, ef ei verður síðar fundin ástæða til að breyta því. Eg vil ekki og þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, einúngis vil eg geta þess, að þar sem þíngmaður Skagfirðínga kom fram með þá ástæðu á móti uppástúngunni, að hver þíngmaður sè skyldur að gjöra kjósendum sínum skil fyrir aðgjörðum sínum á þínginu, hvað eg álít mjög erfitt; ef á að fara til hvers einstaks kjósanda, þá finnst mèr ástæðan mjög mögur, ef það annars ætti að vera ástæða, eða með hverju móti getur þetta betur orðið, en með því að gjöra þeim sem hægast fyrir að geta lesið alþíngistíðindin.

Stefán Jónsson: Mèr er það kunnugt, að það er ekki vegna þess eina ríkisdals, að þíngtíðindin ekki gánga betur út. Þegar eg hefi farið heim af þínginu, hefi eg haft með mèr 10—12 expl., en það hefir verið svo lítið búið að prenta, að það hefir ekki getað heitið nema upphafið, og hefi eg því orðið að sjá um, að hitt yrði sent mèr, en flutníngar eru mjög erfiðir hèr á landi, einkum á vetrum með póstum, en aðrar ferðir er ekki um að gjöra; hinir seinu og erfiðu flutníngar eru orsök í því, að svo lítið hefir selzt, en ekki það, að menn ekki vilji eiga eða sjá tíðindin, eða horfi í þenna 1 rd. Eg veit ekki, hvort meira muni seljast, þó menn fallist á uppástúnguna, en eg ætla samt að mæla með henni, og þótti mèr þíngmaður Borgfirðínga vera á rèttri stefnu um það mál. Eg hefi opt verið beðinn um fleiri expl., en eg hefi komið með, en eg hefi ekki flutt nema það, sem eg hefi verið beðinn um fyrirfram.

Magnús Andrèsson: Eg held, að það hafi mest vakað fyrir

uppástúngumanni, að hann hugsaði, eins og er, að þetta alþíngi er ekki meðal alþýðu í því áliti, sem svo dýrmæt gjöf ætti að vera, og að það kæmi til af því, að fáir þekkja það, eins og það er, og ef alþíngistíðindin dreifðist út, mundi menn kynnast betur alþíngi, en það mun ekki hafa vakað fyrir uppástúngumanni að sníkja sèr alþíngistíðindi gefins, og vil eg því mæla með uppástúngu hans, þar hún getur orðið til góðs, og sýnist mèr, að alþíngi eigi að styrkja hana, þar sjálft alþíngi er sú stiptun, sem er og verða mun til mikils góðs, og því ætti heldur að glæða en veikja álit þess meðal alþýðu.

Sveinn Skúlason: Það er alveg satt, sem þíngmaður Eyfirðínga sagði áðan, og eg hefi verið að furða mig á því, að enginn skyldi fyr hafa sagt það, að það er ekki af því, að svo lítið geingur út af alþíngistíðindunum, að menn ekki vilji kaupa þau, heldur er það að kenna hinum mikla örðugleika hèr á landi með útsendíngar bóka og slóðaskap og óhentugu fyrirkomulagi með útsöluna, því þar af leiðir, að alþíngistíðindin ekki koma nógu snemma til kaupanda. Ef þíngtíðindin koma nógu snemma til mín á Akureyri, treysti eg mèr til að selja 30—40 expl. En menn eru að mínu áliti eingu borgnari fyrir uppástúngu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, nema hreppárnir fái þíngtíðindin kostnaðarlaust, því það er ekki dalurinn, sem fælir hreppstjóra eða aðra frá að kaupa þau, heldur hinn margfaldi kostnaður og örðugleiki, sem er við að nálgast þau fyrir hina fjærliggjandi hreppa; það er annars merkilegt, að enginn skuli hafa stúngið upp á því, að vèr þíngmennirnir, sem hèr sitjum, feingjum 1 expl. gefins, og vil eg þá stínga upp á því!!

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg veit ei til, að áliti alþíngis sè að hnigna. Eg hefi ekki orðið var við það í mínu kjördæmi, en hitt veit eg og hefi orðið *þess* var, að vegna þess hvað örðugt er að ná í þíngtíðindin, fer lestri þeirra árlega aptur; það kostar meir en 1 rd. að flytja þau í mitt kjördæmi, og það er eðlilegt, að menn ekki vilji þau, ef menn ekki geta feingið þau í tíma; það eru margir, sem vildi gefa tvöfalt verð fyrir tíðindin, ef þau gæti komið nógu snemma. Eg fèkk mitt expl. af tíðindum síðasta þíngs 14 dögum áður en eg fór að heiman, og geta allir getið nærri, hvort eg hefi haft tíma til þess að glöggva mig vel á þeim; það er því áríðanda, að eitthvert gott ráð yrði tekið í þessu efni, en ekki get eg fellt mig við uppástúngu þíngmannsins úr Mýrasýslu að fela valdstjórninni, ɔ: amtmönnum og sýslumönnum, að annast um út-

sendíng tíðindanna; mèr finnst það einhvern veginn ótilhlýðilegt, og ekki geta átt við. Eg vil heldur stínga upp á, að þeir af þíngmönnum, sem styðja uppástúnguna, semji við einhvern áreiðanlegan mann hèr í Reykjavík um það, að koma tíðindunum hið fyrsta með skipum í sýslurnar mót sanngjarnri borgun frá þeim hreppum, sem tíðindin gánga til. Eg er nú sjálfsagt einn af þeim, sem vilja aðhyllast uppástúnguna, ekki sem betlari, heldur af hinu, að eg álít mikið vel til fallið, að 1 expl. alþíngistíðindanna liggi við hvert hreppstjórnarembætti, því mèr er vel kunnugt um, að við sum hreppstjórnarembættin liggur ekki mjög mikið af þeim bókum, sem hver hreppstjóri þyrfti þó að hafa; og alþíngistíðindin verða hèr eptir ómissandi hverjum þeim hreppstjóra, sem vill gegna köllun sinni trúlega; því í þeim má í mörgum greinum finna, hvað lög eru, og hvað ekki eru lög.

Gísli Brynjúlfsson: Eg neyðist til að standa upp til þess að svara því, sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að eg hefði sagt, að það væri skylda alþíngismanna að gjöra hverjum manni *sèr í lagi* skil fyrir aðgjörðum sínum. Mín meiníng var að eins sú, að það væri í raun og veru fulltrúanna skylda, en ei þíngsins sjálfs, að skýra kjósendum sínum frá þeim; og það hefi eg haldið og held enn, að þessi aðferð sè í raun og veru hin eðlilegasta og miklu rèttari, en sú, sem nú er höfð, hvort sem svo þíngmenn vilja heldur halda almennan fund við kjósendur sína eptir þíngið eða skýra þeim í sameiníngu frá á einhvern annan hátt. Að öðru leyti þykir mèr vænt um, að eg sè, að hinn heiðraði þíngmaður að eins hefir misskilið mig, því hann kallaði það ástæðu móti uppástúngu sinni, og reyndi jafnvel að hrinda henni með því að kalla hana magra, sem eg að eins drap á sem rèttari aðferð, en bar hvorki fram sem ástæðu með nè mót; því annars vona eg þó hann hafi heyrt, að eg kvaðst ætla að gefa atkvæði með uppástúngu hans, af því hún væri rètt úr því sem gjöra væri.

H. Kr. Friðriksson: Þíngið má gjöra fyrir mèr hvað það vill í þessu máli; en þetta verður þó aldrei öðruvísi álitið en bænakvabb frá hreppstjórum, að fá lausn frá því að borga 1 rd.; því að annaðhvort er, að hreppstjórinn má ekki lána út alþíngistíðindin, og þá eru lítil not að þeim fyrir hreppsbændur, eða hann má lána þau út, og þá er hætt við, og jafnvel víst, ef þau eiga að gánga á milli hreppsbúa, að þau verði fljótt ónýt. Eg man ekki, hvort nóg er til af eldri tíðindunum, svo að hver hreppur geti feingið öll alþíngistíðindin;

ég held það raunar ekki, en ef þau eru eigi svo mörg, þá hafa þau fúnað, og fúnað úti um landið, en ekki hèr. Ekki get eg skilið það, að það geti orðið til þess, að fleiri kaupi þingtíðindin, þó hver hreppur fái 1 expl. gefins. Ekki kaupir hreppstjórinn, og ekki þeir, sem geta feingið þau að láni hjá honum. Það, sem alþingi ætti þá að hugsa um í þessu máli, það er það, að flutningurinn geti orðið greiðari' en það er sama, sem að hugsa um að bæta póstgaungurnar. Það er von, þó menn kinoki sèr við að kaupa þingtíðindin vegna flutningsins, en einginn getur heldur verið svo ósanngjarn, að ætlast til, að útsölumaður borgi fjórfalt meira undir tíðindin í flutningskaup, en það er, sem hann hefir fyrir útsöluna. Eg hefi sent nokkur exempl., sem flutningurinn á hefir kostað meir en sjálf tíðindin; það æskilegasta væri því, að þingið reyndi til að sjá svo fyrir, að hægra yrði að flytja þau. En viðvikjandi því, að láta amtmenn annast flutninginn, þá vil eg ekki eyða orðum um það, því það væri hið sama, og að þeir skyldu vera sendisveinar þingsins, en það veit eg víst, að einginn ætlast til þess, að amtmennirnir labbi sjálfir með þau til hreppstjóranna.

Guðmundur Brandsson: Ef þingmaður Reykvíkinga hefði tekið eptir eða lagt trúnað á það, sem þingmaður Árnesinga sagði áðan, þá vissi hann nú, að þetta er eingin betliför; að þingtíðindin yrði síður keypt eptir en áður, þykir mèr ólíklegt, því ekki er svo sem þau 169 exempl., sem ætlast er til að verði gefin í hreppana, nægi þar fyrir öllum, sem vilja lesa þau, því eptir fólkstölunni, sem núna er í landinu, verða næstum 400 manns um hver ein tíðindi; annars þykir mèr það nokkuð undarlegt, að sumir skuli vilja hafa á móti því, að landsmönnum verði gjört sem hægast fyrir að sjá tillögur fulltrúa sinna, því fæstir heyra þær, þó þingsalurinn standi opinn, og eru þeim eins ókunnugar fyrir því. Þingmaður Mýramanna tók það fram um flutninginn, sem eg hafði hugsað mèr. Betra er það án efa, að þau liggi í kaupstöðunum úti um landið en hèr, og ef það kostaði nokkuð að flytja tíðindin til amtmannanna, þá sýnist mèr að ætti að borga það af alþingiskostnaðinum, því eg vil ekki vera þess ollandi, að þingmaður Reykvíkinga neyðist til að sækja um launaviðbót, af því hann hafi þurft að borga svo mikið undir þingtíðindin, eins og hann gat um áðan. Framvegis vil eg því haga þessu öðruvisi, svo það standi honum ekki fyrir þrifum. En ef einhverjum hugkvæmist betra ráð, en upp á hefir verið stúngið, til

þess að koma tíðindunum til kaupandanna, þá skal eg gjarna fallast á það.

Ásgeir Einarsson: Þingmaður Borgfirðinga gat þess, að lagaboðin flyttist á opinberan kostnað til hreppstjóra, og hefir ýmsum mönnum fundizt, að svo mætti vera með þingtíðindin, og virðist mèr það vel til fallið, því það eru einmitt margir fátæklingar, sem ekki hafa efni á að kaupa þau, sem gjarna vilja lesa þau. Í þeim hrepp, sem eg er í, hafa menn nóg af þingtíðindum, því þar er lestrarfèlag, sem kaupir þau, svo eg þarf ekki að *„betla“* þau út fyrir þann hrepp, en samt vil eg ekki mæla á móti uppástúngunni, því mèr þykir hún vel til fallin, og ekki eiga að kallast „betl“, og væri óskanda, að aldrei þyrfti að koma fram meira betl hèr á þingi. Mèr sýnist sanngjarnast, að hrepparnir borgi flutninginn, og ætti póstgaungurnar að vera svo útgjörðar, að þingtíðindi og blöðin geti flutzt fyrir sanngjarna borgun. Það er nú slagbrandur fyrir útbreiðslu þingtíðindanna, að þau flytjast ekki til útsölumanna fyr en í ótíma, en það er líka annað, sem hamlar útbreiðslu þingtíðindanna, og sem eg hefi heyrt skynsama menn kvarta yfir, og það er, að þingræðurnar sè svo langar, og svo lagaðar, að menn sè svo leingi að komast eptir úrslitum málanna. Eg hefi stúngið upp á að bæta úr hinu fyrra, bresti við útbreiðslu tíðindanna; en þingmenn geta stúngið upp á, hvernig bót verði ráðin á hinu síðara. Þingmaður Skagfirðinga gat þess, að þingmenn ætti að halda fund með kjósendum sínum og segja þeim frá aðgjörðum sínum á þinginu; en eg er hræddur um, að sumum kunni að eins að þykja hálfsögð sagan, þegar einn segir frá.

Indriði Gíslason: Eg skyldi eingan veginn spilla því, að þingtíðindin yrði að fúnum áburði í Reykjavík, ef eg sæi það að nokkru gagna, en mèr þykir nú áríðanda, að stínga upp á, hvernig þingtíðindin geti bezt út breiðzt, þángað til póstgaungur eru komnar í lag, og vil eg spyrja, hvort þingmenn ekki vilji annast flutninginn þángað til, og skal eg annast þau fyrir mína sýslu, ef aðrir gjöra það, en einasta vil eg áskilja, að tíðindin sè á reiðum höndum, þegar þau eru prentuð og þeirra er vitjað.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mèr þykir þingmaður Dalasýslu vera greiður á loforðum, að bjóðast til að sækja hingað 20. part alþingistíðindanna, sem prentuð eru, og selja þau. Eg vil ekki lofa því. Að öðru leyti vildi eg svara hinum heiðraða þingmanni Reykjavíkur því, að eg þeinkti hann mundi vera svo fróður að vita, að hreppstjórarnir eiga ekki sveitarskjölin; þeir verða að standa skil

á þeim, þá þeir fara frá, sem jafnaðarlegast er á hverjum þriggja ára fresti; og eg þeinkti, að þíngmaðurinn mundi vita, að hreppstjórarnir eru skyldugir að láta sveitarskjölin standa opin fyrir sveitarbúum, ef þeir vilja glöggva sig eitthvað á þeim, og niðurjöfnunarreikníngurinn, sem hreppstjórinn gjörir sjálfur, á að standa sveitarbúum opinn í 14 daga eptir tíundarskiptin; þess vegna hygg eg það hentugan geymslustað tíðindanna fyrir þá, sem í þau þyrfti að líta, að þau lægi við sveitarskjölin. Um útflutníng þeirra hygg eg þíngmenn blandi saman flutníngi þessara, sem gefins væri til sveitanna, og hinna, sem keypt yrði, en um flutníng þeirra ætlast eg til að fari, eins og áður hefir verið, að útsölumenn kosti hann fyrir $^1/_4$ af því, er selt yrði, sem eg ímynda mèr að allt eins mikið yrði, þó 1 exempl. yrði gefið í hverja sveit, og altènd veit eg að hægt er að selja 200, eins og núna hefir selzt á milli þessara þínga.

Jón Hjaltalín: Eg vil ei vera lángorður, en að eins geta þess, að það eru raunaleg forlög, ef þíngtíðindin ekki geta orðið að öðru en rottumat. Hvernig fara bókasölumenn hèr að, sem senda þúsund bækur nýprentaðar út um landið. Hvers vegna má þá ekki senda tíðindin eins? Eg held það væri bezt, að biðja bókasölumann að koma þíngtíðindunum í hvert amt, eptir því sem hann álítur hentugast, og þó að gángi til flutnínga einir 150 rd., þá er það ekki svo mikið; duglegur maður mun hæglega geta komið þeim út um landið á sumrin, og er óþarfi að vera að tala um póstgaungurnar út af þessu; amtmennirnir eiga nú að gjöra út um þær, og hver veit nema það verði svo, að það hjálpi aumíngja þíngtíðindunum úr rottukjöptunum?

H. G. Thordersen: Eg ætla að eins að taka upp aptur spurníngu þá, sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður setti fram: hvar af kemur það, að þíngtíðindin ekki geta komizt út um landið, eins og aðrar bækur?

Gísli Brynjúlfsson: Eg hefi ekki sagt, að það væri rángt, að nokkur þíngtíðindi kæmi út, heldur að eins hitt, að það ætti eigi við, að þau væri gefin út á þann hátt, sem nú tíðkast. Eg hefi talið það rèttara, hvað aðgjörðum hvers einstaks þíngmanns viðvíkur, að þeir heldur álíti það skyldu sína, en þíngsins sjálfs, að skýra kjósendum sínum frá; og þar sem því hefir verið svarað á þann hátt, að þá væri að eins hálfsögð saga, þegar einn segði frá, þá verð eg að spyrja, hvort menn vilji halda svo, að sagan þó nú í raun og veru sè meira en hálfsögð. Hver getur sagt, að kjósendur nú

einmitt fái að vita, hvað talað er í þessum sal, þar sem vèr þó allir vitum, að þíngmenn sem optast verða að leiðrètta mjög eða jafnvel búa til ræður sínar á eptir undir prentun, af því hraðskrifara vantar? Mín meiníng viðvíkjandi alþíngistíðindunum var því einkum sú, að þau mætti vera miklu styttri og að eins eins og gjörðabók þíngsins, sem í stæði öll úrslit málanna, skjöl og nefndarálit, en að eins svo mikið úr ræðum hinna einstöku þíngmanna, að sjá mætti um hvert mál, hvort þeir hefði verið með því eða móti. Ef þíngtíðindin væri þannig úr garði gjörð, þá ætti og sú ástæða enn miklu betur við, sem höfð hefir verið, að rètt væri í útbýtíngunni að fara með þau eins og lög; og svo mikið bæri þau þó eins fyrir því æfinlega með sèr, að þíngmenn gæti ei skýrt kjósendum sínum rángt frá. En hitt sè eg ei til hvers er, að kjósendur endilega verði að fá að sjá hvert orð, sem þíngmaður þeirra á að hafa talað, út gefið frá þínginn sjálfu; því þeir ætti þó æfinlega að þekkja þá, sem þeir kjósa, svo, að þeir megi treysta þeim í öllum aðalmálum, og það sýnist mèr nóg. Hitt er annað, ef stjórnin þykist þurfa að þekkja ræður hvers einstaks þíngmanns, þá má hún sjálf halda sèr skrifara til þess; en það kemur þá ei þínginu við, og sè eg ei heldur, til hvers gagns það á að vera.

Ólafur Jónsson: Mèr virðast þíngræðurnar vera komnar nokkuð út fyrir efnið, þar sem umræðurnar lúta mest að flutníngi alþíngistíðindanna; það er annað, hvernig hver hreppur geti nálgast tíðindin, og annað hitt, hvort hver hreppur eigi ekki að fá eitt exemplar af þeim ókeypis. Það hefir nú verið sagt, að eingan munaði um að borga 1 rd. Eg játa, að það er satt, að efnamanninn munar það ekkert, en fátæklínginn munar það. Þó nú að efnamaðurinn kaupi tíðindin, og það gjörir hann eins eptir sem áður, þá vil eg spyrja; hver skylda liggur á honum til að ljá þau öðrum til að lesa þau? lestrarfýsnin er þó eins hjá þeim fátæka sem ríka, og eins leggur sá fátæki, eins og sá ríki, sinn skerf til borgunar alþíngiskostnaðinum. Það hefir verið sagt, að verð alþíngistíðindanna væri svo lítið, að hreppana munaði ekkert um að kaupa þau, svo allir gæti feingið að lesa þau. Þar til svarast, að þó verð tíðindanna sè lítið, þá er ekki víst, að þeir, sem sjálfir hafa keypt þau, álíti það rètt að kaupa önnur með sveitasjóðnum, því þeir þurfa ekki að lesa þau, sem eiga önnur sjálfir. Mèr sýnist nú einúngis vera spursmálið um þetta: hvort er rèttara að láta alþíngistíðindin liggja og fúna niður hèr í Reykjavík, og jafnvel rottuetast, eins og

einhver þingmanna sagði, ellegar að sitt exemplarið af þeim liggi í hverjum hrepp í landinu, svo að öllum, jafnt fátækum sem ríkum gefist kostur á að lesa þau; þetta er aðalumtalsefnið, og gef eg atkvæði mitt fyrir því, að allir hreppar á landinn fái tíðindin ókeypis, sitt exemplar hver.

Guðmundur Brandsson: Mèr sýnist þingmaður Skagfirðinga skoða þetta lauslega, og ekki eins frjálslega, eins og eg átti von á, hann vill ei, að þingræðurnar verði sem kunnugastar, en hvers vegna eru menn þá að biðja um upplýsíngar um reiknínga og gjörðir embættismanna, er það ekki af því, að menn þykjast eiga heimtíng á að vita, hvernig þeir gæta skyldu sinnar, og er ekki þetta násvipað? við bjóðumst ekki til að kaupa þessar skýrslur embættismannanna, heldur viljum við fá þær að gjöf, hvers vegna þykir það þá fjarri lagi, sem farið er á flot um þíngtíðindin? Þíngmaður Reykvíkínga sagði, að annaðhvort mundi þíngtíðindin í hreppunum liggja óbrúkuð til eingra nota eða þá fúna og eyðast, ef þau yrði lèð út, og er eg því nú samþykkur, að þau mundu ei endast, ef þau ætti að lánast öllum, en sú var aldrei ætlun mín, að svo yrði að farið, en fúagjarnari yrði þau víst ekki þar, heldur en hèr. Meiníng mín var, að fleiri mundu kaupast, ef menn feingi kost á að kynna sèr þau áður ókeypis.

Forseti: Það hafa reyndar 2 beðið um orðið, en margir hafa óskað atkvæðagreiðslu um, að umræðunni væri nú lokið um þetta efni, og vil eg því biðja þíngmenn að gánga til atkvæða um það, hvort þíngræðurnar nú skuli hætta eður ei.

Var þá geingið til atkvæða, og það samþykkt með 19 atkv., að umræður skyldu hætta.

Forseti: Við hina upprunalegu uppástúngu hafa bætzt tvær aðrar uppástúngur, 1., að hrepparnir annist flutníng þíngtíðindanna, 2., að þau verði flutt til hlutaðeigandi amtmanna á opinberan kostnað. Eg vil geta þess, að mèr þykir það næsta athugavert, að auka alþíngiskostnaðinn með 200 rdl. *(H. Kr. Friðriksson:* Jafnvel 3—400 rd.), og vil eg því bera það fyrst undir þíngið, hvort ekki eigi að setja nefnd, til þess að íhuga og segja álit sitt um þessi 3 atriði.

Var síðan leitað atkvæða um það, hvort nefnd skyldi kjósa, og var nefnd samþykkt með 20 atkv. gegn 4.

Síðan var stúngið upp á 3 manna nefnd, og það samþykkt, og geingið til kosníngar hennar, og hlutu þessir flest atkvæði:

Guðmundur Brandsson 16 atkv., *Sveinn Skúlason* 8 atkv. Þar næst feingu þeir *Arnljótur Ólafsson, H. Kr. Friðriksson* og *Ásgeir Einarsson* flest atkvæði, 6 hver þeirra, og þar *Ásgeir Einarsson* var þeirra elztur, varð hann hinn þriðji nefndarmaður.

Voru uppástúngurnar síðan afhentar formanni nefndarinnar, *Guðmundi Brandssyni.*

Forseti: Þar næst kemur samkvæmt dagskránni uppástúnga þíngmannsins úr Suður-Þíngeyjarsýslu, um *breytíngu á mati varpjarða og bændakirkjujarða* í Þíngeyjarsýslu, og veit eg eigi, hvort þíngmaðurinn óskar annars, en að hún gángi til jarðamatsnefndarinnar?

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það var einmitt það, sem eg ætlaði að fara fram á.

Var bænarskráin síðan afhent formanni jarðamatsnefndarinnar, hinum 4. konúngkjörna þíngmanni.

Forseti: Eptir dagskránni kemur þá til inngángsumræðu bænarskrá úr Vestmannaeyjum *um byggíngu konúngsjarða* þar á eyjunum, og er hinn heiðraði þíngmaður eyjanna flutníngsmaður hennar.

Var þá bænarskráin afhent honum.

Brynjólfur Jónsson: Eg vil leyfa mèr að lesa bænarskrána.

Bænarskráin var upp lesin, svo látandi:

„Vèr bændur og innbúar Vestmannaeyja höfum fyrir nokkrum árum sent allra-þegnlegasta bænarskrá til hans hátignar konúngsins, um að mega fá ábúðarjarðir vorar til kaups, eða að öðrum kosti til erfðabyggíngar, en þar hans hátign hefir ekki þóknazt að veita oss þessa bæn, viljum vèr snúa oss til vors heiðraða alþíngis, að vísu ekki til þess að fá þessa bæn uppfyllta, þar vèr ætlum, að hún hafi annarstaðar á landi voru orðið árángurslaus, heldur í því skyni að fá ábúðarjarðir vorar byggðar með betri kjörum, en nú hefir um lángan tíma við geingizt. Festur til jarða hèr voru framan af mjög litlar, sem eingar, móti því, sem nú er orðið; en þær hækkuðu bráðum, þegar farið var að bjóða þær upp við opinber uppboð, þar sem hæstbjóðandi stóð fyrir kaupunum, opt án þess hann ætti svo mikla eigu, sem til þess útheimtist, og án þess hann hefði þá persónulegu eiginlegleika, er gæti verið honum til meðmælis fremur öðrum; síðar meir aftókst þetta opinbera uppboð jarðanna, og voru þær í þess stað veittar undir hendinni, þeim er voru hæstbjóðandi, og varð afleiðíng þessa hèr um bil hin sama, sem af hinum opinberu uppboð-

um, og höfum vèr dæmi til þess, að jarðarfesta hefir orðið jafnhá hinu nýja matsverði jarðarinnar. Þetta þykja oss þúngir kostir, og óþolandi; einnig þykir oss það ósanngjarnt, að ábúðarrèttur ekkna skuli vera úti, þegar þær giptast aptur, má ske eptir fárra ára búskap með bændum sínum, svo að, ef þær, fátæktar eða annara orsaka vegna, neyðast til að giptast á ný, verða þær (eða menn þeirra) að gefa nýja festu til jarðarinnar, og þá sjálfsagt verða hæstbjóðandi, eigi þær með mönnum sínum ekki að verða jarðnæðislausar.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfum vèr oss að óska þess, að vort heiðraða alþíngi vildi taka þetta mikilvæga málefni til yfirvegunar og beiðast þess fyrir vora hönd af hans hátign konúnginum, að hann allra-mildilegast vildi bjóða: *að* festa til hinna konúnglegu jarða hèr á Vestmannaeyjum verði ei krafin hærri en frá 10 til 20 ríkisdala fyrir hverja heila jörð, eptir jarðarkostum, *að* sá ábúðarrèttur sem ekkjur áður hafa haft, meðan þær ekki giptust á ný, gildi fyrir lífstíð þeirra, hvort sem þær giptast eða ekki, og *að* eingin jörð sè svo byggð hèr af hinum konúnglega umboðshaldara, að sveitarstjórnin ekki sè tekin til ráðaneytis.

Vestmannaeyjum, þann 14. júnímánaðar 1859.

(28 nöfn).

Brynjólfur Jónsson: Bænarskráin ber sjálf með sèr ástæður sínar fyrir því, að festur, sem eru orðnar um of háar þar, verði, ef ei með öllu af teknar, sem reyndar væri æskilegast, þá ákveðnar t. a. m. frá 10—20 rd. Eg sè ekki, hvað geti verið ósanngjarnara en það, að jafnvel sè boðnar svo háar festur til jarðanna, að þær svari þeirri upphæð, sem þær mundu verða seldar fyrir. Eg get, ef með þarf, fært sönnur á, að í eina jörð á Vestmannaeyjum, sem eptir hinu nýja jarðamati er látin vera 6 hundraða jörð, hafi verið boðin 200 rd. festa. Menn geta nú að vísu sagt, að þetta sè mönnum sjálfum að kenna, en þegar menn eru svo heimskir, að bjóða hver í kapp við annan og spilla fyrir sèr og öðrum, verður að gjöra við því, sem er. Hvað 2. atriðinu viðvíkur um ábúðarrètt ekkna, þá þefir það geingið svo, ef maðurinn dó, sem búast má við að eigi sèr optast stað í sjóplássum, þar sem sjávarútvegur er jafnan hættum bundin, að ekkjan, sem stóð ein uppi, hefir orðið að fá sèr fyrirvinnu; gat þá svo farið, að sambúð ekkjunnar með fyrirvinnu sinni leiddi til ósæmilegs lífnaðar, ef ekkjan fátæktar vegna hafði ekki færi á, að gefa nýja festu (eða maður hennar), um leið og hún giptist aptur, því ef hún giptist aptur, þá þarf nýja festu, og bóndi fær

jörðina með þeim einum kosti, að einginn bjóði betur, og því gjörir bóndi það boð, sem einginn fer upp fyrir, til að halda jörðinni. Hvað 3. atriðið snertir, að eingin jörð sè byggð án samþykkis sveitarstjórnarinnar, þá er það svo, að útlendur eða nýkominn sýslumaður þekkir ekki jarðirnar og ekki þá, er bjóða, veit eigi, hvort þeir eru ráðdeildar- eða óráðsmenn, og geta þá leitt af því sveitarvandræði, ef óheppilega tekst með byggínguna. Eg óska því, að þingið vilji gefa þessari bænarskrá gaum, og veit eg líkt mál hefir komið fyrir á þingi hèr áður.

H. G. Thordersen: Mèr finnst ekki áhorfsmál, að setja nefnd í þessu máli, því þó sè smávegis athugavert við 3. atriðið, finnst mèr það fyrst um sinn geta geingið af án orðaleingínga, og vil eg stínga upp á 3 manna nefnd.

Pètur Pètursson: Eg vil einnig styðja að því, að nefnd verði kosin í þetta mál; þó eg eigi sè samdóma 2. og 3. atriði bænarskrárinnar, þá álít eg nauðsynlegt, að betra skipulag komist á með þessar festur. 2. og 3. atriðin eru ísjárverð, eins og þau eru, því það virðist vera athugavert, að veita ekkjum, sem giptast aptur, sama ábúðarrètt og áður; því þær giptast þó að líkindum til að fá önnur rèttindi, en sem ekkjur hafa, enda eru þær þá ekki leingur ekkjur. Einnig er 3. atriði bænarskrárinnar óákveðið, að umboðsmaður skuli leita ráða um byggíngu jarðanna hjá sveitastjórninni, því það er ótiltekið, hve mikið hann eigi að fara eptir ráðum hennar.

Forseti: Eg skal geta þess, að 6. konúngkjörni þíngmaður hefir tjáð mèr frá, að hann verði að gánga af fundi.

Ásgeir Einarsson: Menn hafa sagt, að bænarskrár og umkvartanir Vestmanneyínga væri nokkuð ólögulegar, og væri það vorkunarmál, þó svo væri, þar þeir hafa ekki átt kost á að taka þátt í þínginu fyr en nú; en samkvæmt því, sem ofan á varð í gær á þínginu, er annaðhvort fyrir þingið að gjöra, að parta bænarskrána í sundur, eða sleppa henni algjörlega, því eg vil ekki, að það komi til sömu vandræða, og í gær; þingið verður að binda sig við einhverja reglu í þessu sem öðru; að öðru er eg samþykkur hinum 3. konúngkjörna þíngmanni, og mæli með nefnd.

Brynjólfur Jónsson: Eg sè ekkert á móti því, að allar uppástúngurnar fylgist að; nefndin getur lagað það í hendi sinni, eptir sem henni þykir bezt við eiga. Þegar festa er lækkuð, eða, sem bezt má fara, af tekin með öllu, þá fellur sá þúngi að miklu leyti burtu, og því stendur og fellur 2. atriðið með því fyrsta. 3. atrið-

inu viðvíkjandi er það sjálfsagt, að sveitastjórnin hlýtur að vera kunnugri jörðum og ráðlagi manna, og mèr virðist, að umboðsmaður hljóti að fara eptir tillögum hennar.

Páll Sigurðsson: Flutníngsmaður tók nú fram flest af því, sem eg vildi hafa sagt, og þekki eg svo til, að það er satt, sem sagt er í bænarskránni, að uppboð á Vestmannaeyjajörðum er orðið þar gjört að stöðugri reglu, og þau eru að komast fjarska hátt, og sá með því stundum nær ábúðinni, sem fèlagsmenn vildu hvað sízt til kjósa, og svo eyða menn efnum sínum í borgun þessa þúngbæra gjalds, að þeir á eptir verða of kraptlitlir til að sjá fyrir sèr og fjölskyldu sinni eða að leggja nokkurn skerf til fèlagsþarfa, og svo er þessi aðferð augsjáanlega til að spilla rètti ekknanna, því þó þær geti feingið efnilegasta mann til forystu, en getur ekki vegna fèleysis borgað nýtt festugjald, þá verður hann að yfirgefa þenna ráðahag, og ekkjan sem einstæðíngur að yfirgefa búskap, og kann ske stundum þar af verða þurfamaður.

Ásgeir Einarsson: Eg vil einúngis mótmæla reglunni, en hefi ekki mótmælt málinu eða nefnd í því, en nefndin á ætíð með að taka burtu, hvað henni sýnist, en þíngið á að hafa sömu reglu í dag og í gær. Málefni líks eðlis hefir fyrri komið hèr á þíngi, og mætti þá mótspyrnu af *konúngsfulltrúanum,* sem þá var, og fleirum, komst þó inn, og mun hafa hlotizt af því breytíng á festuupphæð. Hvað byggíngarrètt ekkjunnar áhrærir, þá er það að mínu áliti bæði óráð og hefir heldur eingin lög að styðjast við, sem bænarskráin fer fram á í þeirri grein. Að sveitastjórn taki þátt í byggíngum jarðanna, er ísjárvert, eins og sveitastjórn nú er háttað enn þá, á meðan hún getur ei komizt á, en það er óheppilegt, að umboðsmaður er sjálfur sýslumaður; hann getur ei verið dómari í sjálfs síns sök.

Gísli Brynjúlfsson: Eg mæli líka með nefnd, og skal að eins geta þess, að það er ekki satt, að þíngið nú verði sjálfu sèr ósamkvæmt, ef það skiptir ei þessari bænarskrá í tvennt, eins og þíngmaðurinn úr Strandasýslu sagði. Því það muna menn þó víst enn, að sú varð einmitt niðurstaðan líka í gær, að bænarskránni, sem hann átti við, var þá eigi heldur skipt eptir atriðum, heldur var hún felld í einu lagi.

Magnús Andrèsson: Þíngið er ekki sjálfu sèr ósamkvæmt, þó það taki við þessari bænarskrá, en ekki þeirri í gær, því þær eru mjög ólíkar, að mèr virðist, og mæli eg því með nefnd í þessu máli.

Ásgeir Einarsson: Það hefir þá orðið bænarskránni, eða uppástúngunni þeirri í gær til falls, að menn hafa misskilið hana.

Arnljótur Ólafsson: Eg finn mèr skylt að mæla með þessari bænarskrá Vestmanneyínga, þar eg mælti á móti bæn þeirra, sem áður kom hèr á þíng, svo Vestmanneyíngar haldi ekki, að eg sè ætíð á móti þeim, og þó mèr þyki 2. og 3. atriði bænarskrárinnar mjög athugavert, eins og hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður benti til, þá vil eg ei fella málið fyrir þá sök; því eg hefi fylgt og vil fylgja þeirri reglu, að fella eigi bænarskrá vegna eins eður tveggja atriða, en hitt læt eg ósagt, hvort allir þíngmenn geta gjört það með jafngóðri samvizku; eg er og þíngmanni Strandasýslu samdóma í því, að þíngið eigi að vera sjálfu sèr samkvæmt.

Jón Pètursson: Mèr sýnist, að þíngið, án þess að komast í minnstu mótsögn við sjálft sig, vel geti sett nefnd í þessu máli, þó það hryndi málinu því í gær. Annars hefir það komið fyrir á fyrri þíngum, að þíngið hefir verið sèr ósamkvæmt, og virðist mèr því, að það sízt sitji á þeim þíngmönnum, er því hafa valdið, að vera svo hörundsárir um það, hvort þíngið komist í mótsögn við sjálft sig í þetta skipti.

Forseti: Fyrst einginn tekur til máls, álít eg inngángsumræðunni lokið, og skal því biðja menn greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli setja í málið, eður ei.

Var síðan geingið til atkvæða og nefnd samþykkt með 22 atkvæðum móti 2.

Var stúngið upp á 3 manna nefnd, það samþykkt, og geingið til kosníngar og þessir kosnir:

Brynjólfur Jónsson með 21 atkvæðum,
Páll Sigurðsson með 13 ——.
Jón Pètursson með 6 ——

Voru síðan skjöl málsins afhent þeim, er flest atkvæði hlaut.

Forseti: Þar næst kemur eptir dagskránni bænarskrá frá Þínghöfðafundi *um fastákveðið landskuldargjald af hverju jarðarhundraði;* þíngmaðurinn úr Norður-Múlasýslu er flutníngsmaður hennar.

Bænarskráin var afhent flutníngsmanni.

Halldór Jónsson: Eg skal leyfa mèr að lesa niðurlagsatriði bænarskrárinnar.

Niðurlagsatriðin voru lesin upp, svo látandi:

„Að sett verði lög hèr á landi um það, hversu háa landskuld

setja megi á hvert jarðarhundrað, eptir hinu nýja jarðamati, og að hún fari ekki fram yfir 6 álnir af hverju hundraði.

Halldór Jónsson: Eg get ekki mælt fram með bænarskrá þessari; svo spursmálið er, hvort nokkur vilji gjöra hana að sinni uppástúngu.

Pètur Pètursson: Má ekki vísa bænarská þessari til jarðamatsnefndarinnar?

Halldór Jónsson: Það fellst eg á.

Vilhjálmur Finsen: Mèr finnst bænarskráin vera fallin, fyrst einginn vill gjöra hana að sinni uppástúngu; jarðamatsnefndin getur að vísu tekið við henni.

Gísli Brynjúlfsson: Eg vil helzt, að bænarskrá þessi verði felld með öllu, og það sem fyrst, því eg álít rángt, að láta lögin blanda sèr í samninga milli einstakra manna, en þeir eru hèr landsdrottinn og leiguliði. Það er alkunnugt, að landskuld af hundraði hverju er að gömlu lagi 12 álnir, og er þó sagt, að hún hafi að eins orðið þetta eptir svartadauða, þegar hún á að hafa verið sett niður um helmíng. Eptir þessari bænarskrá er nú þá aptur stúngið upp á, að lækka hana enn um helmíng, og tekur slíkt eingu tali.

Stefán Eiríksson: Eg verð að mæla með því, að bænarskrá þessi sè felld; því hún miðar til að leggja band á frjálsa samninga manna, og ef slíkar bænarskrár eru teknar til greina, þá geta komið fram ótal óskir í líka stefnu.

H. Kr. Friðriksson: Eg álít þetta mál með öllu óviðkomanda jarðamatinu, því að það er sitt hvað, hversu mikils virði jörðin er, eða hvaða hundraðatala er á henni, og á hinn bóginn hversu miklir skattar skuli á henni hvíla, og verð eg því að mótmæla því fastlega, að vísa bænarskránni til nefndarinnar í jarðamatinu.

Ásgeir Einarsson: Sama segi eg, og af sömu ástæðum, enda held eg jarðamatsnefndin hafi nóg.

Forseti: Vill flutníngsmaður halda þessu máli til atkvæða?

Halldór Jónsson: Eg held ekki.

Forseti: Fyrst hinn heiðraði flutníngsmaður gefur frá sèr að fylgja uppástúngunni fram, og einginn annar tekur hana að sèr, verður að álíta mál þetta fallið.

Þar næst kemur bænarskrá frá sama fundi, um *að amtmönnum verði settir 2 aðstoðarmenn til ráðaneytis* við umsjón hans yfir opinberum sjóðum í amtinu. Og er flutníngsmaður hennar hinn sami heiðraði þíngmaður.

Bænarskráin var afhent flutníngsmanni.

Halldór Jónsson: Bænarskráin er stutt, skal eg því leyfa mèr að lesa hana.

Bænarkráin var lesin, svo látandi:

„Þó sveitastjórnarmálið, sem rætt var á alþíngi 1855, væri, eptir því sem oss sýnist, svo óljóst og óþjóðlegt í mörgum greinum, að vèr teljum lítið mein að því, þó það hafi ekki feingið lagagildi, eins og það var út búið frá þínginu, þá var þó sumt í því, sem var næsta þarflegt, og teljum vèr eitt af því amtsráðin, sem vèr ætlum mjög nauðsynlegt að kæmist á. Það væri án efa þarfleg tilhögun, að settir væri sem fyrst einir 2 menn í ráðaneyti með hverjum amtmanni á landinu, einkum til að annast með honum um sjóði þá, sem eru undir hans umsjón, að þeim yrði varið sem haganlegast eptir tilgángi þeirra, að ekki verði lagður á jafnaðarsjóði amtsins neinn sá kostnaður, sem komizt yrði hjá, ekki jafnað niður á alþýðu meira tillag til þeirra, en þyrfti hvert skipti, og til að vera í ráði með amtmanni um ýms sveitamálefni. Því þó vèr efumst ekki um, að amtmenn vorir, sem nú eru svo merkir menn, annist um allt þetta, sem bezt þeir geta, og með samvizkusemi, þá höfum vèr einga vissu fyrir, að svo muni ætíð verða, og vèr vonum, að hver amtmaður mundi gjarna vilja fá aðstoð í þessum efnum. Þessa aðstoðarmenn amtmannanna, sem vèr tölum um, þykir oss frjálslegast að alþíng mætti kjósa, en konúngur staðfesti valið, ellegar hann leyfi, að kosníng þíngsins sè fullgild. En til þess ekki vanti mann í amtsráð milli þínga, ef annarhvor hinna kosnu fèlli frá eða fatlaðist, gæti þíngið kosið menn til vara.

Þetta málefni biðjum vèr yður, heiðruðu alþíngismenn, að yfirvega á þínginu í sumar, og rita um það bænarskrá konúngi vorum, að hann gjöri það að lögum hjá oss, að 2 menn, kosnir af alþíngi og staðfestir af honum sjálfum, verði framvegis ráðaneyti hvers amtmanns hèr á landi, til að hafa umsjón með honum yfir sjóðum þeim, sem honum eru faldir á hendur, að þeim sè varið sem bezt til þess, sem þeir eru ætlaðir, að einginn óþarfur eða óviðkomandi kostnaður leggist á jafnaðarsjóðina, ekki sè jafnað á alþýðu meira tillagi til þeirra hvert skipti, en þörf krefur, og til ráðaneytis í ýmsum sveitamálum.

Þínghöfðafundi, 27. maímán. 1859“.

(7 nöfn).

Halldór Jónsson: Bænarskráin ber það með sèr, að hún er eigi sprottin af vantrausti til amtmanna þeirra, sem nú eru. En mèr finnst þetta slitið út úr sveitarstjórnarmálinu.

Gísli Brynjúlfsson: Bænarskrá þessi vill auðsjáanlega, að nokkurs konar amtsráð komist hèr á nú þegar. En auk þess, að allt um nytsemi þeirra er enn mjög svo efasamt, þar sem sýslur á Íslandi í raun og veru miklu fremur svara til amta í Danmörk, en hin nú verandi ömt vor, þá væri og óefað rángt, að ákveða nú nokkuð um slíkt einstakt atriði, áður en menn vita, hvað af ráðið verður um sjálfa landstjórnina eða sveitastjórnina. Stíng eg því upp á því, að þessu máli verði nú að eins vísað til sveitastjórnarnefndarinnar.

Pètur Pètursson: Eg veit ekki, hvort það er rètt eða góð uppástúnga, að vísa máli þessu til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu; því ætlunarverk þeirrar nefndar er eigi annað en að biðja stjórnina að flýta fyrir frumvarpi til sveitastjórnarlaganna, og í hæsta lagi að benda til einstöku aðalatriða; en ef nefndin tæki þetta, byndi hún hendur sínar seinna í sveitastjórnarmálinu. En því má ekki setja sèrstaka nefnd í þetta mál, ef þíngið álítur það borið upp í tíma? það álít eg þá rèttast, og þurfa þær nefndir ekki að koma í bága hvor við aðra.

Stefán Eiríksson: Eg get ekki verið samþykkur hinum háæruverðuga 3. konúngkjörna þíngmanni í því, að mál þetta ekki megi gánga til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu, ef annars á að setja nefnd í því; það er þó að sjá af 27. gr. í stjórnarfrumvarpinu til þíngsins 1855, að þar er gert ráð fyrir amtsráði, og eg gæti skilið, að nefndin kæmist til þeirrar niðurstöðu, og þá heyrir málefni þetta einmitt undir nefndina í sveitastjórnarmálinu.

Gísli Brynjúlfsson: Það er satt, að nefndin í sveitastjórnarmálinu á reyndar helzt að eins að semja ávarp til stjórnarinnar um að flýta svo mjög fyrir því máli, sem unnt er. En eg skildi þó þíngið seinast svo, að hendur hennar skyldu þó ei vera svo bundnar, að hún mætti ei um leið benda á ýms aðalatriði, sem henni þætti mikilsvert að einkum væri haft tillit til og rètt stefna tekin um, og finnst mèr þetta þá vel mega vera eitt af þeim. Get eg því ei enn sèð nokkuð á móti því, að þessari bænarskrá sè vísað til nefndarinnar, því þíngið hefir þó eins fyrir því æfinlega á valdi sínu, að takmarka hana, ef hún fer of lángt.

Konúngsfulltrúi: Bænarskrá þessi inniheldur 2 atriði, nl. að 2 menn sè tilskipaðir, fyrst til þess, ásamt amtmanni að hafa um-

sjón með þeim sjóðum, sem nú eru undir stjórn amtmanna, og þar næst til þess, að vera honum til ráðaneytis í sveitamálum. Það virðist þannig vera meiníng bænarskráarinnar, að þessir 2 menn skuli til bráðabyrgða vera í staðinn fyrir þau amtsráð, sem stjórnarfrumvarpið í sveitarstjórnarmálinu ætlaðist til að skipuð væri hèr í landi. Mèr virðist það því ljóst, að ef þíngið vill ræða þetta máleíni framar, þá eigi að vísa því til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu. Eg skal geta þess, að biskupinn er meðstjórnandi spítalasjóðsins í Vesturamtinu ásamt mèr, og sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu er meðstjórnandi Vesturamtsbúnaðarsjóðs. Reikníngsfærslu og ábyrgð jafnaðarsjóðs amtsins hefi eg, eins og hinir amtmennirnir, einn á hendi í Vesturamtinu; en eg skal ekkert hafa á móti því, þó 2 mönnum væri falið það á hendur, að hafa ábyrgð og reikníngsfærslu jafnaðarsjóðsins ásamt mèr.

Jón Pètursson: Mèr virtist nefndin í sveitarstjórnarmálinu eigi vera sett til annars, en að biðja stjórnina að flýta fyrir frumvarpi til sveitastjórnarlaga; og þykir mèr því þetta ekki eiga beinlínis undir þá nefnd. Bænarskrá þessi gjörir líka beina uppástúngu um víst atriði í sveitarstjórnarmálinu, en eg óttast fyrir, að bænarskráin kunni að geta komið í bága við það fyrirkomulag á sveitarstjórninni, er stjórnin kynni vilja gefa oss, ef þessi uppsátúnga ekki kæmi, og sem riði í bága við það; menn vita ekki, nema það fyrirkomulag kynni verða oss lángtum geðfelldara, en það, sem bænarskráin fer fram á, og þá mættum við óska, að þessi bænarskrá aldrei hefði verið send stjórninni. Eg álít því óráð að biðja um nýtt lagaboð um þetta eina atriði í sveitarstjórnarmálinu, og að því heldur ekki eigi að setja nefnd.

Pètur Pètursson: Eg er á því, að nefndin í sveitarstjórnarmálinu geti ekki tekið á móti þessu máli til meðferðar, en er eigi á móti sèrstakri nefnd, því komi svo uppástúnga um eptirlit á öðrum sjóðum, t. a. m. hospítalsjóðsins og jafnaðarsjóðanna, þá yrði sveitarstjórnarmálsnefndin sú ruslakista, sem henda mætti í öllum bænarskrám um umsjón með opinberum sjóðum, en nefndin á að eins að reka á eptir stjórninni, ef svo mætti að orði komast, með sveitarstjórnarmálið. Stjórnin hefir nokkurs konar landráð á prjónunum, og hefir leitað um það álits embættismanna, og getur skeð, að þínginu lítist vel á það, en það getur komið í bága við þetta. En vilji þíngið taka málið, er bezt að gjöra það sèr á parti með sèrstakri nefnd, en eg ætla þó bezt að skjóta því á frest að sinni. En það er á þíngsins valdi, hvort það vill nefnd, eða ei.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Fyrst menn eru nú almennt samdóma um, að mál þetta sè ein grein sveitarstjórnarmálsins, sýnist mèr ekki eiga við, að setja í það sèrstaka nefnd, heldur beri að vísa því til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu; því þó bænarskráin, sem þeirri nefnd var feingin til meðferðar, gefi ekki tilefni til að fara lángt inn í það mál, þá sè eg eingan veginn, að nefndin hafi svo bundnar hendur, að hún ekki megi taka fram hin yfirgripsmestu atriði málsins, ef henni sýnist svo. Vilji þíngið ekki aðhyllast þetta, mæli eg móti sèrstakri nefnd, og vil heldur, að málið falli alveg.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eptir því sem nú á stendur, virðist mèr bænarkráin bæði óþörf og óhentug. Þar er talað um, að setja eins slags amtsráð eður 2 menn jafnhliða amtmanninum til að afgjöra sveitarstjórnarmálefni og sjá um stjórn opinberra sjóða, en eg vil spyrja: ætli nokkrir fáist til að gjöra þetta fyrir ekki neitt? eg hefði haldið, að þessi embætti mundu kosta nokkuð, og hvaðan á að taka það fè? Bænarskráin bendir hvergi á það. Að öðru leytinu er þetta, eins og sumir hafa sagt, ein grein af sveitarstjórnarmálinu, og ef svo fer, sem þíngið á nú að biðja um, að stjórnin veki það mál upp aptur, þá mun það varla koma svo frá henni hèr til þíngsins, að ekki verði minnzt á amtsráðin, og væri þá skrítið að vera þá fyrirfram rètt nýbúinn að óska þeirra eður búa þau til, kann ske allt öðruvísi, en mönnum sýndist þá hentugt að hafa þau. Þess vegna er eg á því, að skaðlaust sè að hleypa hjá sèr þessari bænarskrá í þetta sinn.

Halldór Jónsson: Það gleður mig, að margir þíngmenn mæla með því, að bænarskráin verði tekin til greina, en eg get eigi sèð, að hún komi í bága við sveitarstjórnarmálsnefndina, og vona því hún gángi til hennar. Uppástúnga bænarskráarinnar hefði eins mikinn krapt frá þeirri nefnd, eins og frá annari nefnd, því nefndin gæti vel tekið fram þetta eina atriði, eins og t. a. m. í sunnudagahelgi-málinu.

Magnús Andrèsson: Eg saknaði eins í uppástúngum bænarskráarinnar, og það mikils umvarðanda atriðis, þess nefnilega, að eigi er til tekið, hversu miklu þessir menn eigi að ráða, hvort þeir skuli hafa atkvæðisrètt, eða hvort amtmenn einir eigi, eins og verið hefir, að ráða úrslitum málanna; uppástúngan er því ófullkomin; eg felli mig bezt við, að hún sè afhent nefndinni um sveitarstjórnarmálið, sem þá getur tekið það betur fram, en ei sèrstakri nefnd; þær eru nógu margar orðnar.

Arnljótur Ólafsson: Má eg spyrja hinn háttvirta *forseta:* er eigi hèr líka annað mál líkt, eða bænarskrá um reikníng opinberra sjóða?

Forseti: Eg vildi eigi upp á mitt eindæmi sleingja þeim saman, og áleit rèttara, að hafa málin svona í tvennu lagi á dagskránni; hið heiðraða þíng getur eins sameinað bæði málin fyrir því, ef svo litist betur fara; en fyrst eg er nú staðinn upp, skal eg geta þess; að mèr virðist ekki ráðlegt að kjósa sèrstaka nefnd í þetta mál, sem áhrærir sèrstaka grein sveitastjórnarinnar, þegar kosin er nefnd í sveitastjórnarmálið yfir höfuð að tala. Eg gat ei skilið svo inngángsumræðuna til þess máls, að nefndin sè bundin einúngis við það að flýta fyrir sveitastjórnarmálinu, heldur geti hún hreift við einstöku atriðum, og gjört uppástúngur um þau; og aptur er þíngið eigi bundið við það, sem nefndin stíngur upp á, heldur getur það hreift breytíngaruppástúngum um ýms atriði málsins við uppástúngur nefndarinnar; en þó að hvorugt af þessu yrði gjört, þá gæti nefndin samt byggt einnig á þessari bænarskrá þá nauðsyn, er hún ætlar að sýna stjórninni að sè á því, að flýta fyrir málinu.

Arnljótur Ólafsson: Af því eg er í nefndinni, álít eg mèr skylt að tala með. Það er satt, sem sagt hefir verið, að málin eru skyld, en sveitarstjórnarmálsnefndinni er vorkun, þó hún vilji sleppa; hún er ekki fær um mikið; eg segi nú einúngis fyrir mitt leyti, þó eg nú ekki setji mig upp á móti því, að bænarskráin um reikníng opinberra sjóða líka verði sett upp á nefnd; eg ætla að slá varnaglann, að þó eg ei verði mótsnúinn þessari bænarskrá, vil eg ei þar með opna dyr fyrir öllum bænarskrám.

Gísli Brynjúlfsson: Þó eg meti mikils tillögur hins 3. konúngkjörna þíngmanns, þá get eg þó ei sèð, að þínginu nú sè nokkur nauðsyn að fylgja þeim. Eg átti fyr nokkurn þátt í því, að þíngið ályktaði, að sveitastjórnarnefndin einkum að eins skyldi herða á stjórninni, og því get eg nú með því meiri vissu sagt það, að sú var þó eingan veginn meiníng mín, að hún samt ei um leið mætti láta meiníngu sína í ljósi um ýms aðalatriði í málinu eða hina almennu stefnu, er halda skyldi í því. Meiníngin var að eins, að hún skyldi ei fara að búa til nýtt frumvarp að svo stöddu, og þó eg nú líka sè einn í nefndinni, get eg ei enn sèð, að aðaltilgángi hennar verði nokkuð raskað, þó þessari bænarskrá verði vísað til hennar.

Ásgeir Einarsson: Það er óvíst, hvað lángt nefndin fer upp

á við, kann ske upp að stjórnarbótarmálinu, en geti bænarskráin ekki átt við þessa nefnd, veit eg eigi, hvar hún getur átt við.

Pètur Pètursson: Sem nefndarmaður hefi eg í sjálfu sèr ekkert á móti bænarskránni, þó eg stýngi upp á sèrstakri nefnd.

Forseti: Eg álít þá inngángsumræðu þessa máls lokið, og skal biðja menn að greiða atkvæði um, hvort sèrstaka nefnd skuli kjósa í málið.

Gaf einginn atkvæði fyrir því.

Síðan var leitað atkvæða um, hvort vísa skyldi bænarskránni til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu, og var það samþykkt með 18 atkvæðum móti 3.

Var síðan bænarskráin afhent formanni þeirrar nefndar, hinum 3. konúngkjörna þíngmanni.

Forseti: Þar næst kemur bænarskrá frá Kollabúðarfundi, *um að auglýstir verði á prenti reikníngar opinberra sjóða og stofnana;* flutníngsmaður er hinn heiðraði varaþíngmaður úr Dalasýslu.

Bænarskráin var afhent flutníngsmanni.

Indriði Gíslason: Eg vil leyfa mèr að lesa bænarskrána upp.

Bænarskráin var upp lesin, svo látandi:

„Það er þegar orðin altízka í öðrum löndum, að allir reikníngar opinberra stofnana sè auglýstir á prenti til almennrar íhugunar og aðfinnínga, ef þörf þyki; virðist af þessu hin mesta tryggíng, eins og það líka á hinn bóginn nemur burtu tortryggni um stjórn á sjóðum tèðra stofnana. Á Íslandi er hinn mesti misbrestur á tèðum auglýsíngum í Suður- og Vesturumdæminu, því það er einúngis undir góðum vilja og geðþekkni þeirra komið, sem stofnununum eiga að stjórna, hvort alþýða fær nokkurn tíma eða aldrei að vita, hvað efnahag þeirra líður, eða hvernig með fè þeirra er farið; tökum vèr til dæmis prentsmiðjusjóðinn og jafnaðarsjóðinn, t. a. m. í Vesturumdæminu, þrátt fyrir loforð hlutaðeiganda amtmanns, sem sjá má af alþíngistíð. 1855; eins er og varið spítalasjóðunum og fl., og er slíkur dularbúníngur, sem sjóðir þessir eru í klæddir, almenníngi í Vesturumdæminu því ógeðfelldari, sem slíkir reikníngar voru auglýstir á prenti, meðan hinn fyrverandi amtmaður vor, konferenzráð B. Thorsteinsson, hafði slíka sjóði undir höndum. Oss virðist því hin mesta nauðsyn til bera, að þessu verði kippt í betra horf, en það álítum vèr verði með því einu móti, að það verði gjört hlutaðeigendum að lagaskyldu, að auglýsa opinberlega á prenti reikn-

ínga þeirra opinberu stofnana landsins, sem eru undir þeirra stjórn og umsjón, og þess vegna skorum vèr á hið heiðraða alþíngi, sem haldið verður í sumar, að það taki framanritað málefni til meðferðar og riti hans hátign konúnginum þegnsamlega bænarskrá á þá leið: *að hlutaðeigandi stjórnendum opinberra stofnana á Íslandi verði gjört að lagaskyldu eptirleiðis, að auglýsa árlega á prenti reikníngа tèðra stofnana á sjóðanna kostnað.*

Að frjálsum fundi að Kollabúðum, 16. júní 1859.

Í nafni fundarins,

Ó. Sívertsen, forseti. *Ó. Jónsson,* skrifari".

Indriði Gíslason: Eg held það sè bezt fyrir mig að fara ekki mörgum orðum um þetta, til þess að spilla ekki fyrir málinu, en vil þó mæla með nefnd, þó eg sè vondaufur um, að því verði framgeingt, þar þíngið felldi í gær bænarskrá í líka stefnu.

Sveinn Skúlason: Eg finn þörf á að mæla með nefnd í þessu máli, því mèr þykir eðlilegt, þó gjaldþegnar vilji vita, til hvers fènu, sem þeir greiða, er varið; þarf og til þess lagaskyldu, því þó embættismönnum hafi verið skipað af stjórninni að birta reikníngа, sèr maður, að þeir hafa farið sèr hægt með það. Stiptsyfirvöldunum hefir þannig með ráðherrabrèfi verið skipað að auglýsa reikníngа prentsmiðjunnar, en sú auglýsíng er enn þá ókomin. Eg mæli því fram með nefnd.

Benedikt Þórðarson: Það er þó vonanda, að þíngmenn efist ekki í því, að kjósa nefnd í mál þetta, því málið er merkilegt; sjáum vèr ekki, góðir bræður! að hèr koma fram tvö systkin, sem taka höndum saman; ángursemi og hógværð lýsir sèr á svip þeirra, þau koma hèr fram og biðja oss lítillar bónar, þau biðja oss að kveykja ljós hjá sèr, og kvarta um, að sèr sè farið að leiðast í myrkrinu; mun oss hæfa fúlmennska sú, að neita þeim um bæn sína? eg held ekki. Systkin þessi heita *rèttur þjóðarinnar og sæmd yfirvaldanna,* og eru þau kyngöfug í allar ættir. Er það ekki þjóðin, sem heldur lífinu í öllum hinum opinberu stofnunum hjá oss, og ýmist beinlínis eða óbeinlínis leggur þeim árlega skerf af sínu? má nú minna fyrir koma, en að hún fái að sjá, hvernig með skerfinn er farið, og til hvers honum sè varið? Eru yfirvöldin ekki ráðsmenn stofnananna fyrir þjóðina? Kreinkir það ekki sæmd þeirra, sè þau grunuð um gæzku? Er það dæmalaust, að þetta hafi átt sèr stað, þó þau væri góð og rèttlát í gjörðum sínum, einmitt þá, þegar þjóðin

ekki veit, hvað þau gjöra, og þau sjálf dyljast við þá skyldu sína að láta ljós sitt lýsa fyrir mönnum, svo þeir sjái góðverk þeirra? Er það ekki öldúngis vansæmanda, að heimfæra til þeirra guðspjallsorðin þessi: „hver, sem illt að hefst, hann hatar ljósið, hann kemur og heldur ekki til ljóssins, svo verk hans verði ekki uppvís“? Ætti ekki betur við, að allir gæti um þau sagt með fullri sannfæríngu: „hver, sem gott að hefst, elskar ljósið, og hann kemur til ljóssins, svo verk hans verði opinber, því þau eru góð“? Híngað erum vèr kallaðir til að gánga undir merkjum ljóssins og sannleikans; oss ber því að eyða myrkrinu og lyginni. Gegnum þeirri köllun vorri og kjósum nefnd í málið.

Konúngsfulltrúi: Mèr þykir líklegt, að þíngið eptir hina hjartnæmu ræðu, er það nú heyrði, kjósi nefnd í þetta mál. Eg hefi aldrei haft neinn vilja til þess að dyljast í myrkrinu, en vildi gjarna komast til ljóssins. Hinn háttvirti *forseti* getur skýrt frá því, að eg hefi áður látið birta í Þjóðólfi greinilegt ágrip reiknínga fyrir sjóði þá, er eg hefi undir höndum, og með hverjum eg á að hafa umsjón, fyrir nokkur ár, og mèr þykir það því nokkuð undarlegt, að beiðendur gánga með þögn fram hjá því í bænarskránni. Eg hefði nú þegar látið birta reiknínga yfir sjóði þessa fyrir þau ár, sem síðan eru liðin, ef úrskurður yfir síðasta árs reikníng hefði verið kominn til mín, áður eg nú fór að heiman. Annars skulu reikníngarnir verða birtir, það fyrsta eg fæ nú við komið. Að öðru leyti get eg ekki látið vera að benda til þess, að bænarskrá þessi lítur svo út og hefir þann blæ á sèr, eins og amtsbúar mínir beri tortryggni til mín, hvað umsjón þessara sjóða snertir. En eg veit ekki, með hverju eg hefi unnið til hennar; enda skal eg gjöra glögga grein fyrir hverjum þeim skildíngi, opinberum sjóðum tilheyrandi, sem í mínar hendur kemur.

Páll Sigurðsson: Mèr þykir það gegna furðu um þessa reiknínga; eg tala ekki um amtmanninn fyrir vestan, en einkanlega um það hjá oss hèr í Suðuramtinu; því það er eins og hulinn helgidómur. Jafnaðarsjóðsreikníngar Suðuramtsins hafa eigi sèzt, þó opt hafi verið um það kvartað, fyr en nýlega kom lítið yfirlit, ómerkíngur, sem lítið gagn var í; þetta er undarlegt, eptir að stjórnin hefir skipað það, hvort sem það er af hirðuleysi eða öðru, því eg get ekki skilið, að þeir sè svo flóknir, að mörg ár þurfi til að gefa þá út og það greinilega, því ef tími sá, síðan stjórnin skipaði að auglýsa þá, er nú ekki orðinn full-lángur, þá hafa þeir verið áður

í slæma bendu kominir, og því ekki verið vanþörf á, að skipa fyrir, að greiða þá í sundur, og leiða þá svo fram fyrir daginn; en vèr gjaldþegnar þykjumst eiga rètt á, að fá að vita um þetta mál, og því mæli eg með nefnd.

Pètur Pètursson: Eg vil gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Eptir því sem eg þekki til, getur eingum dottið í hug að gruna amtmanninn í Vesturamtinu um neitt, er meiði sóma hans, svo þegar eg gef atkvæði með nefnd, er það af því eg álít rètt að gjöra opinberlega grein fyrir opinberum sjóðum.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg held, að við Vesturamtsbúar, sem nú sitjum uppi, höfum einga orsök til, að kvarta yfir því, að dulur hafi verið dregnar á reikninga opinberra sjóða þar í amti, hvorki í tíð þess amtmanns, sem þar situr nú að völdum, nè formanns hans, konferenzráðs Bjarna, og ekki veit eg heldur neinar óttavonir til þess, að reikningar þessir ekki fáist eins birtir hèr eptir. Því hefði eg kunnað betur við, að kvörtun þessi eður bænarskrá hefði komið fram frá öðrum landsparti en Vesturamtinu, og eg hefði jafnvel heldur búizt við, að hún kæmi frá Suðuramtinu, en þar eð hún er nú almenns efnis og grípur á birtíngu um reikninga allra opinberra sjóða á landinu, þá vil eg ekki mæla móti henni og gef því atkvæði mitt fyrir nefnd.

Stefán Jónsson: Eg vil og svo mæla með nefnd, og skal geta þess, að eingin bænarskrá kom úr Norður- og Austur-amtinu, því þar hefir ekki verið skortur á skýrslum um þess konar reikninga; en til orða kom að senda bænarskrá um, að birtir yrði reikníngar fyrir prentsmiðjusjóðnum, en fórst fyrir af vissum orsökum.

Páll Melsteð: Eg vil einnig mæla með nefnd, af því mèr þykir það viðkunnanlegra og viðunanlegra bæði fyrir embættismenn og gjaldþegna, að reikníngar fyrir opinberum sjóðum sè birtir opinberlega.

Forseti: Þar eð hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* skírskotaði til mín viðvíkjandi auglýsíngu í blaðinu Þjóðólfi á reikníngum jafnaðarsjóðsins og annara opinberra sjóða í Vesturamtinu, þá vil eg geta þess, eins og landsmönnum sjálfum er kunnugt, að reikníngar jafnaðarsjóðsins og annara sjóða í Vesturamtinu til ársloka 1854, heldur en til 1855, ern prentaðir í „Þjóðólfi“; skal eg bæta því við, að þeir sýna það sjálfir, að þeir eru svo greinilegir, að eigi hafa komið á prent um hin seinni ár jafngreinilegir reikníngar, að því mèr er kunnugt.

Var síðan geingið til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa í þetta mál, og var nefnd samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.

Var þá stúngið upp á 3 manna nefnd, það samþykkt, geingið til kosníngar, og hlutu þessir flest atkvæði:

Pètur Pètursson 10 atkv.
Sveinn Skúlason 8 —
Arnljótur Ólafsson 7 —,

og voru skjöl málsins afhent þeim, er flest atkvæði hlaut, hinum 3. konúngkjörna þíngmanni.

Forseti: Þar ekkert er frekara til umræðu í dag, vil eg ákveða fund til á morgun kl. 11, og munu þá koma til umræðu nokkrar nýjar bænarskrár og nefnd verða kosin í fjárkláðamálið, eins og ákveðið var á 4. fundi, að þetta ætti að verða 14. þ. mán., en hann er á morgun.

Fundi slitið.

---

14. júlí — níundi fundur.

Allir á fundi, nema þíngmaður Ísfirðínga og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, er hafði tilkynnt *forseta* forföll sín.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en geingið er til dagskráarinnar, skal eg geta þess, að eg hefi feingið skjal frá Biskupstúngnahrepp í Árnessýslu til alþíngis, er skýrir frá því, að hverju leyti *kosníngar* hafi *farið* þar síðast *óreglulega fram,* og beiðist þess, að alþíngi hlutist til þess, að reglum þeim, sem löggjöfin hefir sett fyrir kosníngum til alþíngis, verði fylgt betur framvegis; og mun þetta skjal, ásamt með umkvörtun úr Húnavatnssýslu líks efnis, verða sett á dagskrána von bráðar. Einnig er til mín komin uppástúnga frá þíngmanni Rángvellínga um það, að alþíngi taki *kollektumálið* af nýju til meðferðar, og riti um það bænarskrá til konúngs í líka stefnu og á síðasta þíngi. Auk þessa hefi eg tekið við uppkasti til þakkarávarpsins til konúngs fyrir undirskript hins íslenzka texta laganna, og mun það verða tekið upp á dagskrána, þegar það er búið að liggja á lestrarsalnum 3 sólarhríngа.

Samkvæmt dagskránni vil eg þá biðja þíngmenn að kjósa *nefnd í fjárkláðamálið,* eins og ákveðið var á fundi 5. þ. m.; eins og þá

var lýst yfir, get eg eigi leyft í dag neinar umræður um þetta mál, nema þær, er að eins snerti tölu nefndarmannanna.

Var þá bæði stúngið upp á 7 manna nefnd og 9 manna nefnd og það síðan samþykkt með 17 atkv., að 7 menn skyldu vera í nefndinni.

Síðan var geingið til nefndarkosníngar og hlutu þessir flest atkvæði.

Arnljótur Ólafsson . . . 18 atkv.
Páll Sigurðsson og
Ólafur Jónsson hvor . . 17 —
Sveinn Skúlason . . . . 16 —
Stefán Jónsson . . . . 15 —
Guðmundur Brandsson og
Ásgeir Einarsson hvor . . 13 —

Síðan voru skjölin afhent þíngmanni Borgfirðínga, er hlotið hafði flest atkvæði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til inngángsumræðu bænarskrá frá Þínghöfðafundi, um *að þjóðeignir*, þ. e. eptir því sem í bænarskránni er útlistað, jarðir kirkna og staða, o. fl., sè *byggðar líkt og klaustrajarðir.*

Var bænarskráin afhent flutníngsmanni, þíngmanni Norður-Múlasýslu.

Halldór Jónsson: Eg vil leyfa mèr að lesa hana upp.

Þar einginn mótmælti því, var bænarskráin upp lesin, svo látandi:

„Það er orðið að venju um byggíngu klausturjarða, og mun vera byggt á konúnglegum ráðstöfunum, að leiguliðinn megi búa á jörðunni æfilángt, ef hann situr hana vel, og svo fær einhver nánasti erfíngi hans ábúðina eptir hann, ef sá er líklegur til að fara vel með jörðina.

En á öðrum opinberum eignum, svo sem *kirkna og fátækra,* er byggíngunni allt af hagað eins og á bændaeignum, að leiguliða er gjört að skyldu, að víkja frá jörðunni, hvenær sem börn eða ekkja hans, sem byggir, þarf hennar með.

Oss finnst allt öðru máli að gegna um þessar jarðir, sem byggjandi hefir til umráða, en á ekki, heldur en um bændaeignir; en ávallt verður það að aptra leiguliðanum, að bæta jörð sína, ef byggíngin er svo völt.

Þeir munu vera fáir, sem vilja leggja mikinn kostnað, til að hýsa vel ábýli sitt, og bæta það með ræktun, girðingum, slèttun, vatnsveitingum og öðru, þó þeir væri annars menn til þess, ef þeir eiga von á, að rekast burtu, þegar minnst varir. Slík byggingaraðferð hlýtur því að vera meðal til þess, að opinberar eignir níðast niður, eður að bezta kosti fá ekki þær bætur, sem þær gæti feingið, ef öðruvísi væri hagað byggingunni.

En það gjörir auðsjáanlega rýrð í tekjur landsins og stèttanna, ef búnaði á þjóðjörðunum fer hnignandi, eða hann tekur ekki þeim bata, sem kostir jarðanna leyfa, og framför og viðleitni í jarðabótum nú á tímum mundi koma í verk, ef byggingarhátturinn spillti því ekki.

Því ætlum vèr það væri harðla nauðsynlegt, að lög væri sett um byggingu þjóðeigna, einkum kirkjujarða og fátækra, annaðhvort lík því, sem nú tíðkast um klausturjarðabyggingu, ellegar byggt væri um vissa áratölu, og heitið um leið, að leingja byggínguna, ef búandi sæti vel jörðina, og að svo skyldi einhver efnilegur niðji hans standa næstur jörðinni eptir hann.

Athugið þetta málefni og ræðið, fulltrúar góðir, á alþingi í sumar, og ritið konúngi vorum bænarbrèf (ef þèr gjörið málið að álitum) um það, að hann setji það, af mildilegri umhyggju sinni fyrir vellíðan vorri, í lög hjá oss, að hver, sem hefir umráð þjóðeigna vorra, byggi þær með líkum hætti, og klausturjarðir eru byggðar, eður ákveði vissan byggingartíma, og leingi hann síðan, ef leiguliði situr vel jörðina, og að einhver efnilegur niðji ábúandans skuli standa næstur jörðunni eptir hann.

Þínghöfðafundi, 27. maímán. 1859“.

(7 nöfn).

Halldór Jónsson: Þó þessi bænarskrá snerti meðferð jarða, er henni þó öðruvísi háttað, en bænarskránni um fast ákveðið landskuldargjald eptir hundraðatali, sem þíngið felldi í gær; vona eg því, að þíngið setji nefnd til að íhuga mál þetta, sem miðar til að efla góða ábúð jarða og endurbætur þeirra. Til þvílíks hefir sá ekki mikla hvöt, kem ekki má búa á jörð sinni nema fáein ár, eða verður að standa upp, þegar húsbóndinn vill. Annars veit eg ekki, hvað víða kann að vera ástæða til að kvarta yfir því, að ábúendur kirkjujarða hafi ekki stöðuga ábúð. Fyrir mitt leyti man eg ekki til; að eg hafi byggt nokkra kirkjujörð öðruvísi en svo, að eg hefi til tekið, frá hvaða fardögum eg byggði, en ekki hvað leingi, og

vona eg, að þetta sè sama sem lífstíðarábúðarrèttur. Það er og í þessu efni aðgætanda, að prestaekkjur hafa rètt til að fá einhverja kirkjujörð til ábúðar, þegar þær verða að víkja frá stöðunum, og þessum rètti má ekki halla, þó æskilegt væri, að ein regla næði yfir allar jarðir.

Þórður Jónassen: Eg verð að mæla með því, að nefnd verði sett í þessu máli, því mèr virðist öll nauðsyn á, að bæta úr því, sem bænarskráin kvartar yfir, hvað byggíng kirknajarða snertir. Eg veit ekki betur, en löggjöfin ætlist til, að slíkar jarðir sè byggðar æfilángt, og þessi skoðun liggur til grundvallar í alþíngistilskipuninni, að því leyti að landsetar á kirkjujörðum hafa kosníngarrètt, þegar jörðin, sem þeir búa á, nær 20 hndr. dýrleika, auk þess að þetta fyrirkomulag, að byggja jarðirnar æfilángt, er hið hollasta fyrir meðferð og ræktun jarðanna.

Ásgeir Einarsson: Þó eg ekki sè mótfallinn nefnd í þessu máli, vil eg samt leiða athuga þíngsins að því, að búið er að setja á þessu þíngi 23 nefndir, og meðal þeirra mála, er þær eiga að segja álit sitt um, eru mörg mál, sem þíngmenn hafa mikinn áhuga á að verði leidd til lykta, og sýnist mèr menn ætti að fara varlega í að kjósa fleiri nefndir, nema brýn nauðsyn sè til; þíngmenn hafa feingið nóg að gjöra; eg er í 7 nefndum, og er það nóg fyrir mig, eg er ekki meiri maður en svo.

Halldór Jónsson: Vegna tímaskorts vona eg að þíngið hrindi ekki þessu máli, ef það annars álítur, að það sè þess vert, að nefnd sè í það sett; hitt er annað mál, hvort tími verður til að leiða öll mál til lykta, sem til meðferðar hafa verið tekin.

Pètur Pètursson: Eg get ekki verið meðmæltur nefnd í þessu máli, því eg held, að það geti ekki orðið til neinna bóta, þó málið sè rætt. Bænarskráin geingur út frá því, að það sè venja, að prestar reki ábúendur kirknajarða af þeim, þegar þeir vilja, en þetta er víst ekki rètt nè leyfilegt, og veit eg eingin dæmi til þess, að það hafi verið gjört; hafi það skeð í Norður-Múlasýslu, verður það að vera undantekníng. Flestir prestar byggja jarðirnar frá fardögum til fardaga, og byggja þær ábúendum, á meðan þeir standa í skilum, en í fátækum sveitum stendur opt svo á, að prestar þurfa að sæta lagi, að fá duglega menn úr öðrum sveitum fyrir ábúendur, bæði vegna sveitarfèlagsins, og svo líka vegna jarðanna sjálfra, en þetta yrði þeim ekki mögulegt, ef það feingi framgáng, sem bænarskráin fer fram á. Þetta mál er í góðu horfi, þar eg þekki til, og mun

það vera undantekníng, ef ei er svo alstaðar; eg get ei séð, hvernig þíngið gæti beðizt lagaboðs í þessu efni, og það því síður, sem það kynni að koma í bága við önnur lög, er leyfa prestsekkjum að búa á einhverri kirkjujörðinni í sókninni.

Páll Sigurðsson: Hinn 3. konúngkjörni þíngmaður tók það flest fram, er eg vildi hafa sagt, og verð eg að vera á móti nefnd í þessu máli, því ábúendur kirkjujarðanna eru optast svo leingi á kirkjujörðum, sem þeir vilja, ef þeir annars eru duglegir menn og standa í fullum skilum, eins og ábúendur klausturjarðanna, og mér finnast ei heldur þeir gallar á byggíngu kirkjujarðanna, að það sé umkvörtunarefni, svo að mér sýnist ei nefnd nauðsynleg í þessu máli.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil þó leyfa mér að styðja það, að nefnd verði kosin í þetta mál, því bænarskráin sýnir, að reglum þeim, sem þar um eru settar í tilsk. frá 1705, ekki er fylgt, því þótt flutníngsmaður ekki vissi til, að breytt væri frá lögunum víðar en í þeirri sveit, er bænarskráin er frá, og hinn 3. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaður Rángvellínga vissi heldur eigi til þess, þá vil eg samt ráða til þess, að þíngið kjósi nefnd og kysi þá helzt í hana lögfróða menn, sem ætti að skýra frá því, hvað væri lög um byggíngar opinberra jarða, einkum kristfjárjarða, því um þær munu lögin vera fremur ógreinileg. Nefndin gæti þá gefið skýrslu um, hvað lög sé í þessu efni; þætti henni þá lögin óhentug eða þá ógreinileg, þá ætti þíngið að rita konúngi bænarskrá og biðja hann um breytíng á lögunum, eður þá að skýra lög þau, sem nú eru um ábúðir slíkra jarða.

Halldór Jónsson: Það er líka í bænarskránni annað atriði, sem eg trúi að ekki hafi enn verið áhrært, nl. að börn eða náúngar bændanna fái ábúðina eptir þá. Þessa þykir mér mjög svo sanngjarnt að sé gætt, þegar vel hefir verið búið á jörðunni, og henni gjört mikið til bóta, en annars ekki.

Ásgeir Einarsson: Viðvíkjandi tilsk. frá 1705, sem þíngmaður Borgfirðínga stakk upp á að nefnd lögfróðra manna segði álit sitt um, þá vil eg geta þess, að einn lögfróður maður hefir skrifað álit sitt um hana, og áleit hann, að hún næði til allra *privat*-jarða; en suma lögfræðínga hefir þó greint á um það við hann, og ef svo færi nú í nefndinni, yrði nefndarálitið ekki góð reglugjörð fyrir þjóðina, og finnst mér því vera varlega farandi lángt út í þetta mál, sem varla mun verða búið á þessu þíngi.

Guðmundur Brandsson: Tilskipun frá 1705 skipar svo fyrir,

að eingum megi byggja út af jörð þeirri, er hann búi á, ef hann geldur eptir hana, eins og að fornu verið hafi; eg held nú, að fáir fari eptir þessu, því það getur orðið æði ósanngjarnt; annar getur svo bætt ábúðarjörð sína, að hún verði helmingi betri en áður, og annar að því skapi spillt sinni ábúðarjörð, enda þó hann gjaldi eptir hana eins og til forna; er það þá rètt við næsta ábúandaskipti, að láta landskuldir beggja þessara jarða standa í stað, eða geta ekki jarðir breytzt svo af náttúrunnar völdum, að afgjald þeirra hljóti að verða breytanlegt? Af æfifestunni, sem verið var að tala um áðan, getur nú leitt ýmist illt eða gott. Ef vèr setjum, að einhverjum slóða sè byggð kirkjujörð upp á lífstíð, þá getur annar duglegri maður, sem sæti jörðina betur, ekki komizt að, og er það ei lítill skaði fyrir brauðið; en sè ábúandinn duglegur maður, sem situr jörðina vel, þá þurfa menn ekki að vera hræddir um, að landsdrottinn muni vilja byggja honum út. En með tilliti til þess, að niðjar ábúandans hafi forgángsrètt fyrir öðrum, þá mun það varla vera meinað syninum, að taka við ábúðinni af föður sínum, ef hann er til þess hæfur, en sè hann óhæfur, á hann eingan forgángsrètt að hafa; en eg vil ekki, að þessi forgángsrèttur sè lögákveðinn, því það væri hið sama sem að gefa sonum prestanna, ef þeir prestar væri, forgángsrètt fyrir öðrum til brauða þeirra, er feðrum þeirra voru veitt, og yfir höfuð finnst mèr, að þíngið, ef það skiptir sèr af þessu máli, þraungvi sèr of mjög inn á milli landsdrottins og leiguliða.

Stefán Jónsson: Eg vil styðja að því, að nefnd sè sett í þetta mál, því þegar bænarskrá kemur til þíngsins, mun það ei vera að orsakalausu, en þegar einhverju máli er hrundið, þá lítur út eins og það sè ei þess vert, að það sè rætt, og bót ráðin á því, sem kvartað er yfir; en þó málið ekki verði leitt til lykta, þá geta menn sèð til þess aðrar orsakir. Bænarskráin fer fram á það, að kirkjujarðirnar byggist eins og klausturjarðir og konúngsjarðir, og sýnist mèr ekkert á móti því, að svo sè, og eins og hinn 1. konúngkjörni þíngmaður benti til, geingur alþíngistilsk. út frá því, að ábúendur kirkjujarðanna hafi lífsfestu. En viðvíkjandi rètti prestsekkna til að búa á einhverri kirkjujörðunni, þá munu jarðir þær, sem þeim eru ætlaðar, víðast hvar vera til teknar, og yrði þær hèr frá sjálfsagt undanteknar, svo það þyrfti ekki að koma í neinn bága við prestsekkjujarðirnar, þó það feingi framgáng, sem bænarskráin fer fram á; en viðvíkjandi því, að niðjar ábúendanna skuli hafa forgángsrètt

fyrir öðrum, þá mun ekki vera svo erfitt að fá því til vegar komið, því stjórnin hefir sjálf gefið kost á því, með tilliti til klausturjarðanna, ef þeir eigi standa á baki hinna, sem bjóðast, og vil eg því, að nefnd sè sett í þetta mál.

Halldór Jónsson: Hafi mèr heyrzt rètt, hefir hinn heiðraði þingmaður Gullbríngusýslu talað af dálitlum misskilníngi; það er ekki tekið fram í bænarskránni, að ábúðin eigi að fást fyrir sama eptirgjald, sem áður var.

Pètur Pètursson: Mèr þykir það varúðarvert að setja nefnd, nema menn viðurkenni, að sú venja, sem kvartað er yfir, sè slæm, og fullkomin þörf sè á, að ráðin sè bót á því; ef menn ekki viðurkenna þetta, sýnist mèr það ekki vera þínginu samboðið að setja nefnd í málið. Það er líka hægt að sjá, til hvers ills það getur leitt, að byggja kirkjujarðirnar upp á lífstíð; því, eins og menn vita, hafa prestar opt brauðaskipti; og gæti menn vel hugsað sèr, að einhver prestur, sem bráðum ætlaði að flytja frá brauðinu, byggði einhverjum lítt duganda manni jörð fyrir mikla festu, og flytti svo í burtu, og sá prestur, sem kæmi eptir hann í brauðið, yrði að sitja með þenna mann, og gæti ekki byggt öðrum duglegri jörðina.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg vil bæta því við það, sem hinn háæruverðugi 3. konúngkjörni þíngmaður nú mælti, að ef allir feingi strax æfilestubrèf, sem tæki kirkjujarðirnar, gæti opt óviðkomanda sveitarfèlagi orsakazt þýngsli og jafnvel vandræði, helzt ef brögðum væri nú beitt, sem ske mætti, t. a. m. prestar eiga opt með kirkjujarðir í öðrum sveitum, en þeir búa sjálfir í; vildi þeir nú sem sveitarstjórar vernda sveit sína fyrir áfallandi byrði af einhverjum fátæklíng eður kann ske ráðleysíngja og slóða (eins og sá háæruverðugi þíngmaður tók til orða), sem stæði í ómegðarvon, gæti presturinn strax með byggíngarleyfinu gjört hann með allri sinni ómegð sveitlægan í óviðkomanda hrepp, jafnvel þó hann sæi sèr borgið að fá skuldirnar af jörðinni um næstu 10 ár; þó hann aldrei gæti goldið þær sjálfur, mundi heimafèlagsmönnum þykja það tilvinnanda, að gilda þær upp (niðri í) við prest sinn, til að losna við slíka byrði, sem af þess slags fólki getur staðið, en við vitum vel, að þó sumum prestum sè annt um að fá góða ábúð og umhirðíng á kirkjujörðunum, þá er misjöfn umsjón sumra presta með það, bara ef þeir fá skuldirnar, og er sjáanlegur vottur þess, að margar þær jarðir munu vera síður setnar en bændaeignir.

Ásgeir Einarsson: Eg hèlt menn ætti að tala hèr um það,

hvort kjósa ætti nefnd í þetta mál, en ekki um málið sjálft, en mèr sýnist menn samt vera komnir æði lángt út í það; sumir vilja, að nefnd sè kosin í þetta mál, því það gjörir beiðendunum hughægra, þó þíngið ekki leiði það til lykta; þessu get eg ekki verið meðmæltur, því það er ekki til neins, ef þíngið álítur það ónauðsynlegt; eg vil heldur láta önnur mál, er kunna að þykja meir áríðandi, gánga fyrir í þetta sinn.

Þórður Jónassen: Eg get þó með eingu móti fellt mig við það, sem sagt var fyrir skemmstu af einum þíngmanni, að næsti prestur geti ónýtt byggíngarbrèf formanns síns, því það sjá allir, hvað slíkt er óeðlilegt og fjarstætt góðu lagi, og sýnir þetta meðal annars, hversu það er nauðsynlegt að fá um þetta fasta reglu.

Guðmundur Brandsson: Þíngmaðurinn frá Norður-Múlasýslu hefir tekið rángt eptir orðum mínum viðvíkjandi tilsk. frá 1705, því eg sagði, að hún gjörði ráð fyrir afgjaldi af jörðunum eins og til forna, svo ef þetta væri lög, þá ætti landsdrottnar ekki að geta hækkað landskuldir frá forngildunni. Það hefir verið sagt, að tilsk. frá 1705 væri lög um byggíngu þessara jarða, og finnst mèr þá óþarfi að biðja um lög um það, sem lög eru fyrir. Eg vil því ekki styðja að nefnd í þessu máli. Menn hafa sagt, að þó nefndarálit yrði samið, þá væri ekki víst, að það feingi meðhald þíngsins, eða yrði leitt til lykta, því svo hafi opt áður við borið. Eg játa þetta satt vera, en bið menn undir eins gæta þess, að þau mál, sem þannig hafa fallið niður, hafa mjög sjaldan verið endurnýjuð a næsta þíngi; það má sjá nóg dæmi þessa í tíðindum frá undanförnum alþíngum; en þegar mál hafa verið felld frá nefndarkosníngu, þá hafa beiðendurnir opt ítrekað þau aptur, ef þeim hefir verið alhugamál, að fá þeim framgeingt; eg held nú, að líkt gæti farið fyrir máli þessu, þó nú yrði eingin nefnd í það kosin, því ef á næsta þíngi kæmi um það fleiri bænarskrár en núna, kynni að verða ástæða til að gefa því þá gaum.

H. G. Thordersen: Eg vil, að nefnd sè kosin í þetta mál, og vil eg að eins geta þess, að sannfæríng mín er sú, að jarðir í rèttum skilníngi sè að meiníngunni til byggðar með æfifestu, því það liggur til grundvallar fyrir sèrhverri byggíngu, með fáeinum undantekníngum, sem lög ákveða í einstökum greinum, að sá, sem við jörðinni tekur, megi búa á henni, meðan hann fullnægir þeim skilmálum og því byggíngarbrèfi, sem sá setti honum, er í upphafi byggði honum jörðina.

Stefán Jónsson: Menn hafa sagt, að ekki væri mögulegt að reka þann ábúanda burtu af kirkjujörðum, sem gyldi eptir þær, en þetta er ekki sagt, því það geta verið aðrir skilmálar, sem hann ekki uppfyllir, og fyrir hvað að má reka hann burtu. Það má vera duglegur ábúandi, sem uppfyllir alla þá skilmála, sem settir eru eptir byggíngarbrèfum klausturjarðanna, það er nokkurs vert að hafa tryggan ábúðarrètt.

Páll Sigurðsson: Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, að prestarnir byggði jarðirnar að eins fyrir sína tíð, og held eg það sè óvanalegt, og miklu venjulegra, að þeir byggja þær óákveðinn tíma, og sýnist mèr menn eigi vel að gæta að sèr í þessu máli, því vel getur komið fyrir, að fleiri prestsekkjur sè í einu brauði en 1, má ske 3—4, og svo uppgjafaprestur þar ofan á.

Pètur Pètursson: Eg vil að eins bæta því það, sem eg sagði áðan, að eg efast um, að bænarskráin sè á góðum rökum byggð, því þar sem ekki kemur nema 1 bænarskrá þess efnis, getur óánægjan ekki verið almenn. Ef málinu væri nú vísað frá, gæti það orðið tilefni til þess, að til næsta þíngs kæmi fleiri bænarskrár sama efnis, ef óreglan væri víðar, og þá væri meiri ástæða til að taka málið fyrir, en nú, eptir umkvörtun að eins einnar bænarskrár.

Arnljótur Ólafsson: Af því eg var sá, sem fyrst kastaði tilsk. 1705 inn á þíngið, finn eg mèr skylt að skýra betur meiníng mína. Eg vildi þá, að nefnd yrði kosin í þetta mál, til þess að rannsaka, hvað væri lög hèr í landi um byggíng þeirra jarða er hèr ræðir um, og þó einkum um byggíng kristíjárjarða, og að nefndin gæfi þínginu skýrslu um það, og í annan stað, ef nefndinni skyldi finnast lögin ekki góð eða óskýr, stínga upp á því, að ný lög yrði gefin þar um. Þjóðin á rètt á að geta þekkt og skilið lögin, og að þau sè skýrð fyrir henni, ef þau eru næsta óglögg, og að lögunum sè breytt, ef þau eru óhentug, og því vil eg hafa nefnd í málið. Þó vèr feingjum eigi nema skýrslu frá nefndinni, þá verða þó þíngtíðindin fyrir þann mun betri eign fyrir hvern hrepp.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr finnst það vera mikil ástæða á móti nefnd í þessu máli, sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður tók fram, að þar sem ekki hefir komið til þíngsins nema 1 bænarskrá í þessu máli, þá muni nú eingin bráð nauðsyn vera á þeirri breytíngu, sem um er beðið; sýnist mèr því með öllu óhætt að fresta nú málinu um sinn og bíða svo átaka, hvort fleiri verða á því, eptir að því

nú einu sinni er hreift; þá geta menn og, ef þörf er á breytíngunni, búið það betur undir til næsta þings.

H. G. Thordersen: Eg vil þó ekki, að máli þessu sè frestað, af því eg álít það mjög áríðanda, og það því síður, sem mörg mál, er minna eru áríðandi, hafa komizt inn, og eg vil, að nefnd sè kosin í þetta mál, þó eg ætti svo að sitja hèr á þíngi fram á veturnætur, af því að eg vil, að þíngið haldi á fram eins og það hefir byrjað.

Forseti: Þar enginn tekur framar til máls, álít eg inngángsumræðu þessa máls lokið, og vil eg því biðja þíngmenn að gánga til atkvæða um það, hvort nefnd skuli kjósa í þetta mál eður eigi.

Voru atkvæði síðan greidd og nefnd felld með 12 atkv. gegn 9.

Forseti: Þar næst kemur, eptir dagskránni, bænarskrá frá Þínghöfðafundi í Norður-Múlasýslu, um *að eingin jörð skuli vera undanþegin tíundargjaldi;* flutníngsmaður er hinn heiðraði þíngmaður úr Norður-Múlasýslu. Var bænarskráin afhent flutníngsmanni.

Halldór Jónsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána.

Bænarskráin var lesin upp, svo látandi:

„Þó það væri gjört að lögum hèr á landi á dögum páfavillunnar, að það góss, sem til guðs þakka var lagið, skyldi vera undanþegið tíund, og þetta hafi haldizt, það vèr vitum, að miklu leyti híngað til, þá finnst oss eingin sanngirni í því, eða jöfnuður, og það því síður, þar flestar þessar jarðir eru jafnan meðal hinna betri í sveitunum, en sèrhver bændaeign er tíunduð til allra stètta, hversu vesöl sem hún er, eða hátt sett að hundraðatali. Að vísu vitum vèr menn segja, að hefð sè komin á tíundarfrelsið, og sumar jarðirnar hafi verið gefnar eða seldar í fyrstu með þessum kostum.

En vèr getum ekki metið þessa mótbáru svo mikils, sem sanngirni og rèttan jöfnuð. Síðan alþíngi hófst, vitum vèr að lög hafa verið sett, sem raska fornri venju, lögum og gjafaákvörðunum, t. a. m. um meðferð spítalaeignanna og gjöld presta til jafnaðarsjóða.

Virðist oss sama máli sæta um kirknajarðir og fátækra, stólajarðirnar gömlu, og klaustrajarðir, að eingin sanngirni sè í því, að þær sè undanþegnar nokkru tíundargjaldi, framar en aðrar jarðir. En það mundi þó ríka að nokkru leyti tekjur landsins, og presta og kirkna, sem sumstaðar þurfa þess með, ef allar jarðir, sem til guðs þakka hafa verið lagðar, væri tíundaðar.

Það eru einasta staðajarðirnar, sem vèr finnum nokkra ástæðu til að væri undanþegnar, vegna þess tekjur *sumra* presta eru svo

litlar, að ekki mundi mega skerða þær: þó finnst oss sú mótbára eingan veginn nóg til þess að þiggja staðina undan tíund, því hæglega mætti bæta prestum með öðrum hætti, það sem þeir missti fyrir þetta, enda bættist þeim og víðast aptur í nýjum tíundum af öðrum jörðum meir, en þeir missti, þó þeir tíundaði staði sína. Því álítum vèr einnig ætti að tíunda þá.

Vèr biðjum yður, heiðruðu alþingismenn, að yfirvega þetta mál á þínginu í sumar, hvort ekki sè rètt og sanngjarnt, að allar tíundir sè goldnar af öllum þeim jörðum, sem nú eru þegnar undan tíundarskyldu, og ef þèr verðið á voru máli í þessu efni, að senda þá konúngi vorum bænarskrá þess efnis, að hann gjöri það af konúnglegu valdi sínu að lögum hèr á landi, að eingin jörð skuli framar vera undanþegin tíundargjaldi.

Þínghöfðafundi, 27. maímán. 1859".

(7 nöfn).

Halldór Jónsson: Þó eg varla geti búizt við, að bænarskráin fái betri afdrif en sú, sem þíngið nú felldi, verð eg þó að álíta málið þess vert, að það komi til umræðu.

Þórður Jónassen: Mèr þykir það eðlilegt, þó kvartað sè yfir því, hvað tíundin kemur misjafnt niður á jörðunum, og það því fremur, sem stjórnin ætlaðist upphaflega til þess, að allar jarðir væri tíundaðar, eins og sjá má af Bessastaðasamþykkt og tilskipuninni frá 1575, en þessu varð aldrei framgeingt, hvorki á klaustragóssinu nè á góssum biskupsstólanna, því sumstaðar var að eins goldin prests- og fátækratíund, t. a. m. á klausturgóssinu, sumstaðar eingin tíund, og við söluna á Skálholts-biskupsstólsjörðum var kaupendum jarðanna algjörlega veitt tíundarfrelsi, og sama tíundarfrelsi átti sèr stað á fyrverandi Hólastólsjörðum, og þetta frelsi er þeim einnig dæmt með dómi hæsta rèttar í vetur sem leið, og fyrir nokkrum árum felldi hæsti rèttur dóm um tíundarfrelsi annara jarða í Múlasýslu. Það sjá nú allir, að eigendur jarðanna ekki verða sviptir þessu tíundarfrelsi, sem þeir eru svo vel að komnir, því það væri að skerða þeirra löglega eignarrètt. Annað mál er það, að þetta frelsi þeirra geti komið til álita, þegar gjörð væri ný skattgjaldslög fyrir landið, og það má gjöra ráð fyrir því, að svo verði, og þar á því þetta mál heima. Eg vil því ráða til, að þíngið skjóti þessu máli frá sèr, því, eins og nú stendur, verður, að mínu áliti, ekkert við það gjört.

Jón Pètursson: Eg verð að vera hinum háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanni með öllu samdóma í því, að menn beiddi um, að

brjóta rètt á einstöku mönnum, ef menn beiddi um, að gjöra það að lögum, sem bænarskráin fer fram; því tíundarfrelsi það, sem Skálholtsstólsjarðirnar njóta, er einmitt heimilað þeim í söluskilmálum þeim, sem Skálholtsstólsgóssið var selt með, og hæsta rèttar dómur hefir nýlega álitið, að það einnig gilti fyrir hinar seldu Hólastólsjarðir, eður að þær hefði verið seldar með því, og að biðja um að svipta eigendurna þessu tíundarfrelsi, er því sama, og taka frá þeim það, sem þeim hefir verið selt.

Stefán Eiríksson: Eg er flutningsmanni algjörlega samdóma í því, að allar jarðir ætti að vera tíundarskyldar; því það er þó auðsjáanleg ósamkvæmni í því, að konúngsjarðir eru tíundarfríar, meðan þær eru óseldar, en undir eins og einhver þeirra er seld, er farið að heimta tíund af henni. Eg verð því að mæla með nefnd í málinu.

Stefán Jónsson: Eg verð nú að mæla móti nefnd í þessu máli; því þó breytíng yrði gjörð í þessu efni, álít eg hollast, að fresta því eptir skattgjaldslögunum; hvað Hólastólsjarðir snertir, þá veit eg, að af þeim greiðast 2 tíundir, og eru þær sjálfsagt seldar með því tíundarfrelsi.

H. Kr. Friðriksson: Eg verð einnig að mæla móti nefnd í þessu máli, af því mèr finnst það, að biðja um tíund á jörðum, sem seldar hafa verið með tíundarfrelsi, sè eignarrán; því það er sama, og að biðja konúng að taka aptur frá einstöku mönnum það, sem hann hefir sjálfur selt þeim; annað mál væri það, ef menn vilja biðja um, að þær konúngsjarðir, sem eptirleiðis verða seldar, seljist með þeim skildaga, að alla tíund skuli af þeim greiða, ef þær eru nú lausar við tíundarskylduna; en eg get ekki skilið, að hitt verði heimtað, og fæ ekki sèð, að bænarskrá þessi eigi eða geti feingið framgáng.

Halldór Jónsson: Eg skoða málið svo, að jafnrètti tali fyrir því, að ein regla væri fyrir allar jarðir í landinu; annað mál er það, hvort nú sè rèttur tími til að gjöra þessa breytíng, og hvort það kann að hagga rètti einstakra manna.

Ásgeir Einarsson: Mèr þykir vel farið, að málinu er hreift; því skeð getur, að jarðamatsnefndin finni ástæðu til að taka tillit til þessa; því það er auðvitað, að líka getur komið til tals um *privat*-manna rèttindi; það er líklegt, að sá, sem keypt hefir jörð, meðan tíund stóð á henni eptir gamla jarðamatinu, og býr á henni sjálfur, ef hún hækkaði í tíund við nýja jarðamatið, verði það löggilt strax til tíundargjaldsins, álíti sèr órètt gjörðan við hækkun tíundarinnar,

eins og sá, sem keypti stólsjörð með tíundarfrelsi, ef tíund er lögð á hana. Á hinn bóginn verða að vera jafnaðar-rèttindi milli *privat*-manna; það er því mikill vafi, ef taka á tíund, en ekki skatt. En lögfróðir menn geta bezt borið um þetta, en það er gott að vekja eptirtekt á því, hvað flotið getur af breytíngunni.

Forseti: Eg skal leyfa mèr að vekja athygli að því, að það ekki liggur nú fyrir til umræðu, að hve miklu leyti taka eigi tillit til tíundar eptir nýja jarðamatinu.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Altènd hefi eg nú verið þeirrar meiníngar, að jafnrèttið væri bezt, og að jöfn tíundarskylda ætti að liggja á öllum jörðum í landinu, hvort sem það eru bændaeignir, eður stóls, eður klaustra, eður kirkna, helzt þar eð tíundarskyldan (eptir því sem menn vilja nú láta fara hafa fyrir venju og reglu), liggur öll á ábúendunum; þó því hafi verið slegið við, að þessu verði ekki breytt, þar eð sumar jarðir hafi verið seldar, og kann ske byggðar með tíundarfrelsi, þá mætti slíkt laga með því, að ábúandi hver nyti þess, meðan hann byggi kyr á jörðunni, en svo kæmi tíundarskyldan smámsaman á allar við ábúandaskipti; og jafnast er, að eitt gángi yfir alla, og jafnaðarlegast eru ekki þessar tíundarlausu jarðir byggðar með hærri skuldum en hinar.

Guðmundur Brandsson: Það er misskilníngur af þíngmanni Mýramanna, að jarðartíundin leggist eingaungu á leiguliðann, þó hann svari henni til þeirra, sem við tíundum eiga að taka, því auðvitað er, að landsdrottinn verður að byggja jörðina með þeim mun minna eptirgjaldi, sem tíund nemur af henni, og þá geldur landsdrottinn tíundina óbeinlínis, og getur þetta orðið halli fyrir hann í samanburði við annan, sem á tíundarfría jörð, því þar er ástæða til að hafa hærri landskuld. Ef að nú menn, sem eiga jarðir þessar, álítast þar fyrir færari, en aðrir, að greiða til almennra þarfa, þá vex að líkindum lausafjártíund þeirra, og þá útgjöldin undir eins, og svo ætla eg hreppstjórum, að þeir muni ekki gleyma að leggja fiskvirðinu meir á þá, en aðra, í aukaútsvari til hreppsins. Verið getur líka, að þessar jarðir hafi í fyrstunni verið keyptar dýrara, en ef tíundin hefði á þeim hvílt; enda held eg ekki gott, að breyta hèðan af skilmálum þeim, er þær voru seldar eptir.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil svara þíngmanni Mýramanna með því að minna hann á, að á þessu þíngi hefir áður komið fyrir bænarskrá, sem fór því á flot, að eigandi skuli sjálfur skyldur að greiða tíund af jörð sinni; en nú er fulltrúi Mýramanna á því, að tíund-

arskyldan leggist á leiguliðana. Það er eins og þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að í rauninni er það landsdrottinn, sem geldur tíundina; því einmitt vegna þess að landseti greiðir tíundina, verður svo að álíta, sem hann fái ábúðina með betri kjörum; tíundin felst í jarðargjaldinu, svo að ef eigandinn ætti að borga tíundina, yrði hann að heimta, og mundi heimta hærra eptirgjald eptir jörðina.

Forseti: Menn fara, að mèr virðist, með þessum umræðum of lángt út í málefnið sjálft; hèr er einúngis það til umræðu, hvort kjósa skuli nefnd eða eigi.

Magnús Andrèsson: Eg vildi ekki segja annað en það, að þetta mál kom til umræðu hèr á þíngi 1853, og var þá talað um það af lögfróðum mönnum, bæði þeim, sem hèr eru nú á þíngi, og öðrum, sem ekki eru hèr nú, og var einginn þeirra því meðmæltur. Nú hafa einnig lögfróðir menn á þessu þíngi sagt, að breytíng þessi ekki væri tilhlýðileg, nú sem stendur; málið fèll á því fyrra þíngi, og eg álít, að það eigi einnig að falla nú.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ekki leingja þíngræðurnar, sem eru orðnar allt of lángar bæði í þessu og öðrum málum, meðan ekki er spurníng um annað, en hvort setja eigi nefnd í málunum eða ekki. Eg vil ráða þínginu frá að setja nefnd í þessu máli; því ef hún eða þíngið á síðan ætti að geta ráðið fram úr því, þá munu verða fyrir mönnum þeir erfiðleikar, er reynast ókljúfandi; eg skal einúngis í þessu tilliti benda á eitt einasta atriði af fleiru, sem eg annars gæti fram talið. Þegar Skálholtsgóssið var selt, skeði það með því skilyrði, að þær eptirleiðis skyldu halda því tíundarfrelsi, sem þær höfðu áður haft. Þessi skilmáli af hendi konúngs er ekki að álíta sem löggjöf, er annaðhvort konúngurinn sjálfur eða hans eptirmenn í konúngdóminum gæti breytt, heldur sem samníngsatriði við kaupendur og seinni eigendur jarðanna, sem hefir valdið því, að jarðirnar seldust betur fyrir frelsi það, er þeim var heitið. Það væri því, ef tíundarfrelsi þetta væri af numið, næstum því að álíta sem skilmálarof, sem einginn getur ætlazt til af stjórninni.

Guðmundur Brandsson: Mèr virðist þó, að ekki verði við inngángsumræðuna sagt álit sitt um, hvort setja skuli nefnd eða ei, án þess að gánga nokkuð inn á málið sjálft. Mèr heyrðist líka hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* farast þannig orð núna, að hann yrði að snerta við efni bænarskráarinnar, um leið og hann sagði álit sitt um hana.

Konúngsfulltrúi: Eg get eingan veginn viðurkennt það, sem þíngmaðurinn brá mèr um. Því þetta eina atriði, er eg minntist á, var ein af þeim ástæðum, hvers vegna eg rèð frá nefnd.

Guðmundur Brandsson: Það, sem þíngmenn hafa talað í þessu máli, hafa einnig verið ástæður ýmist með eða móti nefnd.

Páll Sigurðsson: Eg játa einnig, að menn við inngángsumræðurnar ekki eigi að fara lángt inn í málið; en það er þó nauðsynlegt að hreifa efninu, og einkum þegar menn sjá fram á, að málið muni falla, svo biðjendur sjái ástæðuna, hvers vegna þíngið hefir ekki viljað gefa málinu gaum, af því þá gefst þeim kostur að sjá ástæður þær, sem þíngið hefir borið fyrir sig, og að þeim yfirveguðum, geta þeir skoðað sig um, hvort eða hvenær sè kominn tími til, að hreifa málefni þessu aptur.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, álít eg inngángsumræðu þessari lokið, og skal því biðja menn greiða atkvæði um, hvort kjósa skal nefnd eður eigi.

Var síðan geingið til atkvæða og málinu hrundið frá nefnd með 18 atkvæðum gegn 4.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni: bænarskrá frá Vestmannaeyjum, *um takmörkun á aðflutníngi áfeingra drykkja;* flutníngsmaður er þíngmaður Vestmanneyínga.

Brynjólfur Jónsson: Bænarskrá þessi er stutt, eg vil því leyfa mèr að lesa hana.

Var þá bænarskráin lesin, svo látandi:

„Oss er kunnugt, að bjargarskortur lands vors hefir jafnan verið eitthvert þess mesta mein og hamlað framförum þess í mörgum greinum. Eitt af því, sem ekki hefir hvað minnst verið til skaða, til útdrags og útörmunar, hefir eflaust verið það, að ekki all-lítið af gæðum lands vors hefir geingið fyrir vínfaung þau, er flutt hafa verið til landsins og það opt með góðu verði, svo því síður yrði horft í skildínginn. Það er ætlun vor, að væri andvirði allra þeirra vínfánga eða áfeingra drykkja, sem flytjast til landsins, og sem kalla má að sè fleygt í sjóinn, komið saman í eitt fyrir nokkur ár, mundi það nálega hrökkva til að bæta mönnum upp það tjón, sem víða um land er nú orðið af fjárkláðanum og annari óáran, og menn þannig geta staðið jafnrèttir eptir, hvað sem á dyndi, eða, hefði kaupmenn vorir í stað áfeingra drykkja fært oss andvirði þeirra í matvörum og öðrum nauðsynjum, mundi sjaldnar heyrast talað um bjarg-

arskort, sjaldnar að bera slys og ófarir og annað verra, sem ekki verður með fám orðum útlistað. Út af þessu leyfum vèr oss að snúa oss til vors heiðraða alþíngis, og beiðast þess, að þetta máleíni, sem allt vort land má svo miklu varða, megi verða tekið til umræðu og yfirvegunar og um það send þegnleg bænarskrá til hans hátignar konúngsins:

> Að aðflutníngur áfeingra drykkja híngað til landsins verði takmarkaður, þannig að andvirði þeirra ekki nemi meiru en 5 rd. móti hverjum 100 rd. í kornvörum, sem til landsins verða fluttar.

Vestmannaeyjum, þann 13. júní 1859".

(25 nöfn)

Brynjólfur Jónsson: Eg býst nú ekki við, að bænarskráin fái milda áheyrn hjá þínginu. Hefði menn þar á eyju vitað, að þessu máli hefði verið hreift hèr á þínginu 1857, og hvílíkur rómur því hefði þá verið gefinn, þá mundi bænarskráin líklega ekki hafa verið samin; en þetta var mönnum þá ókunnugt, með því lítið er þar um þíngtíðindi og þeirra lestur; og aldrei hefir þaðan verið nokkur alþíngismaður; en það hefir vakað fyrir biðjendunum sem ástæða, að hagur landsins batnaði við það, ef aðflutníngur áfeingra drykkja yrði takmarkaður, því ógrynni fjár væri varið til vinfánga.

H. Kr. Friðriksson: Vill ekki flutníngsmaður taka bænarskrána aptur?

Brynjólfur Jónsson: Eg vil helzt heyra ástæður manna með henni og mót.

Guðmundur Brandsson: Það er nú ekki lángt, síðan verzlunarfrelsið komst á, og þar eru eingin takmörk sett, hvaða vörur skuli flytja. Bænarskráin játar, að vèr höfum ei vit fyrir oss, að taka verði voðann frá börnunum, svo þau skaði sig ekki á honum. Þetta snertir líka atvinnuveg margra manna í Danmörku og enda verzlun utanríkisþjóða, svo það er nær mèr að halda, að konúngur sè ei einráður um þetta; ætla þyrfti ekki að leggja það fyrir ríkisdaginn? Mèr finnst það ekki gegna neinum svörum, að taka þetta mál til nefndar. Ef kaupmenn hefði margar brennivínstunnur liggjandi óseldar ár frá ári, þá færi að flytjast minna af því. Vèr verðum því að vara oss sjálfir. Eg held konúngur geti ekki bannað að flytja brennivín; en skyldi þar vera nokkurt ráð til, þá væri það með því að leggja á það háan aðflutníngstoll, svo þeir, sem keypti, gyldi hann eins og skatt af heimsku sinni, en á meðan vèr höfum

ekki feingið full ráð á fjárhag vorum, þá held eg sè varlega fram á þetta faranda.

Halldór Jónsson: Eg er móthverfur bænarskránni, vegna þess að þetta ekki verður samrýmt með verzlunarfrelsi; enda held eg menn gæti náð sama augnamiði með samtökum sín á milli, sem betur ætti við það vald, sem skynsemin á að hafa yfir breytni manna.

Gísli Brynjúlfsson: Eg vona, að þessi bænarskrá verði felld, án þess að menn sè að leingja umræður um hana. En fyrst Vestmanneyingar nú á annað borð hafa leitað til alþingis um þetta mál þá væri þó illt að synja þeim með öllu og láta þá fara alveg aptur eins og þeir komu. Þykir mèr því ei illa til fallið, að þingið þó að minnsta kosti ráði þeim eitt heilræði, en það er að hafa nú samtök og hætta sjálfir að kaupa hina áfeingu drykki, þá spara þeir það fè.

Brynjólfur Jónsson: Það er nú að sönnu vel meint ráðleggíng, en eg ímynda mèr, að þó Vestmanneyingar *hafi* haft orð á sèr fyrir að vera vínsvelgir, að þeir þurfi þessarar ráðleggíngar ekki fremur öðrum landsmönnum vorum.

Indriði Gíslason: Eg get ekki neitað því, að mèr finnst þessi bænarskrá, eins og hinar, vera samin í góðum tilgángi, en hitt er það, að hún má fyrst og fremst heita borin fyrir mál undir þeirri stjórnarskipun, sem vèr nú höfum. En einginn getur neitað því, hvað nauðsynlegt er að minnka óþarfa- og munaðarkaupin, og svo líka, af því hún ekki bendir á haganlegt fyrirkomulag, verð eg að mæla móti nefnd í málinu að þessu sinni.

Forseti: Eg heyri allir eru mótfallnir því að setja nefnd í málið, og veit því ekki, hvort flutníngsmaður vill halda því til atkvæða? (*Brynjólfur Jónsson*: Nei). Flutníngsmaður tekur þá bænarskrána aptur, og einginn tekur hana að sèr, mál þetta er því fallið, og dagskránni þar með lokið.

Eg skal nú, samkvæmt skyldu minni, vekja athygli hinna háttvirtu þíngmanna að því, að nú eru kosnar nefndir í 23 mál, af þeim samtals 35 málum, er hafa komið inn fyrir þetta þíng, en ekki er komið nema eitt nefndarálit til umræðu og svo uppkast það til ávarps til konúngs, sem áður er um getið, og eru því enn óafgreidd hjá nefndunum 21 mál, þar af 7 konúngleg frumvörp; nú er hinn 14. dagur júlí í dag, og hinn lögákveðni þíngtími er því hálfnaður; að þessu finn eg mèr skylt að vekja ítarlegt athygli þíngmanna og

einkum formanna nefndanna í konúngsmálunum, sem lögskipað er um, að eigi að gánga fyrir öðrum málum. Eg skal þar næst ákveða fund á morgun kl. 11., og koma þá til umræðu nokkrar bænarskrár og uppástúngur; svo verður og þá, eptir samkomulagi við hinn háttvirta *konúngsfulltrúa*, lagt fyrir þíngið að kjósa 1 mann í nefnd þá, sem á að semja frumvörp til póstgaungulaga á Íslandi; eins og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* skýrði frá um daginn, hefir konúngur kvatt í þá nefnd: 3 amtmennina og landfógetann, en 5. nefndarmanninn á alþíng að kjósa.

Fundi slitið.

---

15. júlí — tíundi fundur.

Forseti gat þess, að *konúngsfulltrúi* hefði tilkynnt sèr, að hann ekki gæti komið á fund í dag, og að hann hefði falið hinum háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanni að gegna *konúngsfulltrúa*-störfum á þessum fundi.

Allir aðrir á fundi, nema þíngmaður Ísfirðínga.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Mèr hefir verið tilkynnt, að í nefndunum um sveitastjórnarmálið og um auglýsíngu reiknínga opinberra sjóða sè kosinn til formanns hinn háttvirti *varaforseti* og til skrifara þíngmaður Borgfirðínga.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til inngángsumræðu og nefndarkosníngar: uppástúnga frá alþíngismauni Rángvellínga, *um að alþíngi taki allt kollektumálið til nýrrar meðferðar* og riti um það bænarskrá til konúngs.

Var hún afhent uppástúngumanni til flutnínga.

Páll Sigurðsson: Uppástúngan er ekki laung og vil eg leyfa mèr að lesa hana með leyfi hins háttvirta *forseta.*

Leyft; uppástúngan lesin, svo látandi:

„Á síðasta alþíngi kom eg fram með uppástúngu um kollektusjóðinn og reiknínga hans; hið heiðraða alþíngi tók máli þessu vel, og veitti því mesta athygli, enda hafði og máli þessu fyr verið mikill gaumur gefinn hèr á þíngi. Eigi að síður höfum vèr eingaleið-

rèttíng feingið þessa máls, og í auglýsíngu til alþíngis er enn synjað allrar bænheyrslu, án þess nokkur ástæða sè borin fyrir, sú er því nafni megi nefnast. Eg játa, að eg get ekki sannfærzt af eintómu ástæðuleysi stjórnarinnar, um að synjun hennar sè rèttileg nè á rökum byggð, en hitt játa eg, að eg treysti því fastlega, að stjórnin muni að lyktum líta á góðan málstað vorn, ef vèr þreytumst eigi að biðja. Sannfæríng mín hefir því enn eigi breytzt um hinn góða málstað vorn, traust mitt á rèttsýni stjórnarinnar hefir enn eigi sljóvgazt, og vonir mínar um góð málalok hafa enn eigi deyfzt. Fyrir því leyfi eg mèr, að bera þá uppástúngu fyrir hið heiðraða alþíngi, að það taki enn allt kollektumálið til nýrrar meðferðar og rannsóknar og riti konúngi vorum bænarskrá, á þá leið, er gjört var á síðasta þíngi.

Reykjavík, 13. júlí 1859.

Páll Sigurðsson,
þíngmaður Rángvellínga".

Páll Sigurðsson: Eg þarf því síður að vera margorður í máli þessu, þar öllum þíngmönnum eru kunnar ástæður nefndarinnar 1857, er þá var kosin, og sem lesa má í alþíngistíðindunum, og sem þíngið þá fèllst á; því máli þessu er nú synjað af stjórninni ástæðulaust, en vèr Íslendíngar megum ei þreytast, þar vèr sjáum, að vinnst með ítrekaðri bæn, eins og vèr sjáum nú, að það er feingið, sem þó var leingi talið ómögulegt fyrir konúng vorn, að staðfesta lög okkar Íslendínga, með að rita sitt eigið nafn undir þau, og eg vona því, að nefnd verði kosin í málið.

Konúngsfulltrúi (Vilhjálmur Finsen): Eg verð í umboði hins háttvirta *konúngsfulltrúa* að ráða þínginu frá, að kjósa nefnd í þessu máli; það er þínginu kunnugt, að stjórnin hefir hvað eptir annað neitað bænarskrám þeim, sem í því tilliti hafa komið frá þínginu áður, og er því ekki við að búast, að öðruvísi fari nú. Eg skal líka geta þess, að það er ekki rètt, sem sagt var, að neitun stjórnarinnar hafi verið ástæðulaus, því stjórnin hefir skírskotað til koúngsúrskurða, er hafi leitt málið að öllu til lykta.

Þórður Jónassen: Það lítur nú út, eins og þetta mál eigi að verða eitt af þeim, sem þíngið ætli að reyna sig á við stjórnina, og sanna orðtækið, að trèð falli ekki við fyrsta högg, en falli þó, ef haldið sè áfram með atorku; mèr getur nú ekki geðjazt þessi skoðun, því eins og þetta mál liggur fyrir, álít eg, að þíngið ekki geti með sóma sínum farið því á flot, rètt í sömu andránni og þíngið

hefir feingið frá stjórninni tilkynníngu um, að ekki hafi virzt nein ástæða til að taka fyrri bænarskrá þíngsins um þetta efni til greina. Eg get heldur ekki skilið, hvernig þíngið getur ætlazt til, að farið sè að gjöra upp aptur reiknínga, sem konúngur, og það einvaldur konúngur, er búinn að ráða algjörlega til lykta með sínum allramildasta úrskurði, meðan það hins vegar heldur hvorki er sýnt nè sannað, að það stjórnarráð, sem lagði reiknínginn fyrir konúng til úrskurðar, hafi undanfellt, þegar það lagði reiknínginn fram, neitt það atriði, er gat haft áhrif á úrslit málsins, og ekki heldur neitt nýtt er komið fram í málinu; það er þannig auðsætt, að endurnýjun þessarar bænarskrár ekki getur leitt til nokkurs annars úrslits en komið er, og til hvers er þá fyrir þíngið að hreifa aptur málinu? að vísu ekki til annars en þess, að koma, ef mögulegt væri, inn kala milli stjórnarinnar og þjóðarinnar, og það getur eingum þótt æskilegt, og þíngið vill vissulega ekki stuðla til þess. Það kann vel að vera, að meðferðin á kollektusjóðnum hafi verið miður samkvæm hans upprunalega augnamiði, og úr honum hafi verið borguð útgjöld, sem í straungum skilníngi ekki áttu þar heima, einkum þegar þetta er skoðað á nærveranda tíma, en mun ekki mega segja hið sama um margar aðrar ráðstafanir eldri tímanna, og þó dettur eingum í hug að vilja gjöra út úr því rekistefnu, úr því það er geingið um garð og verður ekki tekið aptur, sem orðinn hlutur.

Menn verða að dæma hvert mál eptir þeim kríngumstæðum, sem voru, þegar það gjörðist, og ekki eins og það liggur fyrir undir breyttum kríngumstæðum, því það getur haft mikil áhrif á sjálfan dóminn, ef þessa er ekki gætt, og þetta held eg megi heimfæra til þessa máls. Það hefði að öðru leyti verið sök sèr, að hreifa þessu máli, ef vèr hefðum haft sèrskildan fjárhag, en það er ekki svo, heldur er fjárhagur vor sameinaður Danmerkur, og stjórnin leggur oss til, það sem oss vanhagar um og vèr biðjum hana um og hún finnur ástæðu til að veita oss, og þetta eigum vèr að láta ásannast.

Eg vil því innilega ráða þínginu frá að fara leingra fram í þetta mál, því það getur ekki orðið til annars en að eyða tíð og tíma til ónýtis; eg mæli því móti, að málið komi í nefnd.

Páll Sigurðsson: Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður sannaði það einmitt, að vèr hefðum á rèttu að standa í þessu máli, og að ekki væri að öllu rèttilega með farið af stjórninni, og liggur oss þó á hálsi fyrir það, að vèr gaungum eptir rètti vorum. Eg gat vorkennt honum; því eg sá, að hann streittist við að standa eins

og Njáll streittist við að sitja. Það er eðlilegt, að vèr leitum rèttar vors, og skylda vor, að letjast ei að biðja, en það er aumkunarvert að tala á móti sannfæringu sinni sem Íslendíngur. En reynslan um þrábeiðnina sýnir líka, að ástæður hans einnig þar eru á veikum rökum byggðar; því skammt er, síðan varð raun á, að hún varð að góðu og á rökum byggð.

Sveinn Skúlason: Eg þarf ekki að tala lángt; því ræða hins 1. konúngkjörna þíngmanns hefir ekki sannfært mig nè snúið huga mínum, og eg vona, að hún sannfæri eingan, að minnsta kosti ekki hina þjóðkjörnu þíngmenn, svo að þeir vísi þessu máli frá nefnd, en að öðru leyti hefir þíngmaður Ránguellínga svarað henni.

Ásgeir Einarsson: Hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður sagði, að þíngið gætti eigi sóma síns, ef það tæki mál þetta fyrir, en eg segi, að þíngið gæti eigi sóma síns, ef það tekur ekki málið fyrir, þar sem menn eru að tala um, að rángt sè að breyta augnamiði smásjóða; og ef vèr ekki skeyttum því, að af þessum sjóði hefir verið borgað, það sem aldrei var til ætlazt af gefendunum, það væri rángt, og því segi eg, að þíngið gætti ei sóma síns, ef það ekki gæfi málinu gaum; því það er með þetta, eins og danski málshátturinn segir: *„For meget tilbage, for lidt fremad“*, og af þessum ástæðum mæli eg með nefnd.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir tekið það fram, að stjórnin hafi látið fylgja nokkrar ástæður neitun sinni í þessu máli, sem auglýsíngin til alþíngis sýni; en mèr virðist þessar ástæður vera á svo mjög veikum fæti byggðar, þar sem þær eru byggðar á því, að viðkomandi stjórnarráð, sem höfðu haft sjóðinn undir höndum, og eytt honum, hafi gefið konúnginum ráð og skýrslur, eptir hverjum hann hafi fellt úrskurð sinn 25. júlí 1844. Nú virðist mèr, að þar sjóður þessi var einu sinni stiptaður sem annað testamenti með fullkominni staðfestíngu, að hann skyldi vera Íslandi til styrktar, líklega þegar helzt bæri nauðsyn til, að þá hefði einhver fyrir Íslands hönd átt að eiga þar atkvæði eða sæti, þegar upp voru gjörðir reikníngar sjóðsins, og búnir undir nýjan konúngsúrskurð, en eg sè hvergi, að svo hafi verið; því þykir mèr fullkomið vorkunarmál, þó að Íslendíngar (undir þeim ískyggilegu kríngumstæðum, sem mörgum virðast nú), sem gjöra sèr ímyndun, að sjóðurinn kynni að vera miklu stærri, en svo sem nú er látið heita, og að hèr sè ekki um neitt smáræði að tefla, heldur væri það svo mikið, að það hefði nú getað komið landi hèr að fullri hjálp, hefði rètti-

lega verið á haldið, — þó að Íslendíngar nú, segi eg, kvaki og biðji um rèttíngu á slíkum reikníngum.

Jón Hjaltalín: Mèr er mál þetta ekki fullkomlega kunnugt, og eg þori því ekki að segja neitt um, hvor á rèttu muni hafa að standa, og hvort þjóðin eða þíngið hafi haft rètt; en hafi þjóðin haft rètt, óttast eg fyrir, að hún sè búin að spilla málstað sínum; því hafi þjóðin haft rètt, þarf ekki að vera að karpa um þetta við stjórnina, heldur átti þíngið að biðja um, að það mætti gánga til landslaga og rèttar, en þráttanir þessar eru til einkis; en eg vil ekki tala á móti rètti þjóðarinnar, ef hún hefir rètt, og ekki tala móti því, að halda málinu fram, ef það hefði verið í rèttan tíma, en hann ætla eg fyrir laungu út hlaupinn, hafi hann nokkurn tíma til verið, því nú eru, eins og allir sjá, tveir konúnglegir úrskurðir fyrir því, að kollektumálið sè til lykta leitt.

Páll Sigurðsson: Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að þetta væri þráttun af oss við stjórnina, en það er ekki satt; því menn hafa sent konúngi bænarskrár í málinu áður, og sýna þær sig sjálfar, hvort þær eru ekki orðaðar með hógværð og stillíngu, eins og vera byrjar; en þráttan sú, er hann nefnir svo, er þá mest að kenna þeim konúngkjörnu herrum á þíngi hèr. Þeir hafa viljað sýna hèr, líkt og með prèdikunum sínum áður í undirskriptarmálinu, ómögulegleika stjórnarinnar með að líta á rèttindi vor Íslendínga, og gjöra sig að öflugustu skjólstæðíngum stjórnarinnar, og svo fastlega, eins og þeir vilji *nudda sèr upp við hana,* þó þeir hins vegar sè sannfærðir um rètt landsmanna til þessa af fríviljugum gjöfum samankomna, og með konúngsúrskurðum fastákveðna geymslufjár. Þíngið hefir fylgt máli sínu hæversklega og auðmjúklega við stjórnina. Vèr höfum síðan 1845, að *konúngsfulltrúinn* þá sýndi Íslendíngum fram á meðferð fjár þessa, vakið máls á því, því áður vissu þeir hèr ekkert um, því einginn Íslendíngur mun hafa verið tilkvaddur, þegar verið var að rannsaka, hvernig fè þetta hefði brúkað verið, svo eg sè ekki, að neitt sè forsómað, en það er eigi hægt að gjöra það, sem vèr ekki gátum.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg verð að mæla fastlega á móti því, sem hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður nú sagði, að menn vildi þrátta við stjórnina, því eg held það sè landsmanna og þíngmanna meiníng, að biðja stjórnina um þessa leiðrèttíngu með siðsamlegri hógværð, og eg get ekki ímyndað mèr svo nokkra rèttláta stjórn, að henni sè það nokkur mótgjörð, að hún sè beðin að

skýra hverri þjóð sinni, hvort henni sè gjört rètt; miklu heldur hefði eg hugsað, að það væri hverri góðri stjórn ánægja, að leiða í ljós gjörðir sínar fyrir þjóð sinni. En þar sem hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður svo sem viðurkenndi, að á reikníngum eður meðhöndlun þessa sjóðs kynni að hafa verið einhverjar misfellur, en það væri komið, sem komið væri, og, sem menn segja, að ekki tjáði að ásaka um orðinn hlut, þá veit eg ekki til, að Danastjórn hafi svarað málinu svoleiðis, að hún hafi beðið menn að stíga yfir það. Hefði svo verið, og henni væri hreint ómögulegt að gjöra Íslandi rètt í þessu, þá var annað mál, að þegja um þetta.

Ásgeir Einarsson: Hefði rèttara verið að halda þessu til máls, þá hefði stjórnin átt að benda þínginu á það, en stjórnin hefir eigi gjört það, og er það því ný ástæða fyrir þíngið að halda áfram.

Indriði Gíslason: Það er nú varla vert að leingja þíngræðurnar um þetta mál, því bæði er það, að málið er orðið alkunnugt, og því sjálfsagt, að nefnd verður kosin í málið. En á hinn bóginn hálfsè eg þó eptir, að þær sè mjög stuttar, því mönnum hefir jafnan þótt gaman að heyra mótbárur hinna blessuðu konúngkjörnu herra.

Gísli Brynjúlfsson: Það kann nú að vísu vel að vera, að árángurinn af þráttuninni um kollektusjóðinn verði í raun og veru lítill á endanum. En í ræðu hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns var þó eitt atriði, sem mèr þykir mikilsvert og sem einkum knýr mig til að gefa atkvæði mitt fyrir því, að nefnd verði sett í málið; hann sagði, að öðru máli hefði verið að gegna, ef alþíngi hefði full ráð á fjárhag landsins, og skal eg ekki neita því, að þetta er satt. En einmitt af því eg held, að það sè, ef til vill, hnúturinn í málinu, að stjórnin vill ei nú láta leiðast út í sjálft fjárhagsmálið, en býst þó kann ske við, að það verði endalokin, ef hún fer að beiðni alþíngis í kollektumálinu — einmitt af því eg vona, að þetta mál geti orðið til þess, að sjálft fjárhagsmálið út úr því komist á hreifíngu, og af því eg álít, að það sè hið nauðsynlegasta og æskilegasta, að það verði útkljáð sem fyrst, einmitt þess vegna skal eg nú og vera með því, að kollektumálinu verði aptur hreift á þínginu í þetta sinn. Því hvernig svo sem um sjálfan sjóðinn fer á endanum, þá er það þó líka æfinlega sanngjarnt, að Íslendíngum af stjórnarinnar hendi sè gerð full skil fyrir meðferð hans.

Magnús Andrèsson: Ræða hins 1. konúngkjörna þíngmanns styrkti mig einmitt í því, að mæla með nefnd; því hann gat eigi varizt, að eitthvað hefði eigi verið sem rèttast í meðferð þessa máls;

því hefði hann talað af sannfæringu, hefði hann getað varazt að láta bóla á þessu. Það er bágt fyrir Íslendínga, að geta ekki feingið réttíngu á þessu máli, sem menn eru svo samhuga á; því það er ekkert mál, sem eins opt hefir verið borið upp hèr á þíngi, aptur og aptur, þó margsinnis hafi verið neitað, og má því mikið vera, ef ekki er meiri réttarástæða, en í mörgum öðrum málum, og því vil eg einmitt ánýja það enn þá.

Stefán Jónsson: Eg vil einnig mæla með nefnd, ekki af því, að eg hugsi, að þrábeiðni dugi, þar sem eigi er réttur málstaður, heldur af því eg er sannfærður um, að menn eigi rètt á að fá betri ástæður fyrir synjuninni, áður en menn sleppa málinu.

Konúngsfulltrúi (Vilhjálmur Finsen): Eg verð þó að geta þess, að skýrir reikníngar hafa verið birtir af stjórninni fyrir þeim umrædda sjóði. Bæði auglýsti *konúngsfulltrúinn* á alþínginu 1845 reikníngа fyrir kollektusjóðnum, og síðar voru, að mig minnir 1857, lagðir fram fyrir þíngið ítarlegri reikníngar eða skilríki viðvíkjandi þessum sjóði og styrktarsjóðnum. Viðvíkjandi útreikníngnum 1844 á því, hvað mikið sjóðurinn ætti, þá var, eins og hin konúnglega auglýsíng til alþíngis bendir til, kosin nefnd til þess af mönnum frá ýmsum stjórnarráðum, nefnilega ekki einúngis úr því stjórnarráði, sem hafði hin eiginlegu umráð eða stjórn yfir sjóðnum, heldur líka úr hinum öðrum stjórnarráðum, er mátti álíta óviðriðin málið; það er auðvitað, að eptir því stjórnarfyrirkomulagi, sem var, gat þar einginn verið beinlínis fyrir Íslands hönd, en í nefndum mun hafa verið einn maður úr því stjórnarráði, sem Ísland þá stóð helzt undir, nefnilega rentukammerinu, og virðist þannig hafa verið gætt fullkomlega þarfa Íslands, eins og líka er bent til þess í hinni konúnglegu auglýsíngu til þíngsins, að í nefndinni hafi komið fram eins uppástúngur, sem miðuðu til að ákveða upphæð sjóðsins hærri, og var sú uppástúngan tekin til greina, sem var Íslandi mest í hag. Þessi niðurstaða var síðan ákveðin með konúngsúrskurði, og er það almenn regla, að við slíkum konúngsúrskurðum í reikníngsmálum verður yfir höfuð eigi hreift. Mèr finnst þannig ljóst, að stjórnin hefir haft gilda ástæðu fyrir neitun sinni að taka bænarskrá alþíngis til greina um þetta málefni.

Stefán Jónsson: Eg man vel eptir reikníngum, sem fram komu 1845, en þeir gátu ei fullnægt mönnum, og margar mótbárur hafa komið síðan, sem sýna, að þeir ekki gátu sannfært menn.

Þórður Jónassen: Eg skal leyfa mèr, í tilefni af því, sem

sagt hefir verið, að þetta mál mætti leggja til dómsúrskurðar, að geta þess, að það getur ekki orðið spursmál um það, eptir það fallinn er í því konúngsúrskurður, og málið þannig algjörlega til lykta leitt. Svo skal eg líka geta þess, út af því, sem hinn heiðraði flutníngsmaður bænarskráarinnar sagði í ræðu sinni, að eg hefði viðurkennt, að meðferðin á kollektusjóðnum hefði ekki verið eins og vera skyldi, að eg meinti þetta svo, að það kynni að líta svo út, þegar málið væri skoðað án tillits til umliðna tímans og þeirra kríngumstæða, sem þá áttu sèr stað, eins og eg trúi eg tæki fram, þegar eg tók til máls í fyrra skiptið.

Páll Sigurðsson: Það hefir svo opt heyrzt áður, að ekki hjálpaði að biðja, þegar stjórnin hefði neitað; en skoðanir stjórnarinnar geta breytzt, eins og allt í heiminum. En þetta er ekki þessari stjórn að kenna, sem nú er, og því er það vonanda, að þessi stjórn gefi rèttíngu á málinu. En þegar stjórnin ráðgaðist um reikníngana, var þá ekki stjórnin í einu lagi? *Konúngsfulltrúi* sagði, að reikníngarnir hefði verið birtir 1845, og það er satt; en það varð einmitt til þess, að menn fóru að hreifa málinu, þegar menn sáu, hvernig komið var; áður vissu menn ekkert og trúðu stjórninni fyrir að geyma fèð. En það er einmitt það, að þetta er geymslufè, sem stjórnin sjálf hefir viðurkennt, og sem standa átti skil á, og því er meiri ábyrgð á stjórninni.

H. G. Thordersen: Eg ætla ekki að leingja umræðurnar, en einúngis lýsa því yfir, að eg ekki get gefið atkvæði með þessu máli í þetta sinn; því margt kann að vera athugavert við það, ef það væri nauðskoðað í öllum greinum. En eg ætla ekki að hreifa því meira í þetta sinn. En eg vil ekki, að því sè farið fram á þessu þíngi, þegar það má ske vofir yfir, að landið verði að biðja stjórnina um hjálp og aðstoð í vandræðum sínum; það er þetta, sem eg vil biðja skynsama menn að yfirvega, hvort það er hyggilegt, áður en menn biðja um hjálp í þeim vandræðum manna, sem nú vofa yfir, nema guð gjöri því meiri miskun á, er það hyggilegt, segi eg, að koma fram með mál, sem kann að koma í bága við stjórnina?

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum; Mèr liggur við að hneykslast á því, hvað sumir hinna háttvirtu konúngkjörnu þíngmanna andæfa gegn máli þessu; undrar mig þetta mest um hinn 6. konúngkjörna þíngmann, af því hann hefir talað svo frjálslega og þjóðlega á þíngi þessu; hann hlýtur þó að sjá, eins og aðrir, að hèr er beinum þjóðrèttindum vorum hallað; allir vita, hvernig kollektusjóðurinn er til

orðinn í fyrstu, að hann var stofnaður í sèrstökum tilgángi, og að hann á ekkert skylt við annað fè, sem vèr Íslendíngar eigum í konúngssjóði. Eg get líka vitnað um það, að almenníngur hefir mikinn áhuga á máli þessu, og vill í því tilliti hafa rètt sinn óskertan. Hvað því viðvíkur, sem hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það væri ótilhlýðilegt, að hreifa þessu máli núna, af því menn væri að biðja stjórnina um bjargræðisstyrk í hallærinu, sem nú vofir yfir, þá er eg öldúngis á gagnstæðri meiníngu; eg vil hafa rètt okkar um kollektusjóðinn, og álít mikið sæmilegra fyrir okkur, að verja honum til að bæta úr neyð okkar, samkvæmt tilgángi hans í öndverðu, en að fara að falla fram fyrir stjórninni og biðja hana um brauð.

Halldór Jónsson: Allir vita, í hvaða tilgángi sjóðurinn var stofnaður; og það hefir, trúi eg, ekki verið kvartað yfir óljósum reikníngum, heldur yfir því, að honum hafi ekki verið varið samkvæmt tilgánginum. Um heimildina fyrir þessu skal eg nú ekki leyfa mèr að dæma. En eðlilegt finnst mèr það, að þegar líkt ástand sýnist vofa yfir, eins og það, er gaf tilefni til kollektusjóðsins, menn þá fyrst renni huga til þess fjár, er menn vita, og meina sig að eiga, áður en hjálpar sè leitað á annan veg.

Guðmundur Brandsson: Mèr virðist, að skoða megi mál þetta frá stjórnarinnar síðu frá tveimur hliðum, lagalegri og siðferðislegri. Einn maður hefir ómyndugra fjármuni til varðveizlu; fèð eyðist, en þó svo, að lögvörn er í málinu, þá á væri sótt; en þó getur verið, að fènu sè ekki vel varið eptir samvizkunnar dómi. Allir eru nú sammála um, hvernig þessu kollektufè hefir verið safnað og í hvaða tilgángi, en skoði maður skýrslurnar, sem *konúngsfulltrúi* gaf þínginu 1845, er það ljóst, að fènu hefir verið varið í ólíkum tilgángi og það var gefið; því hefir verið varið til stranda- og hafnamælínga, og fyrir hverja? Eins og öllum er kunnugt um verzlunina hèrna þá, handa mönnum í Danmörku, sem nú eru annaðhvort lifandi eða dauðir. Er nú ekki von, að mönnum renni til rifja þessi ósamkvæmni við augnamið gefandanna? Fleiri hafa mælt strendur vorar t. a. m. Frakkar, og hafa ekki feingið borgun úr kollektusjóðnum. Því er nú kvartað, að fènu hefir eigi verið varið sem skyldi og samkvæmt tilgánginum. Viðvíkjandi því, sem hinn 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, að þetta kæmi í bága við það, að biðja að gefa sèr sökum hallæris, þá get eg ekki verið því samdóma, því eg vil halda, að það sè æskilegt að fá hreina reiknínga, svo maður viti,

hvort maður þarf gjafa með; hafi eg skiptavin og þurfi hans hjálpar við t. a. m. láns, þá vil eg þó helzt vita, hvernig reikníngar standa okkar á milli, áður en eg fer að biðja hann hjálpar.

H. G. Thordersen: Það er ránghermt, að eg talaði um gjöf frá stjórninni, eg nefndi ekki gjöf, heldur styrk, aðstoð, og það getur verið með mörgu öðru móti, en með beinlínis gjöfum, en eg talaði ekki um að sníkja á stjórnina.

Guðmundur Brandsson: Gjöf er ei undanskilin, þegar talað er um styrk; því eg ætla það sè skylt og enda geti verið eitt og hið sama.

Páll Sigurðsson: Hinn háttvirti 2. konúngkjörni þíngmaður ætlar stjórninni annað, en hann mundi sjálfur gjöra; því eg er viss um, að ef hann gjörði reikníng fyrir einhverju, og sá, sem við ætti að taka, segði: „þetta og þetta er rángt", þá mundi hann lagfæra það, þegar honum væri bent á galla; en það, sem hann mundi gjöra, ætla eg einnig stjórninni að gjöra; því maður á að ætla aðra eptir sèr.

H. G. Thordersen: Það er ekki ný kenníng, að eg sè annað en stjórnin, eg meinti stjórn í öðrum skilníngi; það er því heimska að segja, að eg sè sama og stjórnin, eður bera mig saman við hana.

Jón Hjaltalín: Þíngmaðurinn úr Suður-Þíngeyjarsýslu sagði, að það geingi yfir sig, að eg væri móti máli þessu, en sè þó frjálslyndur. Það gleður mig, ef eg er álitinn frjálslyndur, og eg held eg sè það; eg er ekki hræddur við að segja, hver eg er, eða hvað eg álít rètt og satt, jafnvel ráðgjafanum sjálfum, ef svo bæri undir. En í þessu máli er eg alls ekki sannfærður um, hvað rètt það er, er menn hèr fara fram á af þíngsins hálfu. Mál þetta er, virðist mèr, útkljáð af þeim konúngi, sem fremur öllum öðrum konúngum unni Íslandi alls góðs, hafði gott hjarta og mikla skynsemi; hefði hann sèð missmíði á reikníngunum, að þeir væri ei svo rèttir sem skyldi, er eg viss um, að hann hefði látið kippa því í lag, og þess vegna er eg einmitt hræddur um, að eigi sè rètt eða gott mál að verja, og eg hefi enn þá ekkert heyrt, sem hafi hrundið því áliti mínu. Þessu verður ekki framgeingt með kappi einu; mótmælin hefði átt að koma í tíma. Nú koma menn fram með þetta fyrir nýja stjórn. En eg er sannfærður um, að þó allir hinir konúngkjörnu þíngmenn væri eins ákafir og flutníngsmaður, yrði eingu ágeingt. Eg er hræddum, að þetta mál verði álitið þráttunarmál, er spillir öðrum málum; eg er því alls ekki með nefnd í því, en eg er fús til að fylgja rètti

þjóðarinnar, þar sem eg sè, að hún hefir rètt mál fyrir sèr, og eg sè það getur komið að nokkru liði; eg er fús á, að minna stjórnina á skyldur sínar, ef eg sæi, að hún forsómaði þær, en það er allt annað, þó vèr, þegar vèr eigum í stríði við ofbeldi óblíðrar náttúru lands vors, segjum henni, að nú sè henni skylt að hjálpa oss, það ítrasta hún geti; slík hjálp er allt annað en kollektumálið, og eg er alls eigi hræddur um, að hún taki illa undir það.

H. Kr. Friðriksson: Eg hefi hingað til verið fátalaður á þingum í máli þessu, og það ætla eg að verða enn þá; en eg verð að lýsa því yfir, að eg ætla mèr að gefa atkvæði með nefnd í málinu. Hinn fyrsti konúngkjörni þingmaður sagði, að einginn dómstóll tæki málið til meðferðar, úr því konúngsúrskurður væri kominn um það; þetta kann að vera með öllu satt, ef alþingi ætlaði sèr að sækja málið á hendur stjórninni, eins og það nú liggur fyrir; en mèr skildist sem hinn 6. konúngkjörni þingmaður ætti ekki við það, heldur að biðja stjórnina að leggja málið til úrslita dómstólanna, og get eg ekki sèð, að neitt sè á móti því að biðja um það, og ef stjórnin leyfði það, getur konúngsúrskurðurinn eigi verið því til neinnar fyrirstöðu, eða afsökunar fyrir dómstólana, að taka málið til meðferðar. Aðalumkvörtunarefnið fyrir þingið er það, að eingir skýrir og ljósir reikníngar eru sýndir fyrir því, hvernig fènu hefir verið varið; menn vita eigi, hvað um það er orðið. Skýrsla sú, sem *konúngsfulltrúi* gaf hèr á þingi 1845 um þetta mál, er næsta ónóg, og mönnum virðist, sem það vanti jafnvel af fènu, sem hann ekkert gat sagt hvað um væri orðið. Reikníngarnir, sem lagðir voru fyrir þingið 1857, náðu að eins til 1844, en þar er ekki sagt, hversu stór sjóðurinn ætti í raun rèttri að vera frá eldri tímum, en að eins hvernig hann var eptir 1844 og hvernig honum hefði verið varið, en það er ekki verið að kvarta yfir þeim reikníngi, heldur yfir hinum eldri, fyrir 1844. Eg veit nú ekki, hvort menn kalla mig frjálslundaðan eða þrællundaðan, og fæst ekki um það; eg ætla að fara eptir sannfæríngu minni. En mèr þykir það óviðurkvæmilegt, að menn berist hèr brigzlum á, mèr þykir það óviðurkvæmilegt, og vildi eigi heyra slík orð hèr í salnum, að þíngmenn skuli bregða hver öðrum um, að þeir tali móti sannfæríngu sinni, og að *þeir sè að nudda sèr upp við stjórnina;* mèr finnst *forseti* eigi að taka fram fyrir hendurnar á þeim, sem slíkt gjöra, og eigi leyfa þeim, að hafa slík orð; því að slíkt er ópolanda.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*

hefir skýrt svo frá, að rannsókn og skýrslur um sjóðinn hafi verið gjörðar af óviðkomandi eða óvilhöllum stjórnarráðum, en mèr sýnist á auglýsíngunni, að þetta hafi verið gjört af hlutaðeigandi (nefnilega sjóðnum viðkomandi) stjórnarráðum. Hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður hèlt, að þessi þrábeiðni mundi lítið vinna og væri jafnvel ósiðlát, en eg hugsaði, að hann mundi þó þekkja þann lærdóm, að vèr ættum jafnan að biðja og ekki að þreytast, og að dæmisaga sú hefir verið höfð fyrir sannleikans grundvöll, að sá rángláti dómari hafi þó skipazt við þrábeiðnina til að-gjöra rètt; því skyldi þá ekki rèttlátur dómari eða stjórn skipast við rèttláta þrábeiðni? En hitt, þar sem hinn sami háæruverðugi þíngmaður sagði, að við yrðum að vèra auðmjúkir og fara varlega í reikníngana við stjórnina, þar til þess horfi, að við þurfum að leita hennar hjálpar í nauðfalli, þá finnst mèr undarleg hugmynd, að slíkt skyldi eiga að neyða menn til að standa af rètti sínum, og finnst mèr hitt ærlegra, að halda fyrst hreina reikníngа, og fá það, sem maður á, og vita fyrst, hvort maður geti ekki hjálpazt við það, og biðja þá fyrst um gjafir, þegar maður sèr, hvað maður er fátækur og eingin eru önnur úrræði.

Ásgeir Einarsson: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að 1845 hefði verið lagðir fram skýrir reikníngar, en þíngmaðurinn úr Reykjavík sýndi, að þeir hafi verið eins og prentsmiðjureikníngarnir forðum, að það hafi vantað á þá skammrifin. Þegar vantar alla undirstöðu framan af, skil eg ekki, hvernig sagt verður, að reikníngar sè skýrir. Það hefir verið sagt, að reikníngurinn sè gjörður af óvilhöllum mönnum; og það getur verið, en þeir voru þó allir frá stjórnarinnar hálfu, eingínn af Íslands hendi, til ráða kosinn þaðan. Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður otaði því fram, að eingínn dómstóll gæti tekið málið til meðferðar, eptir að konúngsúrskurður sè fallinn, en annað varð þó ofan á í gær, þegar talað var um konúnglegt leyfi fyrir tíundarfrelsi; áfram komst það mál fyrir dómstólunum; er ekki konúnglegt leyfi að álíta konúnglegan úrskurð? Því skyldi þá þetta mál ekki geta feingið framgáng? Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður talaði um, að nú væri kann ske fyrir höndum að biðja stjórnina um styrk eða hjálp, og um sama leyti ætti ekki að hreifa þessu; en ætla þurft hefði að biðja um styrk, hefði menn notið rèttar síns í þessu og fleiri málum. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sýndi, að fè þetta hefði verið brúkað til strandamælínga; það var gjört vegna verzlunarinnar, en var þá verzlunin í Íslendínga höndum? Var það

þá sanngjarnt, átti ekki að leggja þetta á verzlunina? Eg ætla nú ekki að fara að færa ástæður með nefnd í málinu, eg vona, að verði drjúgur landherinn, nl. þeir þjóðkjörnu, og vinni, eins og kláðalúsin, þó lítil sè, á því stærra.

H. G. Thordersen: Eg er á móti því, að þessu máli sè hreift að svo stöddu, þar sem það liggur fyrir, ef til vill, að leitað verði aðstoðar stjórnarinnar, og verð því að álíta óhyggilegt að bera fram undir eins hvortveggja þessi málefni; hefði víst farið betur á því, að draga þetta kollektumál, þángað til búið hefði verið að útkljá hitt málið, sem má virðast oss, sem stendur, svo miklu nær og meir áríðanda, og vil eg styðja að því, eins og eg er því mótfallinn, að kollektumálinu sè hreift að sinni.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Það er mèr ný kenníng, að við Íslendíngar stöndum nú undir nýrri stjórn, því fyrst er það, að stjórnin á æ að vera hin sama, og á að hafa það sama augnamið, að gjöra mönnum lög og rètt, og þó einn konúngur deyi, þá á annar strax að halda uppi því sama merki; þar að auki veit eg ekki til, að þó einveldið hafi breytzt í Danmörku, að við Íslendíngar höfum enn játað okkur undir nokkra breytíngu eður ráðgjafastjórn, svo eg verð að ímynda mèr stjórnina enn eins einvalda í Íslands málefnum, eins og þegar stiptunin var gjörð um þann umtalaða kollektu- eður hjálparsjóð, og meðferð hans. Ekki get eg heldur verið samdóma hinum 2. háæruverðuga konúngkjörna þíngmanni í því, að nokkurt ósiðlæti eður óformleg regla sè í því, þó hið sama þíng beiddi stjórnina bæði að gjöra oss rètt, og líka gott, ef við þurfum þess. Mèr þykir það undarlegt, ef hún reiddist því nokkurn hlut.

Eg vil bæta því við, sem mèr gleymdist áðan, að svara því, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skýrði frá, að þá reikníngar sjóðsins hefði verið rannsakaðir, hefði konúngur látið þá meiníngunа ráða, er sjóðnum hefði verið mest í hag. Það var nú eptir þeim konúngi, og ætíð sjálfsagt, að af tvennu illu skal taka það skárra. Það nægir okkur því ekki, að hafi allir þeir reikníngar og meiníngar, sem þar fram komu, verið slæmar eða órèttar, að þá væri lagður á úrskurður, eptir því sem fram kom skást, en þó órètt.

Guðmundur Brandsson: Einginn minnist á eitt atriði í ræðu hins 6. konúngkjörna þíngmanns, það að Kristján konúngur hinn 8., jafnvitur og góður konúngur og hann var, muni hafa gjört eins og hann vissi bezt. Eg þykist nú viss um, að einginn efist um það, en hitt er óvíst, hversu greinilegar ástæður hafa verið lagðar fyrir

hann, en honum hefir líklega ekki verið málið kunnugt, eins og það er; hann hefir trúað stjórnarráðum sínum; því sá, sem er góður sjálfur, trúir öðrum, en annað er undirbúningur málsins, og það er það, sem talað er um. Menn segja, að þetta sè þrábeiðni; en hver veit, nema þetta sè hyggindabragð af stjórninni, að draga málið til að sjá, hvort þjóðin hefir svo mikinn áhuga á því, sem hún lætur; þetta sèst opt í öðrum löndum t. a. m. Einglandi, þar sem sömu málin eru opt ítrekuð ár eptir ár og þing eptir þing; allir vita, hvað tregt gekk að af nema kornlögin þar, en þó gekk það um síðir eins og margt fleira, sem Einglendíngar hafa haft fram með tímaleingdinni. Ef oss væri nú hugur horfinn á málinu, þá hefði ekki verið til neins fyrir stjórnina að vera að veita oss það, sem um höfum beðið, og því fremur eigum vèr að sýna, að oss sè ekki hugur horfinn á því. Stjórnin mun víst vilja sýna oss og öllum heimi, að hún sè góð og rèttlát stjórn, að minnsta kosti mun hún vilja láta stórveldin í Norðurálfunni álíta að svo sè, þegar hún er að biðja þau að líta á rèttindi sín.

Magnús Andrèsson: 3 af hinum konúngkjörnu þíngmönnum hafa nú mælt á móti nefnd og að málið sè tekið fyrir, en eg hefi fundið það á ræðum þeirra allra, að þeir finna með sjálfum sèr, að eitthvað er áfátt við meðferð sjóðsins; en vèr niðrum stjórninni ekkert, þó vèr ætlum henni að líta á mál manna eins og menn almennt biðja guð um, sem er rèttlátur og miskunsamur; hún mundi því ekki reiðast eða álíta vèr vildum særa sig, þó vèr biðjum um rètt vorn, ef ekki er rètt með farið, og þó vèr ætlum að biðja hana að líta á vanhag vorn, er það ekki sennileg ástæða fyrir því, að það sè óhyggilegt að fara þessu fram, það getur því ekki breytt meiníngu minni, eins og eg hefi fyr sagt.

Þórður Jónassen: Það er ekki rètt, eins og hinn heiðraði fulltrúi Gullbríngusýslu gjörði, að geta þess til, að þeir menn, sem lögðu málið fyrir konúnginn til hans allramildasta úrskurðar, hafi dulið hann nokkurs þess, sem gat haft veruleg áhrif á úrlsit málsins, eins og það á hinn bóginn liggur í augum uppi, að svo vitur konúngur og mildur, sem Kristján konúngur áttundi var og reyndist þessu landi, ekki mundi hafa ráðið málinu til lykta með úrskurði sínum, ef hann hefði ekki álitið málið nægilega til þess undirbúið, og því get eg ekki álitið slíkar getgátur annað en óviðurkvæmilegar.

Arnljótur Ólafsson: Eg þóttist þegar sjá það fyrir, að nefnd mundi verða kosin í mál þetta, og ætlaði mèr því ekki að tala neitt

í þetta sinn, en af því bæði hinn 1. og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður fóru því fram, að það væri eins og menn gæti sèr þess til, að stjórnarráðið hefði dulið Kristján konúng 8. nokkurs, og að hann hafi ráðið því til lykta landi voru í óhag, þá verð eg að svara þeim með fám orðum. Það skal vera lángt frá mèr að draga nokkurn efa á, að Kristján hinn 8. hafi verið Íslandi hinn bezti konúngur og mikill vin híngað til lands, en hitt er annað, að hann var þó maður og gat því yfir sèzt eins og öðrum, og því ekki ætíð hitt hið rèttasta í svip, svo að hann kynni eigi undir öðrum kríngumstæðum að hafa sèð annað rèttara. Hèr er um það að gjöra: er tilgángi sjóðsins fullnægt eða er fènu varið eptir tilgánginum? og sèst það bezt, þegar borið er saman, til hvers fèð er haft og hver tilgángur sjóðsins var. Menn hljóta því að fara leingra í þessu máli, en að skjóta sèr undir góðan vilja konúngs þess, er á lagði úrskurðinn; menn hljóta að gæta að því, hvort fènu hafi verið varið samkvæmt tilgángi sjóðsins, og komi þá allt heim við úrskurðinn, þá kvartar einginn framar, en ef munar, þá er auðsætt, að tilgángi sjóðsins hefir eigi verið fylgt, og er það eingin efasemi um rèttlæti konúngs, þótt vèr viljum sjá, hvort þessu fè voru hafi verið varið rètt eptir tilætlun gjafaranna, fyrst reikníngunum var ráðið til lykta, án þess vèr værim að spurðir, þótt vèr værim annar málsaðili. Eg vildi einúngis taka þetta fram, svo það liti eigi svo út, að eg grunaði Kristján konúng 8. um gæzku, eða hefði illt álit á stjórn hans, er eg gef atkvæði mitt með nefnd í málinu.

Stefán Jónsson: Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði á þá leið, að fyrst mótmælum ekki hefði strax verið hreift, hefði menn tapað rètti sínum, og nú væri síður að vænta rèttar. Kristján 8. ríkti ekki leingi, eptir að reikníngarnir voru birtir, svo ekki var leingi kostur á að leita hans, en eg get ekki skilið, að rèttinum sè tapað enn fyrir það, því það vita menn, að það leið ekki á laungu, þángað til farið var að hreifa þessu máli í hina sömu stefnu.

Forseti: Eg álít þá inngángsumræðu þessari lokið. En áður en eg bið þíngmenn gánga til atkvæða, verð eg að svara því fáeinum orðum, er hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur sveigði að mèr áðan í tölu sinni, að eg hefði ekki gætt skyldu minnar, þegar einn af þíngmönnum nefnilega þíngmaður Rángvellínga, hefði farið óviðurkvæmilegum orðum í ræðu sinni til hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns; en eg skildi þíngmann þann, sem þetta var beint að, svo, að hann einúngis tæki upp kafla eða meiníngunа úr ræðu hins

fyrsta konúngkjörna þíngmanns, og sagði hann svo, þíngmaður Ráng-vellínga, „að hann áliti *þetta* talað á móti sannfæríngu sjálfs sín“; hèr var því að eins sagt þetta, að uppástúngumaðurinn áliti þessa vera meiníngu orðanna, er hann tók upp, og að svona væri *sinn* skilníngur á þeim kafla ræðunnar; þetta, að skýra svona frá *sínu* áliti eða skilníngi á ræðu annars þíngmanns, álít eg í alla staði leyfilegt. Að vísu heimilar 60. gr. alþ.tilsk. hverjum þíngmanni að *benda forseta,* ef út af góðri þíngreglu þykir brugðið, en eingi þíng-maður á með að setja ofan í við annan þíngmann fyrir þessleiðis yfirsjónir, og setja sig þar með í *forseta* stað; þíngmaður Reykvík-ínga kvaðst „ekki vilja heyra eða geta heyrt“ þessleiðis ræður, er hann bar þíngmanni Ráng vellínga á brýn; getur verið, að kennari geti farið þeim orðum við skólapilta sína, en eingi þíngmaður á með að beita svo felldum óviðurkvæmilegum ofanígjafarorðum við annan, og sízt við *forseta,* svo hafi nokkur hallað hèr góðri þíngreglu í dag, þá verð eg að álíta, að þíngmanni Reykvíkínga hafi orðið það, en ekki öðrum.

Eg skal þá biðja menn að gánga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa í mál þetta.

Var þá geingið til atkvæða og nefnd samþykkt með 18 at-kvæðum móti 5. En þar eð stíngið var upp á bæði 3 og 5 manna nefnd, var leitað atkvæða um, hvort heldur skyldi vera, og var 3 manna nefnd samþykkt með 18 atkvæðum, og voru þessir kosnir:

Páll Sigurðsson . . með 20 atkvæðum,
Arnljótur Ólafsson . — 13 —
Sveinn Skúlason . — 8 —

Voru síðan skjöl málsins afhent þeim, er flest hlaut atkvæði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni koma þar næst til umræðu 2 *umkvartanir* til alþíngis, úr Húnavatnssýslu og Árnessýslu, *yfir því, að kosníngar til alþíngis hafi farið þar aflaga,* og er sú yfirgrips-meiri, sem er úr Húnavatnssýslu, og mun eg láta afhenda hana flutníngsmanni hennar, hinum heiðraða þíngmanni Reykvíkínga.

Var umkvörtunin síðan afhent þíngmanninum, og las hann hana upp með leyfi þíngsins, svo látandi:

„Eptir að kjörstjórnin í Húnavatnssýslu dag 17. sept. f. á. hafði samið og síðan látið prenta kjörskrána fyrir tèða sýslu yfir þá menn, er hafa kosníngarrètt og kjörgeingi til alþíngis, sendi kjörstjórinn, kammerráð Arnesen, hana viðkomandi prestum, til þess hún yrði

fram lögð og birt á kirkjufundum, eptir tilskipun 8. marz 1843, 20. gr.; en hún varð samt ekki birt, að minnsta kosti á einum kirkjustað, fyr en um seinan, samkvæmt tèðum lagastað, með því þar gat ei orðið af kirkjufundum um hávetur vegna illviðra, eptir að kjörskráin kom til prestsins; og á öðrum stað hefir hún ei vitanlega verið fram lögð, svo að allmargir af kjósendum hafa þannig ekki einu sinni feingið að vita um hana. Jafnframt boðaði og kjörstjórinn með áritun sinni á kjörskrána, er hann sendi hana prestunum til birtíngar, að kjörþíngið yrði haldið 15. apríl næstl.; en um það leyti voru svo mikil illviðri og ófærð, að hvorki kjörstjórinn nè kjósendur treystust til að mæta á kjörþíngisstaðnum, og skaut því kjörstjórnin kjörþínginu á frest, án þess menn þó feingi að vita eða að það væri auglýst, í hið minnsta í 5 vesturhreppum sýslunnar, nær kjörþíngið þá skyldi haldast; leið svo og beið, að menn í öllum vesturhluta sýslunnar voru ekkert látnir vita hèr um, fyr en eptir að allar kosníngar voru af geingnar, er menn frèttu, að kjörþíngið hefði verið haldið 16. maí, er næst leið, og að Ólafur dannebrogsmaður á Sveinsstöðum hefði verið kosinn sem alþíngismaður fyrir sýsluna, en Jón bóndi Pálmason á Sólheimum sem varaþíngmaður; enda sótti enginn kjósandi vestan yfir Víðidalsá kjörþíngið, þar eð mönnum þar var ókunnur kjörþíngisdagurinn, svo að meir en 4 hreppar sýslunnar voru þannig að öllu leyti útilokaðir frá að taka nokkurn þátt í kosníngunum.

Vèr undirskrifaðir kjósendur í vesturhluta Húnavatnssýslu getum nú eigi betur sèð, en að rètti vorum sè harðlega misboðið með áðurgreindri aðferð kjörstjórnarinnar hèr í sýslu, er vèr sökum hennar höfum verið útilokaðir frá að neyta kosníngarrèttar vors, sem oss er heimilaður með lögum, eins og vèr og verðum að álíta, að þíngmannakosníngar þær, sem hèr hafa fram farið og áður er frá skýrt, sè öldúngis ólögmætar, þar sem þær eru að eins verk kjörstjórnarinnar, og fárra annara af kjósendum, er kjörstjórinn hefir lofað að vita um kjörþíngisdaginn, sem honum síðar þóknaðist að ákveða, en fjöldi kjósenda verið útilokaður frá að taka þátt í kosníngunum, með því kjörþíngisdagurinn ekki var auglýstur á lögboðinn hátt; því úr því ekki gat orðið af kjörþínginu hinn upphaflega ákveðna dag, og því var skotið á frest, virðist oss það hafa verið sjálfsögð skylda kjörstjórans að auglýsa hinn síðar ákveðna kjörþíngisdag beint eptir 24. gr. alþíngistilskipunarinnar.

Vèr finnum oss því knúða til, að bera oss upp fyrir hinu heiðr-

aða alþíngi, er haldast á í sumar, og biðja það að taka máleſni þetta til yfirvegunar, og rètta hluta vorn með því að gjöra ógildar þær að voru áliti ólögmætu alþíngismanna kosníngar, er hèr í sýslu fram fóru 16. maí næstl., en nýtt kjörþíngi verði haldið, sem ásamt kjörskránni verði fyrir fram auglýst á lögboðinn hátt, svo oss gefist færi að neyta kosníngarrèttar vors, sem lögin hafa heimilað oss.

Þorkelshóls- Þverár- og Kirkjuhvammshreppum í Húnavatnssýslu, í júnímánuði 1859.

(31 nafn).

Þessa umkvörtun Húnvetníinga yfir kosníngaraðferðinni á fulltrúa sínum leyfi eg mèr að bera upp fyrir hið heiðraða alþíngi, og skora á það, að taka hana til íhugunar og löglegrar meðferðar.

Reykjavík, 12. dag júlímán. 1859.

H. Kr. Friðriksson“.

H. Kr. Friðriksson: Eg verð að geta þess, að þessi umkvörtun hefir ekki getað komið fyr, vegna þess, að eg fèkk hana fyrst á föstudagskveldið sem var. Umkvartendur ætluðust reyndar til, að hún yrði komin hingað, áður en alþíngi yrði sett, en það fórst fyrir sökum óhöndugleika þess manns, er sendur var með hana; hann komst í einhverjar ógaungur á leiðinni og snèri aptur. Það kann að vera, að mönnum þyki hún koma of seint, en mèr sýnist samt, að alþíngi eigi að taka hana til greina, þar lögmæt forföll hafa hindrað það, að hún kæmi nógu snemma; því mèr finnst það ekki að eins vera skylda alþíngis að sjá um, að landinu sè gefin góð og hentug lög, heldur einnig, að lögunum sè reglulega hlýtt, og ef það er skylda þess um öll lög yfir höfuð, þá er það einkum skylda þess, að sjá um, að kosníngarlögunum til alþíngis sè hlýtt, þeim lögum, sem það sjálft á að skera úr hvort hlýtt sè; og verð eg því að álíta, að það sè skylda alþíngis að taka þessa umkvörtun til álita að einhverju leyti. Lagabrot sýnist mèr hèr vera gjört, því þegar mikill hluti einhverrar sýslu eigi fær að vita kosníngardaginn, þá er það ekki samkvæmt lögunum, og finnst mèr það gild ástæða til, að kosníngin verði ónýtt. Mèr virðast vera tveir vegir, annaðhvort, að þíngið ónýti kosníngunа nú þegar á þessum fundi, eða þá, að það setji nefnd til þess að íhuga málið, og leita frekari skýríngа á málinu, og stínga síðan upp á, hvernig með málið skuli fara. Eg verð að telja kosníngunа ógilda, því að eptir 24. § í alþíngistilsk. á kosníngardagurinn að birtast 14 dögum

áður; en hèr er einmitt kvartað yfir, að það hafi eigi verið gjört, að minnsta kosti í nokkrum hluta sýslunnar.

Guðmundur Brandsson: Það er merkilegt, að menn skuli nú koma með mótmæli gegn kosníngum þíngmanna; mèr þykir það vera nokkuð seint, þar sem í 47. § alþíngistilskipunarinnar stendur, að slík mótmæli eigi að koma strax og alþíngi er sett, og að úr því megi einginn ákæra gildugleika kosníganna, og sýnist mèr því menn ekki geta tekið tillit til þessarar umkvörtunar; annars þykir mèr umkvörtun þessi því merkilegri, sem sá, sem kosinn er, einmitt er sá maður, sem allir, er til þekktu, og bæði Þjóðólfur og Norðri höfðu bent á, svo sem líklegastan til þíngmanns fyrir Húnavatnssýslu, og sem áður af miklum þorra Húnvetníngа hafði verið beðinn að taka móti kosníngu. Það var annars bágt fyrir þá, sem kvarta yfir kosníngunni, að ekki var sendur nógu öflugur maður með umkvörtun þessa. Þíngmaðurinn úr sýslunni og fleiri aðrir komu í tækan tíma, og hefði það víst líka getað tekizt duglegum manni, því vegurinn er hinn sami.

Ólafur Jónsson: Þessi laungetni aumíngi, bænarskráin sú arna, hefir þó því láni að fagna, að hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga hefir tekið hana að sèr, til að reyna að halda í henni lífinu. Eg get nú ekki að því gjört, að mèr finnst hún vera ótímabær burður, þar sem hún nú fyrst kemur til umræðu á þínginu; eg get ekki betur sèð, en hún hefði átt að koma til umtals, strax sem alþíngi var sett í ár, því þá átti að dæma um, hvort þær kosníngar, sem fram höfðu farið, voru gildar eður ekki. Eg kenni samt fóstranum eingan veginn um þetta, því mèr þykir líkast til, að bænarskráin hafi ekki verið eins vel ríðandi suður yfir fjallið, eins og við hinir Norðlíngarnir vorum, og hafi henni því legið við að kafna í aurnum, því færðin var slæm. Sjálfs míns vegna gæti eg nú látið hjá líða að fara nokkrum orðum um bænarskrána, en af því hún auðsjáanlega miðar til þess, að sverta kjörstjórnina í Húnavatnssýslu, og sèr í lagi þann manninn, sem ekki getur nú leingur borið hönd fyrir höfuð sèr, þá finn eg það skyldu mína, að skýra þessu heiðraða þíngi frá því, sem mèr er kunnugt um aðgjörðir kjörstjórnarinnar í Húnavatnssýslu.

Þess er þá fyrst að geta, að snemma í fyrra vor, eg held töluvert laungu áður en Þjóðólfur kom norður og spurði: „Hver á að byrja?“ skrifaði kammerráð Arnesen prestum sýslunnar, og bað þá ásamt hreppstjórunum að semja sem fyrst lista yfir þá alla í sóknunni, sem kosníngarrètt höfðu, og kjörgeingir voru, og senda sèr inn-

an þess tíma sem hann þá til tók. Þegar kom fram á sumarið, talaði kjörstjórinn um það við mig, að hann ekki vissi, hvernig hann ætti að snúa sèr með kjörþingið, sig vantaði enn listana frá tveimur prestunum, og gæti hann því ekki samið aðalkjörskrána, svo hann sæi ekki, að kjörþingið yrði haldið í septembermánuði, svo framt kjörskráin ætti að liggja þann lögboðna tíma á hverjum kirkjustað. Hann gjörði því ráð fyrir að skrifa amtmanni um þetta, en gat þess jafnframt, að hann áliti hentugra fyrir kjósendurna, að fresta kjörþinginu til þess seint á útmánuðum, svo framt það ekki yrði haldið í september, heldur en að halda það annaðhvort mjög seint að haustinu, ellegar um hávetrartímann. Eg vissi svo ekki, hvað leið, fyrri en kjörskrárnar komu prentaðar, sem eg man ekki um hvert leyti var, en eptir því sem bænarskráin skýrir frá, hefir það verið í septembermánuði. Hafði kjörstjóri ritað á kjörskrárnar, og dagsett kjörþingið, mig minnir 16. apríl.

Þegar langt var liðið á veturinn, skrifaði einn Húnvetníngur kjörstjóra umkvörtun yfir því, að nafn sitt stæði ekki meðal kjósanda og kjörgeingra á kjörskránni, óskaði hann því, að kjörstjórnin tæki þessa sína umkvörtun til greina, og felldi úrskurð í málinu; en þó að þessi maður hefði nokkra lagaþekkíngu, þá hafði hann ekki lesið sem bezt alþíngistilskipunina, eða munað eptir henni, því umkvörtun þessi kom ekki fyrri en laungum tíma eptir að sá tími var út runninn, sem tilskipunin til tekur. Kjörstjórnin í svari sínu benti honum á þetta, og kvaðst því ekki geta fellt reglulegan úrskurð í málinu, þar tíminn, sem eptir var til kjörþíngsins, var orðinn of naumur til þess, en að mannúð sinni gjörði samt kjörstjórnin manninum grein fyrir skoðun sinni a málinu, og hvers vegna hann eptir lögunum hefði hvorki kosníngarrètt eða kjörgeingi eptir hennar skoðun. Þegar svona er nú ástatt, vona eg þínginu skiljist, að það er ekki svo ónáttúrlegt, þó þessi maður, sem nú hefir feingið bæði kosníngarrètt og kjörgeingi, vilji, að sú kosníng, sem fram fór í Húnavatnssýslu næstliðið vor, verði sem fyrst ónýtt, því þá getur skeð, að hann næði sæti á alþíngi.

Að eg snúi mèr nú aptur til kjörstjórnarinnar, vil eg geta þess, að í byrjun aprílmánaðar skrifaði kjörstjóri aðstoðarmönnum sínum brèf, og ráðgaðist um við þá, hvort ekki mundi rèttast að fresta kjörþinginu þángað til í miðjum maímánuði, því hann óttaðist fyrir, að fáir mundu sækja kjörþingið þann tiltekna dag, vegna illviðra og snjóþýngsla, sem þá voru; þeir fèllust strax á breytínguna, hvers

vegna hann strax skrifaði hreppstjórunum, að þínginu væri frestað til 16. maí; brèf þetta fèkk eg fyrir miðjan aprílmánuð. Eptir þessari ráðstöfun fram fór nú kosníngin 16. maí, og mættu á kjörþínginu kjósendur úr 8 hreppum sýslunnar. Þar á móti mætti einginn vestan yfir Víðidalsá, því þá voru komnir vatnavextir, og var hún hvorki fær á ís nè á þíðu, og ekki heldur orðin ferjutæk. Nú vil eg spyrja hina heiðruðu þíngmenn, hvort þeir finna í þessu nokkra forsómun af hendi kjörstjórnarinnar; sjá ekki allir miklu fremur, að hún hefir gjört sèr allt far um, að kjörþíngið gæti orðið sem fjölsóttast? Eg vil enn fremur spyrja: hafði kjörstjórnin nokkurn rètt til að fresta kjörþínginu þann dag, sem það fram fór, þó einginn væri mættur vestan yfir Víðidalsá, vegna þess hún var þá ófær, þar sem milli 40 og 50 kjósendur úr 8 hreppum sýslunnar voru mættir á kjörþínginu? Að vísu er það nú borið fyrir, að breytíngin á deginum hafi ekki verið auglýst í vesturhluta sýslunnar, en eg vil spyrja: er nokkur ástæða til að ímynda sèr, að þar sem kjörþíngið var auglýst í 8 hreppum, að það þá ekki einnig hafi verið auglýst í hinum fjórum; eða hvers vegna kom einginn maður á kjörþíngið þann tiltekna fyrra dag? Þar til hlýtur að hafa verið sú orsök, annaðhvort, að þeir ekki skeyttu um að nota kosníngarrètt sinn, eður að þeir hafa vitað af breytíngunni, og hafi þeir vitað af því, að kjörþínginu var frestað, hafa þeir einnig vitað af því, til hvers dags því var frestað, því sá dagur var til tekinn, strax sem breytíngin var gjörð.

Nú ætla eg að leyfa mèr að tala nokkur orð um bænarskrána og nöfnin undir henni, og eru þau að tölu 31. Eg hefi nú rennt auga yfir þessi nöfn, og sè eg þar eingan prest; þar á móti sè eg þar nöfn tveggja hreppstjóra, þó þeir hafi skrifað sig bændur; þeir eru: hreppstjórinn í Kirkjuhvammshrepp og hreppstjórinn í Þverárhrepp, Snorri Jónsson á Klömbur; hann stendur neðstur á blaði, og lítur því svo út, að honum hafi verið nauðgað þar inn að gánga, og furðar mig það ekkert, þó hann hefði ekki verið viljugur að skrifa undir þessa bænarskrá, því eg get sannað það, að hann kom heim til mín að Sveinsstöðum hèr um bil mánuði áður en kjörþíngið var haldið, eg las þá hjá mèr með eigin augum brèfið, sem eg þá var búinn að fá frá kjörstjóra, um að kjörþínginu væri frestað til 16. maí; og hvernig gat hann þá með góðri samvizku skrifað undir þessa bænarskrá, eins og hún er löguð.

Eg vil enn fremur geta þess, að áður en eg fór að heiman, meðtók eg 2 brèf, annað frá innbúum Torfustaða- og Staðarhreppa

og hitt frá Vatnsnesíngum; í þessum brèfum skora þeir á mig, „sem alþíngismann sinn“, að fram fylgja þeirri stefnu í fjárkláðamálinu hèr á þíngi, sem þeim sè hollust; eg ætla ekki neitt að fara út í innihald þessara brèfa, því það á hèr ekki við, en þau sýna einmitt, að hjá þessum mönnum, sem skrifuðu þau, ríkir eingin óánægja yfir kosníngaraðferðinni; eru undir þessum brèfum fram undir 80 nöfn, og voru bæði brèfin afhent hinum heiðraða *forseta* strax í byrjun þíngsins. Að svo mæltu ætla eg ekki að leingja þíngræðurnar meira, því eg vona, að þíngmenn sjái, að eingin forsómun hefir átt sèr stað hjá kjörstjórninni í Húnavatnssýslu, heldur hefir hún gjört sèr allt mögulegt far um, að kjörþíngið yrði sem fjölsóttast.

Magnús Andrèsson: Áður en eg heyrði þessa ræðu, kom mèr hið sama til hugar og þíngmanninum úr Gullbríngusýslu, að þetta mál væri of seint borið upp, og furðar mig því heldur, að umkvörtun skuli koma yfir kosníngunni, sem einmitt sá maður er kosinn, sem nafngreindur var til kosníngarinnar svo sem sá, er kjósast ætti, og sá maður, sem sveitúngar mínir hafa talið svo sem hinn líklegasta alþíngismann í Húnavatnssýslu. Þess vegna vil eg ekki sinna þessari umkvörtun að neinu, og það því heldur, sem einginn á þessu þíngi mun hafa nokkuð á móti þessum þíngmanni, en af því *forseti* gat þess, að einnig væri komin klögun úr Árnessýslu, þá vil eg leyfa mèr að spyrja, hvernig henni er háttað og hvort nokkur er flutníngsmaður hennar.

Forseti: Umkvörtun þessi var send mèr brèflaust rètt áður en þíngið byrjaði, en af því eg skildi umkvörtunina einúngis á þá leið, að alþíngi væri beðið um að sjá til, að kosníngar færi betur fram og löglegar hèr eptir, heldur en híngað til, þá vil eg vekja athygli þíngsins að því, að hinn heiðraði flutníngsmaður fór ekki að eins því fram, að kosníng þíngmannsins yrði ónýtt, heldur hreifði hann jafnframt í ræðu sinni hinu, að þíngið sæi svo um, að kosníngar fari löglegar fram hèr eptir en híngað til, og vil eg biðja þíngmenn að athuga og gæta þess í ræðum sínum, að hinn heiðraði uppástúngumaður hefir beinlínis hreift þessum 2 aðalatriðum, og að þau verða bæði látin ganga til atkvæða í dag, ef ekki yrði sett nefnd í málið.

Magnús Andrèsson: Eg vil ekki neita því, að mèr sýnist full þörf á lögum í þessu efni, eptir því sem síðustu kosníngar fóru fram, sem ekki munu alstaðar hafa verið samkvæmar lögunum; en viðvíkjandi umkvörtuninni úr Árnessýslu, þá held eg, að þar hafi verið minni misbrestir á því, að kjörstjórinn fylgdi lögskipaðri

reglu, en víða annarstaðar. Kjörstjórinn sendi kjörskrárnar 6 vikum fyrir kjörþíng í alla hreppa með einum sendimanni, og komu þær á hinum sama tíma í Biskupstúngnahrepp, en ei veit eg, hversu greitt hún hefir geingið um hreppinn sjálfan, en hitt veit eg, að 2 af þeim, sem skrifað hafa undir umkvörtunina, skrifuðu mèr til, eptir að kjörskráin var komin þar í hreppinn, og báðu mig að taka á móti kosníngu til alþíngis; en eg er ekki á móti því, að bót þurfi einkum á því, að kjörþíngi sè birt nógu snemma, og mun þess hafa verið miður gætt víða annarstaðar en í Árnesssýslu.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil ei svara öllu því, sem sagt hefir verið, en eg vil svara þíngmanninum úr Gullbríngusýslu, þar sem hann vitnaði til 47. gr. í alþ.tilsk. um það, að úr því þíngmaður væri álitinn rètt kosinn í byrjun þíngsins, mætti ei hreifa við kosníngu hans framar, þá er það ei rètt, nema svo sè, að eingar nýjar skýríngar komi fram, er hrundið verði kosníngu hans eptir. En þar sem menn furða sig á umkvörtuninni af þeirri ástæðu, að sá maður sè kosinn, sem „Þjóðólfur“ og „Norðri“ höfðu bent til, þá gæta menn ekki að því, að hèr er ekki komin nein umkvörtun yfir þíngmanninum, heldur er umkvörtunin yfir því, að kjósendur skuli ei hafa getað notið rèttar síns að kjósa þenna mann eða einhvern annan; eg hefi ekkert á móti þessum þíngmanni, eg skal ekkert bera á móti því, að hann kunni að vera hvað bezt fallinn til að vera þíngmaður í Húnavatnssýslu, og eg skal eigi styðja að því, að hann verði eigi þíngmaður Húnvetnínga, en eg vil ekki, að hallað sè rètti kjósenda; en yfir því er einmitt kvartað. Þar sem menn segja, að umkvörtunin komi of seint, þá var það illa farið, að þeir, sem sendu hana, skyldu eigi biðja þíngmanninn sjálfan að flytja hana; eða á maður ekki að gefa umkvörtuninni gaum af þeirri ástæðu, að hestar sendimanusins voru ekki eins fljótir og fráir eins og þíngmannsins, eða af því að óliðlega tókst til fyrir sendimanni? Ræða þíngmanns Húnvetníngа hrekur ei það, sem kvartað er yfir, og það er það, að þeir ekki hafi feingið að vita kosníngardaginn á löglegan hátt, því þó Snorri Jónsson hafi sèð brèf um það einhverstaðar, þá er hann ekki skyldur að gánga út um allan hreppinn og segja hverjum manni, að hann hafi sèð brèf þess efnis, úr því hann eingin skeyti hafði um það feingið. Eg verð því að halda fast einkum við þá uppástúngu mína, að nefnd verði sett til þess að íhuga, hvað gjöra skuli. Mig furðar ekki á því, þó þíngmaður Árnesínga sè á móti uppástúngu minni, því hans kosníng mun eigi heldur vera sem bezt eða löglegust,

ef kjörskrárnar eigi hafa legið þar í sýslu sumstaðar leingur en 5 vikur. Ef alþíngi eigi vill gjöra út um þetta mál nú þegar, skora eg á það, að nefnd verði sett, til þess að íhuga bæði umkvörtunina úr Húnavatnssýslu og Árnessýslu.

Stefán Jónsson: Annaðhvort hefi eg tekið skakkt eptir, þegar umkvörtunin var lesin upp, eða þíngmaður Reykvíkínga er ekki á réttu máli. Eg tók svo eptir, að beðið væri um, að ný kosníng mætti fram fara, og ef svo er, þá er það umkvörtun yfir þíngmanninum. Ef þeir ekki væri óánægðir með manninn, mundu þeir ei hafa farið þessum orðum. Eg þekki nokkuð til kosníngarinnar í Húnavatnssýslu, og get skýrt frá því, að þíngmaður sá, sem hèr er kominn þaðan á þíng, hlaut öll atkvæði þeirra, sem komu úr hinum 8. hreppum, nema sitt eigið og annars manns, svo að þó hinir 4 hrepparnir hefði getað sótt kjörþíngið, hefði þeir ei að líkindum getað ráðið kosníngunni, svo að það hefir ekkert gjört til, hvað manninn snertir, þó þeir ekki gæti komið. Hvað hina bænarskrána snertir, þá fer hún fram á það, að alþíngi styðji að því, að alls þess sè gætt við kosníngarnar, sem gæta ber, og er það einnig nauðsynlegt, og þess vert, að það sè tekið til greina.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mèr skildist þessi bænarskrá, sem upp var lesin, rètt þvert á móti því, sem eg vildi hafa þurft að skilja hana, þar svo upplýstur maður, sem þíngmaður Reykvíkínga er, gjörðist uppástúngu- og flutníngsmaður að henni. Mèr virtist hún vera regluleg klögun yfir skeðum hlut, nefnilega ólögmætri aðferð við kosníngarnar í Húnavatnssýslu. Nú veit þíngmaðurinn líklega, að alþíngi hefir ekkert dómsvald, og má ekkert dæma menn, þó þeir kunni að hafa brotið lög; en um kosníngargildi þíngmannsins, sem þaðan er híngað kominn, finnst mèr ekkert umtalsmál, þar eg hygg, að kosníng sú hafi geingið öllum að geði, bæði eptir því sem blöðin hafa á bent, og eg get líka sagt svo mikið, að 2 mjög merkir menn í Norðurlandi skrifuðu mèr brèf í vetur, og sögðu mèr nær kjörþíngisdagurinn ætti að vera og lètu í ljósi gleðilega von þeirrar innilegu óskar sinnar, að þessi sami þíngmaður mundi nú fá og líka gángast undir kosníngu, þó hann hefði áður skorazt undan, eins og hann nú líka á þessu þíngi hefir auglýst sig að vera verðugur þeirrar tiltrúar. En hefði það verið efni bænarskráarinnar, sem eg jafnvel hafði ímyndað mèr, að eptirleiðis yrði betur gætt þeirrar lögboðnu reglu við allar alþíngiskosníngar, þá hefði mèr þótt það umtalsmál, en ef eg hefi rètt tekið eptir, þá heyrði eg það

aldrei koma fram í því, sem upp var lesið. Að sönnu hreifði þingmaðurinn því í lauslegum munnræðum, en slíkt held eg þingið geti ekki tekið til inngángsumræðu eða nefndar á þessum fundi, því mig minnir eptir alþingistilskipuninnar 62. gr. þá eigi hver sá, sem vill koma með nýtt mál, að snúa sèr til *forseta* með skriflegu skjali. Það skyldi því ekki vera, að þessarar bænarskráar hefði verið slæm hin fyrsta gánga, hin önnur að þingmannsins vitni mætti kröggum, og virðist mèr þá bezt, að alþingi láti hana ekki halda leingur áfram, eða taka sèr fleiri gaungur á hendur.

Jón Pètursson: Mèr sýnist það ófært, að kjósa nefnd í þetta mál, því þingmaður Húnvetninga er þegar kosinn í margar nefndir, og þángað til útgjört væri um þetta mál, mundi hann skorast undan að taka þátt í nokkurri nefnd; mèr virðist því, að þingið nú strax eigi að gjöra út um það, án þess að setja niður nefnd. Hvað málefnið sjálft snertir, þá er það álit mitt, að menn ekki megi hrinda neinum af þingi, nema þeir sè fullkomlega sannfærðir um, að hann eigi hafi rètt til þingsetu; sè menn í vafa um, hvort einhverjum beri rèttur til þingsetu, hafa þingmenn eingan rètt til að meina honum hana eður segja, að honum ekki beri rèttur til að sitja á þinginu; að fara í þessu eptir getgátum einum, er með öllu ránglátt. Nú er það eigi komið fram, að þingmaðurinn hafi eigi alla þá hæfileg-leika til þingsetu, er löggjöfin krefur, eða að hann hafi brotið seinna af sèr rètt sinn, eða sè kominn í þvílíkt ástand, er geti meinað honum þingsetuna; svo spurningin er hèr einúngis um, hvort þvílíkir formgallar sè á kosníngunni, að honum verði hrundið sökum þeirra, en fyrir formgöllum kosníngarinnar vantar allar sannanir, því til þess að menn geti verið vissir um, að verulegir formgallar hafi verið á kosníngunni, verða menn að hafa nægar sannanir fyrir því, eður eptir alþingistilsk. 24. grein vitnisburði frá prestunum um ólöglega birtíngu kosníngardagsins; því hèr verður að fara eptir áreiðanlegum vitnisburðum og ekki eptir tómri sögusögn klagenda; hún getur verið sönn, en menn hafa einga vissu fyrir sèr í því, og meðan geta þeir eigi vitað, nema þeir gjörði kjördæminu og þingmanninum órètt, ef þeir færi nú eptir klöguninni. Hvernig hin ókomnu þíng kunna að dæma um löggildi kosníngarinnar, ef það sannast fyrir þeim, að þeir formgallar hafi verið á kosníngunni, sem bænarskráin nefnir, getur þingið nú eigi ráðið við.

Konúngsfulltrúi: Eg skal geta þess, að það er augljóst, að þingið getur ekki á þessum fundi tekið ákvörðun um, að ónýta þá

umræddu kosníngu, fyrir hverju að öðru leyti eingar gildar ástæður virðast fram komnar. Mèr finnst því, að það einasta, sem í þessu máli getur verið spursmál um, sè, hvort þíngið vildi kjósa nefnd til að yfirvega, hvað gjöra mætti, til þess að kosníngar færi framvegis reglulegar fram, t. a. m. að brýnt yrði fyrir kjörstjórunum, að gæta skyldna sinna, og finnst mèr, að það málefni megi vel taka til yfirvegunar fyrir því, þó uppástúnga um það sè ekki með berum orðum tekin fram í bænarskránni frá Hunavatnssýslu, og það því fremur, sem bænarskráin frá Biskupstúngnahrepp, sem stendur á dagskránni í sambandi við þá frá Húnavatnssýslu, fer fram á, að stuðlað sè til, að betri regla komist á eptirleiðis um kosníngar yfir höfuð.

Guðmundur Brandsson: Margt fer öðruvísi en ætlað er. Eg hèlt, að ekki yrði lángar umræður um málefni þetta, en sú von hefir mèr algjörlega brugðizt; eg held einnig, að ekki yrði mikið borið á móti því, að hèr ætti við 47. gr. í alþíngistilsk., en þó hefir flutníngsmaður kvörtunar þessarar ekki viljað við það kannast. Það er einmitt beðið um það, að kosníng þíngmannsins úr Húnavatnssýslu sè ónýtt, en úr því líður fyrsti fundurinn og kosníng þíngmanna á honum er álitin lögleg, má ei framar mótmæla lögmæti kosníganna, annars lítur nú svo út, sem Húnvetníngar hafi fyrst farið að kvarta yfir kosníngunum hjá sèr, eptir að kjörstjórinn þar var dauður, og mætti merkilegt heita, ef svo væri. Nú er líka komin önnur umkvörtun úr Biskupstúngunum, og virðist mèr ekki þurfa nefnd, til þess að hugleiða það, sem hún fer fram á, því til hvers er að biðja um lög um það, sem skýr lög eru um. Alþíngistilskipunin segir, að prestar og hreppstjórar eigi að semja í júnímánuði nafnaskrár yfir þá, sem hafa kosníngarrètt og kjörgeingi, og að kjörfund eigi að halda í september; eg held, að þetta sè nógu skýrt, og bæði prestum og hreppstjórum ætti að vera þetta fullkunnugt, þar sem alþíngistilskipunin á að liggja hjá sèrhverjum þessara. En ef nokkuð ætti að gjöra, ætti að minna amtmenn á að herða á sýslumönnunum með að hraða kjörþíngunum, því alþíngi hefir nú nóg að gjöra, þó ekki sè sett nefnd í þetta mál. Ræður þær, sem hèr hafa verið haldnar um þetta, og ef eitthvað kemur um það í blöðunum, er einnig nóg hvöt fyrir menn framvegis til þess að gæta þess, að kosníngar sè löglegar og gángi greiðlegar hèr eptir en híngað til. En eg vil ekki, að menn taki þetta mál frekar fyrir núna og orsaki þar með, að önnur meir áríðandi mál verði þess vegna útibyrgð.

Ólafur Jónsson: Eg vil, að gjört sè út um þetta mál í dag, því mèr sýnist það ekki geta komið til nefndar. Umkvörtunin biður einúngis um, að ónýta kosníngúna, en ekki um, að þíngið sjái um, að eingin óregla verði framvegis gjörð við kosníngarnar; þess vegna verður þar um að koma ný skrifleg uppástúnga.

Jón Hjaltalín: Eg held, að það verði bágt að fyrirbyggja það, að missmíði geti komið á kosníngar, eptir því sem til hagar á Íslandi; og finnst mèr því það eiga við hèr, sem prestarnir segja við hjónalýsíngar, að bezt sè að tala í tíma eða þegja síðan; auk þess er nóg komið af nefndum, og þó nú yrði búin til ný regla fyrir kosníngunum, ætli þá þeir, sem ekki vildi trúa Móses og spámönnunum, muni trúa, þó einhver framliðinn upp rísi, eða hlýða betur, þó nýtt lagaboð rísi nú upp.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil svara þíngmanni Eyfirðínga fáum orðum. Það getur verið, að hann sè ánægður, þótt rètti hans sè hallað, ef að eins það yrði ofan á, sem hann óskar. Þótt þeir, sem kvarta, óskuðu þessa manns fyrir þíngmann sinn, þá hafa þeir samt fulla ástæðu fyrir það, að kvarta yfir því, að þeir gátu ekki gefið honum atkvæði sitt, og er rèttur þeirra brotinn með því, að þeim gafst eigi færi á að koma á fundinn. Það getur meir en verið satt, að atkvæði þeirra hefði ekki ráðið kosníngunni, en það er samt brot á rètti þeirra, að ekki kemur til þeirra lögleg köllun til fundarins; það getur og verið, að þessir menn hefði kosið þann mann, sem nú er fulltrúi þeirra; það getur líka verið, að sumir þeirra hefði kosið hann, og sumir ekki, og það þykir mèr líklegast. Þíngmaður Mýramanna sagði, að það þyrfti skriflega uppástúngu um það, að ráðin væri bót á kosníngum framvegis, en þessi uppástúnga er komin í umkvörtuninni frá Árnessýslu, og eg hefi líka fullkominn rètt til að stínga upp á því, hvernig með málið skuli fara, og það hefi eg þegar gjört. Þar sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að umkvörtunin kæmi of seint, þar hún kæmi eptir byrjun þíngs, og bar fyrir sig 47. gr. í alþ.tilsk., þá er þetta hægt að hrekja, því alþíngistilsk. talar hvergi um, að fresta megi kjörþíngisdeginum, og eptir því ætti þessi kosníng að vera ógild; það er með öðrum orðum, að það er einúngis gjört ráð fyrir því í alþíngistilskipuninni, að allt fari reglulega fram, en eigi því, að umkvartanir muni koma svona seint, heldur gjöra menn ráð fyrir, að þær muni koma í byrjun þíngs; en þegar þær koma síðar, þá er sjálfsagt, að þíngið ræður, hvað gjöra skuli. En þar sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu

sagði, að umkvörtun þessari muni ekki hafa verið hreift fyrri en eptir dauða kjörstjórans, þá er það getgáta, sem ekki kemur málinu við, því ef kosníngin er ólögleg, stendur á sama, hvort umkvörtuninni er hreift, meðan hann er lífs, eða eptir hann látinn; og held eg, að Húnvetníngar sè svo einarðir menn, að þeir mundu eins hafa kvartað, þótt hann hefði lifað. Ef kosníngin er raung, stendur því á sama, hvort kjörstjórinn er lífs eða liðinn. Þar sem menn segja, að engin uppástúnga sè komin fram um, að lagfæríng á kosníngunum komist á fremvegis, þá er hèr komin önnur umkvörtun yfir kosníngunum í Árnessýslu, sem geingur í þá áttina, og þó eg hafi ekki verið beðinn að vera flutníngsmaður hennar, gjöri eg nú þá uppástúngu að minni uppástúngu líka. Eg vil, að alþíngi setji nefnd til þess að íhuga báðar uppástúngurnar, en nefndin getur tekið aðalatriðið úr þessari bænarskrá eður hinni eður báðum, og borið svo álit sitt upp fyrir þíngið, sem þá ræður, hvað gjöra skuli; eg vil, að alþíngi setji nefnd í þetta mál, svo að það sýni, að því sè annt um, að því sè fylgt, sem lögin fyrirskipa, því það er eigi nóg, að alþíngi gæti þess, að þau lög, sem gefin eru, sè skýr, heldur verður það að styðja að því, að lögunum sè hlýtt, og það er eigi nóg að segja, að lögin sè til, ef þau eru brotin; það er ekki t. a. m. nóg, að helgidagatilskipunin sè til, ef hreppstjórinn á Ströndinni eptir sem áður ræ r út í net sín á sunnudögum, og ef einhver skyldi kvarta um slíkt, þá er eigi nóg að segja, hreppstjórinn hefir lögin, og veit, hvað er leyfilegt; það er eigi nóg, segi eg, ef hann eigi fer eptir lögunum. Það er því ei nóg, að lögin sè, ef þeim eigi er fylgt.

Guðmundur Brandsson: Þíngmaður Reykvíkínga misskilur alþíngistilskipunina, sem segir í 8. gr., að kosníng skuli gilda í 6 ár; hvernig verður þá sú kosníng ónýtt á því tímabili, sem þíngið eitt sinn hefir álitið gilda? og þar sem þíngmaður Reykvíkínga álítur kosníngunа ógilda, nema hún fari fram í september, þá misskilur hann þar einnig sömu tilskipun; hún segir einúngis, að kosníngar skuli fara fram í september, ef mögulegt sè, en sè það nú ekki mögulegt, þá ákveður hún eingan vissan tíma til þess, eg held þess vegna, að þar sem kosníngu ekki varð af lokið í september, þá hafi kjörstjórar haft fullan rètt á, að láta þær fram fara á hverjum þeim tíma, sem þeir álíta þar til hentugastan. Hitt annað, er þíngmaðurinn sagði, ætla eg að láta falla niður, því það kemur ekkert málinu við.

Ásgeir Einarsson: Mèr þykja umræðurnar um þetta mál vera

orðnar nógu lángar, og helzt til of lángar; en eg vil að eins spyrja að því, hvað ætlunarverk nefndarinnar á að vera, hvort það á heldur að vera það, að klaga sýslumennina og biðja stjórnina að gefa þeim ofanígjöf, eða að klaga náttúruna, er bannaði mönnum að sækja á kjörþíngið, eða þá að gjöra ógilda kosníngu þíngmannsins úr Húnavatnssýslu.

Jón Pètursson: Hvað snertir umkvörtunina úr Biskupstúngum, þá sýnist mèr einmitt, eptir því sem þar er frá sagt, allt hafa geingið þar til á lögskipaðan hátt. Kjörskrárnar komu til hreppstjóranna 26. sept. sjálfsagt fullbúnar eður decíderaðar, og voru af þeim auglýstar 4. októher; síðan var kjörþíngi haldið 2. nóvember 4 vikum eptir auglýsíngu kjörskránna, svo að eptir þessu hafa þær legið úti fyrir almenníngssjónum auk þeirra fyrstu 14 daga, sem menn hafa til að kvarta yfir þeim, sè þær í einhverju ráugar, hinar lögskipuðu 4 vikur, því það er ómögulegt fyrir kjörstjórann að ákveða kosníngardaginn, þegar hann sendir kjörskrárnar fyrst frá sèr, eður fyrri en hann sendir þær aptur út, með þeim breytíngum, sem kjörstjórnin hefir gjört við þær vegna umkvartananna. Annars hefði þessi umkvörtun átt að sendast til amtsins, eins og niðurlag hennar ber með sèr.

Stefán Jónsson: Þíngmanni Reykvíkínga skjátlar núna, eins og optar, er hann sagði, að mèr stæði á sama, hvort menn njóta rèttar síns eður ei, því eg mælti fram með því, að atriðin í bænarskránni frá Árnessýslu væri tekin til greina, en ekki bænarskráin úr Húnavatnssýslu, sem fer fram á, að kosníng þíngmannsins þaðan væri ónýtt.

Forseti: Þó nokkrir hafi beðið um orðið, verður nú að fresta umræðunum að sinni um þetta mál, þar eg hefi feingið beiðni um það frá 12 þíngmönnum, að þessari inngángsumræðu væri nú lokið.

Var þá geingið til atkvæða um, hvort inngángsumræðunni skyldi vera hèr með lokið, og var það samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Eg verð þá að biðja hina heiðruðu þíngmenn að gánga nú þegar til atkvæða um sjálft málefnið; og er það mitt álit, eptir því sem umkvörtunin úr Húnavatnssýslu stefnir, og eptir þeim umræðum, sem þar um hafa orðið í dag, að fyrst sè greidd atkvæði um það, hvort nefnd skuli setja í málið, eða hvort eigi að gjöra út um það nú þegar hèr í dag með atkvæðagreiðslu, hvort kosníng þíngmanns Húnvetníuga sè gild eða ógild.

Þíngmaður Húnvetníuga lýsti því yfir, að hann greiddi eigi atkvæði í þessu máli hvorki með nè í móti.

Var síðan geingið til atkvæða og það samþykkt í einu hljóði, að þegar skyldi gjöra út um þetta hèr á fundinum í dag.

Var síðan geingið til atkvæða um það, hvort kosníng þíngmanns Húnvetníngа væri gild fyrir þetta og hin 2 næstu þíng, eptir þeim gögnum, sem nú væri fram komin, og var það samþykkt með 23 atkvæðum gegn 1.

Forseti: Þá er að eins eptir síðari uppástúngan, er hinn heiðraði flutníngsmaður bar upp, nefnilega að þíngið sæi ráð við, að kosníngarnar til alþíngis færi skipulegar og löglegar fram hèr eptir, eða að kjörstjórarnir gætti betur kosníngarlaganna, heldur en átti sèr stað í fyrra í svo mörgum kjördæmum, og vil eg láta það álit mitt í ljósi, að til þess að fá þessu framgáng, virðast mèr vera 2 vegir. Annar vegurinn er sá að kjósa nefnd, er taki fram þau atriði, er nauðsyn þætti að biðja um að betur yrði gætt, en hinn vegurinn er sá, að fela *forseta* þíngsins að rita amtmönnunum um þetta í nafni og umboði þíngsins; en þó að svona sè mitt álit, sker hið háttvirta alþíngi úr, eptir því sem rèttast þykir.

Þar næst var geingið til atkvæða um það, hvort þíngmenn vildi, að málinu yrði hreift, samkvæmt hinni síðari uppástúngu flutníngsmannsins, þíngmanns Reykvíkínga, og var það samþykkt með 21 atkvæði.

Var síðan borið undir atkvæði, hvort nefnd skyldi til þess kjósa eður eigi, og var nefndarkosníng felld í einu hljóði.

Lýsti þá *forseti* því yfir, að hann áliti samkvæmt hinni fyrri atkvæðagreiðslu, að með þessari atkvæðagreiðslu, er hratt nefndarkosníngu í málinu, hefði þíngið samþykkt, að *forseti* ætti að rita amtmönnunum um þetta mál; og kvaðst hann mundu bera brèf sín um það undir þíngið, áður þau yrði send.

Var þá dagskránni hèr með lokið; en vegna þess að þíngmenn ætti nú svo annríkt í hinum mörgu nefndum, en eingin ný mál, er á lægi, væri til umræðu, þá kvaðst *forseti* eigi ákveða fund fyr en næstkomanda mánudag, 18. júlí kl. 12.

Fundi slitið.

18. júlí — ellefti fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Skagfirðinga, er hafði tjáð *forseta* forföll sín.

Forseti gat þess, að þingmaður Ísfirðinga væri kominn aptur úr erindisferð sinni, og mundi sækja hèr fund í dag.

Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Þar næst gat *forseti* þess, að hann hefði feingið tilkynníngu um, að í málinu um *byggíngu konúngsjarða* á Vestmannaeyjum væri þíngmaðurinn úr Vestmannaeyjum kosinn formaður, og í *fjárkláðamálsnefndinni* væri þíngmaður Húnvetníinga kosinn formaður, og þíngmaðurinn úr Norður-Þíngeyjarsýslu skrifari. Þá gat *forseti* þess, að til hans væri enn komnar 2 bænarskrár, önnur úr Mýrasýslu, um *að Straumfjörður yrði löggiltur verzlunarstaður,* og hin úr Rángárvallasýslu, um það að viðrètta kúgildi þau, sem fallin væri á staðajörðunum, og mundu þær verða lagðar fram á lestrarsalinn og síðan settar á dagskrána sem fyrst.

Forseti: Samkvæmt dagskránni er þá fyrst að kjósa einn þíngmann *í nefndina,* sem stjórnin hefir falið, samkvæmt því sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* skýrði frá á 4. fundi 5. þ. mán., að *semja frumvörp til póstgaungulaga á Íslandi og milli Danmerkur og Íslands.* En áður en geingið er til kosníngar þessa þíngmanns, vil eg geta þess, að eg hefi feingið fyrirspurn frá einum þíngmanni um þetta mál, nefnilega frá hinum heiðraða þíngmanni Borgfirðinga, og hefi eg samkvæmt þessari fyrirspurn leitað þeirra upplýsínga, sem fyrirspurnin gaf mèr tilefni til, og skal eg fús á að skýra frá þeim, ef hinn heiðraði þíngmaður óskar þess.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal þá leyfa mèr að biðja hinn háttvirta *forseta* að gefa mèr allar þær upplýsíngar, sem hann hefir feingið hjá *konúngsfulltrúa,* og ef hann hefir aðrar skýríngar, væri æskilegt að fá að heyra þær um leið.

Forseti: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp brèf þíngmanns Borgfirðínga til mín, dagsett 14. þ. m.; það hljóðar þannig:

„Með því að hinn háttvirti *forseti* tilkynnti þínginu í dag, að á morgun skyldi kosníng til nefndarinnar í póstgaungulagamálinu fram fara af hálfu alþíngis, þá finn eg mèr skylt að æskja þess, að hinn háttvirti *forseti* veiti þínginu tækifæri til að leita skýrslu og skýríngа hjá *konúngsfulltrúa* einkum um það atriði, hvort lagafrum-

varpið, sem samið yrði í póstgaungumálinu, skuli að lögum ráðið, áður það væri borið undir álit alþingis, og hverja þýðing kosníng þessi eigi að hafa að þingsins hálfu. Bið eg yður því, háttvirti *forseti,* að undirbúa allt, er yður þykir nauðsynlegt í máli þessu.

Reykjavík, 14. júlí 1859.

Arnljótur Ólafsson“.

Þegar eg hafði feingið þetta brèf, ritaði eg hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* daginn eptir, 15. þ. mán., um þetta mál, og sendi honum brèfið, og fèkk aptur svar frá honum í brèfi samdægris, og vil eg leyfa mèr að lesa það upp; það hljóðar þannig:

„Eptir tilmælum yðar, herra alþíngis*forseti!* í brèfi frá dags dato, undanfelli eg ekki að svara þannig spurníngum þeim, er þíngmaður Borgfirðínga hefir varpað fram í hèr með tilbakafylgjandi brèfi til yðar 14. þ. m.: *að* eg álít það öldúngis sjálfsagt, að lagafrumvarp það, er hèr á að semja um póstgaungumálið, verði lagt fyrir alþíngi eptir að stjórnin hefir gegnumgeingið það, og útvegað þar til samþykki konúngs; og *að* kosníng eins meðlims nefndarinnar af alþíngi ekki hafi aðra þýðíngu, en þá, að stjórninni hafi þótt það tilhlýðilegt, að einn þjóðkosinn maður taki þátt í þeirri nefnd, sem fjalla á um hinn fyrsta undirbúníng póstgaungumálsins.

Að öðru leyti verð eg að biðja yður, herra alþíngis*forseti!* að sjá um það, að eingar umræður verði um þetta á þínginu, því það hlýðir alls ekki á nærveranda *stadio* málsins, og eins að láta þíngmann Borgfirðínga vita, að hann, ef hann fyrirfram óskar nokkurra upplýsínga um málið, verði að snúa sèr til stiptamtmannsins sem forseta nefndarinnar, sem hefir öll skjöl málsins í höndum, en ekki til mín, er alls ekkert hefi með málið að sýsla sem *konúngsfulltrúi* á alþíngi.

Reykjavík, 16. júlí 1859.

P. Melsteð“.

Með þessu brèfi álít eg fyrirspurninni svarað, en ef hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga eða aðrir þíngmenn hafa aðrar spurníngar, er þeir óska upplýsíngar um, þá em eg fús á að svara þeim, að því leyti mèr væri unnt, en get að öðru leyti ekki leyft lángar umræður um þetta mál.

H. Kr. Friðriksson: Þegar þíngið á að kjósa þenna mann, virðist mèr nauðsynlegt að fá að vita, hvort þessi þíngmaður á að sitja í nefndinni fyrir borgun eða borgunarlaust. Því að líkindum

mun nefndin hafa nóg að gjöra, og álít eg það því jafnvel illgjöranda fyrir búsettan mann í Reykjavík, en alveg ógjöranda fyrir aðra, að sitja í nefndinni þóknunarlaust. Ef þessi nefndarmaður einga borgun á að hafa, sýnist mèr, að þingið ætti að gjöra einhverja ráðstöfun, til þess að hann feingi borgun.

Forseti: Þar eg bjóst við, að þessu mundi verða hreift, hefi eg búið mig undir, að geta svarað þessari spurníngu; eg ritaði hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* þar að lútanda brèf þann 14. þ. m., og fèkk daginn eptir frá honum svo hljóðanda brèf:

„Til svars upp á brèf yðar, háttvirti herra alþíngis*forseti!* af gærdags*dato,* undanfelli eg ekki hèr með þènustusamlega að tilkynna, *að* eg með yður álít það sjálfsagt, að kostnaðurinn til póstgaungumálsnefndarinnar ekkert á skylt við eður má auka alþíngiskostnaðinn; *að* eg frá stjórninni ekkert annað umboð hefi feingið í þessu tilliti, en að gángast fyrir því, að einn meðlimur til nefndarinnar yrði kosinn af alþíngi, sem eg gjöri ráð fyrir að ekki muni án gildra orsaka hafna slíkum rètti; og *að* forseti nefndarinnar, herra stiptamtmaður greifi *Trampe,* hefir *privatim* látið mig skilja á sèr, að hann áliti það sjálfsagt, að nefndarmennirnir muni fá tilhlýðilega borgun fyrir starfa sinn.

Reykjavík, 15. júlí 1859.

P. Melsteð“.

Þessar upplýsíngar verð eg að álíta að munu nægja, að því sem máli þessu er nú komið hèr á þíngi, og get eg ekki veitt frekari upplýsíngar; eg skal að eins taka það aptur fram, er eg ritaði *konúngsfulltrúa,* að eg get ekki sem alþíngis*forseti* ábyrgzt eða geingizt undir, að nefndarmanni þeim, sem alþíngi kýs, verði borguð seta hans í nefndinni af alþíngiskostnaðinum.

Konúngsfulltrúi: Áður en kosníng fer fram, skal eg að eins geta þess, að eg hefi ekki feingið annað umboð frá stjórnarinnar hálfu í þessu máli, heldur en að hlutast til um, að þíngið kysi einn mann í hina áformuðu póstgaungumálsnefnd. Þau svör frá mèr, sem hinn háttvirti *forseti* nú las upp, og sem eg hefi gefið í virðíngarskyni við hann og þíngið, eru því að álíta sem mín persónulega meiníng, en ekki stjórnarinnar. Einúngis bæti eg því við, til að skýra það, sem eg hefi skrifað, að eg álít það öldúngis víst, að frumvarpið um póstgaungurnar hèr í landinu muni verða lagt fyrir þíngið, en hvort málefnið um póstskipsferðirnar milli Danmerkur og

Íslands verði lagt fyrir þingið, tel eg óvíst, en vegna fjárins, sem þar til geingur, mun það verða lagt fyrir ríkisdaginn.

Arnljótur Ólafsson: Eg er ánægður með þær upplýsíngar, sem *forseti* hefir gefið.

Þar fleiri ei tóku til máls, var geingið til kosníngar þess eina þíngmanns; voru þá greidd 24 gild atkvæði, og hlaut kandid. *Arnljótur Ólafsson,* alþíngismaður Borgfirðínga, 10 atkvæði; næst honum hlaut *Jón Guðmundsson* 8. atkv., *H. Kr. Friðriksson* 2 atkv.

Forseti lýsti því þá yfir, að alþíngismaður Borgfirðínga væri rètt kjörinn í póstmálanefndina af hendi alþíngis, og gat *forseti* þess, að hann mundi afhenda nefndarmanninum bænarskrá, er hefði verið vísað frá í því skyni að afhendast þeim, sem kosinn yrði í þessa nefnd.

Forseti: Þar næst kemur samkvæmt dagskránni til inngángsumræðu og nefndarkosníngar uppástúnga 3 þíngmanna (6. konúngkjörna þíngmanns, þíngmanns Norður-Múlasýslu og þíngmanns Strandasýslu), um að *stínga upp á ráðum til að afstýra almennri neyð og leita aðstoðar stjórnarinnar í þeim efnum.* Uppástúnga þessi hefir áður verið rædd á 2 *privat*fundum, og er því vonanda, að ekki verði lángar umræður um það, hvort nefnd skuli kjósa til að íhuga þetta mál eður ekki, þó að eg verði að leggja það á vald þíngmanna sjálfra.

Var uppástúngan síðan afhent flutníngsmanni hennar, þíngmanninum úr Norður-Múlasýslu, og eptir ósk fleiri þíngmanna var hún upp lesin:

„Þegar menn með eptirtektasömu auga líta yfir hin seinast liðnu 3 ár, þá getur það varla dulizt nokkrum manni, að nú virðist á margan hátt mjög að harðna í ári hjá oss; og það jafnvel svo, að til mikilla báginda virðist að horfa, ef árferðið ekki skyldi breytast til batnaðar; en um þetta gefur hið seinast liðna bága vor, og sumarið, það sem af því er, mjög litla von.

Hin seinustu 3 ár hafa öll verið í harðara lagi: árið 1856, og einkum veturinn var víða einhver hinn bágasti; sumarið 1857 var mjög votviðrasamt, einkum á Suðurlandi, veturinn, sem á eptir kom, var og allharður og vorið snjóasamt og kalt; því fylgdi eitthvert hið mesta vætusumar, er mjög skemmdi hey manna víðast um land, svo fènaður þreifst illa seinast liðinn vetur, og kýr mjólkuðu lítið; seinni partur þessa vetrar var og, eins og allir vita, aftaka harður, og all-

mikill peníngsfellir hefir orðið víða í landinu, og sumargagnið verður rýrt, af því málnytupeníngur gekk illa undan.

Ofan á allt þetta hefir bætzt stórkostleg fækkun sauðfjárins sökum fjárkláðans og þar af leiðandi niðurskurðar, einkum í Suðuramtinu, en fiskiafli hefir á hinn bóginn víða kríngum landið verið með lángminnsta móti, sumstaðar vegna hafísa, og sumstaðar vegna þess, að útlendar þjóðir, sem liggja inn á fiskimiðum, spilla æ meir veiðinni fyrir landsmönnum, án þess nokkuð verði við ráðið, eins og umkvartanir þær, sem nú hafa fram komið á þínginu, nógsamlega sanna.

Auk alls þessa virðist hið kalda og bágborna sumar eptirtakanlega að benda til, að hinn óttalegi vogestur lands þessa, hafísinn, liggi allt af nærri oss, og muni, ef til vill, aptur í vetur umkríngja land þetta, og fari svo, að sumarið verði óþurkasamt og hey manna skemmist, þá sýnist mega kvíða hallæri og manndauða.

Í vetur og vor bryddi nú þegar á miklum matarskorti víða um land; og ef aðflutníngar af korni hefði komið nokkru seinna en þeir gjörðu, mundi sumstaðar hafa orðið mannfellir af húngri, líka var miklu af skepnum bjargað með korni.

Að vísu segja þíngmenn að norðan og austan, að ástandið þar muni betra en í Vestur- og Suðurumdæminu, en þó hafi talsverður peníngsfellir orðið á mörgum stöðum; ei að síður munu Vestur- og Suðurumdæmin talsvert lakar á vegi stödd, vegna þess að fjárstofn þeirra er meir eyddur, og málnytan og afraksturinn af fènu þess vegna lángtum minna. Þetta á sèr allrahelzt stað í Suðurumdæminu; og varla ætlum vèr að það geti vegið mikið upp á móti fjármissinum og þar af leiðanda matbjargarskorti, þó kúabú í þessu amti hafi aukizt nokkuð nú í 2 ár.

Af framan töldum ástæðum getum vèr ei betur sèð, en að mikil neyð vofi yfir landinu, og að menn hafi hina mestu hvöt til, að gjöra allt, sem mögulegt er, til þess að ekki þurfi að óttast hallæri og manndauða. Vèr getum því ei annað en álitið það skyldu þíngsins, að skýra stjórninni frá þessu með ljósum og berum orðum; og því leyfum vèr oss að stínga upp á:

1. Að alþíngi velji nefnd manna til nákvæmar að yfirvega þetta mjög svo áríðanda málefni, og stínga upp á þeim ráðum, er bezt þætti til fallin til að koma í veg fyrir almenna neyð.
2. Að þíngið leiti fulltíngis hjá stjórninni til framkvæmdar

þeim úrræðum, sem það stíngur upp á, að því leyti þetta getur átt við.

Reykjavík, 14. dag júlímánaðar 1859.

Jón Hjaltalín. Halldór Jónsson. Ásgeir Einarsson“.

Halldór Jónsson: Eg ætla ekki að mæla með uppástúngu þessari, þar hún eptir innihaldi sínu mælir bezt með sèr sjálf, því þó ekki sè alstaðar eins illt ástand landsins, er það nóg, að sumstaðar er bágborið, svo að úrræða er þörf.

H. G. Thordersen: Eg hefi ekki tekið til máls á *privat*-fundunum, en svo meiníng mín heyrist, vil eg nú láta það í ljósi, að eg, eptir því sem skynsamra manna umræður hafa fallið, fellst á uppástúnguna í 3 atriðum, og vil eg, að þau 3 atriði sè tekin til greina. Fyrst er eg samdóma uppástúngunni í því, að menn eigi að leitast við að gjöra öll þau skynsamleg samtök, sem unnt er, til þess að vara sig á og vera viðbúinn við þeirri tíð, sem í hönd kann að fara og yfir kann að dynja, og að alþíngi sendi í gegnum *forseta* sinn upphvatníngu til slíkra samtaka til allra sveitarstjórna. Í öðru lagi er eg einnig því samdóma, að menn snúi sèr til amtmannanna hvers í sínu amti, þar ólíkt ástand er í ömtunum, og hverjum amtmanni má vera kunnugast ástandið í sínu amti; mun það þá verða léttara fyrir amtmennina, ef þeir tæki sèr til ráðaneytis hina skynsömustu og hina mest forstöndugu bændur, er menn svo kalla er bezt geta sèð, hvað nauðsynlegast er á hverjum sèrstökum stað. Í þriðja lagi vil eg ekki þíngið taki þetta mál svo, að stjórninni ei sè tjáð frá þeim kríngumstæðum, sem eru í landinu; því þó ekkert hallæri komi fyrir mín orð, þá verð eg að segja það, að eptir þeirri reynslu, sem eg hefi, og hún er ekki svo lítil, því eg hefi lifað stríðstíðina, hefir mèr aldrei virzt ástand landsins eins ísjárvert eins og nú, og fáist ei á þessu sumri nýting á grasi og öðrum hlutum, sem til lífsbjargar heyra, og ef þar á ofan bætist það, sem nú ekki verður fyrir sèð, að á næsta vetri komi ísinnaptur, þá er fyrirsjáanlegt hið mesta hallæri. Þó menn nú leiði stjórninni þetta fyrir sjónir, held eg að menn ekki fari fram á neitt, sem geti verið Íslandi til minnkunar, en hins vegar vil eg, að þíngið aðvari alla á þessu landi, um að leggja allt fram, er þeir geta, til þess að fyrirbyggja möguleg vandræði, því það er seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í; það er seint að tala um hallæri, þegar sultur, eg vil ei segja manndauði, sem þó flýtur af sultinum, er kominn. Það kann að vera, að einhver hugsi, að þar

eg er orðinn gamall, sè eg hræddur við allt, en eg vil segja mína hjartans saunfæríngu, sem er, að menn í tíma hyggi að þessu og gjöri þær ráðstafanir, er megi verða til hins bezta fyrir landsmenn, og því hefi eg tekið þessi 3 atriði fram, að hvetja sveitastjórnir og hreppstjóra til samtaka, snúa sèr til amtmannanna og ekki sízt til stjórnarinnar um það, að hún taki í þann streinginu, sem hverjum amtmanni virðist hentugastur í sínu amti.

Páll Melsteð: Eptir hin ágætu orð, er hinn 2. konúngkjörni þíngmaður nú talaði, er það reyndar óþarfi, að eg standi upp til að tala í þessu máli, en eg hlýt þó að standa upp, til þess að mæla með því, að mál þetta fái góða áheyrn; mèr er kunnugt, að kjördæmi mitt, Snæfellsnessýsla, er nú mjög báglega statt, og að þar er fyrirsjáanlegur sultur, og, ef til vill, manndauði, nema guð gjöri því meiri miskun á. Eg er einnig, nú sem stendur, bendlaður við Gullbríngusýslu, og er mèr um hana einnig kunnugt, að þar er sumstaðar mjög illa ástatt; mèr þykir mjög áríðanda, að í þetta mál sè skorizt, og vil eg umfram allt, að leitað sè til stjórnarinnar, og það, sem gjört verður í þessu máli, verði gjört bæði fljótt og vel, og að allt sè komið í kríng fyrir haustið; eg mæli því fastlega með nefnd, og vil stínga upp á 3 manna nefnd.

Ásgeir Einarsson: Mèr sýnist menn ætti að eins að tala um það, hvort nefnd skyldi kjósa eður ei í þetta mál, og þar skoðanir manna á þessu máli eru ýmislegar, vil eg stínga upp á 5 manna nefnd.

Guðmundur Brandsson: Eg álít óþarfa, að umræðurnar sè lángar um það, hvort nefnd skuli kjósa eður ei, þar einginn á *prívat*-fundunum hefir mótmælt málinu, og í uppástúngunni eru einnig ljóslega teknar fram orsakirnar til þess, að vakið er máls á þessu. En þegar nefnd er kosin, mun hún segja álit sitt um það, og án efa taka til greina þau 3 atriði, sem hinn 2. konúngkjörni þíngmaður tók fram.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg hefi ekki talað neitt út í þetta mál, en eg hefi heyrt á ræður manna á þessum *prívat*fundum, og get eg ekki samsinnt því, er hinn heiðraði þíngmaður, er hjá mèr situr, nú sagði, að ekki hafi heyrzt í því mótmæli, því þau hafa heyrzt, og sum á nokkrum rökum byggð. Það er ekki svo meint, að eg ætli að mæla á móti nefnd, því ástand landsins er víst ískyggilegt, og vert, að öll varúð sè við höfð; en opt hafa nú Íslendíngar átt bágt og ekki dugað að hlaupa eptir hjálp til stjórnarinnar, sem opt

verður líka vafníngssamt og seinlegt, og eg hefði hugsað, að bágindum landsins væri varla komið svo enn, að ekki kynni síðar að verða meiri nauðsyn að biðja um hjálp, og þó bágt sè, hefði eg þó vegna míns kjördæmis ekki fundið mèr ástæðu til að gjöra þessa uppástúngu, enn sem komið er, meðan sveitarsjóðir eru óeyddir og efni manna, enn sem stendur. Eg veit samt, að það er satt, sem sagt hefir verið, að sumstaðar í Vesturamtinu horfir mjög báglega, helzt fyrir þeim, sem reiða sig upp á sjóinn, þar aflinn hefir nú brugðizt þar svo í ár; líka veit eg, að það er ekki orsakalaust, þó hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður kveini og kvarti vegna Suðuramtsins, því hann mun nú sjá fram á afleiðíngarnar af fjárkláðanum, og helzt lækníngunum, sem allt hefir hjálpazt að, að eyðileggja efni manna. Þó gat mèr ekki dottið í hug, að þessi kvörtun sprytti nú upp fyrir Gullbríngusýslu, hvar flestir lifa af sjó, en eg get ekki annað en kallað veltiár hèr með fiskirí. Eg er nú samt mikið vel samþykkur hinum háæruverðuga öðrum konúngkjörna þíngmanni, að ástandið yfir höfuð sè athugavert, og að þíngið ætti að snúa sèr, eins og fyr hefir verið gjört hèr, með viðvörunar- og áminníngarreglum til landsmanna og landsins yfirvalda, því þau eru líka Íslendíngar, að þau gjörði þá ráðstöfun og akkorð, helzt við kaupmennina, að þeir láti ekki landið skorta matbjargaraðflutníng, og þetta vildi eg nefndin hefði fyrir augnamið, en ekki að leita stjórnarinnar fyr en meira liggur við.

Halldór Jónsson: Þar mèr virðast mótmæli þau, sem fram komin eru, mjög lítilfjörleg, vil eg ekki leingja umræðurnar með að svara þeim, þar eg ei efast um, að allir muni vera á því, að nefnd verði kosin.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg inngángsumræðu þessa máls lokið.

Voru síðan greidd atkvæði um það, hvort nefnd skyldi kjósa, og var það samþykkt með 22 atkvæðum gegn 2.

En þar bæði var stúngið upp á 3 manna nefnd og 5 manna nefnd, var geingið til atkvæða um það, hvort vera skyldi, og var 5 manna nefnd samþykkt með 16 atkvæðum gegn 5.

Var þá geingið til nefndarkosníngar, og hlutu þessir flest atkvæði:

Halldór Jónsson	14	atkvæði,
Jón Hjaltalín	9	—
Magnús Andrèsson	8	—
H. G. Thordersen	7	—

þar að auki *Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn og *Páll Melsteð* 6 atkvæði hvor, og varð *Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn hinn 5. nefndarmaður, þar hann var eldri.

Forseti: Þar næst kemur þá samkvæmt dagskránni til inngángsumræðu uppástúnga þíngmanns Árnesínga, um að rita bænarskrá til konúngs, um *að hinn gamli þegnskylduskattur sè heimtaður samkvæmt landslögunum.*

Var uppástúngan þá afhent þíngmanni Árnesínga til flutníngs, er las hana upp með leyfi *forseta.*

„Nokkrir, ekki allfáir, af kjósendum mínum, hafa fastlega skorað á mig, að eg vildi bera fram á alþíngi þá umkvörtun þeirra, að nú sè farið að taka skatt af bændum í Árnessýslu á annan hátt, en verið hafi fyrir nokkrum árum; nú sè nefnilega bæði fasteign og lausafè lagt til grundvallar fyrir gjaldheimtunni, en áður hafi skatturinn einúngis tekinn verið af tíundbæru lausafè. Vegna þess að eg veit með vissu, að umkvörtun þeirra er á rökum byggð, að því leyti sem gjaldheimta þessi hefir tekið breytíngu, en á hina síðuna þekki eg ekki önnur lög fyrir skattatökunni en Jónsb. þegnskyldu 1. kap., þá vil eg ekki færast undan þvílíkri beiðni kjósenda minna. Og þar mèr virðist, að málefni þetta heyri rèttilega undir síðara hluta 77. gr. alþíngistilskipunarinnar, óska eg, að hið heiðraða alþíngi vildi taka málið til yfirvegunar og reglulegrar meðferðar; og komist þíngið að þeirri niðurstöðu, að ofantèð umkvörtun sè á rèttum rökum byggð, að það þá vildi senda hans hátign konúnginum þegnsamlega bænarskrá þess efnis:

> Að hann allramildilegast sjái svo til, að hinn gamli þegnskylduskattur Íslendínga ekki sè heimtaður af gjaldþegnum af öðrum gjaldstofni en þeim, er lög áskilja.
>
> Reykjavík, 14. dag júlím. 1859.
>
> *Magnús Andrèsson*".

Magnús Andrèsson: Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um þessa umkvörtun eða bænarskrá, eða hvað það á að heita. Eg vil einúngis leyfa mèr að drepa á fáein atriði, sem eg veit, málinu til upplýsíngar.

Ekki er mèr full-ljóst, hversu leingi það hefir við geingizt í Árnessýslu, að sýslumenn hafi lagt fasteign við lausafjártíundina, þar sem svo hefir ástaðið, til að ná skattinum; síðan þetta byrjaði, mun vera hèr um bil 20—28 ár, en hitt veit eg, að þetta hlýtur að hafa

verið reglulítið fyrst fram eptir, meðan sýslumaðurinn hafði ekki neitt við að styðjast, til að vita, hverjir væri jarðeigendur, nema það, sem hann hefir snaplað sèr út hjá hinum og þessum, því einga upplýsíngu veittu skýrslur hreppstjóranna honum um þetta í þá daga; það var mèr kunnugt um þann 12 ára tíma, sem eg gegndi hreppstjórnarstörfum; en nokkru síðar varð eg þess var, að sýslumaður breytti einu skýrsluformi þannig, að hann bætti í skýrsluna einum dálki, með þeirri yfirskript: *jarðeignarhundruð;* eptir þetta gat hann í þessu efni geingið eptir vissri reglu, hvort sem hún var lögmæt eða ekki. Þessa hefir um nokkur undanfarin ár lítið gætt, meðan fjáreign bænda stóð í blóma, og lausafjártíund flestra næg til að ná skattinum; en nú er öðru máli að gegna, þar sem sauðfè flestra bænda í sýslunni er gjörfallið, og lausafjártíundin að því skapi orðin margfalt minni en áður var, og því lèt þessi skattheimta sig auðsjáanlega í ljósi á næstliðnu vori, þar sem *nú* því nær einginn bóndi í flestum hreppum er skattbóndi, ef lausafjártíundin er einúngis lögð til grundvallar, en vegna fasteignarinnar var skattur tekinn af nokkrum bændum í hverjum hreppi; sýslumaður *gaf* að vísu skattinn upp nokkrum bændum heilan eða hálfan, eins og honum er eðlilegt, því hann er góðmenni, en það kemur ekki þessu máli við.

Hvernig þetta geingur til í öðrum sýslum, er mèr lítið kunnugt. Í Gullbríngusýslu mun þetta skattheimtuskrímsli hafa einna fyrst smeygt inn höfðinu, og þá mun þar hafa farið að verða „kurr í bóndum“ eins og segir í sögunni, og sýslumaður þar þess vegna sníkt sèr út rentukammersbrèf, dagsett 30. sept. 1823, sem styrkti hann í skattakröfunni, en aðgætanda er, að rentukammerið sáluga var aldrei löggefanda stjórnarráð. Seinna tóku nokkrir bændur í Rosmhvalaneshrepp að kvarta um gjaldheimtu þessa, og út af þeirri umkvörtun mun hafa flotið, að stjórnarherra innanríkismálanna ritaði stiptamtmanni 30. apríl 1855 á þá leið, að ekki geti orðið vikið frá reikníngsaðferð þeirri, sem viðtekin sè um lángan aldur, að skatturinn í Gullbríngusýslu sè greiddur ekki einúngis af lausafè út af fyrir sig, heldur af því og fasteign samanlögðu, og sè þessi aðferð staðfest með áður nefndu rentukammersbrèfi. Stjórnarherrann getur þess þar hjá, að þessi reikníngsaðferð ekki sè sèrstök fyrir Gullbríngusýslu, heldur sè hún við höfð *alstaðar* á landinu með lítilfjörlegum breytíngum. Í landhagsskýrslunum, sem prentaðar hafa verið á þessu ári, stendur, bls. 297, að það eigi sèr hvergi stað nema í Gullbríngusýslu, að tíundbær fasteign og lausafè sè lagt saman og svo

skattur tekinn af þeim gjaldstofni. Í frumvarpi til tilskipunar um löggildíngu nýrrar jarðabókar er það tekið fram, að fara skuli eptir hinni nýju jarðabók, þá er ákveða skal hinn svo nefnda skatt, að því leyti sem það sè *sumstaðar venja,* að leggja saman, þegar svo á stendur, fasteign og lausafè til þess að útreikna skattinn. Í á-stæðum frumvarpsins er þess getið, að þetta sè venja í Gullbríngu og Kjósarsýslum, og áþekkri reglu muni einnig fylgt vera sumstaðar annarstaðar á Íslandi, að minnsta kosti hafi svo verið að undanförnu, t. a. m. í Þíngeyjarsýslu. Mèr virðist nú í öllu þessu mikil ósam-kvæmni; sitt beinið er af hverri kindinni, og eiga eingin saman. Eg fyrir mitt leyti get ekki dregið af því aðra ályktun en þá, að lög-gjafinn eða stjórnin viti lítið sem ekkert um það, hvernig þetta geing-ur til á „voru landi Íslandi", þó næsta ótrúlegt sè, og að þessi venja, sem talað er um, sè versti krabbagángur.

Eg vil nú helzt óska, að sem flestir af hinum heiðruðu þjóð-kjörnu þíngmönnum, sem hèr eru frá flestum hèruðum landsins, vildi stuttlega skýra frá því, sem þeir vita um það, hvernig þetta geing-ur til í sýslum þeirra, og þar næst vil eg óska, að einn eða fleiri af hinum háttvirtu lögfróðu mönnum, sem hèr eru á þíngi, vildi skýra málið fyrir mèr og öðrum; ef þeir geta sannfært mig um það, að skatturinn sè tekinn eptir skýlausum lögum, þá er eg af látinn, og vil gjarna taka uppástúngu mína aptur, en geti þeir það ekki, og þó þeir fari að bera eitthvað í skænið, svo sem það, að þetta sè ekki rèttur gángur í málinu, að uppbera það hèr á þíngi, það dug-ir mèr ekki, og þá framfylgi eg því kröptuglega, að þíngið taki þetta efni til löglegrar meðferðar og setji nefnd í málið.

Guðmundur Brandsson: Eg er alveg samþykkur því, sem flutníngsmaðurinn nú sagði, með tilliti til þeirrar venju, er hann sagði, að tíðkaðist í Gullbríngusýslu, og eins er það satt, er hann sagði með tilliti til umkvörtunarinnar úr Rosmhvalaneshreppi, en or-sökin til, að málið gekk svo lángt, sem hann gat um, var það, að sumir bændurnir tregðuðust við að borga, og leyfði þá stiptamtmað-ur sýslumanni að taka þenna skatt lögtaki; hann leyfði það, en skip-aði það ekki, og hefir hann sjálfsagt leyft það upp á sýslumannsins ábyrgð. Afleiðíngin varð sú, að sumir borguðu, en sumir ekki, og munu ekki vera búnir að borga enn; hreppsmenn skrifuðu þá stjórn-inni til, og þá kom aptur brèfið frá ráðgjafanum, sem ákvað, að þessi skattur ætti að standa, þar sem venja væri fyrir því í land-inu, að hann væri tekinn; þá sendu Rosmhvalaneshreppsbúar bæn-

arskrá til alþingis 1855, en þingið gat þá ekki tekið hana til meðferðar, af því þingtíminu var næstum út runninn, þegar hún kom, svo hún komst ekki að. Hinir lögfróðu þingmenn höfðu ei gott auga á henni, því þó þeir væri beðnir um upplýsingar, eru þær ekki komnar enn þá. Eg hèlt, og held enn þá, að Jónsbók væri þau einu lög, sem hèr gilda um skatt, en hún getur ekki um neinn skatt af fasteign. Sýslumennirnir hafa, þegar kvartað hefir verið yfir þessum skatti, borið fyrir sig, að þeir tæki hann eptir *Rentekammer*-brèfinu frá 1823 og samkvæmt gamalli venju. En 1819 skrifaði B. konferenzráð Thorsteinson um skatt og önnur gjöld, sem við geingist á Íslandi, og getur ekki um þenna fasteignarskatt; verður hann því annaðhvort ekki að hafa þekkt þenna skatt, og hann ekki þá verið til, eða hann hefir geingið fram hjá honum sem ólögmætum; hlýtur þess vegna þessi venja að hafa komizt á á árunum 1819—1823. Í brèfi því, er eg gat um áðan, frá stiptamtmanni, sem leyfði útpöntun skattsins, stóð meðal annars, „að rentukammersbrèfið frá 1823 nægði ekki til að taka skattinn eptir, ef það stæði eitt sèr, en þessi gjaldheimta styddist þar að auki við ómunatíðarvenju“. Hefði nú þessi venja ekki náð leingra fram en til ársins 1819, þá hlýtur minni þeirra, er sömdu *Rentekammer*brèfið, að hafa verið dauft, eða þeir mjög ókunnugir því, hvernig á stóð. Faðir minn, sem leingi var hreppstjóri og þekkti vel til laga, sagðist ei þekkja í lögum neina heimild fyrir þessum skatti, og kom hann flatt upp á hann og marga aðra, því mest fór að bera á honum hèr í sýslu eptir að konúngsjarðirnar voru seldar á árunum 1837—38; eg óska því, að þingið taki mál þetta til meðferðar, þar mèr, eins og flutníngsmaður tók fram, sýnist það vera samkvæmt 77. gr. alþingistilskipunarinnar, og vil eg því mæla fram með því, að nefnd verði kosin.

Indriði Gíslason: Vegna áskorunar þingmanns Árnesínga, sem er flutníngsmaður þessa máls, vil eg geta þess, að eg veit að eins eitt dæmi til þess í Dalasýslu, að sýslumaður hafi krafizt þessa skattgjalds. Sýslumaður krafði nefnilega gamlan mann búlausan um skatt þenna, en þar eð lausafè hans ekki nam því, að skattur yrði af goldinn, vildi hann leggja saman fasteign og lausafè, því maðurinn átti nokkuð í fasteign, en hvort skattur þessi greiddist nokkurn tíma, eða ekki, er mèr óljóst, eða hvort skattkrafa þessi hefir verið byggð á virðíngu fyrir hærum þessa gamalmennis eða heimild laganna, það yfirlæt eg hinum lögfróðu mönnum hèr á þingi að dæma um.

Guðmundur Brandsson: Eg vil að eins bæta því við það, sem eg sagði áðan, að sýslumenn hafa sagt sèr væri það mjög ógeðfellt, að taka þenna skatt, en að þeir ekki gæti annað, þar þeir stæði undir stjórn yfirmanna sinna, sem skipaði sèr þetta.

Páll Sigurðsson: Eg vil einnig vera með því, að máli þessu sè gaumur gefinn, því þessi venja eða óvenja hefir nokkur undanfarin ár gjört líka vart við sig í Rángárvallasýslu, og held eg, að hún sè smittandi, eins og fjárkláðinn. Uppástúngumaður gat þess, að í Árnessýslu væri búið að taka upp á því, að heimta af hreppstjórum, að hafa sèrstakan dálk fyrir fasteignarhundruð, er hreppsmenn ætti , en þetta á sèr ekki enn stað í Rángárvallasýslu, heldur hafa sýslumenn farið í þessu eptir eigin þekkíngu eða afspurn, og því hefir skattheimta þessi komið fram við suma, en ekki verið nefnd við hina, sem þó hefir staðið eins á, og sýnir það, hvað grundvöllur svoddan skattkröfu er áreiðanlegur. Eg held líka, að sýslumenn hafi sjaldan vogað sèr, að taka skatt lögtaki, sem þeir hafa krafið, þegar þeir hafa byggt kröfu sína á þessum grundvelli, en hitt veit eg opt, að bændur hafa neitað að gjalda skattinn, þegar krafa hans væri byggð á þessari að þeirra meiníngu ólöglegu undirstöðu, en fáeinir hafa að vísu goldið hann, þó með þeim ummælum, að eptir sannfæríngu sinni þætti þeim hann ránglega krafinn. En eg get ekki sèð annað, en að af þessari óreglu leiði mótþrói milli skatt-tökumanna og þeirra, er hann eiga að gjalda, og vil eg, að komið sè í veginn fyrir þá þrætu og úlfúð, sem af því getur rísið, og vil eg því, að þíngið kjósi nefnd til að íhuga þetta mál.

Jón Hjaltalín: Eg verð að álíta það mjög nauðsynlegt, að hinir lögfróðu menn taki til máls og skýri þetta mál, því eg fyrir mitt leyti er í vandræðum, og veit ei, hvað hèr er við að gjöra ef til eru ein 3, 4 eða 5, ýmisleg skattalög. Eg hefi virðíngu fyrir öllum þeim mönnum, er talað hafa, og ber eingar brigður á mál þeirra, en vil skora á hina lögfróðu þíngmenn, að þeir skýri frá því, hvort nokkur lög eru til fyrir þessum skatti eða hvort hann er heimtaður út í bláinn án lagaheimildar.

H. G. Thordersen: Mèr er mál þetta ekki ljóst, og óska eg því, að það sè betur skýrt.

Ólafur Jonsson: Eg get ekki sannfærzt um, að þíngið eigi að taka þessa uppástúngu til meðferðar, eins og hún nú er, því mèr sýnist hún fara því fram, að konúngur sè beðinn að sjá um, að skattur sè ekki tekinn nema eptir lögum, en eg sè ekki, hvern-

ig hann getur þetta nema með nýjum skattalögum, og vonar maður, að þeirra verði nú ekki svo lángt að bíða, ef jarðamatið verður löggilt. Þó þíngið færi að senda bæn um þetta, sè eg ekki, hvað unnizt gæti, nema að sýslumenn feingi áminníngu um, að taka skattinn ekki frekar en lög leyfa; en hvaða verkun gæti nú þetta haft? sýslumenn mundu varla fyrir það hætta að taka skattinn eptir sömu reglu, og þeir hafa tekið hann, því með því að breyta út af þeirri reglu bæri þeir að sèr böndin, að þeir hefði ránglega tekið hann að undanförnu, og mundu þeir ekki vilja það. Það getur líka skeð, að einhver lagaákvörðun sè til, sem gjöri það ekki með öllu ránglátt, að taka skattinn sumstaðar öðruvísi en eptir Jónsbók. Mèr sýnist því, að bezt væri, að dómstólarnir skæri úr þessu máli, sem mèr sýnist vera fyrir utan verkahríng alþíngis.

Stefán Eiríksson: Eg er alveg samþykkur uppástúngunni, því heldur sem það nú mun vera að fara í vöxt út um landið, að skattheimtumenn eru farnir að sleingja saman lausafè og fasteign til að ná í skattinn. Það eru nógir annmarkar á skattalögum vorum, þó skattheimtumenn ekki auki annmarka þá með þessari öfugu aðferð; í tilefni af því, sem uppástúngumaður sagði, að í skýrslunni hjá hreppstjórum í hans kjördæmi hefði verið aukið dálki fyrir eigendur jarðanna, þá á þetta sèr ekki stað, þar sem eg þekki til, með því líka að skattheimtumenu geta þekkt hina rèttu eigendur af landskuldarskýrslunum. Það hefir verið talað um, að ný skattalög mundu bráðum út koma, en eg er nú á því, að það gæti dregizt að minnsta kosti í 10 ár hèr frá, og setjum nú, að einn fátæklíngur, sem hefir 5 manns í heimili, tíundi 4 hnd. og eigi 2 hnd. í jörð, þá má hann nú eptir þessari samsleingíng á lausafè og fasteign gjalda í skatt um þetta 10 ára tímabil 200 alnir. Þetta eru þó tilfinnanleg útgjöld á þeim manni, sem eptir mínum skilníngi á Jónsbókar þegnskyldubálki, 1. kapít. ætti að vera skattfrí, og af þessum ástæðum mæli eg fastlega með mefnd í málinu.

Guðmundur Brandsson: Viðvíkjandi því, sem þíngmaður Húnvetníuga sagði, að þetta mál lægi fyrir utan verkahríng alþíngis, þá sýnist mèr einginn vafi vera á því, samkvæmt 77. gr. alþ.tilsk., að það heyrir undir alþíngi. En ef menn ekki með þessu móti geta feingið rètt sinn hjá stjórninni, þá hefi eg ekkert á móti því, að málið komi fyrir dómstólana seinna meir, en eg virði hinum lögfróðu mönnum til vorkunar, þó þeir hafi ei viljað híngað til segja á-

lit sitt á málinu, þar sem þeir má ske hafa búizt við, að þeir feingi að dæma í því, þegar minnst varði.

H. Kr. Friðriksson: Eg er samþykkur þingmanni Húnvetninga í því, að þetta mál heyrir undir dómstólana, því að ef þingið getur eptir 77. gr. alþ.tilsk. tekið þetta mál fyrir, þá má koma öllum málum inn undir 77. gr., og mæli eg því móti nefnd; mèr finnst líka, að þingið ætti að vera varkárt í því, að hleypa hverri umkvörtun, sem kann að koma, inn á þingið, því að ef þingið ætlar líka að taka dómsmál undir sig, þá getur það sannarlega feingið nóg að gjöra.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mèr þykir það lángtum mildari og siðlátari aðferð, að biðja þingið að mælast til þess við stjórnina fyrirfram, að hún lagfæri þessa óreglu, sem komin er á skattheimtuna, heldur en, eins og þingmaður Reykjavíkur, að hvetja til þess, að menn þrjózkist að gjalda það, sem yfirvaldið heimtar, og hleypi því strax til dómstóla, og fari brotalaust í máladeilur. Eg held sú uppástúnga horfi ekki til góðrar reglu í landi. Að öðru leyti skal eg eptir áskorun hins heiðraða uppástúngumanns eður flutníngsmanns skýra frá því, er eg veit um þetta efni, í þeirri sýslu, sem eg er fyrir. Síðan eg fór að koma til vits og ára og veita þessu eptirtekt, munu þar allir þeir, sem hafa haft vit og náttúru til að halda uppi fyrirspurn í þessu efni, hafa viljað halda Jónsbókarlög um skattgjald þau einustu gildandi lög, og hygg eg skattheimtan hafi þar líka jafnaðarlegast farið beint eptir þeim. Að sönnu get eg ekki dulizt þess, að nú á hinum síðustu árum hafi þar kunnað að vera hreift þessari samlagníngu á fasteign og lausafè og verið vitnað til, að regla sú sè staðfest fyrir Gullbríngusýslu, og kunna sumir hinir auðveldari að hafa látið sèr lynda það, en almennt, má eg segja, hefir það þar ekki við geingizt.

Stefán Jónsson: Ekki get eg verið samdóma þingmanni Reykvíkínga í því, að lögsókn sè bændum bezt í þessu máli; eg held, að annar vegur sè hollari, og hvers vegna eiga menn þá ekki að fara hann; er bæði óviðfelldið og erfitt fyrir bændur, að lögsækja yfirvöld sín. En viðvíkjandi áskorun flutníngsmannsins, að þíngmenn segði, hvernig til geingur í þeirra kjördæmum, þá get eg ekki neitað því, að þessu heyrðist hreift í Eyjafjarðarsýslu fyrst milli 1830 og 1840, en tilfellin voru fá, þar sem eg þekkti til, því þeir, sem fasteign áttu, voru í skatti án tillits til fasteignarinnar; en það gæti vel að borið, eins og uppástúngumaður sagði, að nú færi að bera meir á

þessu, þegar fènaður fækkar, og er því betra að vita, hvort lög eru fyrir því eður ekki.

Þórður Jónassen: Eg hefði fyrir mitt leyti viljað mæla fram með nefnd í þessu máli, ef eg ekki jafnframt yrði að líta á það, að þingið er búið að kjósa nefndir í svo mörg mál, að eg er hræddur um, að það komist ekki yfir meira, en komið er, en á hinn bóginn þykist eg geta fullyrt, að þetta mál eigi það skilið, að því sè gaumur gefinn, því hèr er mikil rèttaróvissa út af skattatökunni, sem almenníngur unir, eins og honum ekki er láanda, illa við; þó eg því ekki leggi með nefnd í málinu, er það eigi þess vegna, að mèr þyki það ekki eiga það skilið, heldur vegna þess, að eg held þíngið komist ekki yfir það. Enda álít eg, að þessa sè því síður þörf, sem nú er von á nýjum skattgjaldslögum fyrir landið, og að því leyti spursmál er um, hvort það sè rètt, að leggja lausafè og fasteign saman til skattgjalds, hafa sýslumenn optar en einu sinni feingið frá hlutaðeiganda stjórnarráði, því fyr veranda rentukammeri, vísbendíngu um, að þessi samlagníng því að eins mætti eiga sèr stað, að hún hefði að styðjast við gamla venju í sýslunni, en annars mætti það ekki, og þykir mega fullyrða, að sýslumennirnir hafi tekið þetta álit stjórnarinnar til greina, og það því fremur, sem ekki virðist að verða leitt af Jónsbókar þegnskyldu 1. kap., sem er það eina gildanda lagaboð um þetta efni, að skatt megi reikna og taka af lausafè og fasteign samanlagðri. Að vísu er þetta gjört eptir rentukammersbrèfi frá 1823 í Gullbríngusýslu, en það er svo margt sèrstaklegt þar í gjaldheimtunni, t. a. m. hvað snertir gjaftollinn, að það má ekki fara eptir því, nè er farið, annarstaðar, og það ofangreinda rentukammersbrèf ber heldur ekki annað fyrir því til rèttlætíngar, að leggja lausafè og fasteign saman til skattgjalds í Gullbríngusýslu, en venjuna einsamla, og sjá allir, hvað það er hæpið og óákveðið. En þar sem og skattalög, eins og eg tók fram, nú eru í vændum, virðist ekki brýn nauðsyn á því, að taka málið nú fyrir, enda er þessi samlagníng, sem kvartað er yfir, ekki almenn, en að eins í nokkrum sýslum, því hún hefir ekki, eptir því sem eg hefi komizt næst, getað komizt á, þó henni hafi verið haldið fram í sumum sýslum, t. a. m. ekki í Vesturamtinu.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil að eins svara þíngmanni Eyfirðínga með einni spurníngu: Á alþíngi að setjast í dómarasætið og skera úr, hvað eru lög? Það, sem flutníngsmaður fer fram á, að konúngur sè beðinn um, að skattur sè ekki tekinn nema eptir lög-

um, hvað verður úr því, nema að stjórnin ritar amtmönnum, og biður þá að áminna sýslumenn um, að taka eigi skattinn, nema sem lög standi til, en sýslumennirnir segjast eigi gjöra það; og svo situr allt við hið sama, en þetta verður eigi öðruvísi álitið, en sem umkvörtun yfir einstökum yfirvöldum. Þar sem þingmaður Mýramanna var að tala um, að það væri þrjózka við sýslumennina, þá er það eingin þrjózka, þótt menn láti dómstólana skera úr því, hvað lög sé, hvort heldur er við sýslumanninn að eiga eða aðra. Ef þetta væri uppástúnga um það, að frumvarp til nýrra skattalaga væri lagt fyrir þingið, þá væri eg með henni, en þar það er umkvörtun yfir einstökum yfirvöldum, er mèr eigi um að hleypa henni að. Þingið hefir þegar áður feingið umkvörtun yfir amtmönnunum, og nú kemur umkvörtun yfir sýslumönnunum, og mig skyldi eigi furða á því, þótt umkvörtun kæmi yfir hreppstjórunum, áður þessu þingi er lokið.

Magnús Andrèsson: Í tilefni af því, sem hinn heiðraði þingmaður Reykvíkínga mælti fyrir skemmstu, vil eg geta þess, að hann er kominn í bagalega mótsögn við sjálfan sig. Núna um daginn sagði hann, að það væri *mjög áríðanda,* að lögunum væri hlýtt, og þá var einúngis verið að tala um einhvern lítinn formgalla, sem hefði átt sèr stað við næstundangeingnar kosníngar alþíngismanna í þeirri eða þeirri sýslu; nú sýnist honum lítið í það varið, hvort sýslumenn taka skatt af bændum, samkvæmt gildandi landslögum, eða einhverri ómerkilegri venju; í þessu get eg ekki verið honum samdóma, og ekki heldur í því, að það sè hægt fyrir bændur að rètta hluta sinn, ef þeir eru aflaga bornir, með því að gánga í málsókn móti sýslumanni sínum. Þar af mundi leiða, eptir minni meiníngu, óvild og kala milli yfirvalds og undirgefinna í hèraðinu, og mundi margur bóndi heldur kjósa að borga skattinn, gæti hann klofið fram úr því, en að leggja málið til landslaga og rèttar, og það má ske móti elskuðu yfirvaldi; þetta er annaðhvort of mikil ónærgætni eða þekkíngarskortur. Aumíngja bændurnir í sveitinni eru ekki færir til þess arna, jafnvel þó þíngmanni Reykvíkínga virðist, að þetta sè þeim eigi of vaxið. Ræða hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns fèll mèr vel í geð, hvað aðalefni málsins snertir; hann segir, að við skattatökuna eigi sèr stað mikil rèttaróvissa, er almenníngur uni illa við, og það sè honum ekki láanda, *Jónsbókin* sè *lög* í þessu tilliti, annað ekki, venja sè að vísu orðin, að taka skattinn í sumum sýslum eptir öðrum mælikvarða; þessi orð, einhvers hins bezta löfræðíngs hèr á landi styrkja mig ekki lítið í þeirri meiníngu, að

hèr þurfi lagfæringar við, og að málið sè því ekki að óþörfu upp borið. En það, sem hinn sami konúngkjörni þíngmaður brúkaði sem mótbáru gegn því, að nefnd væri sett í málið, fannst mèr ofur lèttvægt. Eg veit það vel, að þíngið er búið að taka mörg mál til meðferðar og má ske fleiri, en það getur leitt til lykta, en eg bið þíngmenn vel að athuga það, hvort þetta mál er ekki þess vert, að það hafi fyrirrúm fyrir sumum af þeim, sem komin eru inn á þíngið. Þíngmaðurinn gat þess einnig, að ný skattgjaldslög mundu innan skamms koma út; bitti nú! bitti nú! ætli þau eigi ekki enn nú lánga leið í land? Við verðum þá kann ske flestir komnir undir græna torfu. Eg óska enn sem fyr, að nefnd verði sett í málið, og það 5 manna nefnd, því í henni þurfa að vera bæði lögfróðir menn og bændur.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Venja þessi hefir, eins og tekið hefir verið fram af sumum þíngmönnum og jarðabókarfrumvarpið bendir til, átt sèr leingi stað í Suður-Þíngeyjarsýslu, og eru það munnmæli, að það hafi komizt þar inn í embættistíð Þ. sýslumanns Bjarnarsonar, að skattur væri tekinn af fasteign og lausafè manna samanlögðu; hafa menn verið mjög óánægðir með þetta, og enda stúngið saman nefjum um, að þetta væri ekki sem rèttast; hefir því líka verið barið við, að þetta væri orðinn rèttarvenja í Gullbríngusýslu, og að þetta væri lögum samkvæmt eptir rentukammersbrèfi frá 1823. Eg hefi nú sèð þetta rentukammersbrèf ekki alls fyrir laungu, og get einga lagaheimild fundið í því fyrir þessum skatti. Þetta er því óvenja, sem ei á að tíðkast leingur, og sem menn því síður eiga að láta ryðja sèr víðar til rúms. Þar sem þíngmaður Reykvíkínga tekur þetta sem umkvörtun yfir sýslumanni, þá er það ránglt, því það er að eins umkvörtun yfir óvenju, sem er að ryðja sèr til rúms, og virðist mèr, að þíngið ætti að sporna á móti henni, og því vil eg mæla fram með nefnd.

Páll Sigurðsson: Þar sem þíngmaður Reykvíkínga vill láta vísa einföldum almúgamönnum með mál þetta til dómstólanna, þá er eg á móti því, því að vísa málinu þángað, held eg að sè hið sama og að hann færi að segja manni, sem væri ókunnugur og spyrði hann til vegar austur í Ölvesið: „þèr er betra, maður minn, að fara þveran Heingilinn en Lágaskarð“. Eg held, að bændur margir kysi heldur að borga skattinn, þó þeir áliti kröfu þá rángláta, en að fara í málsókn við sýslumann, og höfða málsókn við hann, þegar hann væri búinn að taka skattinn lögtaki, og þessi málsókn mundi verða mjög torsótt, því ekki má sýslumaður sjálfur dæma, sem

er málspartur; verður þá að fá annan dómara; nú eru sýslumenn allir skattheimtumenn, og má því líka að því leyti álíta þá sem viðkomendur sakarinnar, svo annaðhvort yrði að setja til dómara embættislausan lögfræðíng í undirrètti, og kynni hann þá ekki að vera fyrir hendi, og líka, hefði hann von um að verða sýslumaður bráðlega, þá væri það og álitamál; eða að reynt væri að sækja um leyfi til að láta málið gánga strax undir dómsaðgjörðir yfirrèttarins; og er þessi vegur því ekki eins auðfarinn, fyrir fátækan bónda, sem fulltrúi Reykvíkínga vill vísa þeim, sem hann hyggur.

H. G. Thordersen: Mèr skilst ekki betur, en að hèr eigi að tala um það, hvort nefnd skuli kjósa, og vil eg, að nefnd sè kosin í þetta mál, af því að hinn fyrsti konúngkjörni þíngmaður hefir sagt, að eingin föst regla væri með þessa skattatekju, svo mèr skilst ein reglan sè í einni sýslu og önnur í annari, og vil eg svo ekki fara leingra út í þetta mál; þegar það kemur aptur frá nefndinni, er tími að tala um málið sjálft.

Indriði Gíslason: Þíngmaður Reykvíkínga misskildi bænarskrána; hún heimtaði ei, að þíngið setjist í dómarasætið, heldur er hún umkvörtun yfir óreglu, og fyrir hverjum eiga landsmenn að kvarta, ef ei fyrir þínginu, og hvaða mál eru mikilvæg, ef ekki þau, er eiga að vernda land og lýð og yfirvöld fyrir óreglu?

Halldór Jónsson: Málefni þetta er svo mikilsvert, að eg skyldi ekki hafa hikað eitt augnablik við, að gefa atkvæði mitt fyrir því, að nefnd yrði í það kosin, ef eg hefði verið viss um þetta tvennt: 1., að það heyri undir þíngið, og 2., að nokkuð vinnist við það, að þíngið taki það til meðferðar. En eg efast nú um hvorttveggja. Menn hafa vitnað til 77. greinar í alþíngistilskipuninni til sönnunar hinu fyrra atriðinu; en í þessari grein stendur svo: „ef samt nokkur meðlimur er fullkomlega sannfærður um, að einstökum persónum sè órèttur gjörður“ o. s. frv. Nú vil eg spyrja, hvort nokkur þíngmanna sè fullkomlega sannfærður um, að þetta eigi sèr hèr stað; eg fyrir mitt leyti er það nú ekki, og eg get ekki ætlað, að nokkur sýslumaður, auk heldur margir, tæki skatt af lausafè og fasteign samanlögðu, ef eingin lagaátylla væri fyrir því. Mèr skilst líka af umræðum sumra þíngmanna, og af því, hvernig skýrt er frá að stjórnin hafi tekið í kvartanir hèr að lútandi, að eitthvað hljóti að vera vafasamt í lögum hèr um. Viðvíkjandi hinu seinna atriðinu, hvað vinnast kynni fyrir málið, veit eg ekki, hvort við getur átt að biðja konúng sjá til, að skattalögunum sè hlýtt; en að biðja

um lagaboð um þetta eina atriði, virðist mèr líka ísjárvert, þegar vonast má eptir, að frumvarp um algjörða breytíng skattalaganna verði, það allra fyrsta skeð getur, lagt fyrir þíngið.

Jón Hjaltalín: Eg er einnig meðmæltur nefnd, af því eg heyrði hinn 1. konúngkjörna þíngmann segja, að lögin væri á reiki í þessu efni.

Ólafur Jónsson: Eg mælti ei á móti nefnd, af því eg áliti málið svo lítilfjörlegt, heldur af því, að mèr sýndist ekki neinn árángur vera að fá af því, að taka mál þetta nú fyrir, eptir því formi sem var á uppástúngunni, en nú sè eg nefndin getur tekið aðra stefnu og beðið konúng, að málið verði prófað við dómstólana bændum að kostnaðarlausu, og ef nefndin tekur þessa stefnu, þá er eg með því, að nefnd sè valin.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil að mínu leyti styðja að því, að nefnd verði kosin í þetta mál. Uppástúngumaðurinn hefir sjálfur sagt, að mál þetta heyrði undir 77. gr. alþíngistilsk. og er eg honum í því samdóma. Þegar nú málið lýtur undir grein þessa, þá er það skylda þíngsins að gjöra það að álitum, hvort nokkrum manni hafi verið órèttur gjör eður eigi; þetta verður jafnan álitsmál, og ræður þá alþíngi því sjálft, hvort því þyki, að órèttur hafi verið gjörður eða ekki. Nú er eg sannfærður um, að ráugt sè að leggja landeign við lausafè til þess að taka skatt af, og því mæli eg fram með nefnd. Bænarskrá þessi fer og að eins fram á, að stjórnin hlutist til og sjái um það, að ei sè tekinn skattur nema að lögum, og biður því eigi um nein ný skattalög, eins og sumir þíngmenn hafa þó ætlað. Þessi er önnur ástæða til þess, að eg mæli með nefnd. En hvernig á nú stjórnin að hlutast til um þetta? segja menn. Hún þýðir fyrst lögin, og segir, af hverju fè skatt skuli lúka, og þá, hvort hann skuli greiða af lausafènu einu, eða af lausafè og fasteign samanlögðu. Menn hafa og enn sagt, og bera þeir fyrir sig ráðherrabrèfið 30. apríl 1855, að stjórninni þyki rètt, þar sem laung venja sè fyrir því, að leggja saman lausafè og fasteign, að taka skatt af hvorutveggja til samans; en þá hlýtur stjórnin að rannsaka, hversu laung þessi venja sè, eður hefð þessi er mikil, hvort það er 100 ára hefð, eða minna, fyrir því, að taka skatt þenna. Þetta á hún hægt með, því bæði hefir hún í höndum nokkrar manntalsbækur, og svo getur hún útvegað sèr þær; þegar nú stjórnin hefir feingið manntalsbækurnar, og hún finnur, að venjan er ekki laung, eins og eg ætla að sè um þetta mál, mundi hún skrifa amtmönnum, að ei væri ástæða til þess

að taka þenna skatt. En ef alþingi nú neitaði að taka við málinu, þá mundi fólk tregðast við að borga skattinn, af því þeir sæi af þingræðunum hèr, að jafnvel lagamennirnir eru efasamir um, að fyrir skattinum sè nokkur lög, og mundi þá fara miklu ver; það mundi vekja óvild, og menn fara að líta í tilsk. 15. maí 1705, 7. gr., er segir svo fyrir, að taki sýslumaður meiri skatt, en lög bjóða, þá skuli hann láta dreingskapinn, og ímynda eg mèr, að þingmaður Reykvíkínga muni heldur vilja, að stjórnin sè beðin um, að hlutast til, að ekki komist sú óregla á, er þessu geti valdið. Og þar sem nú þingið hefir tekið önnur mál, sem lúta að samskonar efni, eður geta verið dómsmál, svo sem rekalögin í Vestmannaeyjum, hvers vegna má þá ekki þetta mál koma til nefndar?

Stefán Jónsson: Eg veit, að þetta mál hefir fyr komið til þingsins, og vil eg því, að nú sè sett nefnd í það, og þó þingmaður Reykvíkínga segi, að þingið geti ekkert við það gjört, nema það setjist í dómarasæti, þá sjá allir, að það er sagt til að reyna til að fella málið, en ekki með ástæðum; bænarskráin bendir á annan veg, og nefndin getur, ef til vill, bent á fleiri vegi, en bænarskráin nefnir.

H. Kr. Friðriksson: Stjórnin getur eigi skorið, og sker eigi heldur úr því, hvað lög eru, heldur vísar hún því til dómstólanna, að þeir skuli skera úr því, og þá er alls ekkert unnið, en miklu betra að vísa málinu þegar til dómstólanna.

Brynjólfur Jónsson: Út af áskorun hins heiðraða flutníngsmanns bænarskráarinnar frá Árnessýslu vil eg leyfa mèr að geta þess, að eg veit ekki til, að í mínu kjördæmi sè skattur heimtaður af öðru en lausafè; og hefði þó má ske verið ástæða til þess, að bæta lausafjártíundina, sem svo er lítil, upp með fasteign, því þar eru þó einstöku menn, sem fasteign eiga; eg ímynda mèr, að hefði það áður verið á komið þar, að taka til fasteignartíundarinnar til að koma mönnum í skatt, þá mundi það hafa við haldizt; en nú á það sèr ekki stað, og hefir því einginn þar fundið ástæðu til umkvörtunar í því tilliti, en þar á móti hafa menn látið í ljósi óánægju sína út af því, að borga fullan skatt af því 1 eða ½ hndr., er þeir kynni að tíunda fram yfir manntal, og óskað þess, að á því yrði einhver breytíng gjörð.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg verð að segja, að mèr þykir mikið unnið, ef það fæst, að stjórnin vísi máli þessu til dómstóla. Eg held, að það sè æði munur, heldur en ef hver kotúngurinn væri

neyddur til þess, að sækja mál um það upp á sína peninga, og mæli eg því með nefnd, og held eg veiti ekki af 5.

Guðmundur Brandsson: Viðvíkjandi þeirri spurníngu, er þíngmaðurinn úr Norður-Múlasýslu setti fram, hvort nokkur þíngmanna væri sannfærður um, að hèr væri órèttur gjörður einstökum mönnum, þá vil eg geta þess, að ef Jónsbók eru þau einustu skattalög, sem gilda hèr á landi, þá er eg sannfærður um, að einstakir menn verði fyrir órètti með þessum skatti, og í þessari meiníngu minni hefi eg styrkzt af ræðu hins 1. konúngkjörna þíngmanns, og af þessari og fleirum ástæðum er eg fastur á því, að nefnd sè kosin í þetta mál.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg inngángsumræðu þessa máls lokið; en áður eg bið, að geingið sè til atkvæða, vil eg eptir áskorun flutníngsmanns geta þess að því er snertir mitt kjördæmi, að meðan eg bjó í Skaptafellssýslu, vissi eg ekki til, að þar væri nokkru sinni tekinn skattur af fasteign og lausafè, og um þau 2 ár, er eg hafði þar sýslumannsembætti á hendi, gat eg ekki sèð af manntalsbókunum nè öðrum skjölum, að 2 síðustu formenn mínir hefði nokkru sinni tekið þenna skatt, svo að eptir því sem hinum heiðraða þíngmanni úr Austur-Skaptafellssýslu sagðist frá áðan, þá virðist þessi venja vera nýfarin að smeygja sèr inn í Skaptafellssýslurnar, það er síðan um 1850.

Benedikt Þórðarson: Sem svar upp á áskorun þíngmanns Árnesínga get eg skýrt frá því, að skattheimta eptir samlagníngu lausafjár og fasteignar hófst fyrst upp í Ísafjarðarsýslu eptir árið 1835, varð hún þar þá mjög óvinsæl, og eg efa, að sá sýslumaður, sem þá var í Ísafirði, hafi nokkurt ár, meðan hann sat þar að völdum, getað komið henni almennt við, en hitt hefi eg heyrt, að eptirmaður hans í embættinu þar hafi eptir árið 1845 komið henni þar á meir með lagkænsku sinni en beinum lögum.

Í Barðastrandarsýslu ætla eg slík skattheimta hafi ekki upp komið fyr en eptir 1845, að þar urðu sýslumannaskipti; mun hún þá og mætt hafa þar mótspyrnum nokkrum, og það veit eg, að nú verandi sýslumaður í sýslunni heimtar ekki skatta fremur en góðu hófi gegnir og að lögum. Ómunahefð í sýslum þessum á sèr því eingan stað viðvíkjandi hèr umræddri skattheimtu.

Guðmundur Brandsson: Eg kenni brèfi stjórnarherrans 30. maí 1855 um þenna gáng þessarar óvenju, því það brèf varð þjóðkunnugt og kom til vegar nýrri hreifíngu hjá þeim, sem skatt áttu

að heimta, um leið og það vakti upp rentukammersbrèfið frá 1823, sem áður var mörgum hulið.

Forseti: Eg vil þá biðja menn að greiða atkvæði um það, hvort nefnd skuli kjósa í málið.

Var þá nefnd samþykkt með 20 atkv. gegn 4.

En þar bæði var stúngið upp á 5 manna nefnd og 3 manna nefnd, var einnig geingið til atkvæða um þetta, og var 5 manna nefnd samþykkt með 12 atkvæðum gegn 9.

Var síðan geingið til nefndarkosníngar, og hlutu þessir flest atkvæði:

Þórður Jónassen 21,
Magnús Andrèsson 20,
Vilhjálmur Finsen 9.

Næst þessum hlutu 4 jöfn atkvæði, 8 hvor þeirra; það voru *Guðmundur Brandsson, Páll Sigurðsson, Jón Pètursson* og *Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn, en þeir *Páll Sigurðsson* og *Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn reyndust þeirra elztir, og urðu því nefndarmenn.

Síðan var málið afhent hinum 1. konúngkjörna þíngmanni, er hafði hlotið flest atkvæði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til undirbúníngsumræðu nefndarálitið um konúnglegt frumvarp til opins brèfs, *um að lögleiða skatt af tómthúsum og óbyggðri lóð í Reykjavík; framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður frá Reykjavík.

Nefndarálitið var afhent *framsögumanni.*

H. Kr. Friðriksson: Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálit þetta.

Nefndarálitið var lesið upp, svo látanda:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að íhuga og segja álit vort um konúnglegt „Frumvarp til opins brèfs um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík".

Vèr höfum íhugað mál þetta, og leyfum oss að kveða upp álit vort um það, og er það eins og nú skal greint.

Vèr getum eigi betur séð, en að það sè rètt og sanngjarnt í alla staði, að leggja á skatta þá, sem í frumvarpinu ræðir um; því að bæði virðist það því til fyrirstöðu, að reisa timburhús eða múrhús, er gjalda skal húsaskatt af þeim, en eingan af torfbæjum, og

líka þykir oss það næsta ósanngjarnt og sjálfu sèr ósamkvæmt, að leggja skatt á sum hús bæjarins, og það einmitt þau, er mestan þarf tilkostnaðinn til, og sem þó væri óskanda að fjölguðu sem mest; en láta þau sleppa, sem æskjanda væri að fækkuðu sem fyrst. Eigi virðist oss það heldur sanngjarnara, að hver geti haft svo mikla lóð, sem hann vill, bæði til kálgarða og annars, án þess að gjalda neitt eptir; enda hefir af því flotið, og hlýtur að fljóta, að íbúarnir hafa sótzt eptir sem stærstu svæði auðu um kríng hús sín, og það til mikils óhagræðis fyrir bæinn.

1. grein.

Þegar vèr nú snúum oss að hinum einstöku greinum frumvarps þessa, skulum vèr geta þess, að enda þótt vèr að öllu leyti föllumst á 1. greinina að efninu til, þá vildum vèr þó breyta orðtækjum nokkrum, til þess að taka af allan vafa um, að reglan gildi án undantekníngar um alla bæi og útihús í umdæmi kaupstaðarins, er eigi hafa híngað til verið talin með „kaupstaðarhúsum“, og er það þá fyrst, að vèr vildum hafa upphaf greinarinnar þannig: *„Á alla bæi og tómthús í umdæmi Reykjavíkurbæjar, og eins á alla hjalla og önnur útihús“;* þykir oss svo ljósar til orða tekið; aptur á móti viljum vèr sleppa orðunum: *„er þeim fylgja“,* með því það gæti leitt til þess skilníngs, að þeir hjallar eða útihús, er eigi fylgdi neinum torfbæ eða tómthúsi, skyldu undanþegin hússtæðisskatti; og enn fremur viljum vèr sleppa orðunum: *„og einkum“,* er gæti, ef til vill, skilizt svo, að skattinn mætti og leggja á á annan hátt, en á eptir segir, sem þó eigi er. Vèr viljum og stínga upp á þeirri orðabreytíngu, að í stað orðanna: *„viðvíkjandi lóðargjaldi“,* verði sett: *„um lóðargjald“;* því að það þykir oss málrèttara og málfegra.

2. grein.

Þar sem þessi grein kveður svo á, að aldrei skuli gjalda toll þann, sem hèr ræðir um, af meira en í hæsta lagi 1000 ferhyrníngsálnum fyrir utan hina eiginlegu kaupstaðarlóð, þá er þessi ákvörðun byggð á því, að eigi sè með of háum tolli hamlað því, að menn tæki stærri bletti til ræktunar. Á hinu bóginn er sá ókostur á þessu fyrirkomulagi, að talsverðan ójöfnuð leiðir af því, þar sem t. a. m. sá, sem hefði 8000 ferhyrníngsálna stóran kálgarð, skyldi eigi greiða meira gjald en hinn, sem hefði þann garð, sem að eins væri 1000 ferhyrníngsálna. Enn fremur gæti af þessu leitt, að einstakir menn mundu því fremur vilja eignast sem stærsta bletti, með því gjaldið ekkert hækkaði, hversu mjög sem bletturinn ykist, og af

því gæti þá aptur leitt, að aðrir bæjarbúar ætti óhægra með, að fá þá bletti eða svo stóra, sem þeir með þyrfti; enda gæti bærinn misst tekjur við þetta fyrirkomulag, með því að sá, sem ætti einhvern einn blett, keypti upp fleiri bletti þar í kríng um sig, sem hann þá aldrei þyrfti að gjalda meira eptir, en fyrir fyrstu þúsund álnirnar, eins og það, ef til vill, gæti leitt til hylmíngar á réttum eiganda blettanna. Af þessum ástæðum höfum vèr nefndarmenn tekið til nákvæmrar íhugunar, hvort ekki mætti ná betri jöfnuði og komast hjá ókostum þeim, sem þegar eru greindir, með öðru fyrirkomulagi, og höfum vèr álitið, að greininni mætti breyta á þá leið, að goldið sè eptir alla bletti eptir stærð sinni, með því móti, að gjaldinu eptir tún þau, sem eru í umdæmi bæjarins, sè breytt, og það svo lágt, sem hæfilegt þykir, án þess það verði of þúngbært. Eins og enn er ástatt hèr í grenndinni, er það næsta ísjárvert, að leggja þær álögur á þessi tún, að þær verði eigendum mjög þúngbærar, eða verði þess valdandi, að þeir, sem túnin hafa til umráða, neyðist til að eyða þeim, eða stykkja þau sundur í smáparta til garða eða annars því-umlíks. Nefndinni hefir því virzt hæfilegt, að gjaldið fyrir túnbletti, sem liggja fyrir utan hina eiginlegu kaupstaðarlóð, þar sem einkum er spurníng um að hafa slík tún, væri ákveðið fyrir hverja dagsláttu, eða hverja 900 ferhyrníngsfaðma, og að gjaldið þá yrði eigi sett hærra en 3 álnir á landsvísu eptir hverja dagsláttu, og finnst oss réttast, að ákveða gjaldið þannig, svo það breytist eptir verðlagsskránni árlega. Á hinn bóginn þykir nefndinni eigi næg ástæða til, að þiggja þá fáu túnbletti, sem eru á hinni eiginlegu kaupstaðarlóð, undan hinu hærra gjaldinu; þessir blettir eru reyndar eigi margir, en nú er svo komið, að húsastæði handa nýjum húsum eru næsta mjög farin að minnka, og því þykir oss eigi vert, að gefa íbúum Reykjavíkurbæjar, sem hafa slíka túnbletti, eða auð svæði, stærri en þeir sjálfir þurfa sèr til afnota, ástæðu eða tilefni til, að neita þeim, sem kynni að vilja reisa þar ný hús, um bletti þessa við sanngjörnu verði, eða að setja verðið svo hátt, að eingum sè kaupanda. Sökum þessa viljum vèr nefndarmenn láta afgjaldið af túnblettunum, sem eru á kaupstaðarlóð þeirri, sem ákveðin var með mælíngargjörð 22. og 23. dag maím. 1792, vera hið sama sem af kálgörðum og stakkstæðum, og viljum því stínga upp á, að 2. grein verði þannig orðuð:

> *„Á alla kálgarða, húsagarða og stakkstæði í umdæmi Reykjavíkurbæjar, hvort heldur lóðin er umgirt eða óum-*

girt, skal ár hvert jafna lóðarskatti eptir flatarmáli, er sè að upphæð $^1/_6$ af gjaldi því, sem rædir um í 1. gr.; sama gjald skal og greiða af túnblettum peim, sem eru á lóð peirri, sem ákveðin var handa kaupstaðnum með mælingargjörð 22. og 23. d. maím. 1792. Af túnblettum peim, er liggja fyrir utan tèða kaupstaðarlóð, skal gjalda 3 álnir í peningum eptir verðlagsskrá, eptir meðalverði allra meðalverða, ár hvert eptir dagsláttuna, eða að rèttri tiltölu við það".

Með þessum breytíngum viljum vèr ráða þínginu til, að biðja konúng vorn, að honum allramildilegast mætti þóknast, að frumvarp þetta yrði gjört að lögum með nýári 1861.

Reykjavík, 15. dag júlímánaðar 1859.

H. Kr. Friðriksson, formaður og framsögumaður. *Vilhjálmur Finsen. Jón Pètursson".*

Framsögumaður: Nefndarálitið er hvorki margbrotið nè torskilið; eg skal því eigi fara orðum um það að sinni, fyr en eg heyri athugasemdir þíngmanna um það.

Guðmundur Brandsson: Það hentar ekki fyrir mig að tala mikið í þessu máli, því eg er því ókunnugur, en eg vildi að eins leyfa mèr að leggja fyrir hinn heiðraða *framsögumann* nokkrar spurníngar, sem eg vildi biðja hann að skýra fyrir mèr, svo eg þar af geti feingið leiðbeiníngu í þessu máli: 1) Hafa eigi lóðir verið mældar út og tómthús byggð með því skilyrði, að þau væri eptirgjaldsfrí? og 2) Hafa ekki tún verið afhent með vissum skilmálum, um vissan tíma, en eptirgjaldslaust að öðru leyti? Hafi nú þetta verið, þá vil eg spyrja: er tilefni til að rjúfa þenna samníng, ef þetta hefir verið svona?

Framsögumaður: Spurníngum þíngmannsins úr Gullbríngusýslu vil eg svara því, að því er tómthúsin snertir, að þau hafa verið útmæld, án þess borgun hafi verið áskilin, en það er af því þau standa á kaupstaðarlóðinni, sem ekki varð lagður skattur á nema með lagaboði. Um túnin veit eg ekki til að sá skildagi sè, að eigi megi leggja skatt á þau, en sè hann til, þá eru þau sjálfsagt undanþegin.

Guðmundur Brandsson: Eg held þó, og eg veit, að túnblettir hèr á bæjarlóðinni hafa verið útmældir og eru ræktaðir með því skilyrði, að þeir skuli vera eptirgjaldslausir um víst árabil, og á þá verður þá ekki lagður skattur nema með því að rjúfa þessa skil-

mála, og mundi ekki mælast vel fyrir því. Bæjarstjórninni er að vísu vorkun, þó hún hafi gripið til þessara óyndisúrræða, því hún hefir ekki haft önnur ráð þá fyrir hendi, en frumvarpið er frá henni, það er auðsèð; en ætla að almennur borgarafundur hafi þá verið kallaður saman til að ræða þetta mál, eins og 24. gr. í tilskip. frá 1846 gjörir ráð fyrir að gjöra skuli í mikilvægum málefnum, svo að samþykki sem flestra feingist fyrir því, að þetta ætti svona að vera? Því í ástæðunum fyrir frumvarpinu segir, að þetta sè samkvæmt áliti almennings, og skyldu menn þá ætla, að þetta hefði gjört verið. Hvað skattinum sjálfum viðvíkur, þá sýnist það að vera ósanngjarnt og ósamkvæmt að svara jafnt fyrir moldarhús og timburhús; á moldarhúsum eru veggirnir, eins og allir vita, þykkir og taka mikið rúm í samanburði við timburveggi, svo rúmið í moldarhúsunum verður að því skapi minna en í hinum. Þar að auki geta timburhúsin verið tví- og þríloptuð, og því er einmitt ástæða til, að meira álag væri á þeim. Hvar hin verulega kaupstaðarlóð er, sem út mæld var 1792, það er mèr nú ekki fullkunnugt, enda gerir það lítið til; eg sè, að gjörður er talsverður munur á eptirgjaldi túnbletta þeirra, sem á henni liggja, og hinna, sem eru á hinni svo nefndu bæjarlóð; eg veit nú ekki, á hverju þetta er byggt; og finnst mèr koma hèr fram nokkur ósamkvæmni, sem sýnir, að ráð þeirra, sem sömdu frumvarpið, hafa verið nokkuð á reiki.

Framsögumaður: Sè nokkrar lóðir, þær er út mældar sè með því skilyrði, að eingan almennan skatt skuli nokkru sinni á þær leggja, þá er auðvitað, að skatturinn eigi verður lagður á þær. Þar sem það er talið ósanngjarnt, að láta sama skatt hvíla á torfbæjum og tví- og þríloptuðum húsum, þá getur það verið satt, að af tví- og þríloptuðum húsum ætti að greiða meira skatt, en af öðrum húsum, en til að jafna það, þarf nýtt lagaboð; það er annað mál, hvort eigi sè ástæða til að breyta húsaskattinum, en það verður breytíng á tilskipun 27. nóvemb. 1846, en hèr verður það ekki tekið til greina. Það hefir heldur ekki verið lagt á hjalla, heldur timburhús og súðþökt hús, sem hafa verið við bæi, eða tilheyrt þeim. Hvað almennan borgarafund snertir, þá gjörir 24. gr. í tilskip. 27. nóv. 1846 ráð fyrir, að, ef amtmanni eða stjórninni lítist svo, láti amtmaður kalla saman almennan borgarafund; en bæjarstjórnin getur ekki heimtað það; en bæjarstjórninni þótti ekki ástæða til þess; því mönnum þótti skatturinn áríðandi og sanngjarn, og vissu eigi til, að það væri nein óánægja um það.

H. G. Thordersen: Eg vil taka það fram, hvort þessi skattur einnig eigi að leggjast á aðrar jarðir en hina eiginlegu bæjarlóð, t. a. m. á kirkjujörðina Sel; því ef það er meiníngin, verð eg að vera því mótfallinn; því eg skil ekki, að kjör prestsins hèrna sè svo góð, að þetta litla gjald hans af jörðinni rýrist. Þetta vil eg biðja hinn heiðraða *framsögumann* að skýra mèr ljóslega og greinilega.

Guðmundur Brandsson: Það lítur svo út, sem mönnum sè þetta fyrirkomulag ekki ljóst, t. a. m. hinum háttvirta öðrum konúngkjörna þíngmanni, og er hann þó ekki lángt í burtu frá bæjarstjórninni hèrna; hún hefir líkast til skapað frumvarpið svona á knè sèr, án þess að kalla marga þar til. En nú vil eg spyrja: eru hèr ekki nokkrir húseigendur, sem svo að kalla liggja við sveit, og er þá ekki að leggja á þá skatt sama og að setja þá út á sveitina, eða að leggja hann á sveitina? því ef tollur er tekinn af þeim, þá verður að styrkja þá aptur sem því nemur, og það er sama sem að taka úr öðrum vasanum til að láta í hinn; hvernig á að koma þessu fyrir? Eg veit, að þetta á sèr víða stað í sveitum; þó það heiti svo, að menn eigi kofa yfir höfuðið á sèr, þá er það í raun og veru ekki, þegar þeir annaðhvort gjalda ekkert til sveitar eða þeim er lagt af sveit, og eru þar að auki stórskuldugir.

Pètur Pètursson: Það hefir nú verið tekið flest af því fram, sem eg vildi minnast á. En þó hefir það ekki verið tekið fram, hvort einnig eigi að leggja toll á þau tún, sem hèr eptir kunna að verða ræktuð út fyrir utan kaupstaðarlóðina; því það er ekki tekið fram í nefndarálitinu, þó það sè líklega líka meint, að leggja skuli á þau tún, sem á að rækta. En mèr þykir ísjárvert að leggja toll á óræktarmóa; því eg fyrir mitt leyti vildi heldur, að gefin væri verðlaun hverjum, sem ræktaði túnblett fyrir utan bæinn; hitt er líka gagnstætt reglum þeim, sem stjórnin hefir farið fram á til að fá menn til að rækta út, því fyr hafa menn feingið verðlaun fyrir þúfnaslèttun, túngarðahleðslu og aðra jarðarrækt. Frumvarpið fer því í gagnstæða átt við það, sem tíðkanlegt hefir verið og sem sýnist vera nauðsynlegt, eins og hèr er ástatt, hvar jarðvegurinn er svo grýttur og hrjóstugur. Þau tún, sem eru hèr fyrir utan kaupstaðarlóðina, eru annaðhvort leigð eða keypt; og það væri því ósanngjarnt að leggja nýjan skatt á þessi tún, sem kaupandi hefir ekki búizt við, þegar hann keypti. Eg get því ekki sèð, hvernig tollur verður lagður á þau. Hvað viðvíkur skattinum á bæi og tómthús, þá hefir þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu tekið flest af því fram, sem eg ætlaði

að segja; eg vil einúngis bæta því við, að tómthúsmenn hafa eigi sömu rèttindi og borgarar, og því er ekki sanngjarnt, að leggja sömu eða jafnþúngar álögur á þá. Í ástæðum stjórnarinnar stendur, að bæjarstjórninni þyki æskilegt, að tómthús fækkuðu. Eru þá tómthús sama og torfhús? Það getur ekki verið, því tómthús gefur atvinnuveginn til kynna. Eða er það rètt, að leggja stöðugan toll á það, sem menn óska að líði undir lok, eða hafa rènun gjaldstofnsins sem æskilega fyrir augum, þegar gjaldið er lagt á? Að óska, að tómthús fækki, sem þó á að leggja tollinn á, er sama og að óska, að tollurinn falli um sjálfan sig; því hann fellur þó með fækkun tómthúsanna. Nefndarálitið segir, að margir vilji fá stór svæði; það getur verið að svo sè; en byggíngarnefndin mælir út, eins og henni lízt þurfa, svo að sá vilji þarf ekki að takast til greina í þessu efni. Mèr þykir því ísjárvert að fallast á nefndarálitið, eins og stendur. Mèr virðist líka, að hèr vanti upplýsíngar eða áætlun um kostnaðinn við barnaskólann. Slíkar áætlanir eru opt óáreiðanlegar og kostnaðurinn verður opt, þegar til á að taka, meiri, en á var ætlað, og hvernig á þá að fara að?

Forseti: Eg verð að vekja athygli hins háttvirta þíngmanns að því, að kostnaðurinn við barnaskólann liggur ei fyrir til umræðu nú í þessu máli.

Pètur Pètursson: Eg held mig til ástæðanna fyrir frumvarpinu; annars hefi eg eingu fleira við að bæta.

Arnljótur Ólafsson: Eg er því miður of ókunnugur þessu máli og svo skilst mèr fleiri muni vera. Hinn 3. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu hafa nú tekið fram margt af því, er mèr fannst athugavert. Eg vil því einúngis leyfa mèr að spyrja hinn heiðraða *framsögumann,* áður en hann stendur upp, hvort eigi sè eptir fyrstu grein frumvarpsins lagður sami skattur á tómthús og hjalla sem á timburhús og geymsluhús, og hvort það sè nýr skattur, sem tómthús híngað til hafa verið laus við? Ef nú svo er, að tómthúsin hafi verið laus við skatt þenna, þá vil eg benda mönnum til þess, að það er ósanngjarnt að leggja nýjan skatt á þau eður á nokkur hús, en ekki öll, því skattur er jafnan eignarskerðíng og hlýtur því hèr að rýra verð tómthúsanna í samanburði við kaupstaðarhúsin. Það er ljóst, að tómthús og hjallar rúma minna en hús í bænum, og þó á skatturinn að vera eins, og er það næsta ósanngjarnt. Menn vilja útrýma tómthúsunum, heyri eg suma þíngmenn segja; en það verður ekki með því að gjöra tómthúsmenn ó-

færa til að byggja timburhús. Menn verða að gæta að því, að það er af efnaleysi, en ekki af viljaleysi, að tómthúsmenn byggja eigi betri hús, en þeir hafa, heldur búa í lundaholum. Það er ósanngjarnt og ísjárvert að leggja jafnháan skatt á tómthúsmenn, því þeir hafa ekki jafnrètti við bæjarbúa aðra; eður má eg spyrja: er það sanngjarnt að leggja jafnan skatt á þá og hina, sem hafa fimmfalt meira rètt í sveitarfèlagi því, er þeir gjalda til, því tómthúsmenn velja ekki nema 1 úr sínum flokki í bæjarstjórnina, en bæjarbúar 5, og munu þeir þó eflaust vera færri en tómthúsmenn? Nei, það er ósanngjarnt. Í nefndarálitinu er gjörð sú breytíng, að leggja skuli á alla bæi; er það þá eins, hvar sem þeir eru í lögsagnarumdæminu, t. a. m. fram um Nes, inn að Rauðará, eða upp við Brennu, eður skal leggja jafnt á bæi þá, er standa á konúngseign, eður bændaeign, eður á bæjarins lóð? 2. gr. frumvarpsins er breytt mjög hjá nefndinni, en að eins í einu til hins betra, þar sem lagt er á tún eptir stærð. Í grein þessari ræðir nú um lóðartoll af kálgörðum, stakkstæðum, túnum o. s. frv., og gjörður munur á, hvort það er fyrir utan eður innan kaupstaðarlóðina. Ef það er fyrir innan, þá er lagður $^1/_6$ sk. á ferhyrnda alin, en sè túnið fyrir utan, þá eru 3 álnir lagðar á dagsláttu hverja. Þar sem nú *framsögumaður* kallaði þetta lítið gjald, þá get eg ekki verið honum samdóma, því hèr stendur í 1. gr., að lagt skuli á hverja ferhyrníngsalin, en ekki ferhyrníngsfaðm, en í dagsláttu eru 8100 ferhyrníngsálnir, og verður eptir því gjaldið á dagsláttuuni 14 rd. og 6 sk., í staðinn fyrir hann gjörði það 9 mörk; og er það ljótur grikkur fyrir þá, sem nýlega hafa keypt túnin hèrna fullu verði. Eg veit nú ekki, hvað skólatúnið er stórt eða túnjaðarinn frá tjörninni upp í Þíngholtin inni á kaupstaðarlóðinni, sem nýlega kvað vera seldur; en hitt veit eg, að kaupendurnir hafa eigi gjört ráð fyrir þessum skatti, og rektor eigi heldur. Í 2. gr. hefir nefndin hækkað gjaldið til 3 álna fyrir dagsláttuna; það er að vísu betra, að farið sè eptir stærð, en gjaldið er of hátt. Þetta er nú líka ósanngjarnt fyrir suma; prófasturinn í Odda á t. a. m. hèr tún; hann hefir eingin rèttindi hèr sem bæjarbúi, það er því hart að leggja toll á hann, og það að honum fornspurðum. Hèr er talað um meðalverð allra meðalverða; er það meðalverð allra meðalverða á öllu landinu, eða er það eptir verðlagsskránni hèr í Suðuramtinu, Skaptafellssýslu undanskilinni? Mælíngarbrèfið frá 1792 hefði og átt að fylgja með lagaboðinu, svo sèzt hefði, hvað meint er, og er það vandi á öðrum stöðum, t. a. m. í

Kaupmannahöfn, þegar lagaboð um bæjarskatt þar var gefið, og er það einnig hèr nauðsynlegt, svo gjaldandi geti sèð, hvort hann er á kaupstaðarlóðinni, eður ekki.

Framsögumaður: Eg skal nú að eins svara fáu. Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður spurði, hvort leggja skyldi skattinn á allar jarðir í umdæminu og þá Sel líka. Frumvarpið gjörir einga undantekníngu, og nefndin fann eigi ástæðu til að breyta því að neinu. Þar sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu spurði, hvernig taka ætti húsaskatt af fátæklíngum, sem lægi við sveit, það væri að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn, þá verð eg að svara því, að fátækrastjórnin verður að gjalda, ef einhver ekki getur fyrir fátæktar sakir; það verður að leggjast á sveitina, eins og hver annar styrkur til fátækra. Þar sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður vakti máls á, hvort einnig skyldi gjalda fyrir ný tún, sem síðar yrði ræktuð, þá er ekkert um það í nefndarálitinu, og ekki ætlazt til þess; en bæjarstjórnin á frjálst að semja við þann, sem rækta vill, þegar bletturinn er útmældur. Komi einhver og biðji um blett, þá getur bæjarstjórnin sagt: „já, með þessum kostum“, og þá getur hann geingið að eða frá; vilji hann svo ekki gánga að því, svo er ekkert um það að tala. Það er sagt, að tómthúsmenn hafi minni rèttindi; þeir velja að vísu ekki nema 1 mann í bæjarstjórnina, en eg veit ekki, hvort það er næg ástæða til þess, að þeir gjaldi minna, eða fái hússtæði fyrir ekkert, og þó veggirnir sè þykkri, þá er það eingin ástæða til að minnka skattinn; því bæir þeirra taka því meira rúm upp. Ef leggja ætti skatt á eptir rúminu í húsunum, þá yrði það að vera eptir cubikmáli, en til þess yrði þá að breyta tilsk. 1846, og það getur nú verið, að ástæða sè til þess; en það á nú ekki hèr við. Þegar tómthúsin fækka, þá koma timburhús í staðinn, eða gjöldin rýrna, sem því nemur, og það verður bærinn undir að búa, eins og hverri annari breytíngu, sem á kann að verða. Þar sem hinn 8. konúngkjörni þíngmaður sagði, að byggíngarnefndin útmældi mönnum lóðirnar, þá er það að vísu satt, en þegar hún sèr, að svæðið eða lóðina ekki þarf til annars í bráð, þá hefir hún eigi brýna ástæðu til að neita, ef sennileg ástæða er fyrir beiðninni, og einginn þarf annars; það er líka mikill vandi á fyrir hana að neita um slík svæði. Eg skal játa, að eg skildi ekki þíngmann Borgfirðínga á sumum stöðum; hann var eitthvað að tala um 3 mörk eða 9 mörk á 100 álu. Það stendur hvergi, heldur 3 álnir. Hann spyr, hvað, ef innan garða? það er ekki hægt að segja, hvað gjaldið verður mikið; það getur breytzt, eptir því sem

bæjargjöldin breytast. Af húsunum hefir það verið nokkuð misjafnt; síðan eg fór að fást hèr við þessa bæjarstjórn, mun húsaskatturinn að meðaltali hafa verið $^5/_6$ skildíngs. Eg játa það, að gjaldið kann að þykja nokkuð mikið af túnblettunum hèr í bænum sjálfum eða á hinni eiginlegu kaupstaðarlóð, en þessir blettir eru næsta fáir og til óhægðar, svo ekki fæst hússtæði og þess vegna hefir nefndin farið fram á þetta; því að nefndin vildi eigi, að eigendur hefði gilda ástæðu til að neita um slíka bletti til hússtæðis, þegar falazt væri eptir, eða setja afarverð á þá. Um verðlagsskrána skal eg svara því, að það er svo sem auðvitað, að það er sú, sem sett er hèr í Suðurumdæminu.

Pètur Pètursson: Í nefndarálitinu stendur „af túnum“; er það að skilja um túnbletti þá, sem nú eru? þá er betra að taka það fram: „af túnblettum, sem nú eru“; eins er það ótiltekið um tómthúsin, hvort það eru þau, sem nú eru, eða þau, sem seinna byggjast; það er of óljóst orðað. Það má einginn skilja mig svo, að eg sè á móti barnaskóla. En það er vandi að skipa slíku. Eg held nú það sè ekki þörf á slíku lagaboði nú eptir efnahag bæjarins; því ef þyrfti, mundi mega jafna það, sem kennslukaupið ekki hrykki til, niður á bæjarbúa eptir efnum og ástandi, með sèrlegu tilliti til þeirra jarðarafnota, sem menn hafa, og því getur bæjarstjórnin vel komið fyrir, og það er betra en lagaboð, sem mönnum nú er ógeðfellt og sem yrði ósanngjarnt.

Guðmundur Brandsson: Eg er með öllu samþykkur hinum 3. konúngkjörna þíngmanni í því, að betur hefði farið að innibinda þetta gjald í aukaútsvari bæjarbúa, og hefi eg stúngið upp á því við hinn heiðraða *framsögumann*, að þetta væri hið eina ráð, það hægasta og vinsælasta; en svarað hefir verið, að þetta væri of mikið gjörræði og sjálfdæmi, því það væri farið á bak við almenníng, þegar slíkum útsvörum væri jafnað niður; en þetta er almennt í sveitum, þegar hreppstjórar með nokkrum bænduni jafna niður aukaútsvari á alla hreppsbúa. Hèr er nú líka, held eg, farið á bak við alþýðu. Með tilliti til túnblettanna, sem eg talaði um áðan, ætla eg að áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að þau verði undanþegin gjaldinu, og hvað torfhús snertir, að gjaldið fyrir þau verði helmíngi lægra en af timburhúsum.

H. G. Thordersen: Eg áskil mèr einnig breytíngaratkvæði áhrærandi Sel, af áður greindum ástæðum.

Arnljótur Ólafsson: Eg bjóst við, að hinn 2. konúngkjörni

þíngmaður mundi undanþiggja skólann, eins og kirkjuna; en fyrst hann nú eigi gjörði það, þá vil eg, að það fylgi þó með. Hinn háttvirti *framsögumaður* kvaðst eigi hafa skilið mig; eg skal þá reyna til að tala svo skiljanlega, sem mèr er framast auðið. Það er þá í fám orðum sagt, að hússtæðisskattur og lóðarskattur þessi er gagnstæður öllum skattalagareglum, hann er ósanngjarn, óákveðinn, og hamlar framförum atvinnuveganna. Hann er ósanngjarn, því hann liggur jafnt á kotbænum og húsum hèr niðri í bænum, og þó eru tómthús og hjallar miklu minna virði, en bæjarhús og geymsluhús í kaupstaðnum; hann er ósanngjarn, því tómthúsmenn eru almennt fátækari en bæjarmenn; hann er ósanngjarn, því tómthúsmenn hafa miklu minni rèttindi en bæjarbúar. Skattur þessi er óviss eður óákveðinn, og er það ljósastur votturinn, að *framsögumaður* gat sjálfur ekki sèð, hvað gjaldið yrði af túnblettunum og húsagörðunum. Að undanförnu hefir hússtæðisskatturinn verið um 1 sk. af ferhyrndri alin, og svo er líka gjört ráð fyrir í ástæðunum við 1. grein frumvarpsins; nú þá er $^1/_6$ sk. er lagður á hverja ferhyrnda alin, eptir 2. gr. nefndarinnar, þá verður það 14 rd. 6 sk. af dagsláttunni. Ætli skólinn geti vel staðið sig við það, er hann svo ríkur? eða þeir til dæmis, sem hafa nýkeypt tún? Hann er óákveðinn, því ekki er ljóst, hvort allir bæir, hvort bæjarins eign, eða einstakra manna eign skuli bera álögu þessa; skattur þessi er óákveðinn, því eptir hvaða verðlagsskrá á hann að taka? Skattur þessi veldur gjörræði, af því hann er svo óákveðinn, og enginn fær að sjá, af hverjum stofni hann er tekinn, nè heldur, hvernig lögin eigi að skilja. Skattur þessi stendur og enn fremur framförum atvinnuveganna fyrir þrifum, og vona eg hverjum sè auðsætt, hversu mjög ísjárvert það sè, að leggja þúngar álögur á þá, sem rækta eða gjöra nokkrar jarðabætur hèrna í kríngum bæinn; það tálmar framförum jarðræktarinnar og sjávarútvegsins, og bæjarsjóðurinn hefir þá einmitt baga af því. Verði frumvarpið ekki fellt, vil eg áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að gjaldið verði sett niður um helmíng eður þar um bil.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir ísjárvert að leggja skatt þenna á kálgarða og tún; því ágóðinn af þeim er ekki svo mikill. Eg þekki að sönnu ei nákvæmlega til um túnin, en um kálgarða get eg borið, því það hefi eg reynt sjálfur. Eg hefi tekið eina dagsláttu til kálgarðs; fèkk mèr duglegan mann; en erfiðið varð meira, en eg hugði. Nú er eg búinn að kosta upp á hann 33 rd., og það líða mörg ár, áður en það getur borgað sig, en eg ætla samt að halda áfram; en

eg held það renni þó á mig 2 grímur, ef eg þar á ofan á að borga 14 rd. í skatt. Jörðin hèr er mögur, það heimtar mikið erfiði, að fá kál og jarðepli, og ávinníngurinn lítill, og mun sú reyndin á verða fyrir flestum; þó er á hinn bóginn æskilegt, að holtið hèrna í kríng yrði yrkt og ræktað út, en það verður því að eins, að eingar nýjar álögur verði lagðar á það.

Þórður Jónassen: Eg get ekki aðhyllzt þá skoðun, sem hèr er verið að halda fram, að álagan á tómthúsmennina, sem hèr ræðir um, sè ósanngjörn, þegar á hinn bóginn er litið á kjör tómthúsmanna hèr í bænum; það væri öðru máli að gegna, ef þeir sætti þúngum álögum og afgreiðslum, en það er ekki því máli að gegna; þeir búa hèr við betri kjör, en nokkurstaðar annarstaðar; við þurfum ekki að fara nema hèrna út fyrir garðana til þess að fá sönnun fyrir þessu atriði, þar gjalda tómthúsmenn yfir höfuð vættarvirði í lóðartoll eða 3—4 ríkisdali um árið, hèr gjalda tómthúsmenn eingan lóðartoll, en hafa uppsátur og fiskiverkunarpláss, móskurð handa sjálfum sèr, og til sölu, eins og þeir geta komizt yfir, og hagagaungu fyrir skepnur sínar í bæjarins landi, allt ókeypis, nema hvað þeir borga til bæjarsjóðs, og það gjald er reyndar ekki nema til þeirra eigin þurfamanna; þetta kalla eg nú góð kjör, og þau eru betri en tómthúsmenn hafa, hvar sem leitað er, og af þessu kemur það, að svo margir vilja setjast hèr að, sem unnt er, og fá færri en vilja, en þeir færi ekki þessa á leit, ef þeir þættist ekki skipta um til batnaðar. Álagan, sem stúngið er upp á, er því, þegar á allt er litið, eingan veginn ósanngjörn, eg held hún muni verða svo sem 10—12 mörk um árið af hverju tómthúsi, og það er miklu minni afgreiðsla, en tómthúsmenn borga annarstaðar.

Konúngsfulltrúi: Mèr er að vísu þetta mál ekki svo kunnugt, að eg geti haft um það fullgrundaða meiníngu. En það þykist eg skilja af skjölum málsins, að ef þíngið kæmist til þeirrar niðurstöðu, að hrinda frumvarpinu, þá sè barnaskólanum einnig þar með hrundið, en væri eg þíngmaður, og þó ekki kunnugri málinu, en eg er, mundi eg hika mèr við að hrinda skólamálinu, og þykir mèr líklegt, að fleiri þíngmenn sè svo sinnaðir. Sumir þíngmenn hafa látið á sèr skilja, að bezt mundi eingin lög að hafa í þessu tilliti, en fela bæjarstjórninni á hendur að jafna öllum kostnaði til barnaskólans á bæjarbúa eptir efnum og ástandi, líkt eins og hreppstjórar jafna niður aukautsvari á herppsbúa sína, en í því tilliti bið eg þess gætt, að hreppstjórarnir hafa í löggjöfinni fullkomna heimild til að gjöra

þvílíka niðurjöfnun; þar á mót efast eg um, að bæjarstjórnin í Reykjavík hafi myndugleika til, að jafna niður öllum skólakostnaðinum eptir efnum og ástandi, nema því að eins hún með lagaboði feingi heimild þar til. En þar eð í ræðum þingmanna hafa komið fram ýmsar bendíngar viðvíkjandi nefndarálitinu, er mèr virðast athugaverðar, ræð eg hinni heiðruðu nefnd til, svo að frumvarpið og uppástúngur hennar mætti verða sem bezt endurbættar, að bera sig saman við þá þíngmenn, er gjört hafa athugasemdir, eða boðað breytíngaratkvæði við nefndarálitið, áður en málið kemur til ályktarumræðu.

Pètur Pètursson: Eg er samdóma hinum 1. konúngkjörna þíngmanni í því, að tómthúsmenn hafa hèr ýmisleg hlunnindi: mótöku, uppsátur, gjalda ekki eptir kofa sína, o. s. frv., en af því leiðir ekki, að sá skattur sè sanngjarn, sem hèr ræðir um, heldur ætti þeir að svara gjaldi af atvinnuvegi sínum til barnaskólans; það er sök sèr, þó þeir svöruðu litlu eptir húsin, eða svæði og garða, sem nú eru, en ísjárvert, að leggja skatt á tún eða kálgarða, sem seinna kunna að verða ræktuð. Áhrærandi það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að bæjarstjórnin hefði eigi lagaheimild til að jafna niður kostnaðinum til barnaskólans, þá getur það verið. En ef þetta gjald ekki hrökkur, þá þarf þó að jafna niður því, sem á vantar; þarf þá til þess nýtt lagaboð? Mèr finnst bæjarstjórnin hafa heimild til að jafna niður því, sem þarf til bæjarþarfa, og þá eins því, sem þarf til barnaskólans.

Guðmundur Brandsson: Eg get ekki betur skilið, en að bæjarstjórnin hafi þenna rètt til að jafna niður. Það er eins og 19. gr. í tilskipun frá 1846 gjöri ráð fyrir því, að barnaskóli mundi verða settur í Reykjavík, þó það hafi dregizt til þessa, nema hvað hann var hèr um tíma, án þess þó að bæjarmenn þá bæri kostnað hans. Það hefir verið sagt, að tómthúsmenn hefði mikil hlunnindi fyrir sig; það er að vísu satt, en þau hlunnindi tilheyra ekki tómthúsmönnunum einum; því einginn meinar embættismönnum og borgurum að nota hið sama; þeir geta, ekki síður en tómthúsmennirnir, haft báta fyrir landi, tekið upp mó, beitt hestum og fleira. Það hefir verið sagt, að annarstaðar væri goldin 1 vætt eptir tómthús. Það er að vísu satt, það mun víða vera svo; en það er munur, hvort lóðareigandinn byggir sjálfur húsin, eða einúngis ljær lóðina, og þá kemur æfinlega fram talsverður munur í eptirgjaldinu. Það er sagt, að tómthúsmenn hafi híngað til ekki borgað lóðarskatt eða fyrir uppsátur og önnur hlunnindi; þeir hafa að vísu ekki borgað það beinlínis, en ó-

beinlínis hafa þeir gjört það í bæjargjaldi því, sem á þá hefir verið lagt eptir ástæðum og efnahag.

Jón Hjaltalín: Eg vil ekki vera á móti nefndinni og skólanum, en eg vil gjöra allt til, að ráða til að lækka gjaldið á túnum og kálgörðum, að öðru leyti er eg með frumvarpinu.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist vera nokkur misskilníngur hjá hinum heiðraða þíngmanni Gullbríngusýslu. Ástæðurnar við 3. grein frumvarpsins og sú löggjöf, sem þar í er til vitnað, leyfa að sönnu að jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástandi þeim útgjöldum, sem hinar föstu tekjur ekki hrökkva til; en þessi ákvörðun inniheldur einga heimild fyrir því, að niður megi jafna eptir efnum og ástandi *öllum* útgjöldunum til barnaskólans.

Guðmundur Brandsson: Eg skil ekki, hvað meint er með skóla í reglugjörðinni frá 27. nóvember 1846, ef það er ekki þessi skóli, og sama hefir vakað fyrir bæjarstjórninni, þegar hún bjó til frumvarpið, eins og sjá má af ástæðunum við 3. grein þess; þar er gjört ráð fyrir, að þessar tilætluðu tekjur skuli renna í bæjarsjóðinn, og hann síðan borga skólakostnaðinn, að því leyti sem samsvarandi tekjum þessum; kemur nú ekki í sama stað niður, hvort bæjargjöldin eru eingaungu tekin í aukaútsvarinu eða þá meðfram í því lóðargjaldi, sem verið er að tala um að leggja þar saman við? eg held sannri reglan verði eingu betri en hin. Hinum 6. konúngkjörna þíngmanni þótti ísjárvert, að leggja toll á kálgárða og tún, en eg held sama um stakkstæði og bæi. *Framsögumaður* fagnar yfir því, að fólkið hafi fjölgað hèr í bænum, en þó hafa útgjöld líka hækkað og það talsvert, svo eg veit ekki, hvort vinníngurinn er eins mikill og hann ímyndar sèr. Það er ísjárvert að þýngja álögur, því þegar deingt er á nýjum sköttum, sem mönnum þykja ósanngjarnir, er hætt við, að duglegustu mennirnir fari; því víðar er lífvænlegt en hèr, og þó verða slóðarnir helzt til að búa í kríng um Reykjavík, og get eg ekki fagnað yfir því, því optast munu þeir lakari verða til að fara úr sveitunum híngað að sjóarsíðunni, vegna þess að þeir eru sízt færir um að vera við búskapinn.

Arnljótur Ólafsson: Mèr virðist æskilegt, að barnaskólamálinu yrði lokið, áður en þetta mál er útkljáð; því ef það verður af ráðið, að hann skuli komast á, þá verður að leggja skatt á, og þá verður nauðsyn á, að færa hann niður sem minnst verður; en ef það mál fellur, þá getur þetta einnig fallið, og er þá einmitt ástæða til að fella það, og vil eg því snúa því til hins háttvirta *forseta,* hvort

svo megi vera. Annars vil eg, fyrst eg stóð upp á annað borð, leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta 1. konúngkjörna þíngmann, hvort einbættismenn borgi fyrir móskurð og uppsátur? Þeir fara þó líka á sjó, að minnsta kosti út í franska skipið. Eg er ekki móti því, að menn gjaldi af tómthúsum og lóð sinni, en eg vil, að gjaldið sè lagt á með jöfnuði, og tómthúsmenn sè eigi látnir greiða skatt af þeim atvinnuvegum, er bæjarbúar hafa eins og þeir, án þess nokkur skattur sè lagður á þá í því skyni. Annars hefi eg eigi getað skilið af ræðu hins háttvirta þíngmanns, að tómthúsmenn sè lausir við nein þau gjöld, sem kaupstaðarbúar gjalda; hitt er annað mál, hvort þeir sè undanþegnir uppsátursgjaldi því, sem goldið er í öðrum veiðistöðum, en það kemur eigi svo þessu máli við.

Framsögumaður: Hinn 3. konúngkjörni þíngmaður talar um gjald eptir efnum og ásigkomulagi. Mig furðar, að maður, sem hefir verið í bæjarstjórninni, skuli fara því fram. Það er þó nóg óánægja með bæjargjöldin samt, þótt eigi sè á bætt; enginn vill gjalda meira, en hann þarf, og feingist sanngjarn skattur, vil eg fyrir mitt leyti komast sem mest eg get hjá þessari niðurjöfnun.

Ásgeir Einarsson: Ætla það væri ekki betra, að hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður geymdi sèr rètt til breytíngaratkvæðis; andinn var fagur í því, er hann talaði, og ræða hans sýndi það ljóslega, að hún var laus við alla eigingirni; breytíngaratkvæði hans kann að geta komið í góðar þarfir; eg óttast fyrir, að þetta fari eins og vegabótafrumvarpið forðum, ef ekki er löglega að farið, að menn komist í vandræði, áður líkur. Það er mikið frelsi, þar sem menn sjálfir mega kjósa þá menn, sem leggja eiga gjaldið á; þá verður niðurjöfnunin betri en skattur, þegar hann er fastákveðinn; því við niðurjöfnunina verður haft tillit til efnahags og breyttra kríngumstæðna.

Pètur Pètursson: Eg vil mæla með uppástúngu þíngmanns Borgfirðínga. Eg vil ekki missa barnaskólann, og því ekki fella frumvarpið; en það kynni þó að verða ofan á, ef eg tæki mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, sem þíngmaður Strandasýslu hefir stúngið upp á. En það má víst við hjálpa málinu með breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga, og eins á þann hátt, sem hinn 1. konúngkjörni þíngmaður hefir vikið á.

Þórður Jónassen: Mèr virðist af umræðunum, að afgreiðslan af tómthúsunum ætli að verða of margbrotin, en það á ekki hèr við; því óbrotnara og einfaldara fyrirkomulagið er, því betur á það

hèr við. Eg ætla mèr því að geyma mèr það breytíngaratkvæði við nefndarálitið, hvað tómthúsin snertir, að þau verði látin einúngis borga sanngjarnan lóðartoll t. a. m. 1 rd. til 2 rd. 48 sk. um árið, en sè að öðru leyti undanþegin allri afgreiðslu af lóðum og kálgörðum, sem þeim fylgir. Þetta er óbrotnast, og kemur heim við það, sem við geingst annarstaðar í þessu efni.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg undirbúníngsumræðu þessa máls lokið. En þar þíngmaður Borgfirðínga hefir stúngið upp á, að fresta ályktarumræðu málsins, þángað til út sèð væri um afdrif barnaskólamálsins í þínginu, þá vil eg geta þess, að þetta virðist mèr mjög veruleg breytíng á þíngsköpunum, og því, sem hefir verið hèr venja á þíngi að undanförnu: að ályktarumræða málanna geingi af á næsta fundi, eða öðrum, eptir að undirbúníngsumræðunni væri lokið; eg þykist því ekki mega upp á mitt eindæmi sinna þessari uppástúngu, og verð eg því, ef hinn heiðraði þíngmaður ekki vill hverfa frá henni, að bera hana undir atkvæði þíngmanna.

Framsögumaður: Nefndin í hinu málinu er ekki farin að hreifa við því; hún hefir skoðað það eins og allt annað mál, og verð eg með öllu að mótmæla frestuninni.

Vilhjálmur Finsen: Mèr finnst öldúngis nauðsynlegt, að þetta mál gángi á undan; því áður en menn geta af ráðið um, hvort barnaskóli skuli komast á, verða menn að sjá, hvaðan fè fáist til þess.

Forseti: Sè hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* ekki á móti því, þar sem hèr á í hlut frumvarp frá stjórninni, þá skal eg leita atkvæða um það.

Konúngsfulltrúi: Nei.

Var síðan uppástúnga þíngmanns Borgfirðínga, um frestun á ályktarumræðu í tómthústollamálinu, borin upp til atkvæða og hún samþykkt með 15 atkvæðum móti 6.

Forseti: Dagskráin er að vísu ekki búin, en það er orðið áliðið og eg sè eigi fært að halda leingur áfram í dag; mál þau, sem eptir eru, koma á dagskrána til næsta fundar, og skal eg leyfa mèr að ákveða hann til kl. 11 á morgun.

Fundi slitið.

19. júlí — tólfti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti gat þess, að hann hefði feingið tilkynníngu um, að í nefnd þeirri, er kosin var til að segja álit sitt um *betri stjórn kristfjárjarða* væri þingmaðurinn úr Norður-Múlasýslu valinn formaður, og að í nefndinni *um „kollektuna“* væri formaður: þingmaður Ráng-vellínga, skrifari: þingmaður Borgfirðínga.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til inngángsumræðu bænarskrá úr Mýrasýslu um það, *að Straumfjörður verði löggiltur verzlunarstaður.*

Ásgeir Einarsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja *forseta,* hvort hann ekki vill taka það málið fyrst fyrir, sem varð ei af lokið á dagskránni í gær, þar það má ske gæti skeð, að það yrði að bíða aptur til morguns, ef umræður um þau mál, sem á undan eru, yrði lángar, með því líka að eg er óviss um, að geta verið allan þíngtímann á þíngi, þar eg er kvaddur á fund í jarðamatsnefndinni.

Forseti: Eg sè einga ástæðu til þess, að breyta röð málanna á dagskránni, en skal sjá til þess, að öll þau mál verði rædd í dag, sem á dagskránni standa. Að öðru leyti sè eg ekki, hvernig þíngmenn verða kvaddir burt af þíngfundum á nefndarfundi; formenn nefndanna verða að ákveða slíka fundi á þeim tíma, sem ekki koma í bága við aðalfundi þíngsins. Eg vona líka, að þíngmenn verði eigi lángorðir um þau málin, sem eru á dagskránni í dag.

Var bænarskráin síðan afhent flutníngsmanni, þíngmanninum úr Mýrasýslu, og las hann hana upp með leyfi *forseta,* svo látandi:

„Eins og hinu heiðraða þíngi er fullkunnugt, hefir undanfarna æfi opt og leingi verið kauptún á Straumfirði hèr í sýslu, og sjást þar um ljósleg merki þess; hefir það fyr verið tekið fram, að þar sè vel til kaupstaðar fallið, innsiglíng ekki laung nè hættuleg, höfn ágæt, og landsmegin að mannbyggð og megun töluvert, er það og ekki síður ljóst, hversu lángur og erfiður vegur fyrir meginhluta sýslu þessarar er til kaupstaða, sjóvegur lángur og skerjóttur vestan af Mýrum til Reykjavíkur, og skipakostur lítill móti þeim nauðsynjum, sem flytjast þurfa; á hinn bóginn er lángur og víða torfær og nær því ófær vegur til smákaupstaða í Snæfellsnessýslu og þeir þá flestir opt lítt byrgir og eigi góðir viðskiptis. Að sönnu hefir, þannig sem menn vita, leyfð verið siglíng og vöruflutníngar á Straumsfjörð frá

Reykjavíkur og Búðakaupmönnum, en þetta hefir verið mörgum vandkvæðum bundið og harðla stopult, en þó næsta gagnlegt þau ár, sem slíku hefir orðið við komið, en stundum hafa brugðizt vilyrði kaupmanna, eða endíngin orðið of sein og þá líka ónóg, svo ferðir hefir þurft að gera, suður helzt, og taka þær þó opt mjög lángan tíma, eins og aðrar lángar sjóferðir, en skipakostur lítill orðinn hèr við Mýrar, móts við aukinn fólksfjölda og nauðsynjar, einkum af trjávið, sem á seinni tíðum er miklu meir keyptur en fyr, því allvíðast er nú farið að húsa lángtum betur bæi og peníngshús, en fyrir mannsaldri síðan.

Af þessum ástæðum og fleirum, sem okkar undirskrifaðra heiðraða og ótrauða fulltrúa eru kunnugar, leyfum vèr oss að beiðast þess, að Straumfjörður verði löggiltur verzlunarstaður, með sömu rèttindum og önnur kauptún fyrir fasta verzlunarmenn; biðjum vèr velnefndan fulltrúa vorn og hvern annan frjálslyndan þíngmann, sem til vill verða, að styrkja þetta vort nauðsynjamáleíni og gera það, eptir ástæðum, að eigin ósk sinni, sem miðandi til heilla fyrir þann hluta þjóðarinnar, sem það nánast snertir, einkum þar það, eptir sjón vorri, ekki getur riðið í bága við hagsmuni annara þjóðhluta vorra.

Mýrasýslu vestan Lángá og Hnappadalssýslu, í maí og júní 1859.

(102 nöfn).

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Þessi bænarskrá er undirskrifuð af 102 nöfnum; hún er gagnorð og greinileg og eg held það sè hvert orð satt og rètt í henni. Einúngis þykir mèr það skaði, að hún kom svona seint, en ekki hefi eg tafið fyrir henni, því eg fèkk hana fyrst í gærmorgun, og afhenti hana strax *forseta,* svo að kalla, áður eg hafði lesið hana sjálfur. Nú er liðið á þíngtímann, en búið að hlaða á það svo miklum störfum, sem ekki sèst fyrir að það geti afkastað, svo eg býst nú þess vegna við mótmælum, að máleíni þessu verði aukið á það með nýrri nefndarsetníngu, en samslags mál, sem þetta hefði vel getað heyrt undir, nefnilega málið, að fá löggiltan verzlunarstað á Skeljavík, er nú komið svo lángt, að nefndarálitið er fullgjört og málið komið á dagskrána, og skal ræðast til undirbúnings í dag; annars hefði eg stúngið upp á því, að máli þessu væri vísað til þeirrar nefndar, og nefndin aukin af 2 kunnugum mönnum, sem gæti upplýst og tekið fram ástæðurnar fyrir að biðja um löggildíngu Straumfjarðar, og vil eg benda á fulltrúann fyrir Snæfellsnessýslu. Annars er nú máleíni þetta hèr áður upp-

lýst á þingi, og það sjá allir, þar sem 3 sýslur, Borgarfjarðar-, Mýra- og Hnappadals, eru hreint kauptúnslausar, hvort það er án orsaka, þó beðið sè um einn stað í miðri bugtinni löggiltan. Hefði það nú ekki verið á móti góðri reglu og þingsköpum, að stínga upp á því, að undirbúningsumræðunni um Skeljavíkurmálið yrði frestað, og máli þessu yrði vísað til þeirrar nefndar, svo hún tæki það með til yfirvegunar svo sem 1 dag, þá skyldi eg hafa stúngið upp á því til vara, ef hitt verður fellt, að setja nýja nefnd. Í öllu falli verð eg að mæla með bænarskrá þessari og óska eptir, að nefnd verði kosin í málið, en til vara, ef það fellur, að því verði vísað til nefndarinnar um Skeljavíkur-löggildíngu, sem er samslags mál.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil leyfa mèr að spyrja þingmann Mýramanna að því, hvort hann ekki viti neitt til þess, að von sè á bænarskrá um það, að Brákarpollur verði löggiltur verzlunarstaður, því að ef svo væri, að bænarskrá kæmi um löggildíngu Brákarpolls, þá væri bezt að fresta nefndarkosníngunni, ef þíngmenn skyldi vilja kjósa sèrstaka nefnd í þetta mál, og slá þá báðum bænarskránum saman.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg vil svara hinum heiðraða þíngmanni Reykjavíkur því, að það hafa eingar bænarskrár um brákarpoll komið í ár, og mun varla þínginu verða ofþýngt með því málefni í þetta sinn, enda er ekki víst, hvað þau málefni um Brákarpoll og Straumsfjörð ætti skylt saman, þegar litið er til hagsmuna kjördæmis þíngmannsins.

Ásgeir Einarsson: Eg veit ei til, að það sè leyfilegt að fresta máli svo leingi, og veit eg ekkert dæmi til, að það hafi skeð fyr hèr á þíngi. Nefndin er líka búin að íhuga þetta mál, og var búin með það á fimmtudaginn var, og er orðið nokkuð lángt síðan, og því óviðurkvæmilegra finnst mèr að gefa þessari uppástúngu þíngmanns Mýramanna gaum áður.

Jón Hjaltalín: Mèr sýnist þessi meðferð málsins ekki geta átt sèr stað, því ef þannig má fara með eina nefnd, þá má líka fara svona með allar, og hver verður endirinn á því?

Páll Melsteð: Eg vil mæla fram með sèrstakri nefnd í þessu máli.

Arnljótur Ólafsson: Ef sèrstök nefnd yrði valin, væri eg til með að koma fram með uppástúngu um það, að Krossvík yrði löggiltur verzlunarstaður, því kjósendur mínir báðu mig um það, en eg tók dauflega undir það.

Forseti: Hinn heiðraði þingmaður verður að af ráða það við sjálfan sig, hvort hann vill koma fram með þessa uppástúngu eður ekki.

Arnljótur Ólafsson: Já; en eg vildi geta þessa einúngis vegna þess, að eg af þessari ástæðu vil, að kosin sè sèrstök nefnd í þetta mál.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Þar sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðínga gjörir hálfvegis ráð fyrir, að bæta við uppástúngu um, að löggilt verði Krossvík til verzlunarstaðar, þá vil eg geta þess, að eg hefi óskað eptir, að nefnd verði sett í málinu um Straumfjörð, og ef það verður samþykkt, þá á þingmaðurinn kost á nægum tíma til að koma með nýja uppástúngu um Krossvík, og koma því máli til þeirrar nefndar.

Guðmundur Brandsson: Þegar verzlunarlögin voru búin til, var svo til ætlazt, að útlendum þjóðum skyldi leyft að sigla til allra verzlunarstaða, en innlendum kaupmönnum þar að auk að senda skip sín inn á víkur og voga bæði til flutníngs og verzlunar á allri þarfavöru; þá þótti þetta nóg, en nú vilja menn fara leingra; vera kann, að kaupmenn hafi ei verið eins árvakrir með slíka flutníngs og menn hefði óskað, en þeir hafa líklega ekki verið færir að flytja úr verzlunarstöðunum meira en þeir hafa gjört. Þegar menn kvarta yfir vöruskorti í sjálfum kaupstöðunum, hver von er þá á, að lausakaupmenn sæki heldur inn á ýmsar víkur hingað og þángað kríngum landið en til aðalkaupstaðanna, hvar þeir geta selt vörur sínar allar, eða eru nokkur dæmi þess, að lausakaupmenn fari frá verzlunarstöðunum við svo búið og sigli með vörur sínar óseldar heim aptur? Hvað nú Straumfjörð snertir, þá er það alkunnugt, að innsiglíngin er þar nokkuð hæpin, og ef hann yrði löggiltur verzlunarstaður, finnst mèr fullt eins mikil ástæða til þess, að Vogavík yrði það líka, því þar er miklu betri höfn, og betri en í Keflavík, og hafa skip opt hleypt þar inn, er þau hafa verið í háska, og gæti að því orðið miklir hagsmunir fyrir Strandarhrepp, þegar fljótt er á þetta litið; en eg óska þess samt ekki í þetta sinn, því þegar kaupstaðir ekki eru því leingra í burtu, er það mjög hægt fyrir bændur að hafa fulltrúa í kaupstöðunum, til að semja fyrir sig við lausakaupmennina, og get eg því ei mælt með nefnd í þessu máli, því vöruskorturinn sýnir, að það mundi koma að eingu haldi, og að það er ekki til þess að bæta verzlunarlögin, að leyfa lausakaupmönnum nú þegar inn á allar víkur og voga í kríngum landið.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli; Þar sem hinn heiðraði þíng-

maður Gullbríngusýslu sagði, að vörur hefði geingið upp og ekki verið fluttar óseldar frá landinu af lausakaupmönnum, þó ekki væri fleiri kauptún en væri, þá vil eg segja, að sveitamenn hafa ekki ætíð getað notið þeirra kaupa; sjálfir fastakaupmenn eða borgarar hafa opt keypt vöruslompa af lausakaupmönnum, með einhverju verði, heldur en þeir yrði að flytja það í burtu aptur, en aptur hafa sveitamenn mátt sækja þá vöru hina laungu leið til kaupstaðanna á haustum og vetrum og sæta þeim kaupum og kjörum, sem kaupmenn hafa sett, eins og vant er; annars furðar mig, að þessi þíngmaður skuli vera á móti kaupstaðafjölgun núna, þar mig minnir, að hann áður fyrrum beiddi fastlega um kauptún á Vogavík; var þó nokkur munur á því, þar sem 1 bæjarleið er í kaupstaðinn Keflavík, ellegar þar sem talað er um að fá 1 kauptún fyrir 3 sýslur, sem eru kaupstaðarlausar.

Guðmundur Brandsson: Eg vil leiðrètta það, sem þíngmaður Mýramanna sagði um Vogavík. Þegar eg fór því fram 1849, að innsiglíng yrði leyfð á Vogavík, þá voru nýju verzlunarlögin enn þá ekki komin út, og eg bað einúngis um innsiglíngu fyrir danska lausakaupmenn; þá var ekki fastakaupmönnum leyft að flytja nema þær vörur, sem bændur höfðu aður pantað hjá þeim, því síður að þeir mætti verzla þar, þá hèlt eg, að dráttur gæti orðið á því, að verzlunin yrði gefin laus, og hugsaði svo, að lítið væri betra en ekkert, ef þetta feingist. En þar sem hann sagði, að þegar kaupmenn keypti af lausakaupmönnum vörur þeirra, þá hefði þeir einir haginn af því; eg held, að landsmenn hafi hann líka, þar sem bændur einmitt þess vegna geta feingið nauðsynjar sínar hjá kaupmönnum, má ske reyndar nokkuð dýrari, en þeir hafa sjálfir keypt, og sýnist mèr, að menn ekki þurfi að öfunda kaupmenn af því, þó þeir fái dálítið fyrir starfa sinn, því það er eðlilegt.

Páll Sigurðsson: Þegar menn líta í kríngum Faxaflóa, þá sèr maður, að 2 kaupstaðir eru fyrir sunnan Reykjavík, og að það því ei er þörf að fjölga kaupstöðum þann veginn; en hinn veginn, frá Reykjavík og vestur að Snæfellsjökli, sem er þó mjög lángur vegur, er einginn kaupstaður, og er ekki óeðlilegt, að þar væri einn kaupstaður. Hafnarfjörður og Keflavík hafa ekki heldur kyrkt verzlunina í Reykjavík, heldur fremur komið til vegar verzlunarkappi, og eins gæti verzlunarstaður í Mýrasýslu orðið til að örfa þetta verzlunarkapp og orðið þannig til góðs fyrir sveitirnar, með því að örðugleikar þeir, sem allir kvarta yfir, mundi þá hverfa, og Reykvíkínga

mundi það örfa, til að nota vel flutníngaleyfið á Krossvík og Brákarpoll, og þannig gjöra meira líf í verzlunina, og þykir mèr því mál þetta þess vert, að nefnd sè í það kosin.

Guðmundur Brandsson: Eg held, að málsháttturinn: „ýmsir eiga högg í annars garði", eigi hèr við, því kaupmenn í Reykjavík hafa sent skip sín vestur á Ísafjörð og norður á Borðeyri og aptur kaupmenn á Búðum sent sín skip til Hafnarfjarðar og má ske í fleiri staði, og skemmt hvor fyrir öðrum með því að hækka upp verðið á vörunum; en hagnaðurinn af þessari kappverzlun þeirra hefir lent, víst að nokkru leyti, hjá þeim, sem við þá hafa verzlað.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Þó að flutníngaleyfi kaupmanna standi bæði til Borgarfjarðar og Vogavíkur, þá er sá munurinn, að það hafa brugðizt flutníngar þeirra á Mýrar og Borgarfjörð, en ekki á Vogavík, þess vegna þurfa Strandarmenn ekki að kvarta, sem Mýramenn verða að kvarta í þessu efni.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg inngángsumræðu þessa máls lokið.

Var þá leitað atkvæða um það, hvort sèrstaka nefnd skyldi kjósa í þetta mál, og var því hrundið með 16 atkv. gegn 7.

Forseti: Flutníngsmaður hefir þar að auki og jafnframt stúngið upp á, að bænarskránni yrði vísað til nefndarinnar í Skeljavíkurmálinu, og að undirbúníngsumræðu þessa máls því verði frestað; þetta er nú reyndar ekki samkvæmt þíngsköpum vorum, en eins og þíngið í gær leyfði sèr að fresta ályktarumræðu nefndarálitsins um tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, eins álít eg að þíngið hafi það á sínu valdi, að fresta undirbúníngsumræðu þessa máls, og skal eg því láta þenna liðinn af uppástúngu flutníngsmannsins gánga til atkvæða.

Konúngsfulltrúi: Þó þíngið fyrir skömmu fèllist á, að fresta málinu um skatta á tómthús, m. m., þángað til undirbúníngsumræða í barnaskólamálinu væri búin, þá gat eg ekki sèð, að neitt ólöglegt væri þar í, og þess vegna var eg því ekki mótfallinn, og það því síður, sem þessi málefni eru svo náskyld, að það eina hlýtur að falla með því öðru. Þar á móti get eg ei annað sèð, en það sè ríðstæðilegt góðri reglu og viðtekinni siðvenju, að vísa uppástúngunni um Straumfjörð til nefndar þeirrar, sem búin er að semja nefndarálit, senda það þínginu, og þannig afljúka sínu ætlunarverki. Eg fæ eigi betur sèð, en slík nefnd geti með fullum rètti vísað þvílíku máli frá sèr.

Forseti: Eg er á sama máli og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi*, og þykist líka vita, að þíngið muni verða á sama máli, þó þetta verði látið gánga til atkvæða.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Er mál þetta ekki svo einfalt, að megi bera það upp sem breytíngaratkvæði við Skeljavíkurmálið? mèr sýnist það vera mönnum svo kunnugt, að varla þurfi annað en segja já eða nei; mèr sýnist mikið tala með Straumfirði; hann hefir verið einu sinni útsèður til aðalverzlunarstaðar, og þar hefir líka verið verzlun um tíma, og hætti vegna einhverra kríngumstæðna; á seinni tímum hafa komið fram aptur og aptur óskir um, að þar yrði sett verzlun. Þó málið sè borið upp sem breytíngaratkvæði, líður það ekkert við það, en getur með þessum hætti feingið framgáng.

Konúngsfulltrúi: Eg er einnig þeirrar meiníngar, að málinu megi bjarga á þann hátt, er hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga nú benti til. Eg skal einnig bæta því við, að eg sem amtmaður í Vesturamtinu hefi ætíð verið þeirrar meiníngar, að kaupverzlun ætti að leyfast á Straumfirði, á sama hátt og hún nú er leyfð á Borðeyri.

Ásgeir Einarsson: Eg vil að eins leyfa mèr að spyrja að því, hvort það er löglegt, að uppástúnga sú eða bænarskrá, er einu sinni er felld, komi aptur fyrir á sama þíngi sem breytíngaratkvæði.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það er neitað sèrstakri nefnd í málinu, en ekki því, að Straumfjörður megi vera verzlunarstaður.

Forseti: Uppástúngan um sèrstaka nefnd er felld, en ekki hin uppástúngan flutníngsmanns, að málinu sè vísað til nefndarinnar í Skeljavíkurmálinu, en eg verð að vera á sama máli og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og þíngmaður Ísfirðínga, að ef sá vegur stæði opinn, sem þeir benda á, þá væri málinu með því betur borgið, en hinni annari uppástúngu flutníngsmannsins, og vil eg því spyrja hann, hvort hann ekki vill falla frá henni.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg virti það svo, að það væri vegna þeirra miklu starfa, sem þíngið væri orðið undirorpið, sem það felldi þetta málefni frá nefndarsetníngu í þetta sinn, en ekki vegna þess, að þínginu þætti ekki málefnið gilt og gott, en það var ekki búið að fella málið alveg, því mín varauppástúnga, að vísa því til nefndar, er enn ekki fallin.

Forseti: Eg vil biðja þíngmanninn að svara þeirri spurníngu,

hvort hann vill falla frá síðara hluta uppástúngu sinnar með þessum fyrirvara.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Jú, eg vildi gjarna koma ræðu minni að því, að þar eð hinn háttvirti fulltrúi Ísfirðínga hefir bent á, að vel mætti koma málefni þessu fram sem breytíngaratkvæði við Skeljavíkurmálið, og líka hefir hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gjört svo vel, að styðja það með áliti sínu, þá gjöri eg mig allt eins ánægðan með það, og falla þá burt atkvæðin um varauppástúnguna að vísa því til nefndar.

Forseti: Eg álít þá málið útrætt; og kemur þar næst, samkvæmt dagskránni, til inngángsumræðu uppástúnga frá þíngmanni Ránguellínga um *endurreisn fallinna ásauðarkúgilda á kirkjujörðum og opinberum eignum.*

Var uppástúngan þá afhent flutníngsmanni hennar, þíngmanni Ránguellínga, er las hana upp með leyfi *forseta*, svo látandi:

„Á hinu síðasta alþíngi 1857 var borin fram uppástúnga, sem fór því fram, að þíngið þá segði álit sitt um, hver ráðstöfun mundi bezt við eiga um ásauðarkúgildi í landinu, einkum opinberra eigna, þar sem sauðfè kynni að falla sökum fjárkláðans. Þíngið hafði að vísu kosið nefnd í málið, og hún kom fram með álit sitt, sem stendur á 1035—39 bls. þíngtíðindanna 1857, en sökum naumleika tímans varð mál það ekki rætt til lykta. Vegna þess að nú er það fram komið allvíða í Suðuramtinu, sem í ofannefndri uppástúngu var búizt við, að sauðpeníngur er sumstaðar gjörfallinn, og í öllum þeim sýslum Suðuramtsins, sem kláðasýkin hefir dunið yfir, svo fátt orðið eptir, að leiguliðar eiga ekki, ef til vill, fyrir kúgildunum, og með þessu móti er nú enn meir að almenníngi sorfið en 1857, og þó hvað mest að þeim, sem búa á opinberum eignum, kirkjueignum, og s. frv., því prívat landsdrottnar hafa mjög margir tekið við ásauðarkúgildum sínum, og gefið eptir leignagjaldið að meira eða minna, meðan vandræði þessi stæði yfir, og þannig sjálfir tekið töluverðan þátt í eignatapi því, er þessi landplága er og verður valdandi, í fèlagi með leiguliðum sínum; þar á móti hafa prestar á opinberum eignum ekki sèð sèr fært að semja við kirkjulandseta sína, og þegar álita stiptsyfirvaldanna hefir verið leitað í þessa stefnu, hafa þau, eins og eðlilegt er, samkvæmt stöðu þeirra, að því eg framast til þekki, ekki getað gefið annað svar, en að öll ábyrgð kúgildanna, viðhald þeirra, eptirgjald og endurreisn, þar sem þau væri

fallin, yrði að hvíla á leiguliðum kirkjujarða. Eg hefi að vísu heyrt, að stiptsyfirvöldin hafi leitað úrlausnar hjá stjórninni í þessu máli, en hafi ekki endilegt svar feingið aptur; það má nú öllum liggja ljóst fyrir, að með þessu móti verða þær opinberu jarðir fyrst látnar í eyði af leiguliðum, þegar þeir verða svo miklu harðara úti, sem á þeim búa, en hinir, sem eru leiguliðar einstakra manna, og þess vegna virðist mèr það brýn þjóðnauðsyn, að bera þetta mál enn á ný undir hið heiðraða alþíngi. Og vil eg leyfa mèr að stínga upp á: að það taki þetta mál til lögskipaðrar meðferðar og riti konúngi vorum bænarskrá þess innihalds:

Að hann vildi með lögum fyrirskipa, að umsjónarmenn þeirra opinberu eigna (kirkjueigna) verði skyldir til, að endurreisa þau föllnu ærkúgildi, og kirkjujarðaleiguliðar fái uppgjöf hálfrar leigu af þeim, þar til þau eru aptur inn sett, svo að kirkjujarða ábúendur ekki sæti stærri kúgun, en leiguliðar einstakra manna.

Reykjavík, 16. júlí 1859.

Páll Sigurðsson“.

Páll Sigurðsson: Eg þarf ekki að vera lángorður um þetta mál, þar það er þíngmönnum kunnugt, af því það var rætt hèr á þínginu í hitt ið fyrra, en nú eru vandræðin orðin meiri en þá, þar sem sauðfè má nú heita fallið í aðalsýslunum; og eru þeir ver komnir, sem búa á kirkjujörðum eða opinberum eignum, en aðrir leiguliðar, því einstakir jarðeigendur hafa samið við leiguliða sína og tekið kúgildin heim til sín, þegar fèð fór að falla fyrir sýki þessari. Þar á móti hafa stiptsyfirvöldin eða prestar ekki tekið heim til sín kúgildi hinna opinberu eigna og hafa má ske ekki getað það upp á sína ábyrgð, þar þeir standa undir æðri stjórn, stiptsyfirvöldunum. Þegar Eyjafjallajökull gaus, 1821, voru kúgildin tekin heim, víst af Holtskirkjujörðum undir Eyjafjöllum, því það var mèr kunnugt, og mig minnir svo væri gjört á öllum kirkjujörðum þar, og voru leiguliðar þessir lausir við ábyrgðina; svo voru þau sett smám saman inn aptur, eptir að plága þessi var afstaðin, og hefir þetta þá víst verið allt gjört eptir ráði þá verandi stiptsyfirvalda. Nú hafa kúgildin sumstaðar fallið af sjálfu sèr, þar sem menn hafa orðið að skera allt niður vegna sýkinnar, og veit eg eina lènsjörð, hvar fèð varð svo yfirkomið af kláðanum, að menn urðu að skera allt niður og kúgildin líka fyrir augunum á sjálfum dýralækni Hansteen, sem ekkert gat að gjört, því þegar hann ráðlagði bóndanum að hætta að skera

og reyna sem öflugast lækníngar, og sagði honum sjálfur fyrir, en fyrir það maðurinn hlýddi og hætti að skera, og fór að reyna að lækna það eptir var, eptir fyrirsögn dýralæknis, þá varð útfallið, að sýkin hèlt áfram mjög geyst, og fè það, er eptir var, hrundi niður og varð að eingu, en maðurinn tók í heimgjöld mikinn kostnað og varð svo heylaus fyrir bragðið; og hefi eg heyrt sagt, að líkt hafi geingið til á Reyni í Borgarfirði í viðurvist sjálfs læknisins, og að þetta hafi komið til máls, og sýslumaður hafi dæmt viðkomanda leiguliða sýknan saka fyrir ábyrgð kúgildanna og furðar mig, að stiptsyfirvöldin ekki hafa skotið dómi þessum undir úrslit landsyfirrèttarins, eptir því áliti þeirra, sem kunnugt er orðið. Eptir því sem reynslan hefir sýnt nú í 4 ár, þá lítur út fyrir, að lángan tíma þyrfti til að útrýma sýki þessari algjörlega með lækníngum; þá verða búendurnir á kirkjujörðunum í Ráng árvallasýslu og Árnessýslu og öllum þessum kláðasýslum, hvar kindur eru mjög fáar og ekki utan til byrða, þegar sjúkar eru, ef þeir eiga að standa ábyrgð fyrir kúgildunum, þeir fyrstu, sem flosna upp og verða þá jarðirnar að leggjast í eyði; og svo að þetta ekki verði, vil eg að nefnd sè sett í þetta mál.

Jón Pètursson: Eg vil leyfa mèr að spyrja flutníngsmanninn, hvað hann meinar með því, að umsjónarmennirnir eigi að reisa kúgildin á lènskirkjujörðunum, hvort hann meinar með því stiptsyfirvöldin eða prestana. Ef það er meiníngin, að prestarnir skuli gjöra það, og það er víst meiníng hans, þá hefði mèr virzt nær fyrir hann, fyrst hann eigi álítur, að leiguliðinn eigi að reisa aptur við kúgildin, að hann hefði haft bænarskrá sína yfirgripsmeiri og farið fram á það, að eigendurnir skyldu reisa kúgildin sjálfir, það hefði þó verið sanngjarnara, en að beiðast þess, að prestarnir skuli gjöra það á kirkjujörðum sínum, sem að eins hafa þessar jarðir að láni. Leiguliðarnir geta að nokkru leyti sagzt hafa jarðir sínar eins að láni, eins og prestarnir kirkjujarðirnar, svo að mèr sýnist bænarskráin af þeim ástæðum, sem eg þegar hefi nefnt, ekki svo sanngjörn í þessum kafla, að eg geti verið með því, að nefnd sè sett í þetta mál. Hvað seinni kaflann snertir, að leiguliðar fái uppgjöf á hálfum leigunum, þá er honum eins varið og fyrri kaflanum í því, að menn mega ekki biðja um ný lög, er skeri úr, hvernig fara skuli millum jarðareigenda eður presta og leiguliða, þar sem kúgildin eru fallin; því þar sem þetta er, þá eru kúgildin fallin undir þeim lögum, sem nú gilda, og þau mál, sem þar út af rísa, eiga því að dæmast eptir þeim; það

hefði verið reynanda fyrir uppástúngumann, að biðja um lög, er ákvæði, að þegar kúgildi hèr eptir falla í harðærum hjá leiguliðum, skuli eigendur reisa þau aptur við, og að leiguliðar meðan eigi þurfi gjalda nema hálfar leigur; en með því hann nú ekki hefir farið þessu á flot, er eg mótfallinn nefnd í þessu máli.

Páll Sigurðsson: Það hefir opt verið tekið fram, að þó nefnd sè sett til að yfirvega einhverja uppástúngu, þá er nefndin ekki bundin við það, að taka uppástúnguna bókstaflega, heldur hefir hún frían hendur, og neðst í uppástúngunni stendur aðalatriðið, að leiguliðar kirkjujarðanna ekki búi við verri kjör, en leiguliðar einstakra manna, og er þetta ekki ósanngjarnt? Ekki ætlaðist eg til, að amtmenn og prestar upp á eigin býti reisi við kúgildin, heldur að stjórnin hlutaðist svo til, að þessar jarðir legðist ei fyr í eyði, en jarðir einstakra manna. Þetta var mín ætlun, og hefir nefndin frjálsar hendur, að laga mið sitt eptir þessum bendíngum, og þarf ei að binda sig við uppástúnguna bókstaflega.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg inngángsumræðunni lokið.

Bað *forseti* þá þíngmenn að greiða atkvæði um það, hvort nefnd skyldi kjósa eður ei, og var nefnd samþykkt með 16 atkv. gegn 6.

Var þá stúngið upp á 3 manna nefnd, það samþykkt, geingið til kosníngar og hlutu þessir flest atkvæði:

Páll Sigurðsson 19 atkv.
H. G. Thordersen 15 —
Jón Pèturssón 10 —

Var uppástúngan síðan afhent þíngmanni Rángvellínga, er hafði hlotið flest atkvæði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni koma þá til inngángsumræðu 2 bænarskrár, önnur frá Þínghöfðafundi *um stjórn hèr á landi og sambandsstjórnina við Danmörku,* og hin frá Kollabúðarfundi um *sama efni* og *um þjóðfund.*

Var fyrri bænarskráin þá afhent flutníngsmanni hennar, þíngmanni Norður-Múlasýslu.

Halldór Jónsson: Bænarskrá þessi er samin, áður en menn hèr á landi vissu nokkuð um, hvernig hans hátign konúngurinn hefði tekið undir bænarskrá þá um sama efni, er þíngið sendi honum 1857. Bænarskráin er því rituð til vara, ef neitandi svar skyldi koma. Nú hefir þíngið, í hinni konúnglegu auglýsíngu, feingið þetta svar, að vísu neitandi, sem stendur, en þó sameinað allramildasta fyrir-

heiti um, að málið muni verða til lykta leitt svo fljótt sem kringumstæður leyfi og á þann haganlegasta hátt, sem verða megi. En þó menn þannig geti haft hina beztu von um fljót og góð úrslit þess, finnst mèr þínginu beri að taka til greina þá tvo votta, sem það enn á ný hefir feingið um þann áhuga, sem þjóðin hefir á þessu máli, er hana varðar svo mikils, og að ekki geti verið ótilhlýðilegt, að þingið enn á ný sendi hans hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá hèr að lútandi.

Forseti: Fyrst eingir taka til máls nè biðja um orðið, álít eg inngángsumræðu þessa máls lokið.

Leitaði *forseti* því næst atkvæða þingmanna um það, hvort nefnd skyldi kjósa í málið, og var nefnd samþykkt með 22 atkvæðum gegn 1.

Var þá bæði stúngið upp á 5 manna nefnd og 3 manna nefnd; var 5 manna nefnd samþykkt með 18 atkv. gegn 4.

Síðan var geingið til nefndarkosníngar og hlutu þessir flest atkvæði:

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn	23	atkv.
Arnljótur Ólafsson	17	—
Gísli Brynjúlfsson	13	—
Halldór Jónsson	12	—
Sveinn Skúlason	10	—

Voru bænarskrárnar síðan afhentar þingmanni Ísfirðínga, er hafði hlotið flest atkvæði.

Forseti: Þar næst kemur samkvæmt dagskránni til undirbúníngsumræðu nefndarálitið í málinu, um *að Skeljavík við Steingrímsfjörð verði löggilt til verzlunarstaðar; framsögumaður* er formaður nefndarinnar, þingmaðurinn úr Strandasýslu.

Málið afhent *framsögumanni.*

Ásgeir Einarsson: Það verður að lesa það, þó lángt sè.

Var síðan nefndarálitið lesið upp, svo látanda:

„Hið heiðraða alþíngi hefir falið okkur, sem ritum hèr undir nöfn vor, til meðferðar og athuga, bænarskrá frá Strandasýslu og suðurhluta Barðastrandarsýslu, sem biður um, *að Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu verði löggiltur verzlunarstaður,* og leyfum vèr oss í fám orðum að skýra hèr frá ástæðum þeim, er oss virðist bænin styðjast við og mæli fram með henni.

Ástæðurnar eru:

1. Innsiglíng á Skeljavík er rúmgóð og hættulaus, og höfnin þar trygg og rúm.
2. Skeljavík liggur hið haganlegasta við verzlun, ekki einúngis í Strandasýslu sjálfri, þar hún er nálægt miðbiki sýslunnar, er öll liggur strandleingis með sjó fram, heldur og fyrir allan suðurhluta Barðastrandar og nokkurn hluta Dalasýslu, og viljum vèr skýra þetta betur.

Sveitir þær, sem liggja að og við Steingrímsfjörð eru: Nessveit, Staðarsveit, Túngusveit og nokkur hluti Bitrusseitar; eiga þær allar örskammt að fara til Skeljavíkur, sveitirnar í Barðastrandarsýslu eru: Geiradalssveit, Reykhólasveit og Gufudalssveit, og er úr þeim ekki leingri vegur á Skeljavík, en einn lestaáfángi, og hann stuttur fyrir þá, er næstir búa; úr Saurbæjarsveit í Dalasýslu er og lítið eitt leingra.

Það er vafalaust, að meiri hluti sveita þessara mundi helzt og mest sækja verzlun a Skeljavík, væri hún þar fyrir, og þarf því ekki að kvíða, að verzlun þrífist þar ekki; það sýndi sig og bezt, að undir eins og opið brèf frá 19. maí 1854 gaf verzlunarleyfið, fóru innbúar sveita þessara að biðja kaupmenn að koma þángað, og varð þar þegar talsverð aðsókn að þremur skipum, sem komu þángað í einu.

Hvað því viðvíkur, að kauptúnið Reykjarfjörður, sem leingi hefir verið í Strandasýslu, mætti, sem fyrri, nægja þar til verzlunar, þá er ekki því máli að svara; hann hefir í raun rèttri aldrei nægt þar, en nú þó hvað sízt, hann liggur enn, eins og hann hefir legið, mjög óhaganlega fyrir alla sýslubúa, nema einúngis Árnessóku og nokkurn hluta Kaldaðarneshrepps, og er það ekki skemmri vegur en 6 vikur sjávar, sem hinar sveitirnar í sýslunni eiga þángað að sækja, og landleiðin að sínu leyti ekki skemmri nè betri, því yfir Trèkyllisheiði er þar að fara, sem opt er illfær, og ástundum ófær. En nú má spyrja, því verzlunarstaðurinn í sýslunni hafi öndverðlega verið settur á svo óhagkvæmum stað fyrir sýslubúa, sem hèr ræðir um, og allir verða að játa að sè; mun þar svar til liggja, að þá hafi þar verið sjávarafli mikill á Gjögri, veiðistöð, sem þar er í grennd, og með því þar er höfn sæmileg, þó hlèminni sè en á Skeljavík, þá hafi fýsilegra verið að verzla þar en innar í sýslunni, hvar aflann skorti meir, en sveitavara þá lítil; nú vita kunnugir menn, að aflinn hefir á seinni tímum eða síðan þilskipin fóru að veiða hákallinn, mjög svo brugðizt á Gjögrinum, því skip þessi, sem utar hafa legið á flóanum, en Gjögrarar geta sótt á skipum sínum, hafa dregið há-

kalliun frá miðum þeirra; líka hefir það opt að borið, að ísalög á fjörðum og víkum og við land hafa haldið skipum manna á landi, þótt auðsævi væri handa þilskipunum leingra burtu, og sökum þessa hefir þilskipaveiði ekki heldur þrifizt í Strandasýslu; nú er sjón orðin sögu ríkari um það, að í líku hlutfalli því, sem aflinn hefir minnkað á Gjögrinum, hefir og verzluninni hnignað á Reykjarfirði, og verið svo rýr, að um mörg ár hefir þar skort árlega flestar nauðsynjavörur; nú er verzlun þar þó hvað vesælust, og fleiri dauðamörk yfir hana komin, en nokkru sinni komið hafa; sveitirnar, sem vèr gátum, neyðast nú til að verzla þar ekki leingur sökum vöruskortsins og verða að leita verzlunar á aðra staði, og má þá sjá, af áðursögðu, hversu hagkvæmt þeim þá væri að geta verzlað á Skeljavík, en hèr með er ekki búið, að Skeljavík sè nauðsynlegur og hagfelldur verzlunarstaður handa meginhluta Strandasýslubúa, nei, því auk þess er hann hið sama fyrir suðurbúa Barðastrandarsýslu. Þess höfum vèr getið, hvað skammt þeir eigi þángað; hins viljum vèr nú geta, við hvað þeir hafi haft að búa hingað til; aðalverzlunarstaður þeirra var Flatey, lángt út í sjó á Breiðafirði, sem nú er gjörsamlega setzt í helgan stein með verzlun sína án líkinda til, að hún skríði út úr honum aptur, því kaupmenn þar, sem voru, og eiga þar húsin og lóðina, vilja ekki verzla, heldur búa þar sem bændur fyrir sig; nú í 2 ár hefir þar því ekki önnur verzlun verið, en að einn lausakaupmaður hefir skotizt þángað með það eitt af nauðsynjavörum, sem hann hefir bæði árin getað selt á þremur fyrstu dögunum, er hann var á höfninni. Það sjá allir, hverja björg suðursveitir Barðastrandarsýslu geta haft af slíku; þeir vita ekki það augnablik, á hverju skipið hafnar sig, og þó þeir vissi, þá þurfa margir þeirra 2 daga til ferðar þángað, annan heiman frá sèr til sjávar, en hinn til sjóferðarinnar, svo bezt þó, að sjórinn sè þá fær. Hefir sú reynd á því orðið, að þeir, margir hverjir, þessi árin, hafa farið svipferðis og haft ómakið, en ekki annað fyrir ferðina, mátt síðan leita ýmist til Ísafjarðar, Borðeyrar, Stykkishólms eða Skeljavíkur; til Ísafjarðar er bæði yfir land og sjó laung leið og torfær, til Stykkishólms einnig laung og vandrötuð sjóleið; bændur í sveitum þessum eru landbændur, eiga því ekki skip og verða að seilast lángt yfir til þess að fá þau, og formennina jafnast með, og gjalda fullu fyrir hvorttveggja. Til Borðeyrar er landvegur nokkuð lángur og torfær, þó er sá kosturinn, þángað að fara, hinum betri, en til Skeljavíkur er samt leiðin lánghægust, eins og áður er sagt.

Fyrir mörgu verður nú ráð að gjöra, og einnig því, að sagt verði, að þar sem verzlun á Borðeyri sè á komin, muni of borið á að löggilda Skeljavík til verzlunarstaðar, en þetta segir einginn, sem sjáandi vill sjá sannleikann, og heyrandi heyra hann; þess ber að gæta, að Borðeyri er á innra enda sýslunnar; verzlun er þar enn þá laus, og ekki undir að eiga, að þángað komi árlega svo mörg skip og svo vel búin út, að vörubyrgðir endist handa þeim, sem þángað sækja, Húnvetníngum, Bæhreppíngum, Dala- og Mýramönnum, sem allir eiga hægra að sækja þar verzlun en Strandsýslíngar, þeir er búa í sveitunum kríngum Steingrímsfjörð.

Síðan verzlun hófst á Borðeyri, hafa þar á einn stað safnazt miklar vörur árlega, er áður voru fluttar víðs vegar t. a. m. til Reykjavíkur, til Ólafsvíkur, Búða, Stykkishólms og Skagastrandar, allt með margfaldri fyrirhöfn bændanna. Sannar þetta, hversu vel það var ráðið, að löggilda verzlunarstað á Borðeyri, en eins vel ráðið ætlum vèr nú það, að Skeljavík verði löggiltur verzlunarstaður, beinlínis til að draga þar saman á einn stað verzlun þá, sem nú tvístrast til Stykkishólms, Flateyjar, Ísafjarðar, Reykjarfjarðar, Skeljavíkur og Borðeyrar, því ekkert metum vèr hollara, eptir sem verzlunarháttum er nú komið, en verzlunin dragist sem mest saman á staði þá, sem hagkvæmir sè jafnt útlendum sem innlendum, og vèr höfum sýnt, að Skeljavík býður sig fram til að verða einn meðal slíkra staða.

Því til ljósari sönnunar, hversu nauðsynlegt sè að löggilda Skeljavík til verzlunar, viljum vèr enn fremur geta þess, er á næstliðnu vori átti sèr stað í Strandasýslu; þar var eins, ef ekki fremur en nokkurstaðar í landinu, neyðarvetur, einkum er á hann leið, bæði til lands og sjóar, af harðviðrum, snjóakomum og lagnaðar- og hafíslögum; við þetta bættist, að menn, sökum óársins í fyrra sumar, komust mjög almennt í mikla neyð af matbjargarskorti og svo þraungdi að með slíkt, að nærri lá þar manndauða af harðrètti, því hvergi fèkkst bjargræði; á Reykjarfirði var ekkert til; til Ísafjarðar, eptir að skip komu þángað, varð ekki náð, því Steingrímsfjarðarheiði var ófær, hafísinn lá við landið, svo ekki varð leitað sjóarins. En er þannig stóð, kom kaupmaður nokkur Christensen að nafni skipi sínu á Reykjarfjörð, sami maðurinn, sem í fyrra verzlaði á Skeljavík; ritaði hann þar brèf, dagsett 3. júní næstliðinn, alþíngismanni Ásgeiri á Kollafjarðarnesi, og bauð, að bændur verzluðu við sig, en nú varð ekki til hans komizt á Reykjarfjörð, því Trèkyllisheiði var

ófær og sjórinn líka ófær sökum ísanna; rituðu nú bændur brèf kaupmanninum og tjáðu honum vandræði sín, beiddu þeir hann, að koma til sín á Skeljavík, nær sem skipgeingt yrði; hann vildi verða við tilmælum þeirra og lagði út skipinu, en komst við vandræði í ísnum og mátti aptur hverfa á Reykjarfjörð. Nálægt miðjum mánuðinum rak ísinn út af Steingrímsfirði, og kom þá Christensen skipi sínu á höfn í Skeljavík og þótti nú vænkast ráðið, en jafnharðan kom sýslumaður, og lagði blátt bann fyrir, að hann verzlaði þar, af ástæðu þeirri, að nú ætti hann ekki verzlunarstað í landinu, þótt hann hèldi borgarabrèfi sínu frá Vestmannaeyjum. Við þetta tóku að nýju að vaxa vandræðin fyrir bændum; menn urðu þó ekki ráðþrota, heldur tóku 3 hreppstjórar sig saman, og rituðu brèf amtmanni sínum, og feingu í hendur til flutnings alþingismanninum. Brèfið hljóðar þannig:

„Nú er herra kaupmaður J. Th. Christensen kominn til Steingríms-
„fjarðar eptir beiðni Bitrusveitar-, Túngusveitar- og Nessveitarmanna
„hèr í sýslu, samkvæmt viðlögðu brèfi af 8. þ. m., en áður en hann
„byrjaði nokkra verzlun, lagði viðkomandi sýslumaður strángasta
„bann á, að hann mætti verzla hèr með vörur fyrir nokkurn skild-
„íng, en ef Christensen siglir til Reykjarfjarðar aptur, geta margir
„ekki komizt til hans til verzlunar, því landveg er ómögulegt að
„fara fyrir ófærð á Trèkyllisheiði, og flestir eru hestajárnalausir,
„en of fá skip til að fara í þeim flýti, sem þarf, því kornvara má
„eingan veginn liggja leingi í skipinu, því hiti er kominn í grjón-
„in, og hótar Christensen að sigla hèðan í burt, megi hann ekki
„bráðum verzla, og vill ekkert selja hèr í sýslu, nema hann geti
„selt allan farminn, eins og við báðum hann um í fyrstu, en á
„Reykjarfirði er eingin von til þess, og á Hrútafirði getur hann
„ekki verið, því þángað er hans skip og vörur ekki assúrerað.
„Af þessu flýtur, eins og sýnt er í bónarbrèfi því, er hèr með
„fylgir, dags. 8. þ. m., til herra Christensens, að hèr er fyrirsjá-
„anleg mesta húngursnauð, því vörur koma svo litlar til Reykjar-
„fjarðar, að eingan veginn duga, en Christensen hefir í skipi
„sínu 600 tunnur af matvöru og aðrar nauðsynjar að því skapi.
„Vèr álítum því, að nauðsyn brjóti hèr lög í tilliti til þarfa vorra
„og forboðs sýslumanns vors, og biðjum yður því, hávelborni herra
„amtmaður, að líta á nauðsyn vora í tèðu máli, því vèr getum
„ekki leitað til æðri staða, og leyfa, að herra Christensen megi
„verzla í þetta sinn á Steingrímsfirði og Bitru með alla vöru þá,

„sem lítið er annað en nauðsynjavara, er hann hefir á skipi sínu, „til að forða hreppum þeim, er hlut eiga að máli, eyðileggjandi „vandræðum og húngursdauða“.

Brèfi þessu lèt sýslumaður fylgja brèflegt meðmæli sitt.

Þetta tiltæki hreppstjóranna hafði hinn æskilegasta árángur; herra amtmaðurinn leit viturlega og góðgjarnlega á málið, og gaf undir eins leyfi til, að Christensen mætti verzla á Skeljavík, leyfi, sem vèr megum óhætt segja að nú hafi frelsað líf margra manna.

Saga þessi ætlum vèr að sanni það með áður sögðu, að verzlun á Skeljavík sè nauðsynleg, og að hún þurfi tafarlaust að komast þar á, því sömu vandræðin, sem nú voru þar í sveitunum, vofa þar yfir undir eins á næsta ári, og hver veit hvað leingi, ef árin verða hörð. Það er undir von, að slíkt leyfi, sem nú fèkkst, geti nokkru sinni optar feingizt, eins er það frágángssök fyrir lausakaupmennina, að leita verzlunar þángað, hvaðan þeir gæti vænt að verða rækir; vèr hljótum því að mæla fastlega fram með bæn þeirri, sem í bænarskránni er, að Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu verði, sem fyrst skeð getur, eða nú í ár fyrir kauptíð að vori, gjörð að löggildum verzlunarstað; en þar á móti getum vèr ekki mælt fram með varauppástúngunni í bænarskránni, þeirri, að öllum lausakaupmönnum væri veittur sami rèttur til verzlunar á Íslandi, sem opið brèf frá 19. maí 1854 veitir fastakaupmönnunum, því slíkt leyfi nær til landsins alls og sýnist miða til þess, að koma verzluninni yfir höfuð á allt of mikla sundrúngu.

Enn fremur hefir alþíngi feingið oss til meðferðar og álita bænarskrá frá Kollabúðafundi, sem biður um, að það verði gjört að lögum, að fastakaupmönnum og öðrum, sem rètt hafa til að verzla á Íslandi, verði leyft að sigla á Reykjarfjörð við Ísafjörð, og hafa þar verzlun á skipum. Vèr verðum, áður en vèr segjum álit vort um bæn þessa, að geta þess, hvernig hún er til komin. Nokkrir Ísfirðíngar komu á fundinn með bónarbrèf um þetta efni, svo lagað, að ekki var frambærilegt fyrir alþíngi; þegar þeir sömdu brèfið, vissu þeir ekki til, að beðið yrði um, að Skeljavík yrði löggilt til verzlunar, og þótt þeir feingi að vita það á fundinum, vildu þeir samt koma bæn sinni á framfæri, og það lèt fundurinn eptir þeim; því er hún og hèr komin, en sem vèr lítum á bænina, þá virðist oss, að fátt mæli fram með henni; það er að eins ein sveit, Múlasveitin, í Barðastrandarsýslu, og nokkrir bæir af Gufudalssveit, sem sækja kynni að nokkru verzlun á Reykjarfjörð, en í Ísafjarðarsýslu ekki

nema 2 sóknir, Vatnsfjarðarsókn og Kirkjubólssókn í Lángadal, og þó mundu sóknir þessar að töluverðum hluta verzla með afla sinn, fisk og lýsi, á Ísafirði, svo aðsókn til verzlunar á Reykjarfjörð verður lítil og í raun réttri ekki annað en óhagfelldur frádráttur verzlunar á Ísafirði. Síðan vöruflutníngaleysið kom, vitum vèr ekki til, að á Reykjarfjörð hafi komið nema einúngis eitt skip, hèr um árið; af ástæðum þessum getur nefndin ekki mælt fram með því, að alþíngið biðji konúng vorn um, að það verði gjört að lögum að fastakaupmönnum og öðrum, sem rètt hafa til að verzla á Íslandi, verði leyft að sigla á Reykjarfjörð við Ísafjörð, og hafa þar verzlun á skipum.

Að öllu framan og ofan rituðu þannig nákvæmlega athuguðu, verður niðurstaðan sú, að nefndin fellst á og biður: að alþíngið samhuga, þegnsamlegast beri þá bæn sína fram fyrir konúng vorn:

> Að Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu verði fyrir næstkomanda vor, með opnu brèfi, gjörð að löggildum verzlunarstað.

Reykjavík, 14. júlí 1859.

Ásgeir Einarsson, Benedikt Þórðarson. Indriði Gíslason".

formaður og framsögumaður.

Framsögumaður: Nefndarálitið er svo lángt og greinilegt, að eg ætla ekki að orðleingja um það, fyr en eg heyri, hvernig ræður manna falla, og ef málið skýrist við umræðurnar, er það æskilegt. Eg skal einúngis geta þess, að við inngángsumræðuna á dögunum var spurt, hvernig nú færi fyrir þeim, sem búa næst Reykjarfirði, ef að verzlunarstaður yrði löggiltur á Skeljavík; þá skal eg geta þess í tíma, að verzlunarmaður er þar enn þá, og þó hitt kæmist á, mundi hún verða þar um hríð, en allir þeir, sem úr þeim hluta sýslunnar fara á Skeljavík, fara fram hjá Reykjarfirði, og getur sú verzlun þá byrgt þær sveitirnar. Það hefir verið talað um, að svo margir kaupstaðir yrði þá í sýslu þessari, þar tveir væri þar undir, en það verður að gæta að landslaginu á Borðeyri; því það er víða 6 til 9 vikur sjávar í kaupstaðinn, og þegar beðið er um verzlunarstað nálægt Reykjarfirði, er eigi þörf að skýra það, fyr en menn hreifa spurníngum þar að lútandi.

H. Kr. Friðriksson: Eg er manna fúsastur til, að mæla með verzlunarstað á Skeljavík, ef hinn heiðraði *framsögumaður* getur sannfært mig um, að svo mikið ynnist við það, að vert væri þess vegna að breyta nýrri löggjöf; en það get eg nú ekki séð. Eg játa

það, að nokkrir hreppar eiga hægra með, að sækja verzlun til Skeljavíkur, en til Reykjarfjarðar. Þegar menn skoða landabrèf Íslands, getur hver maður sèð, að það eru að eins 3 hreppar í Strandasýslu, sem verzlun hægist fyrir, ef verzlunarstaður verður settur á Skeljavík; það er hálfur Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, að Kollafjarðarnesi ógleymdu, og nokkuð af Broddaneshrepp. Aptur á móti verður verzlunin óhægri fyrir Árneshrepp og nokkuð af Kaldrananeshrepp; það er þá, þegar þetta er borið saman, og allt lagt saman, $1^1/_2$ hreppur, sem hagræðið hefir, en sá hálfur annar hreppur, sem missir verzlun á Reykjarfirði, er miklu ver farinn, að verða að sækja verzlun á Skeljavík, en hinir, að sækja verzlun til Reykjarfjarðar; þetta liggur nú í augum uppi; þegar litið er á landabrèfið, þá getur hver og einn sannfærzt um, að það er ógurlega lángur vegur og örðugur fyrir bóndann í Skjaldabjarnarvík og á öðrum hinum nyrztu bæjum í Strandasýslu, að sækja verzlun til Skeljavíkur, og þótt lángt sè til verzlunar fyrir megin Strandasýslubúa, að sækja verzlun á Reykjarfjörð, þá er Borðeyri á hinn bóginn, og þess vegna er ekki vert að breyta því, til þess að hálfur annar hreppur fái hægri verzlun, eða með öðrum orðum, að 3 hreppar fái meiri hægð, en hálfur annar óhægð. Af Barðastrandarsýslu er það einúngis Reykhólasveitin og Geiradalshreppur, sem líklegt er að sækti verzlun að Skeljavík, en aðrir ekki. Eg veit ekki, hvar það getur verið í Barðastrandarsýslu frá nokkrum bæ, að dagleið sè til sjáar, eins og sagt er í nefndarálitinu; það er mèr óskiljanlegt, frá hvaða bæ það skyldi vera; frá Kollabúðum, sem er fremsti bærinn í Reykhólasveitinni, er eigi nema nokkurra tíma reið yzt út á Reykjanes, og því styttra er það frá hinum bæjunum, t. a. m. Skógum og Hríshóli; það skyldi þá vera, að það væri farið í kríngum allt Reykjanes, og inn með Þorskafirði aptur. En eg sè einga þörf á því, að leita til skipa einúngis yzt á nesinu, og auk þess standa margir bæir í Reykhólasveitinni rètt við sjó. Það er borið fyrir í nefndarálitinu, að veiðin á Gjögri sè að minnka, og því minnki aðsókn að Reykjarfirði; þetta má satt vera, en það geta verið áraskipti að því, og getur breytzt á fáum árum, svo veiðin verði þar eins mikil og áður, svo kaupmenn þá fremur sæki Reykjarfjörð en Skeljavík. Þá er það tilfært sem ástæða, að draga eigi saman verzlunina á einn stað, og því til styrkíngar er skírskotað til Borðeyrar, hvernig þar hafi farið, en það er munur, hvort 4 eða 5 hreppar eiga hægra með að sækja verzlun á Skeljavík, en hálf þriðja sýsla á Borðeyri, en þar sem verzlun-

in dregst að Borðeyri, þá verður vezlunin að minnka við það á Stykkishólmi, þar sem einmitt þeir sækja verzlunina á Borðeyri, sem annars mundu sækja hana á Stykkishólm; því fleiri kaupstaðirnir eru, því meir dreifist verzlunin, og sè verzlun hjá oss ekki komin svo lángt eða vörumagnið orðið svo mikið, að eigi sè vert að dreifa henni, eins og eg líka held að eigi sè, þá er ekki ástæða til eða vert að fjölga kaupstöðunum. Eg get því ekki af nefndarálitinu sannfærzt um, að nauðsynlegt sè að setja verzlunarstað á Skeljavík, og allrasízt, þegar ráðið er frá, að löggilda Reykjarfjörð við Ísafjörð, því það eru þó 2 eða hálfur þriðji hreppur í Ísafjarðarsýslu og hálfur þriðji hreppur í Barðastrandarsýslu, Múlasveit, Gufudalssveit og nokkuð af Reykhólasveit, sem eiga hægra með eða eins hægt að sækja verzlun á Reykjarfjörð og á Skeljavík; því það er 1 heiði á milli. Ef þingið því fellst á að löggilda Skeljavík, vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði, að Reykjarfjörður einnig verði löggiltur sem verzlunarstaður. Ef stúngið hefði verið upp á því, að hver, sem vildi, gæti með amtmanns leyfi sett sig niður, hvar sem honum lízt, þá hefði eg sèð, að beðið hefði verið um nokkuð verulegt, og eg veit alls eigi, hvort eg hefði verið slíkri bæn mótfallinn. Hversu óhægt er ekki fyrir Strandabúa að sækja verzlun á Ísafjörð? því á þá ekki líka að vera verzlunarstaður á Hornvík við Horn? það yrði þó hægra fyrir þá, sem nú geta eigi komizt í kaupstað nema einu sinni á ári, og það yfir lánga og hættulega sjóleið. En að vera að biðja um nokkrar fáar víkur, sem löggilta verzlunarstaði, það er kák eitt. Eg ætla ekki að orðleingja þetta, en vil einúngis, að Reykjarfjörður verði þá löggiltur líka, ef Skeljavík verður löggiltur verzlunarstaður.

Framsögumaður: Ræða þíngmannsins úr Reykjavík er ekki svaraverð, en af því eg vona, að margir verði ekki til að tala líkt, ætla eg þó að svara. Hann kallar þetta breytíngu á nýjum lögum. Eg held það hafi slegið í höfuðið á honum (!). Þetta er eingin breytíng á verzlunarlögunum; því í þeim er ekki bannað að löggilda nýja verzlunarstaði; þetta fellur því um sjálft sig. Hann segir, að þessi breytíng sè einúngis gjörð fyrir hálfan annan hrepp í Strandasýslu og hálfan í Barðastrandarsýslu; honum ferst ekki betur með þetta en að reikna ferhyrníngsálnirnar í gær, sem hann þó hefði getað haft betur undirbúið. Eg vil nú ekki svara þessu; því það er talað annaðhvort af heimsku eða illgirni (hríngt). Hann talar um, að það sè lángt frá Skjaldabjarnarvík inn á Skeljavík; en þó verzlun yrði á Skeljavík, gæti bóndinn í Skjaldabjarnarvík eins feingið vörur á Reykj-

arfirði fyrir það; og ætti hálf sýsla að metast minna en 1 bær? Hann segir, að einginn bær í Reykhólasveit eigi eina dagleið til sjóar, en þegar nú skip ekki fæst nema út á Reykjanesi, ætla þá verði ekki nálega dagleið til sjóar, og svo að fara út í Flatey. Hann segir, að veiðin geti aukizt á Gjögri; það getur að visu breytzt, þó nokkurra ára reynsla og útlit sè fyrir því gagnstæða; því hafísinn meinar mönnum að komast út, en þó það nú breyttist, þá er eins hægt að taka lýsið, ef það feingist, á Reykjarfirði fyrir það, þó skipin færi inn á Skeljavík, því Reykjarfjörður er í leiðinni fyrir þá, sem vildu verzla á Skeljavik, en Skeljavík ekki fyrir þeim, sem einúngis fara á Reykjarfjörð. Hann segir, að verzlunin drægist frá Stykkishólmi; en það er ekki tilfellið; því fáir færi þángað. Hann talar um að vilja þá einnig löggilda Reykjarfjörð í Ísafjarðarsýslu, en neíndin fann minni ástæðu til þess; hann færir til, að það væri eins hægt fyrir Reykhólasveit að sækja verzlun á Reykjarfjörð við Ísafjarðardjúp; en því verður nú hrundið með dauðu dæminu; það þarf ekki annað en líta á kortið; slíka ástæðu ætti menn ekki að koma með. Eg vil nú ekki svara spaugi hans um verzlunarstað við Horn, það er líkt og að vilja láta heila sýslu sitja á hakanum fyrir Skjaldabjarnarvík.

H. Kr. Friðriksson: Þíngmaðurinn misskildi mig; því eg dró $1\frac{1}{2}$ hrepp í Strandasýslu, sem hefði óhagnað af breytíngunni, frá 3 hreppum, sem hefði hagnað af því, og verður þá auðsjáanlega eptir $1\frac{1}{2}$ hreppur, sem vinnur við það; ef það væri $1\frac{1}{2}$ hreppur, sem hefði hagnað, og $1\frac{1}{2}$ hreppur sem hefði óhagnað, þá væri hagræðið ekkert. Þar sem talað er um dagleiðirnar til sjóar frá bæjum í Reykhólasveit, þá hefi eg farið um hana alla, og það er hvergi dagleið til sjávar; ekki svo mikið sem frá Kollabúðum, fremsta bænum, er það nema svo sem 2 eða 3 tíma reið fram að Stað á Reykjanesi; þar eru alstaðar bæir með sjónum; en er þá hvergi skip nema fram á yztu nesjum? Berufjörður er rètt við sjó, þar er þó líklega skip, eins í Bæ í Króksfirði; þá er heldur ekki dagleið frá Kollabúðum út að Króksfjarðarnesi, og þar er skip. Að verzlunin dreifðist, það þarf ekki að sanna; bænarskráin segir það sjálf, þar sem hún talar um að draga verzlun frá Flatey og Stykkishólmi að Skeljavík; menn verzla annaðhvort í Flatey eða Stykkishólmi, og þá drægist verzlunin þaðan, sem þó er sögð lítil, ef verzlunarstaður er settur á Skeljavík. Það er því nær eins hægt fyrir Reykhólasveitúnga að sækja verzlun á Reykjarfjörð við Ísafjörð, eins og á Skelja-

vík, það er yfir eina heiði að fara, og svo er svo sem ½ vika sjóar af Lángadalsströndinni, og eru eingin vandræði að fá skip þar, en þegar fara á til Skeljavíkur, verður einnig annaðhvort að fara Kollabúðaheiði, eða Bæjarheiði, sem eg reyndar aldrei hefi farið, en þær heiðar geta verið litlu styttri, en Þorskafjarðarheiði, en maður kemur þó ekki beint ofan að Skeljavík, svo að munurinn verður lítill.

Halldór Jónsson: Eg skildi ekki vel röksemdafærslu hins háttvirta þingmanns Reykjavíkur, þar sem hann sagði, að það væri að eins hálfur þriðji hreppur, sem hefði hag af því, að verzlun kæmist á á Skeljavík, og raunar ekki nema hálfur annar, þar sem einn hreppur aptur hefði óhag af því. Mèr skilst þetta vera byggt á þeirri skoðun, að einn verzlunarstaður hljóti að líða undir lok, ef Skeljavík komist upp; en eg ímynda mèr, að þetta sè ekki að óttast, og að hver hreppur muni halda áfram að sækja þángað, sem hægast er, einkum hafi ekki allir þeir umtöluðu hreppar áður sótt til ens sama verzlunarstaðar.

Benedikt Þórðarson: Þó öllu, sem þingmaður Reykvíkínga hefir mælt móti löggildíngu Skeljavíkur til verzlunarstaðar, sè svarað fullu í sjálfu nefndarálitinu, og meðnefndarmenn mínir hafi líka svarað því að verðleikum, vil eg samt bæta hèr litlu við; hann segir, að í nefndarálitinu sè sagt, að menn úr Reykhólasveit eigi dagleið til sjóar, og er að basla við að hrekja það. Þetta er ekki satt, það er einúngis sagt, að margir þurfi 2 daga til ferðar heiman frá sèr í Flatey, annan daginn þurfa þeir til heimanbúnaðar og flutníngs til skips, en hinn til sjóferðarinnar; þeir, sem búa upp í Reykhólasveit og inni í Þorskafirði, eiga lánga skipgötu út á Reykjanes, hvort heldur að Stað eða Reykhólum; hann er að tala um skipin, sem sè þar og þar á vogum og víkum, en veit hann ekki það, að flestir sveitúngar eru landbændur og eiga ekki skip, og þau skip, sem vera kunna í Geiradals- og Reykhólasveitum eru smábátar, en fá munu þar flutníngaskipin? smábátarnir eru helzt til ónógir að fara á þeim ferðirnar með verzlunarvörur fram og til baka á Stykkishólm; þetta vex honum samt ekki í augum; hann segir þeir hafi sótt verzlun í Stykkishólm; hitt er þó sannara, að þeir hafi sótt hana í Flatey, meðan verzlun var þar og hèt; honum þykir eins auðvelt úr Reykhólasveit að sækja verzlun á Reykjarfjörð í Ísafirði, eins og á Skeljavík; ekki sè þángað nema eina heiði að fara, og síðan hálfvikusund, en skip nóg fyrir; það er satt, heiðin er ekki nema ein, en hún heitir Þorskafjarðarheiði, og mun þess getið í landafræðinni,

að hún sè meðal hinna leingstu fjallvega á Vestfjörðum, hún er líka opt illfær yfirferða fram á sumur; hálfvikusundið hans er vel í lagt; eg ætla það muni nær vikusund, ef ekki meira, til að mynda frá Arngerðareyri á Reykjarfjörð; að skip sè þar á reiðum höndum, getur mjög brugðizt, því um það leyti sem helzt mundi þurfa á þeim að halda, standa yfir ferðalög Ísfirðínga heim úr fiskiverum og svo verzlunarferðir þeirra á Skutulsfjörð, þetta vill hann nú samt láta Reykhólasveitúngum og Geirdælíngum vera jafnhægt eða hægra en að fara á hestum sínum yfir stuttan fjallveg, Bæjarheiði eða Tröllatúnguheiði á Skeljavík; nokkuð er það, að ekki bætist þar við þá hálfvikusundið. Hann fárast um það, hvað verzlun á Skeljavík muni tvístra verzlun þeirri, sem nú sè í sveitum þeim, er þángað mundu sækja og draga hana frá Stykkishólmi, Flatey, Borðeyri, Ísafirði og Reykjarfirði. Þetta horfir hjá honum dálítið öfugt við, því nefndarálitið sýnir og sannar, að hin tvístraða verzlunin, sem nú er í sveitum þessum, sundrast ekki, heldur dregst saman í eitt á Skeljavík; hann heldur, að fáir mundu nota verzlun þar, en þó eru 100 bæir eða fleiri í báðum sýslunum, sem hægra ætti með að sækja verzlun á Skeljavík, en nokkurn annan stað, og mundu þeir nota slíkt hagræði. Allar hinar þannig ástæðulausu mótbárur hans sýnast mèr fremur mæla með en móti uppástúngu nefndarinnar.

Jón Pètursson: Það er að eins eitt atriði, sem eg vildi taka fram, en það er forminu viðvíkjandi; mèr virðist, að þegar beðið er um að löggilda nýjan verzlunarstað, þurfi skírteini frá eiganda jarðar þeirrar, sem verzlunarstaðurinn á að vera á, um að hann sè því samþykkur, því annars má maður óttast fyrir, að þó þíngið fallist á það, verði því ekki gaumur gefinn af stjórninni, af því þetta skírteini vanti. En það er hèr nokkur bót samt í máli, að það kvað sjást af bænarskránni sjálfri, að eigandi jarðarinnar sè einn af þeim, sem skrifaðir eru undir hana; en ef stjórnin ekki álítur það nóg, þá vil eg, heldur en málið falli alveg, áskilja mèr viðaukaatkvæði í þá átt, að fastakaupmenn fái leyfi til að verzla þar af skipum.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður hreifði 2 atriðum málinu viðvíkjandi. Fyrst áhrærandi leyfið frá eiganda jarðarinnar, þá álít eg það sè fullsannað, að leyfið sè gilt; því eigandi bað sýslumanninn á þíngi í áheyrn alls þíngheims, að skrifa undir nafn sitt og að hann væri eigandi Skeljavíkurinnar, og það áleit eg nóg, svo eg gæti sagt frá, hvernig á stæði í því efni; en hið annað, að verzlun af skipum fastakaupmanna megi leyfast,

þá er óþarfi að biðja um það; því það er leyft með lögum, nema með kramvöru, sem kaupmenn mega þó flytja ásamt öðrum vörum útteknum. Hinu öðru, sem sagt hefir verið, þarf eg ekki að svara; meðnefndarmaður minn, þingmaður Barðstrendinga, hefir gjört það.

Indriði Gíslason: Það var eitt með öðru í nefndarálitinu, sem þingmaðurinn úr Reykjavík annaðhvort rángfærði eða misskildi, nfl. það, að það væri svo stutt til Flateyjarverzlunar; það er þó tekið skýrt fram í nefndarálitinu, að öll verzlun sé nálega hætt í Flatey, og menn því neyðast til að sækja til Stykkishólms, Ísafjarðar, Borðeyrar eða Kúvíkna, sem þó er mjög torvelt, einkum að sækja til Stykkishólms vegna skipaleysis, eins og áður er sýnt, eins og hitt er ærinn vegur, hvert sem farið er, og það enda samt bæði til lands og sjávar. Sé nú þetta ekki einmitt til að tvístra verzluninni, þá veit eg ekki, hvað það er, þegar þeir, sem hægast eiga með að sækja á Skeljavík, ýmist fara til Stykkishólms, Ísafjarðar, Kúvíkna eða Borðeyrar. Það er nú annars undarlegur misskilningur þessa þingmanns, þegar hann segir, að ekki hafi nema nokkrir bæir eða partur úr hrepp gagn af Skeljavík, þar sem úr Barðastrandarsýslu er þángað hægast að sækja, úr Gufudals-, Reykhóla- og Geiradalshreppum, í Strandasýslu úr Hrófbergshreppi, Kirkjubólshreppi og Broddaneshreppi, auk Kaldrananeshrepps, er rètt liggur norðan Steingrímsfjarðar, og er ein vika yfir Steingrímsfjörð að fara til Skeljavíkur; þá er Saurbæjarhreppur í Dalasýslu, er þángað á hægast að sækja, sem þó einna leingst er þángað frá Skeljavíkinni, en ei að síður er það-an ekki nema fullkomin ein dagleið, en víðast annarstaðar frá má fara heiman og heim í reiðingsáfánga; það geta nú reyndar allir vitað, að slíkar almennar bænarskrár eru ekki samdar einúngis af gantaskap og að gamni sínu. Það veit líklega einginn betur, en sá, sem skóinn ber, hvar hann kreppir að. Eg fyrir mitt leyti hræð-ist ekkert þessar ríngu mótbárur þingmanns Reykvíkínga, að það geti orðið málinu til falls; því af þingræðum hans hefir mèr virzt það gagnstæða, að þau málin, sem hann mælir mest á móti, fái beztan framgáng.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg er nú ókunnugur landslagi og kríngumstæðum viðvíkjandi þessum Skeljavíkurkaupstað, en eg vil ekki hafa á móti honum í einu orði, því eg vil ætíð trúa lýsíngu og frásögn kunnugra og skilríkra manna; líka hefir það ætíð verið sannfæríng mín, að það væri landsbyggðinni eður alþýðu til mikils hagræðis, að siglíngunni eður verzluninni væri gjört leyfilegt að koma

þar að landinu, sem landsmenn ætti hægast með að geta náð til að verzla vörum sínum; En hvað viðvíkur Straumsfjarðarmálinu, sem talað var um hèr fyrri í dag, þá held eg lýsíng og ástæður fyrir þeirri nauðsyn, að fá þar kaupstað, verði nú ekki hèr framfært í ítarlegu og sögulegu formi, eins og nefndarálitið hefir framfært Skeljavíkurmálið. Eg held líka, að ástæður fyrir fullri nauðsyn að fá löggiltan verzlunarstað á Straumfirði sè bæði í augum uppi og áður svo glögglega fram teknar hèr á alþíngi, og þá viðteknar, að það væri rètt til að gjöra of miklar málaleingíngar á þínginu, sem þó hefir nóg að starfa, að eg færi að taka þær allar fram upp á nýtt og lýsa kríngumstæðunum út í hörgul, og held eg, að þeir þíngmenn, sem nýir eru eður ókunnugir, geti látið sèr nægja með það, að renna augum yfir Faxabugt, hèðan og vestur undir Snæfellsjökul, hvort það er nokkur uppgjörð, að biðja um 1 verzlunarstað á því svæði, þar sem 3 eða þó jafnvel 4 sýslur (með Kjósarsýslu), hafa eingan verzlunarstað; líka er líklegt, að þeir þori að reiða sig á álit þeirra hávitru þíngmanna, sem hafa gjörzt til að styðja þetta mál. Eg vil tilnefna hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa* og þíngmann Ísfirðínga; þess vegna hika eg eg ekki við, að áskilja mèr rètt til þess breytíngar- eður þó heldur viðaukaatkvæðis við uppástúngu nefndarinnar, að inn í hana verði bætt: „og Straumfjörður í Mýrasýslu“. Að öðru leyti, þar sem því hefir verið við barið, að ekki megi breyta nýrri löggjöf, þá breytir þetta mál ekkert verzlunarlögunum, heldur er það svo sem framhald þeirra og útvíðkun á frelsi því, sem þau ætla Íslendíngum; eins þar sem talað hefir verið um, að hèr væri að tefla um einúngis 3 eða 4 vikur sjóar, þá get eg sagt það, að hvort heldur hèðan eða frá Búðum til Straumfjarðar er miklu leingri sjóvegur, og eptir því vondur.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil að eins svara því, sem þíngmaðurinn úr Dalasýslu sagði, að af því eingin verzlun væri í Flatey, mundu Barðstrendíngar reka verzlun á Skeljavík, en það er að eins Reykhólasveitin ein, og Geiradalshreppur, sem líklegt er að sækti verzlun þángað úr þeirri sýslu; Gufudalssveitarmenn færi þángað ekki, því þeir eiga þángað illan veg og örðugan; en hvort Saurbæíngar mundu sækja þángað, það má hann bezt vita, en það er þó meira en ein dagleið; þeir verða að fara kríngum Gilsfjörð og sæta sjóarföllum, því að annars er það lítt fær vegur, og svo Bæjardalsheiði.

Indriði Gíslason: Þíngmaður þessi er víst vanur að ferðast

allt, sem hann getur, í króka, í stað þess að fara beint; hann segir, að Saurbæingar verði að fara inn fyrir Gilsfjörð (það er nú satt), en síðan fari menn vestur yfir Geiradalshrepp og vestur í Reykhólasveit og Bæjardalsheiði í staðinn fyrir það, sem farið er beint norður Steindalsheiði, og stundum Hallruna. Eg vil annars ekki mannspilla mèr á, að svara því, sem hann segir; því að slík markleysa spillir ekkert málinu; því þingið er svo þjóðhollt að það lætur ekki slíkt festa á sèr. Vèr Saurbæingar gjörðum 1500 rdl. reikníng á Skeljavík í fyrra og vildum ekki fara út í Stykkishólm fyrir lítið. Eg vildi annars óska, að þingmanninum ynnist að glöggva sig betur á kortinu.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal þá líka leyfa mèr að gjöra það viðaukaatkvæði, að Krossvík á Akranesi verði löggildur verzlunarstaður. Eg þarf eigi að fara mörgum orðum um þetta mál; það hefir verið flutt hèr á þingi fyr af þeim, sem betur þekkti til en eg, og var færari til að mæla fram með því; eg skal því einúngis geta þess, að Borgfirðíngar eiga ekkert kauptún, og þó Straumfjörður yrði löggiltur, er ekki hægra að sækja verzlun þángað en í Reykjavík.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Til glöggvunar vil eg bæta því við ræðu hins háttvirta þingmanns Borgfirðínga, að sjóferð af Akranesi til Reykjavíkur og til Straumfjarðar er rètt jafnlaung, en til Straumfjarðar miklu hættulegri og verri vegna skerja, brims og strauma, sem verður að sæta, og það er sú vonda sjóleið suður á Akranes, sem mest knýr Mýramenn til að biðja um, að Straumfjörður sè löggiltur. En þar sem hinn 5. konúngkjörni þingmaður vildi halda, að heimild þyrfti að hafa frá jarðareigandanum til að biðja um löggildíngu þessara staða, þá vil eg geta þess, að undir bænarskránni um Straumfjörð er meðal annara nafn ábúandans og eigandans á Straumfirði.

H. Kr. Friðriksson: Eg verð að geta þess um Straumfjörð, að því máli hefir verið hrundið með atkvæðum, og það er því beinlínis á móti 63. gr. í alþíngistilskipuninni að bera það upp aptur á þessu þíngi.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst nú rannar, að það sè ekki á móti 63. gr. í alþíngistilskip., því þar stendur *þannig,* það er að skilja á sama hátt. *(Forseti* hríngdi, tók fram í, og sagði þetta mál væri þegar útkljáð, hvað þetta snerti).

Sveinn Skúlason: Eg vil bæði gefa atkvæði mitt fyrir Skeljavík og líka fyrir viðauka- og breytíngaratkvæðunum; því eg sè einga

hættu búna, þó leyft sè að sigla upp sem flesta staði; því það er einmitt reynslan, sem á að sýna mönnum, hvar kaupstaðarstæði eru hentugust. Menn eiga að gefa leyfi til uppsiglínga á sem frjálsastan hátt, og þá mun það sýna sig sjálft, hvar verzlunin vill dragast saman. Það hefir aldrei orðið að gagni, þó stjórn og lög hafi verið að segja, að sumir kaupstaðir skyldi vera fastir; þeir hafa ekki orðið fastari fyrir þess konar lagaskipanir. Landslag og vegir skapa þess konar hvað eina, og á slíkan hátt fá menn hin beztu kaupstaðastæði, en ekki með því að vera með bundnum lögum að reyna til að draga verzlun til sèrstakra staða, sem óvíst er hvort hæfilegir reynist.

Guðmundur Brandsson: Það er tvennt, sem vakir fyrir nefndinni að mæla fram með Skeljavík: hægðaraukinn, að stytta mönnum leið, og að draga saman verzlunina; en þingmaður Reykvíkínga hefir nú leitazt við að sýna, að þó verzlunin dragist þar að, þá tvístrast hún frá öðrum stöðum; það sama hefir nú vakað fyrir beiðendunum; þegar Skagfirðíngar fyrir nokkru beiddu um, að Sauðárkrókur yrði löggiltur, þá hèldu menn, að hinir 2 kaupstaðirnir, sem þar eru í grennd, mundu falla af sjálfu sèr. Þess er ekki getið; þeir hafa að minnsta kosti ekki lagzt niður og verzlun er enn þá ekki stofnuð á Sauðárkróki, að minnsta kosti mun ekki vera farið að byggja þar verzlunarhús. Þegar nú nefndin vill draga verzlunina að Skeljavík, þá hugsar hún víst, að verzlun hætti í Flatey og má ske á Reykjarfirði og að sú verzlan dragist aptur að Skeljavík; en það er ekki sagt, að það yrði; má ske bæði Flatey og Reykjarfjörður hángi svona á horriminni í nokkur ár, líkt og Hofsós og Grafarós, sem ráðgert var að Sauðárkrókur eyðilegði, þegar hann feingist löggiltur. Eg væri reyndar ekki fjarlægur því, sem þingmaðurinn úr Norður-Þíngeyjarsýslu sagði, að opna sem flesta staði fyrir verzluninni, ef vörumegnið í landinu væri meira en það nú er, og einkum ef það væri of mikið á þá verzlunarstaði, sem nú eru til; en eg er óviss í, hvort það bætir, eins og nú stendur á. Það hefir opt verið leyft að flytja vörur á ýmsa staði, sem þó ekki hefir verið notað; það er t. a. m. Dyrhólar; þangað hefir einginn flutt vörur síðan Gísli Símonsen; það hefir líka verið leyft að sigla á Þorlákshöfn; eg veit ekki til, að neinn hafi neytt þess. Það getur nú verið, að hik komi á stjórnina, þegar hún sèr þetta. Hvað Straumfjörð snertir, þá voru þángað nógir aðflutníngar frá kaupmönnum hèr í Reykjavík, meðan verzlunin gekk vel, og eins mundi það fara, ef verzlunin rètti við aptur; þá mundi

aðflutníngar þángað verða tíðir, og eins á Krossvík. En mèr er óskiljanlegt, hvernig menn geta vonazt eptir, að þar verði reistur kaupstaður, meðan er vöruskortur á þeim kaupstöðum, sem nú eru. Hvað viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Mýrasýslu snertir, þá læt eg það liggja á milli hluta, en er þó á sama máli og þíngmaður Reykvíkínga; en atkvæði skera úr málum; annars hefi eg ekkert framar við það að athuga.

Framsögumaður: Þíngmaður Gullbríngusýslu talaði skynsamlega og höglega; hann sagði, að það væri ísjárvert, hvort aðsókn yrði á Skeljavík. Það stendur nú öðruvísi á Reykjarfirði en Reykjavík. Ef verzlun væri á Reykjarfirði, eins og meðan Gísli Símonsen reiddi þángað og jafnvel Hillebrandt framan af, þá yrði aðsókn þángað, einkum ef aflaðist á Gjögri. En síðan hákallsafli minnkaði, hefir einmitt Reykjarfjarðarkaupstaðurinn tvístrað verzlun sinni, og er nú farinn að reiða víðar á Norðurlandi, t. a. m. á Akureyri, og svo á Borðeyri, en þá fóru bændur að semja við lausakaupmenn í Kaupmannahöfn, og þá fóru fleiri einnig að koma sjálfkrafa á Steingrímsfjörð. Þegar Borðeyri var löggilt, óskuðu Steingrímsfirðíngar og fleiri af kjósendum mínum, að beðið væri um að löggilda einnig Skeljavík, en eg sagði: „nei, vèr skulum nú fyrst sjá, hvernig Borðeyri reiðir af“. 3 skip komu. Einn komst inn á Skeljavík í vor, þá dundi bann yfir á móti honum; það rèttist nú úr því að nokkru leyti, því annar stóð nokkuð nær, og fèkk verzlunarleyfið, eins og nefndarálitið sýnir. En hvort ekki hefir verið þörf á honum, sèst bezt á því, að 600 tunnur af matvöru, sem hann hafði, voru losaðar á hálfum degi, og þó svo hefði verið 1000 tunnur, mundu þær hafa geingið fljótt út; en það er þýðíngarlítið, þó menn hèr í salnum brosi að því, sem allir eru fullir og feitir, en það lítur öðru vísi út fyrir þeim, sem sáu, hvernig ástatt var, og hvatti það oss til, að fá stað þenna löggiltan strax; því ísinn getur gjört það, að margra manna líf liggur við, þar opt ekki er nema 1 dagur eða partur úr degi, að þángað verði komizt.

Guðmundur Brandsson: Það er misskilníngur, þegar sagt er, að eg hafi talað um flutníngа frá Reykjarfirði á Skeljavík; en eg sagði, að sama hugsunin hefði vakað fyrir mönnum, þegar talað var um að löggilda Sauðárkrók, eins og núna, þegar verið er að tala um Skeljavík; en í tilefni af einu því, sem stóð í nefndarálitinu, vildi eg mega spyrja: Ef ísalög banna innsiglíngu á Reykjarfjörð, banna þau þá ekki líka innsiglíngu á Skeljavík?

H. Kr. Friðriksson: Eg vil spyrja *framsögumann,* hvort hann eigi það víst, að það verði meiri vörubyrgðir á Skeljavík en á Reykjarfirði. Með hvers leyfi var verzlun rekin á Skeljavík í fyrra og hitt ið fyrra, sem fulltrúi Dalasýslu hefir verið að staglast á? Þetta leyfi, sem hann talar um að hafi feingizt, er nýfeingið og gilti að eins fyrir í vor, enda er óvíst, að þeir kaupmenn, sem hafa verzlað þar fyr, komi optar, og einkum er það undir hælinn lagt, að kaupmenn í Skeljavík geymi meira til vetrarins en kaupmenn á Reykjarfirði. Hvað viðvíkur því, sem þingmaður Borgfirðinga sagði um skilning sinn á 63. gr. í alþingistilskip., þá skilur hann það öðruvísi, en eg held það verði skilið; því orðið „þannig" stendur ekki í síðasta lið, heldur hinum fyrra.

Jón Hjaltalín: Það hefir verið margt talað um, að hægra væri að sækja verzlun á Skeljavík, og lítur það einnig svo út eptir sögusögn kunnugra manna og kortinu, ef það er grandgæfilega yfirlitið. Þar er og höfn betri, en á tveimur næstu kaupstöðunum þar fyrir norðan og vestan; en þrátt fyrir það þykir mèr fyrir mitt leyti ísjárvert að gjöra höfn og löggilda kauptún á hverri vík; því það er þvert á móti reynslu manna í öðrum löndum. Stórir staðir geta að eins komizt upp við sameiníngu kraptanna; en vèr sundrum einmitt kröptum vorum, ef vèr förum að gjöra hverja vík að höfn. Þetta sýnir veraldarsagan, og það er höndlunarsögunnar óræki dómur allt frá byrjun phoeniciskn verzlunarinnar allt fram á vora daga; það er heldur ekki öll sælan í kríngum hina smáu kaupstaði hjá oss, svo að vert mætti þykja, að fjölga þeim þess vegna. Í úngdæmi mínu heyrði eg það að minnsta kosti sagt, að aumastir væri menn í kríngum kaupstaðina; þar væri drykkjuskapur; *luxus,* óregla og iðjuleysi væri þar tíðust; eg held og, að vèr höfum ljós dæmi í sveitunum nálægt kaupstöðunum, og eg held líka það sè skammt að fara til að geta sannfærzt um það; bændur eru opt hèr nálægt kauptúnum að slæpast í kaupstaðnum 2 og 3 daga í viku, og svona er það í fleiru. Eg held landinu sè lítil bót í slíku eða æskilegt það verði í kríngum allt land. Á hinn bóginn skaða þessir mörgu smáu verzlunarstaðir líka föstu kaupmennina í hinum stærri kaupstöðunum; því vegna þeirra þykir þeim hættulegt að byrgja vel upp verzlunarstaðina, þar eð margir specúlantar geta komið 1 ár, og þá er hinn fasti kaupmaður rúíneraður; hitt árið kemur kann ske einginn. Af þessum ástæðum get eg ekki betur sèð, en það verði eitthvert los og óvissa á öllum kaupskap; kaupmenn draga sig í hlé, og sèst það á

hinum litlu vörubyrgðum, er nú eru allvíða, að þetta er þeinkíngarhátturinn. Þíngið ætti því varlega að styðja að því, að dreifa verzluninni, en hlynna heldur að þeim fáu kaupstöðum, sem eru, svo að þeir gæti orðið sem stærstir og verulegastir.

Páll Sigurðsson: Ef leyfið til þess að reisa verzlunarstað í Sauðárkróki er ei brúkað, þá skaðar það ekki verzlunina, og er því dæmi þetta ekki hættulegt. Það er einginn skaði, þó breytt sè til frá því, sem í upphafi var gjört, þegar verzlunarlögin voru sett, því ekki er sagt, að verzlunarstaðirnir væri þá settir á hina hentugustu staði; með því að setja nú marga verzlunarstaði, getur vel verið, að hinir óhentugu eyðist, en verzlunin dragist saman á hina hentugu, og styrkir það því fremur verzlunina að setja verzlunarstaði haganlega. Ef menn geingi út frá því, að hafa verzlunarstaði sem fæsta, þá ætti Hafnarfjörður og Keflavík ekki að eiga sèr stað, en reynslan sýnir, að Reykjavík fellur ekki, þó hinir sè nálægt, og Reykjavík dregur ekki heldur hina niður. Það var má ske gott að hafa fáa verzlunarstaði, meðan ekkert kapp var í kaupmönnum sjálfum, en þegar verzlunarlögin voru í undirbúníngi, voru kaupmenn mjög fúsir á að flytja vörur fyrir bændur einmitt til þess að fá sem flesta verzlunarmenn; en nú hafa þessir flutníngar minnkað mikið; en það fór að draga úr kappi kaupmanna, með að nota flutníngsleyfið og þannig lètta fyrir landsmönnum þá örðugleika, sem eru á laungum kaupstaðarferðum, og draga þá til sín, og líka af því að kyrkíngur kom í verzlunina.

Stefán Jónsson: Vegna þess að þeir, sem mæla á móti löggildíngu Skeljavíkur sem verzlunarstaðar, taka dæmi af Sauðárkrók til styrkíngar máli sínu, eins og mèr virðist þíngmaðurinn frá Gullbríngusýslu gjöra, þá vil eg geta þess, að þó þar ekki sè þegar reistur kaupstaður, hafa bæði fastakaupmenn og lausakaupmenn verzlað þar af skipum til mikils hagnaðar fyrir bændur, og vil eg því vera Skeljavík meðmæltur, en ei á móti því, að hún verði löggiltur verzlunarstaður.

Guðmundur Brandsson: Það er leiðinlegt, að menn skuli þurfa að útskýra það, sem menn taka ljóslega fram, og furðar mig á því með þíngmann Eyfirðínga, sem ei er vanur að vera svo skilníngslítill eða eptirtektalaus; en meiníng mín var sú, að dæmi Sauðárkróks gæti hjá stjórninni orðið til fyrirstöðu því, að menn feingi löggiltan verzlunarstað á Skeljavík; þegar þau leyfi til verzlunarstaða, sem hún er búin að gefa, ekki eru notuð, þá mundi hún verða ó-

fúsari á að gefa leyfi til að reisa fleiri verzlunarstaði. Sami misskilningur var hjá þingmanni Rángvellínga. Eg sagði ekki, að það spillti verzluninni, að hinir nýju verzlunarstaðir væri ónotaðir, en að það, að ekki væri notaðir þeir verzlunarstaðir, sem stjórnin hefir gefið leyfi til að nota, spillti hjá henni fyrir því, að fá leyfi til að reisa fleiri verzlunarstaði. Mèr sýnist einnig ísjárvert, að setja þar verzlunarstaði, sem þeirra ekki er þörf. Nú lítur út fyrir hallæri í landinu, og getur þá þingið ætlazt til, að nokkur kaupmaður muni fara að setja sig þar niður, sem eingar vörur eru að fá? mèr finnst nógur tími til þessa, þegar ástandið batnar og betur lætur í ári.

Indriði Gíslason: Menn segja, að ekki megi fjölga verzlunarstöðum og er það má ske satt, en þó Skeljavík verði gjörð að verzlunarstað, fjölga þeir ekki fyrir það. Því nú er verzlunin bæði á Flatey og Reykjarfirði rètt hætt, og er það eingan veginn svo, að Skeljavíkurverzlunin hafi sundrað þessum höndlunarstöðum, heldur myndast Skeljavíkurverzlun af því, sem hinir eru hættir, og vill hún koma einmitt upp aptur, þar sem landsmönnum er hagfelldast.

Framsögumaður: Viðvíkjandi spurningu þingmanns Reykjavíkurbæjar, hvort meiri matbyrgðir mundu liggja fyrir til vetrarins í Skeljavík en í Reykjarfirði, þá get eg svarað því, að meira mundi sækja að Skeljavík og mundu menn má ske þar geta feingið lán til næsta árs, eða safnað byrgðum í forðabúr; en ef Skeljavík yrði verzlunarstaður, er eg sannfærður um, að verzlunin mundi verða þar tápmeiri en á Reykjarfirði.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg vildi svara hinum háttvirta 6. konúngkjörna þingmanni því, að það á ekki ætíð sem bezt við hèr á Íslandi, að draga dæmi af ástandi og hugsunarhætti manna í öðrum löndum; okkar afstaða, landsbyggðarlag og búnaðarháttalag, er svo afskekkt og frábrugðið og verður að vera það vegna kringumstæðanna, að það tjáir opt ekki að bera það saman við önnur lönd og siði þeirra. Hèr verður að taka þær kringumstæður, sem einmitt eiga við málið, sem um er verið að ræða. Ekki get eg heldur samsinnt þingmanni Gullbríngusýslu um það, að máleíni þetta, þó það væri fram borið, spilli nokkurn hlut fyrir verzlunargánginum, því þó hann tæki til dæmis, að ekkert gagn hafi orðið af því að leyfa verzlun á Sauðárkrók, Þorlákshöfn, við Dyrhóla og víðar, þá hefir þó slíkt leyfi ekki gjört neinn baga, þó einginn noti það; annars mun aðsóknarleysið á Sauðárkrók í fyrra og í ár meira koma til af þeirri verzlunarnauð, sem upp kom í fyrra, en því, að þar sè

óhentugur staður. Eg held því, að það sè óhætt, þó að víðar væri leyft að verzla en er, svo það geti komið fram, sem hinn heiðraði þingmaður frá Norður-Þingeyjarsýslu sagði, að kauptúnin komi sèr sjálf upp, eptir því sem þau eru vel til verzlunar fallin, en orðin liggja til alls fyrst. Fyrst verður að fá það leyft, að það megi sigla upp þá hentugu staði, svo það geti staðið opið fyrir, ef siglíng kynni aptur að aukast, og verzlun að lifna við, því það getur verið seint, að eiga þá ógjört að útvega og undirbúa þetta leyfi. Þar sem hinn heiðraði þingmaður Reykvíkínga hèlt, að þetta mál ætti ekki að takast til þessarar umræðu eptir 63. gr. í alþíngislögunum, þá vil eg segja, að þetta er ekki nýtt mál. Málið um fjölgun og löggildíngu verzlunarstaða er áður á reglulegan hátt komið í þíngið og til nefndar, og þetta um Straumsfjörð er einn ángi af því eða viðaukaatkvæði við það.

Jón Hjaltalín: Eg vil að eins svara þíngmanni Mýramanna, því mèr sýnist þánkagángur hans ósamboðinn gáfum hans, þar sem hann ekki vill samlíkja Íslandi við önnur lönd. Eg sagði, að í öðrum löndum hefði verzlunin þróazt bezt, þar sem menn höfðu hlynnt að henni á vissum stöðum; það sjá menn á verzluninni frá því Foenicíumenn tóku að verzla og til vorra daga; og því skyldi það ekki eins geta skeð hèr? Ísland er þó ekki undanþegið hinum almennu náttúrunnar lögum. Það er sorglegt að heyra gáfaða menn tala þannig. Mèr þykir það annars skrítið, að verzlunarmenn skuli ekki hafa verið teknir til ráða í verzlunarmálinu, þar sem þeir hefði verið færari en margir þíngmenn til þess að dæma um margt í því, en þeir hafa ekki verið spurðir um neitt; í öðrum löndum eru kaupmenn ætíð consúleraðir í verzlunarmálum, og mætti eins gjöra hèr, því þó margt hèr á landi sè sèrstakt, er það samt ekki gagnstætt.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg vona, að þíngmenn hafi heyrt ræðu mína, og hvernig orð mín lágu, og mèr þykir það óverðugt hinum háttvirta konúngkjörna þíngmanni, að rángfæra fyrst orð þíngmanna, og tilbúa sèr þannig efni, til að leggja illa út af þeim; en þar sem hann undrar sig á því, að þíngmenn hèr (kunnugir landsmenn) hafi verið og sè á annari meiníngu, en kaupmenn í öðrum löndum, t. a. m. Norvegi, þá styður það hið sama, sem eg hefi sagt, að hèr stendur öðruvísi á en í öðrum löndum, því skynsamir og kunnugir mennirnir (þíngmennirnir) verða að þekkja bezt kríngumstæðurnar hèr, og betur en kaupmennirnir útlenzku, svo sá kon-

úngkjörni þíngmaður hefir með þessu dæmi stutt það mál, sem hann þó vildi sannarlega fella.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það var skaði, að þíngmaður Mýramanna tók ekki dýpra í árinni, því hver, sem til þekkir, veit, að kaupstaðir í öðrum löndum eru töluvert nánari en Straumfjörður og Reykjavík. Í Noregi til dæmis þarf ekki, ef eg man rètt, að vera leingra milli farmstaðanna og kaupstaða eða farmstaða á milli en 5 mílur. Eg veit ekki heldur dæmi til, að kaupskaparleyfi sè til óhagnaðar; hvert dæmi hèr á landi sannar, að leyfið hefir verið til hagnaðar bæði fyrir landsmenn og kaupmenn, og það jafnvel þar, sem kaupstaðarleyfið hefir verið ónotað, og eingin hús orðið byggð, t. a. m. á Borðeyri. Kaupmenn sjálfir eru nú hættir að mæla á móti, að þar ætti að vera verzlunarstaður, og sveitamenn segja betri verzlun en áður, ekki einúngis þar, heldur og einnig á Skagaströnd, því skip hafa komið á Borðeyri, þó ekki hafi verið byggð þar hús. Eins er með Sauðárkrók. Það er annars undarleg hugsun, sem bæði á hinum fyrri þíngum og enn í dag kemur hèr fram á þínginu, að menn halda, að vörumegnið muni allt af standa í stað, en hvorki vaxa eða minnka; menn tala svo, eins og þeir gjöri ráð fyrir, að sama vörumagn sè allt af fyrir hendi, bæði af innlendum varníngi og aðfluttum, og að þessar föstu vörubyrgðir skiptist upp í því fleiri staði, sem verzlunarstaðir fjölga. Þessi hugsun er alveg órètt, því vörumegnið getur vaxið og minnkað, eptir því sem hèruðunum fer fram eða aptur, eptir því sem mönnum verður hægra fyrir til verzlunarinnar og auðveldara að skipta vörum sínum. Vèr verðum ætíð að hafa það hugfast, að verzlunin er handa landsmönnum, en landsmenn eru ekki til fyrir verzlunina. Þegar hagnaður landsmanna eflist, vex vörumegnið, eins og auðsèð er, því ekki geta landsmenn aukið vörumegnið á þeim tíma, sem þeir þurfa til þess að fara lángar kaupstaðarferðir; þess vegna verða menn að gjöra þeim sem mest hagræði, sem eiga að búa til landsvöruna, svo hún verði sem mest. Það dregur ekki heldur verzlunina frá einstökum kaupstöðum, þó verzlunarstaðir sè settir nálægt bændum; því nær sem kaupmenn eru við vöruna, því meira vex hagræði kaupmanna og þess meir vex vörumegnið. Ef svo er, sem vera kann, að verzlun nú sè minni en áður, er það ekki því að kenna, að verzlunarstöðum hefir verið fjölgað, heldur ástandi sjálfrar verzlunarinnar; verzlunin hefir verið og er enn í kreppu, en getur bráðlega komizt úr henni, og verzlunin aukizt. Viðvíkjandi þeirri meiníngu kaup-

manna, að verzlunin sè nú hvikulli en áður, þá er það satt, að hún er nú hvikulli, en þegar eitt verzlunarfèlag sat um hituna, því sú verzlun var óneitanlega viss á kaupmannsins hlið, en eigum vèr að fara eptir því? Kaupmaðurinn verður að vera í nokkurri óvissu, því ef hann á ekkert undir kasti í verzlun sinni, þá er hann einokunarmaður. Hversu sanngjarnir sem vèr viljum vera, getum vèr aldrei bætt úr þessari óvissu kaupmanna, nema ef vèr seldum þeim viss hèruð, en ef vèr gjörðum það, þá er eg hræddur um, að kaupmenn mundu ekki verða viljugri á að flytja nauðsynjavörur, þegar verzlunin yrði þannig einokuð.

Jón Hjaltalín: Eg vil að eins svara hinum háttvirta sessunaut mínum, er tók dæmið af Noregi, því, að eg hefi einmitt heyrt norska kaupmenn kvarta yfir verzlunarlögum sínum, og segja, að þau mundu rúínera sig, og sama segja kaupmenn hèr á Íslandi. Mèr finnst skylda mín að segja þetta á þessum stað og halda því fram, þar eg hefi heyrt svo marga heiðvirða kaupmenn segja það, svo að eg efast ei um, að það hafi verið sannfæring að minnsta kosti sumra þeirra. Mèr þykir það óhappalegt og slæmt, að kaupmenn ekki voru teknir til ráðaneytis, þegar verzlunarlögin voru búin til, og er það sannfæring mín, að það hafi stuðlað til þess, að kaupmenn fái vont auga á bændum og álíti, að þeir erfiði á móti sèr, og gjörir það mikið illt, því þó bændur ekki erfiði á móti þeim, gjörir það nóg illt, þegar kaupmenn hafa þá meiníngu, að þeir gjöri það, en það hefði mátt fyrirbyggja, með því að taka kaupmenn til ráðaneytis í verzlunarmálsnefndina, því þar á áttu þeir fullan rètt, og það hefði getað verið til mikilla bóta, því þeir hafa, sem von er, lángtum betra vit á verzlun, en landsmenn geta haft. Eg get ekki heldur trúað því, að kaupmenn þeir, sem eiga að lifa í landinu, vilji þess skaða eða rúín, því með því rúínera þeir sjálfa sig, og mjög er hætt við því, að kaupmenn ekki geti staðið sig, af því þeir eru of margir; en eg álít meira hag af því fyrir landið, að kaupmenn sè ekki svo margir, heldur duglegir, þeir sem eru, svo verzlunin gángi með nokkrum krapti. Viðvíkjandi því, að það mundi auka vörumegnið, ef bændum gæfist færi á því, að fara opt í kaupstaði, þá held eg að megi segja margt á móti því; þeir, sem þekkja til Mosfellssveitarinnar, þeim mun vera það kunnugt, að víst $^1/_{10}$ partur sumarsins geingur til þess að flakka í kaupstaðinn, og sumir eru svo fúsir á það, að þeir færa hverja sátuna, jafnótt og hún þornar, niður í kaupstaðinn. Menn vita líka, að mörgum tímanum munu ýmsir nesja- og

nærsveitamenn eyða í Hafnarfirði, og á meðan kappsmennirnir sitja úti á sjó og draga fisk, eru sumir þeir, er latir eru, að slæpast inni í Reykjavík og Hafnarfirði, sem annars mundi má ske hafa róið líka, ef þeir ekki hefði verið svo nærri kaupstöðunum. Þetta sannar til fulls, að lítil ástæða er til að stóla upp á það, að vörubyrgðir aukist, þó smákaupstaðirnir fjölgi. Eg veit á hinn bóginn ekki heldur til, að vörur liggi óseldar í hinum fjarlægari sveitum, en hitt veit eg, að kaupmenn segja, að mestar og beztar vörur komi frá þeim hèruðum, sem eru fjarlægust kaupstöðunum, og get eg því ei verið hinum háttvirta þingmanni Ísfirðinga samdóma í þessu. Eg get eigi með nokkru móti trúað því, að kaupmenn sè óvinsælir landinu, því þeirra verzlun getur ei blómgast, nema bændur, fiskarar og aðrir iðjumenn blómgist líka. Eg veit líka á síðasta vetri dæmi, sem sýna, að kaupmönnum er opt vel til bænda, því þá hjálpuðu þeir og gáfu mörgum, sem einga björg höfðu; og yfir höfuð álít eg það ætíð góða reglu, að ætla mönnum heldur of gott, en of illt. Sú óhappalega spenníng, sem hèr er milli kaupmanna og landsmanna, ætti fremur að kefjast en glæðast; hún gjörir eigi nema illt eitt, og er bæði órèttvís og skaðvænleg.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þar sem hinn háttvirti 6. konúngkjörni þingmaður sagði, að kaupmenn í Noregi hefði sagt sèr, að verzlunarlögin norsku væri þeim til tjóns, þá sannar það ekkert, því þó einstakir menn segði slíkt, þá berst það til baka af sjálfu sèr, þegar vèr aðgætum, að verzlunin í Noregi hefir blómgazt einmitt á seinni tímum hvað mest, síðan verzlunarlög þessi voru gefin út. Enda þarf heldur ekki að fara til Noregs, því þeir, sem þekkja til í Danmörku, vita, að í grennd við Kaupmannahöfn ern nokkrir kaupstaðir og ekki leingra frá bænum en upp á Kjalarnes. Þar sem hann bar á móti, að vörubyrgðir væri uppi í sveitum, þá kann það vel að vera, en þetta hefi eg ekki sagt. Eg sagði ekki, að vörur lægi fyrir í sveitum, heldur sagði eg, að vörumegnið yxi, þegar menn ætti hægra með að koma frá sèr vörunum, og þetta hefir reynzlan sannað, því síðan að verzlunin varð frjálsari, og hún einnig var leyfð útlendum þjóðum, síðan hefir vörumegnið vaxið margfalt, og þó hafa kaupmenn ávallt kallað það tjón fyrir sig og viljað með eingu móti, að einokunarverzlunin væri af tekin; eg efast ekki um, að það hefir verið sannfæríng sumra þeirra, en mannleg náttúra er ætíð sjálfri sèr lík, og menn mega ekki þannig trúa einstökum mönnum, að menn fyrir þeirra orð leggi þau bönd á atvinnuvegi, er geti

skaðað hina almennu velferð. Sumir kaupmenn hafa má ske orðið deigir á að halda fram verzlun sinni með kappi fyrst í stað, eptir að hún var gjörð rýmri, og er það eðlilegt, en þetta mun von bráðara jafna sig, og eptir minni ætlan gæti landsmenn hæglega bætt úr því sjálfir. Það er landsmönnum sjálfum að kenna, ef verzlunarfrelsið verður þeim ekki til góðs.

Framsögumaður: Mèr finnst menn vera farnir að tala um verzlunina yfir höfuð, í stað þess að tala um það, hvort Skeljavík skuli verða löggiltur verzlunarstaður, en mèr sýnist, að úr óvissu kaupmanna muni bætast, þegar póstgaungur verða betri milli Danmerkur eg Íslands; þá geta þeir bæði feingið vissu um það, hverjar vörur það eru, sem þeir þurfa að koma með, og eins, þegar póstgaungur batna í landinu, hvort þeir geta átt von á að fá vörur sínar borgaðar af landsmönnum. Þar sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að þetta mál (líklega aðalverzlunarmálið) hefði ekki verið borið undir kaupmenn, þá held eg, að flestum sè það kunnugt, að það var gjört af stjórninni, og má segja, að það mál hafi geingið frá Pílatusi til Heródesar, og aptur frá Heródes til Pílatusar. En þar sem sá konúngkjörni þíngmaður sagði, að þeir yrði slóðar, sem búa í kríngum kaupstaðina, þá held eg, að þar búi líka duglegir menn, sem hafa hag af því, að vera svo nærri kaupstöðunum. Ekki hefir Secretairinn í Viðey flosnað upp enn þá, þó hann búi nálægt kaupstað; það er því til blómgunar dugnaðarmanninum að vera nálægt kaupstað, en slóðinn er slóði, hvar sem hann er, og er ekki hægt að bjarga þeim, sem ekki vill bjarga sèr sjálfur.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg undirbúníngsumræðu þessa máls lokið, og kemur þá samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *þakkarávarpið til konúngs* (fyrir undirskript undir íslenzka textann lagaboðanna).

Var þakkarávarpið síðan afhent *framsögumanni Pètri Pèturssyni*, og las hann það upp, og var það samþykkt í einu hljóði. Þakkarávarpið hljóðar þannig:

„Allramildasti konúngur!

Frá því er þèr, allramildasti herra konúngur! heiðruðuð land þetta með híngaðkomu yðar, hefir yðar hátign á svo margan hátt sýnt, hve annt yður er um, að efla heill og framfarir Íslands í andlegum og veraldlegum efnum. En ekkert ber ljósara vott um yðar hátignar landsföðurlegu mildi, en það, að þèr nú hafið veitt Íslend-

íngum þá bæn, sem þeim lá svo ríkt á hjarta, að fá hinn íslenzka texta laganna undirskriíaðan af yðar hátign.

Túnga sèrhverrar þjóðar er hennar dýrmætasta eign, og því meiri mætur hljótum vèr Íslendíngar að hafa á vorri túngu, sem hún er hin bezta arfleifð vor og sá menjagripur, sem geymir fornaldarsögu Norðurlanda, og því meiri lotníngu sem vèr höfum borið fyrir konúngum vorum, því innilegar höfum vèr hlotið að óska þess, að sjá þau lög, sem vèr áttum að hlýða, staðfest með undirskript þeirra á vorri túngu. Af þessum orsökum hefir þetta þíng að undanförnu nálega í hvert sinn, er það kom saman, ítrekað þessa bæn sína, og þó það hafi þótzt sjá fram á, að bænheyrslan væri ýmsum erfiðleikum bundin, eptir því stjórnarskipulagi, sem nú er í Danmörku, hefir það þó að hinu leytinu haft það óbifanlega traust á yðar hátignar vísdómi og mildi, að yðar hátign mundið sigrast á öllum slíkum erfiðleikum.

Og þetta traust hefir ekki brugðizt. Farsælt er það land, sem á svo mildan konúng!

Farsælt er það ríki, þar sem konúngurinn leitar styrkleika síns í ást og hylli þjóðarinnar!

Með dýpstu lotníngu leyfir alþíngi sèr í nafni allra Íslendínga, að votta yðar hátign innilegasta þakklæti fyrir þenna dýrmæta vott um yðar landsföðurlegu mildi. Eins og hann miðar til að veita lögunum þeirra fullu helgi, þannig mun hann og gjöra minníngu yðar hátignar ógleymanlega í árbókum Íslands og hjörtum allra Íslendínga.

Almáttugur guð farsæli stjórn yðar hátignar og haldi sinni hendi yfir yður og yðar konúnglega húsi!

Reykjavík, 19. júlí 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Pètur Pètursson".

Síðan var lesið upp álitsskjal til konúngs *í helgidagamálinu,* og var það einnig samþykkt af þínginu, það er svo hljóðanda:

„Til konúngs!

Alþíngi 1857 sendi yðar hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá um: 1, að samið yrði frumvarp til nýrrar helgidagatilskipunar fyrir Ísland af nefnd manna í landinu sjálfu, og 2, að í frumvarpi þessu yrði einkum gjörð sú breytíng á tilsk. 28. marz 1855, að löghelgi sunnu- og helgidaga yrði látin vara allan daginn.

Með frumvarpi til opins brèfs, þessu efni viðvíkjandi, sem yðar

hátign hefir látið leggja fyrir þetta þing, er fullnægt hinu síðara atriði í bænarskrá þingsins 1857, og hefir þingið nú kosið 3 manna nefnd í málið og rætt það á 2 aðalfundum; og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að segja um það álit sitt á þessa leið:

Nefndin tók það fram í álitsskjali sínu, að óánægja almennings með tilsk. 28. marz 1855 hafi einkum átt rót sína í því, að hún takmarkar löghelgi sunnu- og helgidaga við miðaptan, en lætur hana ekki ná til alls dagsins. Fleiri þingmenn studdu þetta álit nefndarinnar, og kom eingin uppástúnga fram um það, að þingið skyldi ítreka hið fyrra atriðið, sem fram var borið í bænarskrá þess 1857 undir tölulið 1. og 2. Að vísu komu fram á þinginu nokkur breytíngaratkvæði, helzt í þá stefnu, að láta helgihaldið, að minnsta kosti í Reykjavík og öðrum kaupstöðum, ekki ná nema til miðaptans; en þó breytíngaratkvæði þessi ekki væri með öllu ástæðulaus, fannst þó þinginu hitt verða að vega meira, að betur hæfði að ala en rýra og særa guðrækilega tilfinníngu þjóðarinnar, með því sjálft lagaboðið einnig leyfði þær undantekníngar, sem nauðsynlegar væri í tilliti til helgihaldsins, jafnvel eins í Reykjavík og annarstaðar, þar sem siðir og lifnaðarhættir manna ekki væri þar svo mjög frábrugðnir sveitalífinu, því er ætti sèr stað. Voru því breytíngaratkvæðin felld með miklum atkvæðafjölda, og eins það eina, sem að eins miðaði til að skýra frumvarpið, en þingið áleit hvorki nauðsynlegt nè heppilega orðað. Þar á móti fèllst þingið með 17 atkv. gegn 5 á það, að leggja það til, að frumvarp stjórnarinnar yrði breytíngarlaust gjört að lögum.

Leyfir því þingið sèr allraþegnsamlegast að mæla fram með því, að yðar hátign lögleiði óbreytt það frumvarp til opins brèfs viðvíkjandi breytíng á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidaghald á Íslandi, sem lagt var fyrir þetta þing.

Reykjavík, 19. júlí 1859.

Allraþegnsamlegast,

Jón Guðmundsson. Pètur Pètursson.

Forseti: Bæði þakkarávarpið og álitsskjalið mun þá verða undirskrifað og afhent hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa.* Fleira er ekki til umræðu í dag, en vegna þess að lítið er til að ræða á morgun og þíngmenn hafa ærið að vinna í nefndum, vil eg eigi ákveða fund fyrri en á fimmtudaginn hinn 21. þ. m. kl. 11.

Fundi slitið.

21. júlí — Þrettándi fundur.

Allir á fundi, nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem hafði tjáð *forseta*, að þar hann væri sóttur til veikra suður í Hafnarfjörð, gæti hann eigi komið á fund í dag. Þíngbók frá fyrra fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en geingið er til dagskráarinnar, skal þess getið, að eg hefi feingið tilkynníngu um, að í nefndinni um *stjórnarbótarmálið* er kosinn formaður þíngmaður Ísfirðínga, og skrifari þíngmaður Norður-Múlasýslu, og í nefndinni til að íhuga, hvað gjöra skuli til þess að ráða úr almennri neyð og yfirvofanda hallæri, er kosinn formaður hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, skrifari þíngmaður Borgfirðínga.

Eptir dagskránni kemur þá fyrst til inngángsumræðu og nefndarkosníngar (eða tilvísunar til annara nefnda) uppástúnga frá þíngmanni Ráng vellínga: a) *Um að fá varðkostnaðinn, er Rángárvallasýslubúar hafa varið til að verjast og varna útbreiðslu fjárkláðans 1857 og 1858, endurgoldinn af jafnaðarsjóðnum;* b) að fá *endurgoldið það sveitafé, sem tekið hafi verið úr jarðabókarsjóði, og varið til að kaupa fyrir kláðalyf.* Flutníngsmaður er uppástúngumaðurinn.

Málið afhent uppástúngumanni.

Páll Sigurðsson: Eg skal með leyfi hins háttvirta *forseta* leyfa mèr að lesa uppástúnguna.

Var síðan uppástúngan lesin, svo látandi:

„Samkvæmt skriflegri ósk margra kjósanda minna þess innihalds:

1. Að eg vildi bera upp fyrir hið heiðraða alþíngi, að þeir sem kostuðu vörð sumarið 1858 frá Þórsmörk og inn með Markarfljóti, að svo nefndu Fjallabaki norðan við Eyjafjallajökul upp að Torfajökli og þaðan norður að Túngnaá, feingi kostnaðinn borgaðan af jafnaðarsjóði Suðuramtsins, eður þá öðru því fè, er haft væri til útgjalda við fjárkláðann. Upphæð þessa kostnaðar er 144 rd., og þar til kostnaðarreikníngur frá hreppstjóra Eyfellínga fyrir vörð með Markarfljóti í sjó fram 95 rd. 88 sk.

2. Hefir fjöldi bænda í þeim 6 hreppum Ráng árþíngs, sem í fyrra vor var harðlega skipað af amtmanni Suðuramtsins með brèfi dagsettu 19. apr., sem með fylgir, undir strángar sektir og dráp sauðfènaðar, ef ekki væri hlýtt, að baða allt fè sýslunnar úr þeim *thessíerska* kláðalegi upp á eiginn kostnað, hvað snerti meðalakaup,

flutníng þeirra og alla fyrirhöfn; en þó bændur, vegna þeirra straungu, og eg held dæmalausu hótana, sem amtsbrèfið ákvað, með nauðúng framkvæmdu baðið, þá samt lýstu því margir þegar yfir, að ef baðmeðul þessi ekki sýndist gjöra neitt að verkum með að útrýma sýkinni, þá borguðu þeir ekki meðulin, utan dómstólarnir skylduðu þá þar til. En þegar amtmaður fèkk það að vita, þá leyfði hann sèr, að hreppsbúum fornspurðum, að taka borgun fyrir meðul þessi af höfuðstól þeirra sveitasjóða, er hreppar þessir áttu á rentu í jarðabókarsjóðnum. Viðvíkjandi þessu efni hefi eg líka feingið skriflega bón margra viðkomandi hreppsbænda, að bera málefni þetta upp fyrir hið heiðraða þíng, og beiðast þess liðsinnis með, að send væri konúngi vorum bænarskrá þess efnis, að hann vildi fyrirskipa, að sjóðum sveitanna verði að fullu bætt það, er þeir hafa verið skertir við borgun þessara baðmeðala.

Þar eg eptir að hafa yfirvegað þessar sanngjörnu kröfur kjósanda minna, fann, að þeir, víst sumir, ekki höfðu farið þess formlega á leit við amtmann, hvort hann ekki vildi takast á hendur, að sjá fyrir, að þeir feingi varðkostnað þenna endurgoldinn, og þar til að sveitasjóðum þeim, er fèð var frá tekið til borgunar baðmeðalanna, gæti orðið það aptur að fullu bætt, þá ritaði eg amtmanni 8. þ. mán brèf, sem hèr með fylgir, þess innihalds, hvort honum ekki þóknaðist, að takast á hendur, að sjá fyrir borgun þessa varðkostnaðar, og rita mèr þar um hið fyrsta mögulegt væri. Aptur ritaði eg sama amtmanni brèf 12. þ. mán., hvort hann ekki vildi lofa að sjá um, að sveitasjóðum þessum yrði borgað fèð að fullu, er hann hafði þaðan tekið, til að borga með baðmeðulin, og í því tilfelli, að hann gæfi neitun fyrir þessu skilyrði, þá óskaði eg, að hann gæfi mèr skýrslu yfir fjárupphæð þá, er frá hverjum hrepp hefði tekin verið. Þegar eg ekkert svar hafði feingið þann 16. þ. mán., ritaði eg *forseta* þíngsins brèf, og beiddi hann, að leita svars um þetta efni hjá amtmanni; og afhenti hann mèr þann 19. þ. mán. brèf, sem innihèlt svar amtmanns, sem fylgir. Af brèfi amtmanns má ráða neitun hans með að taka að sèr að sjá um borgun þess umrædda varðkostnaðar, og um viðrèttíngu sveitasjóðanna; hefi eg ekki annað svar feingið en brèf þetta, og einga skýrslu um upphæð fjárins, en það kemur ekki því við, þó eg á annan hátt hafi komizt því næst, að upphæð þess muni vera tilsamanslögð kríng um 1200 rd. Af þessum ástæðum verð eg að leyfa mèr að beiðast, að hið heiðraða þíng taki mál þetta til löglegrar meðferðar, og að það

ritaði konúngi vorum bænarskrá þess innihalds, að hans hátign mætti þóknast að fyrirskipa:

1. *Að sá að framan umræddi varðkostnaðarreikníngur mætti borgast annaðhvort af jafnaðarsjóð Suðuramtsins, eða þá öðru því fé, sem haft er til útgjalda í þessu kláðamáli, og*
2. *Að þeim sveitasjóðum Rángárvallasýslu, sem fé var frá tekið til að borga með þau thessíersku baðmeðul, er brúkuð voru þar, verði það að fullu endurgoldið frá því opinbera.*

Reykjavík, 20. júlí 1859.

Páll Sigurðsson".

Páll Sigurðsson: Það hafa nú þíngmenn heyrt, að uppástúnga þessi inniheldur 2 atriði, 1) að Rángvellíngar fái endurgoldinn varðkostnaðinn, og það því heldur, sem það var eptir skipun hlutaðeigandi amts, að vakta fèð í heimahögum, en sem Rángvellíngar ekki sáu mögulegt að hlýtt yrði, þar eð fèð með því yrði ónýtt og horað, og gæzlan þó allt af ekki einasta ónóg, heldur þýðíngarlaus til að forða samgaungum; og álitu menn, að það væri meiri arður í fènu, að skera niður strax um vorið, þó það væri óyndisúrræði, heldur en að setja það í þá tröð, sem það yrði enn verra um haustið; málnyta kúpeníngs hlyti að rýrna stórlega með þessari aðferð, vinnukraptar vöktunarmanna missast frá heyafla, og tún og einkum eingjar sæta stórum átroðníngi og skemmdum. Öllum leizt því hentugra, að breyta stefnu sinni, og setja heldur haganlega verði, nota ekki allan afrèttinn, en reyna að verja Skaptafellssýslu, og það, sem eptir var, eða enn þá var álitið heilbrigt af Rángárvallasýslu, og þótti mönnum það gegna furðu, ef kostnaðurinn ekki feingist borgaður, þar amtið hafði borgað kostnaðinn við verði þá, sem Rángvellíngar höfðu til lagt, eptir boði amtsins 1857, að verja að vestanverðu, og jafnvel að nokkru leyti milli Norðurlands. Rángvellíngar beiddu þess á fundi, að samin væri bænarskrá til þíngsins um þetta efni, en þar ekki var búið að fá svar frá stiptamtmanni um, hvort hann ekki mundi borga þenna kostnað, þá fólu þeir mèr á hendur að bera það fram, fyrst við amtmanninn, og ef hann neitaði, þá að biðja þíngið að taka málið til meðferðar, og hefi eg hèr hjá mèr skriflega ósk margra um þetta efni, og þegar eg sá, að Vestur-Skaptfellíngar höfðu sent kvörtun um líkt efni til þíngsins, snèri eg mèr til amtsins, en þar eg hefi feingið neitun frá amtinu, sá eg eingin önnur úrræði, en gjöra uppástúngu um þetta til þíngsins, jafnvel þó eg ekki hafi neina beinlínis bænarskrá eða uppástúngu um það úr sveitunum.

Þessu atriðinu álít eg þá ætti að vísa til nefndarinnar, sem á að íhuga umkvörtun Vestur-Skaptfellínga; því varðkostnaðurinn fellur í eitt, þar hvorirtveggja vörðu saman. Það er vitanlegt, að það er því ástæðuminna, að endurgjalda ekki varðkostnað þenna, sem menn komu í haust saman úr öllum sýslum suðuramtsins, nema Skaptafellssýslu, á fund þann, sem amtmaður kvaddi til hèr í september í fyrra, hvert Rángvellíngar sannarlega sendu þjóðkjörna menn, hvernig sem kosníngarnar á þeim hafa verið í öðrum sýslum, til að heyra álit manna úr sveitinni, og koma sèr niður á, hvað nú skyldi af ráða. Á þessum fundi kom það fram, að menn úr hinum kláðasjúku sýslunum, sem höfðu feingizt við lækníngarnar, eigi gætu staðið að þeim leingur endurgjaldslaust. Þetta þótti amtmanni sennilegt, og áleit, að þeir ætti endurgjald skilið, en fè væri eigi til, og hann sæi ekki, hvaðan það yrði tekið. Þá var því hreift, að taka lán upp á jafnaðarsjóðinn, og á það var fallizt af mönnum þeim, er mættir voru úr kláðasýslunum, sem ekki var svo undarlegt, þar þeir allir voru nefndarmenn, og beiddu þar um penínga, til að láta launa með sjálfum sèr, en kærðu sig ekki, þó aðrir þyrfti að borga það mestmegnis aptur. Vèr Rángvellíngar mæltum á móti þessu, ef það væri til ætlazt, að einnig Rángvellíngar skyldi taka þátt í, að endurgjalda það; því vèr vildum, að ef íbúar hinna sýslnanna þyrfti fè og feingju það, þá ætti þeir einnig að endurgjalda það sjálfir, en ekki Rángárvallasýslubúar. Fundurinn samþykkti lánið; en vèr gáfum atkvæði mót, að það væri feingið; lánið er nú feingið, og varið miklu þegar af til að endurgjalda kláðalækníngarnar, og á það aptur að borgast af jafnaðarsjóði suðuramtsins, og þekki eg ekki gilda ástæðu fyrir oss Ráng æínga, að neita að borga að vorum hluta, ef ekki er þetta. Það er því undarlegra, að vèr ekki skulum fá endurgoldinn þenna varðakostnað, þegar vèr síðar eigum að taka þátt í, að endurgjalda lánið; því fyrst amtið ekki vill endurgjalda oss kostnað vorn, ættum vèr þó að geta feingið hann af því, sem vèr endurgjöldum sjálfir. En það er harðstjórn og ills von, þegar embættismenn fara upp á sitt eindæmi ofan í vasa bænda, og taka þaðan skildínga frá þeim, eins og þeir vilja, þó bændur færi gild rök fyrir, hversu það sè órèttvíst, og mótmæli því harðlega. Varðkostnaðarreikníngur frá Austur-Landeyjamönnum er að vísu enn ekki til mín kominn, þar þeir enn verða að hafa nokkurn vörð fram með Affallinu sakir þess sjúka fjár Utlandeyjamanna, og verð eg því að áskilja mèr rètt til, að beiðast, að þeim líka verði borgaður varðkostnaður eptir sanngjörn-

um reikníngi, eða þá jafnmikið fé og reikníngur Eyfellínga er. Eg vil því ráða til, að þessu atriðinu verði vísað til nefndarinnar, sem hefir umkvörtun Vestur-Skaptfellínga til meðferðar. Hvað 2. atriðið snertir, að fé, sem tekið var úr sveitarsjóðnum til að borga með *thessiersku* böðin, verði endurgoldið, er sérstakt málefni, og er auðvitað, að það á ekki að borga úr jafnaðarsjóðnum, og amtmaðurinn hefir nú vísað því frá sér, eða ekki svarað neinu, sem á verði byggt. Eg vil því snúa máli mínu til hins heiðraða þíngmanns Ísfirðínga, og spyrja hann, hvort hann ekki sér sér fært, að endurborga sveitasjóðum Rángvellínga þetta fé af þeim 30,000 rdd., sem veittar eru til kláðalækninganna, því ef svo er, tek eg uppástúngu mína þar að lútandi aptur, en að öðrum kosti held eg henni fram, og óska, að nefnd verði sett til að íhuga þetta, og það sérstök nefnd, þó það sé hvorttveggja í sömu uppástúngunni.

Stefán Eiríksson: Eg álít, að seinna atriði uppástúngunnar sé sérstakt mál, svo ómögulega geti átt við, að vísa því til nefndarinnar um varðkostnað Vestur-Skaptfellínga, heldur þurfi sérstaka nefnd í málið, ef það á að gánga til nefndar, sem mér þó þykir mikið áhorfsmál.

Páll Melsteð: Þegar eg sá áðan uppástúngu þessa fram á lestrarsalnum, datt mér í hug gömul staka, sem kveðin var austur í Vallanesi á miðri 17. öld; upphafið er svona: „Sýng þú ei meir um sinn, svo nægir, Þorkell minn"; niðurlagið kann eg ekki núna. Mér sýnist þíngið ætla fara að, eins og formaður sá, sem of hleður sig; hann hugsar einúngis um að draga meira og meira, en ekki um það, hvort hann muni ná landi; þíngið of hleður sig líka, og eg óttast fyrir, að það nái ekki landi. 3 mál eru að eins búin, en 30 mál óbúin; 8 eða 9 virkir dagar eru eptir af hinum lögákveðna þíngtíma, svo eg skil ekki, hvað þíngmenn hugsa, sem eru að demba þessum málum inn á þíngið. Það er enn þá óvíst, hvort *konúngsfulltrúi* vill leingja þíngtímann, og þó nú hin konúnglegu frumvörp verði rædd, er samt ómögulegt, að öll þau mál verði leidd til lykta, sem þegar er búið að kjósa nefndir í. Eg sé því ómögulegt, að koma þessu máli fram, og mæli því móti nefnd.

Konúngsfulltrúi: Af þeirri sömu orsök, sem þíngmaður sá, er nú settist, tók fram, verð eg að leyfa mér að tala nokkur orð. Þegar eg sá dagskrána, og að á henni stóðu enn þá 2, eða þó heldur 3, nýjar uppástúngur til inngángsumræðu og nefndarkosníngar, þá datt mér það í hug, að uppástúngumennirnir væri búnir að gleyma

því, hvað þingtímanum líður. Eg vil því benda þingmönnum til, að nú eru eptir einúngis 9 virkir dagar af þeim lögboðna þingtíma, og þó er ekki búið að útkljá nema einúngis eitt konúnglegt mál, sem er bæði stutt og óbrotið; en eptir er að ræða 6 konúngleg mál og um 20 prívatmál, sem nefndir hafa verið kosnar í. Hvernig þingmenn geta nú ætlazt til, að öll þessi mál verði rædd á 9 dögum, þar sem næstum því 20 dögum hefir verið eytt í óþarfar inngángsumræður, hvar þó spurníngin einúngis var um, hvort nefndir skyldi kjósa í málið eða ekki, það er mèr fyrir mitt leyti óskiljanlegt. Eg skal lýsa því yfir fyrir hinum heiðruðu þingmönnum, að eg hefi eingan myndugleika feingið frá stjórninni, til að leingja þingtímann, og eg verð því tregari til þess, sem mèr virðist þingtíminn hingað til ekki hafa verið vel brúkaður. Þess ber einnig að gæta, að hver sá dagur, sem þingið situr hèr, kostar landið yfir 100 dali, og eg fyrir mitt leyti get ekki annað en álitið það mikinn ábyrgðarhluta og mjög ísjárvert, eins og nú er ástatt, að kasta auknum kostnaði upp á landið með leingíngu þingtímans. Eg bið því innilega, bæði hinn heiðraða *forseta* og hinar heiðruðu þingnefndir, að sjá svo til, að málunum verði flýtt svo mjög, sem mögulega verður, og sèr í lagi þeim konúnglegu málum, er eptir alþingislögunum eiga forgángsrètt fyrir prívat-uppástúngum, í því eg get þess, að ef eg skyldi taka þá ábyrgð upp á mig, að leingja nokkuð þingtímann, þá yrði það einúngis með því skilyrði, að sá tími yrði ekki brúkaður til annars en að af ljúka hinum konúnglegu frumvörpum.

Sveinn Skúlason: Eg er nú yfir höfuð samþykkur því, sem *konúngsfulltrúinn* nú sagði, að tíminn sem af er, ekki hefði verið sem bezt notaður, að svo miklu leyti sem snertir hinar laungu inngángsumræður í sumum málum; en mèr þykir það óheppilegt, að *konúngsfulltrúinn* ekki hefir vakið athygli manna á þessu fyr, því þá hefði, ef til vill, ráðizt bót á því. Því það er vafalaust, að hefði menn haft inngángsumræðurnar styttri, hefði má ske orðið minni þörf á að leingja þingtímann. Eg veit nú ekki, hvort *konúngsfulltrúar* áður hafa haft sèrstaklegt umboð í hvert sinn, til að leingja þingtímann, eða *konúngsfulltrúi* getur leingt hann eins og hann vill eptir kríngumstæðunum. En hvað sem er nú um það, virðist mèr það næsta óhentugt fyrirkomulag á þíngi voru, að tíminn skuli vera svo stuttur til þíngsetu, að sum mál, sem þjóðinni liggja, ef til vill, hvað mest á hjarta, geta eigi feingið framgáng, þegar stjórnarmál eru fyrir hendi. Landið er að vísu fátækt, eg játa það fúslega, en

þó álít eg það betra fyrir þjóðina, að kosta nokkuð meira til, en að mikilsvarðandi mál ekki verði leidd til lykta.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist ræða hins heiðraða þíngmanns, er nú settist, lýsa því, að hann hefir ekki verið eins opt á þessu þíngi eins og eg. Hefði hann verið það, þá mundi hann vissulega reka minni til þess, að eg optsinnis áður hèr á þíngum hefi talað í sömu stefnu sem nú. Þíngmenn hafa að sönnu tekið vel þessum ræðum mínum í orði kveðnu, en lítinn ávöxt hafa þær borið. Að öðru leyti virðist mèr uppástúnga þíngmanns Rángvellínga vera þess eðlis, að þíngið ætti ekki að taka hana til greina, en klagendum ætti að vísa til hlutaðeigandi stjórnarherra. Síðara uppástúnguatriði hans er öldúngis óákveðið, og ætti því eigi að takast til greina, því það til tekur ekki, af hvaða sjóði fátækrasjóðirnir skuli fá endurgjald fyrir lyf þau til kláðalækninganna, er af þeim hafa verið borguð.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Af því þíngmaður Rángvellínga skoraði á mig um þetta mál, skal eg geta þess, að við, sem erum erindsrekar konúngs, höfum ekki vald til, að verja fè af þessum 30,000 rdd. til annars en þeirra ráðstafana, sem nú þykja nauðsynlegar til að út rýma kláðanum og annars þar að lútandi. Annað mál er það, hvort stjórnin kann ske kynni að finna ástæðu til, að taka þetta atriði til yfirvegunar, og ráða eitthvað úr því, eða veita peninga til þess, en þar um er mèr ekkert kunnugt. Þetta stendur annars allt í sambandi við hina undarlegu og, eg verð að segja, sorglegu tilhögun á kláðamálinu yfir höfuð að tala, og hina bágindalegu undirtekt landsmanna sjálfra undir þetta mál. Það er undarlegt, þegar menn í sveitum vilja ekki hlýða ráðstöfunum þeim, sem yfirvöldin skipa fyrir, en setja sjálfir nýjar ráðstafanir í staðinn, og heimta svo peninga af yfirvöldunum til að borga með sínar eigin ráðstafanir með. Hver, sem veit, hvað stjórn er, ætti að geta sèð, að slík aðferð getur ekki feingið framgáng, eða að menn geta ekki farið slíku fram. Það er undarlegt, að fara ekki heldur til yfirvaldsins og fá ráðstöfuninni breytt. Það sýnist svo í þessu máli, sem hèraðsmenn í Rángárvallasýslu hafi sett sèr aðra ráðstöfun en stiptamtmaður hafði skipað, og ekki feingið samþykki stiptamtmanns til breytíngarinnar. Það er því ekki undarlegt, þó stiptamtmaður vilji ekki borga það, sem hann ekki hefir skipað, eða veita styrk til þess, því það eðlilega er, að bændur borgi það þó að minnsta kosti sjálfir, ef þeir fá því fram komið. Allt þetta mál stendur í sambandi við

mótþróa og óhönduleika bænda að taka á móti því og nota sèr rèttilega þær ráðstafanir, sem byggðar eru á rèttri skoðun á málinu. Allt hefir geingið í ósköpum með verði og niðurskurð, og þar af er risin hin mesta óregla, jafnvel rán og herskapur, svo eg minnist ekki, að dæmi til slíks finnist hèr á landi fyr. Eg sè ekki, að þíngið geti feingið neinu framgeingt með því, að setja sèrstaka nefnd í þetta mál, en eg læt vera fyrir mitt leyti, fyrst nefnd hefir verið sett um líkt málefni hèr úr suðuramtinu fyr, að því sè vísað til þeirrar nefndar.

Páll Sigurðsson: Hinum háttvirta þíngmanni Ísfirðínga þótti ekki von, að stiptamtmaður vildi borga varðkostnaðinn, af því ekki hefði verið breytt samkvæmt vilja hans; en þetta er ekki öldúngis rètt hermt, og get eg skýrt frá því betur, að þegar amtsbrèfið af 29. apríl kom, var verið að halda sýslufund, og var brèfið þar upp lesið; þá kaus fundurinn nefnd að rita aptur stiptamtmanni, og tjá honum, að fyrirskipunum þeim, er brèfið innihèlt, gæti menn ekki hlýðnazt, bæði hvað snerti verði hvers búanda á eigin lóð, og fl., og beiddust, að þessu yrði breytt, og var brèf það, er nefndin samdi, samþykkt af fundarmönnum og sent stiptamtmanni; aptur kom afsvar að breyta, og skipað að fara eptir hinu fyrra brèfi. Þessu gátu bændur ekki hlýtt; hvað áttu menn þá að gjöra? voru menn ekki til neyddir að breyta, svo vörnin yrði möguleg? Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga kallar skoðun Íslendínga í kláðamálinu sorglega, fyrst hann hefir aðra skoðun sjálfur; mèr þykir nú sorglegra, að hann skuli nú vera búinn að fá það álit á sinni eigin skoðun, þó hún eigi að vera byggð á útlendum vísindum, að hann vill einkis virða íslenzkan vilja næstum allrar þjóðarinnar, og það í búnaðarmáli, sem hefir nú fyrir sèr 4 ára reynslu, sem alstaðar hafa gefið beztu reynslu um nytsemi skynsamlega settra varða, að það eitt hafi stöðvað framrás kláðasýkinnar, og hefir þíngmaðurinn áður ritað svo margt og fagurlega um ágæti og krapt þjóðviljans, að eg vildi óska, að hann enn gæti verið sjálfum sèr samkvæmur. Eptir sem menn betur sannfærðust um nytsemi skynsamlega settra varða, vonuðu menn því heldur, að stiptamtmaður mundi gefa samþykki sitt til þessa og endurgjalda, sem verðirnir 1857, sem voru í sömu stefnu, og gjörðir voru eptir ráði bænda, voru endurgoldnir úr jafnaðarsjóðnum. Bændur fóru nú í sömu stefnu og stiptamtmaðurinn hafði byrjað, og þó það breyttist, var það ekki bændum að kenna, heldur óhöndulegri ráðstöfun stjórnarinnar og ráðaneytis þess, er hún þá valdi

sèr, er voru útlendir dýralæknar, og þeir innlendu bættu þá ekki úr. Vilji bænda er staðfastur; þeir vilja ekki ýmist þetta, annað veifið hitt; þeir sáu strax, að hentuglega settir verðir milli sýslna, eða minnst hreppa, væri nauðsynlegir, en heimavöktun hvers einstaks búanda væri ómöguleg og gagnslaus. Ólagið er ekki bændum, heldur amtsstjórninni að kenna; en stjórnin í Danmörku fer eptir ráðum embættismanna sinna, einkum læknanna, sem nokkur vorkun er. Það á ekki við, að sleingja málum saman, niðurskurði og vörðum; verði þarf, hvort heldur lækníngum eða niðurskurði er haldið fram, til að skilja það sjúka frá því heilbrigða; það er sameiginleg grundvallarregla, hvort sem rætt er um menn eða skepnur; til þess eru spítalar og sóttvarnir. En þessi aðskilnaður og skipanir um aðskilnað í smáhópum hafa farið í klúðri, og ekki orðið nema til ills eins.

Konúngsfulltrúi: Eg get eigi annað en tekið tilefni af orðum þíngmanns Rángvellínga, og þeim dómi, er hann hèr hefir fellt yfir aðgjörðir stiptamtmannsins, að gjöra þá athugasemd, að það ætíð þykir ósvinna á slíkum þíngum sem þessu, að áfella fráverandi menn í orðum, og álasa gjörðum þeirra, þegar þeir eru ekki sjálfir til staðar, til að bera hönd fyrir höfuð sèr.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þíngmaðurinn hefir nú að vísu skýrt nokkru ljósara frá því, sem hann sagði áður, eða bætt við það, en það breytir ekki málinn. Hann hefir að vísu sagt frá um sýslufund, sem hafi farið fram á breytíngar á ráðstöfunum stiptamtmanns, en hann skýrir einmitt líka sjálfur frá, að stiptamtmaður hafi ekki samþykkt breytínguna; hvernig geta menn þá vænt borgunar af almennum sjóði? Það er auðsætt, að vilji bændur þá framfylgja breytíngunni, verða þeir að bera kostnaðinn sjálfir. Hvað verðina snertir og niðurskurðinn, þá hefir þíngmaðurinn misskilið mig; eg er eingan veginn á móti vöktun og aðskilnaði milli sjúks og heilbrigðs; eg hefi allt af sagt, að eg vildi, að aðskilnaður væri milli hins sjúka og heilbrigða fjár með lækníngum, og hið mesta aðhald sem orðið gæti með vöktun hins sjúka fjár og lækníng á því; þetta muna þíngmenn að eg sagði þegar í hitt eð fyrra, og það segi eg enn. En eg sagði nú, að menn hefði ekki viljað aðhyllast lækníngar, heldur viljað einúngis hafa niðurskurð og verði, og það eins í byggð eins og á fjöllum uppi, en þetta er að minni ætlun ekki til neins, og því óskynsamlegt.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla nú að snúa mèr að málinu sjálfu,

en eigi fara að lýsa yfir kláðahugsunum mínum, því það álít eg komi eigi við þessu máli. Þegar nú alþingismaður Ísfirðinga álítur, að alþýða eigi blint að fylgja yfirvaldinu í suðuramtinu, og bregður þeim um, að þeir hafi verið óhlýðnir, þá vona eg, að hann kunni íbúum hinna amtanna þakkir, fyrst þeir hafa svo dyggilega fylgt ráðstöfunum amtmanna sinna. Eg skal og eigi lýsa yfir áliti mínu á því, hvort það sè rètt, að alþýða sjálf eigi eingan vilja að hafa, heldur einúngis að hafa amtmannanna vilja; en þess verð eg þó að geta, að það er mjög svo komið undir því, hvort menn vilja, að til sè nokkur þjóðvilji eða einúngis amtmanna vilji, og um það efni getur þingmaður Ísfirðinga borið hug sinn saman. Eg er því ekki mótfallinn, eins og þingmaður Austur-Skaptfellinga, að 1. atriði uppástúngunnar sè vísað til nefndarinnar, sem á að íhuga umkvörtun Vestur-Skaptfellinga, en aptur vil eg, að sèrstök nefnd verði sett til að íhuga annað atriðið; en verði því ekki framgeingt, að því þá einnig verði vísað annaðhvort til sömu nefndar, eða til nefndarinnar í kláðamálinu.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg veit eigi, hvort þingmanni Borgfirðinga muni vera um að gjöra, að fá menn til að trúa, að eg vilji bæla niður allan þjóðvilja undir embættismannavilja, en eg held hann hafi einga ástæðu til þess, af því sem eg hefi sagt. Mál þetta er komið undir framkvæmdinni, og því er nauðsyn, að þjóðin leggist á eitt með stjórninni til að framkvæma það, sem nauðsyn ber til og miðar til almenníngsgagns, því alþýða mætti sjálf sjá, og enn heldur alþingismenn, að mótþróa móti öflugum framkvæmdum í slíkum málum getur gjört hinn mesta skaða.

Ásgeir Einarsson: Eg held uppástúnga þessi ætli að verða á hrakhólum; til þess nú ekki að auka nefndir, hèlt eg, að atriðið um verðina yrði lagt til nefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslumálinu, sem er líks eðlis, en að hinu verði vísað til sveitastjórnarnefndarinnar. Svona held eg megi með lagi koma því fyrir; en úr því kvörtun Skaptfellinga var tekin, er ósamkvæmni að vísa þessu frá.

Pètur Pètursson: Eg skal geta þess, að nefndin í sveitastjórnarmálinu er búin að ljúka starfa sínum, og að það er verið að hreinskrifa nefndarálitið, og hún getur því hèðan af ekki tekið við bænarskránni.

Forseti: Eg álít þá inngángsumræðunni lokið. Uppástúngan inniheldur, eins og þingmenn hafa sèð, 2 atriði, 1. um varðkostnaðinn; 2. um að fè það fáist aptur endurgoldið, sem tekið hefir verið

úr sveitarsjóðunum til að kaupa fyrir kláðalyf. Hvað fyrra atriðið snertir, þá hefir hinn heiðraði uppástúngumaður lýst því yfir nú í umræðunum, að hann láti sèr lynda, að hinu fyrra atriði verði vísað til nefndarinnar, sem þegar er sett út af alveg samkynja umkvörtun úr Vestur-Skaptafellssýslu, og þarf því ekki að leita atkvæða um, hvort setja skuli sèrstaka nefnd til að íhuga það atriðið, úr því uppástúngumaður fylgir því ekki fram nè neinn annar þíngmanna, heldur verður nú að eins borið undir atkvæði, hvort þessu fyrra atriði uppástúngunnar skuli vísa til nefndarinnar um varðkostnaðinn í Vestur-Skaptafellssýslu.

Var þetta síðan látið gánga til atkvæða, og samþykkt með 17 atkvæðum móti 7, að vísa 1. atriðinu til nefndarinnar.

Forseti: Þar næst kemur annað atriði uppástúngunnar, það nefnilega, að fá aptur skilað eða endurgoldið það vaxtafè ýmissa sveitasjóða, sem varið hefir verið til að kaupa fyrir hin *thessíersku* kláðalyf, og er því farið fram í uppástúngunni, að *þetta* atriði hennar verði falið sèrstakri nefnd til meðferðar; aptur hafa nokkrir þíngmenn stúngið upp á því í umræðunum í dag, að þessu atriðinu væri vísað til nefndarinnar í fjárkláðamálinu; og enn aðrir, hafa stúngið upp á því, að vísa málinu fyrir milligaungu alþíngis*forsetans* til hlutaðeigandi ráðherra, og bið eg nú hina háttvirtu þíngmenn að gánga til atkvæða samkvæmt þessum uppástúngum, er eg ber upp í þessari sömu röð, svo framarlega sem síðari uppástúngurnar verði ekki felldar, með því að þíngið samþykki aðra hvora hina fyrri.

Eg ber þá *fyrst* undir atkvæði:

Hvort kjósa skuli sèrstaka nefnd til að í huga þetta 2. atriði uppástúngunnar.

Var því hrundið með 20 atkvæðum móti 4.

Forseti: Þar næst: hvort eigi að vísa því til nefndarinnar í kláðamálinu.

Var því einnig hrundið með 16 atkvæðum móti 8.

Forseti: Loks: hvort vísa skuli málinu gegnum *forseta* til stjórnarinnar.

Þetta síðasta var samþykkt með 16 atkvæðum móti 8.

Forseti: Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu skal eg fá málinu framgáng af þíngsins hálfu, og gjöra hinu háttvirta þíngi grein fyrir, áður þíngi verður slitið; skal eg að eins geta þess, að mèr virðist óljóst af brèfi stiptamtmannsins til mín, því er uppástúngumaður gat um áðan, hvort hann algjörlega skorast undan, að sjá um

að fè þetta verði endurgoldið; um þetta finnst mèr því skylt að leita beins svars hjá stiptamtmanni, áður en eg held málinu leingra; því tjái hann sig fúsan til, að sjá því borgið, að fèð verði endurgoldið, virðist mèr ekki þörf á, að láta málið gánga til stjórnarinnar.

Uppástúngan var síðan afhent formanni nefndarinnar í umkvörtunarmáli Vestur-Skaptfellínga, þíngmanni Austur-Skaptfellínga.

Forseti: Þar næst kemur eptir dagskránni uppástúnga varaþíngmannsins úr Dalasýslu, *um betra og lögákveðnara fyrirkomulag á stjórn jafnaðarsjóðanna.* Uppástúngumaðurinn er flutníngsmaður.

Uppástúngan afhent flutníngsmanni.

Indriði Gíslason: Eg vil leyfa mèr að lesa uppástúngu þessa fyrir þíngmönnum.

Var síðan uppástúngan lesin svo látandi:

„Inn á þetta þíng eru þegar komnar svo margs kyns bænarskrár, uppástúngur og umkvartanir, áhrærandi bæði sveitarstjórn landsins yfir höfuð, og þó einkum yfirstjórnina, og þá grein hennar, sem áhrærir umráð og stjórn ýmissa opinberra sjóða, og einkum jafnaðarsjóðanna, og alla hina margvíslegu tilhögun með þá, að þetta virðist mega til að vekja hið alvarlegasta athygli alþíngis, þar sem þjóðraddirnar úr öllum áttum landsins tala svo hátt og greinilega til þíngsins. Það eru komnar umkvartanir úr ýmsum áttum um það, að deingt hafi verið upp á jafnaðarsjóðina feyki-miklum útgjöldum, sem þeim sè þó óviðkomandi að lögum, t. d. öllum þessum mikla kostnaði, er hefir leitt af fjárkláðanum, vörðum á fjöllum og í byggðum, lækníngunum hèr syðra og fleira. Menn vita ekki til, að þessi kostnaður sè lögákveðinn af jafnaðarsjóði eða rètttækur þaðan, en hitt sjá menn, að frumvarpið til opins brèfs 24. nóvember 1856, sem lagt var fyrir þíngið 1855, og af sjálfu þessu lagaboði, að löggjafinn vill ekki, að á jafnaðarsjóðina sè lögð nein þau ný gjöld eða kostnaður, sem þeim sè óviðkomandi.

Það eru komnar umkvartanir um það, að amtmennirnir stjórni *einir* jafnaðarsjóðunum að öllu leyti, ákveði gjöldin til þeirra, og hvernig þeim kostnaði skuli niður jafna á alþýðu, og hvað miklu í hvert sinn; kemur hèr af það fram, að á sama árinu má stundum jafnefnaður maður í einu amtinu til að greiða helmíngi meira í sömu útgjöldin (jafnaðarsjóðsgjaldið), heldur en annar jafnefnaður að gjaldstofni í hinu amtinu; það eru komnar umkvartanir yfir því, að ein-

stakri sýslu sè afsagt, að fá af jafnaðarsjóði endurgoldinn kostnað til varða í almennar þarfir, og það til samkynja varða, sem hafa verið kostaðir úr jafnaðarsjóðnum í sama amtinu; það er kunnugt orðið, að einn amtmaðurinn eða 2 hafa tekið stórfè til láns upp á jafnaðarsjóðinn, að alþingi fornspurðu og gjaldþegnum, án þess menn viti til, að það sè til lögákveðinna gjalda, því svo er og, sem einnig hefir verið yfir kvartað fyrir þetta þing, að skipulegir reikníngar yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðanna hafa ekki feingizt auglýstir í tíma, svo að eigi hefir verið kostur á að sjá, hvað og til hvers að úr þeim er greitt, hve miklu þurfi að niður jafna með rèttu, og hve mikið þeim greiðist árlega.

Þar sem nú að sèrstakar nefndir eru þegar settar, til að íhuga sum þessi atriði, er eg nú hefi tekið fram, og þar eð nefnd er einnig sett, til að íhuga og bera upp álit um sveitastjórnarmál Íslands yfir höfuð að tala, þá þykir mèr ekki mega sleppa svo höfuðstykki þessa máls, að eigi komi það til umræðu og meðferðar á alþingi að þessu sinni.

Og því leyfi eg mèr nú hèr með, að bera upp fyrir hið heiðraða alþingi þá uppástúngu, að það taki mál þetta til ýtarlegrar meðferðar, og riti konúngi bænarskrá, annaðhvort sèrstaklega, eða í sambandi með sveitastjórnarmálinu, um það:

> *Að vald amtmannanna yfir jafnaðarsjóðunum verði nákvæmar ákveðið, bæði að því, að eigi sè lögð á þá önnur gjöld en þau, sem lög heimila, að amtmönnum sè ákveðin takmörk sett um það, hve miklum gjöldum megi jafna mestum niður árlega á alþýðu, og að ákveðið verði með lögum, að ekki megi taka neitt lánsfè upp á jafnaðarsjóðina, án þess samþykkis alþíngis sè þar um leitað.*

Ef alþingi litist, að sameina þetta mál við sveitastjórnarmálið, en það læt eg mèr lynda, þá óska eg þess og stíng upp á, að alþíngi fari því fram, að ef frestast skyldi fyrir stjórninni að leggja frumvarp til sveitastjórnarlaga fyrir næsta alþíngi, þá verði samt lagt fyrir næsta þíng frumvarp til laga um þetta atriði, er eg nú tók fram.

Reykjavík, 20. júlí 1859.

Indriði Gíslason“.

Indriði Gíslason: Eg sè nú einga þörf á því, að vera lángmæltur um þessa uppástúngu, þar eð hún að öllum líkindum er fullljós. Aðalinnihald hennar er umkvörtun yfir ótakmörkuðu og mis-

jafnt brúkuðu valdi amtmannanna yfir jafnaðarsjóðsálögunum. Í einu amtinu hefir verið lagður tvöfalt hærri tollur á hvert lausafjárhundraðið en í hinum ömtunum, þar sem þó svo margfalt meiri þrautir og þarfir hafa verið. Hèr hafa allt svo komið fram gagnstæðar umkvartanir; eiu sýsla suðuramtsins kvartar yfir því, að hún ekki fái endurgoldinn varðkostnað sinn úr jafnaðarsjóði, móts við hinar sýslur amtsins. Sèr er hver reglan. Það er eingan veginn tilhlýðilegt, að beiðast þess úr jafnaðarsjóði, sem honum að lögum er ekki ætlað að bera; það er að minni meiníngu þakkarvert, ef amtmaðurinn ekki vill halda út í þessar óendanlegu álögur. Hitt aðalatriði uppástúngunnar er, að þeir ekki megi taka lán upp á jafnaðarsjóðina, án þess það sè áður lagt undir alþíngi, eða að minnsta kosti, að þeir legði eigi tollana á, til að endurgjalda lánið með, án þess að leita álits alþíngis. Það er nú annars ólíklegt, að þíngið hrindi þessari uppástúngu, og vilji þar með hafna tollneitunarvaldi því, sem það hefir í einu tilliti en ekki öðru. Væri það ekki skrítið, þar sem þíngið, sem eðlilegt er, vill fá skattgjafarvald, þá skyldi það þó vilja láta einstöku menn hafa það fyllsta einveldi til þess, að leggja svo og svo mikið gjald á hvert lausafjárhundrað undir því nafni, að heita jafnaðarsjóðsgjald? og hversu sem þessir amtmenn þykja ágætir, sem nú eru, geta þó orðið amtmannaskipti, og þá mun þá ekki vera verra, að hafa feingið takmarkaða álöguna. Eg læt nú hèr staðar nema að sinni, og fel uppástúnguna þíngsins hyggilegu meðferð á vald, en að minni meiníngu sæmir betur, að gefa henni gaum.

Guðmundur Brandsson: Eg held hèr megi segja, að vant sè úr vöndu að ráða; málið er að vísu áríðandi, en eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gat um, er nú þíngtíminn þegar úti, svo mèr þykir vel skipast, ef lokið verður við það, sem þegar er tekið til meðferðar. Eptir því, sem formaður nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu sagði frá, getur það ekki komizt þar að. Það er því ekki nema eitt af tvennu, ef ekki verður sett sèrstök nefnd í það, að koma með það sem viðaukaatkvæði við sveitastjórnarmálið, eða þá að vísa því til nefndarinnar í málinu um auglýsíngu reikníngaopinberra sjóða; annað held eg verði ekki við það gjört.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki sèð betur, en að þessi bænarskrá sè að nokkru leyti sama innihalds og önnur, er þíngið felldi með atkvæðagreiðslu sinni fyrir nokkrum dögum; en eg skal að öðru leyti láta það þínginu á vald, að gjöra við hana, það sem því þóknast, af því mèr virðist, sem hún að nokkru leyti miði til mín per-

sónulega. Það eru einúngis 2 atriði í þessari bænarskrá, sem eg skal drepa lítið eitt á. Hið fyrra er þetta: „að amtmennirnir stjórni *einir* jafnaðarsjóðunum að öllu leyti, og ákveði gjöldin til þeirra“. Þetta er nú að sönnu rètt, bæði eptir því sem löggjöfin ákveður, og hingað til hefir verið siðvenja. En þegar litið er til framkvæmdanna í vesturamtinu í ár, þá er farið að bregða út af þessu. Eg hefi, til að geta fullnægt kröfum stjórnarinnar, og til að geta klofið fram úr skuldum þeim, er á jafnaðarsjóðnum hvíla í ár, orðið að jafna 12 sk. á hvert lausafjárhundrað í vesturamtinu, og það þó eptir að hafa ráðfært mig við fleiri skynsama menn, er eg gat til náð. En hinn heiðraði varaþingmaður Dalasýslu hefir talið mönnum trú um, að ekki ætti að borga nema 6 sk. af hverju lausafjárhundraði í ár, svo að hèr eru nú 2 eður má ske fleiri farnir að taka þátt í stjórn jafnaðarsjóðsins. Með hvaða rètti það sè, og til hverra afleiðínga og óreglu það muni leiða, vil eg yfirláta öðrum að dæma. Hið annað atriði var það: „að skipulegir reikníngar yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðanna hafi ekki feingizt auglýstir í tíma“. Í umkvörtun frá Kollabúðafundinum, er fyrir skömmu var til umræðu hèr á þínginu, er kvartað yfir því, að jafnaðarsjóðsreikníngarnir fyrir vesturamtið hafi eigi verið auglýstir, þrátt fyrir loforð hlutaðeigandi amtmanna á alþíngi 1855. Þessi Kollabúðafundur má nú, eg veit ekki af hverjum orsökum, hafa horn í síðu mèr; því annars hefði þessi fundur ekki gleymt því, að í Þjóðólfi fyrir árið 1857 eru auglýstir reikníngar þeirra sjóða, er eg hefi undir höndum og tilsjón með, fyrir 4 ár, og það greinilega eptir vitni alþíngis*forsetans*. Eg get því ekki skilið, að nokkur maður með rètti geti brugðið mèr um það, að hafa ekki efnt loforðið, sem eg gaf 1855.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr þótti vænt að heyra, að flutníngsmaður er ánægður með, að uppástúngu hans sè að eins vísað til sveitastjórnarmáls-nefndarinnar, því þá þarf þó ei að vera að setja sèrstaka nefnd. Það er reyndar satt, að sveitastjórnarnefndin er að mestu búin að ljúka störfum sínum, svo eg mundi þess vegna jafnvel heldur kjósa, að þessu yrði nú ei bætt við hana; og skal eg þá geta þess, að nefndin, einmitt vegna þess, sem áður hefir verið talað hèr á þíngi þar að lútandi, hefir tekið svo mikið tillit til aðalatriðanna í þessari uppástúngu, að eg hefi jafnvel von með, að uppástúngumaður sjálfur muni verða ánægður með álitsskjal hennar í þeirri grein, að minnsta kosti svo, að hann þyrfti þá að eins að gjöra breytíngar- eða viðauka-atkvæði við það. En þó skal eg ei

vera að sýta mjög um þetta, og að eins bæta því við viðvíkjandi meiningamun þeim, sem hèr hefir brytt á á þingi milli amtmannsins í vesturamtinu og varaþingmannsins úr Dalasýslu, að eg vildi þó helzt, að þingið færi sem minnst að skipta sèr af honum, því hann kemur hvorki málinu nè þinginu við.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að álíta það sè eigi sem heppilegast, að vísa málinu til sveitastjórnarnefndarinnar nú, þegar nefndarálitið er þegar fullbúið, og þar nú 3 hinir helztu menn á þingi eru með því, *konúngsfulltrúi, forseti* og þingmaður Ísfirðínga, að mál þau, er þingið vill eigi setja nefnd í, geti þó komizt að sem viðauka-atkvæði við önnur mál, þá verður sú aðferð hèr bæði fljótlegust fyrir þingið, og, að ætlun minni, enda betri fyrir málið, heldur en að fá það sveitastjórnarnefndinni, og það tefur þó mjög fyrir nefndinni, að íhuga málið að nýju, og er sú töf næsta ísjárverð, þar sem nú er eigi annað fyrir að sjá, en mörg mál verði afstands vegna tímaleysis.

Konúngsfulltrúi: Eg fyrir mitt leyti hefi ekki á móti því, að þau atriði sè tekin til umræðu, sem eru ný og ekki felld af þinginu áður.

Indriði Gíslason: Að eingar nýjar álögur verði lagðar á jafnaðarsjóðinn nema með konúnglegu lagaboði, er að vísu ekki nýtt, en hitt, að valdi amtmannanna yfir jafnaðarsjóðunum verði haldið innan lögákveðinna takmarka, það er ný uppástúnga, og hvað miklum gjöldum megi mestum jafna niður, og eins það, að þeir taki ekki ótakmarkað lán úr ríkissjóði upp á jafnaðarsjóðina, án þess að leita álits og samþykkis alþíngis þar um. Í tilliti til þess, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að eg hefði sagt mönnum að greiða ekki nema það hálfa jafnaðarsjóðsgjald, því verð eg öldúngis að mótmæla, en því mun eg þora við að gángast, er eg sagt hefi, að eg ekki þekkti það á neinum lögum byggt, að leggja varðkostnaðinn og lækníngakákið á jafnaðarsjóðinn (hríngt! *Forseti:* Það kemur ekki málinu við, og getur ekki komið til umræðu hèr). Jæja, hjá hvorugum, og þótt þingið felli hana frá sèrstakri nefnd, get eg þá komið með viðaukaatkvæði í sveitastjórnarmálinu, og hvað svo sem þingið nú gjörir, þá þykist eg hafa gjört það, sem í mínu valdi stendur, að óska eptir lögum og reglu, hverja helzt skoðun sem þingið hefir á þessu máli.

Stefán Jónsson: Þíngmaður Dalasýslu sagði, að margar kvartanir væri gjörðar í þessu máli; það er nú nokkuð hæft í því; en

eg vil þó taka það fram, að eingin er komin úr norður- og austur-amtinu. Mönnum hefir eigi þótt nein ástæða til þess; þar hefir ekki heldur verið kurr eða óánægja yfir meðferð jafnaðarsjóðsins, svo eg til viti. Eg hefi því einga ástæðu til, að mæla fram með þessari uppástúngu vegna Norðurlands; en eg vil þó ekki vera þessu máli móthverfur, ef því verður vísað til einhverrar nefndar; en eg er mótmæltur sèrstakri nefnd í því. Eg sagði áðan, að fyrir norðan væri einginn kurr yfir jafnaðarsjóðsgjaldinu, og þó hefir það verið brúkað til varða, og miklu verið til varið, en það hefir verið með vitund og vilja bænda, til að reyna að verjast fjárkláðanum, og því hefir það líka verið greitt með fúsum vilja af alþýðu. Jafnaðarsjóðsgjaldið hefir að vísu ekki verið meira en 6 sk. af hundraði, enda kann að vera sjóðurinn standi á veikum fótum. En eg fyrir mitt leyti álít, að þau tilfelli gæti að borið, að það gæti orðið miður hollt, ef amtmenn væru svo takmarkaðir að valdi, að ekki mætti, eins og uppástúngan fer fram á, grípa til jafnaðarsjóðanna nema með samþykki alþíngis, sem ekki er haldið nema annaðhvort ár.

Pètur Pètursson: Mínir heiðruðu meðnefndarmenn hafa tekið það fram, að þessi uppástúnga geti komið sem viðaukaatkvæði, að svo miklu leyti sem það er ný uppástúnga. Eg fyrir mitt leyti hefi nú ekkert á móti því. En þar þíngmaður Gullbríngusýslu stakk upp á, að vísa henni til nefndarinnar í málinu um auglýsíngu reiknínga opinberra sjóða, þá álít eg það eigi ekki svo skylt við það mál, að það eigi við, og svo er sú nefnd búin með álitsskjal sitt, og það er verið að hreinskrifa það. En er ekki tilhlýðilegt, að vísa málinu til stjórnarbótarmáls-nefndarinnar? Það er þó um skattgjalds-valdið, og er þess vegna því máli skylt. Eg skal líka geta þess, að sveitastjórnarmálsnefndin hefir fallizt á, að 2 menn sè feingnir amtmönnum til ráðaneytis, eins og ein bænarskrá fer fram á.

Guðmundur Brandsson: Flutníngsmaður getur nú sagt til, hvort hann ekki vill bera upp málefni þetta sem breytíngar- eða viðauka-atkvæði við sveitastjórnarmálið, ef ekki fæst sèrstök nefnd í því. Eg tók þetta fyrst fram áðan, ef ekki væri um annað að gjöra, og síðan hafa nokkrir þíngmenn verið þessu meðmæltir. Mèr finnst nú, að þíngræðurnar sè orðnar svo lángar, að tími sè til kominn, að afráða eitthvað víst um þetta.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi um daginn vísa öðru máli til þessarar nefndar, og vil því enn þá vera samkvæmur sjálfum mèr með þetta mál. En eg get ekki skilið, að það sè góð regla, að

bera upp slík mál sem viðauka- eða breytíngar-atkvæði; það kann að vera fljótlegra fyrir þíngið, en eykur þó vandræði við atkvæðagreiðsluna. Eg get heldur ekki skilið, að það sè sem bezt samkvæmt 63. gr. í alþíngistilskipuninni. Eg vil þá heldur vísa því til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, sem ekki er búin enn þá.

Konúngsfulltrúi: Eg vil geta þess, að hafi eg rètt skilið orð hins heiðraða þíngmanns frá Strandasýslu, þá virtist mèr koma fram hjá honum nokkur misskilníngur. Þínginu ber, eins og hann sagði, að skera úr því, hvort vísa skuli einu máleíni til kosinnar nefndar eður ekki. En þar á móti heyrir það ekki þínginu til, að skera úr því fyrir fram, hvort einn þíngmaður megi bera eitthvert atriði upp sem breytíngaratriði eða ekki. Þetta er einúngis á þíngmannsins valdi, en þíngsins er, þegar til atkvæðagreiðslu kemur, að fallast á eður fella breytíngaratkvæðið eptir málavöxtum.

Ásgeir Einarsson: Eg álít þó, að þíngið eigi að skera úr því með atkvæðum, hvort það sè rètt aðferð; menn verða þó að taka einhverja vissa stefnu.

Indriði Gíslason: Þíngmaðurinn úr Eyjafjarðarsýslu sagði, að eingin umkvörtun væri komin úr norðuramtinu þessu aðlútandi. En það er þó komin bænarskrá um, að amtmönnum verði feingnir 2 meðráðendur *(Sveinn Skúlason:* Það er eingin umkvörtun). Það má þó svo heita. Ætla menn vilji ekki heldur vita, hvort rètt er gjört. Eins úr suðuramtinu, t. a. m. úr Rángárvallasýslu, og um reglu með jafnaðarsjóðinn. Það lítur út, eins og það sè þó hálfgjörð vandræði. Annars felli eg mig við, að vísa því til sveitastjórnarmáls-nefndarinnar.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Málið er sveitastjórnareðlis, og því á að vísa því til sveitastjórnarmáls-nefndarinnar, en ekki til stjórnarbótarmáls-nefndarinnar. Það er eingin mótbára, þó sú nefnd sè búin með álit sitt, og farið sè að hreinskrifa það, og þó hún svo ætti að taka það upp aptur frá rótum, er hún skyldug til þess, ef þíngið vísar því til hennar, auk heldur þó hún sè búin að koma sèr niður á einstöku atriðum; hún á þess hægra með að taka tillit til þess. Mèr sýnist því ekkert ísjárvert í, að senda það til sveitastjórnarmáls-nefndarinnar; málið er mikils árríðandi, því tryggíng á jafnaðarsjóðunum er bæði tryggíng fyrir amtmenn sjálfa, og gefur amtsbúum traust. Eg er nú líka á því, að ekki sè hentugt, að amtmenn leiti alþíngis samþykkis í hvert sinn; það gæti opt orðið mjög óhentugt, að bíða eptir því, að fá lagaboð eða

samþykki stjórnarinnar í hvert sinn; eg vil, að það sè einúngis tekið fram, að ákvarðanir um stjórn jafnaðarsjóðanna sè eigi látnar bíða eptir sveitastjórnarmálinu; því komi það síðar, geta orðið vafníngar á sveitastjórnarmálinu. Verði því ekki vísað til sveitastjórnarmáls-nefndarinnar, vil eg stínga upp á, að það sè borið upp sem breytíngaratkvæði við það nefndarálit.

Arnljótur Ólafsson: Það er satt, sem hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga sagði, að það heyrir að vísu til sveitastjórnarmálsins, en það heyrir líka til stjórnarbótarmálsins, t. a. m. að því leyti talað er um að leita samþykkis alþíngis á gjaldi til jafnaðarsjóðanna; að því leyti heyrir það þó ekki undir sveitastjórnarmálið. Verði ekki kosin sèrstök nefnd í málið, get eg þó naumast greitt atkvæði fyrir, að vísa því til sveitastjórnarnefndarinnar, og varla til stjórnarbótarmálsnefndar heldur. En hver, sem vill, getur komið fram með það, sem nýtt er í uppástúngunni, við umræðurnar um stjórnarbótarmálið eða sveitastjórnarmálið.

Sveinn Skúlason: Viðvíkjandi því, að vísa málinu til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu, skal eg geta þess, að þegar verið er að tala um, að svo stutt sè eptir af þíngtímanum, þá virðist mèr það öldúngis ósamkvæmt af þínginu, þegar málum er þegar lokið í nefndum, að tefja fyrir nefndarálitum með því, að vísa nýjum málum til nefndanna, því þar af getur leitt, að nefndin þurfi gjörsamlega að breyta allri undirstöðu málsins, og verð eg því að mæla móti því, að þessu máli sè vísað til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þíngmaður Borgfirðínga áleit, að þetta mál bæri að nokkru leyti undir stjórnarbótarmálið, og fremur en undir sveitastjórnarmálið (*Arnljótur Ólafsson:* Nei, ekki fremur), — en eg held það heyri ekki að neinu leyti undir stjórnarskipunarmál, eptir því sem þau mál almennt eru að greind. Það býður því ekki svara, að vísa því til stjórnarmálsnefndarinnar. Þar á móti held eg, ef þíngið ekki vill kjósa nefnd sèr í lagi í þessu máli, sem eg held reyndar væri bezt, af því eg álít þetta atriði sveitastjórnarmálsins einna mest áríðanda til tryggíngar, bæði fyrir amtmenn og amtsbúa, og mest óskanda, að því yrði framgeingt sem fyrst, hvað sem hinu líður, eg held, segi eg, að ef ekki yrði nefnd sett sèr í lagi, væri bezt að vísa því til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu. Þó vèr höfum heyrt, að nefndin sè komin lángt með á-

lit sitt, þá mundi þetta atriði, þó hún ekki hefði tekið það áður til greina, ekki geta gjört henni meira en svo sem eins dags töf. Yfir höfuð að tala er það á þingsins valdi, að vísa málum til nefnda, og því kemur ekkert við, hvort þær eru komnar lángt eða skammt, meðan nefndarálit er ekki komið fram; eg er einnig viss um, að nefndin kannast við skyldu sína, og eg held það óreglu, ef nokkur nefnd skorast undan, að taka við málum, sem til hennar skyldi vísa.

Pètur Pètursson: Sveitastjórnarnefndin hefir fyrir sitt leyti ekkert á móti því, að taka við málinu, en vildi að eins sjá, hvort ei væri annar haganlegri vegur til að ráðstafa þessu máli. En eigi sveitastjórnarnefndin að taka á móti þessari bænarskrá, leiðir þar af, að hún getur seinna af lokið störfum sínum.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að leiðrètta það, sem hinn háttvirti þingmaður Ísfirðinga misheyrndi orð mín. Eg sagði, að það að einu leytinu heyrði til stjórnarskipunarmálinu, og er það satt; það heyrir að því leyti til stjórnarskipunarmálinu, sem þar er farið fram á, að alþingi samþykki gjald til jafnaðarsjóðanna, því það er skattgjafarvald, er alþingi er gefið; en eg hefi og sagt, að uppástúngan áhrærði líka sveitastjórn, þar sem hún talar um stjórn á jafnaðarsjóðunum í amti hverju, og að því leyti heyrir hún sveitastjórnarmálinu til.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Ef það er rètt, sem þingmaður Borgfirðinga sagði, þá heyrir Skeljavíkurmálið einnig undir stjórnarskipunarmálið, og hefði átt að koma í stjórnarmálsnefndina, því það er einnig alþingismál.

Arnljótur Ólafsson: Já einmitt; að því leyti það er löggjafarmál, heyrir það undir stjórnarskipun vora hèr á landi.

Stefán Eiríksson: Uppástúnga þessi, sem nú er umræðuefni, er að mínu áliti sama efnis og bænarskrá sú, er hèr var til umræðu um daginn, og þá samþykkti þingið með meiri hluta atkvæða, að vísa henni til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu, og því held eg þingið gjöri rèttast í, að vísa þessari uppástúngu til hinnar sömu nefndar; en hvað því viðvíkur, að nefndin sè komin svo vel á veg með nefndarálitið, þá get eg ekki skilið í því, að uppástúnga þessi þurfi að raska aðalstefnunni, sem nefndin hefir tekið, þó hún sè teingd þar við.

Gísli Brynjúlfsson: Þó eg hafi verið á því, og sè enn á því, að uppástúnga þessi eigi helzt við sveitastjórnarmálið, þá vona eg þó, að þingið vísi henni ei til nefndarinnar í því máli, nema svo að eins, að hún

geti ei orðið tekin til greinar á annan hátt. Eg sè einga ástæðu til þess, að vera nú að auka störf nefndarinnar, ef það er með öllu þarflaust, eins og það auðsjáanlega er, ef uppástúngumaður eins vel getur náð tilgángi sínum með breytíngar- eða viðauka-atkvæði, eins og upp á hefir verið stúngið; og vildi eg því helzt, að uppástúngumaður sjálfur segði nú greinilega af eða á, hverja aðferðina hann heldur kýs.

Forseti: Eg vona nú, að umræðurnar verði eigi leingdar mikið úr þessu, en áður en þær fara leingra, skal eg spyrja uppástúngumann, hvort hann vill halda málinu fram til sèrstakrar nefndar, eða lætur sèr lynda, að því verði vísað til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu.

Indriði Gíslason: Eg kýs helzt sèrstaka nefnd, en sè þess ekki kostur, þá að því sè vísað til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu.

Ólafur Jónsson: Það hefir verið talað um, að vísa málinu til nefndar, ef ekki yrði valin sèrstök nefnd til að yfirvega það, og þá að vísa því til sveitastjórnarmálsnefndarinnar; mèr sýnist það nú ekki góð regla, að fleygja uppástúngum svona í nefndir, sem kann ske þegar hafa lokið við starfa sinn; því mèr sýnist, að slíkt geti orðið til þess, að tefja um of fyrir þíngstörfunum. Eg er að sönnu samþykkur þíngmanni Ísfirðínga í því, að nefndin sè skyld að veita málinu viðtöku, ef því er vísað til hennar; en eg álít, að því að eins eigi að vísa þannig til þeirrar nefndar, sem þegar hefir lokið starfa sínum, að þíngmenn sjái, að ekki liggi annar vegur eins opinn fyrir, málinu sjálfu að skaðlausu, til dæmis að það geti komizt að sem breytíngaratkvæði eða viðaukaatkvæði.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þegar þíngið vísar máli til nefndar, þá er það til þess að heyra álit hennar um það, það er að segja, álit þeirra manna, sem þíngið treystir að hafi grannskoðað málið, heldur en að láta það koma til atkvæða hinsvegnn sem viðauka- eða breytíngar-atkvæði undirbúníngslaust; því álit nefndarinnar gefur þó ljósari dóm um málið. Það er því betra og greinilegra bæði fyrir þíngið, nefndina og málið, að vísa því til nefndar.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari inngángsumræðu lokið; en áður en geingið væri til atkvæða, vildi eg einmitt taka það sama fram, sem hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga nú gjörði, að það er betra bæði fyrir málið sjálft, og eins fyrir nefndina í sveitastjórnarmálinu, að það sè undirbúið af nefndinni, áður en málið geingur til undirbúníngsumræðu; því ef þessu máli væri nú frestað til þess að bera það upp með breytíngaratkvæðum og

viðaukaatkvæðum í undirbúningsumræðunni, þá mundi það valda nefndinni eins mikilli tímatöf að átta sig á öllum þeim atkvæðum milli umræðanna. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hreifði áðan, að uppástúnga þessi sè að nokkru leyti borin upp áður og felld, þá gat eg ekki skilið að svo væri, og því setti eg hana á dagskrána. Sú uppástúngan, sem *konúngsfulltrúi* benti til, og kom hèr til umræðu um daginn, hafði 2 atriði meðferðis; annað var beinlínis umkvörtun yfir, að háu gjaldi væri jafnað niður í ár á vesturamtsbúa; hitt atriðið var um betra fyrirkomulag jafnaðarsjóðsins í *vesturamtinu;* þetta uppástúnguatriði, sem kom fyrir um daginn, var því miklu takmarkaðra, bæði með tilliti til staðar (eins einasta amts) og til efnisins, heldur en þessi uppástúnga, sem nú liggur fyrir; hún er almenn, nær yfir alla jafnaðarsjóði landsins og almenna stjórn þeirra. Áður en geingið var til atkvæða um daginn áhrærandi bænarskrána frá Kollabúðafundinum, þá er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* minntist á, þá lýstu einnig nokkrir þíngmenn því yfir, að þeir mundi greiða atkvæði fyrir, að nefnd yrði sett um seinna atriði hennar (það sem hljóðaði um betri stjórn jafnaðarsjóðsins í vesturamtinu), ef atriði bænarskráarinnar væri borin upp í tvennu lagi; en þetta vildi uppástúngumaðurinn ekki fallast á; álít eg því, með ekki fleiri atkvæðamun, en þá varð, að bænarskráin væri felld frá nefnd einkum vegna hins fyrra, eða umkvörtunaratriðisins í henni.

Eg skal þá biðja menn að gánga til atkvæða, og liggur þá eptir uppástúngunni fyrst fyrir, að greiða atkvæði um það, hvort kjósa skuli sèrstaka nefnd í málið.

Var því hrundið með 16 atkvæðum móti 3.

Síðan var leitað atkvæða um, hvort vísa skyldi uppástúngunni til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu, og var það samþykkt með 14 atkv. móti 7.

Því næst var uppástúngan afhent formanni þeirrar nefndar, *varaforsetanum.*

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um að *fá löggilt kauptún á Skeljavík,* og fleiri stöðum. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona eg, að hinir heiðruðu þíngmenn hafi hana fyrir sèr

Atkvæðaskráin hljóðar þannig:

Atkvæðaskrá

í málinu um *löggildíngu Skeljavíkur og fleiri hafna til verzlunarstaða.*

1. *Nefndin:*
   Að Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu verði fyrir næstkomandi vor með opnu brèfi gjörð að löggildum verzlunarstað.
2. Viðaukaatkvæði *Jóns Pèturssonar:*
   eður að það í hið minnsta megi verða leyft kaupmönnum á hinum löggiltu verzlunarstöðum hèr á landi að verzla þar sem lausakaupmenn í næstu þrjú ár.
3. Viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Tandraseli:
   Að eptir orðin (í uppástúngunni nr. 1) „í Strandasýslu“, verði sett: „og *Straumfjörður í Mýrasýslu*“, o. s. frv.
4. Viðaukaatkvæði *H. Kr. Friðrikssonar:*
   Að Reykjarfjörður við Ísafjörð verði löggiltur verzlunarstaður.
5. Viðaukaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar:*
   Að Krossvík á Akranesi í Borgarfjarðarsýslu verði sem fyrst gjörð að löggildu kauptúni.
6. Varaatkvæði hins *sama:*
   Að öllum fastakaupmönnum á Íslandi verði leyfð siglíng og verzlun með allar vörur á Krossvík í Borgarfjarðarsýslu.

   (Athugagr. Þetta varaatkvæði var hvorki beinlíris upp borið í undirbúníngsumræðu málsins, og ekki heldur ráðgjört í umræðum uppástúngumannsins).

Framsögumaður (Ásgeir Einarsson): Þar mikið var rætt um þetta mál við undirbúníngsumræðuna, þykir mèr nú því minni þörf, að vera lángorður, sem mönnum er farið að lítast svo á, sem þíngið ætli ekki að verða endíngargott. Um breytíngaratkvæði þau, sem fram hafa komið, ætla eg ekki að tala, fyrri en eg heyri, hvað uppástúngumenn þeirra segja, og eru þau flest óskyld málinu sjálfu. Viðaukaatkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns kemur því reyndar næst, og er ugglaust gjört í góðum tilgángi, en þar eg vona, að aðalatriðið fái framgáng, þá vil eg spyrja uppástúngumann, hvort hann ei vill falla frá viðaukaatkvæði sínu, því ef aðalatriðið verður fellt, þá vil eg ekki, að viðaukaatkvæðið verði samþykkt, því eg hefi einga heimild til þess frá kjósendum mínum, að fá því framgeingt, sem það fer fram á, en eg vil ekki tala meir um það, þángað til

uppástúngumaður hefir svarað spurníngu minni, því eg vil helzt ekki þurfa að fletta líkblæjunni af því, áður en það er kistulagt.

Jón Pètursson: Hinn heiðraði *framsögumaður* skilur ei rètt viðaukaatkvæði mitt; einmitt af því það er viðaukaatkvæði en ekki varaatkvæði, þá fellur það, ef uppástúnga nefndarinnar fellur, og kemur þá ei til atkvæða; en ef nefndaruppástúngan er samþykkt, og ef menn skyldi einnig samþykkja viðaukaatkvæði mitt, þá ætti það að hnýtast þar aptan við. Eg kom fram með það til þess, að ef stjórnin vegna einhverra orsaka ekki skyldi vilja veita það, sem nefndin óskar, þá kynni að vera, að hún veitti hitt, sem stendur í viðaukaatkvæðinu, ef þíngið til vara beiddi hana um það, og sem þó gæti verið betra fyrir menn að fá en ekkert, og vona eg, að menn því fallist á viðaukaatkvæðið. Eg ber sumsè kvíðboga fyrir því, að stjórnin muni strax veita leyfi til, að Skeljavík verði löggiltur verzlunarstaður, þar henni kynni að sýnast, að vantaði nægileg skilríki fyrir því, að þessa væri beðizt með vilja og vitund eiganda Skeljavíkur; en þó þessi skilríki vantaði, mundi hún æfinlega geta leyft hitt strax, að fastakaupmenn verzluðu þar af skipum sínum, því til þessa þarf ekkert leyfi frá landeiganda.

Framsögumaður: Ræða hins 5. konúngkjörna þíngmanns hefir ekki breytt þeirri sannfæríngu minni, að viðaukaatkvæði hans sè óþarft, því þess vegna biðjum vèr um, að Skeljavík verði löggiltur verzlunarstaður, af því það er hin mesta þörf á því, en hins þurfum vèr ei með; það er nú leyft fastakaupmönnum, að flytja þángað eins og á aðrar víkur nauðsynjavörur, en þó kvennfólkið lángi til að kaupa klúta eður annan slíkan óþarfa, þá gef eg ekkert um, að fastakaupmenn fái leyfi til þess, að flytja því þá, og vil eg því heldur ekkert en þetta.

Arnljótur Ólafsson: Áður en eg tala um efnið í atkvæðum mínum, þá vil eg leyfa mèr að fara fyrst nokkrum orðum um, hversu varaatkvæði mitt undir tölulið 6. á atkvæðaskránni er til komið; það er reyndar satt, eins og hinn háttvirti *forseti* hefir um getið í athugasemd á atkvæðaskránni, að eg hefi hvorki beinlínis borið það upp eða ráðgjört, að koma fram með það, við undirbúníngsumræðu þessa máls, en því kom eg fram með þetta varaatkvæði, að bæði þótti mèr það sjálfum enda betra en viðaukaatkvæðið, einkum fyrir því, að það mundi öllu fremur fást, og líka fann eg ekkert á móti því í alþíngistilskipuninni, að það kæmist að, og svo mun eg eigi betur, en að breytíngaratkvæði hafi komizt að á hinum fyrri þíng-

um, þó ekki hafi þau beinlínis verið borin upp við undirbúningsumræðu málanna. Í alþingistilskipuninni 69. gr. segir, að þingmenn megi bera upp breytingaratkvæði sín, en hitt er hvergi bannað, að þau komi síðar, ef þau að eins koma á undan ályktarumræðu. Mun hinn fyrverandi *forseti* einnig hafa skilið þessa grein svo, að þingmenn þyrfti eigi að taka fram, hvernig breytingaratkvæði þeirra skyldi verða lagað, heldur væri nóg, að þeir gæti þess, að þeir ætluðu að koma fram með breytingaratkvæði. Eg hélt og, að ekkert gæti verið á móti því, að koma fram með varaatkvæði við það breytingaratkvæði eða viðaukaatkvæði, sem maður hefir ráðgjört að koma fram með, og það getur eingum ruglingi valdið, fyrst það liggur fólgið í aðalatkvæðinu; en hitt er sjálfsagt, ef maður hefði ekki ráðgjört, að koma fram með neitt breytingar- eða viðauka-atkvæði, að þá mætti ekki koma með viðaukaatkvæði eða vara-atkvæði. Þess verð eg og að geta, að nú er minni þörf á, að ganga hart eptir þessu, með því að nú er svo til hagað, að *forseti* heimtar breytingaratkvæðin snemma, og lætur síðan prenta þau, og senda tímanlega til þingmanna, svo þeir geti kynnt sèr þau, og finnst mèr þá lítill munur á því, að ráðgjöra eða áskilja sèr breytingaratkvæði við undirbúningsumræðuna í þá eða þá átt, og að koma með það nógu snemma til *forseta*, því hvora aðferðina sem menn hafa, þá geta þingmenn haft nógan tíma til, að kynna sèr þau, og það er aðalatriðið. Að öðru leyti er það sjálfsagt á valdi *forseta* og þingsins, hvort það vill leyfa, að þetta varaatkvæði mitt komi til atkvæða eður eigi.

Forseti: Samkvæmt 69. gr. alþingistilskipunarinnar, sem þingmaður Borgfirðinga skýrskotaði til, þá verður að bera upp, eða að minnsta kosti að ráðgjöra við undirbúningsumræðuna hvert það breytingaratkvæði eða viðaukaatkvæði, sem menn vilja að verði tekið til greina við ályktarumræðuna; menn verða að minnsta kosti að hafa talað í þá stefnu í undirbúningsumræðunni, sem breytingaratkvæði það, er þeir síðar koma fram með, verði þar á byggt; það er sjálfsagt, að menn þurfa ekki við undirbúningsumræðuna að orða breytingaratkvæðið, eins og það á að verða orðað, heldur að eins ráðgjöra beinlínis eða tiltaka stefnuna; þetta gjörði nú hinn heiðraði þingmaður einnig með tilliti til viðaukaatkvæðis síns tölulið 5. á atkvæðaskránni, en ekki varaatkvæðisins, tölul. 6., og er það þó mjög verulegt, þar sem það fer fram á, að breytt verði löggjöfinni um flutninga; því samkvæmt henni leyfist kaupmönnum að flytja nauðsynja-

vörur allar inn á víkur og voga, og eins að sækja þángað vörur, en varaatkvæðið fer fram á, að þessu verði þannig breytt, að öllum fastakaupmönnum verði leyft að *verzla* með *alls konar vörur* á Krossvík í Borgarfjarðarsýslu. Þetta virðist mèr svo veruleg breytíngaruppástúnga, að hverjum þeim, er vill hafa hana fram, hljóti að vera skylt, samkvæmt 69. gr. í alþíngistilsk., að ráðgjöra slíka uppástúngu við undirbúníngsumræðuna, eða geta þess, að menn ætli að bera hana upp; þetta er ekki einúngis nauðsynlegt vegna þíngmanna sjálfra, heldur einnig vegna málefnanna sjálfra, því vel kann að vera, að einhver annar þíngmaður, er hann heyrir, að annar áskilur sèr slíkt breytíngaratkvæði í undirbúníngsumræðunni, finni ástæðu til, að áskilja sèr breytíngaratkvæði eða viðaukaatkvæði við þá breytíngaruppástúngu, sem hinn áskildi sèr fyrri; en þetta er öllum fyrirmunað, ef breytíngaruppástúngan er ekki ráðgjörð við undirbúníngsumræðuna. Eg verð að vera fastur á því, að þetta hafi aldrei átt sèr stað á hinum fyrri þíngum, að menn hafi seinna komið með breytíngaratkvæði, sem menn ekki hafa ráðgjört að neinu í undirbúníngsumræðunni, og er einnig á því, að slíkt megi ekki heldur eiga sèr stað, því það væri sama sem að bera upp breytíngaratkvæði við ályktarumræðuna, en allir sjá, að það er ólöglegt. En eg setti þetta varaatkvæði á atkvæðaskrána, af því eg ekki vildi stínga því undir stól upp á mitt eindæmi, heldur vildi eg láta hið háttvirta alþíngi skera úr málunum.

Arnljótur Ólafsson: Áður en geingið er til atkvæða, vil eg leyfa mèr að gjöra litla athugasemd. Eg get ei verið hinum háttvirta *forseta* samdóma í því, að varaatkvæði mitt sè svo sèrstakt, að það sè alveg óskylt hinum viðauka-atkvæðunum, því viðauka-atkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns fer einmitt í sömu stefnu; það er ekki heldur nein breytíng á löggjöfinni. Og hvernig sem það annars er að efninu til, þá er það í þessari grein eins háttað og viðaukaatkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns.

Pètur Pètursson: Þíngmaður Borgfirðínga mun hafa hætt að tala áðan af því, að hinn háttvirti *forseti* tók til máls, því ei er leyft að tala optar en einu sinni við ályktarumræðu.

Forseti: Meðan þíngmenn tala um formið á þessu varaatkvæði, og þau þíngsköp, er þar um eigi að gilda, álít eg þeim leyfilegt að taka optar en einu sinni til máls, og geta þeir þíngmenn, sem tala um það, allt að einu feingið orðið aptur einu sinni hver, þegar *mál-*

efnið sjálft, um löggildíngu Skeljavíkur og annara kaupstaða, er komið til umræðu.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg vil að eins stuttlega geta þess viðvíkjandi varaatkvæði þíngmanns Borgfirðínga, að það er á *forseta* valdi, og að hann á að skera úr því, hvort það á að koma til greina; eg fyrir mitt leyti er með því, að það komi til atkvæða, eins og það stendur á atkvæðaskránni, þar það að innihaldinu til er yfirgripsminna en aðalbreytíngaratkvæði það, sem hann hafði áskilið sèr, og hið meira innibindur hið minna.

Konúngsfulltrúi: Eg er í þessu efni á annari meiníngu, en hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga. Varaatkvæðið, sem hèr ræðir um, fer fram á, að breytt sè opnu brèfi af 19. maí 1854, en um slíka breytíngu var ekkert orð talað við undirbúníngsumræðuna, og því getur það eptir þíngsköpum vorum ekki komizt að.

Arnljótur Ólafsson: Með leyfi *forseta* vil eg leyfa mèr að tala enn fáein orð. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hafði, eptir því sem mèr skildist, einúngis á móti efninu, en ekki á móti forminu á vara-atkvæði mínu; en hèr er nú einúngis um það að ræða, hvort það sè formlega fram borið eður eigi. En þar sem viðauka-atkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns er sama efnis og vara-atkvæði mitt, og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ei hefir haft á móti því, vona eg, að hann hafi ei heldur á móti mínu. Þau eru ekki heldur breytíng á opnu brèfi 19. maí 1854, eins og eg hefi áður sagt, heldur undanþága fyrir þessi 2 kauptún frá hinni almennu reglu, er í brèfinu stendur; en um hið formlega, þá hafa *forsetar* áður leyft, að meira væri vikið frá straungum þíngsköpum, en þó vara-atkvæði mitt kæmi til atkvæða. Í Danmörku er ekki heldur á ríkisþínginu skylda þíngmanna, að koma fram með breytíngaratkvæði sín við fyrstu nè heldur aðra umræðu málsins, og eg sè ekki, að þíngið gjöri rètt í því, að það bindi sig um of í þessu efni.

Forseti: Eg álít það mjög varúðarvert, að innleiða það hèr við þíngið, líkt og á sèr stað á ríkisþínginu í Danmörku, að rýmka um þann tíma og þau skilyrði, sem alþíngislögin hafa ákveðið um það, innan hvers tíma og með hverju móti að breytíngaratkvæðin eigi að vera upp borin og komin fram. Það er sá verulegi munur, þó menn á ríkisþíngi Dana megi koma seinna með breytíngaratkvæðin, að þar eru 3 umræður um hvert mál, en hèr að eins tvær.

Var síðan leitað atkvæða þíngmanna um það, hvort vara-atkvæði þíngmanns Borgfirðínga, tölul. 6. á atkvæðaskránni, ætti að koma til

umræðu og atkvæðagreiðslu, og var því hrundið með 15 atkvæðum gegn 5.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Viðvíkjandi uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 1. vildi eg að felld væri úr orðin: „fyrir næstkomandi vor, með opnu brèfi“, því það er óvíst, að stjórnin geti veitt þetta leyfi svo fljótt, og hve nær sem það yrði leyft, að kauptún sè sett á Skeljavík, ímynda eg mèr, að beiðendurnir mundi þiggja það; en hve nær sem leyfið kemur, er það líklega sjálfsagt, að það verður með opnu brèfi, svo að það er óþarft, að taka það fram, og vildi eg skjóta því til *forseta,* hvort ekki mætti skipta greininni, og gefa sèr í lagi atkvæði um þessi orð, þar eg vildi gefa atkvæði mitt á móti þeim, þó eg gæfi atkvæði mitt með hinum kafla greinarinnar. Viðvíkjandi viðauka-atkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns undir 2. tölulið, þá virðist mèr það ekki vera viðauka-atkvæði, heldur vara-atkvæði; því mèr finnst menn þar biðja um hið minna, ef hið meira ekki fæst, sem beðið er um undir tölulið 1., og finnst mèr ekkert unnið, þó það fáist, sem það biður um, og ef uppástúngumanni sýnist að vanti vissu fyrir, að eigandi jarðarinnar í Skeljavík leyfi að reisa kauptún þar, þá vantar líka vissu fyrir því, að eigandinn leyfi þessa verzlun; mun eg því gefa atkvæði mitt á móti þessu viðauka-atkvæði. Viðvíkjandi viðauka-atkvæði þíngmanns Reykjavíkurbæjar undir tölulið 4., að Reykjarfjörður verði löggiltur verzlunarstaður, þá finnst mèr eingin nauðsyn á því, þar sem það er kaupmönnum heimilt, að flytja vörur inn á allar víkur og voga. Eins og kunnugt er, hafa Djúpmenn fiskiver í Bolúngarvík, og fara opt fram og aptur með flutníng, og þá liggnr Ísafjarðarkaupstaður svo að segja í leiðinni; er því að minni hyggju eingin nauðsyn fyrir þá, að fá kauptún í Reykjarfirði. Eins er með Gufudalssveitarmenn, að það er eins hægt fyrir þá, jafnvel að fá bóndann í Reykjarfirði, til að flytja eður sækja vörur í kaupstaðinn, og get eg því ei heldur gefið þessu viðauka-atkvæði mitt atkvæði. Ekki get eg heldur mælt með því, að Krossvík verði löggilt kauptún, eins og farið er fram á undir tölulið 5., heldur vildi eg, að flutníngar yrði leyfðir þángað, eins og áður hefir verið, og hefði eg því heldur fallizt á vara-atkvæðið undir lölulið 6. En þar eð það er nú fellt, er eg neyddur til að greiða atkvæði móti kauptúnsrètti Krossvíkur, en eg vil gefa atkvæði mitt með því, að beðið verði um, að Straumfjörður í Mýrasýslu og Skeljavík við Steingrímsfjörð verði löggilt kauptún, því mèr finnst allt mæla með því.

Konúngsfulltrúi: Eg skal vera fáorður um þessa atkvæðaskrá, sem nú liggur fyrir, því eg get yfir höfuð haldið mèr til þess, sem þíngmaður Ísfirðínga hefir tekið fram. Eg ræð þínginu til, að fallast á uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 1. Sömuleiðis verð eg að fallast á viðaukaatkvæði þíngmannsins í Mýrasýslu undir tölulið 3.; þar á móti hlýt eg að vera mótfallinn viðaukaatkvæðunum undir tölulið 4. og 5., um löggildíngu Reykjarfjarðar og Krossvíkur.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Það gleður mig, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og hinn háttvirti þíngmaður Ísafjarðarsýslu hafa veitt Straumfirði kröptugleg meðmæli, og hygg eg, að eg geti þess heldur fylgt aðvörun *konúngsfulltrúa* með að leingja ekki mikið þíngræðurnar með því, að mæla fyrir viðauka-atkvæði því, sem eg á hèr á atkvæðaskránni; það er sama efnis og samhljóða uppástúnguatriði nefndarinnar, utan það, sem það nefnir annan stað, nefnilega Straumfjörð; það kemur ekkert í bága við nefndarinnar, og kemur fram eptir sömu kríngumstæðum, svo að eg vona, að þeir þíngmenn, sem gefa atkvæði sitt fyrir kaupstað á Skeljavík, gefi líka atkvæði sitt fyrir Straumfirði, og þó kann ske heldur fyrir Straumfirði, því að Mýramenn munu hafa fullt svo mikla þörf, og eingu síður, ef ekki meiri ástæðu til að óska eptir löggildíngu á Straumfirði, sem Strandasýsla að biðja um kaupstað á Skeljavík. Eg vil ekki leingja þúngræðurnar með því, að taka frekar fram ástæður fyrir þessu málefni, þar eingin merkileg mótmæli hafa komið, og geta varla komið í því efni.

Þórður Jónassen: Hvað það snertir, að löggilda Skeljavík til kauptúns, skal eg ekki vera margorður um, því mèr hefir áður gefizt kostur á, að láta í ljósi álit mitt um fjölgun kauptúna hèr á landi, sem eg því að eins vil mæla með, að til þess sè öldúngis yfirgnæfandi ástæður, en eg er svo ókunnugur í Strandasýslu, að eg þori ekki að bera á móti því, að svona kunni að standa þar á, og því vil eg ekki vera því mótfallinn; en uppástúngu þíngmannsins frá Mýrasýslu um löggildíngu Straumfjarðar til kauptúns synjaði þar á móti þíngið um að koma í nefnd, og hinn heiðraði þíngmaður hefir nú borið málið upp sem viðaukaatkvæði við málið um löggildíngu Skeljavíkur, og hinn heiðraði þíngmaður Ísafjarðarsýslu hefir talað á þá leið, að þessi aðferð mundi í alla staði vera rètt, og hiun mikilsvirti *konúngsfulltrúi* hefir látið í ljósi sömu skoðun; en þrátt fyrir það get eg þó ekki skilið, að þessi skoðun geti staðizt með 63. greininni í alþíngistilskipuninni; því hún segir, að þegar einhverju frum-

varpi er svo háttað, að því megi gaumur gefast, skuli kveðja nefnd manna til þess, að prófa það ýtarlegar, en sè fleiri atkvæði móti því en með, að nefnd sè kosin í málið, megi ekki bera það framar upp á því alþingi; málið er því að mínu áliti algjörlega fallið. Geti uppástúngumaður nú komið málinu samt sem áður fram með þessu móti í skjóli slíks viðaukaatkvæðis, þá mætti allt eins vel, þegar málið um barnaskólann hèrna í Reykjavík, kemur núna fyrir, koma með viðaukaatkvæði við það um stofnun barnaskóla á Akureyri eða á Ísafirði.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal reyna til að fylgja hinu lofsverða eptirdæmi hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* að vera stuttorður. Eg held nú, að eg megi segja eins og karlinn: „Sitt er að hverjum sonanna minna"; Krossvík kemst varla að, því *varaatkvæðinu* var hrundið, og Straumfjörður kemst heldur naumast að, því viðauka-atkvæðið þykir eigi rètt undir komið. Um uppástúngu nefndarinnar, þá er það skjótt yfir sögu að fara, að eg vil gefa henni atkvæði mitt, og vona eg hún eptir uppástúngu hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga muni verða borin upp við atkvæðagreiðsluna í tvennu lagi. Viðauka-atkvæðinu undir tölulið 2. vil eg einnig gefa atkvæði mitt, þó eg sè nokkuð ragur með það á þessum stað, en eg vil samt gefa því atkvæði mitt, vegna þess að sú rètta verzlunarstefna er að minni hyggju, að hlynna að fastakaupmönnunum; en hún er í því fólgin, að öll útlend vara og eins innlend gángi í gegnum þeirra hendur; svo sè þeim og leyft, að flytja vörurnar inn á allar víkur og voga. Það hefir verið sagt, að viðauka-atkvæðið undir tölulið 2. sè vara-atkvæði, en það er það ekki að skipulaginu til, heldur hefir það einúngis í sèr fólgna varauppástúngu, er innibindur minna en nefndar-uppástúngan sjálf undir tölulið 1., þar hún biður um til vara, að fastakaupmönnum sè leyft, að verzla sem lausakaupmenn á Skeljavík, ef hitt skyldi ekki fást. Um viðauka-atkvæðið undir 3. tölulið þori eg ekki að tala, síðan hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður talaði, því mèr finnst eptir því, að menn verði fyrst að tala um, hvort það megi koma til atkvæða eður eigi. Hvað nú Krossvík snertir, þá hefir henni í 4 ár verið veittur sami rèttur og löggiltu kauptúni, fyrst frá 1850—53, og svo árið 1854. Í brèfi stjórnarherrans til *konúngsfulltrúa* á alþíngi 1855 var sagt, að ekki sè ástæða til þessa leyfis framvegis, vegna þess að flutníngsleyfið í opnu brèfi 19. maí 1854 sè nóg; en það er ekki rètt, því flutníngsleyfið er bundið við þær vörur, sem kaupmenn sízt vilja flytja, vegna þess

að þeir hafa minni hag af þeim en hinum, sem þeir mega eigi flytja; það er líka kunnugt, að sá, sem síðast flutti vörur upp á Krossvík, fór í kríng um lögin, og seldi þar aðrar vörur, en sagði, að það væri allt saman pantað; manninum lá við lagasókn út úr því, og síðan hefir enginn orðið til að flytja vörur þángað. Einmitt af því, að flutníngsleyfið hefir eigi verið notað, þykir mèr full ástæða til, að löggilda Krossvík sem kauptún, fyrst hún nú getur eigi orðið að útkaupstað.

H. Kr. Friðriksson: Eg stend ekki upp núna til þess, að tala lángt erindi gegn löggildíngu Skeljavíkur. Eg skýrði hinu heiðraða þíngi, að eg held, fullgreinilega frá öllum ástæðum við undirbúníngsumræðuna. Eg játa reyndar, að mèr þykir einga brýna nauðsyn bera til löggildíngar Reykjarfjarðar, fremur en löggildíngar Skeljavíkur, en ef þíngið biður um löggildíngu Skeljavíkur, þá sýnist mèr eins ástæða til, að biðja um löggildíngu Reykjarfjarðar, úr því Ísfirðíngar hafa sjálfir beðið um það, og þykir það hagræði fyrir sig, auk þess sem það getur orðið talsvert hagræði fyrir nokkurn hluta Barðastrandarsýslu, einkum ef verzlun yrði eingin eða lítil í Flatey. Um löggildíng Straumfjarðar vil eg lítið tala; mèr sýnist hún óþörf með þeim verzlunarlögum, sem nú eru; en eg verð fastlega að mæla á móti því, að þetta viðaukaatkvæði komi til atkvæða á þessu þíngi, með því þíngið einu sinni hefir fellt uppástúnguna; því að eg verð að álíta það beint á móti 63. gr. í alþíngistilsk. Um Krossvík er sama máli að gegna og um hina staðina, og ef þíngið samþykkir þá, þá verð eg og að gefa atkvæði mitt fyrir því, að hún verði löggiltur verzlunarstaður; því að í því efni verð eg að fylgja reglu þeirri, sem Danir hafa: *Naar det skal være Gilde, saa lad det være Gilde.* Þíngmaður Ísfirðínga talaði á dögunum um „*Farmsteder*“ í Noregi, og sagði, að þeir mætti vera þar í 5 mílna fjarlægð frá kaupstað; eg skil við „*Farmsteder*“ staði þá, hvert kaupmenn mega flytja vörur sínar og sækja vöru landsmanna, og er ekki Straumfjörður leingra í burtu frá Reykjavík, en þeir mega vera hver frá öðrum í Noregi, eða frá aðalkaupstöðum; það eru rúmar 5 mílur upp á Straumfjörð (*Jón Sigurðsson* frá Tandraseli: Meira, 6 mílur). Björn Gunnlaugsson yfirkennari hefir mælt það, og segir það sè 5 mílur, og honum trúi eg betur í því, en fulltrúa Mýramanna. Af því það er nauðsynlegt, að menn hafi sem greinilegasta og ljósasta hugmynd um eðli verzlunar yfir höfuð, er þeir ræða um löggildíngu einstakra staða, þá verð eg að gjöra nokkrar fáar athugasemdir um

verzlunina yfir höfuð. Eg er samdóma þingmanni Ísfirðinga í því, að frelsið er í eingu eins nauðsynlegt og í verzluninni, því að hún verður að vera sem óbundnust, ef hún á að þrífast, og það er þó verzlunin, sem framfarir landsmanna, í hvaða landi sem er, einkum eru undir komnar, en eg hefi ávallt skilið þetta verzlunarfrelsi á þann hátt, að það ætti að vera sem fæst bönd á flutníngum að landinu og flutníngum frá því, að álögurnar væri sem minnstar og jafnar á öllum þjóðum, en eg hefi aldrei skilið það svo, að það væri nauðsynlegt, að löggiltur verzlunarstaður væri á hverri vík. Verzlunarfrelsi getur því að eins að mínum skilníngi orðið sannarlega framfara-uppspretta, að verzlunin fái nokkuð afl, en það getur hún því að eins, að vörumagnið safnist á tiltekna hæfilega marga staði. En sundrist verzlunin um of, þá leiðir af því, að kaupmennirnir eigi geta feingið neitt afl, og því eigi tekið á móti förmum þeim, er að þeim berast. Annars neyðast þeir, sem að landinu koma, að fara frá einni höfn til annarar, og það liggur í augum uppi, að þeir geta eigi á þann hátt selt varníng sinn við sama verði, og þeir gæti selt hann einum kaupmanni, undir eins og þeir koma að landinu; og tel eg það jafnvel víst, að kaupmaður sá, er keypti vörurnar þannig þegar af lausakaupmanninum, mundi geta selt þær jafnvel við minna verði en lausakaupmaðurinn, ef hann neyddist til að selja þær í smápörtum, með því að flakka frá einni höfn til annarar, og við það missir landið hagnaðinn af verzlun lausakaupmannanna. Það er sannarlega athugavert, að fjölga þeim verzlunarstöðum, sem menn eigi eiga víst að þrifizt geti, því þrífist þeir eigi, fælast menn síðar frá, að setja þar verzlunarstað um leingri tíma, þegar þó vörumagnið er þar orðið svo mikið, að hann gæti þrifizt. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta lausakaupmennina neyðarúrræði hèr á landi sökum hins sèrstaka ásigkomulags Íslands og vörufæðar. Það er eðlilegast, og að mínu áliti happasælast fyrir hvert land, að hagnaðurinn af verzlun lausakaupmanna gángi í gegnum kaupmennina til landsbúa. Annan máttarstólpa hvers lands verð eg að telja menntunina, og hún getur að minni skoðun að eins tekið sèr fasta bólfestu í hinum stærri kaupstöðum, því að einúngis þar verður búizt við að vísindamenn og menntamenn taki sèr bólfestu, enda sýnir reynslan það og í öllum löndum og öllum stöðum.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Ísfirðinga vildi, að fellt yrði úr uppástúngu nefndarinnar: *„fyrir næstkomandi vor með opnu brèfi“*, og hefi eg ekkert á móti því, að orðin: *„með opnu*

brèfi", sè felld úr, því þau eru má ske óþörf, en hitt: „*fyrir næstkomandi vor*", vil eg ekki missa, því það er nauðsynlegt eptir kringumstæðum, því vel geta komið að vori hin sömu vandræðin, sem hefði komið í ár, ef amtmaður vor hefði ei bætt úr þeim. Viðaukaatkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns vil eg ekki eiga í eigu minni; annars er eðlilegt, að hver mæli fram með sínu breytíngaratkvæði; en eg held, að eg sè farinn að rínglast í ræðu þíngmanns Reykjavíkurbæjar; þó virtist mèr sumt í ræðu hans vera hið sama, og eg hefi stundum lesið í brèfum kaupmanna, sumt var annað, og hefir hann víst átt það sjálfur. Þar sem hann sagði, að jafnmikil þörf væri á, að fá löggilt kauptún í Reykjarfirði og í Skeljavík; þá hefir þíngmaður Ísfirðínga svarað því svo, að eg þarf þess ekki; en mèr getur ei annað en fundizt það ósamkvæmt, að mæla með Reykjarfirði og Krossvík, ef maður skyldi vera á móti öllum smákaupstöðum; mèr sýnist hann ætti að vera sjálfum sèr samkvæmur, þó hann sè talsmaður fastakaupmannanna. Mèr fannst hann líka rínglast, þegar hann var að tala um það, að lausakaupmenn ekki gæti selt með eins góðu verði, þegar þeir yrði að fara höfn frá höfn, eins og fastakaupmaður, sem gæti keypt af þeim allan farminn, því eg held, að þeir bæði geti gefið og gefi betri prísa, og það var einmitt ástæða þíngsins með lausakaupmönnunum, að fá þá til þess, að keppa við fastakaupmenn í verzlun; þíngmaðurinn hefði heldur átt að segja, að það væri hægra fyrir lausakaupmenn, að keppa við fastakaupmenn, af því að þeir hafa eigi þann kostnað, sem af því flýtur, að vera búsettur í landinu, og eiga þar hús mörg; mèr sýnist því þessi ástæða vera rètt öfug, eins og fleira sem þaðan kemur. Og hvað nú menntunina snertir, ætli að þíngmaðurinn eigi ekki nógu bágt með, að koma upp barnaskóla í Reykjavík, þó að þar sè margir stórkaupmenn. Eg vil nú ekki tala meir um ræðu hans, því eg er hræddur um, að heilinn í honum hafi ruglazt, þegar hann hrapaði ofan af Hallrunaveginum, þegar mál þetta var rætt til undirbúníngs.

Gísli Brynjúlfsson: Eg hafði frá upphafi ætlað mèr að tala lítið í þessu máli, því mèr fannst svo sjálfsagt, að þíngið mundi ei í aðalatriðunum verða á móti nefndarálitinu, að eg ímyndaði mèr lítil nauðsyn mundi verða til, að verja það með mörgum orðum. En nú er þó svo komið, að mikil umræða hefir verið af ei svo miklu tilefni, og það á þann hátt, að menn hafa hèr ei að eins talað um löggildingu þeirra nýju verzlunarstaða, er upp á hefir verið stíngið, held-

ur hafa menn einnig komizt út í hið almenna verzlunarmál, eða um verzlunarfrelsið yfir höfuð; og finnst mèr nú því skylt, úr því þessu einu sinni hefir verið hreift, að gefa ei atkvæði sitt þegjandi, svo enginn misskilníngur geti orðið á um það, hvers vegna menn sè með eða mót. Skal eg því nú strax í upphafi taka það fram, að eg ætla mèr að vera með flestum þeim atriðum, sem á atkvæðaskránni standa, og þá einkum sjálfsagt hvað Skeljavík viðvíkur, en þó líka leyfa mèr, áður en eg tala greinilega um hverja einstaka uppástúngu, að segja frá því, hvernig eg skoða þær í sambandi við hið almenna verzlunarmál.

Það var, ef mig minnir rètt, hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður, sem vanur er að sitja við hliðina á mèr, en sem eg nú því miður sakna hèr í sessi, sem fyrst hreifði þeirri hlið á málinu, er að almennri skoðun á verzlun lýtur, og tók hann það einkum fram, að kaupmenn mundi nú með fullum rètti álíta, eins og þeir leingi hefði gjört, að alþíngi væri þeim óvinveitt, ef það vildi enn reyna að stuðla að því, að löggiltum kauptúnum yrði fjölgað í landinu. Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga varð þá til að svara honum, og fór enn leingra inn í verzlunarmálið, svo að þá var eins og meira efni kæmi inn í umræðurnar; en það er þó einmitt einkum vegna þess, sem hann sagði, að mèr nú finnst eg verða að fara leingra út í málið sjálft, svo að enginn misskilníngur geti á orðið um það, að eg ei eins vilji, að þíngið skuli hlynna sem mest að öllum sönnum íslenzkum fastakaupmönnum, þó eg geti atkvæði mitt fyrir, að Skeljavík og Straumfjörður verði gjörð að löggiltum kauptúnum. Eg skal nú aldrei neita því, að þíngmaður Ísfirðínga má vel úr flokki tala, þegar um verzlunarfrelsi það ræðir, er við Íslendíngar nú loksins höfum feingið, því enginn hefir geingið betur fram að útvega oss það, en einmitt hann; og eins sè það líka fjarri mèr, að efast um nauðsyn þess stríðs, er þá var hafið af hendi Íslendínga gegn einokun, því mèr hefir æfinlega þótt það svo merkilegt, og svo vænt um þá menn, er þá fylgdust bezt að, að hrinda henni af oss við nógan örðugleik, að mèr dettur nú í hug, að bera framgaungu þeirra saman við hina dreingilegu aðsókn Eiríks jarls í Svoldarbardaganum, er hann síbyrði Barðanum við hvert skip Ólafs konúngs eptir annað, og hjó það úr teingslum, og hætti svo ei fyr, en sjálfur Ormurinn lángi var hroðinn. Eins börðust þeir nú þá dreingilega fyrir því, að losa Ísland undan skaðlegri verzlunareinokun, og hjuggu hverja ástæðu úr teingslum, er á móti var höfð, uns að sigurinn var unninn.

En þó eg nú sè svona fús á að játa þetta, og þó eg fyllilega sjái, hve nauðsynlegt það var, að afmá einokun einstakrar þjóðar yfir oss, áður en menn gátu farið að hugsa til, að komast nokkuð leingra, þá er eg þó ei svo alveg viss um, að eg álíti það verzlunarfrelsi, sem Ísland nú hefir feingið, eins einhlítt, eða geti yfir höfuð gjört eins mikið úr því, eins og hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga; og þó eg vel skilji, hve sárt honum má vera, þegar hann sèr eða heyrir því kennt um það, sem því eingan veginn er að kenna, þá verð eg þó að spyrja menn að, hvort þeir geti ei ímyndað sèr, að eitthvert mein kunni þó og að hafa verið unnið, er verzlunarfrelsið var herjað út handa oss, eins og þegar Norðmenn hruðu Orminn fyrir Norðmönnum, eða hvort hinn 6. konúngkjörni þíngmaður geti ei haft rètt í því, að óánægja „íslenzkra kaupmanna“ sè víst á nokkrum ástæðum byggð. Eg fyrir mitt leyti held nú reyndar, að skaði sè ei gjörður á þann hátt, sem hann ímyndaði sèr, því eg verð að vera fastur á því, að það hafi verið full nauðsyn, og hið fyrsta fótmál til þess, að koma verzlun vorri í hið eðlilega horf, að losa hana undan einokun danskra kaupmanna, og veita öðrum útlendum mönnum jafnrètti við þá; en hitt held eg sè skaði, ef menn treysta því, eða ala þá trú hjá almenníngi, að þetta fyrsta fótmál sè nægilegt og einhlítt til að skapa verulega íslenzka verzlun eða kaupmenn, og það er einmitt til þess, að mæla á móti því, að málið sè svo skoðað, að eg nú hefi tekið til orðs. Mèr finnast yfir höfuð ræður manna hèr á þíngi lýsa því um of, að við leingi höfum lifað undir slíkri verzlunaránauð, að við helzt til mjög höfum gleymt, hvað verzlun í raun og veru er; því, ef satt skal segja, þá er enn eingin innlend eða eiginleg verzlun á Íslandi, að heita má, heldur að eins verzlunarleysi, þrátt fyrir allt tal um verzlunarfrelsi, og þegar því hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga var að tala um, að rángt væri að draga afl úr kaupstöðum, með því að fjölga kauptúnum, eða hlynna ei sem mest að fastakaupmönnum, þá skal eginginn vera fúsari á að samsinna honum í þessu, en eg, að eins ef eg gæti sèð, að það ætti nú nokkurstaðar hèr við. En því miður er nú ekki þeim fögnuði að flasa, og eg verð því að biðja hinn háttvirta þíngmann að skapa bæði verulega íslenzka kaupmenn og kaupstaði, áður en hann fer að tala um, að hlynna að þeim, eða draga krapt frá þeim. Eg skal æ vera manna fúsastur á að játa, að verzlun lausakaupmanna er í raun og veru ætíð mjög ófullkomin, og því til hindrunar, að sannir og öflugir kaupmenn geti komizt upp í hverju landi sem er; en eg

verð þá líka að taka það fram, sem eg veit ei til að áður hafi verið nógu greinilega tekið fram hèr á þíngi, þó mèr í raun og veru finnist allur misskilníngurinn á verzlunarástandi voru vera sprottinn af því eina atriði, en það er það, að hinir svo kölluðu fastakaupmenn vorir eru í sjálfu sèr heldur ekkert annað en slèttir og rèttir lausakaupmenn, að eins með þeim mun, að þeir einnig hafa feingið rètt til vetrarsetu hèr í landi, eða með öðrum orðum, til þess að slá hèr landtjöldum allt árið, svo þeir eigi því hægra með að draga peníngana út úr landinu í makindum. Við vitum allir, að þeir hinir svo kölluðu íslenzku kaupmenn, er mestan afla hafa, eru í raun og veru ekkert annað, en hreinir og beinir danskir kaupmenn, er einkum hafa aðalbækistöðu sína í Kaupmannahöfn, hversu mikið sem þeir svo annars verzla við Ísland; og eg get því ei sèð, að þeir á nokkurn hátt sè landinu nytsamari, en hinir svo nefndu lausakaupmenn, þar sem þeir nú í raun og veru ekki hafa meiri skyldur við landið, en hinir, og sjálfir, eins og eðlilegt er, og einginn því hefir rètt til að ámæla þeim fyrir, helzt vilja draga sem mest að sínu eigin heimili; en hitt þykir mèr undarlegra og fremur ámælisvert, að Íslendíngar sjálfir skuli svo leingi hafa látið ginnast til, að álíta þá eins og verulega fastakaupmenn, svo að þeir jafnvel enn geti látið sèr koma til hugar, að vilja hlynna að þeim þess vegna. Menn verða að gæta þess, að þegar um verzlun ræðir, þá má skoða hana frá tveim hliðum, bæði að því leyti, sem hún gjörir hverjum einstökum manni í fèlaginu sem hægast fyrir, að geta feingið nauðsynjar sínar sem ódýrast, og eins líka að því leyti, sem hún má miða til, að efla styrk og velmegun alls þjóðfèlagsins. Það kann nú vel að vera, að hið fyrra ráði mestu um við almenníng, sem er óvanur að hugsa um þjóðfèlagið í heilu lagi, og þar sem hver að eins hugsar mest um sjálfan sig, og eg get heldur ekki neitað því, að mèr finnst þessi hlið málsins einkum og að eins hafa verið skoðuð, þegar rætt hefir verið um almennt verzlunarfrelsi fyrir Ísland; en eg verð þó að segja fyrir mig, að mèr finnst hin hliðin á málinu eingu ómerkilegri, og þess vegna get eg ei heldur álitið, að þau verzlunarlög, sem við nú höfum, sè góð, þó mèr líki það vel, að einokunin var af tekin. Það, sem menn nú kalla verzlunarfrelsi, er í raun og veru ekkert verzlunarfrelsi fyrir Ísland, sem land eða þjóðfèlag, heldur er það að eins frelsi fyrir útlenda menn, til að hafa hèr í seli, og það á þann hátt, sem hvergi finnst dæmi til annarstaðar í norðurálfunni; og munurinn er nú að eins sá, frá því sem áður var,

að útlendir menn hafa hèðan af feingið þenna hinn sama ótakmarkaða rètt í landi voru, sem Danir að eins einir áður höfðu, en hitt er allt eins ógjört fyrir því, sem mest er í varið, að koma upp verulegum íslenzkum eða innlendum kaupmönnum, og veita þeim nokkur rèttindi fram yfir aðkomumennina. Og vona eg þó einginn misskilji mig svo, sem skoðun mín á þessu máli sè svo takmörkuð, að eg í raun og veru hafi nokkuð á móti útlendum mönnum hèr í landi, því mèr þykir miklu fremur mjög svo vænt um, að þeir íleingist hèr, og mèr stendur á sama, hvort þeir eru danskir, enskir, frakkneskir eða þýzkir að uppruna, að eins ef þeir vilja gjörast verulegir Íslendíngar að nytseminni til, og binda hag sinn við hag landsins, því það er aðalmálið. Menn hafa með fullum rètti sagt: „Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi", og einmitt af því eg álít það sama um kaupmennina, að þeir sè ein hin mesta máttarsúla þjóðfèlagsins, og einkum fremstir í flokki meðal þeirra höfunda anðlegðarinnar, sem þó allt að lokum er á byggt, einmitt vegna þessa skyldi eg vera manna fúsastur á, að styðja að því, ef eg gæti, að sem flestir og mestir íslenzkir kaupmenn mætti komast upp. En eg bið menn þá vel að gæta þess, að það verða þá að vera sannir fastakaupmenn, sem hafi aðalbækistöðu sína hèr í landi, og sem ei að eins sè það að nafninu til, og til þess að villa sjónir fyrir mönnum, sem ei hugsa nógu lángt út í málið; því til þess að takmarka kaupfrelsi landsmanna, hvort sem svo heldur er við einstaka staði, eða á annan hátt, að eins til þess að hlynna að útlendum kaupmönnum, er aldrei hafa verið, eru, eða munu verða íslenzkir kaupmenn að öðru en nafninu tómu, og því miklu fremur að eins ætti að heita Íslandsfarar, til þess sè eg einga ástæðu, og eg held það sè mikill misskilníngur, að ímynda sèr, að slíkir menn hafi bundið hag sinn svo við hag Íslands, að þeir hafi rètt til, að kvarta yfir, að alþíngi sè þeim óvinveitt. Hinn einasti stofn, sem vèr nú eigum til verulegra íslenzkra fastakaupmanna, eru hinir svo nefndu „borgarar"; og hve nær sem einhver ber fram þá uppástúngu, að hlynna rèttilega að þeim á þann hátt, að þeir megi komast sem mest upp, þá skal eg vera þeirri uppástúngu meðmæltur, einmitt af því eg held með kaupmönnum, en af öðrum íslenzkum verzlunarmönnum, sem aðhlynníngar þurfi, veit eg ei að sinni.

Eg hefi farið svo mörgum orðum um þetta mál, af því mèr finnst það svo mikilsvert, að nauðsyn sè, að hreifa því fyr eða síðar, og eg vildi ei, að kaupmenn skyldi halda, að alþíngi í raun og

veru sè þeim mótfallið, þó það verði að fara eptir kríngumstæðunum. Eg vona nú og, að menn skilji hèr um bil, hvað eg meina, þó eg eptir þetta gefi atkvæði mitt fyrir hinum nýju kauptúnum; mèr finnst, ef satt skal segja, svo sem með hinum nýju verzlunarlögum hafi að eins verið gjörð nokkurs konar „*tabula rasa*“; hèr hefir verið hroðið skip, sem nú þarf að skipa aptur að nýju, og finnst mèr því og opt svo, sem ný landnámsöld fari í hönd, svo að landið þurfi nú einnig að byggja að nýju, ekki að mönnum svo mjög, sem að tilskipunum og alls konar dugnaði. Eg held, að vèr nú sèum á nokkurs konar reynsluskeiði, svo að oss er enn leyfilegt, að reyna fyrir oss; og af því það nú æfinlega er eðlilegast, að verzlunin eins og sjálfkrafa dragist að þeim stöðum, sem bezt liggja við henni, þá get eg ekki sèð nokkuð á móti því, að bæði kaupmönnum og landsmönnum sè gefið sem mest frelsi til, að velja staðinn, meðan menn enn eru að reyna fyrir sèr. Það sannar ekki neitt, þó mönnum stundum kunni að mistakast með kosníguna, því þó mönnum missjáist um einn stað, þá má betur fara um annan; og segi eg þetta einkum með tilliti til þess dæmis, sem tekið hefir verið af Sauðárkróki, þó það ætti reyndar ei alveg við, þar sem menn þó vita, að lausakaupmenn hafa verzlað þar, þó eingin hús hafi verið reist þar enn. En hvað um það er, þá get eg alls ekki sèð, að nokkur háski sè búinn, þó stjórnin, sem sagt er, leyfi mönnum að reyna fyrir sèr á ýmsum stöðum; því þá má þó æfinlega fyrst verulega fara að hlynna að, þegar menn eru búnir að velja sèr aðsetursstaðinn.

En svo að eg nú snúi mèr að hinum sèrstöku atriðum á atkvæðaskránni, þá skal eg fyrst geta þess, hvað fyrsta atriðinu viðvíkur, að eg sjálfsagt verð að vera á því, að rètt sè að löggilda nýtt kauptún í Skeljavík; því þó eg sè ókunnugur á sjálfum staðnum, þá get eg þó sèð svo mikið af uppdrætti Íslands, að Steingrímsfjörðurinn verður að liggja bezt við verzlun í allri Strandasýslu; eg get og bætt því við, að hann frá aldaöðli hefir verið álitinn miðbik allra þeirra sveita, er þar að liggja, svo að hinir fornu höfðíngjar í þeim hèruðum kjöru sèr þar bólfestu, og finnst mèr þetta enn mikil sönnun fyrir því, að hann sè enn vel til þess fallinn, að verða það nú aptur, sem hann áður var; því landið hefir þó ei breytzt í þessu tilliti síðan, og í fornöld fóru menn að eins eptir því, sem hagkvæmast var eptir landslagi, en rígbundu sig ei um of við aðrar skipanir. Eg hefi því og opt furðað mig á því, að kauptúnið í Strandasýslu skyldi vera í Kúvíkum, en ei við Steingrímsfjörðinn, og

þótti mèr nú því vænt að sjá af nefndarálitinu, að það er líka að miklu leyti að eins nokkurs konar tilviljun, sem hefir valdið þessu í fyrstu. Hvað öðru atriðinu viðvíkur, þá verð eg að vera þingmanni Ísfirðinga samdóma í því, að það heldur sè vara- en viðaukaatkvæði, sem ei þurfi á að halda, ef hið fyrsta verður samþykkt; og með tilliti til fjórða atriðisins, um Reykjarfjörð, þá sè eg alls einga ástæðu til, að þar þurfi kauptúns með, ef Skeljavík verður löggilt. Fyrir 3. atriðinu ætla eg aptur fúslega að gefa atkvæði mitt, því mèr finnst það mjög svo eðlilegt, þó Mýramenn lángi til að koma upp kauptúni í Straumfirði; en um Krossvík á Akranesi finnst mèr þá allt efasamara, hvort hún sè nauðsynleg, og skal eg þó ei þess vegna beinlínis verða á móti 5. atriðinu. Og um 6. atriðið þarf eg ei að tala, því þingið hefir áður vísað því frá.

Pètur Pètursson: Eg ætla ekki að vera lángorður, heldur að eins skýra frá því, að eg ætla að gefa uppástúngu nefndarinnar atkvæði mitt, en ekki neinu af hinum viðaukaatkvæðunum, af því mèr sýnist, þó eg ekki sè þar kunnugur, öll þörf vera á því, að Skeljavík sè löggiltur verzlunarstaður. En viðvíkjandi 3. tölulið, þá get eg ekki gefið atkvæði mitt með því, að Straumfjörður í Mýrasýslu verði löggilt kauptún, því mèr virðist óþarfi, að fjölga útkaupstöðum, meir en þörf er á, af því að þar sem eingin verzlunarkeppni er, verður verzlunin ætíð þúngbær fyrir landsbúa. Menn hafa sagt, að kaupstaður hafi verið þar áður, er eyddist; en menn hafa ekki sagt, að hann hafi eyðzt af neinum sèrstaklegum ástæðum, og verð eg þá að álíta, að hann hafi fallið af sjálfum sèr, af því hann hafi ekki getað þrifizt. Mèr sýnist líka undarlegt, ef þingið nú skyldi fallast á það, af því að það hefir opt komið fyrir hèr á þingi, en verið fellt; það hefir einnig verið sýnt fram á það, að þeir af Mýrunum, sem hafa menn til sjóróðra hèr syðra, geta ei haft full not af þessu kauptúni; vegaleingdin upp á Mýrar er líka minnst, en að sigla fram með öllum Mýrum er verra, því það er vondur og óhreinn sjór, en af Mýrunum suður góður sjór. Auk þessa er um Mýrarnar sjálfar hinn versti vegur, og þekki eg það, því eg hefi sjálfur farið frá Álptanesi og út að Straumfirði. Þar sem menn hafa sagt, að kaupmenn væri hættir að senda þángað skip sín, og hafi ei gjört það í 2 ár, þá kemur það án efa af þeim hnekki, sem verzlunin hefir liðið, en ekki af því, að þeir kaupmenn, sem geta, vilji ekki senda þángað skip sín. Sama er að segja um Krossvík, að eg álít það óþarft, að þar sè löggiltur verzlunarstaður, því bæði er vegurinn

stuttur af Akranesi suður í Reykjavík, og líka telja Akurnesíngar hann ekki eptir sèr. Um verzlunina yfir höfuð álít eg óþarft að menn láti meiníngu sína í ljósi, þar það er ei til annars, en að leingja þíngræðurnar um of.

Benedikt Þórðarson: Það er gott, að koma þar sem öll hjú fagna, segir máltækið. Þetta held eg nefndin í málinu um löggildíngu Skeljavíkur til verzlunar megi nú segja, því allir þíngmenn, sem nú og fyrri mælt hafa það mál, hafa sýnt sig velviljaða og hlynnt góðu að því; sjálfur hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga hefir líka styrkt málið, og veitt því með tillögum sínum allt það fylgi, er honum var unnt að veita; hann hefir að sönnu gjört það upp á sinn máta; hann hefir tínt og talið allt fram, er fáum nema honum hefði hugsazt til að koma með sem mótmæli gegn nefndarálitinu, en með slíku hefir hann sýnt og nógsamlega sannað, að málefnið er í sjálfu sèr satt og rètt; mótmæli hans hafa hvergi fundið fótfestu; þau hafa risið upp að eins, til þess að geta fallið; hann hefir gjört það, sem einginn annar hefir gjört fyrir málið, það nefnilega, að hann hefir alstaðar sýnt þíngmönnum hina raungu hlið þess, svo þeir því ljósara þekkt geti hina rèttu; þetta má þó heita vel gjört. Um viðauka- og vara-atkvæðin, sem fram eru komin í málinu, ætla eg ekkert að segja, því margir eru búnir að taka það allt greinilega fram, er eg vildi um þau sagt hafa, og tek eg það því ekki hèr upp eptir þeim.

Guðmundur Brandsson: Eg hefi fáu að bæta við það, sem eg sagði við undirbúníngsumræðu þessa máls, og vil ekki taka það upp aptur, sem eg sagði þá; það hefir verið tekið fram, bæði það, sem mælir með og móti kaupstöðum; það mælir með kaupstöðunum, þegar hafnir eru góðar, vörumegn mikið í kríng, og aðflutníngar hægir, þegar þetta er skoðað út af fyrir sig; en þar sem vörumegn er lítið og viðsjálar hafnir, er ísjárvert að reisa kaupstaði, af því það er hætt við, að kaupmenn þar verði eins og nokkurs konar prángarar upp í sveitum. Og þegar eg skoða þær sögur, sem gánga frá ýmsum smákaupstöðum híngað og þángað um landið, hvernig er þá ekki verðið á vörunum sumstaðar í þeim, til dæmis sumstaðar fyrir vestan, í samanburði við verðið hèr syðra; ætli það sè ekki talsvert dýrara þar en hèr? Menn kvarta líka opt yfir vinnuhjúaskorti upp til sveita, og af hverju kemur það? að nokkru leyti af því, að þeir, sem ekki tolla í vistum hjá búandi mönnum, dragast til kaupstaðanna. Sama er að segja um þá, sem annaðhvort ekki geta búið eða

ekki nenna því. Það er auðvitað, að þar sem kaupstaður er reistur, þá sækja þeir þángað, sem næstir eru, en reynslan hefir sýnt, að velmegun landsmanna rýrnar opt í kríngum kaupstaðina; hægindin með ferðalög gjöra ekkert, ef þau ei eru notuð réttilega, því ef þeir, sem búa nálægt kaupstöðum, fara 10 sinnum eða optar í kaupstað á sumri, þá held eg, að þeir sè litlu bættari, en þó þeir þyrfti að fara eina lángferð. Hèr í Gullbríngusýslu fyrir sunnan Hafnarfjörð voru áður margir kaupstaðir, svo sem í Grindavík, á Bátsendum, Vatnsleysu og Þýzkubúðum; en þessir kaupstaðir hafa allir lagzt niður að öllum líkindum af slæmum höfnum og vöruskorti. Keflavík er ein eptir á þessu svæði, og hefir þó verið öllu til skila haldið, að hún gæti þrifizt, því fyrir einu ári síðan voru þar ekki nema tveir verzlunarmenn; þess vegna vil eg ekki, að kaupstöðum sè fjölgað, nema menn hafi til þess gildar ástæður; því síðan fastakaupmenn hafa feingið leyfi til þess, að flytja og sækja vörur inn á allar víkur og voga, þá hefir mikið hægzt um flutníng fyrir landsmönnum. Viðaukaatkvæði þíngmanns Borgfirðínga um Krossvík þykir mèr einnig ónauðsynlegt, því þángað má flytja alla nauðsynjavöru og verzla með hana þar sem annarstaðar, en óþarfi er að biðja um leyfi til þess, að flytja þángað eða verzla þar með ónauðsynjavöru. Ekki vil eg samt mæla á móti Skeljavík, af því eg er þar ókunnugur, og full líkindi eru fyrir, að beiðendurnir ei hafi beðið um löggildíngu hennar til verzlunarstaðar án orsaka, en samt fara nú kaupstaðir úr því að verða nokkuð margir í Strandasýslu, ef Borðeyri og Reykjarfjörður haldast við eins eptir sem áður. Ef að nú Straumfjörður yrði löggiltur, og gæti þrifizt, þá dregst sú verzlun, sem þar yrði, frá 5 verzlunarstöðum: Reykjavík, Keflavík, Stykkishólmi, Búðum og Borðeyri, því nú sækja Mýramenn til allra þessara kaupstaða, og eg sè ekki, hvaðan þessum stöðum ætti að bætast sú verzlun, sem þeir nú missa, en sem þeim, eins og nú stendur, er ónóg til að geta þrifizt af; það sýnir sig hèrna í Reykjavík, þar sem sum verzlunarhús standa að mestu auð og óbrúkuð. Eg get ekki heldur sèð neina ástæðu til, að fjölga verzlunarstöðum, meðan vöruskortur er í landinu og dýrtíð. Þegar betur lætur í ári og kaupmenn ekki leingur geta feingið rúm fyrir vörur þær, sem þeim berast, þá er tími til, að fjölga kaupstöðum, en þángað til sýnist mèr að menn geti beðið. Að fara nú til þessa, er líkt og að fjölga býlum í harðæri, þegar lítil von væri til, að nokkur feingist að búa þar, af því ekkert væri að búa við. Mèr getur ekki heldur annað en þótt það undarlegt,

að Mýramenn skuli nú biðja um, að Straumfjörður verði löggiltur verzlunarstaður, þar sem þeir áður hafa beðið um Krossvík og Brákarpoll, en ekki nefnt Straumfjörð; og þegar eg lít til verzlunarinnar yfir höfuð, virðist mèr það ekki æskilegt, að Mýramenn fái þessa bæn sína uppfyllta nú þegar. Öðru máli væri að gegna seinna, ef kringumstæðurnar breyttust til hins betra, og mun eg því gefa atkvæði mitt á móti viðaukaatkvæði þingmanns Mýramanna undir tölulið 3.

Indriði Gíslason: Eg ætla nú að reyna að vera ekki lángorður nè hvassorður í þessu máli, en vil að eins geta þess viðvíkjandi því, sem þingmaður Reykjavíkurbæjar sagði, að það væri að eins fáeinir hreppar, sem hefði hagnað af, að verzlunarstaður væri í Skeljavík, og hèr um bil jafnmargir og þeir hreppar, sem hefði hagnað af verzlunarstað í Reykjarfirði, að það er þó talsverður mismunur, þar sem að eins 2 hreppar hafa not af Reykjarfirði, en 8 af Skeljavík. Þingmönnum er það einnig kunnugt, að full nauðsyn er á kaupstað í Skeljavík, og mundi hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, sem nákunnugur amtmaður vesturamtsins, ei hafa mælt fram með því, ef hann ei hefði álitið það nauðsynlegt, eða ef honum hefði sýnzt, að það gæti orðið til falls fyrir Stykkishólm. Menn hafa komið með það sem ástæðu á móti því, að fjölga verzlunarstöðum, að betra sè að hafa fleiri kaupmenn á einum stað, hvernig stendur þá á því, að verðið er verst í þeim kaupstöðum, þar sem kaupmenn eru flestir? því af þeim stöðum, sem verzlað hefir verið á fyrir vestan, hefir verzlun verið bezt í Skeljavík, en verst í Ólafsvík, eins og víðast er, þar sem fastakaupmenn eru flestir.

Páll Melsteð: Eg ætla ekki að vera lángorður, heldur að eins láta mèr nægja að halda mèr til þess, sem þeir hafa sagt, er mæla með uppástúngu nefndarinnar og með viðauka-atkvæðinu undir 3. tölulið. Eg ætla með öðrum orðum að gefa því atkvæði mitt, að Skeljavík og Straumfjörður verði löggiltir verzlunarstaðir. Mèr þykir öll þörf á, að þeim hèruðum, er þar liggja að, sè gjört hægra fyrir, og vil eg að eins bæta því við, hvað Straumfjörð snertir, að mèr virðast ræður sumra þingmanna hafa lýst ókunnugleika til Mýranna. Að öðru leyti ætla eg ekki að gefa neinum af hinum viðauka-atkvæðunum jákvæði mitt.

Páll Sigurðsson: Eg vil ei vera lángorður, en að eins geta þess, að mèr sýnist menn eiga að skoða verzlunina frá sjónarmiði landsmanna. Öllum er umhugað um það, að bæta verzlun lands-

ins, og að fastakaupmenn fái afl, þegar þeir eru búsettir hèr, og draga afla sinn hingað, en það, sem kyrkir verzlunina, er ekki það, að verzlunarstaðirnir sè of margir, heldur það, að fastakaupmennirnir eru ekki innlendir, heldur útlendir, sem draga kraptinn út úr landinu; og þessa fastakaupmenn, sem í rauninni eru útlendir, vil eg ekki styðja, en ef þeir væri innlendir, þá vildi eg styðja þá, en úr því svona stendur á, þá finnst mèr á sama standa, hvort þeir eru á einum stað eða fleirum, og get eg því ei verið á móti því, að fjölga kaupstöðunum skynsamlega. Eg verð því að gefa nefndinni atkvæði mitt, og eins að Straumfjörður verði gjörður að verzlunarstað; því fáist það, er það til að koma kappi í Reykjavíkurkaupmenn, að nota vel flutníngaleyfið á Brákarpoll og Krossvík, svo þeir ekki missi sína skiptavini í Mýrasýslu til Straumfjarðar, og verður þá löggildíng Straumfjarðar til að auka verzlunarkeppni hèr í Faxaflóa, og því henni til framfara.

Magnús Andrèsson: Eg gat ei tekið vel eptir öllu því, sem þíngmaður Reykjavíkurbæjar sagði, en mèr virtist hann vilja fella allar uppástúngurnar, af því hann er að hugsa um stóru kaupmennina. Eg tók þó eptir því, að hann sagði, að stóru kaupmennirnir í Reykjavík mundi geta selt með billegra verði, ef þeir keypti heilan farm af útlendum lausakaupmönnum, en lausakaupmennirnir sjálfir; en mín eigin reynsla mótmælir þessu, því eg hefi vitað til þess, að kaupmenn hèr hafa selt þann við, sem þeir keyptu vestan til á mölinni fyrir 3 mörk, austan til á mölinni fyrir 8 mörk, og hafa menn feingið betra verð en þetta, þar sem viður hefir verið fluttur inn á víkur og voga. Hvað viðvíkur fjölgun kaupstaða, þá fellst mèr vel í geð það, sem þíngmaðurinn frá Norður-Þíngeyjarsýslu sagði um það við undirbúníngsumræðuna, að bezt væri að setja í upphafi verzlunarstaði á sem flestum stöðum, og láta reynsluna svo skera úr því, hverjir að sè hentugastir, og er eg því með fjölgun kaupstaða, því hinir óhentugu munu falla niður af sjálfu sèr, en hinir hentugu standa, og vil eg því einkum mæla með Skeljavík og Straumfirði, af því eg álít, að nauðsyn beri til, að þar sè verzlunarstaðir, hvað sem Krossvík líður; um hana kann að vera að sè öðru máli að gegna; um hana hefir opt verið talað áður, og hefir verið leyft, að flytja þángað vörur; nú er leyfistíminn útrunninn, og því er, ef til vill, ísjárvert, að setja sig á móti því, að þar verði löggiltur verzlunarstaður.

Framsögumaður: Það er að eins eitt atriði, sem eg vildi minnast á. Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður er í efa um það, að

eigandi Skeljavíkur sè því samþykkur, að verzlunarstaður verði reistur þar; en það þykir mèr líklegast, að amtmaðurinn í vesturamtinu, hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, muni ekki efa það, því eg veit, að hann þekkir hönd sýslumannsins í Strandasýslu, og ber svo mikið traust til hans, að hann er sannfærður um, að hann ekki muni skrifa falskt nafn. En fyrst sumir eru í efa, þá verð eg að segja söguna, eins og hún gekk. Eg sendi skilvísan mann, Torfa bróður minn, til eiganda Skeljavíkur, til þess að spyrja hann að, hvort hann hefði nokkuð á móti því, að beðið væri um leyfi til verzlunarstaðar í Skeljavík, og svaraði hann (eigandinn), að hann skyldi ei vera á móti því, þó svo að Skeljavík yrði að eingu fyrir það, því hann áliti það svo mikilsvert og nauðsynlegt fyrir sýsluna, að þar væri verzlunarstaður. Þessu svaraði hann, og má senda norður, til þess að vita, hvort það er satt, sem eg segi, og skal eg borga sendimanni, ef það reynist ósatt, en bezt er, að þeir, sem efast um, að það sè satt, borgi, ef það reynist að vera satt. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Gullbringusýslu sagði, get eg þess, að síðan afllinn minnkaði á Gjögri við Reykjarfjörð, er ómögulegt að verzlun geti verulega þróast þar. Viðvíkjandi því, að verð sè lakara vestra en hèr, þá er það ekki ætíð, og gæti eg skýrt frá hinu mótsetta, og það hafa blöðin einnig gjört; en þar nú er búið að tala svo mikið í þessu máli, þá ætla eg ekki að tala fleira.

Jón Pètursson: Þar eð hinn heiðraði *framsögumaður* álítur skaðlegt eður óþarft fyrir kjördæmi sitt, að stjórnin, ef hún ekki fyrir næstkomandi vor vildi löggilda Skeljavík sem kauptún, veiti leyfi það, sem viðaukaatkvæði mitt fer fram á, þá tek eg þetta viðaukaatkvæði mitt aptur.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg þá biðja hina heiðruðu þingmenn, að gánga til atkvæða samkvæmt hinni prentuðu atkvæðaskrá; en eptir ósk nokkurra þingmanna mun uppástúnga nefndarinnar undir 1. tölulið verða borin upp til atkvæða í þrennu lagi.

Síðan var geingið til atkvæða, og fór atkvæðagreiðslan þannig: Tölul. 1. *a,* uppástúnga nefndarinnar:

> *Að Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu verði gjörð að löggiltum verzlunarstað* — samþykktur með 22 atkvæðum gegn 2.

b, hvort orðin í uppástúngu nefndarinnar: *„fyrir næst-*

komandi vor", skuli haldast, samþykktur með 13 atkv. gegn 9.

c, orðin í uppástúngu nefndarinnar: „*með opnu brèfi*", tekinn aptur af nefndinni.

Tölul. 2., uppástúnga *Jóns Pèturssonar* tekin aptur af uppástúngumanni; einginn tók hana að sèr, og kom hún því eigi til atkvæða.

— 3., uppástúnga *Jóns Sigurðssonar* frá Tandraseli, samþykktur með 17 atkv. gegn 6.

— 4., uppástúnga *H. Kr. Friðrikssonar*, felldur með 17 atkv. gegn 4.

— 5., uppástúnga *Arnljóts Ólafssonar*, felldur með 12 atkv. gegn 9.

— 6., uppástúnga hins *sama*, hafði verið felldur frá umræðu og atkvæðagreiðslu með atkvæðum þíngmanna, og kom því ekki nú til atkvæða.

Síðan var geingið til atkvæða um það, hvort senda skyldi konúngi bænarskrá samkvæmt þeirri atkvæðagreiðslu, er nú var fallin, og var það samþykkt með 20 atkv. gegn 2.

Forseti: Dagskráin er þá útrædd, og þar eð ekkert er fyrir hendi, er verði tekið til umræðu á morgun, og ekki heldur á laugardaginn, af því að eingin nefndarálit geta þá verið búin að liggja hinn lögskipaða tíma á lestrarsalnum, þá get eg eigi að svo komnu ákveðið fund, ef til vill, fyr en næstkomandi mánudag; og vil eg leyfa mèr að vekja athygli þíngmanna, og einkum formanna nefndanna um hin konúnglegu mál, að því, hve fast líður nú á þíngtímann með hverjum degi, þó að eg ekki geti verið hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* samdóma í því, að ekki hafi verið annað gjört þessa samtals 21 daga, sem liðnir eru af þíngtímanum, heldur en að ræða mál til inngángs og nefndakosníng, því eg veit, að þíngmenn hafa haft mikið að starfa, og starfað mikið í hinum mörgu nefndum, sem þegar eru settar, en eg vona að formennirnir í nefndunum um hin konúnglegu frumvörp gjöri allt sitt til, að flýta þeim sem mest. En eins og nú stendur get eg, eins og eg sagði áðan, eigi ákveðið fund fyrri, en til mánudagsins 25. þ. mán. kl. 12, en verði fundur haldinn á laugardaginn, skal eg birta dagskrá þar um í tækan tíma á morgun.

Fundi slitið.

25. júlí — fjórtándi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til undirbúningsumræðu nefndarálit í konúnglegu álitsmáli um *löggildingu lagaboða þeirra, sem út hafa komið í Danmörku á árunum 1857—1858;* hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður er *framsögumaður.*

Málið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Þórður Jónassen): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálit þetta upp.

Nefndarálitið upp lesið, svo hljóðandi:

„Eins og á undanförnum þingum hefir *fulltrúi konúngs* á alþingi einnig í þetta skipti að fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnarherra borið upp og leitað þingsins álits um það, hver af þeim lagaboðum, sem komin eru út fyrir Danmörku á árunum 1857—58, geti átt við hèr á landi, annaðhvort eins og þau eru, eða þá með þeirri nákvæmari tilbreytingu í einstökum atriðum, sem Íslands sèrstaklegu kringumstæður gjörði nauðsynlegar, og erum vèr undirskrifaðir kosnir í nefnd til þess, að segja álit vort um þetta mál.

Stjórnarherrann hefir í brèfi sínu frá 6. maí þ. á. tekið fram þau lagaboð, sem spursmál virðist að geta orðið um í ofangreindu tilliti, og eru þau þessi, sem hèr segir:

1. Lagaboð frá 21. jan. 1857, um illa meðferð á skepnum.
2. Lagaboð frá 4. marz s. á., um breytingu á tilsk. um skírnina frá 30. maí 1828.
3. Lagaboð frá 30. nóv. s. á., sem nemur úr lögum skírnarnauðsynina sem skilyrði fyrir erfðarètti.
4. Lagaboð frá s. d., áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúsvinnu.
5. Lagaboð frá s. d., um *próclamata,* eða innkallanir í búum.
6. Lagaboð frá 29. des. s. á., um breytingu á tilskip. frá 21. maí 1845.
7. Lagaboð frá s. d., um myndugsaldur kvenna.
8. Lagaboð frá 29. des. 1857, sem breytir 10. atriði í 3. grein tilskipunar frá 30. apr. 1824, viðvíkjandi embættisskyldu prestanna í tilliti til hjónabands.

9. Lagaboð frá s. d., um heimildarlausa prentun bóka og rita, o. s. frv., sem aðrir eiga forlagsrètt að.
10. Lagaboð frá 30. nóv. 1858, sem inniheldur nákvæmari ákvarðanir viðvíkjandi meðferð á þrotabúum og öðrum búum.

Þetta eru nú þau lagaboð, sem stjórnarherrann hefir tilgreint og tekið fram að kynni að geta átt hèr við, af þeim mörgu lagaboðum, sem út eru komin fyrir Danmörku á því umrædda tímabili, og vèr erum honum samdóma í því, að það geti ekki skipt máli um fleiri en þessi, og skulum vèr nú snúa oss að þessum lagaboðum hverju fyrir sig.

Hvað þá fyrst snertir lagaboðið nr. 1, um illa meðferð á skepnum, leiðum vèr það hjá oss, þar sem þingið hefir, eptir uppástúngu frá Múlasýslukjördæmi, tekið það mál í sèrstaka nefnd.

Lagaboðið nr. 2, um breytíngu á tilskipuninni um barnaskírnina, frá 30 maí 1828, og lagaboðið nr. 3, frá 30. nóv. 1857, sem nemur úr lögum nauðsyn skírnarinnar, sem skilyrði fyrir arftökurètti, virðist nefndinni að ekki geti orðið spursmál um að leiða í lög hèr á landi, þar sem tilskipun frá 30. maí 1828 aldrei hefir náð hèr lagagildi, og aldrei verið eptir henni farið af landsbúum, nema, ef til vill, hèr og hvar í kauptúnum, sèr í lagi í Reykjavíkurbæ, en gömul landsvenja er þvert á móti sú, að færa börnin sem fyrst, og innan þess tíma, sem ákveðinn er í tilsk. frá 3. júní 1746, til skírnar; enda er það svo algjörlega gagnstætt hugsunarhætti almennings hèr á landi, að láta barnaskírnina dragast leingur, en kríngumstæðurnar leyfa í hvert skipti, að oss virðist ekkert spursmál geti orðið um, að lögleiða þessi lagaboð á Íslandi.

Lagaboðið nr. 4, um nákvæmari ákvarðanir viðvíkjandi betrunarhúsvinnu, álítur nefndin að eigi að lögleiða hèr á landi, þar sem það getur opt að borið, að sakamenn hèðan frá landi verði dæmdir til slíkrar hegníngar; þó stíngur nefndin upp á þeirri breytíngu, að seinasta atriðið í 1. grein falli úr, þar eð hegníng sú, sem í Danmörku liggur við betli og flakki eptir þar gildandi lögum, ekki er í lögum hjá oss, og þar eð afbrot þau, sem varða hegníngarvinnu 2 árum skemur, afplánast hèr á landi með vandarhaggarefsíngu, hlýtur að breyta 2. grein þessu samkvæmt.

Lagaboðið nr. 5, um *próclamata* í búum, virðist nefndinni ástæða til að lögleiða hèr á landi með samsvarandi breytíngu á 1. grein, hvað Ísland snertir, sem með lagaboði frá 6. nóv. 1857 er gjörð fyrir Færeyjar, og að upphafið á 2. grein breytist þannig, að

þær innkallanir í búum, sem samkvæmt 1. grein geta farið fram með 3 mánaða fresti, skuli birta í dagblöðum þeim, sem koma út hèr á landi og stjórnin ákveður, og fresturinn leingdur til 6 mánaða, ef hlutaðeigandi ekki hefir staðið í skuldaskiptum við menn í Danmörku eða utanlands, en annars sè í stað 6 mánaða 1 árs frestur. Atriðið seinasta í 3. og 6. grein hlýtur og að fellast úr.

Lagaboðið nr. 6, um breytíngu á 23. grein í tilsk. frá 21. maí 1845, sem svarar til 22. greinar í tilsk. frá 21. sept. 1850, finnur nefndin ekki ástæðu til að mæla fram með að verði lögleitt hèr á landi, ekki í þeirri veru, að vèr sèum hræddir við, að sú rýmkun í eignarumráðum þeirra, sem eiga arfgeinga niðja á lífi, og nefnt lagaboð veitir mönnum í Danmörku, mundi leiða hèr til misbrúkunar, heldur af því, að fjórðúngsgjafarrètturinn, sem Jónsbókarlög heimila, er orðinn þjóðinni svo innrættur, að oss virðist, að hún muni una honum bezt óbreyttum.

Lagaboðið nr. 7, um myndugsaldur kvenna, mælir nefndin með að verði hèr lögleitt, þó með þeirri nákvæmari ákvörðun, að ógiptar stúlkur, sem eru orðnar 25 ára gamlar, sè eins og ekkjur, skyldar til, í öllum vandamálum að hafa einhvern valinkunnan mann til ráðaneytis.

Lagaboðið nr. 8, um nákvæmari ákvörðun eða breytíngu á 10. atriði 3. greinar í tilsk. frá 30. apríl 1824, mælir nefndin með að verði gjört að lögum, þó með þeirri breytíngu, að hlutaðeigandi skuli hafa þegið styrkinn á seinustu 10 árunum, áður en hann ætlar að gipta sig, og byggjum vèr þessa breytíngu á þeirri ástæðu, að styrkurinn er í Danmörku bundinn við þann tíma, sem þar útheimtist til að vinna sveit, og því virðist oss, að hèr eigi að fara eptir sömu reglu, og miða hann við þau 10 ár, sem hèr ráða nú sveitfesti að lögum.

Lagaboðið nr. 9, um óheimila prentun forlagsbóka, sem aðrir eiga, o. s. frv., virðist nefndinni ekki ástæða til að biðja um að lögleitt verði hèr á landi, með því það inniheldur svo margar ákvarðanir, sem eru sèrstaklegar fyrir Danmörku, og ekki eiga hèr við; og því fremur hlýtur nefndin að aðhyllast þessa skoðun, sem henni virðist, að þær reglur, sem hèr er fylgt, sè, eins og hèr hagar til, næg tryggíng fyrir rètti manna í þessu efni.

Lagaboðið nr. 10, frá 30. nóv. 1857, um meðferð á þrotabúum, o. s. frv., stendur, að nefndinni virðist, í svo nákvæmu sambandi við það rèttarfar og þær rèttargángsreglur, sem gilda í Dan-

mörku um meðferð á slíkum búum, en ekki eiga hèr við, hvar allt er svo einfalt og óbrotið, að vèr getum ekki ráðið til, að það verði gjört hèr að lögum, með því líka þetta ekki gæti átt sèr stað, nema þessu lagaboði yrði breytt í ýmsum verulegum atriðum, en þessi breytíng útheimtir bæði leingri tíma, yfirvegun og yfirlegu en svo, að nefndin treysti sèr til þess, að geta leyst það svo af hendi, eins og vera bæri og hún mundi á kjósa, enda sèr nefndin ekki heldur neina nauðsyn til þess, að þetta lagaboð nái hèr, eins og nú er komið, lagagildi.

Fleiri lagaboð en þessi af þeim, sem eru komin út í Danmörku á því umgetna tímabili, er, eins og vèr höfum tekið fram hèr að framan, ekki umtalsefni.

En nefndinni er hèr að auki falið á hendur, að segja álit sitt um bænarskrá, sem komin er til þíngsins frá Múlasýslukjördæmi, og sem skorar á þíngið, að það taki til yfirvegunar og sendi konúngi vorum bænarskrá um það, að hann ekki láti birta hèr nein þau lög, sem ekki hafi áður verið borin undir þíngið, nè gjöri neitt af því að lögum hèr á landi, sem þíngið sè búið að ráða frá.

Hvað seinna uppástúnguatriðið í bænarskrá þessari snertir, virðist oss, að það eigi ekkert skylt við það mál, sem nefndinni var feingið til meðferðar, og leiðir hún það því algjörlega hjá sèr; og hvað hið fyrra uppástúnguatriðið snertir, er nefndinni ekki kunnugt, að hèr hafi, síðan alþíngi kom til sögunnar, verið gjörð gildandi nokkur lagaboð, sem eigi hafi áður verið búið að bera undir þíngið, enda hefir bænarskráin ekki tilgreint neitt slíkt tilfelli, og ætlum vèr því, að þetta sè sprottið af einhverjum misskilníngi; því annað mál er það, þó svo kunni að vera, að amtmennirnir eða biskupinn stundum kunni að hafa sent sýslumönnum og próföstum einhver nýlega útkomin merkileg dönsk lagaboð, því þetta má álítast skeð einúngis í þeirri veru, að þeir skyldi vita deili á þeim merkilegustu lagaboðum, sem kæmi út í Danmörku, þeim til meiri skilníngsauka, og virðist eigi verða að því fundið; en hitt er auðskilið, að þó slík lagaboð sè send embættismönnum út um land, þeim til fróðleiks, og þó þeir jafnvel birti þau á þíngum eða fundum, þá gæti ekki slík birtíng haft nokkra rèttarverkun, eða verið skuldbindandi fyrir landsbúa (sbr. tilsk. 21. des. 1831), og virðist oss því ekki nauðsyn til, að þíngið fari frekar út í þetta mál. Nefndin finnur þannig einga ástæðu til, að taka þessa bænarskrá til greina.

Samkvæmt framanskrifuðu leyfir nefndin sèr að mæla fram með:

A. *Að lagaboðin nr. 2, 3, 6, 9 og 10 ekki verði lögleidd hèr á landi.*

B. *Að lagaboðin nr. 4, 5, 7 og 8 verði löggilt fyrir Ísland, með sjálfsagðri breytíngu á inngángi og dagsetníngu peirra.*

1. *Lagaboðið frá 30. nóv. 1857, áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúsvinnu, með eptirfylgjandi breytíngum:*
   a. *Að seinasta atriðið í § 1 verði fellt úr.*
   b. *Að í § 2 verði gjörð sú breytíng, sem leiðir af tilskipun frá 24. jan. 1838 § 4, að því leyti hegníngarvinna, sem ekki fer fram úr 2 árum, afplánast hèr í landi með vandarhaggarefsíngu.*
2. *Lagaboð frá 30. nóv. 1857, um p r ó c l a m a t a eða innkallanir í búum, með pessum breytíngum:*
   a. *Að innköllunarfresturinn í 1. gr. verði leingdur til 6 mánaða, og innköllunarfresturinn í niðurlagi fyrri hluta 1. gr. til 12 mánaða.*
   b. *Að seinasta atriðið í 2. grein, og öll 6. grein verði felld úr.*
3. *Lagaboð frá 29. des. 1857, um myndugsaldur kvenna; með peirri breytíngu:*
   Að ógiptar stúlkur, sem orðnar eru fullra 25 ára, sè skyldar til í öllum vandamálum, að taka sèr einhvern valinkunnan mann til ráðaneytis, eins og á sèr stað með ekkjur.
4. *Lagaboð frá 29. des. 1857, um breytíngu á 10. atr. í 3. grein tilskipunar frá 30. apr. 1824, með peirri breytíngu:*
   Að styrkurinn skuli vera peginn á seinustu 10 árunum.

Reykjavík, 18. júlí 1859.

Þórður Jónassen, formaður og framsögumaður. *Jón Pètursson.* *Páll Sigurðsson.*

Framsögumaður: Eptir að eg er nú búinn að lesa upp nefndarálitið, skal eg leyfa mèr að fara út af því nokkrum orðum, og þá fyrst geta þess, að nefndin hefir að fyrirmælum hins háttvirta *konúngsfulltrúa* geingizt fyrir íslenzkri útleggíngu þeirra lagaboða, sem hèr ræðir um, en ef þessi þýðíng á að hafa aðra þýðíngu en þá, að fullnægja boðum alþíngistilskipunarinnar, að öll mál, sem borin eru upp á alþíngi, eigi að vera á íslenzku, þarf, ef til vill, að fara

yfir útleggínguna aptur, og lagfæra hana. Hvað lagaboðin sjálf því næst snertir, hefir nefndin, eins og nefndarálitið ber með sèr, ráðið frá löggildíngu sumra þeirra lagaboða, sem stjórnarherrann hafði bent á að spursmál gæti verið um að löggilda fyrir Ísland, og vonar nefndin, að hún hafi gjört grein fyrir þessari skoðun sinni, eins og hún í annan stað væntist þess, að þíngið muni verða henni samdóma í því, að þau lagaboð, sem hún hefir mælt fram með að yrði hèr lögleidd, sè veruleg rèttarbót. Breytíngar þær, sem nefndin hefir gjört eða stúngið upp á, eru hvorki margar nè margbrotnar, en hún hlýtur líka að taka það fram, að þær breytíngar, sem hún hefir stúngið upp á í lagaboðinu um *próclamata,* hafa sumpart misskrifazt, og sumpart eru þær ekki nógu nákvæmlega teknar fram, og þannig vill nefndin fella úr í 1. grein orðin: „í Evrópu“, „eða á Færeyjum“, og í 2. grein hefir gleymzt út úr nefndarálitinu: „að öðru leyti virðist niðurlag þessarar greinar, eins og niðurlag 2. greinar í lagaboðinu um innkallanir í búum, sem komið er út fyrir Færeyjar“, en bæði þessar og fleiri misfellur viðvíkjandi tèðu lagaboði geymir nefndin sèr rètt til að lagfæra, áður en ályktarumræða fer fram í málinu.

Hvað leingíngu á innköllunarfrestinum snertir, vonar nefndin, að þíngið muni finna hana á góðum rökum byggða, þegar höfð er hliðsjón af því, hvernig hèr á landi hagar til með allar milliferðir. Um þær aðrar smábreytíngar, sem nefndin hefir stúngið upp á, skal eg leiða hjá mèr að tala, þángað til eg heyri álit þíngsins um þær; einúngis skal eg geta þess, að þar sem nefndin hefir leingt þau 5 ár, sem lagaboð frá 29. desember 1857 miðar við þann sveitarstyrk, sem skuli geta hamlað giptíngu þess, er þegið hefir, en ekki endurgoldið slíkan styrk, til 10 ára, var nefndin í töluverðum vafa, að því leyti ástæður hennar fyrir slíkri leingíngu snertir, en þetta getur nú skýrzt betur við umræður þíngmanna.

Vilhjálmur Finsen: Eg er í vafa um, hvort 6 mánaða frestur sè nógu lángur fyrir *próclamata* hèr á landi; t. a. m. þegar dánarbú fellur í Ísafjarðarsýslu, en skuldaheimtumaður er í Múlasýslum; í því tilfelli væri 6 mánuðir eptir póstgaungum þeim, sem nú eru, of stutt. Þar á móti virðist mèr, að fresturinn fyrir útlenda *Creditora* gæti verið styttri en ár. Eg vildi því stínga upp á 9 mánaða fresti í báðum tilfellunum.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera í flestu tilliti samdóma þessu nefndaráliti, og skal í tilliti til athugasemdar hins heiðraða 4. konúngkjörna þíngmanns geta þess, að eg held, að 6 mánuðir verði

nógu langur tími, því bæði er það líklegt, að póstgaungurnar hèr í landi verði bættar, og svo er hitt, að menn eiga ekki opt viðskipti saman úr fjarlægustu landshornum. Þar sem nefndin hefir stúngið upp á þeirri breytíngu við lagaboð 29. des. 1857, að styrkurinn skuli vera þeginn á seinustu 10 árunum, í staðinn fyrir á þeim seinustu 5, þá felli eg mig betur við þá ákvörðun, sem lagaboðið inniheldur, en við breytíngu nefndarinnar, af því mèr finnst lagaboðið fara í frjálslegri stefnu, heldur en nefndin, og þraungva minna að giptíngafrelsi manna, sem eg ekki sè ástæðu til að takmarka hèr meira en í Danmörku. Eg vil því ráða hinu heiðraða þíngi, að fallast ekki á þessa breytíngu nefndarinnar.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal fyrst leyfa mèr að hreifa því, sem *framsögumaður* benti á, að lagaboðin hefði ekki verið lögð út, heldur feingin nefndinni óútlögð, og hún látin annast þýðínguna. Það er nú að vísu seint, að tala um það í þetta skipti, að lagaboðin voru eigi þýdd þegar í upphafi, og svo lögð fram á þínginu; en það er þó athuganda, að slík aðferð er á móti alþíngistilsk. 43. gr., sem gjörir ráð fyrir, að öll frumvörp frá stjórninni sè lögð fram á íslenzku og dönsku, en nú eru þau ekki lögð fram á íslenzku. Það er því formgalli, sem *forseti* og þíngið eiga vald á að skera úr að hvað miklu leyti taka skal til greina. En þess verð eg að geta, að það er því meiri nauðsyn á, nú að leggja lagaboðin fram á íslenzku, þar sem íslenzki textinn nú er undirskrifaður af konúngi. Það er og auðsætt, að lagaboðin gæti orðið betur undirbúin, ef þau fyrst væri lögð út, áður þau kæmi til nefndarinnar; því þá ætti hún hægra með, að vera vandari bæði að orðfæri og efnisbreytíngum, heldur en með þessari aðferð; og væri það mjög nauðsynlegt, að orðfærið væri vandað, því nú verður að hafa við þá aðferð, að konúngur skrifi undir íslenzka frumvarpið. En með þessari aðferð, sem nú hefir verið við höfð, er það vorkun, þótt orðfærið sè ekki sem bezt hjá nefndinni, enda er það eigi vandað. Eg óskaði að taka þetta fram, áður en hin eiginlega umræða byrjaði.

Forseti: Eg skal, að því leyti þíngmaður Borgfirðínga skýrskotaði til mín, leiða athygli hans og annara að þeim verulega mismun, sem er hèr um að ræða, að þetta er *ekki frumvarp,* heldur *álitsmál.* Það er að vísu svo, að alþíngistilsk. 43. gr. segir, að öll frumvörp skuli lögð fyrir þíngið á íslenzku, en því hefir aldrei verið stránglega fylgt með þessi álitsmál öðruvísi, en að *konúngsfulltrúi* hefir hlutazt til, að nefndin í málinu lèti útleggja og prenta þau laga-

boðin, sem hún helzt vildi ráða til að hèr yrði lögleidd. En á hinn bóginn væri hitt efalaust miklu rèttara og betra; því þá feingist meiri vissa fyrir vandaðri útleggíngu, og umræðurnar yrði þá hægari. En allt um það fann eg eigi fulla ástæðu til, að fara fram á, að önnur regla væri nú höfð í þessu máli, heldur en verið hefir á öllum undanförnum þíngum. Þessu mætti líka bjarga við á þann hátt, að einhver þíngmanna tæki sèr það breytíngaratkvæði við hvert það lagaboð, sem nú yrði ráðið til að lögleiða, en þykir vandhæfi að ræða nú til hlítar, eða ísjárvert, að það yrði gjört að lögum, eins og það liggur nú fyrir, að hvert það lagaboð yrði lagt fyrir næsta þíng, eins og konúnglegt frumvarp, og þær tillögur og bendíngar þar við teknar til greina af stjórninni, sem þíngið nú yrði ásátt um.

Páll Sigurðsson: Mèr þótti vænt um, að þíngmaður Borgfirðínga hreifði þessu; því þegar eg var kosinn í nefndina, datt mèr í hug, að vísa því frá mèr, af því þetta var allt saman á dönsku. En eg sá, að þetta hafði verið gjört svo áður, og á hinn bóginn, að það mundi tefja fyrir þínginu, og vildi því eigi gjöra það. En eg áleit nauðsynlegt, að þessu yrði hreift; því hèldi þessu fram, gæti svo að borið, að tómir bændur yrði kosnir í þá nefnd, en þeir neyddust að vísa öllu frá sèr, af því það væri á dönsku.

H. Kr. Friðriksson: Eg er reyndar með öllu samþykkur hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að þreingja ekki að náttúrlegu frelsi manna eða rèttindum, nema sem allra-minnst verður, og því er eg einnig samþykkur því, að sveitarstyrkur sá, sem veittur sè mönnum og gefi hreppstjórninni vald til, að banna þeim að kvongast, sè veittur á hinum síðustu fimm árum; en eg hygg, að ekkert breytíngaratkvæði þurfi, því mèr virðist, að leita megi atkvæða um, hvort fallast skuli á lagaboðið með þeirri breytíngu, sem nefndin hefir stúngið upp á, eða hafna breytíngunni.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Hvað viðkemur birtíngu þeirra lagaboða hèr á landi, sem ekki hafa verið borin undir alþíngi, þá læt eg mèr nú sagt með aðgjörðir nefndarinnar í því falli, sèrdeilis þar hinn háttvirti *framsögumaður* (svoddan lögfræðíngur) skýrði þínginu það út, að birtíngar og sendíngar slíkra lagaboða ætti ekki að hafa neinn krapt eða þýðíngu, utan kann ske að vera yfirvölduin eða prestum til skilníngsauka, þó sumir geti nú ekki gripið þann lærdóm, heldur haldi, að slíkt geti heldur orðið til að trufla skilníng eður meiníngar sumra.

Hvað viðvíkur 4. uppástúnguatriðinu nefndarinnar, að þetta 2

ára gamla lagaboð í Danmörku, sem breytir tilskipun af 30. apríl 1824, verði lögleitt hèr á landi, veit eg nú ekki hvort eg get orðið aldeilis samþykkur. Eg fyrir mitt leyti er ekki svo mikið fyrir að missa þessa tilskipun, því eg álít hana það eina lagaboð hèr á landi, sem dálítið takmarkar ráðlausra giptíngar, og slíkt álít eg ekki sè að þraungva rèttindum manna, heldur til að vernda rèttindi margra, nefnilega þeirra sveitainnbiggjanda, sem eiga að taka við þeirri byrði, sem opt hlýzt af ráðleysíngja og öreiga giptíngum. Eg hefði nú helzt viljað óska þess, að þessu umtalaða nýja lagaboði hefði verið vísað til þeirrar nefndar, sem þegar er sett hèr á þíngi, til að yfirvega uppástúngur þær, er komið hafa um, að takmarka öreiga og ráðlausra giptíngar, því það getur kann ske komið í bága við þær uppástúngur, er sú nefnd gjörir, ef þíngið færi nú að samþykkja þetta eina atriði því viðvíkjandi. Mèr þykir það heldur ekki svo alls kostar vel til fallið, að sá, sem í hin síðustu 10 ár hefir getað sloppið undan því, að borga sveitinni skuld sína, skuli mega að sveitarstjórunum þar fornspurðum gipta sig, og kann ske með því taka 7 ómaga sèr verri, og demba sèr með þá svo strax á sömu sveitina. Eg veit að sönnu, að nefndin hefir sniðið þenna 10 ára frest hèr eptir þeim anda og tíma, sem hèr þarf til að ávinna sèr sveit, því að í Danmörku mun þetta lagaboð um þenna 5 ára frest vera sniðið eptir þeim tíma, sem þar þarf til að ávinna sèr sveit, en þá er aðgætandi, að þegar þar þarf ekki nema 5 ár til að ná sveitfestu, svo verða þar miklu færri, sem eiga fæðíngarhrepp. Hèr eru margir, sem eiga fæðíngarhrepp, og líka standa í skuld við þann sama hrepp fyrir þeginn sveitarstyrk, eptir það að þeir eru þó komnir af ómagaaldri. Eg vil setja til dæmis: einn fáráðlíngsónytjúngur fæðist fyrst upp á einni sveit til 16 ára aldurs; þá er nú úti foreldra- eða uppfósturs-skyldan að lögum; nú þiggur hann styrk af sömu sveitinni til tvítugsaldurs; því næst er hann nú orðinn svo frár, að hann getur bjargað lífinu, og slángrar nú úr einum stað í annan, frá einu landshorninu til annars, í önnur 20 árin, án þess að ávinna sèr nokkurstaðar sveit, því síður að borga nefnda skuld sína við sveitina; nú er hann fáráður og staddur í fjarlægu landsplássi, og nú eiga sveitarbúar þar sèr kvennpersónu, sem búin er nú að eiga svo sem 5 eða 6 börn með giptum og ógiptum, og stendur til að eignast fleiri, er kann ske óknyttasöm, og batar ekki hjónasambúð, svo náttúrlega vilja fèlagsmenn vera af með slíkan grip, koma því þessum aðskotamanni, sem náttúrlega þykir gaman að kvennfólki,

í tærur við þessa drós, og ginna hann til að eiga hana. Af því að hann hefir nú ekki í næstu tíu ár þáð opinberan sveitarstyrk, þarf hann eingan að að spyrja, giptir sig, og hjónabandið er löglegt. Strax sem hann er giptur, vantar atvinnu fyrir þetta hyski, og verður það þá tekið og flutt hreppstjóra frá hreppstjóra til sveitar þeirrar, sem átti hjá honum skuldina, og er líka hans fæðingarhreppur. Þetta eru víst dáindis-hentug lög; aptur ef lögin, sem eru nú, standa óhögguð, nefnilega tilsk. 30. apr. 1824, þá getur þó enginn löglega gipt þenna karl, án þess að sveitarstjórnin, hvar hann á sveit, leyfi það. Þetta held eg skaðlausa takmörkun. Þó að nú hinum háttvirta fulltrúa Reykjavíkur virtist óþarfi, að gjöra neitt breytíngaratkvæði við nefndarálitið, þá þykir mèr illt, að enginn gjöri það, og held eg, að eg verði að verða við tilmælum hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*, og áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis í þessu efni; hvort sem það verður nú í þá stefnu, sem hann vill, veit eg nú ekki, því takmörkun svoddan giptumála þykir mèr ekki samvizkuverð, altènd að sá maður verði að eiga vinnuhrepp, sem samkvæmt breytíngu nefndarinnar má gipta sig leyfislaust.

Arnljótur Ólafsson: Fyrst nú þessum formgalla er sleppt, hefi eg að eins fáeinar athugasemdir að gjöra um nefndarálitið sjálft. Eg er samdóma nefndinni í því, sem sagt er um frestinn við *proclamata*, en skal að eins geta þess, að nauðsynlegt er, að gjöra þær breytíngar á þá leið, sem hinn háttvirti *framsögumaður* nefndi. En um lagaboðið um betrunarhússvinnu, þá er og nauðsynlegt, að breyta 1. hluta 2. gr. svo, að hann yrði samkvæmt 4. gr. í tilskip. 24. jan. 1838, því áríðanda er, að til taka nákvæmlega, að fleingíng komi í stað tveggja ára betrunarhússvinnu; því sè það eigi gjört þá yrði fleingíng úr lögum numin. Þar sem nefndin hefir stúngið upp á 10 ára tíma við lagaboðið undir staflið 4., þá álít eg, að nefndin hafi hitt það rètta; því sè 3 ár nógur tími til að vinna sveit í Danmörku, sem eg þó eigi veit gjörla, en þar á móti er tiltekinn 5 ára tími í lagaboðinu, sem enginn sveitarstyrkur sè þeginn á, ef maður skal ráðum sínum ráða, og er það leingri tími, en þarf til að vinna sveit, og er þá uppástúnga nefndarinnar vægari en reglan í Danmörku; því hèr er þá sami tíminn, sem þarf til að vinna sèr sveit. Þíngmaður Mýramanna talaði um breytíngaratkvæði við þessa grein, en eg er hræddur um, að hèr sè nokkur misskilníngur, eða að minnsta kosti eigi fullrèttur skilníngur til staðar, því lagaboðið gjörir einga breytíng á fæðíngarhreppnum, nè nokkurn mun á milli fæð-

íngarhrepps og vinnuhrepps, því hafi einhver eigi verið vinnandi í 10 ár í neinum hrepp, þá á hann sveit í fæðíngarhreppnum, og hafi hann þegið sveitarstyrk á þeim 10 árum og eigi endurgoldið hann, þá á fæðíngarhreppurinn að banna honum giptíngu, eða leysa hana. Það er t. a. m. einhver, sem hefir verið sín 5 árin í hverjum hrepp, þá á hann enn þá sveit í fæðíngarhreppnum, og kemur þá enn til hans kasta. Það hefir verið sagt, að fæðíngarhreppurinn geti ekki bannað giptíngu, þá er maður hefir ekki þegið styrk annarstaðar 10 ár eða leingur, þótt hann hafi eigi verið 10 ár samfleytt í nokkrum hrepp, og svo unnið sèr þar sveit, og er það satt; en hið sama er að segja um hvern hrepp annan, er hlut á að máli. En það er vel aðgætanda, að þegar maður stendur eigi í skuld um þeginn sveitarstyrk svo lángan tíma, þá er líklegt, að hann sè fær um, að komast af, og er því sennilegt, að honum sè ekki aptrað frá giptíngu. Annars getur svo staðið á, að fæðíngarhreppurinn getur allt af bannað giptínguna, ef hlutaðeigandi hefir eigi unnið sèr sveit annarstaðar, og mun hinum heiðraða þíngmanni það eigi vera ógeðfellt.

Framsögumaður: Eg þarf nú nú ekki að vera margorður í svari mínu þar sem þíngmenn hafa í ræðum sínum tekið svo vel í nefndarálitið og þær fáu breytíngar, sem nefndin hafði ráðið til. Eg skal fyrst geta þess, að því leyti hinn heiðraði fulltrúi frá Borgarfjarðarsýslu hefir tekið fram fleiri misfellur á nefndarálitinu áhrærandi lagaboðið um *proclamata,* að nefndin ætlar, áður en ályktarumræða fer fram, að lagfæra þær, og eins hvað snertir 2. gr. í lagaboðinu um betrunarhússvinnu. Eg er búinn að taka það fram, að nefndin er ekki viss í því, hvers vegna 5 ára frestur inn sè tiltekinn í lagaboði frá 29. des. 1857, og eg er fyrir mitt leyti fús á, að mæla fram með því, að þetta lagaboð verði lögleitt hèr óbreytt, og skal eg bera mig um það saman við meðnefndarmenn mína. Viðvíkjandi því, sem hinn sami heiðraði þíngmaður sagði, að 3 ár rèði sveitfesti í Danmörku, en ekki 5 ár, skal eg geta þess, að þetta var svo eptir hinni eldri löggjöf, en að þessu nú er breytt með tilskipun frá 1844 fyrir Danmörku.

Pètur Pètursson: Mèr þykir ísjárvert, að fallast á lagaboðið (undir staflið 4.) frá 29. des. 1857, um breytíngu á 10. atr. í 3. gr. tilsk. frá 30. apr. 1824, og eg er samdóma þíngmanni Mýramanna, að það heyri undir nefndina í hjúskaparmálinu; til þíngsins eru komnar ýmislegar bænarskrár um annmarka í þeim efnum, og það er sett sèrstök nefnd til að segja álit sitt um það. Ef nú þíngið

fèllist á einstök atriði í því máli, gæti það komið í stríð við uppástúngu nefndarinnar eða dregið þau atriði út úr því máli, sem þau eiginlega ætti heima í, og spillt fyrir afgreiðslu þess. Tilskip. frá 1824 mun vera löggilt hèr á landi með konúnglegu brèfi frá 1827, en hún mun ekki vera lögð út á íslenzku. Það er margt athugavert í hjúskaparmálum, eins og nú er ástatt; og hefir nefndin, sem sett var til að íhuga það, eptir því sem eg hefi komizt næst, komizt til þeirrar niðurstöðu, að þingið ætti að biðja stjórnina þess, að áminnzt tilskipun yrði endurskoðuð og þar að lútandi frumvarp lagt fyrir næsta þing.

Framsögumaður: Þar sem hinn heiðraði 3. konúngkjörni þingmaður talaði um, að tilskip. frá 30. apr. 1824 mundi ekki vera lögð út á íslenzku, skal eg geta þess, að hún er út lögð í því lagasafni, sem landsyfirrèttrinn hèrna gaf út.

Sveinn Skúlason: Eg vildi nærri því óska, að nefndin hefði notað formgalla þann, er þingmaður Borgfirðinga gat um, til að vísa öllum þessum lagaboðum frá, og ætla eg það hefði ekki verið stór skaði; því mèr virðist þetta allt mjög ómerkilegar rèttarbætur; það skyldi þá helzt vera merkilegt lagaboðið undir staflið 3., um myndugleika kvenna, þó að eg haldi, að sú raun hafi stundum á orðið, að konur hafi þótt nógu myndugar. Nefndin hefir geingið fram hjá bænarskránni um, að eigi yrði þínglesin önnur lagaboð en þau, sem áður hafa verið lögð fyrir alþingi, en mèr þykir hún ekki hafa komið með nægar ástæður móti því, að taka það til greina. Það getur verið mikið gott, að stjórnin sendi embættismönnum sínum dönsk lagaboð þeim til *fróðleiks og skemmtunar;* en það er ófært og ótilhlýðilegt, að lesa slík dönsk lagaboð á þingum, því það gjörir ekki annað en villa menn; því þeir, sem skilja dönskuna, taka það eins og gildandi lög, og fara, ef til vill, að beita þeim. Eg vil því taka mèr breytíngaratkvæði um, að þess konar birtíng eigi skuli eiga sèr stað. Eg skil nú ekki seinna atriðið í nefndarálitinu, hvers vegna nefndin hefir tekið svo illa í það; því eg veit ekki betur, en hèr hafi verið þínglesin lög, sem aldrei hafa komið fyrir þingið. Þannnig voru t. a. m. ríkiserfðalögin og lagaboð um ómyndugra fè þínglesin, en voru þó eigi lögð fyrir þingið, heldur birt *ólöglega.*

Framsögumaður: Hinn heiðraði þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu græðir miklu fremur, en að hann missi nokkurs í við það, að stúlkur verða myndugar, því það mun mega fullyrða, að í giptíngar-

málum ráði mest hjartað og ástin, og nú getur hann samið við stúlkuna sjálfa.

Að einhver einstakur sýslumaður kunni að hafa lesið hèr á þingum lagaboð, sem honum hafði verið sent af amtmanni einúngis til skilníngsauka, getur vel verið, og eg veit enda dæmi til þess, en það er hreinn og beinn misskilníngur, og getur einga rèttarverkun haft. Að ráðherrabrèfið um, að ekki mætti taka á leigu í jarðabókarsjóðinn ómyndugra fè, sem minna væri en 100 rd., var tekið til eptirbreytnis, þó það ekki væri búið að leggja það út á íslenzku, og það væri birt hèr einúngis á dönsku, var í eðli sínu, þar sem jarðabókarsjóðurinn er ein grein af ríkissjóðnum, því þar af leiðir, að þær ráðstafanir, sem koma út fyrir ríkissjóðinn, eru strax gildandi fyrir jarðabókarsjóðinn. Að ríkiserfðalögin voru birt hèr á dönsku, var einnig í eðli sínu, því það átti ekki við, að bera það undir þíngið, en að önnur lagaboð hafi, síðan alþíngi kom til sögunnar, verið birt hèr, og eptir þeim síðan farið, er mèr ekki kunnugt.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Hinn háttvirti þíngmaður Reykjavíkur vill halda, að ekkert breytíngaratkvæði þurfi, til að fá samþykkt lagaboðið óbreytt, sem gjört var fyrir Danmörku 29. desemb. 1857, en nefndin hefir þó ekki viljað taka þetta lagaboð óbreytt, en leggur til, að það sè lögleitt hèr með breytíngu; vilji maður nú ekki fallast á nefndarinnar breytíngu, en vilji þó fá lagaboðið, finnst mèr að þurfi nýtt breytíngaratkvæði við nefndaruppástúnguna. Eg held hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga hafi nokkuð misskilið mig, þar hann meinti, að eg vildi láta sveitarstjóra fæðíngarhreppsins eiga atkvæðisrètt um, hvort giptíng mannsins mætti fram fara; eg hefi nú aldrei hugsað svo hátt, þó eg sè ekkert á móti því, að slíkt mætti hafa stað; en eg sagði, að það gæti opt borið saman, að fæðíngarhreppurinn ætti að annast mannin, þó hann væri kominn yfir fertugt, og líka, að hann ætti hjá honum 20 ára gamla skuld fyrir sveitarstyrk, sem hann hefði þegið, eptir það hann var kominn af ómaga-aldri, t. d. á árunum frá 16—20 ára aldurs. Ef eg hefði nú mátt skilja meiníngu þíngmannsins, eins og mèr heyrðist að hann vildi, að sú sveit ætti atkvæðisrètt við giptíngarleyfi mannsins, hvar hann hefði átt sveitartilkall um hin síðast liðnu 10 ár, þá kemur okkur vel saman, því fyrir slíku vil eg gefa atkvæði.

Guðmundur Brandsson: Viðvíkjandi myndugsaldri kvenna vil eg spyrja hinn háttvirta *framsögumann*, hvort þar með sè meint, að numin skuli úr lögum ákvörðun Jónsbókar, að konur skuli eigi

gipta sig nema með frænda ráði; það sýnist ekki að vera; tilskip. frá 1824. gjörir ráð fyrir, að ekkjur ráði sèr sjálfar, en taki sèr tilsjónarmann í vandamálum. En eiga þær þá að ráða sèr sjálfar í giptíngamálum? Eg veit ýmisleg dæmi, að ekkjur hafa farið að ráðum tilsjónarmanna sinna, bæði í því og öðru, og jafnvel, að hafi þeim borið á milli, þá hefir hann ráðið ekki síður en hún; en optast mun þetta hafa verið eptir beggja samkomulagi; annars sýnist mèr þýðíngarlítið fyrir þær, að hafa tilsjónarmann, ef hann má ekkert skipta sèr af giptíngum þeirra, því eg veit ekki, hvað eru vandasöm mál, ef ekki þessi giptíngamál, og ef svo er um ekkjur, þá er það ekki síður um ógiptar stúlkur. Hvað viðvíkur þeim 10 ára tíma, sem verið er að tala um í tilliti til þeirra, sem þegið hafa sveitarstyrk, þá finnst mèr nú, að nefndin hafi farið þar meðalveginu; hinir, sem vilja ekki láta þetta vera nema 5 ár, halda víst, að 10 ára tíminn standi sumum fyrir giptíngu, þángað til þeir eru orðnir 25 ára, og þykir það oflaung bið, og má ske í mótsögn við lög þau, sem leyfa karlmönnum að giptast, úr því þeir eru 20 ára, en eg held, að lítill skaði sè, þó giptíng þess, sem alinn er upp á sveit, og verður svo að þiggja sveitarstyrk, eptir að hann kemst af ómagaaldri, dragist, þángað til hann hefir goldið styrk þenna, því það, sem sveitin hefir kostað hann fram að konfirmatíón, þarf hann ekki að borga, en þessu mætti nú koma saman, ef allt stæði, eins og verið hefir, því tilskipunin frá 1824 gjörir það eitt meðal annars að skilyrði fyrir giptíngu, að sá, sem giptast vill, standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, en bindur þetta ekki við neitt tiltekið árabil; eg held annars, að hèr sè margt við að athuga, og að málefni þetta líði eingan skaða, þó því yrði nú slegið á frest.

Halldór Jónsson: Það eru að eins tvö atriði, sem eg ætlaði að leyfa mèr að minnast á, nefnilega töluliðirnir 3 og 4, og hefir þegar verið hreift við hvorutveggja. Eins og hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður tók fram, er þíngið búið að kjósa nefnd, til að íhuga nokkur atriði, sem snerta giptíngar. Eg veit nú ekki, hvaða stefnu nefndin tekur, en fari hún fram á endurskoðun hjónabandstilskipunarinnar eða breytíngar á henni, finnst mèr nógur tíminn, að um leið verði stúngið upp á breytíngu, ef nauðsynleg þætti, á 10. atr. í 3. gr. tilsk. 30. apr. 1824, og held eg þíngið ætti því ekki nú að fallast á, að lögleiða hèr tilsk. 29. des. 1857, hvorki án eða með breytíngu nefndarinnar; og eg veit ekki, nema sama máli sè að gegna um lagaboð það, sem viðvíkur myndugsaldri kvenna, því það yrði líka

að gjöra nokkra breytíngu á hjónabandstilskipuninni, á þeirri grein nefnilega, sem ákveður, að konuefnið, ef hún sè ekki ekkja, eigi að hafa samþykki foreldra eður náúnga til þess áformaða hjónabands; en þessa mundi ekki þurfa eptir nefndarálitinu, sem gjörir ógiptar stúlkur, eptir 25 ára aldur, jafnar ekkjum.

Sveinn Skúlason: Eg vil einúngis svara hinum háttvirta *framsögumanni,* að fyrst hann segir það sè hiti hjartans, sem gjörir út um giptíngamálin, sem eg er honum samdóma í og álít rèttast, þá þarf heldur ekki tilsjónarmannsins, því eg vil ekki gjöra allar úngar stúlkur að ekkjum.

Pètur Pètursson: Það er illa farið, að hinn háttvirti *framsögumaður* hefir misskilið mig; það var ekki meiníng mín, að ekki væri til útleggíng af tilskip. frá 1824, heldur að það væri ekki til íslenzkur löggiltur texti; því þó mèr þyki vænt um undirskript landsyfirrèttarins, þykir mèr þó vænna um undirskript konúngs. Eg get ekki kennt þínginu um, þó þessu hafi ekki verið vísað til nefndarinnar um öreigagiptíngar; því laganefndin var sett fyr, en hin seinna, svo lagaboðanefndin hefði verið skyld til, að benda hinni nefndinni á þetta lagaboð, eða gánga fram hjá því. En það er ekki þínginu að kenna; því það getur ekki verið skylt til, að þekkja öll þau einstöku dönsku lagaboð, og það því síður, sem þau ekki hafa verið lögð fram á íslenzku. Eg vona, að verði breytíng nefndarinnar ekki tekin, þá verði lagaboðið ekki heldur tekið.

Páll Sigurðsson: Nefndin áleit, að stúlkur ætti að hafa sömu rèttindi og ekkjur. Eptir íslenzkum lögum var það sjálfsagt, að stúlkur ætti að hafa ráð ættíngja sinna til ráðahagsins, en það hefir þó átt sèr stað, að þær hafa gipt sig móti ráðum ættíngja sinna, og jafnvel foreldra, þó þær hafi verið ómyndugar, og er þær fái lagaleyfi með að vera frjálsar, til að leita eins vel ráða óviðkomandi manna, eins og frænda sinna. Nefndinni fannst ei ástæða til, að vera fjölorð um bænarskrár þær, er henni voru afhentar viðvíkjandi birtíngu danskra laga, því hún áleit, að slíkt mundi nú varla eiga sèr stað, að þau væri nú einasta upplesin á þíngum, því þau, sem á Íslandi ætti að gilda, væri öll með íslenzkri útleggíngu, og önnur en þau gæti hèr einga rèttarverkun haft, og svo tæki það framvegis af allan vafa, þegar nafn konúngs væri nú feingið undir þann íslenzka textann, svo lögin væri nú einasta alíslenzk.

Stefán Eiríksson: Þegar eg skoða 4. tölulið í niðurlagsuppástúngunum, þá vil eg ekki mæla með, að það verði gjört að lögum.

Það er ei tekið fram, hvort hlutaðeigandi skal hafa þegið styrk í öll þessi 10 ár samfleytt, eður að eins 2 eða 3 ár. Það getur t. a. m. verið, að einn hafi misst fénað sinn af einhverjum ófyrirsjáanlegum tilfellum, annaðhvort í byl eður fyrir snjóflóði, eður hann hafi slasazt og legið í rúminu um leingri tíma, og af þessum ástæðum hafi honum verið lagt af sveit; nú er manni þessum farinn að bætast bústofn, eður hann er kominn til sinnar fyrri heilsu, og er að öðru leyti atorkusamur og ráðdeildarmaður, en þá má nú ekki eptir þessu danska lagaboði og uppástúngum nefndarinnar gipta þenna mann, svo eg held þingið gjörði rèttast í, að fella þetta lagaboð, sem breytir 3. grein tilskipunar frá 30. apríl 1824.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil einúngis svara þingmanni Mýramanna. Hèr þarf ekkert breytíngaratkvæði; því *forseti* leitar líklega atkvæða um, hvort þingið vill fallast á lagaboðið óbreytt, eða með breytíngunni, og fallist þingið á hvorugt, þá er það fallið.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Þá er mèr spurn: Verða þá öll lagaboðin dönsku, sem hingað voru send, og nefndin hefir forkastað, borin undir atkvæði þingsins, því þar á meðal tel eg þetta, þegar talað er um það óbreytt, því nefndin hefir ekki ráðið til að lögleiða það, nema með ákveðnum breytíngum.

Forseti (hríngir): Þingmaður Mýramanna hefir ekki orðið; hinn 4. konúngkjörni þingmaður hefir beðið sèr hljóðs.

Vilhjálmur Finsen: Ekkjur eru fullmyndugar og þurfa ekki lögverja, nema þær vilji, og það er því ekki rètt í uppástúngu nefndarinnar að segja, að þær sè skyldar að hafa tilsjónarmann; það væri því betra að segja, að 25 ára gamlar stúlkur skyldi verða myndugar eins og ekkjur. Annars vildi eg helzt til leggja, að þessu lagaboði væri sleppt, og eins því um *proclamata*. Það þyrfti með tilliti til lagaboðsins 29. des. 1857 að til taka nákvæmar, hvað álíta skal vandamál, er stúlkur þurfi ráðamann til; í sumum gömlum lögum stendur t. a. m., að konur mætti kaupa upp á sitt eindæmi allt að hálfum eyri, eða hálfs eyris kaup. Maður getur sagt, að 100 rd. kaup, það sè vandamál, en 10 rd. getur líka verið vandamál. Eg vil áskilja mèr breytíngaratkvæði um innköllunarfrestinn, því, eins og eg sagði áðan, upp á brèf, sem maður sendir í nóvember til Múlasýslu, fær maður, ef til vill, ekki svar fyr en í júnímánuði árið eptir.

Ólafur Jónsson: Mèr virðist sumir þingmenn vera á móti því, að löggilda frumvarpið um myndugsaldur kvenna, og furðar mig á því, þar hèr er þó um töluverð rèttindi að vera; er það ekki ónátt-

úrlegt, að ógipt stúlka skuli aldrei verða myndug, og ekki fá að ráða fè sínu? eins og þeim sè varnað svo vits, að þær ekki verði nokkurn tíma færar til þess. Þær kunna að vísu í einstöku tilfellum að hafa baga af því, að verða myndugar, t. a. m. þegar þær eiga fè á rentu í jarðabókarsjóðnum, þá mundi þær ekki fá rentu af því, eptir að þær væru búnar að ná myndugsaldri. En hèr er um svo veruleg rèttindi að tala, að eg álít, að menn ætti ekki að láta þetta smáræði hamla sèr frá því, að aðhyllast frumvarpið.

Framsögumaður: Eptir þeirri reglu, sem hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður tók fram um tilskip. frá 30. apr. 1824, yrði að leggja út og fá konúngs-undirskript undir öll þau eldri lagaboð, og mundi það taka meiri tíma upp en svo, að því yrði lokið að svo stöddu; en að honum þyki, eins og hann sagði, vænna um undirskript konúngs undir lagaboðin en um undirskript eða staðfestíngu landsyfirrèttarins, er í eðli sínu.

Þegar hinn heiðraði 4. konúngkjörni þíngmaður segir, að ekkjur þurfi eingan lögráðamann, get eg ekki verið honum í því samdóma, og að vísu er það ekki svo hèr á landi, heldur þurfa þær að taka sèr lögráðamenn, þegar þær selja jarðir, eða gjöra einhverja merkilega samníngа, sem geta haft áhrif á eignir þeirra og rèttindi, en það er sjálfsagt, að þær eru ekki bundnar við sama manninn, en geta tekið einn í dag og annan á morgun.

Það er sjálfsagt, að orðið „vandamál“ er nokkuð óákveðið, en nefndin hugsaði sèr við þau mál jarða kaup og sölu, peníngalán og þess konar, og hún hugsaði, að stúlka, þó hún væri 25 ára og að öðru leyti ráðdeildarsöm og greind, gæti haft gott af því, að ráðfæra sig, þegar um slíkt væri að tala, við einhvern valinkunnan mann, og þetta rèð nefndarinnar viðauka við lagaboðið; finni þíngið samt, að þetta sè ófrjálslegt, skal eg fyrir mitt leyti ekki vera fastur á því, þó mèr virðist, að þessi viðauki sè á góðum ástæðum byggður; en að kasta lagaboðinu algjörlega, eins og sumum þíngmönnum hafa farizt orð, get eg með eingu móti aðhyllzt, og þíngmaðurinn frá Húnavatnssýslu leiddi ljós rök að því, hvað sú skoðun væri ófrjálsleg í alla staði.

Jón Pètursson: Eg vildi einúngis tala um lagaboðið 29. des. 1857; þó ekkjur sè myndugar eptir lögum, þá eru þær það þó ekki fullkomlega; því ekkjan þarf lögráðamann; það má t. a. m. ekki stefna ekkjunni einni heldur lögráðamanni hennar með, því sè henni stefnt einni, ónýtist málið. Að veita stúlkum meiri rètt en ekkjum,

það er ósamkvæmni og sama sem að innleiða gagnstæða grundvallarreglu við það, sem var, og það finna Danir nú eptir á, og óska, að þetta væri aldrei komið inn í löggjöfina, því menn eru í vandræðum með að samríma það. Í kaupum verða ekkjur að hafa lögráðamann, t. a. m. í jarðakaupum; ekkjan getur líka eptir lögunum gjört sig ómynduga, og ef hún brúkar illan ráðamann, sem spanar hana upp í lagaþras og deilur henni til skaða, má yfirvaldið setja henni annan, og við hann getur hún þá ekki aptur losað sig; breytíng nefndarinnar er því á rökum byggð. Eg þekki ekkert lagaboð, sem hafi verið birt hèr, án þess að það hafi komið fyrir þíngið; það skyldi þá vera það um konúngserfðirnar, en það var lagt fyrir þíngið 1855 með mörgum öðrum dönskum lagaboðum, er út höfðu þá komið; þíngið hafði þannig málið til meðferðar, og bað um, að því yrði snúið á íslenzku; annað er það, þó stjórnin ekki tæki þá beiðni alþíngis til greina; hún þurfti þess ekki heldur, því alþíngið hefir einúngis ráðgefandi vald. Að biðja um, að stjórnin vilji láta meira að tillögum alþíngis, en hún þá gjörði, eður gefa því meira vald, var óviðkomandi tilgángi þeim, sem nefndin var sett niður í. Eins er ástatt um lagaboðið um rentu af ómyndugra fè, er út kom og setti rentuna niður til 3 af hundraði. Það var sjálfsagt, að stjórnin fór að beita því hèr strax, af því það var fjárhagslagaboð, og sem hún því hefir álitið strax gildandi hèr á landi, en þetta sýnir að eins meiníngu hlutaðeigandi ráðherra um gildi lagaboðs þessa hèr, og nefndinni við kom eigi að rannsaka, hvort hún væri á rökum byggð eður ekki.

Halldór Jónsson: Af því atriðið um myndugsaldur kvenna er í sjálfu sèr svo mikils vert, og af því að eg ímynda mèr, að það mundi ekki koma í neinn bága við endurskoðun eður uppástúngur um breytíngar í hjónabandstilskipuninni, heldur verða tekið í hana óbreytt, vil eg mæla með því, að þíngið fallist á lagaboðið nr. 3 með breytíngu nefndarinnar. En lagaboðið nr. 4 held eg ekki að svo komnu ætti hèr að lögleiðast, breytt nè óbreytt.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg ætla að halla mèr að þeim, sem vilja hrinda lagaboðinu undir tölulið 4.; því mèr finnst óheppilegt, að taka svona einstakt atriði út úr í hjúskaparmálunum og gjöra um það sèrstakar ákvarðanir. Mèr finnst, að *framsögumaður,* sem um daginn var svo móthverfur takmörkun á öreigagiptíngum, hafi nokkuð snúið um blaðinu, og ætli nú að stíga hèr einu feti framar með að takmarka þær, en bænarskráin úr Suður-Þíngeyjarsýslu, sem hann þá

vildi hrinda. Eg álít þessi takmörkun geti verið mikil tálmun á giptíngum, og því ísjárverðari, sem það opt getur verið efnilegur maður, sem stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Eg vil mæla fast með lagaboðinu undir tölulið 3., um myndugsaldur kvenna; það er óviðurkvæmilegt, að stúlkur, hvað efnilegar sem þær eru, sè allt af ómyndugar; en mèr virðist hentugt, að viðauka nefndarinnar sè haldið; því hann á, að minni hyggju, vel við, að þær taki sèr ráðaneyti, eins og vandi er til um ekkjur hingað til.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg er nú mikið fús á það, að styðja að því, að stúlkurnar fái fullan rètt sinn. Eg hefi ætíð verið á þeirri meiníngu, að þegar þær eru fullvita og fullþroska, og annars venjulega forsjálar, þá gæti þær eins haft umráð sín og eigna sinna, eins og hin, sem auðnaðist að eignast mann 1 ár, og missti hann svo; en samt, þegar eg undir eins lít á þetta lagaboð, og hitt, sem talað var um áðan, viðvíkjandi giptíngaleyfinu, og aðgæti stefnu nefndarinnar á báðum, þá kemur á mig nokkurt hik, því mèr virðist þá, að nefndin á tvennan hátt, eður á báðar síður styðji að því, að ráðlausra ónytjúnga giptíngar geti aðgæzlulaust fram farið, því þegar stúlkur fá sama rètt og ekkjur, eins og nefndin æskir, þá meina eg, að ekkjur megi gipta sig sjálfar, og þurfi ekki giptíngamann; nú þegar fáráðlíngsónytjúngurinn, sem stendur í sveitarskuld 11 ára gamalli, vill fá sèr konu til að sofa hjá, þarf hann ekki annað en komast yfir vergjarna og athugalitla kvennpersónu, sem hefir 6 ár um tvítugt; hún má gipta sig sjálf, og þau þurfa hvorugt aðra að spyrja um nokkurt leyfi, ekki að ráðfæra sig við ættíngja sína nè víni, og líkast til ekki við guð í himninum. Eg vildi því hika mèr, að samþykkja þessi lagaboð svona úr garði gjörð, fyr en sæist nefndarálitið, sem væntanlegt er um takmörkun öreigagiptínga.

Jón Pètursson: Ef nefndin í hjónabandslögunum kemur til þeirrar niðurstöðu, að ekkjur þurfi að hafa ráðamann, þá þurfa stúlkur þess líka, ef þær eiga að hafa sama rètt og hinar; en nefndin hefir frjálsar hendur, og getur sagt, hvort ekkjur skuli hafa ráðamann, eða eigi; þetta þarf því ekki að koma í bága neitt við nefndina.

Guðmundur Brandsson: Eg vil nú stínga upp á, að fresta ályktarumræðunni í þessu máli, þángað til undirbúníngsumræðunni í hjónabandsmálinu er lokið.

Pètur Pètursson: Eg get ekki verið á því, að fresta þessu máli eptir hinu; því þetta er konúnglegt frumvarp; en það geta

orðið forlög hins málsins, að verða á hakanum, og því ekki eigandi undir, að bíða eptir því.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að setja mig á móti því, að þessu málefni sè frestað, af því það er konúnglegt mál, og verður því að ræða það með tilbærilegum hraða á lögskipaðan hátt; eg fæ ekki heldur sèð, að það sè nauðsynlegt, því þíngið getur með atkvæðagreiðslu sinni strax skorið úr því, hvort það vill löggilda hèr opið brèf 29. des. 1857, annaðhvort óbreytt eða með breytíngu nefndarinnar ellegar ekki.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg vil taka það fram aptur, sem eg sagði áðan, að eg meina, að eptir landsvenju og fornum landslögum megi ekkjur gipta sig sjálfar, og lögfræðíngarnir hèr á þínginu hafa ekki enn borið þetta til baka, og ef ekkjurnar mega það, þá mega stúlkurnar það líka, þegar þær fá sama rètt sem ekkjur. Hitt vita allir, sem hinn háttvirti konúngkjörni *framsögumaður* sagði, að þegar ekkjan þarf að standa í málum eður að gjöra einhverja lagagjörníngа, þá þarf hún að hafa lögráðamann, en að hjónabandsmál þeirra heyri þar til, veit eg ekki til; lögfræðíngarnir vita það, hvort nefnd þessi hefir vald til, útþrykkilega að flokka þau saman við dómsaðgjörðamál.

Stefán Jónsson: Það er, held eg, ekki rètt skoðað, að vilja láta menn missa mikilvæg rèttindi, af því þau verði misbrúkuð af einstökum mönnum, og það er því ekki gild ástæða, að hafna lagaboðinu undir tölulið 3. vegna misbrúkunar hinna einstöku. Það er ósamkvæmni í því, að ekkja, sem giptist kornúng og hefir verið í hjónabandi hálft eða heilt ár, skuli vera myndug, en stúlkan, sem er 30 eða 40 ára, er ómyndug og verður að vera það alla æfi. Mèr finnst ástæða til, að gefa breytíngum nefndarinnar gaum. Þegar menn tala um hjónabandsmálið, kalla menn það optast öreigagiptíngar. En bænarskrárnar voru eigi einúngis um það, að banna giptíngar vegna örbyrgðar, því það er margt fleira líka, og kann ske meira vert á að líta, en örbyrgðina eina, svo sem: siðferði, dugnað, ráðdeild, og fl. Eg held það sè eingu spillt, þó málinu sè frestað. Það þarf ekki að líta á þessi 10 ár eingaungu, sem styrkurinn er ekki þeginn á; hèr kemur fleira til skoðunar en fátæktin ein, og því þykir mèr ísjárvert, að stytta þessi 10 ár, á meðan málið er ekki betur skoðað.

Arnljótur Ólafsson: Eg er nú í vanda staddur; því eg veit ekki, hvort verið er að ræða um nefndarálitið, eða lagaboðin sjálf.

Þíngmaður Mýramanna sagði, að breytíngaratkvæði þyrfti; þíngmaður Reykjavíkur hèlt það þyrfti ekki, ef tekin er upp aptur grein úr lagaboðinu óbreytt. Eg er nú samþykkur þíngmanni Mýramanna; því það er nefndarálitið, sem liggur fyrir, og því getur ekki annað tekizt til greina, og vilji menn breyta því, þá þarf breytíngaratkvæði. Eg vil nú taka mèr breytíngaratkvæði við lagaboðið undir tölulið 3., um fulltíðaaldur kvenna. Mèr er nú vorkun, þó eg vilji koma mèr í mjúkinn við kvennfólkið, og því vil eg, að lagaboðið verði lögleitt óbreytt. Þar sem *framsögumaður* sagði, að það væri ókvæntum mönnum í hag, að gjöra stúlkur myndugar, er eg honum í því samdóma, en einmitt þess vegna vil eg ekki hafa tilsjónarmenn. En þar sem *framsögumaður* sagði, að ekkjur gæti haft einn í dag en annan á morgun fyrir tilsjónarmann, þá þykir mèr það ekki góð regla fyrir ógiptar stúlkur, að koma þeim upp á, að hafa einn í dag og annan á morgun, og þá þriðja í nótt. Það er reyndar ósamkvæmni, að ógiptar stúlkur hafi meiri rètt en ekkjur, en þá er að gjöra breytíngu fyrir ekkjurnar, til þess að svipta eigi stúlkur þessum hinum hagfellda rètti. Eg veit, að landsyfirrètturinn lætur sèr vel líka, þó ekkjur, eins og ógiptar stúlkur, komi fram fyrir lög og dóm. Með tilliti til lagaboðsins undir tölulið 4., þá veit eg ekki, hvort þíngmaður Mýramanna vill taka sèr breytíngaratkvæði, að það gildi fyrir konur sem karlmenn; það er satt, að í lagaboðinu er ekki til tekið, þó kvennmenn hafi þegið sveitarstyrk, en það mun annars eigi gjört, þegar bæði er um konur og karla að ræða. Eg veit annars ekki heldur, hvort þíngmenn vilja breyta því þannig, að þeginn sveitarstyrkur skuli standa ógiptum konum og körlum í vegi; að minnsta kosti er mèr ekki annt um það. Það er talað um, að fresturinn sè of lángur; eg er því að vísu samþykkur, að 10 ár í sjálfu sèr sè fremur laung, en hann getur ekki vel verið styttri, því hann er jafnlángur þeim tíma, sem þarf til að vinna sèr sveit. Menn hafa sagt, að þar sem maður elzt upp á sveit, þángað til hann er 16 vetra, þá sè tími þessi of lángur; en hafi hann eigi síðan þegið af sveit, þá getur hann tekið sèr konu um tvítugt, og er það einginn neyðarkostur að bíða svo leingi. Eg get ekki sèð betur, en að fæðíngarhreppurinn hafi hèr sama rètt og hver annar hreppur, því hyggi menn að því, að þó einhver komi í annan hrepp þá á hann enn þá sveit í fæðíngarhreppnum, hafi hann ekki verið 10 ár í þeim hrepp, og hafi hann þegið þar sveitarstyrk á þessum 10 árum, þá rekur þó eins að fæðíngarhreppnum; eg vil þess vegna

einga breytíngu. Hvað lagaboðið um betrunarhússvinnu snertir, þá vil eg einúngis, að 2. gr. sè breytt samkvæmt tilsk. 24. jan. 1838.

Forseti: Áður en umræðurnar fara leingra vil eg segja upp meiníngu mína um ágreiníninginn milli þíngmanns Reykjavíkur og þíngmanns Mýramanna, þann er nokkrir þykjast í vafa um, nefnilega, hvort þeir þurfi að áskilja sèr breytíngaratkvæði, sem vilji halda einhverju lagaboðinu óbreyttu. Nefndin hefir að niðurlagi tvær aðaluppástúngur, *aðra* um lagaboðin, er hún ræður frá að verði lögleidd, *hina* um þau lagaboðin, er hún vill láta lögleiða; þetta er bein uppástúnga frá nefndinni; þar sem nefndin hefir jafnframt stúngið upp á breytíngum við sum lagaboðin, þá eru þær breytíngaruppástúngur að eins liðir, er heyra undir aðaluppástúnguna, en raska ekki henni sjálfri, að lagaboðið verði löggilt hèr; samkvæmt þessu hefi eg ásett mèr, að semja atkvæðaskrána, og því verð eg að vera samdóma þíngmanni Reykvíkínga um það, að ekkert breytíngaratkvæði þurfi að bera upp til þess, að fá lagaboðið samþykkt óbreytt.

Ásgeir Einarsson: Eg vona, að eg sè samkvæmur sjálfum mèr, þegar við kvennfólkið er að eiga, því eg vil, að lagaboðið um myndugsaldurinn fái framgáng. Eg var einnig með því áður hèr á þíngi, þegar erfðalögin voru rædd, að konur skyldi gánga jafnar til arfs og karlmenn. Eptir Jónsbókarlögum voru konur myndugar 20 ára, jafnt og karlmenn. Það hefir verið sagt, að þær missti í með tilliti til fjár, er þær kynni að eiga á leigu í jarðabókarsjóðnum; þetta getur verið ónotalegt í einstöku tilfellum, en þær vinna aptur rètt til, að mega koma fram við skipti í dánarbúum. Það sem hefir verið talað um myndugleika þeirra í giptíngamálum, þá er frelsi þeirra þýðíngarlaust, ef einhver gæti tekið af þeim ráðin í þeim efnum. Þíngið væri líka sjálfu sèr ósamkvæmt, að hafa slíka ákvörðun, en vilja leyfa slóðum og sveitarvandræðum að giptast, en ekki efnilegum stúlkum. Eg veit ekki til, að tilsjónarmenn ekkna hafi blandað sèr í giptíngarmál þeirra mót vilja þeirra, og allrasízt tekið ráðin af þeim í þeim efnum, að minnsta kosti gjörir einginn almennilegur maður það. Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, að ef talsmaðurinn stofnaði ekkjunni í lagaþras, gæti sýslumaður sett hann frá; þetta má að vísu eptir Norskulögum, en það væri gott, að þíngtíðindin bæri með sèr meiníng lögfróðra manna í því efni. Það væri líka gott, að þíngtíðindin bæri með sèr meiníngar lögfróðra manna um skyldur lögráðamanna, sem ekkjur kjósa sèr, og svo að hvað miklu leyti þær verða skyldaðar til að taka þá. Hvað snertir lagaboðið

um giptíngabann sökum þegins sveitarstyrks, þá held eg sè bezt, að fella það með atkvæðum. Það er ekki meiníng bænarskránna, að meina mönnum giptíngar einúngis vegna fátæktar; því það eru mörg dæmi til, að þeim, sem hefir gipzt fátækur, hefir farizt vel og orðið jafnvel ríkur maður.

Guðmundur Brandsson: Það er merkilegt, að menn skuli vera svo lángorðir um myndugsaldur kvenna, þar sem þó einginn hefir beinlínis mótmælt því, sem nefndin hefir þar um stúngið upp á. Þíngmaður Borgfirðínga fór leingra, hvað ekkjur snerti; en eg held það sè einginn skaði, þó það haldist, sem hefir verið, hvað þær snertir, fyrst hinn háttvirti *framsögumaður* hefir sagt, að þær geti tekið sèr til ráðaneytis hvern sem þær vilja, og mundi þá 25 ára gömul stúlka einnig taka sèr hvern þann myndugan mann, sem hún vill, svo eg held það geti jafnazt, og að hinn áminnzti þíngmaður megi sjálfs sín vegna gjöra sig með þetta vel ánægðan.

Forseti: Eg skal bæta því við það, sem eg sagði áðan, að ef einhver af þíngmönnum vill fá lögleitt eitthvað af þeim lagaboðum, sem nefndin hefir ráðið frá að fá lögleidd hèr, þá þyrfti að bera upp um það breytíngaratkvæði; og er það samkvæmt því, sem eg sagði áðan.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þíngmaður Mýrasýslu var að tala um þvíngun eða nauðúng; þetta á hèr ekki við, heldur er það hreinn misskilníngur. Ekkjan þarf ekki að fara algjörlega eptir ráðum síns lögráðamanns; hún á eptir bókstafnum einúngis að ráðfæra sig við hann, og eins verður nú um ógiptu stúlkurnar; en um nauðúng skiptir hèr ekki máli.

Stefán Jónsson: Fyrst svona mikið er talað um kvennfólkið, þá ætla eg líka að minnast á það, og vil eg þá biðja um nákvæmari útskýríngu á lagaboðinu áhrærandi betrunarhússvinnu, þar sem stendur „karlkyns“. Eg vil spyrja, hvort að eins karlmenn sè dæmdir til betrunarhússvinnu; ef svo er, þarf ekki þetta „karlkyns“ orð, en ef betrunarhússvinna er til bæði fyrir karlmenn og kvennmenn, þá gæti sýnzt, eins og það ætti að útiloka kvennmenn frá þeirri mildun, sem til er ætlazt í lagaboðinu, en það á ekki við.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það er einúngis ein almenn athugasemd, sem eg vildi leyfa mèr að koma fram með, og mèr virðist þurfa að taka til greina í álitsskjalinu viðvíkjandi þessu máli, og það er viðvíkjandi tilbúníngi og meðferð þessa máls á alþíngi bæði fyr og nú. Því verður ekki neitað, finnst mèr, að þetta

álitsmál, um lögleiðslu hinna almennu lagaboða hèr á landi, kemur fram hèr á þingi á móti öllum reglum, að minnsta kosti móti öllum rèttum hugsunarreglum. Hèr er, ef eg má svo að orði kveða, dembt inn á þingið mörgum lagaboðum í einni bendu, sem ekkert eiga skylt hvert við annað, og eru öldúngis ólíks efnis, og þessu er öllu saman skipað í eina nefnd til meðferðar. Þar eru saman í flokki 10 lagaboð, sem eru svo ólíks efnis, að varla má finna fjarskyldara. Þar eru lög um illa meðferð á skepnum, um barnaskírn, um þrotabú, um betrunarhússvinnu, um erfðir, um myndugsaldur kvenna, um forlagsrètt til bóka, og enn aptur um þrotabú; og um allt þetta er sett ein nefnd, og þar með feinginn henni heill búnki af ýmsum öðrum tilskipunum á dönsku. Þínginu og nefndinni ætti að þykja kominn tími til, að gjöra enda á þessari óreglu. Þetta er að vísu að nokkru leyti gömul venja. Með konúngsúrskurði 6. júní 1821 fèkk kanselíið, eins og menn vita, eins konar vald til að segja, hver lagaboð skyldi gilda hèr á landi, og fór svo fram um nokkur ár. Þá leið ekki leingi, að kanselíið tók sig til, og gjörði eitt einstakt lagaboð úr mörgum, sem hèr skyldi lögleiða, og sagði, hverjar breytíngar skyldi vera í hverju, en embættismenn hèr á landi fundu skjótt, að þetta var ófært minnisverk, og stúngu því upp á, að ekki væri þannig farið að, heldur lögleitt sèrhvert lagaboð fyrir sig með þeim breytíngum, sem þar á skyldi vera. Þetta hèlzt nú við, þángað til alþíngi komst á; en þá fór stjórnin að demba í hvert þíng lagaboðunum svona í hrúgu, og óska álits þíngsins um, hvað af þeim skyldi ná hèr gildi. En þíngið hefir ávallt sett nefnd í þetta mál, og farið með það eins og eitt mál. Þó má þess geta, að lögum þessum hefir ekki verið sleingt saman á eptir hjá stjórninni, heldur hefir hvert lagaboð komið út fyrir sig, og þetta er nú að vísu gott, en eg vil, að stjórninni sè nú enn fremur bent á, að það sè ósk þíngsins, að ekki verði lögð fyrir þíngið önnur lagaboð en þau, sem stjórnin álítur nauðsyn eða gagn að yrði löggilt hèr, og þau kæmi þá fram á þíngi á íslenzku, og undirbúin frá stjórninni, eins og önnur frumvörp. Ef svo þíngmenn sæi einhver fleiri, sem þeir vildi óska næði lagagildi hèr, þá mætti koma fram með uppástúngu um, að biðja, að það einnig yrði löggilt, og þetta veitir þíngmönnum hægt, því bæði höfum vèr hèr hin dönsku lagasöfn, og þar að auki ætti stjórnin reyndar að senda þínginu öll þau lög, sem út koma. Þegar þessi aðferð er höfð, sem nú er, þá er ekki ástæða til, að taka annað en það, sem er öldúngis nauðsynlegt, eða brýn nauðsyn ber til, en kasta

öllu hinu, og það því fremur sem nefndinni ekki líkar við sjálfa sig, hvernig hún hefir búið þau undir. Eg veit nú ekki, hvort nokkurt af þessum lagaboðum er óumflýjanlega nauðsynlegt, þó eg eiginlega sé ekki harður á móti neinu af þeim, nema því undir tölulið 4.; en um fram allt verð eg að taka það fram, að stjórninni verði bent til þess, að breyta þessari aðferð sinni, sem hún hefir haft hingað til á því, að leggja þetta álitsmál fyrir þingið.

Konúngsfulltrúi: Eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að þingið gefi stjórninni þá bendíngu, er hinn heiðraði þingmaður Ísfirðínga nú gat um; og eg skal þar hjá geta þess, að sú aðferð, sem nú hefir verið brúkuð við framleggíngu þessa máls, er hin sama, sem brúkuð hefir verið á öllum fyrirfarandi þíngum, og er hún grundvölluð á konúnglegum úrskurði 10. nóv. 1843. En það getur vel verið, að bæði sé sú aðferð, er þingmaðurinn gat um, í sjálfu sér haganlegri en sú, er hingað til hefir verið fylgt, og líka mundi hún fyrirbyggja þess konar mótmæli gegn framleggíngarmátanum, sem hefir brytt á í dag.

Forseti: Eg vil spyrja hinn háttvirta þingmann Ísfirðínga, hvort hann vill taka sér breytíngaratkvæði í þá stefnu, sem hann nú tók fram.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg veit ekki, hvort hinum háttvirta *forseta* þykir breytíngaratkvæði þurfa eða eiga við; ef þíngið fellist á uppástúnguna, og einkum hin háttvirta nefnd, má taka það fram í álitsskjalinu til stjórnarinnar, og þá kemur það, sem aðrar tillögur málinu viðkomandi, ef stjórnin fyndi ástæðu til, að taka það til greina, sem eg vona hún muni finna, þar eð þetta getur ekki verið neitt fylgismál fyrir hana, heldur miðar til betra skipulags á meðferð málanna á alþíngi. Eg sé þess vegna fyrir mitt leyti ekki neina nauðsyn til, að bera upp þessa uppástúngu sem breytíngaratkvæði.

Forseti: Eg verð alveg að láta það komið undir vilja hins háttvirta þíngmanns sjálfs og annara þíngmanna, hvort menn vilja áskilja sér breytíngaratkvæði, eða ekki.

Framsögumaður: Út af því, sem hinn heiðraði fulltrúi Eyjafjarðarsýslu, viðvíkjandi lagaboðinu um betrunarhússvinnu § 2, skoraði á mig, að upplýsa hann um, skal eg geta þess, að eg skil lagaboðið svoleiðis, að konur komi ekki í einhýsi í betrunarhúsinu, heldur á þær sameiginlegu vinnustofur. Kvennmenn þola síður en karlmenn einveru, og eg álít einveruvinnuna áherzlu í hegníngunni.

Það voru líka deildar meiníngar um þessa einveru-hegníngu, þegar hún kom fyrst upp, og víst er um það, að hún er þúng, því maður er manns gaman, og hvað þá ekki, þegar svona er komið fyrir einum, að hann er búinn að missa frelsi fyrir misverka.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg hafði ekki ætlað mèr að standa upp eða taka framar til máls í þessu máli, en af því hinn háttvirti þíngmaður Borgarfjarðarsýslu beindi að mèr til svara, hvort eg hefði meint svo, að vilja binda giptíngaleyfi kvennfólks líka við sama skilyrði, að þær væri skuldlausar við sveit sína, verð eg að svara honum, að hann hefir öldúngis misskilið orð mín, ef hann hefir tekið þau svo, því eg einúngis tók það fram, að eg vildi halda óbreyttu lagaboðinu af 30. apríl 1824, sem skýrlega tekur það fram, að sveitarstjórn sú, hvar maðurinn á sveit, eigi atkvæðisrètt um giptíngaleyfi hans, ef hann stendur í skuld fyrir óendurgoldinn sveitarstyrk, er hann hefir þáð eptir 16 ára aldur. Það er líka sú sveit, sem á allt í hættunni með hjónabandið. Þó að nefnd tilskipun standi, spillir hún varla fyrir hjónaböndum eða rèttindum manna, því hún skyldar menn ekki heldur til, að borga sveitinni skuldina, ef sveitarstjórnin vill gefa honum það eptir, og leyfa honum hjónabandið, og það mun optast vera gjört, þá maðurinn er fátækur, ef hann annars er líklegur til að verða nýtur í hjúskaparstètt, og þó hann hafi, eins og sumir hafa á gripið, hreppt heilsuleysi um tíma, eður slasað sig, og þannig þáð styrk, þá mun eingin sveitarstjórn reikna það til giptíngarfyrirstöðu, þegar maðurinn er efnilegur, og ekki óráðsamur, því það er venja, að styrkja heldur þá menn til giptínga.

Indriði Gíslason: Eg vildi að eins tala fáein orð, en eg get samt gjarnan sleppt þeim. Eg gat eigi annað en glaðzt af því, þegar eg heyrði ræðu hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga um benduna á þessum lagaboðum, er koma frá einni nefnd öll í einum graut inn í þíngið; það lá líka strax á grun mínum í morgun, að eitt ræki sig á annars horn, enda var þess ekki leingi að bíða, þegar lagaboðið undir nr. 4 ætlaði að fara að þrykkja fullkomnum náttúrulögmálsrètti kvenna, sem eg án efa er svo meðmæltur, að eg vil mæla fram með því, að lagaboðið verði tekið óbreytt. Við skulum til að mynda setja 25 ára gamla stúlku efnilega, sem nú frumvarpið gjörir að skyldu að taka sèr ráðamann; hún mun nú taka þann, sem hún trúir bezt, hvort sem henni er gjört það að skyldu eða ekki, og einkum og líklega þann, sem hún vill eiga, því að honum mun hún að líkindum bezt trúa, og frjáls vilji er opt ótrúlega signrsæll,

þó honum geti óheppnazt, sem flest annað. Lagaboðið undir tölulið 4. vildi eg strax fella, sem eg sá það, enda hafa ræður þingmanna styrkt mig í því, því ætlunarverk nefndarinnar um öreigagiptíngar er bezt að byggi þetta frá grundvelli.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg undirbúníngsumræðu þessa máls lokið, og vil eg biðja hina heiðruðu þíngmenn, að koma með breytíngaratkvæði sín á morgun árdegis, þau er þeir hafa áskilið.

Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til undirbúníngsumræðu nefndarálitið í *kollektumálinu.* *Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður úr Rángárvallasýslu.

Var nefndarálitið síðan afhent *framsögumanni,* er las það upp, þannig hljóðandi:

„Alþíngi hefir kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um uppástúngu frá þíngmanni Rángæínga þess efnis, að alþíngi taki allt kollektumálið til nýrrar meðferðar og rannsóknar, og riti konúngi vorum bænarskrá á þá leið, er gjört var á síðasta þíngi. Álit vort um málið er á þessa leið:

Til alþíngis 1845 kom þegar bænarskrá frá Eyjafjarðarsýslu um reikníngsskil fyrir kollektupeníngunum. Þá var kosin nefnd í málið, en hún fèkk eigi lokið starfi sínu sakir tímaleysis. Þó vannst það á með bænarskrá þessari, að *konúngsfulltrúi* skýrði í nokkru frá meðferð á kollektupeníngunum. Síðan lá mál þetta í salti þar til 1855, er fulltrúi Rángæínga bar uppástúngu upp á þínginu um reikníngа kollektunnar. Þá var nefnd kosin, málið rætt, og bænarskrá rituð til konúngs. Árángur af bænarskrá þessari sèst af konúnglegri auglýsíngu til alþíngis 1857. Með því nú að auglýsíngin eingan veginn fullnægði því, er um var beðið, kom sami þíngmaður enn fram með uppástúngu um skil fyrir reikníngum kollektusjóðsins. Í konúnglegri auglýsíngu til alþíngis 27. maí þ. á., II. 6, er enn synjað um öll reikníngsskil, vegna þess, að mál þetta sè fullkomlega á enda kljáð með konúngsúrskurði 25. júlí 1844, eins og áður var til orða tekið í konúnglegri auglýsíngu 27. maí 1857. Þess er nú og getið í hinni konúnglegu auglýsíngu þ. á., að umkvartanirnar í bænarskrá alþíngis 1857 yfir úrslitum málsins væri því síður á rökum byggðar, sem konúngsúrskurðurinn 25. júlí 1844 hefði verið á lagður, eptir að „hlutaðeigandi stjórnarráð“ höfðu vandlega rannsakað málið, og nefnd manna, kosin úr ýmsum stjórnarráðum, hafði

lagt síðustu hönd á málið; svo hefði og sá reikningurinn verið látinn ráða, er Íslandi var mest í hag.

Nefndin getur nú eigi fundið nokkra ástæðu til, að ráða þinginu frá, að senda konúngi vorum bænarskrá um þetta mál fyrir sakir röksemda þessara, er nú voru nefndar, því röksemdir þessar eru hvorki nýjar nè mikilsverðar. Þar sem það er fyrst sagt, að *„hlutaðeigandi stjórnarráð“*, það er rentukammerið og ríkisskuldaráðið, hafi yfirfarið og samið reikninga kollektusjóðsins, þá er auðsætt, að þeir reikningar geta eigi álitizt óyggjandi, er þau stjórnarráð gjöra, er áttu hlut í allri grautargerð. Hitt er og auðsèð af skýrslu *konúngsfulltrúans* á alþíngi 1845, að nefnd sú, er kosin var að síðustu, til að yfirlíta reikningana og reikningsmuninn mikla milli rentukammersins og ríkisskuldaráðsins, hefir eingu breytt, og því ekkert gjört að verkum, og fyrir því hefir hún einga þýðingu í þessu máli. Það er og eingin ný ástæða, sem nefnd er í hinni konúnglegu auglýsingu, að þau reikningsúrslit hafi verið látin ráða, er landinu voru haganlegust, því þetta feingu menn þegar að heyra af munni *konúngsfulltrúa* á alþíngi 1845. Þess ber og vel að gæta, og það er aðalástæða, að reikningsyfirlit þetta er að eins frá öðrum málsaðila, þar eð einginn var kosinn af Íslands hálfu, til að yfirfara reikningana, áður þeim var ráðið til lykta, og einmitt fyrir þá sök geta þeir eigi metizt óvilhallir eður löglega gildir. Á þenna hátt vantar konúngsúrskurðinn 25. júlí 1844, að vorri hyggju, löglega gilda undirstöðu, og því virðist oss full ástæða til, að biðja konúng vorn, að setja úrskurð þenna til hliðar, og láta að nýju yfirfara alla reikninga kollektusjóðsins og veita Íslendíngum fullan rètt sinn, sem öðrum málsaðila, til að taka þátt í úrslitum reikninganna.

Vèr álítum óþarft í þetta sinn að taka enn að nýju fram, í hverjum tilgángi kollektan var gefin, og síðan geymd í ríkissjóði, eða hversu leingi framan af henni var varið samkvæmt tilgángi hennar, því öll þessi atriði voru svo skýrlega tekin fram í nefndarálitinu á síðasta þíngi og í bænarskrá þíngsins til konúngs, að vèr höfum þar eingu við að bæta, allrasízt meðan þau eru eigi reingd með einu orði af hálfu stjórnarinnar.

Af þessum ástæðum hlýtur nefndin að ráða alþíngi til, að rita konúngi vorum þegnsamlega bænarskrá um:

a, *Að konúngur leggi fyrir stjórn sína, að láta semja og auglýsa á prenti nýja reikninga yfir kollektusjóðinn frá árslokum 1797, byggða á þeim skýrslum og reikníngum*

rentukammersins um fjárhag sjóðsins, sem þá voru auglýstir.

b, *Að öllum þeim útgjöldum, sem frá árslokum 1797 hafa verið tekin af kollektunni, en sem ekki geta komið henni við, eptir hennar sèrstaklega uppruna og augnamiði og hinum konúnglegu stofnunarbrèfum hennar frá 29. marz og 18. októher 1786, verði haldið fyrir utan þá reikninga.*

c, *Að Íslendíngum veitist sem öðrum málsaðila af sinni hálfu full hlutdeild í rannsókn og úrslitum reikninganna, áður en þeir verða til lykta leiddir með konúnglegum úrskurði.*

d, *Að konúngur allramildilegast hlutist til um, að kollektusjóðurinn, samkvæmt þannig löguðum reikníngum, verði með fullum skilum viðreistur á kostnað ríkissjóðsins.*

Reykjavík, 20. júlí 1859.

Páll Sigurðsson, Arnljótur Ólafsson. Sveinn Skúlason".

formaður og framsögumaður.

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Eg hefi eingu að bæta við það, sem í nefndarálitinu stendur að sinni. Þíngmenn hafa sjálfir heyrt ástæður nefndarálitsins, og eru þeim einnig kunnugar ástæður þær, er áður hafa verið teknar fram á hinum fyrri þíngum fyrir málinu.

Pètur Pètursson: Af því mèr þykir ólaglegt, að menn skuli gánga þegjandi fram hjá þessu máli, þar sem svo lángar umræður hafa orðið um seinasta málið, ætla eg að leyfa mèr að geta þess í fám orðum, að eg get ekki verið á sama máli og nefndin í þessu efni, af því eg er eigi trúmaður með tilliti til þessa máls, því eg er hræddur um, að stjórnin aldrei muni setja til síðu úrskurð einvalds konúngs nú fyrir bæn þíngsins, sem stjórnin tvívegis hefir neitað. En eg get ei neitað því, að mèr líkar betur við þetta nefndarálit en hún fyrri í þessu máli, því það segir þó hreint út, hvað það er, sem menn eiginlega vilja, og tekur það fram, að menn sè ónægðir með það, hvernig þessu fè hefir verið varið, og eg vil ekki heldur neita því, að eg er ekki öldúngis ánægður með brúkunina heldur, því mèr sýnist, að kostnaðurinn við strandamælíngarnar hefði ekki átt að liggja allur á Íslandi, heldur að eins að tiltölu, að svo miklu leyti sem Ísland er partur í konúngsríkinu. Stjórnin mun og, eptir því sem mig minnir, hafa heitið því, að verja ekki innstæðu kollektusjóðsins til strandamælínganna, heldur að eins rentunum af

honum, en eg er hræddur um, að meiru hafi verið varið til þeirra en þeim; þegar eg skoða málið frá þessari hlið, get eg því ei legið landsmönnum á hálsi, þó þeir sè ei ánægðir með brúkunina, en samt sem áður sýnist mèr, þó menn þannig kunni að hafa á rèttu máli að standa, það vera ógjörníngur, að þrá-klifast á þessu máli við stjórnina, og reyna ekki heldur á annan hátt að fá skaðann bættan, því mèr sýnist það mjög hæpið, að menn á þenna hátt komi nokkru til leiðar; því ef menn feingi ónýtt konúngsúrskurðinn frá 1844, þá yrði afleiðíngin af því sú, að menn færi að rekistefnast við stjórnina um klausturgóssa- og stólsgóssa-söluna og öll hin undangeingnu mál, sem nú eru fyrir laungu útkljáð, en sem mönnum hafa þótt orðið til skaða fyrir landið, og yrði ekki annað úr því, en sífellt þras um reikníngafærsluna á hinum fyrri tímum; en þó menn nú feingi endurskoðaða kollektureikníngana, er það þar fyrir ekki meiníng mín, að menn ætti að fara að hreifa þessum málum, heldur er eg hræddur um, að þessi verði afleiðíngin. Því hefir verið hreift reyndar, ekki af nefndinni, heldur hèr á þínginu, að menn ætti að biðja stjórnina, að lofa þessu máli að koma fyrir dómstólana, en mèr sýnist það vera hin mesta villa, því ef stjórnin neitaði því, þá væri málið algjörlega tapað; mèr sýnist því bezt, að menn í þessu máli fari bónarveg við stjórnina, en otuðu ekki fram rèttarkröfum.

Jón Hjaltalín: Síðan mál þetta var síðast rætt, hefir meiníng mín ekkert breytzt, og hefi eg þó verið að leita upplýsínga um það, og hefi eg ekki í hinu íslenzka lagasafni fundið neitt það viðvíkjandi stofnun kollektusjóðsins, er geti bundið hendur stjórnarinnar, þegar það er fullsannað, að því að eins er varið í Íslands þarfir, og þar sem því nú hefir verið varið þannig, er ófært og órètt, að segja, að sá og sá konúngur hafi gjört órètt, þar sem hann er í fullum rètti sínum. Eg sè það af alþíngistíðindunum 1845, að fènu hefir verið varið til strandamælínga, og þó það hafi verið gjört, þá vil eg spyrja, hvort það ekki hafi verið okkar þægðin með strandamælíngarnar; eg held, að við höfum haft eins mikið, ef ekki meira gagn af þeim en Danir, og er það því fyrirgefanlegt, þó menn hafi til þess tekið til kollektusjóðsins. Eg er því sannfærður um, að vèr höfum eingan rètt til kröfu, og held, að menn gjöri ei annað en illt eitt með því, að fara fram á þær, og því síður ættum vèr að gjöra nokkrar kröfur til dönsku stjórnarinnar, sem vèr þiggjum árlega tillag af dönsku stjórninni, og getum ei borið oss sjálfir; má ske getum við það síðar, og getur tíminn sýnt það, eptir að aðskilnn er fjárhagur

Íslands og Danmerkur; þá er það þeinkjanlegt, ef nokkur rèttur er af vorri hálfu, en að fara þessu nú fram við stjórnina, eptir að hún hefir neitað tvisvar, er ekki til annars, en að spana stjórnina upp á móti sèr og fá nei í 3. skipti. Þegar uppgjörðir yrði reikníngarnir milli Íslands og Danmerkur, þá mætti einnig endurskoða þessa reikníng, en nú er það til einskis, að fara fram á það.

Framsögumaður: Eg ætla að eins fáu að svara af því, sem sagt hefir verið. Það gladdi mig að heyra, að hinn 3. konúngkjörni þíngmaður var mèr samþykkur í því, að Íslendíngar hefði í þessu máli góðar ástæður að byggja á, og viðurkenndi, að meðferð og umsjón stjórnarinnar á þessu sèrstaklega legati eða geymslufè okkar Íslendínga, sem gefið var í vissum tilgángi, og einvaldur konúngur tók til geymslu, og fastsetti með augljósum úrskurðum, hvernig fè þetta skyldi geymast og ávaxtast, þá hefði stjórnin samt leyft sèr að brúka fèð, og það höfuðstólinn, til margra útgipta, sem ekki gæti samrímzt við tilgáng kollektu þessarar, og því eytt fè þessu í lagaleysi, og þar sem hann vildi, að menn færi bónarveg að stjórninni, þá hefir þíngið ætíð farið þann veg; en mèr skyldi þykja vænt, gæti sá háttvirti þíngmaður vísað á annan rèttari, og væri eg þá fús, að aðhyllast hann. Hann hèlt, að stjórnin mundi neita okkur, ef við beiddum þess, að málið væri lagt undir úrslit dómstólanna; það get eg að óreyndu ekki ætlað henni, því þar með gæfi hún okkur ástæðu til að hugsa, að hún óttaðist fyrir, að dómsorðið fèlli henni á móti, og því hefði hún beitt valdi sínu, til að verja oss dóminn. Viðvíkjandi því, sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður talaði um stólsgóssin og klausturjarðirnar, þá er öðru máli þar að gegna, því þau voru þó seld með ráðum íslenzkra embættismanna, og skólinn reistur af því fè. Þar sem menn segja, að það sè því fráleitara, að halda þessu máli fram, sem vèr ekki getum borið oss sjálfir, þá virðist mèr það einmitt ástæða með því, en ekki móti, því þá mundi stjórnin verða fúsari til, að veita okkur fjárforráð vor, er hún sèr, að oss er annt um að vita, hvað við eigum; og ef nú feingist uppgjörðir reikníngarnir, þá sæist betur, hvað við þurfum, þegar vèr vitum, hvað við eigum, og væri það bæði meiri ánægja fyrir oss Íslendínga, og sómi bæði fyrir stjórnina og þjóðþíng Dana að vita, hvað oss er gefið og hvað ei er gefið. Á seinni tímum verður það blettur á stjórnsögu Dana, ef hún ekki vill hèr líta á ástæður þessa máls, en vill ætíð verja sig með úrskurði konúngs 1844, sem annar málsaðilinn undir bjó, en sem Íslendíngar vissu ekkert af að segja,

fyrri en að öllu var búið, og svo er sagt: Íslendíngar geta ekki borið sig sjálfir; það má til að skjóta fè til; svo og svo mikið þurfið þið, og hefi eg því góða von um, að stjórnin muni einhvern tíma taka vel í málið, þó síðar verði. Viðvíkjandi því, að strandamælíngarnar hafi verið oss til gagns, en ei Dönum, þá held eg þó, að þeim hafi einasta verið þær til gagns, þar sem verzlun vor var í höndum Dana, og ágóði hennar rann og rennur að miklu leyti inn í Danmörku út úr landinu, eins og kunnugt er, og þarf eg því ekki að fara fleirum orðum um það.

Sveinn Skúlason: Mèr skilst að sè látið í veðri vaka, að mesta mótbáran á móti kollektumálinu sè úrskurður einvalds konúngs; en eg get ei sèð, að þetta alveldi sè meira áður en nú; áður var það hjá einum konúngi; nú er það hjá konúngi og stjórnarráði til samans, og hafi því einvaldskonúngur leyft sèr að breyta eldri konúngsúrskurði frá 1798, því skyldi þá ekki konúngur og stjórnarráð nú geta leyft sèr að breyta konúngsúrskurðinum frá 1844. Þar sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður áleit það rètt, að brúka nokkuð af kollektusjóðnum til strandamælínga, þá mæli eg öldúngis á móti því, að það hafi mátt brúka nokkuð af honum til strandamælínga, því það mátti ekki verja honum öðruvísi, en samkvæmt þeim tilgángi, sem hann var gefinn í. Samt skyldi eg hafa geingið inn á það, er hann ræður þínginu til, að klifa ekki á þessu nú við stjórnina, ef þíngmaðurinn hefði getað bent á annan veg, og sagt oss, hvernig vèr á annan hátt getum feingið þetta fè út hjá stjórninni. En ef hann ekki getur það, þá verð eg að fallast á neíndarálitið. Af ræðu hins 6. konúngkjörna þíngmanns verð eg að álíta, að hann sè meir fyrir nýjar kollektur en gamlar, og álítur það hægra að fá nýtt fè en gamalt; en eg held, að einginn vilji verða til, að skjóta saman fè handa oss, ef að vèr sýnum það, að vèr kunnum eigi að gæta feingins fjár, og látum draga úr höndum oss það fè, sem vèr eitt sinn höfum eignazt.

Jón Hjaltalín: Eg verð að taka til máls, af því þíngmaðurinn úr Norður-Þíngeyjarsýslu hefir misskilið mig. Mín meiníng var sú, að vèr með því, að gjöra heimtíngu til tvísýns rèttar, spilltum góðum huga annara manna til vor, svo hann ekki yrði við hjálparbón vorri; en eg verð að segja það, að eg vil heldur biðja annan mann um lán strax, en heimta af honum fyrst það, sem eg einga heimtíng á á, og biðja hann svo á eptir um að hjálpa mèr.

Guðmundur Brandsson: Eg get ei verið hinum 6. konúng-

kjörna þíngmanni samþykkur í því, að vèr ekki höfum neinn rètt. Því þetta kollektufè, sem nú er verið að tala um, var upphaflega gjafafè, sem var sett inn í ríkissjóðinn, af því menn álitu hann hinn óhultasta geymslustað þess. Þetta er því geymslufè, sem á að skilast aptur, eins og annað geymslufè. Menn vita, að í dánarbúum og þrotabúum er aðalreglan, að taka fyrst af þeim allt þess háttar fè, og geingur það á undan öllum öðrum skuldum; hví skyldi þetta þá ekki eins eiga sèr stað, þar sem ríkissjóðurinn á í hlut? og get eg ei sèð, að konúngsúrskurðurinn standi fyrir málinu, og ber eg gott traust til konúngs og stjórnarinnar, að hún muni líta vel á málið, og sjá, að við höfum rètt að mæla.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Það hefir opt hèr fyr og síðar á alþíngum verið rætt um þetta mál, og misjafnt verið undir það tekið af þeim mönnum, sem hafa verið af stjórnarinnar hálfu, og opt verið reynt til, að verja því framgaungu, en þó verð eg að segja það, að eg hefi aldrei heyrt þvílíkar ræður, eður þvílíkar meiníngar koma upp hjá nokkrum þíngmanni, sem þessum 6. konúngkjörna þíngmanni. Það hefir t. a. m. einginn látið það fram úr sèr koma, að við Íslendíngar hefðum eingan rètt á þessari kröfu eða þessu fè, eður að fá skilagrein fyrir meðferð þess. Eg get ekki heldur skilið, að þessi maður, sem svo er fróður, meini þetta sjálfur, þó hann segði það. Það er líka undarlegt, að hann, sem er konúngkjörinn, skuli gjöra stjórninni þær gersakir, að hún reiðist því, þó hún sè hógværlega beðin um hreina skilagrein fyrir gjörðum sínum, og að hún þess vegna muni ekki vilja hjálpa okkur, þó lífsnauðsyn krefji, og hann skuli setja fram það dæmi upp á stjórn vora, að einn, sem menn krefja um hreina reiknínga fyrir meðferð á fjármunum sínum, muni segja: „Það má fjandinn hjálpa þessum mönnum“. Það mun vaka fyrir þíngmanninum, að þessi bæn okkar sè ógeðfelld stjórninni, og hann veit það, að hún getur neitað, því hún hefir valdið, og getur haft við okkur sverðið á lopti, og sent híngað hermannavald, eins og sagt er að sumir ráðleggi henni, því þannin gæti hún sagt okkur að þegja, og tala ekki eitt orð um þetta mál, *eða við skulum hafa verra;* en eg spyr: gjörir hann þá stjórnina að góðri og rèttlátri stjórn?

Pètur Pètursson: Er það meiníng nefndarinnar, að sá maður eða þeir menn, sem af Íslands hálfu ætti að eiga þátt í yfirskoðun reiknínga kollektusjóðsins, eigi að gjöra það fyrir ekki neitt, eða fá borgun fyrir það af kollektusjóðnum? Eg veit ekki, hvort stjórnin

vill endurgjalda það, sem kann að bresta á kollektusjóðinn, en það veit eg, að bæði konúngur og ríkisþíngið eru oss jafnan vinveitt, er vèr þurfum fjár við til einhverra nauðsynja. Eg hefi ekki sagt það, sem þíngmaður Norður-Þíngeyínga bar upp á mig, að það hefði átt að verja nokkru af kollektufènu til strandamælínga, heldur gat eg að eins þess, að konúngsúrskurður hefði að eins leyft að verja rentunum til þess.

Arnljótur Ólafsson: Eg vona, að hinn 3. konúngkjörni þíngmaður verði meðmæltur kollektunni, og vil eg því að eins geta þess, að nefndinni fannst nú ei kominn tími til þess, að ákveða neitt um laun þeirra manna, er nefndir kynni að verða til að yfirfara kollektureikníngana, því ef stjórninni litist, að setja nefnd, til að endurskoða kollektureikníngana, þá mundi hún úrskurða um laun þeirra; en ef hún tekur hinn veginn, að leita álits þíngsins um rannsókn reikníganna, þá þarf eingra launa við; en vegna þess að nefndin vissi eigi, hvort ráðið stjórnin mundi upp taka, þá þótti henni eigi rètt, að ákveða neitt um það nú þegar. Eg vil þessu næst leyfa mèr að biðja hinn 6. konúngkjörna þíngmann, að lesa lagaboðið frá 1783, er leyfir, að mætti safna fè *til styrktar handa nauðstöddum* í Skaptafellssýslu vegna eldgossins, og *Kabinetsordre* 25. október sama árs, er leyfir, að mætti safna fè *handa þeim,* sem liðið höfðu tjón við eldgosið; síðan kom út konúngsúrskurður 19. september 1792, og annar 29. sept. 1797, sem tala um þetta fè sem *geymslufè.* Ef hinn 6. konúngkjörni þíngmaður væri eins góður lagamaður og hann er lækníngamaður, þá mundi hann hugsa sig um, hvort hèr sè eginn rèttur veittur þeim, sem gjöfina áttu að þiggja, og hvort þeim ekki ætti að gefast kostur á, að sjá reikníngana. Stjórnin hefir þó sjálf viðurkennt þenna rètt, því hún hefir lagt reiknínga kollektusjóðsins fram á alþíngi 1798, og skyldi alþíngi nú eigi hafa jafnmikinn rètt? Í þessum gamla reikníngi er sjóðurinn aðgreindur í 2 hluti, eða reikníngurinn er í tvennu lagi; það var sèrstakur reikníngur yfir það fè, sem gefið var til Skaptafellssýslu, og sèrstakur reikníngur yfir það, sem gefið var öllu landinu; þessu fylgdi og stjórnin fram eptir. Eg ætlaði, að hinum 6. konúngkjörna þætti vænt um þetta mál, þar sem hann er í nefnd þeirri, er á að leggja ráð í vandræðum þeim, sem kláðinn nú hefir steypt mönnum í, því eg hugsaði, að hann mundi heldur vilja halda sèr við hið veika strá, sem er, en óvissa von um nýja kollektu.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir þíngmaður Borgfirðínga hugsa skríti-

lega. Eptir hans meiníngu á eg, ef eg vil biðja menn að hjálpa mèr, fyrst að gánga að honum og segja honum, að eg eigi hjá honum, og þegar eg nú verð að fara ofan af því, þá að biðja hann um hjálp eða lán. Eg held, að þessi aðferð sè ekki góð, þar sem stjórnin hefir gefið ljósa reiknínga fyrir meir en 10 árum síðan, eins og þíngmaður Borgfirðínga getur sèð, ef hann vill lesa skýríngar *Bardenfleths* í alþíngistíðindunum 1845 (*Arnljótur Ólafsson:* Eg hefi lesið þær mèr til leiðinda). Eg ann löndum mínum alls góðs, en með þessu og öðru eins ávinnum vèr ekkert, en gjörum að eins illt eitt. Þar sem þíngmaður Mýramanna bar það upp á mig, að eg hefði beðið um herlið híngað, þá er óþarfi fyrir hann að gefa mèr þenna snert, því eg hefi aldrei beðið um herlið, en get ei að því gjört, þó þeir, sem út leggja, sè svoddan klaufar, að leggja *Executiv-Magt* út við herlið; hann hefði sannarlega getað sparað sèr þess háttar slettur.

Framsögumaður: Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður þykir mèr dæma hart og fljótt, eins og honum er optar lagið. Hann segist hafa kynnt sèr málið, en eg heyri af ræðum hans, að hann hefir varla litið í það; hann segir, að menn hafi heimtað, en eg vildi ráðleggja honum að líta á bænarskrár þær, sem alþíngi hefir sent konúngi, og lesa rèttar, áður hann slettir á sleggjudómi. Skoðun hans sem Íslendíngs er ekki heldur skoðun allra Íslendínga, sem munu hafa allt aðra skoðun en þá, sem hann heldur fram, eins í þessu sem fleiru, og efast eg um, að hans skoðun sè rètt, en álít skoðun annara Íslendínga rèttari. Hinu öðru, sem hann sagði, hafa aðrir svarað, svo að eg þarf ekki að segja fleira.

Pètur Pètursson: Þíngmaður Borgfirðínga hefir dregið meira út úr orðum mínum, en í þeim lá; eg er raunar samþykkur nefndinni í því, að kollektunni hafi ei verið að öllu leyti varið samkvæmt tilgángi hennar, en er ósamþykkur nefndinni í þessum máta, til þess að fá leiðrèttíngu á því, því sá vegur, að fá reiknínganа endurskoðaða, er ei hinn rètti, og get eg því ei fallizt á hann; en eg skyldi vera manna fúsastur til þess, að taka vel hverjum þeim máta, er eg sæi að gæti leitt til þess, að fá viðrèttíngu í þessu máli; en eg álít stjórninni alveg ómögulegt, að gegnumskoða reiknínganа betur, en hún hefir gjört það, því það mun hafa verið gjört með allri mögulegri nákvæmni.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Mèr sýnist hinn 3. konúngkjörni þíngmaður vera mjög ónærgætinn við nefndina, þegar hann finnur að því hún hafi ekki farið rèttan veg í þessu máli, og

heimtar af henni, að finna annan betri, en bendir henni þó ekki á neinn slíkan veg, sem honum litist hentugri. Það má þó geta nærri, að nefndin muni hafa tekið alla þá vegu til greina, sem menn geta farið í þessu máli, og valið þann, sem henni þótti beztur. Eptir núnu áliti hefir hún og farið þann veg, sem helzt var farandi, og fyrst þíngmanninum ekki líkar þessi vegur, þá hefði hann, að mèr virðist, átt að stínga upp á öðrum betri. Nefndin hefir ekki einúngis stúngið upp á, að fá að sjá reikníngana, eins og þeir *hafa* verið samdir, því það er ekki svo girnilegt, og það höfum við sèð, en nefndin hefir stúngið upp á, að þíngið leitist við, að fá út úr reikníngunum þau útgjöld, sem ekki koma sjóðnum við, og þetta er einmitt aðalatriðið. Þíngmaður Borgfirðínga hefir rakið nokkuð um uppruna kollektunnar, að hún var gjafasafn einstakra manna handa nauðstöddum mönnum á landi hèr, sem stjórnin tók til geymslu, þángað til þess þyrfti með; og sagði konúngur sjálfur svo fyrir, að af sjóðnum skyldi gjalda 4%, þángað til fèð yrði goldið út aptur til þess, sem ætlað var; í nærfellt 20 ár gleymdi stjórnin ekki þessum tilgángi; reikníngarnir voru birtir á alþíngi, og rentukammersúrskurðir neita optar en einu sinni, að hafa fè þetta til annars en þess, sem upprunalega var til ætlazt. En með úrskurði 28. maí 1800, sem byggður er á uppástúngu rentukammersins, leyfði konúngur, að *leigum* kollektusjóðsins, en ekki stofninum, væri varið til strandamælínga. Ef málið hefði verið borið upp fyrir konúng með öllum þess kríngumstæðum, og honum hefði verið skýrt frá tilgángi sjóðsins, er eg sannfærður um, að þetta hefði ekki verið leyft, heldur mundi augnamiðs sjóðsins hafa verið gætt. Rentukammerið hefir einnig sýnt sjálft um þessar mundir, að það þekkti vel tilgáng sjóðs þessa, og vissi, að honum var ekki rèttilega varið, því það meðkennir, að það hefði verið gripið til þessa fjár til strandamælínganna, af því að ekki var þá annað fyrir hendi, en lofaði, að sjóðnum skyldi verða fèð endurgoldið. Það getur þess um leið, að eins og þessi sèrstaklegi sjóður Íslands hafi verið tekinn í þarfir ríkissjóðsins, eins eigi Ísland tiltölu til hins almenna sjóðs, þegar það þurfi með. Enda leið og ekki á laungu, að þess þurfti, þegar stríðstíminn kom, en það hefir lítið orðið úr. Noregi var í þessu hallæri veittur styrkur miliónum saman úr opinberum sjóði, en til Íslands veit eg ekki annan styrk sendan um þær mundir, en skip upp á kostnað kollektusjóðsins, sem ekki kom að neinum notum, og einginn vissi hvað úr varð, nema svo sè, að í þeim reikníngi sè fólgið það, sem stjórnin

segist hafa tekið þann reikníngínn, sem hafi verið Íslandi meira í vil. Meðan verið var að eyða, ekki einúngis rentunum, heldur líka töluverðu af höfuðstóli kollektusjóðsins, bæði til strandamælínganna, til eptirlauna handa mælíngamönnum, og til útgáfu strandakortanna, voru eingir reglulegir reikníngar samdir, og ekkert skipt sèr af þeim, fyr en eptir 1830. Hvað viðvíkur sjókortunum, sem búin voru til á kostnað kollektusjóðsins, þá skyldi menn þó hafa hugsað, að sjóðurinn hefði verið látinn hafa hinn litla ábata, sem gat orðið af sölu þeirra, en því fór fjarri, heldur voru kortin öll gefin til sjókortasafnsins í Kaupmannahöfn. Mèr sýnist því, þegar allrar þessarar meðferðar er gætt, og margra annara atriða þar að lútandi, vera mikið gruggugt í þessu máli, og hins vegar get eg ekki óttast, að stjórnin muni láta oss gjalda þess á nokkurn hátt, þó vèr höldum því fram, sem vèr ætlum oss eiga rètt til. Mín skoðun er sú, við hvern sem eiga er, að eg vil fyrst og fremst eiga rètt minn, en það, sem fram yfir er, tek eg með þökkum, og vil gjarnan endurgjalda eptir megni. Eg vil ekki einu sinni ætla það einstökum manni, að hann þykki við mig, þó eg vilji verja rètt minn, og læt eg ekki sannfærast af slíkri ástæðu, því eg veit, að stjórnin muni alls ekki vilja, að oss sè gjör órèttur í þessu máli, og sama veit eg að hver sanngjarn danskur maður vill, ef hann þekkir málavöxtu; hitt er mikið satt, að það er örðugt, að keppa við stjórnina og sækja fè í hendur henni, og færa allar þær sannanir, sem þar til þurfa. Fyrir því sýnist mèr það og ekkert kapp, heldur mjög sanngjarnt, sem nefndin fer fram á, að Íslendíngar biðji um, að fá hlutdeild í endurskoðun reikníganna; líklega hefir hún þá hugsað sèr setta nefnd manna, til að rannsaka og koma sèr niður á reikníngum þessum, og að í þeirri nefnd yrði Danir og Íslendíngar. Þetta virðist að vera sanngjarn og álitlegur vegur til að útkljá málið. Fyrir mitt leyti verð eg að segja það, þó eg sè einginn lagamaður, að mèr virðist eingin stjórn geta átt rètt eða löglegt vald á, að fara með geymslufè, sem hún hefir sjálf tekið við, ótilkvödd og að fornspurðum viðkomendum, eins og annað fè í ríkissjóðnum, heldur álít eg beina skyldu, að halda því við og ávaxta það sèr í lagi. Þess vegna vil eg og halda kollektusjóðnum fyrir utan alla millumreikníngа. Kollektufèð er eins og nokkurs konar *Legat,* sem stjórnin á ekki með að skerða, heldur er skyld til að fara með eptir tilgángi þess; það finnst mèr vera hina rètta skoðun á eðli sjóðs-

ins og meðferð hans. Þetta virðist mèr vera aðalatriðið í málinu, og gjöra rèttarkröfuna frá vorri hlið óyggjandi.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, álít eg undirbúníngsumræðu þessa máls lokið, og kemur þá samkvæmt dagskránni málið um *útbýtíngu alþíngistíðindanna* til undirbúníngsumræðu, og, ef til vill, samkvæmt uppástúngu nefndarinnar til atkvæðagreiðslu.

Var nefndarálitið síðan afhent *framsögumanni,* fulltrúa Gullbríngusýslu, er las það upp með leyfi *forseta* svo látandi:

„Alþíngi hefir kosið oss, er ritum hèr undir nöfn vor, í nefnd, til þess að íhuga og segja álit vort um uppástúngu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, sem er þess efnis, að alþíngi hlutist til, að sèrhver hreppur í landinu fái að gjöf eitt exemplar af öllum þeim alþíngistíðindum, sem prentuð hafa verið og prentuð verða á yfirstandandi ári.

Eptir að vèr nákvæmlega höfum íhugað nefnda uppástúngu, verður álit vort um málið á þessa leið:

Vèr getum eigi annað en talið það mikinn skaða, bæði fyrir þjóð vora og álit alþíngis, að þíngtíðindin koma svo lítið og misjafnt fyrir almenníngssjónir; vèr álítum nú reyndar, að ef samgaungur væri tíðari í landinu og útsendíngar bóka ekki svo fjarska-miklum erfiðleikum bundnar, mundi alþíngistíðindin, sem eru seld við gjafverði, geta geingið vel út; en þegar menn gæta að því, að alþíngistíðindin eru eitthvað 60 arkir að stærð, leiðir það af sjálfu sèr, að þau eru svo þúng í flutníngum í samanburði við verð þeirra, einn ríkisdal, að það kyrkir alla sölu þeirra, og það einkum, þegar sölunni hefir verið hagað eins og híngað til, að útsölumaður hefir átt að ábyrgjast allt hið útsenda af upplaginu, og því ekki getað sent neitt af tíðindunum út upp á óvissu, eins og gjört er með allar aðrar sölubækur, heldur einúngis látið það af hendi, er pantað hefir verið hjá honum. Af þessu hefir nú leitt, eins og nærri má geta, að svo að kalla ekkert hefir selzt, nema það lítið, sem einstakir alþíngismenn hafa pantað og feingið sent til sín með póstum og öðrum ferðum með miklum tilkostnaði og fyrirhöfn, og að þetta litla hefir strjálazt um landið mjög ójafnlega, og það svo, að í sumar sýslur hafa þau aldrei komið með skilum.

Þegar vèr nú á hinn bóginn gætum þess, hve mikið almennt útbreidd þekkíng til laganna styrkir og eykur fjörugt þjóðlíf, og gjörir mönnum hægra fyrir að fylgja lögunum, eins og líka er viðurkennt

af stjórninni, er annast um, að öll íslenzk lagaboð sè send í hvern hrepp á landinu, til að geymast þar með öðrum hreppsskjölum, getum vèr eigi annað en álitið það mjög nauðsynlegt, að alþingistíðindunum, sem hafa inni að halda allan grundvöll og ástæður fyrir hinni nýjari lagasetníng, sè einnig safnað saman og geymd við hreppana, og verður það því nauðsynlegra, að greiða veg fyrir þessari útbreiðslu þíngtíðindanna, sem þau annars breiðast út svo misjafnt og óreglulega, að eingin von er til þess, að slíkt fyrirkomulag verði mönnum að jöfnum notum, eins og sú tilhögun, sem hèr er stúngið upp á. Að mikill hluti alþíngistíðindanna, sem þó var 1855 fært niður frá 1000 expl. í 600, liggur hèr ár frá ári gagnslaus í Reykjavík, mælir líka mjög svo fram með því, að einhver sú ráðstöfun sè gjörð fyrir þeim, að þau geti orðið landsmönnum til meiri nota, og þegar þess er gætt, að hrepparnir á öllu landinu eru ekki fleiri en 169, sèst það ljóst af reynslu fyrirfarandi ára, að nóg verður samt eptir, þegar að ekki hefir af næstu þíngtíðindum selzt meira en 180 expl., því með sama upplagi og sömu sölu yrði þó fyrirliggjandi til brúkunar á seinni þíngum 250 alþíngistíðindi.

Þó að nefndinni hefði þótt það mjög æskilegt, að hrepparnir hefði getað feingið hver sín tíðindi kostnaðarlaust, hefir hún þó ekki getað fundið nein hentug ráð til, að koma því til leiðar, og því ekki getað tekið hinar ýmislegu uppástúngur, sem komu fram í ræðum þíngmanna í þá stefnu, til greina. Nefndin ætlar líka, að landsmönnum skiljist það vel, hver nauðsyn er, að þessi ráðstöfun fái framgáng, og að hreppstjórar í hverjum hreppi muni fúsir á, að nálgast á hreppsins kostnað alþíngistíðindin, þegar þeir fá þau gefins.

Af framanskrifuðum ástæðum viljum vèr ráða alþíngi til, að gjöra þá ákvörðun:

1. *að allir hreppar á Íslandi fái að gjöf, hver hreppur 1 expl. af öllum þeim þíngtíðindum, sem út hafa komið, síðan alþíngi hófst 1845, og sömuleiðis þau þíngtíðindi, er hèr eptir út koma.*
2. *að hver hreppur eigi á sinn kostnað að nálgast þíngtíðindin; og skulu hreppstjórar geyma þau vandlega með öðrum skjölum, er hrepparnir eiga.*

Reykjavík 20. júlí 1859.

Guðmundur Brandsson, Ásgeir Einarsson. Sveinn Skúlason“.
formaður og framsögumaður.

Framsögumaður (Guðmundur Brandsson): Eg ætla ekki að leingja þíngræðurnar með því, að tala meir um þetta mál; þess mun ei heldur þörf, þar mikið var rætt um það við inngángsumræðuna, og vona eg, að þíngmenn taki nú vel í málið, eins og þá.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Mèr finnst fyrra atriðið í uppástúngu nefndarinnar, að gefa 1 expl. af alþíngistíðindunum til hvers hrepps, vel til fallið, en með hitt atriðið er eg í vandræðum, því mèr finnst það vera hefndargjöf, ef hver hreppur á að nálgast alþíngistíðindin í Reykjavík; flutníngurinn verður hverjum hrepp miklu dýrari en tíðindin sjálf, og væri því nauðsyn, að hver hreppur þyrfti að eins að nálgast þau frá einum stað í hverri sýslu; en þá er spursmálið, hvernig eigi að koma þeim þángað, og veit eg ekki, hvernig það yrði gjört hagkvæmlega. Eg sè reyndar, að það er ekki ókljúfandi fyrir mig, að koma þíngtíðindunum til Ísafjarðarsýslu, en aðrir kunna að eiga örðugra með, að koma þeim í sín kjördæmi en eg, og því held eg, að það verði nauðsynlegt, að annaðhvort þíngið eða embættismenn annist flutníng alþíngistíðindanna í hverja sýslu.

Framsögumaður: Þetta var það atriði, sem nefndin var í mestum vafa um og mestum vandræðum; því ýmsar uppástúngur komu fram um það, en henni leizt ekki á neina af þeim. Menn höfðu stúngið upp á, að senda þau fyrst til Kaupmannahafnar, og þaðan til ýmissa kaupstaða, en það getur ei skeð án mikils kostnaðar, og áleit nefndin, að hann gæti orðið allt að 200 rdd., og hver átti að borga þann kostnað? Nefndin þorði ei að stínga upp á, að hann væri borgaður af alþíngiskostnaðinum, því hún áleit, að alþíngi þyrfti að senda um það bænarskrá til konúngs, áður en endileg ákvörðun yrði tekin um þetta, og lèt hún sèr þá nægja að þessu sinni, að hverjum hreppi væri gefinn kostur á, að fá þíngtíðindin, og er með því að minni hyggju eingu spillt, og sýnist mèr það ekki vera nein hefndargjöf; því ef landsmenn hafa nokkurn áhuga á, að eignast þíngtíðindin, þá munu án efa á næsta þíngi koma bænarskrár, sem kunna að stínga upp á hentugum máta til þess, að koma þíngtíðindunum í hvern hrepp.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Mèr sýnist óviðkunnanlegt, að skylda hvern hrepp til þess, að taka á móti 1 expl. af tíðindunum, og sýnist mèr því betra að segja svo, að hver hreppur *megi* fá 1 expl. Þessi tilhögun á víst að vera hvöt fyrir landsmenn

til þess, að kynna sèr alþíngistíðindin, og til þess að koma þeim í hendur þeirra, sem vilja lesa þau.

H. Kr. Friðriksson: Eg var bæði og er mótfallinn þessari uppástúngu, sem ekki er til neins gagns, því að kostnaðurinn við útsendíngu tíðindanna er meiri en verðið á þeim, og er auðsèð, að lítið er þá unnið, þó hreppunum verði gefin tíðindin. Hvort sem áhuginn er mikill eða lítill, þá held eg, að fjarlægar sýslur ekki vilji vinna það til að eiga tíðindin, að kosta upp á flutníng þeirra, og vil eg því stínga upp á því, að menn láti þetta mál bíða, þángað til búið er að koma fyrir póstgaungunum í landinu, því þá kunna menn betur að sjá, hvernig greiða megi fyrir flutníngnum. Auk kostnaðarins við útflutníninn til hèraða, sem talað hefir verið um, þá held eg, að þíngmenn hafi gleymt einu atriði, og það er það, að einhver verður að útbýta tíðindunum hèr í Reykjavík, og getur enginn ætlazt til, að nokkur vilji gjöra það fyrir ekki neitt, að afhenda þau og búa um þau, er þau verða sótt eða send, og ekki heldur geyma 169 expl. fyrir ekki neitt. Þetta er því nýr kostnaður, sem eg vil biðja menn að gæta að. Auk þessa vil eg geta þess, að það mun naumast vera svo mikið til af fyrstu árunum, að hver hreppur á landinu geti feingið eitt exemplar.

Framsögumaður: Þetta er ekki nýr kostnaður, því ef einginn nálgast tíðindin, og uppástúngan verður að eingu liði, þá er enginn kostnaður, svo að þetta er ósamkvæmni hjá þíngmanni Reykjavíkurbæjar, og þó menn gefi hverjum hreppi leyfi til þess, að nálgast þíngtíðindin, held eg, að eingu sè spillt; en viðvíkjandi því, að póstgaungumálið verði útkljáð, þá kann að vera, að þýngist alþíngistíðindabagginn þángað til, þegar á að senda með þeim nýju póstum öll þau alþíngistíðindi, sem þá verða komin út. Þíngmaður Ísfirðínga og þíngmaður Reykjavíkurbæjar hafa báðir fundið að uppástúngu þessari, einkum seinna atriði hennar, en sinn með hverju móti, því annar vill, að málið komist á fram, en hinn aptur á bak; annars er það misskilníngur að ætla, að nefndin hafi viljað skylda hvern hrepp til, að sækja tíðindin á sinn kostnað, hvort hann vildi eiga þau eða ekki; hitt var meiníngin að þeir, sem vildi eignast þau að gjöf, eins og nefndin hafði stúngið upp á, yrði að nálgast þau á sinn kostnað. Eg skyldi nú taka til þakka, ef einhver vildi stínga upp á einhverjum góðum ráðum til þess, að koma tíðindunum í hvern hrepp, án þess að leggja þann kostnað, sem af því flýtur, saman við alþíngiskostnaðinn; því eg álít, að alþíngi hafi ekkert vald til þess.

Pètur Pètursson: Eg vil leyfa mèr, að gjöra breytíngaratkvæði við 2. tölulið, þar það eptir því, sem þar stendur, lítur út, eins og það sè gjört hverjum hrepp að skyldu, að eiga tíðindin, í þá átt, að hver hreppur, sem vill eiga þíngtíðindin, megi nálgast þau í Reykjavík á sinn kostnað. Eins og þíngmaður Reykjavíkurbæjar gat um, virðist mèr sjálfsagt, að útsölumaður fái þóknun fyrir umbúðir og afhendíngu tíðindanna.

Framsögumaður: Eg verð að taka það upp aptur, að það er misskilníngur greinarinnar, að það sè gjört hreppunum að skyldu, að eiga þíngtíðindin; meiníng hennar er sú, eins og eg sagði áðan, að hreppar fái þau að gjöf, og eigi svo að nálgast þau á sinn kostnað, ef þeir vilja eiga þau. Viðvíkjandi því, sem þíngmaður Reykjavíkurbæjar gat um, að útsölumaður þíngtíðindanna ei gæti afhent þau fyrir ekki neitt, þá var það einnig meiníng nefndarinnar, en henni þótti munur á 24%, eins og útsölumaðurinn hefir áður feingið, eða einhverri minni þóknun.

Jón Hjaltalín: Nú virðist að ætli að verða vandræði úr flestu. Ætli að mætti þó ekki fá einhvern bókasölumann til þess, að koma þeim á einhverja eina höfn í hverri sýslu? svo mikið er sent af öðrum bókum út um landið, að mèr þykir undarlegt, ef þíngtíðindin ekki skyldi geta komizt eins út um það, eins og aðrar bækur. Ætli að mætti ekki fella burtu 2. atriðið, og láta þann, sem útsöluna hefir á hendi, annast að koma þeim út, eins og honum þykir hentugast?

Stefán Eiríksson: Eg held það ætli að verða nokkurs konar harmabrauð fyrir hreppana þessi tíðindi; en ef þíngið ályktar, að hrepparnir fái þessa náðargjöf, þá vil eg að eins geta þess, að eg hefi hugsað mèr sem svo, að koma þíngtíðindunum þannig í Austur-Skaptafellssýslu, að þau fyrst yrði send til Hafnar, og þaðan á Djúpavog, þá mundi flutníngur þeirra ekki verða svo tilfinnanlegur fyrir Austur-Skaptafellssýslu, og sama mundi verða ofan á víðar í kríng um landið, ef flutníngnum væri hagað á þessa leið, sem eg nú hefi bent til.

H. Kr. Friðriksson: Eg er hræddur um, að það sè ekki svo gott, að fá útsölumann, því árið 1857 vildi enginn vera það, og tókst eg það þá á hendur fyrir bón *forseta* og hins heiðraða meðnefndarmanns míns; en eg tek eigi að mèr útsöluna aptur. Mèr sýnist því, að menn ætti fyrst að vita, hvaða útsölumann menn geta feingið, og með hvaða kjörum. Eg sè ekki heldur neina ástæðu

fyrir því, hvers vegna hreppstjórar eiga heldur að fá þingtíðindin gefins, en aðrir embættismenn, og vil eg stínga upp á því, að allir sýslumenn, landfógeti, amtmenn, stiptamtmaður og biskup fái líka 1 expl. gefins, og vil eg taka mèr um það breytíngaratkvæði.

Indriði Gíslason: Það er kvartað yfir því, hversu örðugt sè að nálgast þíngtíðindin, og það kann nú satt að vera; það hefði verið lítill vegur, og heldur tilvinnandi, hefði hver hreppur feingið 2 exemplör, að þá hefði verið gjörandi sèr ferð eptir þeim; þó læt eg nú þetta allt saman vera, en niðurlagsatriði annarar greinar, það spillir öllum kostunum, þegar að sagt er, að þau skuli geymast vandlega við hreppsskjölin. Það má þó nærri geta, að eitt exemplar í heilan hrepp getur eigi komið fyrir margra augu, ef það á að geymast vandlega hjá hreppstjóranum; eða halda menn, að hreppsbúar yrði viljugir á, að leggja saman, til að nálgast tíðindin einúngis til þess, að þau sè læst niður hjá hreppstjóranum, því það kalla eg að geyma vandlega. Eg áskil mèr því breytíngaratkvæði í þá stefnu, að hreppstjórar sjái um, að sem flestir fái og sem haganlegast í hreppnum að lesa tíðindin, þetta mikla offur.

Framsögumaður: Eg held að menn geti geymt tíðindin vandlega, án þess að læsa þau niður, og þykir mèr þetta merkileg rángfærsla af þíngmanninum úr Dalasýslu. Eg held, að það sè skylda hreppstjóra, að geyma hreppsbækurnar vel, og eru þær þó opt lánaðar út um hreppinn, brúkaðar á fundum, við uppskriptir í búum, auctiónir og jarðaúttektir, og ber ekki á öðru, en að þær endist fyrir því líkt og aðrar bækur. Hverjum þíngmanni er nú heimilt að taka þau breytíngaratkvæði, sem hann vill, og líka um það, að hreppstjórar megi brenna þíngtíðindin, ef þeim finnst það eiga betur við, en að þau sè vandlega geymd með öðrum hreppsskjölum, eins og nefndin hefir stúngið upp á.

Arnljótur Ólafsson: Eg held, að þíngmenn sè farnir að gjöra gaman að þessari gjöf alþíngistíðindanna. Um uppástúngurnar sjálfar vil eg geta þess, að mesti munur er á því, að nálgast þau þíngtíðindi, sem koma út framvegis, eða öll þau, sem komin eru út, og af því eg álít það alveg ómögulegt fyrir hreppana, að nálgast hin útkomnu tíðindi, þá vil eg taka mèr það breytíngaratkvæði við 2. grein, að þíngið feli *forseta* sínum á hendur, að annast útsendíngu þeirra alþíngistíðinda, sem út eru komin, út um landið. Menn vita, að svo er samgaungum vorum varið, að kostnaðarminnst verður, að senda þíngtíðindin fyrst til Hafnar, og þaðan á hafnir í sýslu hverri.

Nú verður og kostnaðarminnst, að koma þingtíðindunum, ef einn maður feingist til þess, að sjá um útflutninginn, til allra hreppa, og yrði það miklu kostnaðarminna, ef alþingi sæi um þetta, en ef hver hreppur ætti að annast sinn hlut af þingtíðindunum; sýnist mèr þá, að menn eigi að hafa það ráð, sem gjörir útbýtinguna kostnaðarminnsta; úr því landsmenn, sem borga alþingiskostnaðinn, yrði að borga þenna útflutningskostnað, hvort sem er, þá finnst mèr rèttast, að hann sè tekinn af öðrum alþingiskostnaði. Ekki get eg sèð, að menn þurfi að fara með þetta út fyrir pollinn, því þetta hlýtur eins að vera á þingsins valdi, eins og annar smávegis-kostnaður við þingið. En þar sem um það er að ræða, hvern útflutningsmann þingið helzt ætti að fá sèr, þá er það mitt álit, að hinn háttvirti *forseti* sè bezt til þess fallinn, ef hann fæst til að taka það að sèr, þar bæði er hann manna vanastur slíkum útsendingum og rèttkjörnastur til þess af þingsins hálfu.

Sveinn Skúlason: Eg var einn í þessari nefnd, og var eg sannfærður um, að það væri þarflegt, að alþingistíðindin væri í hverjum hrepp, þó að eg segði það þegar við inngángsumræðuna, að eg áliti uppástúnguna ónóga, þegar hrepparnir geta ekki feingið þau send til sín kostnaðarlaust; en nefndin gat ei ráðið til þess, að flutningur alþingistíðindanna í hreppana væri tekinn af alþingiskostnaðinum, af því að nefndin gat ei sèð, að reikningurinn, um þess konar kostnað yrði sanngjarn. Nefndinni þótti það aðgeingilegast, að fá sem mest af þingtíðindunm flutt með seglskipum til Hafnar, en þá sá nefndin það, að hrepparnir þyrfti bæði að borga þeim, sem gjörði þingtíðindin úr garði í Reykjavík, þeim, sem tæki við þeim í Höfn og annaðist þau þar, og eins þeim, sem tæki við þeim á kaupstöðunum, fyrir fyrirhöfn sína, og þetta voru þau vandræði, sem felldi þessa uppástúngu. Það er líka misskilningur á orðinu „*eigi*", að hrepparnir sè skyldir til þess, að eiga þingtíðindin; það lýtur að eins til þess, að hrepparnir sè skyldir að annast nálgunina. Að öðru leyti skal eg fallast á hverja þá uppástúngu, sem getur komið því til leiðar, að hrepparnir fái þingtíðindin gefins.

Benedikt Þórðarson: Af öllu má ofmikið gjöra, og svo virðist mèr að þingmenn gjöri hèr í tölum sínum viðvíkjandi vandræðum þeim, að hrepparnir geti feingið alþingistíðindin heim til sín. Eg held vandræðin sè hvorki eins mikil, nè eins almenn, og látið er. Hèðan í flestar sýslurnar í suðurumdæminu er þó ekki leiðin laung, og flutningur tíðindanna í þær sýslur ekki kostnaðarsamur, væri honum

skynsamlega hagað; í allt vesturumdæmið er líka vinnandi verk að senda tíðindin; hèðan eru margar ferðir, og það skipaferðir, upp á Mýrar og í Borgarfjörð; kaupskip sigla hèðan á hverju vori til verzlunar á öllum höfnum kring um alla Vestfirði, og er það auðvelt, að senda með þeim tíðindin í hverja sýslu, væri að eins einhver hèr í Reykjavík, sem hirti um það. Hvað Barðastrandarsýslu snertir, þá gæti eg hèr tekið við tíðindunum þángað, og beðið einhvern að geyma þau í vetur, og senda að vori á Stykkishólm eða Flatey; mundi þau úr því auðveldlega komast í hreppana, og þó það verði ekki fyr en að ári, er betra seint en aldrei. Það er einúngis norður- og austur-umdæmið, sem erfiðast á hèr aðstöðu, og helzt er um að ræða, en einnig þángað er ekki örvænt um að vegir greiðist með tímanum.

Um geymslu tíðindanna í hreppunum held eg verði að fara eptir hentugleikum; en því að eins verða not að þeim, að menn fái að lesa þau, en það fá þeir ekki, ef þau eiga að sofa ómakslaust á skrínubotnum hreppstjóranna.

Ólafur Jónsson: Hèr eru 2 atriði umtalsefni, 1, að allir hreppar fái 1 expl. af þíngtíðindunum gefins, og geingur það yfir mig, að nokkur skuli hafa á móti þessu atriði. Eru það ekki landsmenn sjálfir, sem kosti þíngið? og hvað er þá sanngjarnara, en að landsmenn fái sitt expl. í hvern hrepp ókeypis? Eg kann betur við, að orða það svo, því hèr er ekki um nokkra gjöf að tala. Hitt atriðið, um útsendíngu tíðindanna, er vandasamara, því mèr þykir það ísjárvert, að leggja þann kostnað á alþíngiskostnaðinn, af því eg vil ekki auka hann með þessu, og eg get ekki sèð, að þíngið hafi nokkurn rètt til þess, að auka þíngkostnaðinn vegna einstakra hreppa eða sýslna, sem fjarlægastir eru, og mèr sýnist næstu sýslurnar með rèttu geti haft á móti því, að bera þenna kostnað að jöfnu með hinum fjarlægari sýslum. Mèr sýnist því ei annað vera rèttara, en að samþykkja fyrstu greinina, að hver hreppur fái ókeypis 1 expl., og sömuleiðis 2. gr. með breytíngu hins 3. konúngkjörna þíngmanns.

Stefán Jónsson: Eg get ekki fallizt á meiníngu þíngmanns Húnvetníinga, því það er mjög örðugt fyrir sumar sýslurnar, að þiggja þessa gjöf, þar sem sumar eiga mjög hægt með það, og Reykjavíkurbúar ekki þurfa annað en að fara í næsta hús, til þess að fá þíngtíðindin, og sè eg ekki, að nein sýsla geti mótmælt því, að þessi kostnaður sè tekinn af alþíngiskostnaðinum af þeirri ástæðu, að hún er nær Reykjavík en hin, því alþíngiskostnaðurinn er meiri fyrir

sumar sýslur en sumar, vegna þess að það er örðugra og kostnaðarmeira fyrir suma þingmenn að komast hingað en fyrir suma; þingkostnaðurinn verður eðlilega mestur fyrir þá þingmenn, sem eru úr fjarlægustu sýslunum, og þá, sem eiga heimili utanlands; þenna kostnað borga allar sýslur jafnt, eptir sem efni þeirra standa, og sýnist mèr, að þær eins af sömu ástæðu eigi að jöfnu að borga kostnaðinn við flutníng tíðindanna; það yrði annars ekki lítill örðugleiki fyrir hreppana, að ná þessum litla böggli til sín; eg set, að sè 10 hreppar í sýslu, og eru það þá 80 þykkar bækur, sem sú sýsla ætti að borga flutninginn á; mèr er tvísýnt, að hrepparnir vilji vinna það til, að sækja þingtíðindin upp á sinn eiginn kostnað, og eg álít, ef það er löglegt, þá sè rèttast, að flutníngskostnaðurinn sè tekinn af alþíngiskostnaðinum.

Ólafur Jónsson: Af því alþíngi ekki hefir löggjafarvald, þá álít eg, að það hafi ekki vald til þess, að auka kostnað alþíngis með þessu, og einstakar sýslur mundi líka geta mótmælt því.

Stefán Jónsson: Eg óskaði að eins, að það verði svo, ef það er löglegt, en annars ekki.

Arnljótur Ólafsson: Það er enginn efi á því, að alþíngi getur ráðið því, að auka alþíngiskostnaðinn um svo sem 200 rd., eins og það hefir getað ráðið, hvort prenta skyldi þíngtíðindin, og svo hve mörg expl. jafnan skuli prenta. En lángar ræður um útflutníng þíngtíðindanna kosta meir en útflutníngurinn sjálfur, og skal eg því eigi leingja þær. Annars var það meiníng mín, að viðaukaatkvæði mitt kæmi í staðinn fyrir 2. grein, og vona eg, að þíngmenn sjái, að hrepparnir geta með þeim hætti feingið þíngtíðindin á hinn kostnaðarminnsta hátt.

Framsögumaður: Þíngmaður Eyfirðínga gat þess, að það væri ójöfnuður, að hinir fjarlægari hreppar skyldi borga meir undir þíngtíðindin en hinir, en eg get ekki skilið það, að það sè tilfellið, því mèr finnst það ekki ósanngjarnara, en að hinir einstöku, sem kaupa þíngtíðindin, og eiga heima í fjarlægum sýslum, borgi meira en þeir, sem kaupa þau úr nærsveitunum, og víst er lèttara fyrir heilan hrepp, að kosta flutníng tíðindanna, heldur en fyrir hvern einstakan mann; og þó alþíngismennirnir sè dýrari úr hinum fjarlægari sýslum, þá er það eingin ástæða með, heldur á móti sjálfum honum, því þess meiri ástæða væri til óánægju fyrir þær sýslurnar, sem næstar eru, yfir því, að eiga að borga þetta líka að jöfnu. Þykir mèr varúðarvert, að fara fram á þann aukakostnað, sem nú er verið að tala um; það

getur komið fyrir seinna, en nú er eingin bænarskrá komin þar um, og er ekki víst, hvað miklar þakkir að þingið feingi hjá þjóðinni, ef það sleingdi nú þegar þessum kostnaði upp á hana að henni öldúngis fornspurðri.

Stefán Jónsson: Eg get ekki sèð, að eg hafi farið villt, því það var grundvallarástæðan, sem eg talaði um. Það sem einstakir menn gjöra, það gjöra þeir af fúsum vilja, og það kemur eingum öðrum við; en mèr sýnist það vera meiri jöfnuður í því, að kostnaðurinn við útflutníng tíðindanna um landið komi niður jafnt á allt landið, að því leyti sem snertir þau tíðindi til hreppanna, sem hèr er umtalsefni.

Magnús Andrèsson: Að hrepparnir borgi flutníng þingtíðindanna lízt mèr ekki á, svo að annaðhvort er, að yfirgefa allt saman, eða að láta borga flutníninn af alþingiskostnaðinum, og fellur mèr bezt við uppástúngu þingmanns Borgfirðínga; en hvort það er löglegt eður ei, að bæta því við hinn kostnaðinn, um það skal eg ekkert segja. En miklir örðugleikar eru á flutníngnum, og getur það jafnvel orðið erfitt, að flytja tíðindin til Árnessýslu, þó hún sè ekki mjög lángt í burtu. En hvað því viðvíkur, að hinar nálægari sýslur muni mótmæla því, að borga þenna kostnað, þá sýnist mèr þær eins geta tekið jafnan þátt í þessum kostnaðarmismun, eins og hinum. Ef þess vegna þingið fellst á þetta mál, verður alþingi að annast flutníninn, og fela *forseta* sínum hann á hendur.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að tala um tilgánginn, sem uppástúngan með fyrsta var byggð á, og nefndarálitið síðan, þar áður er búið að segja, hver hann er, enda ætla eg hann liggi ljós fyrir hverjum einum, sem vill líta rètt á málið. Þingmenn eru nú sjálfráðir um það, hvað þeir vilja fella eða aðhyllast, en eg vil biðja þá vel að athuga það, hvort þeir vinni nokkuð með því, að ónýta það, sem þeir þó sjálfir hafa viðurkennt að væri nauðsynlegt, og sem ekkert er til hindrunar, nema flutníngurinn, sem verið er að tala um.

H. Kr. Friðriksson: Eg get ekki verið samþykkur þingmanni Borgfirðínga, því mèr sýnist það vera efamál, hvort þingið hefir vald til þess, að ákveða nokkuð um þetta; því það er aðgætandi, að þetta er nýr kostnaður óviðkomandi þínghaldinu, og ekkert skyldur því, og mundi hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* bezt geta skýrt frá því, hvort ekki er svo.

Konúngsfulltrúi: Mitt álit er það, að þingið hafi ekki leyfi til, að leggja á landið neinn þann kostnað, sem leiðir af útsendíngu al-

þingistíðindanna um landið; og geti þingið eingin úrræði fundið, að senda tíðindin út um landið án þvílíks kostnaðar, þá verður það að senda konúngi um það bænarskrá.

Pètur Pètursson: Breytíngaratkvæði mitt viðvíkur að eins orðamun, og skal eg ekki tala meir um það; en mèr þykir það athugavert, að ekki er til tekið af *framsögumanni*, hvaðan þenna kostnað við flutníginn skuli greiða, því hann vill ekki, að neinn nýr kostnaður skuli leggjast á alþíngiskostnaðinn; en verði uppástúngu nefndarinnar framgeingt, þá sè eg það fyrir, að hrepparnir muni komast í vandræði með flutníginn, því ekki mundi hreppstjórar þora að borga hann úr sveitarsjóðnum án sýslumanna og amtmanns leyfis. Eg ætla því, að það mundi verða ofan á, að bænarskrár um þetta efni kæmi til þíngsins, og þá er fyrst tími fyrir þíngið, að senda konúngi vorum bænarskrá um þetta efni; en nú sýnist mèr nefndin hafa einmitt valið hinn rètta veg, sem bænarskrárnar gáfu tilefni til.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Mèr sýnist næst, að samþykkja fyrstu grein, en fella aðra grein, því eg efast um, að alþíngi hafi vald til þess, að bæta slíkum kostnaði, sem kynni nema allt að 200 rd. fyrir flutníng tíðindanna við alþíngiskostnaðinn. Það getur líka vel verið, að hreppunum sè eingin þènusta í því, að þíngið annist flutníginn, ef þeir ekki skyldi vilja eiga þau, og þá sýnist mèr óþarfi, að senda þeim hreppum þau á þíngsins kostnað. En eg hefi hugsað mèr það svo, að hver sá hreppur, sem, eptir að hann hefir feingið að vita, að honum gefist kostur á, að fá tíðindin, vill eiga þau, hefði einhverja framkróka til þess, að nálgast þau, annaðhvort með styrk þíngmanns síns, eða á annan hátt, og þá hafa menn með þessu gjört þeim þægð, sem þægð vilja þiggja. En það kann nú þar að auki vel að vera, að hreppstjórarnir sè ekki allir færir um, að geyma þíngtíðindin svo, að þau ei skemmist, og væri því má ske bezt, að hreppurinn rèði því sjálfur, hvernig hann færi með tíðindi sín, og yrði eingin regla sett í þessu efni.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg get ekki annað ímyndað mèr, en að allir hreppstjórar muni geyma þíngtíðindin svo vandlega, að ekki sè þörf á, að ákveða vissa reglu í þessu skyni; en hitt tel eg víst, að ef þíngið aðhyllist uppástúnguna undir tölulið 2., þá náist ekki tilgángurinn með tölulið 1.; því sú mun verða raunin á, að fáir af þeim hreppum, sem fjærstir eru, munu vilja vinna til, að nálgast þíngtíðindin hèðan úr Reykjavík á eiginn kostnað. Það liggur líka í augum uppi, að það yrði mikið óhægra og kostnaðarsam-

ara fyrir hvern hrepp, að nálgast svona tíðindin með ferðamönnum, eptir sem tækifæri gefst, heldur en ef þau yrði send í einum bagga fyrir hverja sýslu á einhvern ákveðinn stað. Eg ætla mèr því að hallast að atkvæði þingmanns Borgfirðinga, því mèr finnst það mega heita sanngjörn krafa, að allir hreppar á landinn eigi jafnhægt með að nálgast þessi svo kölluðu gjafatíðindi.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þá verður að fá samþykki konúngs til þess, að fá þenna kostnað goldinn af alþíngiskostnaðinum.

Arnljótur Ólafsson: Eg get eigi skilið það, að þetta sè meira, en þegar alþíngi ræður því, hve mörg exempl. skuli prenta af þíngtíðindunum, og mun einhver annar kostnaður hafa verið alþíngi óskyldari en þessi er, og þó mun hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* eigi hafa verið honum svo mótfallinn. Eg get eigi skilið, hvernig alþíngi skoðar vald sitt, er það álítur, að það megi gefa alþíngistíðindin, en sèr sè ekki unnt, að koma gjöfinni til þeirra, sem eiga að fá hana. Eg get ei annað skilið, en að þíngið hafi ekki vald til, að gefa þíngtíðindin, ef það á ekki ráð á, að verja einum skildíng til flutníngs þeirra. En ef eg á að fallast á 1. atriðið, þá vil eg líka hafa vissu fyrir því, að gjöfin verði að notum, og eg get ekki fallið frá því, að breytíngaratkvæði mitt taki fram þann einasta máta, sem er til, til þess að þíngið ekki gefi hefndargjöf.

Konúngsfulltrúi: Eg skal gjöra þá athugasemd með tilliti til þess, er hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga sagði, að alþíngistilskipunin fyrirskipar, að tíðindi skuli gefa út um gjörðir þíngsins, og þess vegna hefir sá kostnaður, er þar af leiðir, fulla heimild í löggjöfinni, en þar á mót er ekkert lögákveðið um útsendíngn alþíngistíðindanna, og því er það ekki leyfilegt, að leggja neinn þar af leiðandi kostnað á almenníng, nema því að eins, að konúngssamþykki feingist þar til.

Framsögumaður: Mèr finnst þetta vera misskilníngur hjá þíngmanni Borgfirðínga, því það er munur á, að taka af áföllnum kostnaði, eða að bæta nýjum við, og er óvíst, hvaða þakkir þíngmenn feingi fyrir það. Það væri líka varúðarvert, að fara að senda þíngtíðindi í hvern hrepp, meðan menn ei vissi, hvað margir af þeim vildi þannig eignast þau. Eg vil líka minna þíngmenn á það, að þegar stúngið var upp á því, að stofna bókasafn handa alþíngi, þá varð þíngið að senda bænarskrá til konúngs um það, að verja mætti 100 rd. árlega af alþíngiskostnaðinum til bókakaupa, og sýn-

ist mèr þá, að menn einnig muni þurfa að senda bænarskrá um þetta til konúngs.

Forseti: Eg verð nú að álíta mál þetta nægilega rætt, svo að nú má ganga til atkvæða um uppástúngur nefndarinnar og hin mörgu breytíngar- og viðauka-atkvæði, sem fram hafa komið.

Óskuðu þá þíngmenn, að ekki væri geingið nú þegar til atkvæða, heldur væri málið látið ganga til ályktarumræðu á öðrum fundi, og fèllst *forseti* á, að svo skyldi vera.

Forseti: Þar dagskráin ekki er búin, en nú er liðið fast á fundartíma, vil eg ákveða fund aptur í dag kl. 7, til þess að ræða það, sem eptir er.

Fundi slitið.

---

25. júlí — fimmtándi fundur.

Allir á fundi, nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem hafði tjáð *forseta* forföll sín. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Áður en geingið er til dagskráarinnar, skal eg geta þess, að 2 innanþíngs-aukaskrifurum verður nú, með samþykki hins háttvirta *konúngsfulltrúa*, bætt við, þar eð annirnar fara nú að aukast svo, að 2 innanþíngsskrifararnir hafa ekki undan. Þeir, sem bætt verður við, eru kandídat *Ísleifur Einarsson* og stúdent *Páll Pálsson* frá Hörgsdal.

Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til umræðu nefndarálitið um *reka á Vestmannaeyjum*. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður úr Vestmannaeyjum.

Nefndarálitið afhent þíngmanninum frá Vestmannaeyjum.

Framsögumaður (Brynjólfur Jónsson): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, er ritum nöfn vor hèr undir, til að segja álit vort um bænarskrá úr Vestmannaeyjum, dagsetta 13. júní þ. á., er fer því á flot, að þíngið semji og sendi bænarskrá til hans hátignar konúngsins þess efnis, að honum allramildilegast mætti þóknast að fyrirskipa:

1. að eingum öðrum en jarðarbændum þar á eyjum skuli vera heimilt, að hirða þar leiguliðagagn, eður eignast venjuleg bjarglaun fyrir hin stærri trè, sem þar reka; og

2. að rekaplássum heimaeyjarinnar verði skipt niður á jarðir eyjarinnar að rèttri tiltölu við stærð þeirra, þannig, að hver jörð eða torfa hafi sitt afmarkaða rekasvæði.

Vèr höfum sameiginlega íhugað þetta mál, og skulum vèr nú skýra hinu heiðraða þingi frá áliti voru um það á þessa leið.

Það hefir verið venja þar á eyjunum, sem eru konúngs-eign, að öllum þeim, er finna og bjarga trjám undan sjá, sem eru 3 álna á leingd og þar yfir, hafa verið veitt bjarglaun, hvort sem þeir hafa átt heima á landi eða eyjunum, og eins án tillits til þess, hvort þeir hafa verið jarðarbændur eða tómthúsmenn, eða enda búlausir. Eins hefir þar verið sú venja, að þau trè, sem eru undir 3 álnum, hefir hver, sem fann, hirt sem sína eign, hvort heldur hann var af landi eða innlendur þar á eyjunum. Oss virðist ekki betur, en þetta sè hin mesta óregla, og að öll sanngirni mæli með því, að þeir einir, er búa á jörðum eyjarinnar, einnig verði aðnjótandi þess reka, er þar ber að landi, að því leyti, sem hann ekki heyrir undir landsdrottin. Á þessari óreglu álítum vèr að bezt verði ráðin bót á þann hátt, að rekaplássum eyjarinnar, er híngað til hafa verið óskipt, verði með reglulegri skoðunargjörð af óvilhöllum mönnum skipt millum jarðanna þar á eyjunum, og ætti þá hver jörð að fá rekapláss að rèttri tiltölu við stærð hennar móti öðrum jörðum þar.

Við útmælíngu hvers rekasvæðis ætti að hafa tillit til þess, hve rekasælt það væri, þar stærðin ein getur, eins og þar á stendur, ekki verið einhlítur mælikvarði, og eins ætti að haga skiptunum svo, að hver jörð feingi rekapláss sitt svo nærri sèr, sem auðið væri.

Vèr álítum, að þessum hèr umræddu skiptum megi á koma, án þess að nokkurt konúnglegt lagaboð þurfi að útvega til þess, heldur að það hljóti að nægja, eptir því sem hèr stendur á, að hlutaðeigandi amtmaður hlutist til, að áminnzt skoðunargjörð og skipti verði fyrirtekin, og virðist oss því þessu samkvæmt, að þíngið ætti að fela *forseta* þess á hendur, að vísa málinu til tèðs háyfirvalds, og beiðast, að hann vildi ráða bót á opt áminnztri óreglu, á þann hátt, er vèr nú höfum sagt.

Reykjavík, þann 18. júlí 1859.

Brynjólfur Jónsson, Jón Pètursson. Páll Sigurðsson".
formaður og framsögumaður.

Framsögumaður: Eg hefi hèr eingu við að bæta fyrst um sinn. Nefndinni þótti ráðlegast, að skjóta málinu til amtmannsins, sökum þess, að því á þann hátt mundi fljótast verða ráðið til lykta; þar á móti áleit nefndin, að það mundi geta leitt of mikinn drátt af því, að senda það til stjórnarinnar, og kaus því heldur þann veginn, sem hún áleit skemmri. Eg veit nú ekki, hvort *forseti* álítur þetta ráðlegt, eða hvort þingmenn álíti það rèttan veg, að *forseti* taki málið að sèr, og gángist fyrir því, með því að skrifa stiptamtmanni um það, og ætla eg mèr ekki að vera orðfleiri að sinni, fyr en eg heyri ræður þingmanna.

Forseti: Eg get ekki sèð, að neitt sè á móti því, sem *framsögumaður* gat um, og eg skal gjörast fús, að taka málið að mèr, og rita amtmanni, ef þingið fellst á, að svo skuli vera.

Framsögumaður: Eg sè, að einginn þingmanna tekur til máls. Eg skal þó leyfa mèr, til frekari sönnunar fyrir því, sem bænarskrá-in fer fram á, að geta þess, að eg hefi sèð rentukammersbrèf frá 28. september 1799, sem virðist gánga út frá skiptum á rekum eyjarinnar. Brèf þetta er skrifað út af því, að sýslumaður hafði stúngið upp á því við stiptamtið, að Vestmanneyíngum mætti af jarðabókarsjóði borgast það, er þeir þyrfti til uppbyggíngar konúngshúsa, og neitaði rentukammerið því; en samþykkti þar á móti, að eyjamenn mætti brúka trèn, móti þeim ákveðnu bjarglaunum, „þó að óskertum rètti kirkjunnar til þess, er ræki á hennar lóð“; þetta virðist benda til þess, að rentukammerið hafi álitið, eða að minnsta kosti ætlazt til, að rekasvæðunum væri skipt; því ef kirkjan átti sitt afmarkaða rekasvæði, þá sýnist það benda til þess, að svo hafi og hverri jörð tilheyrt, eða átt að tilheyra sitt rekasvæði.

Konúngsfulltrúi: Eg held, að nefndin hafi farið rèttan veg í þessu máli. Eg gjöri ráð fyrir, að flestir þingmanna muni, eins og eg, vera lítt kunnir á Vestmannaeyjum, og þess vegna fá ráð geta gefið góð til þess, að laga þá óreglu, sem hèr ræðir um. Mèr virðist sá vegur, sem nefndin ræður til, vera sá stytzti og greiðasti, til að fá málið leiðrètt; því stiptamtmaðurinn getur leitað allra upplýsínga um málefnið, og þar eptir annaðhvort ráðið því sjálfur til lykta, eða með álitsskjali sínu sent það stjórninni til úrslits eða frekari aðgjörða eptir málavöxtum.

Páll Sigurðsson: Nefndin gat eigi betur sèð, en að viðkomandi háyfirvald ætti að sjá um, að rekaplássunum á eyjunum væri skipt niður eptir rèttri tiltölu við jarðarstærð, og að Jónsbókarlög

um reka gilti þar, hvað leiguliðagagn snertir, eins og annarstaðar; því aðhylltist nefndin þessa skoðun á málinu.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, þá er undirbúningsumræðunni lokið, og skal eg bera undir atkvæði þingmanna samkvæmt uppástúngu nefndarinnar, hvort þingið vilji fela *forseta*, að flytja málið fyrir stiptamtmann.

Síðan var geingið til atkvæða um þetta, og var uppástúnga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Þar næst kemur eptir dagskránni til umræðu uppástúnga hins 6. konúngkjörna þingmanns áhrærandi *betri læknaskipun á Íslandi.* Uppástúngumaður er ekki við, og hefir hinn háttvirti þingmaður Ísfirðínga tekið að sèr að flytja málið.

Uppástúngan var síðan afhent þingmanninum úr Ísafjarðarsýslu.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg skal leyfa mèr að lesa upp uppástúngu hins 6. konúngkjörna þingmanns um læknaskóla.

Las hann því næst uppástúnguna upp þannig látandi:

„Sem landlæknir fósturjarðar vorrar get eg ekki annað en álitið það hreina og beina skyldu mína, að skýra alþíngi frá ástandinu í læknaskipuninni á landi hèr, og það bæði eins og hún hefir verið að undanförnu, og nú er á vorum tímum.

Eins og flestum mun kunnugt vera, hófst læknaskipun hjá oss fyrir tæpum 100 árum síðan, með því að sá fyrsti landlæknir var sá nafnfrægi og lærði Bjarni Pálsson, er tók sèr á hendur að kenna úngum stúdentum læknafræðina, svo að þeir seinna gæti orðið sem hèraðslæknar þar, sem mest þurfa þótti. Á þenna hátt mynduðust hin fyrstu læknaembætti á landi hèr, og í þau 19 ár, er Bjarni var landlæknir, hafði hann 12 lærisveina, er námu hjá honum læknafræðina. 7 af þessum hans lærisveinum urðu síðan smátt og smátt hèraðslæknar út um landið, og höfum vèr allmikla ástæðu til að halda, að flestir, ef ei allir þessir læknar hafi verið dugandis-menn og staðið vel í stöðu sinni. Ýmsir af hinum urðu seinna prestar, og iðkuðu það, sem þeir höfðu numið í læknisfræðinni, ásamt prestsskapnum. En einhver hinn efnilegasti dó á únga aldri, áður en hann útskrifaðist.

Eptir fráfall B. Pálssonar varð minna úr læknakennslunni, en verið hafði á hans dögum, enda tók og strax í stúfinn, þar sem þessi fáu læknisumdæmi, er á voru komin við dugnað hans og fylgi, máttu stundum standa auð, svo árum skipti, en stundum urðu menn

að taka til þakka með óprófaða lækna eða útlenda lækna með lakari eða jafnvel lökustu lærdómsprófum.

Til þess að bæta úr þessu, fól stjórnin aptur á þessari öld landlækninum á hendur, að kenna smátt og smátt, eins og hann gæti, einum og einum læknisfræðina í senn, og gaf til þess nokkurn fèstyrk, en með því stjórnin um sama leyti veitti 200 rd. til 4 stúdenta til Kaupmannahafnar háskóla, er vildi nema læknisfræðina, þá hugsuðu menn almennt, að það mundi verða affarabetra, að læra læknisfræði við háskólann, en að nema hana hèr á landi.

Á þessari öld hafa af áður sögðum orsökum margir Íslendíngar byrjað að nema læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, en að eins 9 af þeim hafa náð lærdómsprófi og orðið læknar hèr á landi, og eru þeir þessir: 1. *O. Hjaltalín.* 2. *Jón Thorsteinsen.* 3. *Jón Ögmundsson.* 4. *Eggert Jónsson.* 5. *Skúli Thórarensen.* 6. *Jósef Skaptason.* 7. *Jón Hjaltalín.* 8. *Jón Finsen,* og 9. *Gísli Hjálmarsson.* Hvað margir íslenzkir stúdentar hafi byrjað að stúdera læknisfræðina á þessari öld, veit eg eigi með vissu, en að þeir hafi allmargir verið, sem aptur hafa horfið frá þessari menntun sökum ýmislegra orsaka, er alkunnugt, og, eptir því sem eg frekast veit, mun tala þeirra talsvert stærri en hinna, sem náð hafa lærdómsprófi.

Nú sem stendur er, eins og allir vita, 8 hèraðslæknaembætti hèr á landi, og er að eins rúmur helmíngur, eða 5 af þeim, sett íslenzkum læknum. En af þessum læknum er einn, sumsè læknirinn í norðaustur-umdæminu, orðinn heilsulaus, og naumast fær til, að gegna embætti sínu, enda heyri eg sagt, að hann ætli nú að segja af sèr. Líkt mun og vera áform læknisins hèr í suðaustur-umdæminu, svo mèr þykir eingin von, að við að 2 eða 3 árum liðnum höfum meir en 2 eða mest 3 íslenzka lækna; en þar af leiðir þá, að einúngis 3 af þessum núverandi 8 hèraðslækna-embættum hafa útsjón til, að halda innlendum læknum um stund. Nú með því það er ljóst, að í þau 60 ár, sem nú eru liðin af þessari öld, hafa lítið fleiri náð lærdómsprófi í læknisfræðinni en þeir, sem útlærðir urðu hjá Bjarna landlækni, meðan hann þjónaði í 19 ár, þá talar þetta ástand og þessi reynsla meira mót en með útlenzkri kennslu.

Menn hafa, eins og kunnugt er, á seinni tímum viljað fjölga læknis-embættum hèr á landi, en eg veit sannarlega eigi, hvaðan þeir ætla að taka lækna til þeirra. Það er raunar satt, að það kvað vera einir 4 eða 5, sem nú eru að lesa læknisfræði í Kaupmanna-

höfn, en bæði er það, að þeir eru eigi búnir enn þá, enda geta þeir eigi meira en naumlega hrokkið til þeirra embætta, sem nú þegar eru liðug og verða, áður þeir eru búnir. Á hinn bóginn er lítil útsjón til, að danskir læknar vilji sækja hèr um læknaembætti, því þeim þykir, sem von er, lítið til þeirra koma. Hèraðslæknisembættið í vesturumdæminu hefir nú og staðið liðugt í 1 ár, og hefi eg eigi heyrt, að neinn girnist það. Af þessu er það nú auðsætt, að til lítils virðist, nú sem stendur, að vera að stofna ný læknisembætti, þegar eingir fást í þessi fáu, sem nú eru til.

Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir skýrt þínginu frá, að nú sè vonandi, að það muni fást nógu margir kandídatar í hin íslenzku læknaembætti, þar eð ráðgjafi kirkjumálanna hafi heitið Íslendíngum, sem læra læknisfræði, allt að 200 rd. styrk árlega, auk venjulegra *stípendía*. Eg vil samt ráða mönnum til, að gjöra sèr eigi allt of mikla von um fjölgun íslenzkra lækniskandídata fyrir þetta, því einmitt þetta hið sama gat hver maður feingið, sem las læknisfræði fyrir 25 árum, þegar eg las hana. Margir notuðu raunar þenna velmeinta styrk, en þó var hann, eins og allir vita, ónógur til að fjölga læknum í þessi fáu læknisembætti, sem nú eru til. Það vildi fyrrum svo til, að ýmsir, sem þáðu styrk þenna, hættu í miðju kafi, og voru þó 200 rd. nærfellt $^1/_3$ meira verðir fyrir 20 árum síðan, en þeir eru nú.

Eins og mönnum er kunnugt, hefir það leingi vakað fyrir Íslendíngum, að þeir vildi hafa læknakennsluna hèr á landi, og virðist mèr ofur-náttúrlegt, að menn óski þess, þegar menn vita, hversu happasæl og notadrjúg hún varð á fyrri öld, og hve mjög menn þess vegna mega sakna, að hún á þessari öld hefir verið lögð fyrir óðal, jafnvel þó allir megi sjá, að nú er tvöfalt betra tækifæri til þess, en var á fyrri öld, á meðan innbúar nesjanna hèr í kríng um læknisembættið voru naumast meir en þriðjúngur þess, er þeir nú eru, og öll kennsluáhöld voru svo mikið ófullkomnari, en þau eru á vorum dögum.

Eins og sjá má af því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* las upp fyrir þínginu, virðist stjórnin taka þúnglega undir það, að læknakennsla verði stofnuð hèr á landi. Henni er í þessu falli mikil vorkun, því bæði er það, að formaður minn í læknisembættinu mun fremur hafa reynt að spilla en styðja að þessu, enda hefir hinn slesvíkski *medicinski Consulent* stjórnarinnar, herra jústizráð *Schleisner*, verið því mjög mótfallinn. Eg hefi heyrt á skotspónum, að stjórnin

hafi nýlega ráðfært sig við *Schleisner* út af uppástúngum þeim, er síðast komu frá alþíngi um þetta málefni, og þykir mèr það þó mjög ótrúlegt, þar sem eg sem landlæknir eigi hefi verið spurður um það með einu orði, jafnvel þó stjórnin megi vita það, að eg er bæði talsvert eldri læknir, en herra jústizráð *Schleisner,* og hefi að líkindum, sem innfæddur Íslendíngur, eins vel vit á, hvað Íslandi hagar, eins og hann, er að eins var hèr um stuttan tíma, og hvers ritgjörðir lýsa því, að hann hefir haft helzt of lítinn tíma til, að kynna sèr hina íslenzku sjúkdómsfræði til nokkurrar fullkomnunar.

Uppástúnga herra jústizráðs *Schleisners* um fræðslu ljósmæðra og niðurröðun þeirra er hræðilega óhappaleg og þvert á móti reynslunni, enda mun hún naumast komast leingra en á pappírinn, því það, að við munum fá 20 ljósmæður, sem allar hafi lært við fæðíngarstofnunina í Kaupmannahöfn, nær eingri átt, eins og það á hinn bóginn er öldúngis óþeinkjanlegt, að þær upp í sveitum geti kennt öðrum, svo í nokkru lagi fari, því þar til mundi þær vanta bæði verkfæri (sumsè mjaðmargrind og *Phantom)* og tækifæri. Ljósmæðrakennsla er nú sem stendur víða á landi hèr, einkum í suðuramtinu, í góðu horfi, og fer stórum til betrunar, því bæði hefir formaður minn og eg kennt mörgum ljósmæðrum, svo nú er að meðaltali 6 ljósmæður í hverri sýslu í suðuramtinu. Í hinum ömtunum er talan lángtum minni; en með því eg hefi beðið hèraðslæknana, að kenna sem flestum þeir gæti, þá vonar mig, að ekkert standi í veginum fyrir því, að þær smásaman fjölgi, einkum yrði þeim sèð fyrir launum, eins og eg áður hefi stúngið upp á. Hvað spítalabyggíngu í Reykjavík snertir, þá virðist stjórnin að taka heldur þúngt undir það, eins og vænta má, þar eð formaður minn og líkast til og svo *Schleisner* voru því mótfallnir. Eg ætla ekki í þetta sinn að fara svara mótbárum þeim, sem hafa verið færðar móti sjúkrahúsbyggíngu í Reykjavík. Eg mun gjöra það á öðrum stað; en eg vil hèr einúngis geta þess, að þær eru svo fráleitlegar, að þær sanna ekkert. Í tíð landlæknis sál. Bjarna Pálssonar voru menn, og einkum hann, farnir að sjá fram á, hversu nauðsynlegt það væri, að koma á almennum spítala á landi hèr, og því segir í æfisögu þessa manns, bls. 58: „Líka hóf hann strax að fá því í verk komið, að almennilegt hospítal stiptaðist hèr í stað þeirra ónýtu líkþrárspítala," o. s. frv.

Seinna, þegar fólkið var orðið nærfellt tvöfalt svo margt, sem í tíð Bjarna, þótti einum eptirmanni Bjarna ólíklegt, að nokkur mundi leggjast á slíkan spítala, jafnvel þó dagleg reynsla hefði mátt sýna

honum, að hingað sækir fjöldi sjúklinga, og mundi sækja hundraðfalt fleiri, ef nokkur útsjón væri til, að þeim yrði komið fyrir. Alþingi hefir áður fundið vankvæði á spítalabyggingu hèr í bænum, og fært það til, að slíkur spítali kæmi að eins bænum og eigi landinu að haldi; en eg vona, að menn láti af slíkum mótbárum, sem auk þess, að þær eru í sjálfum sèr ógrundaðar, ríða aldeilis í bága við það, að læknakennsla og betri þekking á öllum innlendum sjúkdómum geti komizt á í landi voru.

Af ofanskrifuðu leyfi eg mèr að stínga upp á:

Að alþingi vilji setja nefnd manna til að íhuga þetta mál, eins og því er nú komið, og rita konúngi vorum bœnarskrá um haganlegra og betra fyrirkomulag á læknaskipuninni hèr á landi, heldur en nú á sèr stað.

Reykjavík, 22. júlí 1859.

Jón Hjaltalín".

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg skal ekki fara mörgum orðum um uppástúngu þessa, því hún mælir sjálf fram með sèr, bæði að því leyti, hversu málið er mikilsvert í sjálfu sèr, og að því leyti sem uppástúngumaðurinn er einmitt landlæknirinn sjálfur, sem mál þetta liggur næst, og er því kunnugastur allra. Að vísu er nú langt liðið á þingtíma og málið vandamál, en eg þykist sjá á því, hversu uppástúngumaður hefir orðað niðurlagsatriðið í almennum orðatiltækjum, að hann muni hafa undirbúið svo meðferð málsins, að ekki muni þurfa leingi að bíða nefndarálits; vil eg því stínga upp á, að kosin sè 5 manna nefnd nú þegar til að íhuga þetta málefni.

Pètur Pètursson: Eg get ekki neitað því, að tíminn er nú orðinn fremur naumur, til að vera að setja nefndir í málum, en samt ætla eg ekki að mæla móti nefnd í þessu máli, af því að læknamálið er í sjálfu sèr svo mikilvægt.

H. Kr. Friðriksson: Þetta mál er orðið þingmönnum kunnugt, og var vandlega rætt á þingi 1857; svo eg held, að það þyrfti ekki svo lángan tíma til að semja nefndarálit í því nú og síðan ræða það, og því ætla eg að mæla með nefnd í því.

Konúngsfulltrúi: Það er ekki tilgángur minn, að mæla á móti nefndarkosníngu í þessu máli; en eg vil taka mèr tilefni til af þessu máli, að biðja hina heiðruðu þingmenn, og sèr í lagi hina heiðruðu *framsögumenn* í nefndum þeim, sem kosnar hafa verið, til

að íhuga hin konúnglegu málefni, að láta ekki þetta mál, sem svo seint kemur inn á þingið, tefja afgreiðslu hinna konúnglegu málefna.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mèr þykir það báglega hafa tekizt, að þetta mál skyldi koma svona seint inn á þingið, ekki leingra en það er aðkomið, því eg get nú varla ímyndað mèr, að það muni verða til mikils, að fara að auka nefndum hèðan af; en samt, af því að mèr þykir málið svo merkilegt, að eg álít, að mörg mál, sem hèr hafa verið tekin til nefndar, hefði átt að standa til baka fyrir því, og svo hitt, að það er vakið af þeim manni, sem bezta þekkíngu hefur hèr á slíku, og að menn mega eiga fulla von á öruggu fylgi hans og hjálp í því, sem líklega vegur stórmikið, þá verð eg að gefa atkvæði mitt fyrir, að það verði tekið til nefndar.

Guðmundur Brandsson: Það var slæmt, að mál þetta kom svo seint, að tvísýnt er um, hvort það verður leitt til lykta á þíngi þessu, þó nefnd verði í það kosin, og furðar mig á, að uppástúngumaður skyldi ekki hraða því meir en þetta, þar sem hann þó í byrjun þíngsins vissi, hver afdrif málið hafði feingið hjá stjórninni; en það kann að hafa verið margt, sem hefir tafið fyrir því, og þar á meðal ýmislegar embættisannir uppástúngumannsins. Eg vil nú því fremur gefa þessari uppástúngu gaum, sem þetta mál er mjög svo áríðandi, og svo lítur út, sem stjórnin ætli að fara annan veg, en þíngið hefir ráðið til að undanförnu; því útlítur fyrir, að hún fari fremur að ráðum *Schleisners* en þíngsins, og þó þínginu tækist nú eigi meira, en banda móti þeirri stefnu, sem stjórnin virðist nú ætla að taka í máli þessu, þá álít eg mikið unnið, því skeð getur, að frestur á endilegum úrslitum málsins gæti orsakað það, að stjórnin kæmist á aðra skoðun. Eg vil því mæla fram með nefnd í þessu máli.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er inngángsumræðu þessa máls lokið, og skal eg því biðja þíngmenn, að gánga til atkvæða um, hvort setja skuli nefnd í málið.

Var þá nefnd samþykkt með 23 atkvæðum gegn 1, og 5 manna nefnd ákveðin, og hlutu þessir flest atkvæði:

Jón Hjaltalín	23	atkvæði.
Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn	19	—
Sveinn Skúlason	10	—
H. G. Thordersen	9	—
Gísli Brynjúlfsson	9	—

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til inngángsumræðu

bænarskrá frá nokkrum búendum í Dala, Barðastrandar, Stranda, Húnavatns og Mýrasýslum, um *breytíngu á verzlunarlögum, 15. apr. 1854.* Flutníngsmaður er hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga.

Bænarskráin afhent honum.

Arnljótur Ólafsson: Bænarskrá þessi er stutt, og vil eg leyfa mèr að lesa hana upp:

„Í lögunum 15. apríl 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi, er boðið, að öll utanríkiskip, sem koma beinlínis frá útlöndum, skuli fyrst koma inn á einhverja af þeim 6 höfnum, sem nefndar eru í 2. grein tèðra laga, áður en þau megi sigla upp önnur löggild kaupstún á landinu og verzla þar. Það virðist að liggja í augum uppi, að þessi lagaákvörðun tálmar mjög verzlun utanríkismanna hèr við land, já, að öllum líkindum er meðal annars orsök þess, að svo fá utanríkisskip hafa sótt verzlun híngað, og lausn verzlunarinnar þannig komið að litlum notum híngað til, því það má nærri geta, að utanríkismenn, sem allt þykir undir því komið, að verzlunin geti geingið sem fljótast og greiðast, muni horfa í þá miklu tímatöf og áhættu, sem af því hlýtur að leiða, að þeir verða fyrst að sigla upp einhverja af þeim ákveðnu 6 aðalhöfnum, en er meinað, að sigla strax beinlínis á aðrar hafnir, er þeir þó má ske helzt og einúngis vildi eða hafa ákvarðað sig til að verzla á; enda hlýtur og afleiðíngin af þessari lagaákvörðun að verða sú, að þeir sökum þessarar tímatafar, verða annaðhvort að selja vörur sínar með hærra verði en annars, ellegar þegar á aðalhöfnunum, hvar má ske gnægð er fyrir af sömu vöru, þó skortur sè af henni annarstaðar, að selja þær fyrir lítið verð, og, ef til vill, minna, en þeir geta staðið við; en þar af leiðir aptur, að þeir fælast frá allri verzlun hèr við land, og verzlunarfrelsið kemur að engum notum. Auk þessa getur opt svo á staðið, að skipin komist ekki út úr aðalhöfnunum á úthafnirnar, þó þau vildi, fyr en um seinan, og eins að þau mót vilja sínum eigi gæti náð aðalhöfnunum, og verði því fyrst að leita á hinar hafnirnar, og sjá þá allir, hve ógjörlegt það er, að þau skuli ekki mega verzla á þeim, þó þeir og landsmenn óski, heldur verði fyrst að fara þaðan á einhverja af þeim 6 höfnum, einasta til að sýna þar skjöl sín og kaupa leyfisbrèfið, ef þeir eigi hafa leyst það þegar áður, því þetta er sama sem að útiloka þá frá allri verzlun á úthöfnunum. Reynslan hefir og sýnt, að þetta síðara dæmi hefir fyrir komið, þar sem vèr vitum til, að norskt timburskip varð að hleypa inn á

Borðeyrarhöfn leiðarbrèfslaust, og mundi það hafa horfið svo búið til baka og sleppt allri verzlun hèr, hefði það ekki feingið sèrstakt leyfi yfirvaldanna, að mega verzla þar, án þess að þurfa að fara fyrst á einhverja aðalhöfnina, þar eð það vegna kríngumstæðanna eigi hafði getað það; en það virtist því merkilegra, að það þrátt fyrir verzlunarleyfi þetta, og að því var ómögulegt, að koma fyrst á neina aðalhöfnina, var sektað fyrir verzlun sína, sem er beinlínis til að fæla útlenda frá verzlun hèr. Þess ber og að gæta, að á þeim 6 umtöluðu aðalhöfnum er ekki meiri aðsókn eða vörumagn, en á mörgum hinna hafnanna, svo að það er ekkert, sem getur gjört utanríkismönnum aðsóknina á þessum stöðum girnilegri en á hinar hafnirnar.

Það verður heldur ekki sèð, að lagaákvörðun þessi, sem hèr ræðir um, sè í neinu tilliti nauðsynleg, því hvað lögreglustjórn áhrærir, þá virðist hún ekki vera svo mikilvæg á aðalhöfnunum, að minnsta kosti sumum þeirra, að þar með sè feinginn svo mikill óhultleiki fremur en á hinum höfnunum, hvar hlutaðeigandi lögreglustjórar búa sumstaðar í grennd við, og geta líka látið viðkomandi hreppstjóra hafa þar lögregluumsjón, að ákvörðunin sè þess vegna nauðsynleg, enda er utanríkismönnum hvort sem er, ekki bönnuð verzlun á úthöfnunum, og verður ekki sèð, að frekari löggæzlu þyrfti þar með, þó þeim væri leyft að sigla *strax beinlínis* þángað til verzlunar. Að næga heilbrigðisstjórn vanti á stöðum þessum, fremur en á aðalhöfnunum, virðist heldur ekki eiga að vera til fyrirstöðu, því bæði sýnist nægilegt, að sett væri nefnd manna á hverjum stað, til að rannsaka heilsufar skipverja, eins og líka leita ætti hlutaðeigandi læknis, kæmi nokkuð ískyggilegt fyrir, og einnig er nú í ráði, að bæta læknaskipunina hèr á landi, svo að minnsta kosti 1 læknir verði í sýslu hverri, og mætti þá svo ákveða, ef nauðsynlegt sýndist, að þeir byggju í eða sem næst verzlunarstöðunum. Ekki getur heldur þessi hèr umrædda lagaákvörðun álitizt nauðsynleg til að koma upp kaupstöðum á þeim 6 höfnum, með því að ætlast til, að utanríkismenn verzli þar helzt við föstu kaupmennina, því bæði hefir reynsla margra undanfarinna ára sýnt, að seint og aldrei mun kaupstöðum verða komið upp með þeim hætti, og líka er auðsætt, að til þess er ekkert rèttara meðal, en leyfa jafnfrjálsa verzlun á öllum höfnum, því þar við sèst bezt, hverjir staðir bezt eru fallnir til verzlunar, þegar eingin aðsókn er hindruð, hvorki innlendra nè útlendra.

Þetta er og samkvæmt því, sem þjóðfundur Íslendínga sam-

þykkti með miklum atkvæðafjölda, að utanríkisþjóðir megi sigla jafnt upp alla verzlunarstaði landsins.

En verst af öllu kemur þó hin umtalaða lagaákvörðun sèr fyrir Norðurland, því svo má að orði kveða, að með henni sè öll verzlun utanríkismanna útilokuð frá því, þar sem á öllu svæðinu frá Eskifirði á Austurlandi allt til Ísafjarðar á Vesturlandi er að eins ein höfn (Akureyri), sem löggilt er sem aðalhöfn, og liggur höfn sú lángt úr vegi og inn í landi. Nú er þó kunnugt, að á Norðurlandi eru sveitir góðar og fjárríkar og vörumagn mikið, og er það því með öllu nauðsynlegt, að löggilda fleiri hafnir fyrir norðurhluta landsins sem aðalhafnir; stíngum vèr í því tilliti helzt upp á Borðeyrarhöfn í Hrútafirði; þar er höfn ágæt og rúmgóð, og sá staður einn hinn bezt fallni til verzlunar, má ske á öllu landinu, þar sem hann er umkríngdur af mörgum fjárríkum sýslum, sem þángað mundi sækja, ef ei skorti þar útlendar vörur. Þángað sækja t. d. nú mikið af Húnavatns-, Stranda-, Dala- og Mýra-sýslu, og mundi menn einnig ofan til úr Borgarfjarðarsýslu og víðar sækja þángað verzlun, feingist þar nógar útlendar vörur.

Í sambandi hèr við stendur og sú ákvörðun verzlunarlaganna, að íslenzk leiðarbrèf fást ei hèr á landi, nema hjá lögreglustjórunum á þeim 6 aðalhöfnum, sem þyrfti að breyta, einkum ef sú breytíng yrði gjörð á lögunum, sem áður er bent til, svo, að leiðarbrèfin feingist hjá öllum lögreglustjórum í landinu, í hverra umdæmi kauptúnin liggja, enda mundi ákvörðun þessi koma sèr vel einnig fyrir innanríkiskaupmenn (sambr. „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“, III, bls. 146), eins og heldur ekki verður sèð, að neitt sè á móti slíkri breytíngu.

Loksins álítum vèr, að nauðsynlega þurfi að breyta þeirri ákvörðun verzlunarlaganna, að ekki má hafa utanríkisskip 15 lesta og minni til verzlunar hèr á landi. Það er sem sè kunnugt, að menn hèr á landi eru farnir að stunda hákarla- og fiski-veiðar á þiljuskipum meira en nokkru sinni áður, en skortur þiljuskipa stendur mjög í vegi fyrir, að þessi atvinnuvegur nái að blómgast. Nú er hvergi hægra að afla sèr slíkra skipa, en í Norvegi, en vegna tèðrar lagaákvörðunar verða þau mikið dýrari og lítt kaupandi, þar eð eigi má flytja neinn farm á þeim hèr til lands, og kostnaður við flutníng þeirra hlýtur því að bætast við verð þeirra, sem annars mætti hjá komast; eins og líka opt kynni að bjóðast góð kaup á slíkum skipum, er þau væru komin hèr til lands til verzlunar.

Það kann nú að þykja ástæða móti þessum breytíngum, sem hèr er farið fram, að verzlunarlögin sè svo ný; en slíkt virðist ómögulega mega standa í vegi fyrir breytíngu laga, þegar breytíngin er auðsjáanlega nauðsynleg, eins og vèr álítum að allir verði að játa að hèr sè.

Vèr leyfum oss því, að skora á hið heiðraða alþíngi vort í sumar, að það beri þá þegnsamlegu bæn fram fyrir konúng vorn:

Að verzlunarlögunum 15. apríl 1854 verði breytt þannig:

1. *Að öll utanríkisskip eins og innanríkisskip megi sigla beinlínis á allar löggiltar hafnir á landinu til verzlunar, eða að minnsta kosti, að Borðeyrarhöfn verði löggilt sem aðalhöfn.*
2. *Að fá megi leiðarbrèf skipa hjá öllum lögreglustjórum í landinu, í hverra umdæmum löggild kauptún liggja.*
3. *Að hafa megi utanríkisskip 15 lesta og minni til verzlunar hèr við land.*

Ritað og undirskrifað af búendum i Dala-, Barðastrandar-, Stranda-, Húnavatns- og Mýra-sýslum, í júní- og júlí-mánuðum 1859".

Arnljótur Ólafsson: Undir eru skrifaðir 25. Mèr var send bænarskrá þessi, og hefi eg tekið hana að mèr; en það var óheppilegt, að hún skyldi koma svona seint, þegar tíminn er orðinn svo naumur. Eg efa ekki, að hún hefði verið tekin með þökkum af þínginu, ef hún hefði komið fyr. Munu þíngmenn vera mèr samdóma í því, að fáar bænarskrár hafa komið svo vel samdar til þíngs, sem þessi er, því hún er greinilega samin, og færir góðar ástæður fyrir uppástúngum sínum. Eg hlýt nú að vera samdóma uppástúngunum í flestum greinum, og vil eg því fara um þær nokkrum orðum.

Fyrsta uppástúngan, um að öll utanríkis- sem innanríkis-skip megi sigla á hverja löggilta höfn, er breytíng á 2. gr. í verzlunarlögunum 15. apr. 1854, því þar er sá munur á gjör, að innanríkisskip mega sigla á allar hafnir, en utanríkisskip að eins á þá 6 aðalverzlunarstaði. Þar með er jafnrètti milli innanríkis- og utanríkismanna hallað, sem að er mikill ójöfnuður, og þannig er vikið frá þeirri aðalreglu, sem þjóðfundurinn fylgdi, og lagaboðið ætlaðist til, að jafnrètti væri milli þeirra. Mèr virðist eingin gild ástæða til þess, að utanríkisskip mega eigi koma á hverja sem helzt höfn. Áður hafa að vísu staðið í verzlunarlögum Dana og annara þjóða

ýmsar greinir, er miðuðu til þess, að gjöra utanríkismönnum örðugra fyrir, að keppa í verzlun við innlenda, en nú eru þær allar horfnar úr lögum Danmerkur. Það er því víst hið sèrstaklega ástand Íslands, sem hefir átt að rèttlæta þessa breytni, og þá einkum það, að eigi sè til lögreglustjórn á öðrum höfnum en þessum 6, og læknar annarstaðar hvergi nærri. Um lögreglustjórnina, þá sè eg einga ástæðu til, að binda utanríkisskip við þær 6 hafnir, því nú er svo, að ef þau koma fyrst inn á einhverja af þessum 6 höfnum, þá er þeim leyfilegt, að koma á öll löggilt kauptún á eptir, en ekki mun lögreglustjórnin á þeim verða betri fyrir það, þó skipið hafi áður skotizt inn á einhverja af þessum 6 höfnum, fyrst skipstjóra er á annað borð eigi gjört að skyldu, að flytja lögreglustjórann með sèr hvert á land hann vill. En um læknaleysið, þá er sú bót í máli, að sýslumenn búa víðast nálægt kauptúninu, og þeir skoða skjöl skipsins; ef þeim þykir þá heilbrigðisástand skipverja tortryggilegt, þá geta þeir bannað þeim að verzla, áður en læknirinn kemur, sem víða er eigi svo lángt í burtu. Um 2. uppástúnguna held eg einginn ágreiníngur geti orðið, það er að segja, að leiðarbrèf fáist hjá öllum lögreglustjórum. Getur það verið mikill bagi, að ekki fást leiðarbrèf hjá hverjum sýslumanni, því opt koma skip til landsins, án þess að hafa leiðarbrèf, og virðist þá fjarskalega óhöndulegt, að eg eigi segi hlægilegt, að þau verði að leggja krók á hala sinn inn á einhverja af þeim 6 höfnum, einúngis til að sækja leiðarbrèfið; því þegar nú innanríkisskip mega koma rakleiðis á allar löggiltar hafnir, þá ætti að haga því svo til, að þau gæti þó feingið leiðarbrèf hjá hverjum sýslumanni, því ekki er svo mikið varið í pappírinn, sem þau eru rituð á, að í það sè horfanda, að hverjum sýslumanni sè trúað fyrir þeim, og annars eru leiðarbrèfin víst vel geymd hjá hverjum sýslumanni. Um 3. uppástúnguna vil eg geta þess, að það verður að vera komið undir verzlunarsamníngi Dana við hverja þjóð, sem um er að ræða, hvort hafa megi 15 lesta skip eða minni til flutníngs, og ætti því að breyta uppástúngunni þannig, að það væri látið vera komið undir samníngi þeim, sem Danastjórn hefði gjört við aðrar þjóðir, sem eg annars ætla að hún sè búin að gjöra við Svíþjóð og Noreg, og að minnsta kosti hefir hún gjört hann við England. Að svo mæltu legg eg á vald þíngsins, hvort það vill fella bænarskrá þessa eða ekki.

Guðmundur Brandsson: Mèr þykir það skaði, að mál þetta kom svo seint fyrir á þíngi þessu, svo að hèðan af er ísjárvert, að

taka það fyrir. Í bænarskránni eru mjög verulegar uppástúngur, og sem gæti leitt til góðs, bæði fyrir kaupmenn og bændur. En hvað viðvíkur því, að þjóðfundurinn hafi fallizt á, að utanríkis- sem innanríkis-menn mætti strax sigla á allar löggiltar hafnir, þá er það víst misminni; en eg ætla ekki að fara leingra fram í málið að sinni.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það er skaði, að þetta mál skuli koma svona seint, því mér virðist of naumur tíminn, til að mæla með, að nefnd verði kosin í það. Mér þykir þetta því lakara, sem eg er í öllum aðalatriðum samþykkur uppástúngum bænarskráarinnar, og vildi jafnvel fara leingra, því mér virðist, sem leiðarbrèfin mætti öldúngis af taka; þau eru hvort sem er til óhagnaðar, eru óvanaleg, og eiga sèr hvergi stað nema hèr, og þar að auk innihalda þau einga verulega tryggíngu. Það gleður mig því, að flutníngsmaður málsins fèkk tilefni til, að skýra ýtarlegar frá hinum helztu atriðum málsins. En með því það er leiðinlegt, að þíngið hrindi þessu máli frá, þá skora eg á *framsögumanninn* að taka bænarskrána heldur aptur, þar eð eg neyðist annars til að greiða atkvæði móti nefnd í málinu, þegar svona er lángt liðið á þíngtímann. Mèr þykir og ísjárvert, að fara nú að fáta við verzlunarlögin, þar eð þau eru svo nýlega út gefin, jafnvel þó uppástúngur þessar sè flestar hinar sömu, sem eg eins og aðrir hafa framfylgt áður, þó við gætum þá ekki komið þeim fram. Vèr verðum enn um sinn að bíða þess, að verzlunarlög vor sýni sig eðlilega, áður en vèr förum að breyta þeim.

Guðmundur Brandsson: Eg vil geta þess, að þar sem hinn heiðraði flutníngsmaður talaði um jafnrètti milli fastakaupmanna og lausakaupmanna, þá yrði, ef það feingist, sem bænarskráin fer fram á, það þó ekki að öllu leyti, því að fastakaupmenn mega flytja og selja alla þúngavöru inn á allar víkur og voga, en það mega lausakaupmenn ekki, sem mörgum hefir þótt æði-hvimleitt. En þó að uppástúngur bænarskráarinnar sè góðar og í hag bæði fyrir kaupmenn og bændur, þá hlýt eg þó að mæla móti nefnd, þar eð tíminn er svo naumur, og eins og hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga gat um, verður mál þetta að bíða betri tíma.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil samt heldur eiga það á náð þíngsins, hvort bænarskránni verður hrundið frá eða ekki. Eg veit líka, að hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga yrði ekki leingi að segja álit sitt, ef nefnd yrði kosin í þessu máli; eg held því, að það mundi ekki tefja fyrir þínginu, þó að nefnd væri kosin í málið. En þar sem hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu talaði um jafnrètti

milli kaupmanna, þá hefir hann víst eigi skilið rètt það, sem hèr er umræðuefnið, því hèr er eigi að ræða um ójafnrètti það, er á sèr stað milli fastra og lausa-kaupmanna, heldur milli innan- og utanríkiskaupmanna.

Konúngsfulltrúi: Eg held, að reynslan muni sýna, að málefni þetta er bæði erfiðara og flóknara viðfángs, en menn halda, svo það hvorki muni komast af á ½ eða 1 degi. Sèrhvert af atriðum bænarskráarinnar þarf nákvæmlega að yfirvegast, og eptir þá yfirvegun munu menn komast að raun um, að á þeim eru fleiri agnúar, er örðugir munu verða viðfángs. Í fyrsta atriðinu er meðal annars beðið um, að Borðeyri verði gjörð að aðalhöfn; en þetta getur ekki átt sèr stað, á meðan þar er einginn verzlunarstaður, eða nokkurt verzlunarhús byggt. Eg efast líka um, að stjórnin muni verða fús á, að fá öllum verzlunarstjórum leiðarbrèf handa skipum í hendur, því ábyrgð sýslumannanna í því tilliti er eigi einúngis í því innifalin, að ábyrgjast leiðarbrèfin og gjöra skýra skilagrein fyrir þeim, heldur líka að gjöra regluleg skil fyrir peníngum þeim, sem greiddir eru fyrir leiðarbrèfin.

Arnljótur Ólafsson: Það er öldúngis satt, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði; en hitt álít eg sjálfsagt, að sýslumennirnir sè eigi ávallt áreiðanlegri á þessum 6 höfnum en annarstaðar. En þar sem sagt var, að ísjárvert væri að breyta svo úngum lögum, sem verzlunarlögin eru, þá vil eg geta þess, að ríkisdagurinn í Danmörku er einmitt búinn að breyta þeim með lögum 16. febr. 1856, um skipaskjöl; því álít eg, að ekki sè ástæða til, að hrinda málinu frá nefnd fyrir þær sakir.

Ásgeir Einarsson: Eptir því sem eg sá í Norðra í vetur, þá bjóst eg við, að þessi bænarskrá kæmi frá Austurlandi, og bjóst eg við, að nefnd yrði kosin í það; með því líka, að brèfið í Norðra var frá kaupmanni í Noregi, sem eg ímynda mèr að hafi vit á verzlunarlögum og verzlun. Eg verð samt að vera á sömu meiníng og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga, að ekki skuli velja nefnd í málið, vegna tímans, því ef menn ætla að hreifa öllum þess atriðum, þá þarf mikinn tíma, og þyrfti víst mikla umhugsun. Í bænarskránni er eitt atriði sem töluvert getur þýtt, eins og nú stendur á hèr á landi, það er ákvörðunin um 15 lesta skip og minni, þegar þau eru utanríkisskip. Þessi ákvörðun felldi þjóðfundurinn, og hún hefir þó verið sett inn í verzlunarlögin, og svona gæti farið enn þá. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók það fram, sem

eg held að helzt sè þörf í þessu máli, einkum viðvíkjandi Borðeyri. Hvað því viðvíkur, að lækni sè hægt að ná, ef á þarf að halda, þá vil eg geta þess, að hann er ekki nær en í Stykkishólmi, og mun ekki bráðum svo aukið læknum, að læknir verði á Borðeyri, en þetta er þó eitt skilyrði í verzlunarlögunum. Ekki er sèð, hvort sýslumaðurinn í Strandasýslu framvegis verði leingi búsettur svo nálægt kauptúninu, að hann geti strax skoðað skjöl skipanna, sem þar koma. Af framansögðu vil eg, að máli þessu sè frestað, og skora á hinn heiðraða *framsögumann,* að taka bænarskrána aptur, því það er betra, heldur en að málinu verði vísað frá. Sá heiðraði flutníngsmaður hèlt, að fulltrúi Ísfirðínga yrði ekki leingi að semja nefndarálit í máli þessu; en eg vil geta þess, að hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga hefir nú nýlega feingið mjög vandasamt nefndarálit um konúnglegt frumvarp til meðferðar, sem hlýtur að tefja hann, þó hann ekki yrði leingi að segja álit sitt um þetta mál, sem óvíst er, ef nefnd yrði kosin. Nú eru heldur ekki eptir nema 3 dagar af þeim lögboðna þíngtíma.

Sveinn Skúlason: Eg efast ekki um, að bænarskrár um þetta efni hefði komið að norðan, og einkum úr mínu kjördæmi; en af því að ótíð og ófærð bönnuðu mèr í vor, að sækja til funda við þá, er eg hafði ráðgjört, hefir þetta farizt fyrir. Eg get borið um það, að menn hafa þar mikinn áhuga á þessu máli, og eg ætla víðar á Norðurlandi. En þó að eg óski, að þessu máli gæti orðið framgeingt, þá hlýt eg samt að mæla móti nefnd í því í þetta skipti, en vona, að fleiri en ein bænarskrá komi um það til næsta alþíngis, og verði þá betur tímabærar, en nú hefir orðið.

Arnljótur Ólafsson: Þar eð eg er hræddur um, að bænarskráin verði felld á þínginu, þá vil eg, áður en geingið er til atkvæða, leiðrètta það, sem mèr finnst hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu misskildi, þar sem hann talaði um 15 lesta skipin, að leyfið gæti ekki orðið almennt fyrir Ísland, af því það væri eigi almennt fyrir Danmörk. Það er hægt að ráða úr þessu, því stjórnin þarf ekki annað en auglýsa, hverjar þjóðir hafa megi 15 lesta skip, nema minni sè, til flutnínga hèr á landi, eins og hún hefir gjört og gjörir um undanþágur frá ismunartollinum, og sè eg ekki, að það gæti verið neitt til fyrirstöðu. Eg get enn ekki tekið tillit til hins stutta tíma, sem menn eru að bera í vænginn, þótt eg annars játi, að það sè hin eina ástæða móti nefnd, og get eg því ekki gjört þínginu það til geðs, að taka aptur bænarskrána. Mèr finnst og, að Borð-

eyri ætti ekki að standa mönnum svo í augum, að bænarskránni sè hrundið þess vegna. Eg vil þá að lyktum vekja athuga þingsins á, hversu vel bænarskráin er samin, og hve margir ágætis-menn hafa ritað nöfn sín undir hana, áður en geingið er til atkvæða.

Ásgeir Einarsson: Það sæti sízt á mèr, að vilja vera á móti kjördæmi mínu, en eg vil ekki mæla svo fram með því, að eg vilji gjöra öllu landinu og málefninu skaða, með því eg heyri það líka af ræðu flutníngsmannsins, að ekki muni þingið geta gjört við ákvörðuninni um 15 lesta skipin, og svona getur orðið um fleira í þessu máli, svo málið getur einmitt haft skaða af því, ef það yrði tekið fyrir núna, þegar tíminn er of naumur.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, álít eg inngángsumræðunni lokið; skal eg þá biðja þingið um, að gánga til atkvæða, hvort nefnd skuli kjósa eða ekki.

Var síðan geingið til atkvæða, og var bænarskráin felld með 14 atkvæðum gegn 4.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til umræðu bænarskrá frá Mela- og Leirársveit í Borgarfjarðarsýslu, áhrærandi *úrræði og hjálp gegn almennri neyð.* Flutníngsmaður er hinn sami heiðraði þingmaður.

Bænarskráin afhent honum.

Arnljótur Ólafsson: Eg vona þó, að þingið vilji heyra þessa bænarskrá; hún er líka helmíngi styttri en hin.

Las þingmaðurinn hana upp svo hljóðandi:

„Eins og það er sjálfsögð skylda fyrir æðri sem lægri stèttar menn, að gegna köllun sinni eptir fremsta megni, og vinna dagsverk sitt með forsjálni, kappsemi og alúð, sem þeim er trúað fyrir, svo finnum við fulla hvöt fyrir, að bera umhyggjusemi og áhuga fyrir sveitarfèlagi þessa hrepps, og það því fremur, sem reynslan hefir sýnt á yfirstandandi árshríng, að neyð og bjargarskortur almennings stendur fyrir dyrum, og þarf að leggja vígskorður við, ef ekki skal verða að almennu tjóni, þar fremur sýnist, að allt vísi að því takmarki, að húngursneyð ryðji sèr til rúms í híbýlum manna, þó allur áhugi sè á hafður með hóflega sparneytni; og það því fremur hèr í þessum fátæka og fèlitla hrepp, sem tapað hefir að miklu leyti atvinnustofni sínum, nefnilega sauðfènaðinum, þar sem nú í hreppnum eru búsettir 33 bændur, og þar af 13 býli alveg sauðlaus, og hinir mjög kindafáir; því í staðinn fyrir, sem sauðfjártala hreppsbúa var árið

1857, 1,776, er hún einasta nú 484. Eins og aflahagur hreppsins hefir nú rýrnað með það eina, svo hefir hann nú og svo feingið áfall með það annað, þar sem bæði er stórskemmd málnyta fyrir heyskort á umliðnu vori, og þar til hefir brugðizt fiskiheppni hreppsbúa umliðna vertíð, með mörgu fleira, sem stutt hefir að því bágara; þar á meðal má sjá, að þeir, sem stýra Íslandsmálefnum, hafa ekki sem gætilegast borið umhyggju fyrir, að það svo kallaða gjafafræ kæmi til landsins, á tímabærum burði, svo fyrir þá skuld mega nú venjulega yrktir kálgarðar standa í auðn, og eru þaktir illgresi, í staðinn fyrir frjóvsama ávexti. Þegar lagt er nú á metaskálir efnahagur hreppsins, og sú byrði, sem hvílir á herðum hans, sem mun vera hèr um bil fullir 3000 fiskar, sem árlega þarf til útlaga, svo mun snögglega hallast á, að allir heilvita, sem nokkra nærgætni hafa, geta glögglega sèð, að áhallinn er svo mikill, að ekki er kvartað um skör fram, að ekki er leitað liðs án þarfa; og hvert skyldum vèr leita liðs í vandræðunum, ef ekki til þeirra, sem hafa lyklavaldið, bæði með ráð og dáð að bæta úr bágbornum ástæðum landsbúa, og í því trausti flýjum vèr til yðar, sem okkar fulltrúa og sendiboða á voru kæra þjóðþingi, alþingi, að þèr berið kveinstafi okkar fram, að þessi hreppur feingi fèstyrk af einhverjum þeim opinberum styrktarsjóð, sem til mætti þrífa í harðindis- og hallæris-tíð, svo mikinn, að hreppsbúum mætti að liði verða, bæði til að efla efnahag þeirra, og líka til að verja yfirvofandi húngursnauð, svo hvorki þyrfti einn eða aðrir að sjá eða reyna, að meðsystkin manns liði húngursnauð, eða lægi húngurmorða fyrir fótum manna.

Skrifað að Áskoti í Melasveit, í júlím. 1859".

(18 nöfn).

Arnljótur Ólafsson: Eg vona, að þingið taki vel undir þessa bænarskrá, og henni verði gaumur gefinn; vil eg gjöra þá uppástúngu, að hún verði afhent nefndinni um kveinstafina; og vona eg, að nefndinni þyki þessi bænarskrá góð viðkomu.

H. Kr. Friðriksson: Mèr virðist bænarskráin vera stýluð til fulltrúa Borgfirðínga, en ekki alþingis, og verður hann þá að koma fram með nýja uppástúngu.

Forseti: Hún er komin, með því flutníngsmaður ber hana fram, og fylgir henni sem sinni uppástúngu. En fyrst að ekki taka fleiri til máls, álít eg inngángsumræðunni um þessa bænarskrá lokið, og skal eg biðja menn að gánga til atkvæða um það, hvort vísa skuli

bænarskránni til nefndarinnar í málinu um hallæri og almenna neyð, því flutníngsmaðurinn hefir ekki farið fram á frekara.

Var síðan samþykkt með 21 atkvæðum, að vísa bænarskránni til nefndarinnar um almenna neyð, og var hún afhent hinum 2. konúngkjörna þíngmanni í fjærveru formanns nefndarinnar.

Forseti: Dagskráin er þrotin. Eg vil geta þess, að til mín er komin bænarskrá frá 23 tómthúsmönnum í Reykjavík, um að afbiðja allan *lóðartoll af tómthúsum í Reykjavík;* verður hún lögð á lestrarsalinn, þángað til flutníngsmaður hennar, þíngmaðurinn úr Reykjavík, hreifir henni, þegar málið um tómthúsmannatollinn kemur til ályktarumræðu. Þar næst bið eg þíngmenn að koma í fyrramálið til mín með breytíngaratkvæði sín í lagaboðamálinu, og eins í alþíngistíðindamálinu. Næsta fund ákveð eg á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

---

26. júlí — sextándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Þá kemur fyrst samkvæmt dagskránni til undirbúníngsumræðu nefndarálit um *auglýsíngu reikníngа opinberra sjóða og stofnana; framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður úr Norður-Þíngeyjarsýslu.

Nefndarálitið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Sveinn Skúlason): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp.

Nefndarálitið lesið upp svo látandi.

„Alþíngi hefir kosið oss, er ritum hèr undir nöfn vor, í nefnd til þess að íhuga bænarskrá, er komið hefir til þíngsins frá frjálsum fundi að Kollabúðum, og fer því fram, að stjórnendum opinberra sjóða og stofnana á Íslandi verði gjört það að lagaskyldu eptirleiðis, að auglýsa árlega á prenti reikníngа tèðra sjóða og stofnana á þeirra kostnað.

Vèr höfum nákvæmlega íhugað þetta mál, og skulum nú láta þínginu álit vort um það í ljósi.

Það er orðið alvenja í hverju landi, þar sem nokkurn veginn frjálslegt fyrirkomulag er á stjórnarmálefnum, að reikníngar og skýrslur opinberra sjóða og stofnana eru auglýstir, svo að allur almenníngur geti séð, hvernig þess konar sameiginlegum eignum þjóðanna er stjórnað, og hvernig fé þeirra er varið. Þess konar auglýsíngar efla hvað mest traust almennings á embættisstéttinni, hrinda burt allri tortryggni um, að misfarið sé með fé ríkjanna, og eins og gjaldþegnar eiga náttúrlegan rètt til þess að vita, með hve gildum ástæðum gjöld eru heimt af þeim, eins verða þeir og fúsari til allrar gjaldgreiðslu, þegar þeir fá að sjá skýra skilagrein fyrir allri meðferð þess fjár, sem þeim er gjört að greiða. Á Íslandi hefir, einkum áður fyrrum, verið hinn mesti skortur á öllum þess konar opinberum skýrslum, og þó að það í sumum greinum og á sumum stöðum hafi breytzt nokkuð til batnaðar, er enn öllu þess háttar mjög ábótavant hèr á landi.

Það fer að vonum og er eðlilegt, þó að áhugi manna á þess konar rèttindum hafi aukizt síðan alþíngi hófst aptur að nýju, eins og á hverjum öðrum þjóðrèttindum. Það hafa líka áður komið bænir til alþíngis í líka stefnu, og stjórnin tekið vel tillögum þíngsins um þess konar málefni. Þannig komu bænarskrár til alþíngis 1853, er kvörtuðu yfir því, að reikníngar landsprentsmiðjunnar væri ekki auglýstir almenníngi, og bauð stjórnin þá, samkvæmt tillögum alþíngis, með brèfi dómsmálaráðgjafans 9. júní 1855 stiptsyfirvöldunum, að bera umhyggju fyrir því, að nokkurn veginn fullkomið ágrip af reikníngum prentsmiðjunnar fyrir næstliðið reikníngsár yrði auglýst á prenti, þegar búið væri að endurskoða og leggja úrskurð á þá, og að því skyldi fylgja yfirlit, er sýndi, hvernig hagur prentsmiðjunnar væri við enda reikníngsskaparársins, og skyldi þetta einnig gjört fyrir hin komandi ár. Þó að nú sé liðin 6 ár, síðan stiptsyfirvöldunum var þannig með skýlausri skipun stjórnarinnar gjört að skyldu, að auglýsa prentsmiðjureikníngana, hafa þau þó eingan reikníng auglýst fyrir þessi ár, og sjáum vèr eigi, hver afsökun getur verið fyrir slíku, nema það skyldi vera, sem ólíklegt er, að ekki sé enn búið að endurskoða og úrskurða reikninga prentsmiðjunnar fyrir árið 1854.

Þessi og þvílík dæmi sýna það að vorri hyggju ljóslega, hversu brýn nauðsyn er til þess, að embættismönnum sé gjört að skyldu, að auglýsa hið bráðasta slíkar reikníngsskýrslur, og þegar vèr athugum, að stundum hafa geingið heil ár, áður en reikníngar embættismanna

eru endurskoðaðir og úrskurðaðir, en áhugi almennings mestur á því, að fá sem fyrst að sjá það, hvort gjöld hafa verið af þeim krafin á löglegan hátt, og þeim síðan löglega varið, þá verðum vèr að álíta það fulla nauðsyn, að allir þess konar reikningar sè auglýstir sem fyrst, eptir að þeir eru samdir, og að síðar sè skýrt frá þeim smábreytingum, er gjörðar kunna að verða á þeim við endurskoðun og úrskurð þeirra. Vèr ætlum, að með þessu sè bætt úr eðlilegum áhuga almennings, að sjá reikningana, og að þessi tilhögun verði ný hvöt fyrir embættismennina, að vanda þá sem mest frá sinni hendi.

Af framanskrifuðum ástæðum viljum vèr ráða þinginu til, að senda konúngi vorum þegnsamlega bænarskrá þess efnis:

1. *Að stjórnin gjöri embættismönnum þeim, er hafa á hendi stjórn opinberra stofnana og sjóða, það að lagaskyldu, að auglýsa á prenti greinilega og nákvæma reikninga sjóðanna og stofnananna sem fyrst, eptir að ársreikningar eru samdir, og að gjöra síðan grein fyrir breytingum þeim, er gjörðar kunna að verða á þeim við endurskoðun og endilegan úrskurð þeirra í stjórnardeildinni íslenzku í Kaupmannahöfn.*
2. *Að kostnaður sá, er þarf til auglýsinga þessara, gjaldist af eigum sjálfra sjóðanna og stofnananna.*

Reykjavík 21. júlí 1859.

Pètur Pètursson, formaður. *Sveinn Skúlason,* framsögumaður. *Arnljótur Ólafsson*“.

Framsögumaður: Það er heppilegt bæði fyrir mig sjálfan, sem er svo úngur í þíngmennskunni, og fyrir málið sjálft og afdrif þess á þínginu, að það er svo lagað, að stirð og ófullkomin framsaga mín getur varla orðið því til fyrirstöðu, því hèr er um svo einföld rèttindi þjóðar vorrar að gjöra, sem menn eiga fulla heimtíngu á, og sem menn af reynslunni vita að stjórnin er fús á að taka til greina. Eg ætla því, að ekki þurfi mikið að mæla með uppástúngunum sjálfum, því mèr þykir ólíklegt, að þær mæti miklum mótbárum af þíngsins hálfu. En til þess að skýra betur fyrir þínginu, hvílíkt gjörræði og lagaleysi geti af því leitt, þegar þjóðin ekki hefir hönd í bagga með um stjórn opinberra stofnana og sjóða, og hvernig fè þeirra er varið, þá vil eg skýra nokkuð betur dæmi það um landsprentsmiðjuna, sem drepið er á í nefndarálitinu. Stiptsyfirvöldunum var fyrir nokkrum árum skipað, að auglýsa reikninga prentsmiðjunnar. Nú eru 6 ár síðan, en þó er ekkert komið enn þá. Það er þó óskilj-

anlegt, að þessir reikníngar sè enn ókomnir frá stjórninni, og væri svo, þá er það líklega af óþolanlega illum frágángi á þeim. En þar á móti hafa stiptsyfirvöldin gjört annað. Með brèfi stiptamtmannsins frá 9. marz 1858 er mælt fram með, að styrkja 2 einstaka menn, sem hafi byrjað að gefa út blað, en ekki geti staðizt kostnaðinn. Þar er mælt fram með því, að útgefendurnir fái allan kostnaðinn við útgáfu blaðsins endurgoldinn af þeim 4000 rdd. styrk, sem veittur sè til óvissra útgjalda, eða að stiptsprentsmiðjan taki að sèr kostnað og sölu blaðsins, og borgi útgefendunum sanngjörn ritlaun, eptir því sem um semdist. Það sèst nú reyndar ekki á brèfi stiptamtmanns, að þessir menn hafi beðið um styrk til þessa, heldur til að stofna fèlag til eflíngar sauðfjárræktarinnar. Stjórnin svarar þessu með ráðherrabrèfi 13. apr. 1858, og kveðst ekki geta styrkt fèlag þetta, fyr en hún fái nákvæmari uppástúngu frá stiptamtmanni *(Forseti:* Eg verð að biðja hinn heiðraða þíngmann, að blanda ekki því hèr inn í, sem ekki kemur málinu við). Eg skal undir eins snúa mèr að málinu. Stjórninni þykir ísjárvert, að veita hinn kostnaðinn til útgáfu blaðsins, sem stiptamtmaður, beðinn eða óbeðinn, líka hafði stúngið upp á, og sem hún veit ekki hvað mikill kunni að vera, af þeim 4,000 rdd., sem ætlaðir eru í fjárhagslögunum til óvissra útgjalda á Íslandi, en hún er ekki ósamþykk því fyrir sitt leyti, að prentsmiðjan taki að sèr kostnað og útsölu blaðsins, og borgi ritstjórunum hæfileg ritlaun, svo framarlega sem stjórn prentsmiðjunnar fái sèð, að hún geti geingið að þeim kostum, og fè sè fyrir hendi, er þarf til þess kostnaðar. Þegar nú um það er að ræða, hvort stjórnendur prentsmiðjunnar og stjórnarherrann hafi gjört rètt í þessu efni, er fyrst á það að líta, hvort þetta hafi nú verið hagur fyrir prentsmiðjuna. Það virðist nú, að svo hafi verið álitið, fyrst þeim var gefið vald að gjöra það, ef það væri aðgeingilegt fyrir prentsmiðjuna; en eg held varla þetta hafi verið hagur, þegar á allt er litið, upplag, kostnað og sölu blaðsins. Upplagið er hèr um bil 400 exempl.; hvað selt er, veit eg ekki, en það er líklega ekki mikið; því nóg er til að senda gefins til presta, prófasta og hreppstjóra, en við það rýrnar nú upplagið; prentunarkostnaðurinn er hèr um bil 170 rdd.; og með ritlaunum, sem líklega hafa verið til tekin ríflega, þegar 2 embættismenn áttu í hlut, verður þessi kostnaður lángt yfir 200 ríkisdali. Salan býst eg við sè mjög lítil; að minnsta kosti er þetta rit mjög sjaldgæft fyrir norðan, og fæst ekki fyrir dýra dóma. Er það nú löglegt, að taka fè opinberra stofnana og kasta því út til verra en óþarfa,

mèr liggur við að segja, kasta því fyrir hunda og hrafna. Það liggja á prentsmiðjunni aðrar kvaðir, lögmætar kvaðir, sem hún á að borga, ef hún leggur nokkuð upp; fjórði hluti gróða hennar á að tilfalla Norðurlandi. Þetta var svo ákveðið af stjórninni sjálfri, þegar prentsmiðjan var tekin frá Hólum. Stiptsyfirvöldunum hefir opt verið skrifað um þetta, en þau eingu svarað; það lítur svo út, að þau svari eigi lögmætum kröfum frá embættisbræðrum sínum, eða skjóti skolleyrunum við þeim, en þó gegnir hún slíkum ölmusubænum óhlutvandra manna. Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um gæði þessa rits, en mèr er spurníng á, hvort það sè sómasamlegt fyrir æðstu yfirvöld landsins á ólöglegan hátt að styrkja útgáfu þess rits, sem nýðir og smánar embættisbræður þeirra og embættisráðstafanir þeirra. Eg þykist nú hafa frelsað samvizku mína fyrir þjóð minni, og vona að minnsta kosti, að þíngið láti það skýrt í ljósi, hvernig það álítur þessa aðferð stjórnarinnar og stiptsyfirvaldanna, og að það afbiðji slíkt framvegis.

H. G. Thordersen: Nú þykir mèr því líkast, sem hèr sè farinn að blása norðanvindur inn á þíngið. Þessu, sem nú var þulið, mun vera stefnt til stiptsyfirvaldanna, að mèr skilst. Mèr er nú ekki hægt að svara öllu þessu; það var svo margt og mikið, og eg vona það veitist mèr til vorkunar, þó eg vilji ekki hèr svara fyrir mig og annan mann, sem hèr er hvergi nær staddur, en þó eins nákominn málinu og eg; því það er ætíð viðurhlutamikið fyrir annan málspart, að svara slíkum ásökunum; en eg vona menn afsaki mig, þó eg sè tregur til, að svara einkum svona hroðalegum framsögumáta. Eg ætla því ekki að fara hèr um fleiri orðum; það tekur því ekki.

Jón Hjaltalín: Málið mun vera beygt til mín, sagði Skarphèðinn. Eg hugsaði þó, að það væri eitthvað satt í þessum norðanvindi. Eg hugsaði, að þíngseta vor væri nógu laung og landsmönnum nógu dýr, þó menn brúkuðu ekki tíma sinn til að berja fram ósannindi. *Framsögumaður* þessi, það er þíngmaðurinn úr Norður-Þíngeyjarsýslu, segir, að *privat*-menn hafi beðið stjórnina um styrk og feingið 200 rd. til endurgjalds. Eg veit ekki til, að eg eða fèlagi minn hafi beðið um eða feingið neinn styrk eða endurgjald. Eg hefi ekkert feingið, og eg tel víst, að hann hafi ekkert feingið heldur. En hitt var það, að stiptsyfirvöldin vildu ekki láta þessa norðannepju vera óhrakta, heldur brúkuðu prentsmiðjuna til að hrekja hana á prenti, og það held eg hafi ekki verið nein stór synd, og það var ekki heldur neitt launúngarmál. Hann talar um,

að blaðið muni ekki borga sig, og að það hafi ekki sèzt á Norðurlandi. Það getur vel verið, að það borgi sig ekki vel, en það kemur lítið þessu máli við; en það, að það hefir ekki sèzt á Norðurlandi, er líklega af því, að menn hafa þar ekki kært sig um það ýmissa orsaka vegna. Hann segir, að blaðið beri ósannar sakargiptir á embættismenn; því verð eg nú að neita sem ósannindum af honum. Sagan er sögð þar rètt, eins og hún hefir geingið; en það er kann ske hart aðgaungu fyrir sumum, að heyra beiskan sannleikann. Eg hugði nú satt að segja, að eg hèlt ekki, að það sæti á ritstjóra „Norðra", að taka svo djúpt í árinni um orðatiltæki; eg hygg hann sè ekki svo varkár með þau; það mun hafa sèzt hjá honum, sem ekki er betra. Eg skal ekki neita, að mèr þykir undarlegt, hvernig þetta kom fram eins og skrattinn úr sauðarleggnum í þessu máli. Þetta held eg sè, „að velta sèr inn á menn". Eg er að vísu ekki hræddur, þó að mèr sè snúizt; eg er viðbúinn, nær sem vill. En mèr þykir það merkilegt, þegar verið er að biðja um reikninga og skýrslur, og menn eiga að hafa vissa stefnu, og þykjast hafa vissa stefnu, að koma svo fram með allt annað; eg held það sè ósæmilegt, að hlaupa í slíkar gönur; það er til að geta komið fram í sauðargæru. Mál þetta virtist að vera meinlaust mál; því eingum gat dottið í hug, að það ætti að brúka það til þess, að geta ráðizt á einstöku menn; en eg held eg verði varkár með nefndir hèðan af, ef það viðgeingst, að snúa málunum, eins og mönnum lízt, og til annars eins og þessa. Eg vona ræða þessa þingmanns verði prentuð í alþingistíðindunum, eins og hún var; hún er þess verð *(Sveinn Skúlason:* Það verður gjört).

Konúngsfulltrúi: Eg vil reyna til, að koma málinu á nokkuð aðra stefnu, en það hefir verið nú um nokkra stund, svo að geðshræringar manna sefist. Eg hefi fyrir mitt leyti ekkert sèrlegt móti nefndarálitinu. Einúngis skal eg geta þess, að þar sem uppástúnga nefndarinnar fer fram á það, að reikníngarnir sè auglýstir strax, eptir að þeir eru samdir, og síðan endurskoðun þeirra og endilegur úrskurður, þá er þetta miður hentugt. Eg vil upplýsa þetta með einu dæmi, teknu af einum þeirra sjóða, er eg hefi undir höndum, nefnilega amtsjafnaðarsjóðnum, um hvern eg gizka á að almenníngi sè annast. Ársreikníngur fyrir þenna sjóð er saminn um nýár; nú er það kunnugt, að póstur geingur ekki suður frá Stykkishólmi fyr en síðast í febrúar. Þótt nú ágrip af reikníngnum væri sent með þessum pósti suður til prentunar, mundi það varla fást prentað fyr en

síðast í marz eða apríl, og blaðið, sem innihèldi ágripið af reikníngnum, mundi ei verða orðið kunnugt almenníngi, fyr en komið væri út á sumar. Nú hefir kostnaðinum til jafnaðarsjóðsins ætíð verið jafnað niður í vesturamtinu þann 10. marz, svo að niðurjöfnunarskjalið væri komið til sýslumanna, áður þeir í apríl útgefa þíngboðsseðla. Þar af flýtur þá, að amtsbúarnir ekki geta feingið ágripin af reikníngnum, fyr en laungu eptir það, að búið er að jafna niður á þá tollinum til jafnaðarsjóðsins, og þannig fellur sú helzta ástæða burtu, sem nefndin hefir fært fyrir því, að reikníngarnir skyldi verða auglýstir strax eptir að þeir væri samdir. Eptir því sem athugasemdirnar við reikníngana eru lagaðar, og svörin upp á þær, samt úrskurðir þeir, er þar um eru felldir, sè eg eigi heldur, hvernig almenníngi yrði þær og úrslit þeirra gjörð skiljanleg nema með lángri útlistun. Af þessum ástæðum álít eg betra, að auglýsa reikníngana, eptir að þeir eru úrskurðaðir.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg í þessu augnabliki fèkk brèf frá þíngmanni Skagfirðínga um, að hann sökum lasleika ekki geti komið á fund. Eg skal um leið biðja hina heiðruðu þíngmenn, að halda sèr sem bezt við efnið, sem er til umræðu, en fara ekki út í aðra sálma.

Framsögumaður: Eg verð að neita því, að það sè að nokkru leyti að fara út fyrir efnið, að sýna fram á, að stiptsyfirvöldin og stjórnin hafa tekið af fè opinberrar stofnunar til slíkrar brúkunar; það á einmitt við efnið; það þurfti að koma fram. Viðvíkjandi því, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, skal eg geta þess, að það var ekki meiníng nefndarinnar, að allar þær útásetníngar, eða athugasemdir, sem kynni að verða gjörðar við reikníngana, skuli verða birtar, heldur þær breytíngar, sem yrði gjörðar einkum á reikníngum amtmannanna, sem ekki eru svo mikilvægar, að það geti heitið mikið mál. Þetta vona eg sè einginn ógjörníngur, en þessir reikníngar þurfa að koma sem fyrst; það gjörir alþýðu ánægðari, og það verður með þessu eina mótinu; þá getur það komið fyrir árslok, annars getur það dregizt leingi. Eg verð því að halda fast við nefndarálitið.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg vildi mega spyrja nefndina, hvað meiníngin sè með því, sem stendur í 1. niðurlagsatriðinu: „að gjöra það að *lagaskyldu,* að auglýsa“; er ætlazt til, að beðið sè um, að búa til lög, er skipi þetta? Á því virðist eingin þörf. En ef það er ekki meiníngin, þá er nóg að segja, að stjórnin

skipi, að auglýsa skuli reikninga opinberra sjóða og stofnana, eins og gjört hefir verið í einstöku tilfellum áður. Eg held réttast væri, að biðja um, að skipanir stjórnarinnar um, að auglýsa reikningana, verði ítrekaðar. Þar sem einnig stendur í 1. atriðinu: „og að gjöra síðan grein fyrir breytingum þeim“, o. s. frv., þá er það óþarft, því þar sem verulegar breytingar verða gjörðar, t. a. m. ef embættismaðurinn fær útsvar eða ábyrgð, leiðir það af sjálfu sèr, að það kemur fram í síðari reikningum. Það er þó víst ekki nefndarinnar meining, að fara að prenta allar útásetningar við reikningana og svörin þar upp á, og úrskurði um þetta. Það er ekkert unnið við, að prenta annað en það, sem verulega auglýsir stjórn og ástand sjóðanna; þetta á ekki að vera til að seðja forvitni manna, heldur til gagns. Athugasemdir *framsögumannsins* lúta að efninu til að því, að hvað miklu leyti stjórnendur einhvers sjóðs megi ráða yfir honum, því hann finnur að því, að stjórnin hafi leyft að borga úr tilteknum sjóði til eins fyrirtækis. Eg get nú ekki betur sèð, en að stjórnin af prentsmiðjusjóðnum geti kostað rit, sem hún álítur gagnlegt rit, sem miðar til að forða mönnum frá landplágu og afstýra tjóni; slíku riti er þó vert að gefa gaum og styrkja það. Það er annað mál, ef alþingi ætti að sjá um þenna sjóð, svo að t. a. m. leggja ætti áætlun um útgjöld hans og tekjur fyrir þingið; þá hefði stjórnin eigi leyfi til, að ráða yfir sjóðnum að þinginu fornspurðu; en það á sèr nú ekki stað; yfir þessum sjóði hefir einginn stjórn eða umsjón, nema stiptsyfirvöldin og stjórnin, og fyrst svo er, álít eg þau hafi fullt vald til, að veita styrk af honum. Eg vil leyfa mèr að stínga upp á, að svo verði orðað, að stjórnin endurnýi skipanir sínar til embættismanna um, að auglýsa opinbera reikninga, þegar ársreikningum er lokið; það er ekki þörf á meiru.

Arnljótur Ólafsson: Eg get glatt mig yfir því, að það eru ekki komin fram mörg mótmæli gegn nefndarálitinu. Eg skal því einúngis svara hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa*. Hann sagði, að menn gæti ekki náð tilgángi sínum; reikníngar kæmi eigi svo snemma, að þeir yrði auglýstir, áður en lagt yrði á í næsta sinni. Það er nú að vísu líklegt, að þetta sè svo, hvað vesturamtið snertir, og ber þá þess að gæta, að nefndin getur ekki breytt póstgaungunum, eða flýtt þeim; en það var tilgángur nefndarinnar, að flýta fyrir reikníngunum, svo þeir kæmi sem fyrst. Það er nú betur ástatt í suður- og norðurumdæmunum í þessu tilliti; þar eru prentsmiðjur, svo reikníngarnir geta þar strax komið fram fyrir almenníngssjónir. Eg vona hinn

hæstvirti *konúngsfulltrúi* sjái tilgánginn, og haldi ekki fast á móti þessu. Þíngmaður Ísfirðínga fann að því, að nefndin vildi, að embættismönnum yrði gjört það að lagaskyldu, að auglýsa reikníngana. Vèr nefndarmenn höfðum dæmið fyrir oss; vèr vissum, að embættismönnum hafði verið skipað, að gjöra þetta í einu máli, en þeir höfðu ekki hlýtt, og því þótti nauðsyn á, að gjöra það að lagaskyldu. Þá fann hann og það að öðru atriðinu, að embættismenn skyldi sérar gjöra grein fyrir breytíngunum; þetta er að vísu ekki nákvæmt eða ekki rètt orðað, þetta: „að gjöra grein", því í því liggur eigi, að taka fram hverja ástæðu, en meiníngin er, að sýna, hvernig til gángi, að tekjur sjóðsins breytast, minnka eða stækka frá því, sem þær voru í eptirstöðvunum árið fyrir, svo að menn vaði eigi í villu og svíma um, hvers vegna eptirstöðvarnar voru svo eður svo í fyrra, en svona nú, heldur viti, af hverju það kemur. Mèr dettur ekki í hug, að embættismenn skuli taka fram allar athugasemdir og aðfinníngar; enda eru þær opt fremur smásmuglegar; heldur einúngis breytíngar á upphæðinni, svo menn geti skilið reikníngana. Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga hefir og sagt, að stjórnin gæti gjört við fè opinberra stofnana, það sem hún vildi. Eg skal nú ekki tala um, hvað heimta má af stjórninni sem lögábyrgð; en hitt veit eg, að stjórn hvers sjóðs sem er hefir siðferðislega ábyrgð á fjárgeymslunni og fjárvörzlunni, og það undrar mig, að hinn háttvirti þíngmaður skuli nú vilja vefeingja það; því hann hefir sýnt svo optlega áður, hvaða ábyrgð stjórnin hafi fyrir þjóð og þíngi. Það er og undarlegt, að þíngmaður Ísfirðínga, sem svo opt hefir farið í sjóðaleit og krafizt reikníngа, það er undarlegt, segi eg, að hann nú vill ekki, að menn eigi heimtíng á, að fá skýrslu um, hvernig fè opinberra stofnana sè varið. Eg vona, að dæmið um Hirði sýni, að það sè öll nauðsyn á, að menn megi tala um, hvort fè því sè vel varið, sem þannig er varið, og væri reikníngar prentsmiðjunnar nú til, þá vissum vèr, hve dýr Hirðir hefir orðið henni, og þá um leið metið, hvort upplýsíng sú, sem Hirðir hefir breytt út, sè verð kostnaðarins, eður gjört hann að metfè.

H. Kr. Friðriksson: Eg er nú samdóma því, að reikníngarnir ætti að koma út, áður en úrskurður stjórnarinnar kemur, því þeir vinna ekkert við dráttinn, og verða ekkert glöggari við úrskurðinn; en verði nokkur breytíng, verður hún tekin upp í næsta árs reikníng með þeirri skilagrein, sem nauðsynleg er, til þess menn sjái, í hverju breytíngin er fólgin, og hvernig á henni stendur. Annars eru

þeir, eins og þingmaður Ísfirðinga sagði, ónákvæmir. Eg get nú ekki að mèr gjört, að minnast nokkuð á það mál, sem *framsögumaður* vakti máls á nú hèr á þinginu, um útgjöf Hirðis. Það er nú fyrst og fremst, að þetta mál er með öllu óskylt því, sem liggur nú fyrir til umræðu, það er allt annað mál, að auglýsa reikníngana, og hvernig fè einhverrar stofnunar hafi verið varið. Hèr er ekki að tala um, að stjórnendur prentsmiðjunnar hafi nokkra lagaábyrgð fyrir alþíngi, til hvers þeir hafi varið fè hennar, eða að þeir þurfi að leita samþykkis þíngsins í því; því til þess þyrfti nýja löggjöf; málið er því þess vegna óviðkomandi. Það hefir verið sagt, að Hirðir mundi ekki hafa gjört mikið gagn, eða að þær upplýsíngar, sem hann hefði, væri eigi mikils virði; en það eru fleiri en þíngmennirnir úr Norður-Þíngeyjarsýslu og Borgarfjarðarsýslu, sem eru færir til að dæma um það; þeirra dómur er ekki einhlítur, eða áreiðanlegri en annara; það eru fleiri sem geta skilið, hvað stefnir til gagns og hagsældar fyrir landið en þeir, og eg þverneita því, að nokkur ósannindi sjeu sögð um embættismennina. Önnur eins skýrsla og sú, sem þíngmaðurinn úr Norður-Þíngeyjarsýslu kom með, er eigi mikils virði og skýrir lítið málið, því að hún var, mildast sagt, öll skökk og skæld frá upphafi til enda.

Pètur Pètursson: Eg skal nú einúngis geta þess, að þegar nefndin ræddi þetta mál sín á milli, var hún ofur skikkanleg og baktalaði eingan mann. Svo það má virða það við framsögumanninn, að hann hefir sagt álit sitt opinberlega í heyranda hljóði, en ekki álasað mönnum fyrir læstum dyrum. Eg get nú ekki verið á öðru, en að nefndin hafi byggt 1. niðurlagsatriðið á góðum ástæðum; því auk þess, sem nú er tekið fram, vakti það fyrir nefndinni, að ef reikníngarnir yrði ekki auglýstir fyr, en úrskurður stjórnarinnar væri kominn, gæti það ef til vill dregizt leingi, og þá kynni menn að liggja stjórnardeildinni íslenzku á hálsi, og kenna henni um það, en um leið og menn nú sneiddu hjá þessu, yrði það einnig hvöt fyrir embættismennina, þegar það sæist, nær reikníngarnir eru búnir frá þeim, og nær þeir kæmi aptur frá stjórnardeildinni. Þetta held eg sè vel hugsað. Eg er á þeirra máli, sem álíta, að brúkun sjóðanna liggi fyrir utan þetta mál, á meðan ekki koma fram mótbárur gegn auglýsíng reikníganna.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg ætla að svara fáeinum orðum þíngmanni Borgfirðínga ekki af því, að eg ekki viti, að þíngmenn hafi bæði heyrt og skilið, að hann hefir öldúngis rángfært

orð mín, heldur til þess að þingtíðindin beri það með sèr. Þar sem eg sagði, að þingið hefði ekki stjórn yfir sjóðnum, segir hann eg hafi sagt, að stjórnendurnir hefði einga ábyrgð, og þar sem eg sagði, að eg áliti, að stjórn eins sjóðs hefði vald til, að verja fè hans til gagnlegs augnamiðs, segir hann eg hafi sagt, að ekki mætti hreifa við þessu. Þetta kalla eg nú ástæðulausa ráng færslu.

Framsögumaður: Dæmið var tekið til að sýna gjörræði stjórnandanna, og hve nauðsynlegt væri, að fyrirbyggja slíkt. Hvað orðið „lagaskylda" snertir, þá liggur það í augum uppi, að þegar skipun stjórnarinnar ekki er hlýtt, þá er nauðsynlegt að gjöra það að skyldu með lögum, hvernig sem stjórnin vill fara að því; hún getur gefið út opið brèf, hvar í það sè gjört. Þetta er nóg því, öllu hinu er svarað af meðnefndarmönnum mínum.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera á því, að betur færi á, að stjórnin fyrir skipaði, að reikníngarnir væri auglýstir, heldur en að hún gæfi út um það lagaboð. En til þess að niðurlagsatriðið í álitsskjali nefndarinnar geti farið í þessa stefnu, hlýt eg að benda hinni háttvirtu nefnd til þess, að nauðsynlegt yrði, að orðið: *„laga"* fèlli burtu, og niðurlagið yrði, eins og hinn heiðraði þingmaður Ísfirðínga gat um.

Ásgeir Einarsson: Eg hefði ekki hikað við, að fallast á það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, því það ætti að vera nóg, að stjórnin skipaði slíkt; en af því sagt er, að stjórninni hafi ekki verið hlýtt, vekur það vafa fyrir mèr, hvort ekki sè ástæða til, að fallast á uppástúngu nefndarinnar. Það er ágreiníngur á milli uppástúngu nefndarinnar og meiníngar sumra þíngmanna um það, hvort birta skuli reikníngana, áður en stjórnarúrskurður sè lagður á þá, eða fyrst að því búnu; en nú getur þurft konúngssamþykki til úrskurðarins; það getur t. a. m. verið brúkað fè vissra stofnana til einhvers, sem ekki er samkvæmt tilgánginum, og ef svo konúngur væri búinn að samþykkja allt saman, áður en maður vissi af því, þá ræki að því sama, og menn hafa otað fram í kollektumálinu, að því yrði ei breytt framar, og það held eg sýni, að ekkert sè á móti því, að reikníngarnir komi strax fyrir almenníngs augu. Breytíngarnar geta þá komið í næsta reikníngi.

H. G. Thordersen: Eg heyri svo marga tala um, að stiptsyfirvöldunum sè gjört að skyldu, að gefa út reiknínga á prenti. Það kann ske gjöri minnisleysi mitt, að eg man ekki til þess, og verð eg því að neita því að sinni, að nokkurn tíma hafi komið skipun frá stjórn-

inni til mín um slíka auglýsíngu; eg vil til taka um spítalasjóðinn, sem eg hefi undir hendi; þeir reikníngar sem aðrir gánga árlega til stjórnarinnar eptir fyirskipaðri reglu, en hvernig þeim kann að vera varið, er annað mál, sem eg gef ekki um að hreifa hèr; það kemur ekki þessu máli við. En hvað þá reikníngа snertir, sem eg hefi sameiginlega með stiptamtmanninum umsjón um, sem eru prentsmiðjureikníngarnir, og Thorchillii-sjóðsreikníngarnir, man eg ekki til, að til mín hafi komið nein skipun þar að lútandi; þeir eru sendir til stjórnarinnar á ári hverju. Eg segi þetta einúngis til að afsaka mig, og ætla því ekki að fara leingra út í það.

Framsögumaður: Mig furðar stórlega á minnisleysi hins háæruverðuga 2. konúngkjörna þíngmanns, því nefndarálitið hefir þó legið lögboðinn tíma á lestrarsalnum, og í því er stjórnarráðsbrèfið tilfært með dagsetníngu, og orðrètt tilfærð úr því skipunin um að birta prentsmiðjureikníngana, og eru nú 6 ár, síðan skipunarbrèf þetta var ritað. Um hina sjóðina er ekki talað; en það er ekki nóg, að senda reikníngana niður til stjórnarinnar; þeir verða þó að koma einhvern tíma aptur þaðan, og þá á að auglýsa þá.

H. G. Thordersen: Eg verð að afsaka það, að eg hefi ekki nennt að lesa nefndarálitið á lestrarsalnum, hversu merkilegt sem það kann að vera; en eg man ekki betur, en að svo sè, sem eg sagði áður.

Arnljótur Ólafsson: Eg álít nauðsynlegt, að halda fyrri hluta nefndarálitsins; en eg vil gjöra það viðaukaatkvæði, að fyrir aptan orðin: „gjöra síðan“, verði sett: *„í næsta árs reikníngi“*. Breytíngar þær, sem gjörðar verða á reikníngunum við úrskurð þeirra, hljóta að lúta að því, að færa upphæðina upp eða niður. Þegar breytíngin er innfærð í næsta árs reikníngi, þarf einúngis að skýra frá því í athugagrein, að breytíngin sè eptir úrskurði stjórnarinnar, en annars geta menn ei sèð, hvernig á þeim stendur. Eg vil eigi svara hinum háttvirta þíngmanni Ísfirðínga öðru, en því, að eg hèlt aldrei, að hann væri sjálfum sèr svo ósamkvæmur, að finna að því í Fèlagsritunum, sem hann vill ekki láta alþíngi einu sinni hreifa við.

Ásgeir Einarsson: Það verður ekki mikið, sem eg þarf að segja, því hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga tók ómakið af mèr, með að bera upp viðaukaatkvæði. Að eins vil eg geta þess, að eg þekki eingan annan máta, til að auglýsa reikníngana almenníngi, en að gjöra það á prenti.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg get ekki kannazt við, að í Fèlagsritunum sè fundið að því, að prentsmiðjustjórnin hafi

tekið að sèr Hirði, og það er þó víst varla annað, sem þingmaður Borgfirðinga getur meint. Eg vil leyfa mèr að taka það fram, viðvíkjandi uppástúnguatriðinu, að þó menn kunni að geta sagt, að það skaði ekki, þó uppástúngur þingsins sè óheppilega orðaðar eða ofborið í þær, þá held eg þó, að „hvað eitt skaði, sem er um of"; eg held miklu fremur' að þingið ætti að laga uppástúngur sínar í það form, sem menn vilja að haldist og stjórnin fari beint eptir. Viðvíkjandi fyrsta atriði í uppástúngu nefndarinnar verð eg að halda fram breytíngaratkvæði mínu fremur en uppástúngu hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* að breyta „lagaskyldu" í „skyldu". Mèr þykir það undarlegt, að það er eins og þingmenn viti ekki, að úrskurðir um reikníngа geta opt ekki feingizt á fyrsta ári; því viðvíkjandi eins árs reikníngi þurfa opt að fást nýjar og nýjar skýrslur, sem kunna að vera að tínast að í mörg ár. Þetta er hætt við verði svo, hvernig sem póstgaungurnar kunna að breytast, og hvort sem endurskoðun reiknínganna færi fram hèr eða þar. Viðvíkjandi breytíngum á reikníngunum, þá finnst mèr ekki þurfa að taka það betur fram, en gjört er í nefndarálitinu, *„að auglýsa greinilega og nákvæma"*, því það er sjálfsagt, að ef reikníngarnir eru *greinilegir,* þá verður gjörð grein fyrir breytíngum þeim, sem gjörðar verða eptir yfirskoðun þeirra.

Ásgeir Einarsson: Þar sem hinn háttvirti fulltrúi Ísfirðínga gat þess, að endurskoðun reiknínganna mundi þurfa að fara fram í fleiri ár, þá þykir mèr það ætti að vera því meiri ástæða til, að mæla fram með nefndarálitinu, svo hert yrði á embættismönnum, að flýta sèr með reikníngа sína, svo þeir geti þó sem fyrst orðið auglýstir.

Jón Pètursson: Eg vil stínga upp á, að breyta *„lagaskyldu"* í *„skyldu"*, og láta stjórnina um það, hvort hún lætur það koma sem lagaboð eða skipun í brèfum sínum. Líka þykir mèr sem seinni hluti í fyrra atriði nefndarálitsins mætti falla burt, nefnilega *„að gjöra grein"* o. s. frv.; því það er falið í orðinu á undan: *„greinilega og nákvæma"*, því þá verður að taka upp í reikníngana allar þær breytíngar, sem stjórnin hefir gjört við fyrri reikníngana, hvort sem það kemur fram í tekju- eða útsvars-dálkinum; annars eru reikníngarnir ekki nákvæmir, og er eg því samdóma hinum háttvirta fulltrúa Ísfirðínga. Mèr finnst nákvæmara og vafaminna, að bæta því við eptir orðin: *„eptir að ársreikníngar eru samdir": „og þó búið sè að fella úrskurð um þá".*

Halldór Jónsson: Eg er meðmæltur breytíngaratkvæði hins háttvirta þingmanns Ísfirðínga; og viðvíkjandi breytíngaratkvæði hins

háttvirta þingmanns Borgfirðinga álít eg nauðsynlegt, að við það sè bætt orðunum: *„ef mögulegt er“*, því skeð getur, að úrskurður stjórnarinnar komi ekki svo snemma, að þessu verði við komið; og vona eg þingmaðurinn taki að sèr þetta viðaukaatkvæði.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil gjarna taka að mèr breytingu eða viðauka þann, er hinn háttvirti þingmaður úr Norður-Múlasýslu stakk upp á. En eigi vil eg fella úr orðið *„laga“*, sem sumir hafa hneykslazt á, enda þekki eg ekki mun á skyldu og lagaskyldu í þessu efni, nema að forminu til, en alls ekki í sjálfu sèr. Eg vil biðja hinn háttvirta þingmann Ísfirðinga að lesa Fèlagsritin, og gæta að, hvort þar er ei fundið að því, að prentsmiðjan hafi tekið að sèr rit til að prenta á sinn kostnað (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn: Nei!) Jú, Landstíðindin (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn: Nei!).

Páll Sigurðsson: Eg verð að lýsa því yfir, að eg halla mèr að nefndarálitinu, og vil láta standa *„lagaskyldu“*, því það er viðurkennt, að stjórnin hafi áður *skipað* embættismönnum, að auglýsa reikninga allra sjóða, er þeir hefði undir hendi, en því hafi ekki verið gegnt; og er eg hræddur um, að svo kynni að fara enn þá, þó hún færi að skipa á ný. Það yrði bágt, að vera að ítreka þetta aptur og aptur, eins og þegar húsbóndi þarf einlægt að vera að suðast um það við vinnumann sinn, að hann skuli t. d. giöra það nú, sem hann hafi áður verið búinn að skipa honum, en hann hafi ekki gegnt því áður, eða annað því líkt; en ef það væri gjört að lagaskyldu, þá þyrfti ekki að vera að nauða um það optar, því þá er það fullt lagabrot. Eg álít og, að stjórnin geti ekki brúkað fè vissra stofnana til hvers sem henni lízt, og gjöra við það sitt hvað; því menn verða að gæta að helgi sjóðanna og augnamiði þeirra, og hefir þetta áður verið rætt á alþingi, þegar talað var um Thorkilíisjóðinn.

Ásgeir Einarsson: Mèr þykir ekki þurfa að þræta leingi um, hvort á að hafa *„lagaskyldu“* eða *„skyldu“*, því ef lagaskyldu er ei hlýtt, þá er það lagabrot, en ef skyldu er ei hlýtt, þá er það skyldurof, og finnst mèr hvorttveggja vanvirða fyrir sèrhvern embættismann.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mèr er það ný kenníng, sem eg heyrði af munni hins háttvirta þingmanns Reykvíkínga, að það væri allt annað, að standa reikníng af gjörðum sínum, en annað, að standa ábyrgð. Mèr virðist, að það verði þó optast að fara saman, og því er verið að biðja um auglýsta reikninga á meðhöndlun þess-

ara sjóða og fjármuna, að menn munu þykjast eiga rètt á, að finna að þeim, og heimta ábyrgð, ef þeim þykir þeir órèttilega brúkaðir, því embættismenn munu þó skyldugir, að ábyrgjast gjörðir sínar; þess vegna var það líka, að mèr þótti forsjállegt og vel við eiga, svona fyrir fram, dæmið, sem þíngmaðurinn frá Norður-Þíngeyjarsýslu setti fram, svo að menn vissu það strax, að ef slík og þvílík útgipt yrði látin standa í reikníngunum, þá þeir kæmi út, mætti strax búast við mótmælum. Þannig var líka hèr í gær í kollektumálinu óskað eptir, að stjórnin, þá hún gjörði skil á þeim reikníngum, hèldi þar fyrir utan *þeim kostnaði,* sem ekki kæmi stiptaninni við. Í annan máta þykir mèr það undarlegur feill, sem upp hefir viljað koma í þessu máli, helzt hjá embættismönnunum, að þeir vilja antaka, að þeim verði gjört að *skyldu,* en ekki að *lagaskyldu,* að auglýsa reikníngana. Eg skil ekki, af hverju þessi mismunur getur sprottið, nema ef það væri af þeirri hugmynd, að þeir kynni heldur að geta sloppið vítalítið, þó þeir, sem menn kalla, skelli við því. skolleyrunum, ef það væri ekki nema einföld skylda; en það mundi verða saknæmt, að gegna því ekki, ef það yrði gjört þeim að lagaskyldu. Eg veit nú ekki, hvort þessi mismunur á sèr stað; en mèr sýnist, að þegar alþíngi er að biðja um einn hlut eður skyldu, þá hukli það ekki á því, að biðja útþrykkilega um lagaskyldu, eður það fáist í lagalegu formi, sem það opinberlega biður um.

Konúngsfulltrúi: Eg held þíngræðurnar hefði ekki misst mikils í, þó þíngmaður sá, sem nú settist, hefði ekki haldið þessa ræðu. Þegar eg rèð til þess, að nefndin felldi út úr uppástúngu sinni orðið *„laga“,* þá var ekki meiníng mín sú, eða annara þíngmanna, sem verið hafa á því sama, að embættismenn gæti með því skotið sèr undan nokkurri ábyrgð, því hún er sú sama, hvort sem stjórnin býður að auglýsa reikníngana með lagaboði, eða fyrirskipar það á annan hátt; heldur miðaði athugasemd mín til þess, að þetta mál gæti komizt í það rètta horf, og feingið sem fljótasta afgreiðslu af stjórninni.

Pètur Pètursson: Það var ekki meiníng nefndarinnar, að biðja um frumvarp frá stjórninni, sem yrði lagt fyrir alþíngi, heldur var sú meiníngin, að biðja um beina skipun. Eg álít það vera eins sjálfsagt, að hlýða skipun stjórnarinnar, fyrir embættismenn, eins og lagaskyldu, og þess vegna get eg ekki sèð neitt á móti því, þó að haft sè *„skyldu“* í stað *„lagaskyldu“.*

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg undirbúningsumræðu þessa máls lokið.

Kemur þá eptir dagskránni til undirbúningsumræðu nefndarálitið um *sektir fyrir illa meðferð á skepnum*. *Framsögumaður* í þessu máli er hinn heiðraði þingmaður úr Norður-Múlasýslu.

Síðan var nefndarálitið afhent þessum þingmanni.

Framsögumaður (Halldór Jónsson): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp.

„Hið heiðraða alþingi hefir 12. dag þ. m. kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um bænarskrá frá Þínghöfðafundi, sem fer því á flot, að þingið beri þá bæn fram fyrir konúng vorn, að hann láti leggja fyrir næsta alþingi eptir þetta lagafrumvarp, er ákveði hegníngu eða sektir fyrir vísvitandi illa meðferð á kvikfènaði.

Til leiðbeiníngar í þessu efni hefir nefndin og feingið lagaboð fyrir Danmörku um sama efni, dagsett 21. janúar 1857, sem er eitt af þeim lagaboðum, er í þetta sinn voru lögð fyrir þingið í því skyni, að það segði álit sitt um, að hve miklu leyti þau gæti átt við á Íslandi. Nefndin hefir lagt hið danska lagaboð til grundvallar fyrir umræðum sínum um málið, og leyfir sèr nú, að láta álit sitt um það í ljósi á þessa leið:

Í þessu mikilsvarðanda máleíni, viðvíkjandi ótilhlýðilegri meðferð á skepnum, geta átt sèr stað svo margvísleg tilfelli og með svo margbreyttum atvikum, hvort heldur til afbötunar eða áfellisauka, að ekki virðist gjörlegt, að taka sèrstakar ákvarðanir þar að lútandi inn í almennt lagaboð, heldur verður að ætla það dómaranum, að leggja allt þvílíkt á vogirnar. Ei að síður álítum vèr lagaboð um þetta efni með öllu ómissandi, til að lýsa því yfir, og innræta það meðvitund manna, að skepnurnar eigi rètt á sèr og standi undir vernd laganna, svo enginn geti ímyndað sèr, að það verði látið óátalið, hvaða ósvífni og grimmd sem við þær er beitt, t. a. m. þegar menn í fólsku limlesta þær eða berja til skaða; þegar hestar, horaðir ef til vill og meiddir, sligast eða detta niður dauðir undir afarþúngum klyfjum, eða þeir eru kostaðir eða spreingdir á fautalegri reið til óþarfa og í drykkjuslarki; þegar fènaður, sökum heimskulegrar ásetníngar á haustum, eða af eintómri nízku, er dreginn fram á litlu og lèlegu fóðri, uns hann fellur úr hor eða húngri, eða þegar horaðir og húngraðir hestar eru látnir gánga um eintómar jarðleysur í bruna-

hörkum og illviðrum, án þess á svo mikla líkn sem húsaskjól á nóttinni.

Að því er snertir meðferð eður undirbúning málsins á þessu þingi, fer bænarskráin frá Þinghöfðafundinum ekki fram á meira en það, að þingið biðji um konúnglegt frumvarp til næsta þings; en þar sem nú lagaboð sama efnis hefir verið lagt fyrir þing þetta, til þess það segði álit sitt um það, að hve miklu leyti við gæti átt, að lögleiða það fyrir Ísland, og þar sem nefndin einmitt hefir lagt þetta lagaboð til grundvallar fyrir umræðum sínum og fallizt á það í öllu verulegu, virðist mega skoða það sem frumvarp, sem þingið biðji um að lögleitt verði á íslenzku máli fyrir Ísland með þeim breytingum eða orðamun, sem þinginu þyki bezt við eiga.

Af framantöldum ástæðum mælum vèr samhuga með því, að þingið biðji hans hátign konúnginn, að gefa oss lagaboð um meðferð skepna, þannig orðað:

> *Hver sem verður uppvís að því, að hafa viljandi mispyrmt skepnum, hvort heldur sínum eigin eður annara, einkum hestum, kúm, kindum og geitum, eður beitt við þær í meðferð eða viðurgjörningi miskunarlausri harðýðgi, eða vísvitandi af skeytíngarleysi stofnað þeim í kvalir og dauða, á að sæta sektum til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, allt að 60 rdd., eða líkamlegri hegníngu eptir málavöxtum, og sèr í lagi með tilliti til þess, hvort brotið er framið í 1. sinn eður ítrekað.*

Reykjavík, 21. dag júlím. 1859.

Jón Hjaltalín, formaður. *Halldór Jónsson,* framsögumaður. *Arnljótur Ólafsson“.*

Framsögumaður: Eg vona, að nefndarálit þetta fái meðhald þingsins að efninu til, og þá er eg ánægður, og skal ekki þrátta um orðaskipun og orðaval. Það getur vel verið, að því mætti haga svo betur færi; eg get t. a. m. ímyndað mèr, að sumum kynni að þykja hinar einstöku tegundir skepna vera taldar fram án nægilegs tillits til hvorstveggja kynsins, svo sem að betur færi að breyta *„kúm“* í *„nautpeníng“*, en í öllu falli er það eina kynið eins vel og hið annað fólgið í nafninu *„skepna“*. Annars skal eg nú bíða þess, að þingmenn láti í ljósi meiníng sína.

Benedikt Þórðarson: Mèr virðist nefndarálit þetta vel samið, og vita í góða átt að efni þess og ætlun; þó er það viðvíkjandi niðurlagsatriðinu að eg verð að leyfa mèr að gjöra litla athugasemd.

Þar eru nokkrar skepnur nafngreindar, t. a. m. hestar, kýr, kindur og geitur, og þeim einkum friðlýst, en til eru margar fleiri skepnur, sem menn eiga vald á og geta farið illa með, og þær eiga þó rètt sinn, eins og hinar. Mèr þykir ekkert að því, þó þær sè ekki nafngreindar, en eg vil að hinar sè það ekki heldur, og nafnið „skepnur“ nái jafnt til allra skepna, hvað sem líður sèrstaklegum nöfnum þeirra. Þessu viðvíkjandi áskil eg mèr því breytíngaratkvæði við nefndarálitið á þessa leið:

> *„Hver, sem verður uppvís að því, að hafa viljandi og nauðsynjalaust mispyrmt skepnum, hverjum helzt sem eru, og hvort heldur sínum eigin eður annara, og að hafa á einhvern hátt beitt við þær í meðferð eða viðurgjörníngi miskunarlausri harðýðgi, eða af skeytíngarleysi stofnað þeim í kvalir og dauða, á að sæta sektum til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, frá einum ríkisdal til 50 rdd., eða líkamlegri hegníngu eptir málavöxtum, og sèr í lagi með tilliti til þess, hvort brotið er framið í fyrsta sinn eður ítrekað“.*

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mèr þykir nú líklegt, að allir taki vel í þetta mál, því öllum má vera umhugað, að það sè verndaður rèttur skepnanna, sem guð hefir gefið manni, og að það sè kristilega með þær farið; en mèr þykir vanta eitt við uppástúngu nefndarinnar, þegar beðið er um lagaboð í þessu efni, að það er ekkert bent til, hvernin þessi mál eigi að höfðast eða sækjast, hvort að rèttvísin á að gjöra það, eða svona hver sem vill. Ætli það væri ekki betra, að nefndin vildi yfirvega þetta aptur á milli funda, og bæta þessum ákvörðunum við.

Guðmundur Brandsson: Eg játa það, að mèr yfir höfuð geðjast að nefndarálitinu, en samt mundi, ef það kæmi út sem lagaboð, mega teygja úr því á ýmsa vegu. Eg skal til taka: einhver maður kann að setja á vetur of margar skepnur, svo að hann missi margar þeirra vegna ófyrirsjáanlegrar vetrarhörku; annar, sem gjörir hið sama, kann að slampa af með skepnur sínar; hvort á þá að álíta hinn fyrri sekari hinum seinni? eða á hinn seinni að eins að vera álitinn sekur í illri meðferð skepna? Menn vita, að á mörgum útigángsjörðum gæti þetta átt sèr stað, þar sem að haustinu til ekki er stundum meir en helmíngsfóður fyrir allan útigángsfènað, en sem í mörgum vetri kemst þó vel af. Það fer nú líkt fyrir mèr, og þíngmanninum úr Mýrasýslu, að eg veit ekki, hver á að kæra þvílíkar sakir; mèr finnst æði-margt vanta í nefndarálitið, og ýmislegt

tekið lakar fram, en skyldi. Eg veit ekki glöggt, hvað nefndin meinar með orðinu „*harðýðgi*“; eg held það mætti heimfæra undir það, að vilja ekki lækna eða skera kláðakindur, svo að þær sjálfdrepast, eða hljóta að verða drepnar. Að sinni skal eg ekki hreifa fleiru.

Stefán Jónsson: Þó það sè nokkuð satt í því, sem þingmaðurinn, er nú settist niður, sagði, þá vil eg ei láta ástæður hans fella nefndarálitið. Þó að það megi fara í kríng um lagaboð, þá eru þau lagaboð víst vandfundin, er taka út yfir allar æsar. Víst að sönnu er vandasamt, að dæma um vilja- og óvilja-verk, en þó verða menn að ætla það dómendunum, að geta ráðið úr slíku. Mèr sýnist það því nauðsynlegt, að þetta lagaboð komi út sem fyrst. Hvað niðurlagsatriðið snertir, þá vil eg almennari orðatiltæki, en standa í nefndarálitinu; eg vildi, að þar stæði „*kvikfènaði*“, eða eitthvað þvíumlíkt, en ekki að sè verið að telja upp einstakar skepnur, eins og er í nefndarálitinu: „*einkum hestum, kúm*“, o. s. frv. Eg vil því áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið.

Jón Hjaltalín: Eg vildi svara fáeinu upp á orð þíngmannsins úr Gullbríngusýslu; hann sagði, að það mundi mega teygja úr nefndarálitinu, ef það yrði að lagaboði, eins og það er nú, á ýmsa vegu, og skal eg geta þess, að það eru fá lagaboð, sem ekki má snúa út úr, heldur mun það vera sameiginlegt skipbrot, sem öll lagaboð mega sæta, og þá yrði niðurstaðan, ef ætti að fella þetta lagaboð þess vegna, að menn ætti eingin lagaboð að hafa. Sama þíngmanni varð og nokkuð skrafdrjúgt um kláða, en hvað á kláðinn skylt við þetta mál? það er annað, að fara illa með skepnur, og vilja ekki lækna kláða á skepnum, og þætti mèr að öðru leyti það þó tilhlýðilegt, að slóðar í því tilliti sætti sektum. Þá var það hið þriðja, sem sami þíngmaður drap á; hann þóttist vera í óvissu um, undir hvaða dómendur þessi mál ætti að heyra, og skal eg svara honum því, að þessi mál hlyti, eins og önnur mál, að heyra undir lögreglustjórnina, sem á að reyna að komast eptir öllum óreglum og afstýra þeim af fremsta megni á allan mögulegan hátt.

Guðmundur Brandsson: Eg get ekki neitað því, að mig vantaði margar upplýsíngar hjá þíngmanninum, er seinast talaði, og get eg sagt honum það hreinlega, að eg græddi ekkert á því, er hann sagði; hann var að tala um forlög þau, er öll lagaboð yrði að sæta, og fannst mèr það sama, og ef hann hefði sagt, að sætt væri sameiginlegt skipbrot. Þetta er nú nokkuð annað, en það, sem eg meinti, að lagaboð sè svo úr garði gjört, að það, sem það hljóðar

um, sè ljóslega og skilmerkilega tekið fram. Það, sem eg spurði um, var það, hver ætti að hafa þessi mál undir höndum, eða hvernig ætti að koma því við, að framfylgja þessum lögum; það mun verða erfitt. Eg skal koma með eitt dæmi: ef drukkinn ferðamaður fer illa með hest sinn, eða jafnvel beinbrýtur hann, hver á þá að klaga? maðurinn getur verið þotinn í burt, áður en menn vita, hver eða hvaðan hann er. Eg veit ekki, hvernig á að fara að hafa hemil á öllu í þessu tilliti, eða hvernig menn geti haft fyrir augum allar kríngumstæður, er kunna að gefast við ýmislegt, sem gjört væri af ásetníngi í þessu tilliti, og þó er nú ásetníngsvonzka, sem harðast ætti að vera hegnt; en ef erfitt yrði, að koma lögunum við, þar sem hún hefði stað, hvernin mundi það þá gánga, þar sem hirðuleysi ætti hlut að máli; eg held, að þar gæti gefizt æðimargar undantekníngar. Eg skal enn fremur geta þess, að mèr finnst sektin, sem nefndin hefir ákveðið, 60 rdd., of há; eg vildi, að hún að eins væri 30 rdd., og ætla eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið. Þó hún kunni að vera 200 rdd. í danska lagaboðinu eða hvað þá, er ekki að fara eptir því; mèr sýnist hitt fullmikið.

Stefán Eiríksson: Eg fyrir mitt leyti felli mig vel við upphafið á niðurlagsatriðum nefndarinnar, en þegar eg les nú niðurlagsatriði nefndarinnar leingra áfram, þá þykir mèr nú ætla að kasta tólfunum; það eru einkum þessi orð í niðurlagsatriðinu: *„eða vísvitandi af skeytíngarleysi stofnað þeim í kvalir og dauða“*. Eg vil nú taka til dæmis eina jörð, Bragðavelli í Suður-Múlasýslu; þessi jörð fóðrar í öllu meðalári, ef á að fara með skepnur eptir kröfum nefndarinnar, 60 til 100 kindur; en ábúandinn þar hefir haft 3 til 4 hundruð fjár, opt líka drepið í hor töluvert, og hefði nú þessi ábúandi ekki feingið að setja á sig í öllum árum meira en eptir hugsun nefndarinnar, nefnilega það, sem víst fóður var fyrir, og aptur á hinn bóginn hefði verið tekin af ábúanda jarðar þessarar, í hvert skipti sem hann hefði misst í hor, 60 rdd. sekt, eða þaðan af meira, þá hefði ekki eigandi og ábúandi jarðar þessarar verið eins ríkur og hann nú er, og af þessum ástæðum, sem eg nú hefi sagt, get eg ekki verið hinni heiðruðu nefnd samdóma um þenna síðari hlut niðurlagsatriðisins. Eg vildi heldur einga ákvörðun um sekt á illri meðferð skepna, sem að þó þarf við í sumu tilliti, en að það væri tekið upp í lagaboð svona úr garði gjört.

Páll Sigurðsson: Eg er á sama máli og þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu, að það yrði margir krókar og kærur við þessi mála-

ferli, vegna þess, hvernig hagar hèr á landi, eins og það yrði erfitt, að meta ásetníngs og kæruleysis syndir. Eg fyrir mitt leyti vil því helzt, að þíngið frestaði þessu máli, til að íhuga það betur, og að þjóðinni gæfist kostur á, að sjá það, því eg geing að því vísu, að ef það væri tekið nú þegar, þá mundi margar bænaskrár um breytíngu á þessu lagaboði koma fram á næsta þíngi. Það, sem vel á við í Danmörku, á ekki hèr við, en eg vil biðja um þau lög, sem landinu eru í hag. Eg játa það, að það hlýtur að sæta hegníngu, sem gjört er af ásetníngi, að særa eða beinbrjóta skepnur, eða því um líkt, og höfum vèr nokkrar ákvarðanir þar um í landslögum vorum; líka gefast þess mjög fá dæmi; en hitt er vandinn meiri, að meta ásetníngu á vetur, þótt hún sè of mikil, til hegníngar, og það yrði skoðunarmál, að sekta fyrir það. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður drap á, að sèr þætti tilhlýðilegt, að slóðar yrði að sæta sektum; eg get verið því samþykkur, því þá ætti þeir allir að sæta sektum, sem nú í 4 ár hafa verið að reyna til að lækna fjárkláðann eptir hans áeggjan, og hafa þó enn ekki getað það, en hann segir þó, að það sè að kenna tómum slóðaskap, að kláðinn sè ekki læknaður fyrir laungu, og kæmi þá uppástúnga hans hnittilega niður, ef hún kæmi helzt niður á hans eigin lærisveinum.

Arnljótur Ólafsson: Eg get ekki neitað því, að mèr þykja ræður þíngmanna undarlegar. Það er eins og þeir viti ekki, hvernig á að fara með lög um óreglu. Nefndin tók það fram, að 60 rdd. sekt skyldi liggja við, ef menn af *vilja* eða *skeytíngarleysi* stofnuðu skepnum í kvalir og dauða, o. s. frv., en annars ekki. Það getur því ekki sætt sektum, þó menn missi skepnur af hor eða læknínga-káki; ef svo væri, þá mundi menn ekki eiga mikið eptir í suðuramtinu, því þeir þyrfti þá að borga hverja kind, sem þeir missti. En hvernig mál þessi ætti að höfðast, þá er þeim eins varið og öðrum málum, að hver má uppljósta um annan brotinu, og er undir vissum kríngumstæðum enda skyldur að gjöra það, og dómarinn er þá skyldur, að höfða málið. Að öðru leyti var það ekki ætlunarverk nefndarinnar, að búa til *proces*-lög aptan við lagafrumvarpið, enda munu þeir, sem dæma eiga, ekki verða í neinum vandræðum, hversu málin skuli upp taka.

Jón Hjaltalín: Hinn háttvirti þíngmaður úr Gullbríngusýslu sagði, að ómögulegt væri, að hafa heimil á þessu, en eg skal leyfa mèr að segja honum, að það verður lítið um lög, ef þau ætti að vera með öllu fullkomin. Að öðru leyti hefir hinn háttvirti þíng-

maður ekkert sannað um ófullkomlegleika þessa nefndarálits. Horfallið á ekkert skylt við þetta mál. Það er auðvitað, að einstaka vetur er ómögulegt að komast hjá hordauða, með því vetur hèr eru opt harðir; en eg hefi það traust til lögreglustjórnarinnar, að sjá og geta gjört mun á vísvitandi yfirsjónum og því, sem mönnum verður óvart. Eg verð að mótmæla því, að þessu máli sè frestað, því það er víst, að hèr er vonazt eptir, að eitthvað reki og gángi, og ekki er vert að draga það, sem eigi þarf að draga.

Jón Pètursson: Eg skal leyfa mèr að fara nokkrum orðum um niðurlagsatriði nefndarinnar. Eg vildi, að þessi klausa: *„vísvitandi af skeytíngarleysi“*, o. s. frv., falli burtu, því að hún gæti ollað misskilníngi. Hvað meint er með að gjöra eitthvað vísvitandi af skeytíngarleysi, er eigi gott að segja, og hefði víst verið rèttara, að sleppa orðunum: *„af skeytíngarleysi“*, og hvað snertir orðin: *„stofna þeim í kvalir og dauða“*, þá ætti í stað *„stofnâ“* heldur að standa: *„baka“*, því það er of hart, að straffa *attentatið*. Enn fremur er eingaungu talað um dýr, sem eru undirköstuð einhvers manns eignarrètti, en eg vildi, að lagaboðið næði til allra dýra, og að því væri bætt við, að sá skyldi sæta hegníngu, sem hefði við kvalafullar veiðibrellur við dýr, sam hann veiddi, eður kveldi þau að gamni sínu. Í stað upptalníngar þeirra einstöku dýra, er stendur í niðurlagsatriðinu, vildi eg hafa almennara orðatiltæki, svo sem: *„alidýr“*, því að fleiri skepnur eru til, en þær, sem taldar eru hèr, og sem allt eins er óviðurkvæmilegt að fara illa með. Á eptir: *„eptir málavöxtum“*, vil eg að standi: *„allt að tuttugu vandarhöggum“*.

Ásgeir Einarsson: Það er nú tvennt fyrir hendi, annaðhvort að fella eða laga nefndarinnar uppástúngur; en ekki er til neins að vera að tæta þær í sundur. Það hefir verið talað um, að það mætti teygja úr þessu lagaboði til og frá, en eg skal segja mönnum, að eg hefi lesið eptir gamla *Örsted,* að ekkert það lagaboð sè til undir sólunni, sem eigi megi fara í kríng um. Ef menn hafa einga samvizkusemi í meðferð á skepnum, þá er ómögulegt, að búa til þau lög, sem ekki verður farið í kríng um í því efni; en vilji menn einlæglega hlýða röddu samvizkunnar í þessu, mun það auglýsast í verkinu, eins og athafnir þess trúaða, og munu menn þá vaka yfir, að lögum þessum verði hlýtt, svo mikið sem í þeirra valdi stendur. Eg vona því, að menn stuðli til, að lög verði sett um þetta efni, og það því fremur, sem allir vita, að sá gamli og vitri löggjafi Móises gleymdi ekki rètti skepnanna, þegar hann samdi lög handa þjóð sinni. Það

hefir verið talað um ásetníngu skepna á vetur, og vildi eg í því tilliti geta þess, að niðurlagsatriðið ætti að reyna að laga betur, og t. d. aptan við orðið *„skeytíngarleysi“* bæta við: *„óráðþægni við sveitarstjórnina“*. Sveitarstjórnin á ekki að taka ráð af veðurheptugum mönnum, en þegar menn af skeytíngarleysi og vana setja of mikið á lítil hey, þá ætti að setja einhverjar skorður við því. Það hefir verið talað um, að slá þessu máli á frest, og get eg ekki séð þörf á því, nema ef vera skyldi svo, að biðja stjórnina um frumvarp til næsta þings, svo þjóðinni gæfist kostur á að segja álit sitt um málið, áður en málið yrði leitt til lykta.

H. G. Thordersen: Eg verð að þakka þeim mönnum, sem hafa talað með þessu máli. Eg veit ekki betur, en að í þeim löndum, sem stjórn er bezt, sè straff tiltekið við illri meðferð á skepnum; það væri því næsta óheppilegt, ef við skyldum vísa þessu máli frá oss, þar sem það snertir siðferði manna og kristindóm í mjög áríðandi og merkilegu atriði, sem ekki einúngis snertir hina beztu streingi í hvers góðs manns brjósti, heldur líka hefir mikil áhrif á góða búskaparháttu, og eg segi fyrir mig, að eg álít það því í alla staði ótækt, að þetta mál verði ei leitt til lykta á þessu þíngi. En hvað viðvíkur orðatiltækjum í uppástúngunni, þá veit eg, að nefndin er svo mannúðleg, að hún tekur fúslega við öllum breytíngum, sem lögfróðir menn kynni álíta nauðsynlegar að gjöra, og byggðar eru á rökum. Með þessum fáu orðum vil eg leyfa mèr að styrkja þessar uppástúngur, og eg álít það heiður fyrir oss, að taka þær, en vanheiður að fella.

Konúngsfulltrúi: Mèr hefir eigi heyrzt betur, en næstum allir þíngmenn vilji hafa það lagafrumvarp, er hèr ræðir um, gjört að lögum, og því verð eg að ráða þínginu frá, að slá því á frest, og það því heldur, sem mèr ekki finnst það í neinu tilliti nauðsynlegt. Eg er að sönnu einn af þeim, sem ekki get að öllu leyti fallizt á það, hvernig nefndin hefir orðað uppástúngu sína, og sèr í lagi finn eg það að henni, að hún víkur of mjög frá hinu danska lagaboði um sanīa efni, frá 21. jan. 1857. Það helzta, sem eg finn að uppástúngu nefndarinnar, er, að nefndin hefir blandað einu atriði inn í uppástúngu sína, sem ekki heyrir þar til. Lagaboð það, sem hèr ræðir um, miðar nefnilega til, að fyrirbyggja og hegna ókristilegri og illri meðferð á skepnum, sèr í lagi á húsdýrum, en það áhrærir eingan veginn það tilfelli, þegar skepnur einhvers manns falla í hor; annaðhvort vegna skorts á framsýni hans og skeytíngarleysi, ellegar

vegna þess, að óvanalega hörð tíð hafi uppáfallið og orsakað fóðurbrest. Hið fyrra, nefnilega ill og þrælsleg meðferð á skepnum, er ætíð hegníngarverð, en óframsýni manna er þar á móti ekki rètt að hegna á sama máta, sem vondum og illmannlegum ásetníngi. Eg held það sè því mjög ísjárvert, að halda orðunum: „eða vísvitandi af skeytíngarleysi stofna þeim í kvalir og dauða"; því væri þeim haldið í lagaboðinu, mundi þau verða svo útlögð, að sá hegníngardómur, sem á þeim væri byggður, yrði lángt of harður. Eg held einnig, að uppreiknun hesta, kúa, kinda og geita eigi ekki vel við, því þar með kynni að álítast útilokuð önnur húsdýr, t. a. m. hundar, kettir, svín og alifuglar, er þó eiga að innibindast í lagaboðinu, eins vel og þau dýr, er nefndin hefir til nefnt. Eg vildi því skjóta til hinnar háttvirtu nefndar, hvort hún eigi, áður en ályktarumræða fer fram í málinu, vildi bera sig saman við mig um það, hvernig orða skyldi lagafrumvarp þetta. Loksins vil eg geta þess, að mèr að sönnu þykir nefndin nokkurn veginn hæfilega hafa sett niður *maximum* af sektinni fyrir illa meðferð á skepnum, en eg hefði þó kunnað betur við, að setja hana til 50 rdd.

Pètur Pètursson: Það er nú búið að taka það fram, sem eg vildi hafa sagt. Eg fyrir mitt leyti álít lagaboð um þetta nauðsynlegt, en um einstök orðatiltæki get eg haldið mèr til hins háttvirta *konúngsfulltrúa* og 5. konúngkjörna þíngmanns. Eg hugsaði, að það væri ekki meiníng nefndarinnar, að telja upp allar húsdýrategundir, heldur að taka fram dæmi, og þá finnst mèr skakkt orðað, að hafa *„einkum"* fyrir framan, heldur ætti að vera *„til að mynda hestum, kúm"*, o. s. frv. En færi svo ólíklega, sem mèr getur ekki fundizt nein ástæða til, að nefndaruppástúngan falli, þá vil eg áskilja mèr það varaatkvæði, að þíngið biðji stjórnina um, að leggja fyrir næsta þíng frumvarp til lagaboðs um sektir fyrir illa meðferð á skepnum; en eg vona, að það komi ekki til þess.

Þórður Jónassen: Eg er einn af þeim, sem þykir það vel orðið, að þessu máli er hreift hèr á þíngi, og því vil eg styðja það mál, en eg get ekki neitað því, að eg hneigist mikið til sömu skoðunar og þíngmaður Ráng vellínga, að það sè bezt fyrir málið sjálft, að því sè frestað, því það er svo margt sèrstaklegt í því, hvað Ísland snertir, að það var ofætlun, að ætlast til þess af nefndinni, að hún gæti tekið málið í öllum þess sèrstaklegu atriðum til íhugunar. Nefndin hefir bundið sig við danska lagaboðið, en það snertir að eins þá grein málsins, sem hèr á landi hefir minnsta þýðíngu, nefni-

lega þá, að banna að gánga fram af skepnunum, en það er ekki harðýðgin, sem hèr þarf að ráða bót á; það er sú harðýðgin, sem hèr er almenn, að sjá ekki skepnunum fyrir húsaskjóli og fóðri á vetrum, en láta þær velta út af í hor og harðrètti; þessi harðýðgi, þetta nærgætnisleysi við skepnurnar er hèr umtalsefni, og þá kemur spursmálið um skynsamlega ásetníngu fram sem aðalatriðið í málinu, en það hefir nefndin að eins lauslega vikið á.

Eg er því hræddur um, að þetta mál geti ekki nú orðið þannig úr garði gjört, sem vera skyldi, og þess vegna held eg verði þörf á, að fresta málinu. Eg segi þetta ekki í þeirri veru, að eg ekki vilji því geti orðið framkvæmt, heldur af því, að eg óska, að svo umvarðandi mál geti orðið svo vel úr garði búið, að ekki þurfi strax að biðja um breytíngu á því.

Jón Hjaltalín: Mèr finnst á umræðunum, að menn vilji fá umfángsmeira lagaboð, þar sem menn vilja koma þar inn ásetníngarspursmálinu, sem mundi verða ærið-lángt. Ásetníngarspursmálið heyrir beinlínis undir sveitarstjórnirnar eður hreppanefndirnar, og hafa margir duglegir hreppstjórar gjört það að skyldu sinni, að hafa gát á því; hèr getur ásetníngarspursmálið ómögulega átt heima. Það er heldur ekki í Íslandi einúngis, sem fènaður fellur, þegar náttúran er óblíð, því það er ekki meir en 3 ár síðan, að á Sjálandi dóu hjá einum bónda í hríð 40 kýr; eins fèll í Svíþjóð ekki alls fyrir laungu. Það er því ástæðulaust, að breyta lagaboðinu þess vegna, og er sú mótbára á eingu byggð. Ásetníngarspursmálið kemur að eins við hreppanefndunum, eins og eg gat um, og ætti að takast til greina af hreppastjórnarmáls-nefndinni.

H. G. Thordersen: Það væri sorglegt, ef þessu máli skyldi verða frestað og geymt, þángað til það yrði borið fram á næsta þíngi, og má ske ekki þá. Það væri kátlegt, ef stjórnin sæi, að þíngið setti sig á móti því, að koma sèr niður á, hvernig bezt mætti varðveita rèttindi skepnanna; það yrði óttaleg nýmæli frá Íslandi, sem hlyti að fljúga blað úr blaði um alla norðurálfuna, og til allra menntaðra manna. Það er mín hjartans sannfæríng, að það sè minnkun fyrir þíngið, að hafna uppástúngu nefndarinnar, en eg ræð til þess, að nefndin komi sèr saman við hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* um það, hvernig hún bezt verði stýluð. Eg ræð mikillega til þess, að máli þessu, fyrst það er komið fyrir þíngið, verði ekki frestað, heldur flýtt svo sem unnt er.

Guðmundur Brandsson: Eg hèlt það nægja, sem hinn háttvirti

konúngsfulltrúi sagði, að umræðurnar stefndi að því, að máli þessu yrði framgeingt, og þess vegna hugsaði eg ekki, að nú færi að heſjast nýjar ræður, sem dróttuðu að mönnum hinu gagnstæða. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður stakk upp á, að biðja um nýtt frumvarp, þá vil eg geta þess, að nefndin beiddi ekki um frumvarp, heldur um lagaboð, og felli eg mig miklu síður við það, því eg fyrir mitt leyti get ei séð, að skaði sé að draga þetta mál, því menn geta þá betur vandað sig á því, og gjört það sem bezt úr garði, og það finnst mèr vera gagnlegt og nauðsynlegt fyrir alla. Mèr þykir merkilegt af 2 nefndarmönnum, hinum háttvirta 6. konúngkjörna þingmanni og þingmanni Borgfirðinga, að annar segir, að lögreglustjórnin eigi að höfða þau mál, sem koma út af illri meðferð á skepnum, en annar segir, að einstakir menn eigi að gjöra það; lögreglustjórinn ætti þá eptir annars þessara meiníngu að kæra það fyrir sjálfum sèr, og dæma það svo sjálfur, og yrði það eitthvað kátlegt.

Forseti: Eg vil biðja þingmanninn, að fara eigi lángt í *processmátann* eða rèttarfars-aðferð í málum, því það á hèr alls eigi við.

Guðmundur Brandsson: Eg hefi reyndar ekki feingið nægа upplýsíng hjá nefndinni enn í þessu efni. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði hins 5. konúngkjörna þingmanns, þá felli eg mig betur við það en uppástúngu nefndarinnar; því þá er hegníngin bundin við ásetníngssyndir, en ekki hirðuleysi. Betra þætti mèr, að viðaukaatkvæði hins sama þingmanns kæmist ekki að, því þegar talað er þar um allar skepnur, sem einginn hafi eignaráð yfir, þá heyrir þar undir, að menn mega ekki eitra fyrir tóur, eða vængbrjóta fugl, o. s. frv. Eg get þess vegna ekki mælt með því.

Framsögumaður: Það hafa orðið svo margir til, að taka til orða í máli þessu, að eg held eg verði því fáorðari, að minsta kosti þángað til eg sé þau breytíngaratkvæði, sem þingmenn hafa áskilið sèr að koma með. Sem nefndarmaður skal eg ekkert vera því mótfallinn, að í stað orðanna: *„hestum, kúm, kindum og geitum“*, sé sett eitthvað annað, sem betur þykir við eiga, og mun eg þá fella mig einna-bezt við orðið *„kvikfènaður“*, eins og hinn háttvirti þingmaður Eyfirðínga stakk upp á, og kom þetta þegar til orða í nefndinni. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður hèlt, að nefndin hefði brúkað orðið: *„einkum“* fyrir *„til að mynda“*; en það var þó ekki svo, heldur meinti nefndin það, að *einkum* væri orsök til, að vara við illri meðferð þeirra skepna, sem optast verða fyrir

henni, og helzt eru undir manna höndum. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* áleit, að seinasta atriðið: *„vísvitandi af skeytíngarleysi“*, o. s. frv., mundi einúngis eða sèr í lagi hafa tillit til ásetníngar fènaðar á haustum, og yrði því lagaboðið of yfirgripsmikið; en nefndin hafði í þessum orðum sèr í lagi tillit til einstöku tilfella, sem fyrir geta komið; t. a. m. vita allir það, að peníngur á Íslandi lifir mikið af útigángi; en opt ber það við, að gjörsamlega tekur fyrir jörð; ef nú hestar mínir, að eg taki það dæmi, koma heim húngraðir í jarðleysum og illviðrum, og eg læt reka þá burt, og þeir verða til í einhverjum bylnum eða detta niður dauðir af húngri, þá mundi þvílíkt mega heimfæra undir þá ákvörðun, sem hèr ræðir um. Sjálfsagt getur ótilhlýðilegt skeytíngarleysi átt sèr stað við ásetníng gripa, og orðið tilefni til straffsverðrar meðferðar á skepnum; en nefndin hafði þó ekki sèr í lagi tillit til þessa. Annars held eg nefndin fallist á, að sleppa þessu seinasta atriði, því raunar má heimfæra allt í tilliti til meðferðar á skepnum undir annað atriðið.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg hefi ekki talað eitt orð á móti nefndarálitinu, en eg vildi í fyrstu hafa bent nefndinni til þess, hvort ekki mundi fara betur, að lagaboðinu fylgdi viss ákvörðun, hvernin mál þessi ætti að höfðast, eins og sá háttvirti þíngmaður Borgarfjarðarsýslu líka viðurkenndi, að sumum lagaboðum fylgdi. Það hafa sumir sagt, að það kynni að mega teygja þessi lög ýmislega til og frá, eptir því sem kríngumstæðurnar væri margbrotnar og misjafnar að þessari meðferð á skepnunum; en það er svo opt, að það veldur miklu sá, sem upphafinu veldur. Eigi alþýðuskríll, eða misjafnlega vinveittir nábúar, að vekja þessi mál, og hlaupa með þau strax til sýslumannsins, þá getur verið, að stundum verði reynt til, að gjöra úlfaldann úr mýflugunni, og mörg málin verði, sem ekki komast nema á hnèn, rètt til að kveykja óvild og ekki annað; en eigi einúngis lögreglustjórnin að gæta að þessu, og höfða þessi mál, þá kann það að verða öðruvísi. Mál þessi um illa meðferð á skepnum verða annars af tvennslags art, 1, ef menn skemma eða fara illa með annara skepnur; þau mál sækja opt eigendur skepnanna sjálfir, og sækja í því eiginlega sinn rètt, og geta þau stundum kann ske verið *privat*mál; en eg tala helzt um hitt, ef menn fara illa með sínar eigin skepnur, hver á að taka upp rèttinn fyrir þær skepnur? það þarf maður að vita; annars held eg þær skepnur falli jafnrèttlitlar eptir sem áður fyrir þenna lagatilbúníng; því er nauðsynlegt, að maður viti, hvort þau mál eiga að höfðast sem sakamál,

eða sem lögreglu eður *privat*mál, nefnilega hvort maður má ljóstra þeim upp, ef maður vill, og þegja um þau, ef maður vill, eða maður er skyldugur, að gefa slíkt til kynna, og má ekki að ósekju þegja.

Framsögumaður: Það hefir verið margítrekað, að það væri galli á nefndarálitinu, hver og hvernin ætti að kæra þau mál og framfylgja þeim, sem risið gæti út úr meðferð skepna. Það þykir nú að vísu aldrei fallegt, að fegra sín lýti með annara, þó held eg, að eg nú verði í því efni, sem hèr ræðir um, að leyfa mèr að skýrskota til ríkisdagsins og hins danska lagaboðs um meðferð skepna, sem þingið hefir fyrir sèr. Þar er einga þvílíka ákvörðun að sjá, og hafi hún ekki verið nauðsynleg fyrir Danmörku, þá er hún það líklega ekki heldur fyrir Ísland. Annars finnst mèr þetta geta verið undir atvikum komið; ef til að mynda einhver drepur eða misþyrmir skepnu, sem eg á, og þannig með fram gjörir mèr órètt, þá hika eg ekki við, að leita sjálfur rèttar míns, en eigi annar eða einginn skepnuna, sem misþyrmt er, get eg eins kært það, og verður þá málið líklega höfðað sem sakamál.

Ásgeir Einarsson: Viðvíkjandi einu atriði hjá hinum háttvirta *konúngsfulltrúa,* þá fannst mèr það mjög þýðingarmikið, hvort ekki mætti taka úr nefndarálitinu *„vísvitandi af skeytíngarleysi“,* og byggði það á dönsku lagaboði, en nefndarálitið fór leingra, því annars hefði verið þýðíngarlaust, að gjöra annað við þetta mál, en láta laganefndina fá það til meðferðar. Mèr finnst vel til fallið, fyrst þessi uppástúnga kom frá Íslendíngum sjálfum, að biðja um frumvarp til næsta þings, og væri það gott, ef því yrði ekki flýtt meira en svo.

Framsögumaður: Eg held, að málið vinni alls ekkert með, að því sè frestað; þíngið hefir fyrir sèr svo gott sem frumvarp, þar sem að er hið danska lagaboð um sama efni. Nefndin hafði sèrlegt tillit til þess, og lagaði sig eptir því, svo mikið sem mögulegt var, og við þótti eiga. En í Danmörk er öðruvísi ástatt, og ekki eins mikil þörf, eins og á Íslandi, að setja lög um viðurgjörníng á skepnum. Nefndin varð því að fara nokkuð leingra, en hið danska lagaboð gjörir, í því skyni, að tryggja skepnurnar fyrir kvalafullri meðferð í þessu tilliti. Eg álít því ekki nauðsynlegt, og ekki við eiga, að biðja um frumvarp, heldur um lög. En það er sjálfsagt, að nefndin tekur til þakka tilboð hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* að bera sig saman við hann um orðfæri á niðurlagsatriðinu.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að ráðgjöra, að koma fram með

breytíngaratkvæði, en vil ekki koma fram með það, fyr en eg hefi borið mig saman um það við hinn fyrsta konúngkjörna þíngmann, hvernig bezt mætti laga það eptir íslenzkum hætti.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Það var ekki glöggt fyrir mèr, hvort þíngmaður Eyjafjarðar tók sèr breytíngaratkvæði, að innibinda skepnurnar undir nafninu „kvikfènaður“ og „húsdýr“, og hafi hann ekki gjört það, þá áskil eg mèr rètt til þess. Eg get þá eins vel fallið frá því aptur, þegar eg er búinn að tala um það við hann, ef hann vill laga sitt svo.

Páll Sigurðsson: Það vakti einúngis fyrir mèr, að þá danska lagaboðið var yfirskoðað í laganefndinni, vildi eg ráða frá því, því mèr fannst, að löggjöfin danska ætti hèr ei við, utan að gjöra þar við stórkostlegar breytíngar, og leggja það síðan fyrir þíngið sem frumvarp, sem ekki var nefndarinnar ætlunarverk, og þótti mèr rèttast, að málinu yrði frestað. Nefndin vill nú biðja um þetta sem lagaboð, en mèr þykir það enn ekki ráðlegt, og vil eg stínga upp á, að fresta því enn, eða þá heldur að biðja um frumvarp til næsta þíngs, en ekki lagaboð; við frestinn getur þá þjóðin hugsað sig betur um, og sent sínar athugasemdir á þíngið, og við það yrði málið miklu þjóðlegra.

Framsögumaður: Eg get ekki dulið undrun mína yfir vantrausti því á sjálfum sèr, er í svo einföldu máli lýsir sèr hjá mönnum, sem vanir eru að vera hugaðir, jafnvel í því, sem síður væri að vænta þess. Danska stjórnin hlýtur þó að vera ókunnugri landsháttum hjá oss, og hvað bezt hagar í því efni, sem hèr ræðir um, en sjálfir vèr. Að því leyti Ísland á í þessu sammerkt við Danmörk, þá höfum vèr danskt lagaboð, en til að gjöra ákvörðun um það, sem sèrstaklegt er fyrir Ísland, get eg ekki vantreyst löndum mínum eða þíngi þessu.

Páll Sigurðsson: Það er ekki af vantrausti til landa minna, að eg er hræddur um, að þíngið ekki gæti samið á svo stuttum tíma svo gott frumvarp til laga í þessu máli, sem viðunanlegt yrði. Bezt væri, að menn frestuðu því, og biðja þá um frumvarp til næsta þíngs; þá gæti menn gjört það betur úr garði við umhugsunina.

Ásgeir Einarsson: Eg er ekki á móti lagaboðinu, af því að eg kynni að fallast á frumvarpið, ef lagaboðið yrði fellt. En betra væri, að þjóðin feingi umhugsunartíma, svo hún gæti ekki barið því við, eins og í helgidagamálinu, að hún hefði ekki feingið tíma til, að hugsa sig um.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mèr þykir þetta ekki svo einfalt mál sem þíngmanni Norður-Múlasýslu. Eg vil halda það sè fullkomið vandaverk, að búa vel til hentug lög, sem eigi vel við þetta máleíni í hverju tilfelli, því kríngumstæðurnar geta verið töluvert margbrotnar að þess slags misgjörðum, og eg held það væri máleíninu einginn skaði, þó það yrði sent aptur alþíngi sem frumvarp, áður það yrði gjört að lögum; það er meira vert, að fá lögin hentug og vel úr garði gjörð, en að fá þau fljótt; þá mætti líka ákveða, hverrar artar þessi lög yrði, og hvernig þess slags mál yrði upp tekin.

Pètur Pètursson: Ætli það megi ekki næstum því telja það með illri meðferð á skepnum, að leingja meir þíngræðurnar um þetta mál?

Jón Hjaltalín: Ef mönnum geðjast ekki nú að laungum umræðum um þetta mál, þá er eg viss um, að þær verða ei styttri á þíngi 1861; en hvað þessu lagaboði viðvíkur, þá er eg sannfærður um, að sú tilfinníng lifir í brjóstum flestra Íslendínga, að þeir þola ekki að sjá illa farið með skepnur vísvitandi. Siðferðistilfinníngin á að aukast svo mikið á árunum 1859 til 1861, að þá verði þetta ekki vandamál, sem nú á að vera ókljúfandi, en um það vil eg koma með orðtækið: „Margir kokkar gjöra graut sviðinn“. Verði ekki meira fundið að uppástúngu nefndarinnar, en komið er, þá finn eg einga ástæðu til, að fresta málinu. Þar eð allir viðurkenna þörf á lagaboði um þetta efni, þá veit eg ekki, til hvers það er, að fresta því, og þó því yrði frestað þángað til 1959, og þjóðin væri að hugsa sig um það í 100 ár, þá mundi eitthvað verða að því, eins og öllu öðru, þó umhugsunartíminn væri nægilegur.

Forseti: Fyrst að einginn tekur framar til máls, þá álít eg undirbúníngsumræðunni lokið. Í von um, að næsta umræða verði ekki eins laung, og um þessi 2 mál, sem hafa nú verið rædd, þá læt eg koma til umræðu samkvæmt dagskránni nefndarálit um *betri afnot kristfjárjarða. Framsögumaður* er hinn sami heiðraði þíngmaður úr Norður-Múlasýslu.

Nefndarálitið var þá afhent *framsögumanni,* er las það upp, svo látandi:

„Alþíngi hefir 12. þ. m. kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um bænarskrá frá Þínghöfðafundi 27. maí þ. á., viðvíkjandi stjórn og afnotum kristfjárjarða.

Við umræður máls þessa í nefndinni urðum vèr allir á eitt sátt-

ir viðvíkjandi aðalstefnu þess; en um formhlið þess varð nokkur ágreiningur; og mun minni hlutinn, eg *H. G. Thordersen*, skrifa ágreiningsskrá þar að lútandi. En meiri hluti nefndarinnar leyfir sèr að láta álit sitt um málið í ljósi á þessa leið:

Kristfjárjarðir, eða þær jarðir, sem á fyrri og seinni tímum hafa verið gefnar fátækum, standa flestar undir umsjón biskupsins; en þó sumar, eptir því sem fyrir er mælt í gjafabrèfunum, undir umráðum sýslumanna, eður prófasta og sýslumanna, t. a. m. í Húnavatnssýslu; og eru þeim, nefnilega prófastinum og sýslumanninum þar, áskildar hálfar leigur fyrir umsjón þeirra svonefndu „Vatnsdalsjarða". Aptur eru sumar kristfjárjarðir byggðar með ákveðinni landskuld og leigum; en aðrar eru byggðar með þeim hætti, að ábúandinn, í stað jarðarafgjalds, á að halda einn ómaga (kristfjármann), og það eru þessar jarðir, sem bænarskráin ábrærir.

Eptir kanselíbrèfi 30. sept. 1820 er það að konúngs boði, að skjölum og skýrslum fyrir gjöfum *„ad usus pios et publicos"* hefir verið safnað til biskupsdæmisins. Eptir skýrslum þessum, sem prófastar hafa sent (nema fyrir Ísafjarðar, Mýra og Austur-Skaptafellssýslur), og eptir því, sem okkur að öðru leyti frekast er kunnugt, mun tèð ómagahald að eins eiga sèr stað á þeim jörðum, sem hèr skal greina:

A, í Norður-Múlasýslu:

1. Ketilsstaðir í Jökulsárhlíð, með hjáleigunum:
   a. Eyjaseli og
   b. Bakkagerði; að fornu mati 12 hndr., en eptir hinu nýja jarðabókarfrumvarpi . . . . . 32,$_9$ hndr.
2. Fossvellir; fornt mat 12 hndr., í jarðabókarfrumvarpinu 32,$_9$ —
3. Kóreksstaðir með hjáleigum:
   a. Kóreksstaðagerði og
   b. Hjalla; fornt mat 20 hndr., í jarðabókarfrumv. 31,$_3$ —

   Um þessar jarðir segir prófastur að menn viti ei annað, en þær sè gefnar á páfadæmisins tíðum með þeim skilmála, að einhver sveitarlimur framfærist á þeim (einn á hverri), en ábúendurnir þar við fríist frá að svara landskuld og kvíildisleigum.
4. Arnheiðarstaðir með hjáleigunum:
   a. Geitagerði og
   b. Merki á Jökuldal; fornt mat 30 hndr., í jarðabókarfrumv. . . . . 53,$_0$ hndr.

Skýrsla prófasts: „þar af" — jörðunni með hjáleigum — „til-

heyra 7 hndr. Valþjófsstaðarkirkju; en hitt allt er kristfjáreign; í allt fylgja jörðunni $4^1/_2$ kúgildi. Jörð þessi hefir frá aldaöðli haft 1 kristfjármann, sem að er einhver sveitarlimur; og kgl. *rescript* af 21. febr. 1766 fastsetur, að þessi jörð skuli vera prestsekkjunni þar í brauðinu til ábúðar, með því skilyrði, að hún haldi kristfjármanninn; líka tiltekur sama *rescript,* að presturinn á Valþjófsstað, þegar eingin ekkja er, megi hafa byggíngarráð og umsjón yfir jörðunni, einnig upp bera landskuld af henni, ef hann vilji, móti því, að halda kristfjármanninn".

B, í Suðurmúlasýslu:

5. Sómastaðir, með hjáleiguni:
   Sómastaðagerði; fornt mat 16 hndr., í jarðabókarfrumvarp. . . . . 21,0 hndr.
   Skýrsla prófasts: „Hefir frá gamalli tíð legið til Hólmakirkju með því skilyrði, að presturinn ali ómaga svo þúngan, sem landskuldinni svarar. Hve nær eða á hvern hátt þessi jörð sè orðin fátækra-eign, er óljóst".
6. Búlandsnes með hjáleigunum:
   a. Bjargarrètt og
   b. Borgargerði; fornt mat 12 hndr., í jarðabókarfrumv. 80,4 hndr.
   Skýrsla prófasts: „Á henni elst 1 ómagi af Geithellnahrepp; fyrir henni er ekkert gjafabrèf til, nè vissa um, hve nær og hvernig hún sè komin í eign fátækra".

C, í Vestur-Skaptafellssýslu:

7. Keldugnúpur á Síðu; fornt mat 18 hndr., í jarðabók.frumv. 13,2 hndr.
   Máldagi í Fornbrèfas. I, bls. 261: að ábúandinn skyldi annast kvennómaga, sem gæti klætt sig og afklætt, fyrir utan aðrar smámatgjafir.

D, í Árnessýslu.

8. $^1/_2$ Kolsholt með hjáleigum:
   a. Jaðarkoti og
   b. Kolsholtshelli; fornt mat allrar jarðarinnar 30 hndr., í jarðabókarfrumv. . . . . 29,0 hndr.
   Extract af skýrslu prests sèra Halldórs Þórðarsonar, dags. Torfastöðum í Biskupstúngum 9. marz 1821: „Fátækra eign í þessum hrepp eptir A.(?) Magnússonar jarðabók A^{o} 1759 austurparturinn af Kolsholtinu eða 15 hndr., en um það, hver gefið hafi, finn eg ekkert skrifað; heyrt hefi eg það hafi gjört ekkjufrú biskups sál. *Mag.* Jóns Árnasonar, Guðrún Einarsdóttir, og jafnvel

fyrst einhverja aðra jörð vestur í Kjós, en feingið (líklega til hægðar þessa hrepps mönnum) skipti á henni og þessum Kolsholtsparti. Hann er svo brúkaður: 8 vetra gamall piltur er látinn hèr af hreppnum til uppfósturs til Kolsholtseigandans, sem umdæmi hefir haft yfir þessum parti, hverjum hann sleppir, þegar hann er 16 vetra, og tekur 8 vetra gamla stúlku, og heldur eins leingi".

Þegar nú er litið á hið forna hundraðatal jarða þessara, þar sem þær eru metnar frá 12 til 30 hndr., og einkum á það hundraðatal, sem stendur í frumvarpi til nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, þar sem hin hæsta jörðin er 80, $_4$ hndr., en hin lægsta 13, $_2$ hndr., og hinar híngað og þángað þar á milli, þá er það í augum uppi, hvílíkur innbyrðis ójöfnuður það er, að hafa á þeim öllum sama leigumálann, nefnilega ómagahaldið; og sömuleiðis er hundraðatalan og hjáleigurnar augljós vottur þess, jafnvel þeim, sem ekki þekkja jarðirnar, að sanngjarnt mundi að leigja, að minnsta kosti flestar þeirra, miklu hærra, en svarar framfæri meðalómaga. Og ímyndum við okkur, að lángtum réttara hlutfall hafi verið milli leigumálans og gæða þessara jarða á þeim tíma, sem þær voru gefnar, eða með öðrum orðum, að tilgángur gjafaranna hafi verið sá, að hjálpa þeim fátæku svo mikið, sem afnotum gjafanna svaraði, svo tilgánginum væri ekki raskað fyrir það, þó ákveðið afgjald væri sett á jarðirnar í stað ómagahaldsins, og meira gagn þannig gæti orðið að gjöfunum, en orðið getur með þeirri upprunalegu tilhögun, sem nú ekki heldur er eins nauðsynleg og þá, og jafnvel ekki eins eðlileg, þar sem allt annað og betra skipulag er komið á umsjón og framfæri hinna fátæku.

Að því leyti snertir umráð jarða þessara, höfum við að vísu alls einga ástæðu til, að efast um, að þeim mundi vel borgið, þó eingin breytíng væri gjörð á því, sem verið hefir í því tilliti; þó verður biskupinn að sjá þar með annara augum, og jafnvel prófasturinn getur varla verið jörðunum eins kunnugur, eða haft eins nákvæma tilsjón með, og eins jafnaðarleg afskipti af meðferð þeirra, eins og hlutaðeigandi sveitarstjórar. Þykir okkur það einnig eðlilegast, að umráð jarða þessara, eins og annara hreppajarða eða fátækra-eigna, sè í þeirra höndum, undir yfirumsjón sýslumanns og amtmanns, svo hreppsmenn geti haft forgángsrètt til, að fá þær til ábúðar.

Það sem okkur virðist að til greina þyrfti að taka, þegar breytínguna ætti að gjöra, er þetta:

a, að þáverandi leiguliðar á jörðunum og hjáleigum þeirra mætti búa, meðan þeir vildi, við þá skilmála, sem ákveðnir eru í byggíngarbrèfum þeirra.

b, að presturinn, sem nú er eða þá verður í Hólmabrauði, ekki verði sviptur rètti, til að taka afgjald af Sómastöðum, móti því að halda ómaga svo þúngan, sem landskuldinni svarar. En að eptirmenn hans missi þessi hlunnindi, finnst okkur hvorki íhugunarvert með tilliti til brauðsins, sem er eitthvert hið bezta á landinu, og ekki heldur tilgángi gjafarans gagnstætt, að því leyti líklegt er hann meðfram hafi verið sá, að vel færi um ómagann í andlegu og líkamlegu tilliti, því nú á tímum er sèð fyrir þessu á annan veg.

c, Af sömu ástæðum finnst okkur óþarfur sá rèttur, sem konúngsbrèf 21. febrúar 1766 gefur prestinum á Valþjófsstað, sem þar að auk ekki hefir fylgt jörðinni, frá því hún varð kristfjárjörð, og jafnvel líka, að því er jarðnæðið snertir, sá rèttur, sem ekkjunni í kallinu er gefinn í sama konúngsbrèfi, þar sem kirkjan á auk fleiri jarða $^1/_4$ jarðarinnar, sem ætíð mundi henni nógur til ábúðar, ef hún vildi hann heldur en aðrar jarðir kirkjunnar; og þó hún kynni að vera þurfandi, höfum við einga ástæðu til að halda, að rètt sè og tilgángi gjafarans samkvæmt, að bæta úr þörf hennar með þessu móti. En sjálfsagt ætti ekki ekkja sú nè prestur, sem væri í brauðinu, þegar breytíngin væri gjörð, að missa rèttar síns.

Af framantöldum ástæðum verður meiri hluti nefndarinnar að mæla með því, að alþíngi sendi konúngi vorum allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að hann ákveði með lagaboði:

1. *Að þær hèr að framan nefndu kristfjárjarðir nr. 1 til 8 skuli við leiguliðaskipti byggjast, eins og aðrar jarðir, fyrir ákveðið gjald, er gángi í hlutaðeigandi sveitasjóði; en ómagahaldið, sem á þeim hefir hvílt, sè með öllu af tekið, þó svo, að presturinn, sem er í Hólmabrauði, þegar breytíngin skeður, megi taka afgjaldið af Sómastöðum, móti því að ala ómaga svo púngan, sem landskuldinni svarar; og að ekkjan, sem þá verða kynni í Valþjófsstaðarbrauði, eða presturinn, sem þá er þar, missi ekki rètt þann, sem þeim er gefinn í konúngsbrèfi 21. febr. 1766.*
2. *Að umsjón og byggíngarráð þeirra nefndu kristfjárjarða*

skuli felast hlutaðeigandi sveitarstjórum, undir yfirumsjón sýslumanns og amtmanns.

Reykjavík 21. dag júlímán. 1859.

Halldór Jónsson, framsögumaður. *H. G. Thordersen,* með tilliti til míns eptirfylgjanda álits. *Ásgeir Einarsson.*

Byggíng kristfjárjarða hèr á landi hefir híngað til staðið undir umsjón biskupsins, og einginn í minni, og ei heldur, svo eg muni, formanna minna tíð hefir opinberlega kvartað yfir *administration* þessara jarða, fyr en nú kemur hèr að lútandi bænarskrá til þíngsins. Nú virðist mèr þetta mál svo lagað, að það hefði átt, eins og öldúngis *„administrativt“*, fyrst að gánga til biskupsins, og frá honum til viðkomandi stjórnarráðs, sem þá gat sent það þínginu, ef það fann ástæðu til þess, eður útkljáð það með öðrum hætti. Samkvæmt þessu er mèr næst að halda, að þó stjórninni verði send bænarskrá um þetta efni, muni hún, ef til vill, í þessu máli leita álits biskupsins, áður en hún láti það koma til úrslita, og fyrir þessar sakir vil eg ei nú þegar binda sjálfan mig; því þó eg muni því meðmæltur, að nokkur breytíng fáist á því skipulagi, sem híngað til hefir átt sèr stað, og má ske að meiru eður minna fallist á nefndarálitið, þá get eg þó ekki nú þegar skrifað undir það í öllum þess greinum, og finn með sjálfum mèr, að þar er á svo margt að líta, að eg þarf á meira næði og umhugsunartíma að halda, en mèr gefst á þessu þíngi.

En svo eg þó sem fáorðast láti í ljósi, hverja stefnu eg muni taka í þessu máli, þá óska eg því verði svo ráðið til lykta, að fátækum komi sem bezt í hag, án þess nokkrum verði órèttur gjör, og læt mèr svo lynda með þessum orðum að taka hið sama fram, sem eg þegar drap á við inngángsumræðuna.

Reykjavík, 21. júlí 1859.

H. G. Thordersen“.

Framsögumaður (Halldór Jónsson): Eg skal ekki tala neitt um málefni þetta, fyr en eg heyri umræður þíngmanna, því síður sem sá litli ágreiníngur, sem varð í nefndinni, snertir einúngis formhlið málsins.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst, að við *„afgjaldið af Sómastöðum“* í uppástúngu nefndarinnar ætti að bæta: *„og Sómastaðagerði“*. *(Framsögumaður:* Jú, það var meiníng nefndarinnar).

Arnljótur Ólafsson: Eg veit ekki, hvort eg nú þarf að taka

það fram, eða hvort eg mundi þurfa að taka mèr breytíngaratkvæði um það, að ef þíngið ekki skyldi fallast á, að senda bænarskrá um þetta mál til konúngs, að það þá væri sent til viðkomandi yfirvalds. Eg vil þó, að þessi útvegur gefist, ef þíngið ekki skyldi fallast á, að senda konúngi bænarskrá, og sýnist mèr það því betur til fallið í þessu máli, sem yfirvaldið hefir látið það í ljósi, að það sè samdóma nefndinni í aðalstefnunni; og þar menn annars geta átt það víst, að mál þetta muni, áður en það er leitt til lykta, verða borið undir hlutaðeigandi yfirvald, þá virðist mèr ekkert á móti því, að þíngið gegnum *forseta* sinn vísi málinu strax til biskupsins, þar það bæði mundi greiða fyrir málinu, að hafa þá aðferð, og sú aðferð á einnig betur við, og það einkum af því, að málið missir ekkert við það, heldur vinnur, og vil eg því vera þessari aðferð meðmæltur, án þess að gjöra það að prætumáli.

H. G. Thordersen: Eg hefi ei látið aðra meiníngu mína um þetta mál í ljósi en þá, að það væri mín ósk, að þessu væri sem bezt fyrir komið, og eins það, að eg hefði álitið það, rèttast, að mèr hefði verið sent málið strax, og hefði það verið gjört, skyldi eg hafa flýtt því, eins og eg hefði getað, en í þessu máli þarf mikillar aðgæzlu við og umhugsunar, áður en það gæti orðið svo úr garði gjört frá mèr, sem eg vildi; en nú á þessu þíngi hefi eg ekki það næði til þess, sem eg þarf og óska að hafa; en ef þíngið nú skyldi vilja senda málið til stjórnarinnar, þá er mèr næst að halda, að það mundi verða sent til baka til mín, en ef það verður sent til mín, eins og eg sagði strax í upphafi að mundi vera hið rèttasta, þá mun eg flýta fyrir því, eins og eg get.

Pètur Pètursson: Nefndarálit þetta er mjög greinilega og skipulega samið, eins og við var að búast af þeim mönnum, sem í nefndinni voru, það er að segja frá sjónarmiði nefndarinnar, en þó eru ýms atriði, sem eg vildi óska frekari upplýsíngar um hjá nefndarmönnum. Mèr þykir það undarlegt, að nefndin skuli hafa tekið fyrir að eins þær 8 kristfjárjarðir, sem hafa kristfjármenn, þar sem margar fleiri kristfjárjarðir eru til, sem fátækir ei hafa full afnot af, þar eð talsvert af afgjaldi þeirra geingur til þess, að launa umboðsmönnum, og mætti nú komast hjá þessu með því, að láta þær gánga inn undir sveitarstjórnina, þar sem gjafabrèf þessara jarða ei eru á móti því. Þar að auk er eg í efa um, hvort nefndin hafi talið upp allar þær jarðir, sem hafa kristfjármenn, og hefir hún má ske ekki getað gjört það, af því hana hefir vantað skýrslur, því þó kanselíbrèf frá 1820

hafi skipað, að útvega skyldi skýrslur um slíkar jarðir, þá heyrðist mèr samt í nefndarálitinu játað, að vantaði skýrslur úr 3 sýslum, og geta menn nú ei vitað, nema í þessum sýslum sè kristfjárjarðir, sem hafa kristfjármenn. Þó það líka hafi verið boðið, að gefa skýrslur, þá hafa þær ei ætíð feingizt alstaðar frá, nema boðið hafi verið ítrekað, en eg veit ei til, að slíkt boð hafi komið optar en með hinu áður umgetna kanselíbrèfi. Eg held, að það sè ekki gott, að taka þessar jarðir fyrir, en sleppa, ef til vill, öðrum, af því að vanti skýrslur, og sýnist mèr, að nefndin af þessum ástæðum hafi ekki getað lokið því ætlunarverki sínu, að undir búa málið þannig, að stjórnin gæti lagt fyrir þingið frumvarp um betri stjórn kristfjárjarða, sem hafa kristfjármenn; frumvarpið gæti ekki orðið nógu yfirgripsmikið, og kemur það af því, að nefndina, eins og hún játar sjálf, hefir vantað skýrslur. Þar að auki þykir mèr ekki fullkomin ástæða til, að taka að eins þessar fáu kristfjárjarðir, sem hafa kristfjármann, en sleppa öllum öðrum; eg veit t. d. til, að kristfjárjarðir eru í Skagafjarðarsýslu, í Vatnsdalnum í Húnavatnssýslu, og í Snæfellsnessýslu, og fá prestar talsvert af afgjaldi þessara jarða, bæði í Skagafjarðarsýslu og í Snæfellsnessýslu, en í Húnavatnssýslu skipta prófastur og sýslumaður hálfum leigunum á milli sín, og sè eg einga ástæðu til þess, að fátækir ekki skuli eins njóta góðs af þessum jörðum í þessum sýslum, eins og annarstaðar, þar sem gjafabrèfin ekki hindra það. Mèr sýnist því málið ei vera svo fullkomlega úr garði gjört, eins og þyrfti til þess, að jöfnuður gæti verið í þessu máli yfir allt landið. Þetta er það, sem eg vildi óska, en eg hefi aldrei haft á móti því, að fátækir feingi sem mest gagn af þessum jörðum. Spursmálið er þá um það, hvort þingið nú þegar hafi feingið svo nægilegar skýrslur um kristfjárjarðir á öllu landinu, að það geti nú þegar gjört undantekningu með þessar 8 jarðir, eða hvort ekki muni tiltækilegra, að biðja biskupinn, að safna skýrslum um þetta mál, og láta það svo fá framgáng í þá stefnu, sem nefndin hefir tekið, og sem hann hefir sagt að hann ekki sè fráleitur. Nefndin kann nú að geta gefið mèr þær upplýsíngar, er láti mig falla frá þessari uppástúngu.

Framsögumaður: Fyrst og fremst gefur bænarskráin frá Þínghöfðafundi ekki tilefni til, að tala um aðrar kristfjárjarðir en þær, sem hafa kristfjármann, og eg ætla, að þær sè allar upptaldar í nefndarálitinu. Eg hefi gegnumgeingið sem nákvæmlegast skýrslur þær, sem minn háæruverðugi meðnefndarmaður hefir lèð nefndinni.

Að vísu vantar skýrslur úr 3 sýslum; en eptir því, sem eg frekast hefi getað fræðzt um af þeim heiðruðu þingmönnum, sem kunnugastir eru, held eg þar sè eingar þvílíkar kristfjárjarðir. Og þó þær skyldi vera fleiri til, væri eingin hætta af því búin, þó meðferð þeirra hèr nefndu væri breytt; hinar gæti komið á eptir. Eg gæti jafnvel sagt, að í nefndarálitinu væri of margar taldar, því ómagahaldið kvað nú þegar vera af tekið af Kolsholtspartinum, eptir samnîngi sveitarstjórnarinnar við eiganda hálflendunnar um ákveðið afgjald. Að fleiri eru kristfjárjarðir en þær, sem ómagahald er á, veit eg vel, en eg hefi með ásettu sleppt öllum þvílíkum. Að prófastur og sýslumaður í Húnavatnssýslu hafa hálfar leigur af þeim svonefndu Vatnsdalsjörðum, er beinlínis samkvæmt gjafabrèfinu, sem ekki mun mega breyta. Ytra-Vallholt í Skagafirði er byggt fyrir ákveðið afgjald, sem geingur til þeirra, sem það eptir gjafabrèfinu er ætlað.

Pètur Pètursson: Um Vallholt í Skagafirði veit eg, að afgjaldið geingur til fátækra, og hefir presturinn ekki neitt. Öðruvísi er ástatt með Drápuhlíð í Snæfellsnessýslu, að presturinn hefir landskuldina, en sveitarsjóðurinn leigurnar. Nú finnst mèr það ekki fullkomlega sanngjarnt, að breyta til með vissan flokk af jörðum, en sleppa öðrum, ef gjafabrèfin ei banna að hreifa við þeim. Þar sem mèr finust hèr eiginlega beðið um að hækka afgjaldið á vissum jörðum, þá vil eg, að allar jarðir af hinum sama flokki sè teknar, og að menn beiðist þess, að sama gángi yfir þær allar, að svo miklu leyti sem verður. Hvort sem bænarskráin frá þínginu fer til biskups eða stjórnarinnar, sýnist mèr, að hún einnig eigi að fela hinar í sèr, því sè þessi breytíng rèttlát á einum stað, er hún það einnig á hinum öðrum stöðum, og skerðir þetta ekki grundvallarregla nefndarinnar.

H. G. Thordersen: Eg þakka mikillega hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni fyrir ræðu hans, því einmitt af þeim ástæðum, er hann tók fram, hefi eg ekki þorað að taka allt þetta mál nú fyrir, af því mèr finnst rèttast, að það gángi yfir allt landið, og veit eg, að þíngmenn vorkenna mèr það, þar til þessa mun þurfa nokkuð lángan tíma, því þó eg hafi gefið nefndinni þær upplýsíngar, sem eg gat, þá nægja þær ekki, því ef menn vildi fá fullvissu í þessu máli, þá þyrfti að fara leingra, og fá allar mögulegar skýrslur og upplýsíngar úr hèruðum og frá prófföstum landsins, og rèttlætir það einnig það, að eg gat ekki skrifað undir álitsskjal nefndarinnar að öllu leyti, að mèr fannst farið öfugt með málið í upphafi, þar sem það ekki var borið undir biskupinn, sem er tilsjónarmaður þessara jarða, og

verð eg þó að segja það, að eg held, að eg hafi ei farið lakar með þessar jarðir, en áður var farið með þær, og vona eg, að þingmenn hafi þá tiltrú til mín, að þeir sendi mèr málið, þó eg í reyndinni fyrir mitt leyti ekki þurfi að keppa eptir að fá það til meðferðar; en af því eg ekki hefi nú fullkomna þekkíngu á málinu, var eg hræddur við, að rita nafn mitt undir það, sem eg seinna kynni má ske að sjá að ætti að vera öðruvísi, og vil eg bæði sem maður og embættismaður vera varkár í því.

Framsögumaður: Þar sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, að sèr fyndist eiginlega vera beðið um, að hækka afgjald þessara einstöku jarða, þá má eins vel segja, að beðið sè um, að afnot þeirra megi svara betur tilgánginum. Og get eg ekki sèð, að það þurfi að tálma því, að þessu verði framgeingt með þessar tilteknu jarðir, þó seinna skyldi verða farið fram á, að lagfæra meðferð annara fátækra-eigna. Þessar jarðir, sem ómagahaldið fylgir, eru eins og sèrstök grein af öllum fátækra-eignum, og þurfa ekki að bíða eptir rannsóknum um hinar allar.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Mèr virðast hèr vera tvö atriði að aðskilja, 1, að gjöra breytíngu á stjórn kristfjárjarða, og taka stjórn þeirra undan yfirráðum biskupanna, sem frá katólsku tíðinni hafa verið yfirumsjónarmenn þeirra, og koma henni undir sýslumenn og amtmenn, eða undir veraldlegu stjórnina. Annað atriðið viðvíkur stofnun jarðanna og breytíngu á fyrirkomulagi þeirra. Eg er nú ekkert mótfallinn fyrra atriðinu, því eg held það sè rètt, að stjórn þessara jarða sè hin sama og annara fátækra-jarða, en um hitt atriðið er eg í meiri vafa, hvort alþíngi eigi að umbreyta stofnun og þeirri meðferð jarðanna, sem hefir haldizt við frá alda-öðli. Það er reyndar satt, að ef ekkert stofnunarbrèf er til, þá verður ekki um það sagt, hversu stofnunin hafi verið í upphafi; en þar sem eldgömul venja er fyrir því, að kristfjármenn sè á jörðunum, þá er ástæða til að halda, að kristfjármenn sè settir á þessar jarðir samkvæmt gjafabrèfi, og þarf að rannsaka það vel, hvort það væri rètt, að verja þessum stofnunum sveitarsjóðunum til gagns á annan hátt, en venjan er til. Mèr virðist málið ekki vera svo upplýst, að menn viti, hvernig alstaðar hagar til; það getur vel skeð, að síðar komi fram fleiri stofnunarbrèf. Það er t. a. m. til stofnunarbrèf fyrir jörðinni Drápuhlíð, sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður nefndi áðan, og er jafnvel prentað, ef eg man rètt. Mèr sýnist því, að menn eigi ekki að biðja um lagafrumvarp, heldur vísa málinu til biskupsins, sem vill

flýta því, og sýnist mèr þurfa að útvega fleiri skýrslur, er gjöri mál þetta ljósara, áður en farið er leingra út í það.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að styrkja uppástúngu þíngmanns Ísfirðínga, og álíta það rèttast, að þetta mál sè látið ganga til biskupsins. Eg gat þess við inngángsumræðu þessa máls, að þegar eg var sýslumaður í Norður-Múlasýslu, hefði eg gjört uppástúngu um stjórn kristfjárjarða í sömu stefnu, sem nefndin nú hefir gjört. Eg vildi nefnilega, að tekjurnar af kristfjárjörðunum skyldi falla í sveitarsjóð, því eg sá, að fyrirkomulag það, sem þá átti sèr stað, var í alla staði óhentugt, svipti sveitasjóðina miklum tekjum, og kom eingum til gagns, nema bændum þeim, sem á kristfjárjörðunum bjuggu. Kristfjárómagarnir voru nefnilega svo lèttir, að meðlagið með þeim var ekki nema helmíngur, og stundum ekki helmíngur, af sanngjarnlegu eptirsvari eptir kristfjárjarðirnar, og eg vissi jafnvel dæmi til þess, að heimabóndinn á kristfjárjörðinni sat öldúngis landskuldarfrí vegna þess, að afgjaldið af hjáleigum kristfjárjarðarinnar var einsmikið og meðlagið með ómaganum, sem heimabóndinn hèlt. Líka þótti mèr það ekki eiga vel við, að biskuparnir skyldi taka festuna af jörðum þessum, þar sem þeir þó einga tilsjón höfðu með jörðum þessum eða kristfjárómögunum; en þessu er nú, eins og þíngmenn hafa heyrt, breytt í tíð hins núverandi biskups þannig, að fátækir nú einnig eru látnir njóta festunnar.

Þó eg nú þannig sè þeirrar meiníngar, að bæði rèttur og sanngirni heimti það, að fyrirkomulagi því, sem nú er á stjórn og meðferð kristfjárjarðanna, sè breytt, álít eg þó rèttast, eins og eg sagði áðan, að máli þessu sè vísað til biskupsins; því hvorki þykir mèr það svo skýrt hèr á þínginu til hlítar, að rètt sè, að senda konúngi þar um bænarskrá frá þínginu, og líka má, eptir því sem biskupinum hafa farizt orð, fullkomlega treysta því, að hann muni útvega allar þær upplýsíngar, sem nauðsynlegar eru til þess, að ráða þessu máli vel og haganlega til lykta, og síðan svo fljótt, sem mögulegt er, koma því svo á framfæri, að úr því verði skorið af stjórninni.

Framsögumaður: Eg lýsti því yfir þegar í upphafi, að eg hefði álitið eðlilegast, að biskupi hefði verið skrifað um þetta, og að þíngið gæti vísað því til hans, ef því svo sýndist. En með því er þó ekki leystur sá hnúturinn, sem hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga benti á, nefnilega, hvort breyta megi ákvörðunum gjafabrèfanna. Þau eru nú ekki til, svo menn viti, fyrir mörgum af

þessum jörðum; en lángvinn venja sýnist að mega álítast byggð á þeim. En þó ómagahaldið sè í þeim ákveðið, getur mèr ei skilizt, að óleyfilegt sè, að breyta tilhöguninni, þegar það að eins skeður í sömu stefnu, og svo, að fátækir hafi meira gagn af jörðunum, og styrkir ráðstöfun sú, sem nú er búið að gjöra á spítalaeignunum, mig í þessari meiníngu.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera hinum heiðraða *framsögumanni* samdóma í því, að stjórnin hafi fullkominn rètt til þess, að breyta því skipulagi, sem nú á sèr stað í tilliti til kristfjárjarðanna, þegar hún er orðin sannfærð um, að þetta skipulag er í alla staði óhentugt, og þeim til skaða, sem jarðirnar eiginlega í öndverðu eru gefnar, nefnilega fátæklíngunum. Að svo miklu leyti mèr er kunnugt, munu ekki til vera gjafabrèfin fyrir þessum jörðum, og skipulag það, sem nú er á tilhöguninni með þær, er þess vegna að álíta eins og aðra gamla venju, sem bæði má og á að breyta, þegar menn sjá, að hún er orðin óhæfileg.

Jón Pètursson: Eg vil að eins geta þess, að mèr virðist það, sem þíngmaður Ísfirðínga gat um, vera á góðum rökum byggt, nema að því leyti, að eg vildi helzt, að umsjón kristfjárjarða sè undir geistlega valdinu, eins og híngað til; það er athugavert, að þegar einhverjir í katólsku tíðinni gáfu slíkar jarðir, þá gjörðu þeir það með því skilyrði, að á jörðinni væri framfærðir einhverjir fátæklíngar í ætt þeirra, en með tímanum gleymdist, hver ættin var, og urðu svo aðrir en menn úr ættinni kristfjármenn, og finnst mèr það samkvæmara augnamiði gjafarinnar, að byggja jörðina einhverjum þurfandi í vil, er þúngt yrði að falla sökum ættar eða stöðu sinnar, að komast á sveit, en byggja hana einhverjum með uppskrúfuðu gjaldi hreppnum í vil, og til þess að lètta á hreppsbændunum. En það getur verið, að það sè ábótavant í því, að kristfjárjarðir sè ætíð byggðar þeim í vil, sem þyrfti styrks við, en sem þúngt yrði sökum stöðu sinnar að falla, að komast á sveit. Sèra Benidikt á Hólum hefir t. m. gefið jörð handa þurfamanni, sem vegna stöðu sinnar væri ísjárvert að gjöra að sveitarlim; jörð þá mætti byggja með miklu eptirgjaldi, og lángtum hærra, en sem svarar eins ómaga meðlagi, en einmitt af því jörðin er þannig byggð með svo lágu eptirgjaldi, má halda ómagann sómasamlega, og líka er þetta hvöt fyrir ábúandann, að sitja vel jörðina, þegar hann kemst svo lètt út af með afgjaldið.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þar sem *framsögumaður*

tók dæmi af spítölunum upp á það, að breytt væri stofnunarbréfum, þá virðist mèr ljóst, að þetta dæmi á alls ekki við það, sem hèr ræðir um. Spítalarnir eru ekki gjöf einstakra manna, heldur voru þeir stofnaðir að stjórnarinnar fyrirlagi og á alþjóðlegan kostnað, og spítalahlutirnir eru ekki annað en nokkurs konar skattur. Það stendur því ekki eins á með spítalana og kristfjárjarðirnar, sem eru stofnanir einstakra manna eptir ákveðnu gjafabréfi, og í vissu augnamiði, og virðist mèr mjög ísjárvert, að breyta stofnun þeirra. Í fornbréfasafninu má sjá mörg gjafabréf þegar frá 12. öld, hvar kristfjárómagar eru settir á jarðirnar, eins og hinn 5. konúngkjörni þíngmaður tók fram, en þetta hefir seinna víða fallið úr, en vottur um gjöfina er enn sumstaðar við lýði. Eg vil hafa mikla virðíngu fyrir þessum gjöfum, og vil ekki, að þeim sè breytt í neinu verulegu, þó eg sè samþykkur nefndinni um breytíngu á yfirstjórn þeirra; eg vil að menn leiti áður allra þeirra upplýsínga, sem geta feingizt.

Konúngsfulltrúi: Í tilliti til þess, sem hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga sagði, að hann ekki væri móti því, að breytt væri yfirstjórn kristfjárjarðanna, eins og nefndarálitið færi fram á, en honum þætti efasamt, hvort rètt væri, að breyta því skipulagi á afgjaldi kristfjárjarðanna, sem viðgeingizt hefir, skal eg geta þess, að ef þessari óskipulegu tilhögun um afgjald jarðanna ekki verður breytt, þá álít eg það ekki ómaksins vert, að breyta yfirstjórn kristfjárjarðanna. Bæði þessi atriði, yfirstjórnin og tilhögunin, áttu sèr rót í ástandi hinna eldri, sèr í lagi hinna katólsku, tíma. Katólsku biskuparnir voru þá þeir æðstu yfirstjórnendur fátækra-málefna, og þegar fátækraframfærið á þeim tímum ekki var betur lagað en svo, að fátækir menn flökkuðu um bæja á milli, og átu út hjá bændunum tíundir, matgjafir og manneldi, þá var það sannarlegur velgjörníngur, að veita einhverjum þurfamanni fastan aðsetursstað á kristfjárjörðunum, og veita honum þar gott og forsvaranlegt uppeldi. En nú er þessu öllu saman breytt orðið, og fátækra-málefnin eru nú komin í allt annað og betra horf. Nú er fátækrastjórnin komin til sveitastjórnanna, nefnilega prests og hreppstjóra, sýslumannna og amtmanna, en biskuparnir hafa nú ekki leingur neitt með hana að sýsla. Fátæklíngarnir flakka nú ekki leingur um, heldur eru þeir settir í fasta samastaði, hvar þeir, að því leyti mèr er kunnugt, fá alla hina sömu aðhjúkrun, aðbúnað og viðurværi, sem aðrir heimilismenn, og hvar þeir, sem halda þá, fá með þeim ákveðið meðlag, og til þess að sveitastjórnin bæði geti greitt þetta meðlag og haft það nógu ríflegt,

er það því áríðandi, að sveitarsjóðurinn fái þær tekjur, er hann þarf, og að þær rýrist ekki fyrir óhaganlega meðhöndlun eigna þeirra, sem fátækum til heyra. Mèr virðist því öll hin sama ástæða vera til, að breyta tilhöguninni með afgjald kristfjárjarðanna, eins og til að breyta yfirstjórn þeirra.

Þórður Jónassen: Eg skal leyfa mèr, út af því sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* nú mælti, að gjöra þá athugasemd, að það getur að mínu áliti eingan veginn rèttlætt breytíngu á einstakra manna stofnunum til opinberra þarfa, að fyrirkomulag þeirra ekki kemur algjörlega heim við ástand seinni tímanna; það getur þannig vel verið, að tekjurnar af kristfjárjörðunum sè nú minni, en þær gæti orðið með því fyrirkomulagi, sem upp á hefir verið stúngið, en það atriði er ekki gild ástæða fyrir að breyta því upprunalega fyrirkomulagi, meðan þó á hinn bóginn fyrirkomulag þetta getur nokkurn veginn samþýðzt með núverandi tíma þörfum og kröfum. Stjórnin er líka ætíð mjög varkár í því, að gjöra slíkar breytíngar, og hún gjörir það ekki, nema brýn nauðsyn beri til þess, og þessi nauðsyn álít eg ekki eigi sèr hèr stað, því fyrirkomulagið í tilliti til kristfjárjarðanna er ekki enn þá orðið í alla staði óhentugt, eins og mig minnir hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* segði; að minnsta kosti hefi eg ekki heyrt nein rök færð fyrir því í umræðunum, en einúngis það tekið fram, að menn gæti nú feingið meiri arð af jörðum þessum, en menn nú hafa; en fylgi menn slíkri reglu fast fram í slíku efni, þá stæði aldrei á steini með slíkar stofnanir. Að öðru leyti þykir mèr ekki vera komnar fram nægar upplýsíngar um það, hvort breytíngin ekki komi í verulegum atriðum í bága við þau skilyrði, sem upphaflega eru tekin til, og gjafabrèfin bera víst með sèr, t. a. m. þegar umsjón jarðanna hefir verið falin vissum einstökum mönnum móti þóknun, er greiðast ætti af afgjaldi jarðanna, eða þegar þeim er gjört að skyldu, að halda ómaga, á móti því að taka afgjald jarðarinnar. Eg vil því, eins og upp á hefir verið stúngið, mæla fram með því, að málinu verði vísað til biskupsins, og þar er þess rètta varnarþíng að svo komnu, enda hefir biskupinn tekið svo vel undir málið, að því er nægilega borgið í hans höndum.

Framsögumaður: Ekki get eg fundið neina ástæðu til að breyta stjórn kristfjárjarðanna, ef afnotum þeirra ekki verður breytt. Það finnst mèr líka sjálfsagt, að fara eigi eptir þeim upprunalegu ákvörðunum, svo leingi sem það í raun og veru er tilgánginum samkvæmt, en þegar miklu minna gagn er orðið að gjöfinni, en vera

mætti, finnst mèr tími kominn til, að breyta. Það, sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður stakk upp á, að byggja jarðir þessar einhverjum, sem annars mundi komast á sveit, væri bezta meðal til að eyðileggja þær, og breytir eins ákvörðun gjafaranna.

Jón Pètursson: Það getur verið, að orð mín fyr hafi mátt misskilja. Eg vildi einmitt, að jarðirnar væri byggðar þannig, að það yrði sem mest samkvæmt augnamiði gjafarans, en það kalla eg lángtum meira samsvarandi augnamiði hans, ef kristfjárjörðin væri byggð með lágri landskuld, og festan ekki væri skrúfuð upp, og að þeir færi betur með ómagann, sem búa á jörðinni, heldur en þó jörðin væri byggð með afarháu gjaldi, er rynni í hreppssjóð, til að lètta á hreppsbændum í útsvörum þeirra. Eg veit dæmi til þess, að prestur hefir þurft annara hjálpar, og hefir komizt út á sveitina; ætli að það hefði ekki verið sómasamlegra, að honum hefði verið komið fyrir sem kristfjármanni á einhverja jörð, en að láta hann fara svona á hrepp.

Sveinn Skúlason: Hinir tveir hálærðu og ættfróðu þíngmenn, hinn 5. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaður Ísfirðínga, hafa einmitt móti vilja sínum mælt fram með uppástúngum nefndarinnar því þeir hafa sannað, að menn ekki hafi fylgt augnamiði því, sem tiltekið var í hinum upprunalegu gjafabrèfum, þar sem þeir hafa viðurkennt, að stofnanir þessar hafi verið gefnar til góðs fyrir ættíngja gjafaranna, en að ættin hafi gleymzt. Ef að þeir nú ekki geta fundið nein skyldmenni, þá finnst mèr vera óþarfi fyrir þá, að hafa á móti breytíngu nú, því þá er einmitt tíminn kominn til þess.

Arnljótur Ólafsson: Eg sè, að það var ekki tilgángslaust, að taka sèr það breytíngaratkvæði, að vísa málinu fyrst til biskupsins. Að efninu til er eg nefndinni samdóma, og vona eg, að þíngmenn ekki mótmæli því, að hægðarleikur sè að breyta yfirstjórninni á kristfjárjörðunum. Mönnum er kunnugt, hvers vegna að biskuparnir feingu yfirstjórn yfir slíkum jörðum í katólskri tíð. En um jarðirnar sjálfar eru meiri vandkvæði; ein jörð kann að verða byggð með vissum skilmálum, en svo kann að koma upp gjafarbrèf á eptir, er sýnir, að hún hafi verið lögð einhverjum í ættinni, eins og verið mun hafa um flestar þessar jarðir. Stundum er líka gefið kristsfè, en ekki jarðagóss, eins og eg veit dæmi til í Húnavatnssýslu. Það er því rètt, sem hinn heiðraði þíngmaður úr Norður-Þíngeyjarsýslu sagði, að þegar hvorki er ættin til nè gjafabrèf, þá getur ekki verið talað um, að raska gjöfinni. Nefndin fór líka svo varlega í þetta, sem unnt var, þar sem hún tiltók ei aðrar jarðir en þær, sem eingin

gjafabrèf eru til um, og eingin líkindi eru til, að þau verði grafin upp. Málið hlýtur því að geta náð tilgángi sínum, þegar eingu er raskað, yfirstjórninni má ætíð breyta, fyrst katólska er liðin úr landi, og hagnaður sá, er ættíngjum kann að hafa verið veittur í gjafabrèfinu, hlýtur og að falla burt, fyrst einginn veit framar deili á þeim, enda er eigi hægt, að finna lögheimild manna að þessum hagnaði, fyrst eingin gjafabrèf eru framar til, en það álít eg sjálfsagt, að sveitarstjórnirnar hafi yfirstjórn jarðanna á hendi, eins og á öðru fátækra-fè.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þó ekki sè gjafabrèf til, þá er alkunnugt, að skjöl eru til um sumar kristfjárjarðir, svo sem t. a. m. um kristsfè í Austfirðíngafjórðúngi í Wilchins máldagabók.

Framsögumaður: Konúngsbrèfið af 1766 breytir þó að minnsta kosti í vissu tilliti meðferðinni á Arnheiðarstöðum; eg tek þetta til dæmis um, að öll breytíng hèr að lútandi sè varla óleyfileg.

Ásgeir Einarsson: Þó eg sè nefndarmaður, þá hefi eg leingi ekki talað í þessu máli. Eg er í efa um, hvort augnamiði gjafarans verður framgeingt, eins og nú stendur, því nú hafa 2 gagn af kristfjárjörðunni, sveitarómaginn og ábúandinn. Hvor skyldi þá standa nær, að eiga tilkall til að hafa gott af jörðinni, ómaginn eða ábúandinn? Eg fyrir mitt leyti skil ekki, að ábúandinn eigi rètt til þess, ef hann er ekki í ætt gjafarans. Hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að stjórnin væri varkár, að breyta gömlum tilskipunum, þá ætla eg á móti því, að minna hann á Thorckeliisjóð og kollektusjóðinn, en lambarusl og skorpin skinn skrifa eg ekki í þennan reikníng og annað fleira, og fer ekki um þetta fleiri orðum.

Framsögumaður: Það er og eitt, sem athugandi er, að jarðirnar halda að vísu enn sömu nöfnum sem þá, er þær voru gefnar, en eru nú orðnar allt aðrar jarðir að gæðum fyrir endurbætur, má ske þrígildar eða meira.

Þórður Jónassen: Eg skal leyfa mèr, út af orðum hins heiðraða fulltrúa, sem nú settist niður, að eg hefði sagt, að stjórnin væri ætíð varkár með, að breyta gömlum *privat*-manna stofnunum, sem hann vill vefeingja sè rètt, einúngis segja honum það, að sè stjórnin ekki varkár í þessu efni, þá á hún þó að vera það. Að út af kunni að hafa brugðið, skal eg ekki þræta, en þó vil eg leyfa mèr að minna hinn heiðraða fulltrúa á það, sem mælt er: dæmin upplýsa, en sanna ekki.

Pètur Pètursson: Ef eg held mèr til kristfjárjarðanna í Múlasýslum, þá er eg ekki svo kunnugur þeim, að eg geti haft meiníng um, hvort ábatameira sè, eins og afgjaldið nú er, eða eptir því sem nefndin stíngur upp á. Eg er í efa um, hvort ábatameira muni vera fyrir sveitarsjóðinn; því eptir því, sem sagt hefir verið, tóku hinir fyrverandi biskupar af leiguliðanum festu til jarðanna, auk þess sem hann hèlt ómagann, og þá er vel aðgætandi, hvort ómagahaldið og festan til samans verður ekki eins mikið til samans, eins og að breyta afgjaldinu eptir uppástúngu nefndarinnar. Sè þetta ei ábatameira, þá sè eg einga ástæðu til breytíngar.

Framsögumaður: Það er ekki hægt, að sýna með reikníngsdæmi, hvort festa og ómagahald samanlagt jafnaðist við sanngjarna árlega landskuld, því bæði þyrfti maður til þess að vita, hvað há festan væri, og hvað leingi bóndinn mundi lifa. Umráðamaður getur byggt náúnga sínum með lítilli festu, öðrum óviðkomandi með mikilli, og deyi maðurinn eptir 1 ár, væri ósanngjarnt, að hann hefði borgað háa festu.

Pètur Pètursson: Það væri því meiri hagur fyrir sveitarsjóðinn, ef hann deyr á næsta ári.

Konúngsfulltrúi: Út af því, er hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður nú sagði, skal eg geta þess, að eg hefi fyrrum samið reikníng yfir það, sem fátækrasjóðurinn tapaði í tekjum við þá núverandi tilhögun, og reiknaðist mèr það vera framt að helmíngi af afgjaldi því, sem kristfjárjarðirnar sanngjarnlega leigðar gæti gefið af sèr. Þessa reikníngs hefi eg nú því miður ekki hjá mèr, en þeir finnast í brèfabókum, sem frá minni tíð liggja við sýsluskjölin í Norður-Múlasýslu.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til máls, þá er undirbúníngsumræðunni hèr með lokið.

Eg ákveð næsta fund á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

---

27. júlí — sautjándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en geingið er til dagskráarinnar, vil eg geta

þess, að mèr er tilkynnt, að til formanns í nefndinni um *kirkjukú-gildin* er kosinn þingmaður Rángvellínga. Eg vil því næst vekja athygli þingmanna að því, og sèr í lagi snúa mjer til hins háttvirta konúngsfulltrúa þar um, að á morgun mun vera hinn síðasti dagur hins lögskipaða þingtíma, en mörg mál enn þá, sum alveg órædd, og sum að eins hálfrædd. Enn þá eru ókomin nefndarálit í 5 konúngsmálunum, en 2 konúngleg mál órædd til lykta; það eru þá 7 konúngsmál, sem ei eru enn útkljáð. Auk þessa eru 12 þjóðmál alveg órædd, og 13 órædd til ályktar, en ókomin nefndarálit í 8 málum. Þá eru alls 13 nefndarálit, sem enn eru ókomin til forseta; 17 mál alveg órædd; 22 mál enn þá órædd til lykta, ósamin í þeim álitsskjöl eða bænarskrár til konúngs, og þó ekki sè haft tillit til þjóðmálanna, af hverjum þó mörg eru mjög mikilvæg, þá er það bezt, að talsvert þarf að leingja þingtímam til þess, að þau 5 merkilegu konúngsmál, sem eptir eru, geti orðið rædd tilhlýðilega vel og leidd til lykta, og vil eg því leyfa mèr að skora á hinn háttvirta konúngsfulltrúa, að hann láti meiníngu sína í ljósi um það, hvort hann geti ekki samkvæmt þeim myndugleika, sem hann híngað til hefir haft og án efa enn þá mun hafa, leingt þingtímann svo nægilega, að hin mikilvægustu mál að minnsta kosti geti orðið rædd til lykta á þessu þíngi, og skal eg að eins bæta því við, að eg get ei sagt, hvað lángan tíma þíngið mundi þurfa, vegna þess að eg veit ekki, hvað málunum líður hjá nefndunum; en ef hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* æskir þess, skal eg skora á formenn nefndanna, að þeir nú gefi skýrslu um það, hvað málunum líði.

Konúngsfulltrúi: Eptir því sem alþíngistilskipunin hefir verið skilin, álít eg þingtímann ekki liðinn á morgun, heldur fyrst hinn síðasta þ. m. Eg hefi lýst því yfir áður, að eg eingan myndugleika hafi frá stjórninni til þess, að leingja þingtímann; en þar eð eg af orðum hins háttvirta *forseta* þykist sjá, að nokkur leingíng muni verða nauðsynleg, hlýt eg, áður en eg lýsi því, hvað eg muni af ráða í þessu efni, að biðja hann að láta mig vita, hvað lángt sè komin á leið hjá nefndunum hin konúnglegu málefni.

Forseti: Eg skal þá leyfa mèr, samkvæmt ósk hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* að skora á formenn nefndanna, einkum í hinum konúnglegu málum, að skýra stuttlega frá því, hve lángt málunum er komið í nefndunum, og hve nær þeir ætli á að nefndarálitin verði búin. Formenn í þeim nefndum eru þessir: í nefndinni um *stofnun barnaskóla í Reykjavík* þingmaður Reykvíkínga; í nefndinni um

endurgjald jarðamatskostnaðarins þingmaður Ráingæinga; í nefndinni um *launaviðbót embættismanna* og í *vegabótamálinu* þingmaður Strandasýslu, og formaður í *jarðamatsmálinu* hinn 4. konúngkjörni þingmaður, og vil eg biðja þessa herra alla að skýra frá því, hvað málunum er nú langt komið, og hve nær menn muni geta átt von á nefndarálitum.

H. Kr. Friðriksson: Sem formaður í *barnaskólamálinu* vil eg samkvæmt áskorun *forseta* geta þess, að það er verið að semja nefndarálitið, og munu ei líða margir dagar, áður en það verður búið, en eg vil um leið geta þess, að þingið hefir lagt fyrir oss mikla örðugleika með því, að fresta ályktarumræðu málsins um *skatt af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík.*

Vilhjálmur Finsen: Sem formaður í jarðamatsnefndinni get eg eptir áskorun *forseta* skýrt frá því, að nefndarálitið verður að líkindum búið á morgun, eða í síðasta lagi hinn daginn; líklegast á morgun, svo það verði framlagt þá.

Ásgeir Einarsson: Þar eg er formaður í nefndinni, sem hefir *vegabótamálið* til meðferðar, þá vil eg fyrst geta þess, að nefndin fékk ekki frumvarpið fyrri en þann 10. júlí; fann nefndin strax á tíðum nefndarfundum, er voru haldnir til þess 15., að málið var mjög örðugt viðfángs, en þá skildist nefndin í tvennt, og hefir meiri hlutinn með iðni og ástundun síðan verið að semja nefndarálit sitt, en minni hlutinn hefir ei getað samið ágreiníngsatkvæðið, vegna þess hann vildi ekki fullgjöra það, fyrri en hann hefði séð álit meiri hlutans, svo hann gæti haft hliðsjón af því. En sem formaður í nefndinni um *laun ýmissa embættismanna* skal eg að eins geta þess, að hinn háttvirti þingmaður Ísfirðínga hefir lofað mèr því, að semja nefndarálitið, og þar eg ætla að nefndin í því máli sè að mestu leyti samþykk, getur þingið átt það víst, að þessi ágæti þingmaður muni ekki láta leingi á því standa.

Jón Pètursson: Álit meira hluta nefndarinnar í *vegabótamálinu* verður búið annaðkveld, en það er ekki enn farið að hreinskrifa það.

Páll Sigurðsson: Eg skal geta þess samkvæmt áskorun hins háttvirta *forseta,* að nefndin í *jarðamats-kostnaðarmálinu* er ekki enn búin með álit sitt, af því nefndarmenn hafa komið sèr saman um, að hafa hliðsjón af jarðamatsnefndinni sjálfri, svo að nefndir þessar ekki skyldi koma í bága hvor við aðra.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þar eð formaðurinn í

nefndinni um *laun embættismanna* gat þess, að eg hefði lofað að semja nefndarálitið í því máli, þá vil eg geta þess, að eg get ekki lofað því svo fljótt, vegna þess að það er svo margt í því máli, sem þarf nákvæmrar rannsóknar við, og eg hefi enn feingið að eins litlar skýrslur, en þarf margar, svo að það getur að líkindum ekki orðið búið fyrri en seinast í næstu viku.

Konúngsfulltrúi: Eptir skýrslu hinna heiðruðu formanna í nefndunum sè eg það, að hin konúnglegu frumvörp verða ekki rædd, nema þíngtíminn verði leingdur, og mun eg því verða að grípa til þess upp á eigin ábyrgð, þó eg eingan myndugleika hafi þar til. En í dag get eg ekki nákvæmlega til tekið daginn, sem þínginu skal slíta. Einasta skal eg geta þess, að þíngtíminn getur eigi orðið mikið leingdur í þetta sinn, vegna þess, að eg strax eptir þínglok er kallaður í póstgaungumálsnefndina, sem líklega verður við störf 14 daga eða 3 vikur, enda þarf eg líka nokkra daga til að senda frá mèr bænarskrár þíngsins til stjórnarinnar, áður en tekið er til starfa póstgaungumálsins. En eg get ekki dregið heimferð mína leingur en til í ágústmánaðarlok. Að öðru leyti vona eg, að hin konúnglegu málefni muni verða fljótt afgreidd, bæði frá nefndunum og þínginu; því þau eru, þegar vegabótamálið er fráskilið, ekki margflókin, svo að þeim má koma af á stuttum tíma.

Forseti: Eg verð fyrir mitt leyti að gjöra mig ánægðan með þetta heiti hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*, þángað til menn fá að heyra og sjá, hvort leingíng sú, sem hann veitir, verður nægileg. En þó að eg vilji gjöra allt til þess, að alþíngiskostnaðurinn aukist sem minnst að orðið getur fyrir óþarflega leingíngu þíngtímans, sem eg einnig veit að er vilji allra þíngmanna, og þó að eg finni, eins og hver annar, hve ískyggilegt þetta er, einkum í þeim vandræðum, sem nú eru í aðsigi yfir allt land, þá vil eg að eins vekja athygli hans og allra landsmanna að þeim hnekki og fjarskalega kostnaðarauka, sem af því hlyti að leiða, bæði fyrir þíngið og landið, ef að því kæmi, að ýms mikilvæg mál, sem hafa verið tekin til meðferðar í nefndir á þessu þíngi, og rètt að segja yrði búin, yrði nú út undan, albúin að mestu, fyrir það að 2—3 daga frekari leingíng þíngtímans feingist ekki, sú er þyrfti til að út kljá málin, og yrði svo að byrja öll þau mál frá stofni á næsta þíngi; mundi af þessu leiða svo margfalt meiri kostnaðarauki fyrir landið, að eingum samjöfnuði byði við þann kostnað, er leiddi nú af fárra daga frekari leingíngu. Það eru nú settar nefndir í 29 málum, og þó að þíngtímann yrði nú að leingja

til miðs næsta mánaðar, þá væri þetta eigi meira, en að svo teldist til, að þetta fáskipaða þing hefði varið að meðaltali að eins $1\frac{1}{2}$ degi til allrar meðferðar hvers af málum þessum; og er þetta svo lítill tími, og svo mikil verk, er þingið þar með feingi af kastað, að vart mun vera dæmi til þess á nokkru þingi, að svo miklu sè af kastað á jafnstuttum tíma (heyrið!), og má mönnum þá þykja vel að verið. Eptir því sem málunum er nú komið, gjöri eg ráð fyrir, að muni nægja, að leingja þingtímann í þetta skipti til 13. ágústmán., en ekki minna; með þeirri leingingu verð eg að álíta, að öll þessi 29 mál yrði alveg leidd til lykta, og í nokkurn veginn lagi, og væri þá miklu af kastað, þar sem þá væri eigi varið til hvers máls nema $1\frac{1}{2}$ degi. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að fè það, sem í fjáhagslögunum er ætlað til alþingis, ekki muni hrökkva til, ef svona yrði leingdur þingtíminn, þá verð eg líka að álíta, að svo mundi verða, því þess ber vel að gæta, að í þeim 10,000 rdd, sem til alþingis eru ætlaðir í fjárhagslögunum, eru einnig fólgin laun *konúngsfulltrúa*, svo að til sjálfs þinghaldsins eru þar að eins ætlaðir milli 8 og 9000 rdd. · Eg hefi fyrir laungu hugsað mèr, að þetta gæti að borið, og þó eg geti ekki með fullri vissu sagt það, hefi eg þó nokkurn veginn vissu fyrir mèr af viðtali þar um við hlutaðeigendur, að eigi mun verða synjað um útborgun í þarfir alþingis, þó á nokkru meira fè þyrfti að halda, heldur en áskilið er í fjárhagslögunum; það getur aldrei numið miklu, sem fram yfir þyrfti, þó að þingið yrði leingt fram til miðs næsta mánaðar. Enda hefi eg líka ætlað mèr að skrifa til hlutaðeigandi ráðgjafa um það, að fjáruppbót feingist, t. d. til að greiða kostnað prentunar alþingistíðindanna, sem að er eitt hið síðasta af alþingiskostnaðinum, svo að þessleiðis störf í þarfir alþingis yrði eigi hindruð, af því að búið yrði að útborga það fè, sem til alþingis hefði verið ætlað í fjárhagslögunum.

Konúngsfulltrúi: Eg vona, að hinir heiðruðu þingmenn kannist við, að eg að undanförnu hefi lagað mig eptir þeim; eg vona þess vegna, að þeir einnig muni laga sig eptir mèr, og flýti því eptir megni hinum konúnglegu málefnum.

Forseti: Vèr gaungum þá til dagskráarinnar, og er þá fyrst til undirbúníngsumræðu nefndarálit um *stofnun lagaskóla á Íslandi; framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður úr Reykjavík.

Var nefndarálitið síðan afhent *framsögumanni*, þingmanni Reykvíkinga, er las það upp svo látandi:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að íhuga og kveða upp álit vort um bænarskrá frá 16 vísindamönnum í Kaupmannahöfn, þess efnis, að 15. grein í tilskipun 26. dag janúarm. 1821 verði úr lögum numin, að því leyti sem hún kveður svo á, að „danskir júristar", sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, en að stofnaður yrði kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðíngum, og mætti þeir, er embættispróf tæki í skóla þessum, og reyndust til þess hæfir öðlast rètt til lögfræðíngaembætta hèr á landi, og að kostnaðurinn til skólans mætti greiðast úr ríkissjóði, eða fáist það ekki, leggjast á landið á þann hátt, sem alþíngi þætti bezt henta, og leyfum vèr oss, að kveða upp álit vort um þetta mál, og er það það, sem nú skal greina.

Eins og hinu heiðraða alþíngi er kunnugt, hefir þíngið tvívegis áður, bæði 1855 og 1857, sent konúngi vorum allraþegnsamlegasta bænarskrá um mál þetta, en þeirri bæn þíngsins hefir verið synjað í hvorttveggja skiptið, og nú á þessu þíngi hefir hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skýrt þínginu frá ástæðum þeim, er stjórnin hefir til synjunarinnar; og er þá auðvitað, að henni virðast eigi enn þá komnar fram nógu gildar ástæður, til að veita bænina, en oss nefndarmönnum virðist ástæða til vera, að alþíngi ánýi bæn sína, í trausti þess, að konúngur allramildilegast líti á ástæðurnar, með því vèr getum eigi sèð, að ástæðurnar fyrir synjuninni eigi við svo óræk rök að styðjast, að alþíngi sökum þeirra eigi að hætta við mál þetta.

Vèr skulum að eins með fám orðum leyfa oss, að taka upp ástæðurnar fyrir bæninni, og er það þá fyrst, að Íslendíngar eigi njóta jafnrèttis við samþegna sína í Danmörku, þar sem „danskir júristar", sem svo eru kallaðir, geta orðið, og einatt verða sýslumenn og dómarar á Íslandi, en sem þeir þó eigi geta orðið í Danmörku, og nú sem stendur eru 5 slíkir sýslumenn hèr á landi, og enda þótt að danskir „júristar" kunni að hafa næga lagaþekkíngu í sjálfu sèr, til að gegna sýslumannsstörfum hèr á landi, þá er þó það, að löggjöfin eigi heimtar af þeim neina almenna vísindalega menntun, og er hún þó ávallt nauðsynleg hverjum embættismanni, og þar sem nú stjórnin tekur það fram, að fyrir nokkrum árum hafi orðið að skipa „danska júrista" í nokkrar hinar lakari sýslur á Íslandi, sökum þess að svo mikill skortur hafi verið á latínskum lögfræðíngum, en nú lesi eigi færri, en 20 íslenzkir stúdentar undir fullkomið lærdómspróf við háskólann, og því sè eingin óttavon, að latínska lögfræðínga muni skorta, þá virðist oss þetta ónóg ástæða; því að hafi skort

á latínskum lögfræðíngum áður að borið, þá getur hann og sannlega að borið enn, því að hvorki er það víst, að allir þeir 20, sem nú lesa lög við háskólann, ef þeir annars eru svo margir, sem margir eru þángað nýkomnir, nokkru sinni taki embættispróf í lögum, og því óvísara er það, að framvegis muni eins margir fara til háskólans í Kaupmannahöfn, og farið hafa hin síðustu árin; þvert á móti má telja það víst, að þeir muni fækka aptur; enda liggur það í augum uppi, að áraskipti hljóta að verða að þessu, eins hèr eptir og hingað til, og þrátt fyrir þenna fjölda, sem stjórnin telur að nú lesi lög við háskólann, þá er nú þó svo ástatt, að fari einhver sýslumaður frá embætti sínu, eða fatlist upp á einhvern hátt, þá er sem stendur einginn embættislaus lögfræðíngur, er skipaður verði í það embætti.

Það verður því naumast við því búizt, að ávallt fáist nógir latínskir lögfræðíngar, er geingið hafi undir lærdómspróf við háskólann, í öll lögfræðíngaembætti hèr á landi, og því verður hið eina ráðið, að vorri hyggju, að stofna kennsluskóla handa lögfræðíngaefnum hèr í Reykjavík, eigi Íslendíngar ekki við og við að fá hina „dönsku júrista“ til sýslumanna hèr á landi, sem reynslan hefir sýnt að verða stundum þeir, er einga vísindalega undirbúníngsmenntun hafa feingið, og auk þess bera mjög lítið skynbragð á þann hluta laganna, er þeim ríður mest á, til að geta gegnt embætti sínu, sem vera ber, en það er hinn íslenzki rèttur og landslög, og opt og einatt hefir það við borið, að svo mikill skortur hefir verið á lögfræðíngum hèr á landi, að amtmenn hafa orðið að setja bændur, ólöglesna með öllu, til að gegna sýslumannastörfum.

Þar sem stjórnin ætlar, að kennslan í slíkum skóla mundi verða einstreingíngsleg, og ekki fylgja tímanum, og eins mundi menn þar um of fást við hinn íslenzka rètt, en ekki nægilega leggja stund á hina almennu rèttarútlistun eða framför, þá getum vèr eigi leitt hjá oss, að svara þessu á þá leið, að oss virðist, að kennararnir við kennsluskóla hèr í Reykjavík þurfi alls eigi að verða einstreingíngslegri eða rígbundnari við skoðun sína, en kennararnir við háskólann í Kaupmannahöfn; því að þeir geta feingið nóg færi á því, að kynna sèr skoðanir annara lögfræðínga, og hverjum framförum rèttarútlistunin tekur yfir höfnð; og vèr getum alls eigi viðurkennt, að vèr Íslendíngar eigi getum feingið þá lögfræðínga, er sè öllum þeim hæfilegleikum búnir, er staða þeirra af þeim heimtar, sem kennurum fyrir þetta land. Einginn getur heldur sagt fyrir víst, að þeir,

sem í skólann geingi, mundi eigi leggja nægilega stund á hina almennu rèttarútlistun, en einúngis fást við íslenzkan rètt sèrstaklega; slíkt yrði með öllu komið undir vísindalaungun og hugsunarhætti hvers eins hjer á landi, eins og í öðrum löndum, en auk þess ber þess að gæta, að þeir, sem í skólann geingi, ætti að verða embættismenn á Íslandi, en eigi í Danmörku, og hvað þurfa eða ætti þeir þá fremur að leggja stund á, en þau lögin, er þeir eiga að dæma eptir? Enda er það eigi hin yfirgripsmeiri og vísindalega lagaþekking, sem lögfræðíngar kunna að fá við Kaupmannahafnarháskóla, sem eingaungu gjörir embættismanninn duglegan í stöðu sinni; og höfum vèr Íslendíngar þess mörg dæmi, bæði að fornu og nýju, að margir hinna merkustu og ötulustu embættismanna vorra hafa aldrei farið hèðan af landi; sömuleiðis hafa vísindamenn þeir verið hèr á landi ósigldir, er eigi hafa staðið á baki þeim, er lesið hafa við Kaupmannahafnarháskóla. Að færri muni sigla, til að lesa lög við Kaupmannahafnarháskóla, getur reyndar verið, þótt það sè óvíst, en það er að minnsta kosti eingin ástæða til að halda, að eigi muni svo margir sigla, að ávallt sè nóg í hin æðri embætti, og hinar betri sýslurnar, og þótt sýslumannaembættin sum sè tekjumeiri, en t. a m. yfirdómaraembættin, þá getur það eingin ástæða verið fyrir því, að lagaskóli hèr á Íslandi verði eigi stofnaður, heldur einúngis til þess, að rífga svo laun yfirdómaranna og hinna æðri embættismanna, að þeir eigi sæki frá þeim um sýslur, svo að menn sjái, að lesi þeir lög við Kaupmannahafnarháskóla, geti þeir feingið lífvænleg embætti hèr á landi, þar sem hin föstu launin geti bætt þeim upp kostnaðinn, sem þeir hafa til undirbúníngs undir embættin.

Þá verðum vèr og að telja það víst, að stofnun þessa lögfræðíngaskóla hèr í Reykjavík verði mikil hvöt fyrir landsmenn, að setja syni sína til mennta. Nú sem stendur eru þeir naumast 40, er læra í hinum lærða skóla hèr, og það virðist svo, sem þeir fremur fækki en fjölgi, er í skólann koma, og eina aðalorsökina til þess verðum vèr að telja það, að landsmenn eigi sjá sèr kleyft, fyrst að kosta syni sína í skóla 6 ár, auk undirbúníngs, og síðan við Kaupmannahafnarháskóla í önnur 6 ár, eða þaðan af leingur. Aptur á móti mundi miklu fleiri koma í skóla, ef þeir sæi, að þeir eptir svo sem 3 ár, eða yfir höfuð ákveðinn tíma, eptir að þeir hefði lokið við skólalærdóm sinn, gæti verið búnir að taka embættispróf hèr á landi.

Þegar um kostnaðinn skal tala, getum vèr eigi sèð, að hann

þurfi meiri að verða, en alþingi taldi 1857, eða hèr um bil 2250 rdd., eða í hæsta lagi 2500, enda hefir stjórnin í ástæðum sínum fyrir synjuninni alls eigi sýnt fram á, að hann þurfi meiri að verða.

Það er eigi hægt fyrir oss nú sem stendur, að vísa á neinn sèrstakan sjóð til stofnunar skóla þessum. Vèr þykjumst reyndar sannfærðir um, að Íslendíngar mundi fúsir á, að gjalda fè það, er til þessa lögfræðíngaskóla geingi, en nú sem stendur þorum vèr eigi að leggja það til, að nú þegar verði þessi kostnaður lagður á landsbúa, einkum meðan eigi er útsèð um, hversu fljótt þeir rètta við aptur eptir fjárfellinn og hinn harða síðasta vetur, og vonum því fastlega, að konúngur vor muni allramildilegast veita þetta fè úr ríkissjóðnum; en sè þess enginn kostur, að ríkissjóðurinn taki kostnaðinn að sèr fyrir fullt og fast, að hann þó verði greiddur úr ríkissjóðnum fyrst um sinn, þángað til að frumvarp verði lagt fyrir alþíngi um það, hvernig landið sjálft skuli greiða kostnað þenna.

Af ástæðum þeim, sem þegar eru greindar, verðum vèr að ráða hinu heiðraða alþíngi til, að biðja konúng vorn um:

1. *Að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðíngaefnum, er áður hafi lokið burtfararprófi við lærðan skóla, og taki þeir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla penna, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimsspekilegri lögfræði og íslenzkum lögum og rètti.*
2. *Að lögfræðíngar þeir, sem tæki embættispróf í skóla þessum, mætti öðlast rètt til lögfræðíngaembætta hèr á landi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þykir.*
3. *Að kostnaðurinn til lögfræðíngaskóla þessa mætti verða greiddur úr ríkissjóðnum, en fáist það ekki, að hann þó fyrst um sinn mætti verða greiddur úr ríkissjóðnum, en á sínum tíma verði lagt frumvarp fyrir alþíngi um það, hvernig landið sjálft gæti greitt kostnaðinn.*
4. *Að jafnframt stofnun skóla þessa verði 15. grein í tilsk. 26. d. janúarm. 1821 úr lögum numin, að svo miklu leyti hún kveður svo á, að hinir „dönsku júristar“, sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo að sýslumannaembættin hèr á landi eptir það eigi verði veitt neinum þeim, sem les að eins dönsk lög.*

Reykjavík, 23. dag júlím. 1859.

Jón Hjaltalín, formaður. *H. Kr. Friðriksson,* framsögumaður. *H. G. Thordersen“.*

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Mál þetta hefir verið tvisvar áður rætt hèr á þíngi, og þykir mèr því óþarfi að sinni að tala mikið um það eða færa fram frekari ástæður með því, en þær, sem teknar eru fram í nefndarálitinu. Eg vona, að þíngmenn sè nefndinni samdóma í því, að það sè nauðsyn á því, að stofna lagaskóla hèr á landi, og að það sè ekki að eins nauðsynlegt til þess, að fá hæfa menn í embættin, heldur einnig, að það er hin mesta stoð og stytta fyrir menntun landsins yfir höfuð og framfarir, og vona eg því, að mótbárur komi eigi margar frá þíngmönnum á móti þessu máli.

Guðmundur Brandsson: Það er enginn efi á því, að margir þíngmanna muni álíta, að nauðsyn sè á lagaskóla, af því að æskilegast og bezt er, að öll menntum sè innlend og dragist inn í landið; þetta held eg nú líka; en eg held einnig, að því verði varla komið við, að stofna þenna skóla nú þegar, þar sem svo margir skólar aðrir eru á prjónunum, svo sem barnaskóli, búnaðarskóli, sjómannaskóli, og eg býst við læknaskóli, og eg get ei sèð, hvaðan borga ætti þann kostnað, sem með skólunum fylgdi, en þegar menn tala um að stofna skóla, verða menn líka að tala um kostnaðinn við þá. Menn hafa tekið það fram sem ástæðu með lagaskólanum, að orsökin til þess, að svo fáir lærði í latínuskólanum, sè sú, að þeir feður, sem efni hefði til að láta mennta syni sína, ekki geti komið sonum sínum í innlendan lagaskóla, þegar veru þeirra væri lokið í latínuskólanum; en eg hefi sèð í blöðunum taldar aðrar orsakir til þess, svo sem að erfitt er, að komast inn í skólann vegna ýmislegra orsaka, svo sem kostnaðar og tilhögunar á undirbúníngskennslunni, með fleiru, og virðist mèr þá liggja næst, að endurbæta latínuskólann, áður en menn færi að biðja um lagaskóla. Eg get þessa að eins af því, að nefndin hefir sett latínuskólann í samband við lagaskólann, en ætla ei að tala meir um það. Við inngángsumræðu þessa máls reiknaði hinn 1. konúngkjörni þíngmaður það út, hvað margir mundi geta geingið í þenna skóla, og taldist honum svo til, að það mundi verða $1\frac{1}{2}$ á ári, þegar skipta ætti stúdentum þeim, sem árlega útskrifast, milli prestaskólans og lagaskólans, og ef nú líka kæmist á læknaskóli, þá yrði enn þá færri í hlut. Síðari hluti 3. niðurlagsatriðisins um það, að kostnaðurinn verði lagður á landið, býður ei svara, eins og nú standa sakir, því eg sè ekki, hvernig þíngmenn í sömu andránni geta beðið stjórnina um styrk í hallæri, og undir eins um það, að leggja ný gjöld á landið. Þess vegna vil

eg, að þessu máli sè frestað að sinni; rèttur landsmanna til þess, að ámálga það síðar við stjórnina, þarf ei að spillast við það, og meðvitund landsmanna um nauðsyn lagaskólans geymist til hentugri tíma, til þess að fá máli þessu framgeingt.

Jón Hjaltalín: Eg vil að eins svara mótbárum þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, því þær eru af þeirri náttúru, að það má brúka þær til þess, að hnekkja öllum framförum hjá oss; já, það má brúka þær til meira, til *apturfarar,* og er ekki gott, að koma með slíkar mótbárur á þíngi. Hann talar um, að bágt sè í ári, en er það okkur að kenna? vèr eigum að bæta úr því, og einkum fyrirbyggja, að vèr verðum sjálfir orsök í því. Eg get ekki fallizt á þenna þánka, að eingu verði til vegar komið hèr á landi vegna peníngaskorts, þar sem eg heyri útlenda menn segja, og hefi lesið það í riti *Schleisners,* að Íslendíngar eptir fólksmergð sinni vinni meir úr náttúrunnar skauti, en jafnmikil fólkstala í Danmörku; þetta er nú sannað; hvernig stendur þá á því, að þjóðin ei getur öðlazt þá menntun, sem allur heimurinn álítur nauðsynlega? Eg veit, að þíngmaður Gullbríngusýslu muni klíngja með gömlu bjöllunni, og segja, að það sè harðindunum að kenna, en eg segi: nei; það er nokkurs konar innlendu stjórnleysi og fyrirkomulagsleysi ýmissa mála hèr að kenna, að vèr ekki komumst á fram, þegar vèr, eins og síður er um allan heim, ei getum notið sælgætis lífsins, og þess, sem þarf til sómasamlegs viðurhalds þess, þá kemur það af því, að við borgum of lítinn skatt, og jafnvel eingan skatt af því, sem eigi heyrir til lífsnauðsynja, því ef vèr borguðum skatt, eins og aðrar þjóðir, gætum vèr haft tvöfalt meira fè, en þarf til að kosta allar þær stofnanir, sem hafa komið til umtals hèr á þíngi. Mótbáran móti máli þessu, sem dregin er af kostnaðinum, kemur af hinu sama, nefnilega því, að menn ímynda sèr ómögulegt, að hèr geti með sameiginlegum kröptum safnazt býsna-mikið fè í sjóði, en hvað mikið fè yrði það ekki, ef borga ætti 1 mark af hverjum pott af brennivíni því, sem drykkjurútarnir drekka, sem eru að kútveltast um göturnar? Hversu mikið fè yrði það ekki, ef goldið væri 1 mark af hverju tóbakspundi af því tóbaki, sem menn eru að troða upp í nefið á sèr, eða ef $^1/_4$ sk. yrði lagður á hvern *cigar,* sem við erum að reykja? Eg vona, að hver þíngmaður, sem vill hugsa út í þetta með greind og eptirtekt, geti sèð, að oss vantar peninga, af því við viljum ekki borga skatta, af því vèr viljum ei gefa *neitt* til *neins.* Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu gat þess líka, að þyrfti að endurbæta latínu-

skólann, þar annars mundi vanta stúdenta í lagaskólann, en eg held, að það sè ekki skólanum sjálfum að kenna, að lærisveinar fækka í honum, því eg álít hann nú svo góðan, að hann muni aldrei fyr hafa verið betri; en eg held, að orsökin til fækkunarinnar sè sú, að menn ekki sjá sèr fært að standast þann kostnað, er af því flýtur, að verða að ljúka við menntun sína við Kaupmannahafnar-háskóla. Þessi orsök færi, ef menntunin feingist hèr í landi, og þarf alls ekki að umbreyta latínuskólanum þess vegna, því fleiri mundi sækja hann, ef hinir skólarnir kæmist á, og mætti vel koma kennslu skólanna svo fyrir, að það ekki yrði mikill kostnaður við það. Menn hafa fundið það ísjárvert, að hafa hèr prestaskóla, lagaskóla og læknaskóla, og vil eg segja það, að eg vildi helzt hafa einn skóla, er innibyndi í sèr alla þá menntun, sem nauðsyn er á hèr á landi. En fyr en það er sannað, hvað við getum gefið til mennta, á einginn að láta sèr koma til hugar, að vèr getum ekki feingið nauðsynlega menntun hèr á landi; og eg vil óska þess, að danska stjórnin ekki hugsi, að það sè óumflýjanlegt, að við þurfum að fara til Hafnar, til þess að fá menntun, því það gæti þá komið fyrir, að hún mót vilja sínum sæi oss sem menn á áralausum bát, ef við á móti hennar og okkar vilja losuðumst við Danmörku, og hvar ættum við þá að fá menntun, ef eingin menntun væri í landinu sjálfu? og það gæti þó vel að því komið, að við skildumst frá Danmörku nauðugir viljugir. Það er ekki langt síðan, að við því lá í hinu síðasta *evropæiska* stríði. Nú er komið annað líkt *evropæiskt* stríð, og þegar annað eins geingur á og fyrir 50 árum, þá er bágt fyrir litla þjóð, að sjá, hvernig fyrir henni muni fara, eða hve nær að því komi, að hún verði að slítast úr því sambandi, er hún nú er í, og er því bezt að vèr sèum sem bezt undirbúnir. Hallærið er ekki það, sem okkur er verst, heldur fyrirkomulag ýmissa hluta hèr. Menntun er nauðsynleg fyrir allar þjóðir, og þar af ályktа eg, að menntastiptanirnar sè einnig ómissandi, og svo leingi sem vèr þurfum presta, lagamenn og lækna, þurfum vèr líka skóla, hvar menn þessir geti menntazt. Þetta mun stjórnin og fallast á, þegar mál þetta er borið fram fyrir hana með góðum og gildum rökum, samt hógværð og stillíngu, eins og vera ber.

Sveinn Skúlason: Eg ætla nú ekki að halda lángan kapítula, heldur að eins geta þess, að eg er samþykkur nefndarálitinu yfir höfuð, og einnig í mörgu hinum 6. konúngkjörna þíngmanni, einkum í því, að nóg fè sè til, ef það væri tekið á rèttum stað, af

heimskunni og óþarfanum; en eg er honum ekki samdóma í því, að einn skóli sè eins góður og fleiri smáskólar, því eg ætla, að þess konar háskóli mundi aptur á mót verða of dýr og bera oss ofurliða. Þíngmenn mega ei of mjög festa augun á því, þó nú sè hart í ári, því það þarf ekki að vera svo í mörg ár, og getur verið og er vonandi, að það verði farið, áður en skóli þessi verður stofnaður; menn mega ekki láta bágar kríngumstæður, sem að eins eru um stund, hepta bænir sínar um þær stofnanir, sem eiga að standa um aldur og æfi. Það er eitt atriði af því, sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, sem enn þá er ósvarað, og það er um örðugleikana á því, að búa sig undir skóla, og er það satt, að það er bæði dýrt og örðugt að búa sig undir skóla nú orðið. Það, sem að er í þessu, er það, að skólareglugjörðin er mjög óhentug, og eg álít það henni fremur að kenna, að piltar fækka í skóla, en stjórninni á skólanum, því það er eðlilegt, að reglugjörðinni sè fylgt, meðan hún stendur; en nú er þessi fækkun pilta í skóla höfð sem keyri á lagaskólann, og kynni því að vera ástæða til þess, að breyta fyrirkomulagi lærða skólans, og gjöra mönnum greiðari og ódýrari veginn til þeirrar undirbúníngsmenntunar, er þar fæst; en fyrst það er nú ekki komið í kríng, þá vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá átt, að það ei sè gjört að beinlínis skilyrði við það, að mega njóta kennslu við lagaskólann, að menn áður hafi geingið undir burtfararpróf við hinn lærða skóla, og tekið próf í forspjallsvísindum, því það getur orðið til mikils góðs, að úngir efnilegir bændasynir og jarðeigendur feingi nokkra lagamenntun, svo þeir t. a. m. gæti orðið settir í sýslumanns stað í viðlögum. Það gæti og verið gott fyrir þá, er umboðsmenn vildi verða og fleiri.

Guðmundur Brandsson: Mèr fannst hinn 6. konúngkjörni þíngmaður vera að berjast við sjálfan sig, og virtist mèr hann byrja þar á höfðinu, sem hann átti að byrja á fótunum. Hann skildi mig svo, sem eg væri á móti þessu máli, en hann gat heyrt það, að eg er ekki á móti málinu sjálfu, þó eg hèldi, að kríngumstæðurnar núna væri öðruvísi en svo, að landið væri fært um nýja skattaálögu. Hann talaði líka mest um það, hvað við ættum að vera, en ekki um það, hvað við erum, en eg ætla ekki í þetta sinn að elta hann niður í allar brennivínstunnurnar og í tóbaksdósirnar og sígarakassana, sem hann var að tala um. Það gat verið sèrstakt tollspursmál, en það liggur ekki fyrir að tala um það núna; en hann sannaði einmitt með þessari tölu sinni, að þessi tollur ætti að vera kominn á,

áður en lagaskólinn yrði stofnaður, svo vèr hefðum á eitthvert fè að vísa. Þá fór hann líka að vitna til *Schleisners*, og þótti mèr það mikið, að hann í þessu skyldi vera honum samdóma, því mèr fannst hann vera á allt öðru máli en *Schleisner* í læknaskólamálinu. Hann kenndi því um, að svo fáir væri í skóla, að ekki væri læknaskóli; blöðin hafa samt sýnt það, að hætt sè við, að muni koma til að vanta prestaefni, ef sama stefna, sem nú er, haldist með latínuskólann, og þarf ekki að kenna því um, að ekki sè til prestaskóli; fellur því þessi ástæða hans af sjálfu sèr. Þingmaður Norður-Þingeyínga fór í sömu stefnu og eg í mörgu tilliti, og felli eg mig vel við þann kafla af ræðu hans; en þar sem hann sagði, að harðrètti ætti ekki að hepta skynsamar bænir vorar, þá játa eg því að vísu, en bæti því þó við, að kapp er bezt með forsjá.

Ólafur Jónsson: Mèr hefir ætíð þótt þetta mál mikið vandamál; eg hefi ei verið í efa um það, að það sè nauðsynlegt og æskilegt, að fá menntun alla inn í landið, heldur um það, hvort augnamiðið, að útbreiða lagamenntun í landinu, feingist með þessu. Eg hefi nefnilega verið að hugsa um það, hvort skólinn mundi geta staðizt vegna þess, að nógir geingi á hann, og hefi eg borið kvíðboga fyrir því vegna þess, að embættin eru svo fá, að hann stundum mundi verða að standa í auðn, því ef aðrir ekki feingi aðgáng að skólanum, heldur en þeir, sem tekið hefði burtfararpróf við lærðan skóla, þá held eg, að ekki mundi aðrir gánga á hann, heldur en þeir, sem hefði von um, að fá embætti, en nú vita allir, að þessi fáu *jurista*-embætti á landinu eru svo fá, að þau eru ekki leingi að fyllast; vildi eg því, til þess þetta ekki bæri að, að fleirum væri gefinn kostur á, að fá lagamenntun við skólann, af því að það væri mjög æskilegt, að lagamenntun útbreiddist um landið, og vildi eg því taka breytíngaratkvæði í sömu átt og þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu, sem viðauka við 2. grein, að öllum efnilegum piltum væri veittur aðgángur að þessum skóla, og sèð um, að þeir feingi þar svo mikla menntun, að þeir geti flutt mál í hèruðum, því eg geing vakandi að því, að þingið muni biðja um skóla þenna.

Jón Hjaltalín: Þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu misskildi mig áðan. Eg var ekki að bera *Schleisner* saman við lagaskólann, en hann hefir tekið það vel fram, og eg bar hann fyrir því, hversu mikið meir að Íslendíngar ynni úr jarðarinnar skauti að tiltölu en Danir, en eg var ei að bera hann saman við lagaskólann. Hann sagði líka, að eg hefði byrjað á öfuga endanum, og er þá bezt að

láta það bíða, þángað til hann hefir sèð niður í brennivínstunnurnar; annars hefði eg ei haft á móti því, að þegar verzlunarlögin voru gefin, þá hefði verið lagður tollur á ýmsan óþarfa; annars er það ekki svo vitlaust, að hugsa um það, hvað eigi að gjöra, áður en menn fara að tala um kostnaðinn. Þegar við fyrst vitum, til hvers við þurfum peninga, þá getum við betur sèð, hvað mikinn toll við þurfum að leggja á, og finnst mèr því eg hafi byrjað fremur á rètta en ránga endanum.

Framsögumaður: Eg ætla að eins að svara þíngmanni Húnvetníng og þíngmanni Norður-Þíngeyínga fáu. Eg álít, að nefndin hafi eigi neitt á móti breytíngaratkvæði þeirra í sjálfu sèr, því að nefndin áleit það sjálfsagt, að allir ætti að geta feingið tilsögn á honum, sem óska þess; en þar það heyrir til fyrirkomulags skólans, virðist mèr, að það geti að eins komið til greina sem bendíng til stjórnarinnar um það, hvernig þíngið óski að skólanum sè fyrirkomið, og hefi eg ekkert á móti því, að það sje sett sem þendíngaratriði. Þíngmennirnir úr Gullbríngusýslu og Norður-Þíngeyjarsýslu töluðu um þann örðugleika, sem á því væri, að komast inn í latínuskólann, og orsakirnar til þess, að svo fáir kæmi í hann; en eg ætla að leiða það fram hjá mèr, að tala um það í þetta sinn, af því það liggur hèr ei fyrir, enda þótt eg þykist líka geta gefið atkvæði í því efni; en eg vil að eins geta þess, að eg er ei alveg samdóma blöðunum um orsakirnar til þess, hvað fáir eru í skóla; þær eru sumar rèttar, og sumar vissulega miður rèttar. Um kostnaðinn stakk nefndin upp á, að hann skyldi taka úr ríkissjóðnum, en að hann ekki væri lagður á landið fyrst um sinn; en þegar frumvarpið kemur, þá er tími til að tala um, hvort vèr erum færir um, að greiða kostnaðinn. Ekki get eg heldur fundið ástæðu til þess, að hafna bæninni um lagaskólann af því, að hart sè í ári, eins og þíngmaður Gullbríngusýslu fór fram á; það er opt víðar hart í ári en á Íslandi, og er þó eigi hætt við allar menntunarstofnanir; og að eg taki eitt dæmi, þá er einatt hart í ári í Noregi, og sleppa þó Norðmenn ei fyrir það hendinni af skólum sínum. Það er reyndar satt, að menntunin bætir eigi árgæzkuna, en menntunin gjörir sitt til þess, að harðærið hefir minni áhrif á efnahag manna. Eg veit ekki, hvort þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu óskar, að kostnaðinum sè jafnað niður á landið, áður en sèst, hversu mikill hann er; en ef svo er, er það óheppilegt, því þó eg gjöri ráð fyrir, að kostnaðurinn verði ekki meiri, en nefndin hefir gjört áætlun um, þá kann vel að vera, að menn síðar óski, að

auka skólann, og verður þá kostnaðurinn meiri. Þingmaður Húnvetninga talaði um það, að lögfræðingaembættin væri fá, og er það eingin ástæða á móti lagaskóla; því þeir lögfræðingar, sem vèr þurfum, þurfa menntunar við, hvort sem þeir eru margir eða fáir; því að allir embættismenn þurfa menntunarinnar, ef þeir eiga að standa svo í stöðu sinni, sem vera ber og óskandi væri; enda verður menntunin eigi metin til skildinga eða dala; hún er ómetanleg. Um það, hversu margir mundi verða í skólanum á ári hverju, þá er eg sannfærður um, að þeir verða fleiri en $1^1/_2$, og fleiri en 2. Nú eru, eptir því sem stjórnin hefir sjálf sagt, 20 við Kaupmannahafnarháskóla, sem stunda lögfræði, og gæti það orðið dálaglegur skóli hèr, þó ekki væri 20 í honum. Það eru ekki svo margir á prestaskólanum, en þó svo margir, að eg efast um, að nokkur segi, að það ekki sè til vinnandi, að hafa prestaskólann, og það gæti verið, að eins margir yrði á lagaskólanum. Það er líka mín innilegasta sannfæring, að þegar landsmenn sæi, að þeir gæti klofið fram úr kostnaðinum til þess, að koma sonum sínum til lagaembætta, að þeir þá muni verða fúsari á, að senda þá í skóla; þetta er mín innilegasta sannfæring, og hana get eg ekki frá mèr slitið; en eg er líka sannfærður um, að margir sleppa því, að afla sèr skólamenntunar, af því þeir ekki vilja byrja á því, sem þeir sjá sig ei færa um að halda áfram til enda. Eg vona, að flestir verði að játa, að það sè tilvinnandi, að kosta upp á þenna lagaskóla, af því sú kennsla, sem hèr feingist í lögum, yrði happadrjúgari fyrir landið, en lagakennslan við Kaupmannahafnarháskóla, og allir sjá það, hversu hægra það er fyrir þá sem í embættin koma, að gegna störfum sínum, þegar þeim hafa verið kennd þau lög, sem þeir eiga að fara eptir, heldur en að þurfa að fara að grafast eptir því, þegar þeir eru komnir í embættin, hvaða lög eru gildandi hèr á landi, og eg þykist sannfærður um, að margir embættismenn lands þessa hafa fundið til þess, hversu mikla örðugleika þeir hafa átt við að stríða í fyrstunni, sökum þess, að þeir eigi þekktu landslögin til hlítar áður.

Sveinn Skúlason: Mèr þykir merkilegur misskilningur *framsögumanns* á breytíngaratkvæði mínu og þingmanns Húnvetninga. Í 1. atriðinu er það gjört að skyldu fyrir þá, sem í skólann gánga, að þeir hafi áður tekið próf í forspjallsvísindum. Í viðaukaatkvæði okkar viljum við fá þetta rýmkað, og er það því veruleg breytíng.

Framsögumaður: Skólinn er að sönnu ætlaður embættismannaefnum, en aðrir geta notið kennslunnar þar líka.

Indriði Gíslason: Það er nú varla gustuk, að leingja þíngræðurnar; þær eru orðnar nokkurn veginn nær sanni í þessu máli, því málinu, sem allir svo vel þekkja til, og allir munu fallast á frumvarpið, eptir því sem á flestra ræðum er að heyra. Eg fyrir mitt leyti get ekki séð neina hættu búna, þó stjórnin sè beðin að stofna hèr lagaskóla, og að kostnaðurinn sè greiddur úr ríkissjóði. Það er verið að tala um, að leggja toll á munaðarvöru, líklega í tilliti til skólakostnaðar, og um það, að haga skólanum svo og svo; það er líkast því, að fara að setja á, áður en búið er að heyja neina tugguna, að fara að bollaleggja þetta, áður en stjórnin hefir lofað neinu. Mèr þykja því lángar ræður ónauðsynlegar, og ætla að eins að geta þess, að eg er alveg samþykkur nefndarálitinu.

Páll Sigurðsson: Eg hefi áður verið máli þessu meðmæltur, og hefi síðan velt því fyrir mèr, og hefir skoðun mín ekkert breytzt, svo að eg er enn á þessu máli. Það, sem stendur í dyrunum, er það, að vantar fè, og það lætur stjórnin einlægt klíngja í eyrum okkar, og er það undarlegt, þar sem við erum enn þá ekki sjálfráðir með fè okkar; ef við biðjum hana, að styrkja til að koma hèr upp þarflegum stofnunum, þá svarar hún: „Leggið þið fè til sjálfir; hjá mèr fáið þið ekkert fè“; en ef vèr biðjum hana um aðskilnað á fjárhag vorum, þá skýtur hún við því skollaeyrum. Eg hefi velt fyrir mèr gagninu og kostnaðinum, og skoðað forna sögu landsins, og sèð, að meðan menntunin var innlend, átti hún vel við, og er það nú meðal þeirra mestu menntamanna í heimi að álitum gjört, hvað snoturlega þeir fornu Íslendíngar settu lög sín, svo það er nú að undrum haft, og eptir að landið komst í samband við Noreg, þá var samt menntun Íslendínga í góðu lagi; meðan þær menntunarstofnanir hèldust við inni í sjálfu landinu, er Íslendíngar höfðu stofnsett, klaustrin, þá átti líka Ísland þá mestu fræðimenn, sem aðrir nutu tilsagnar hjá á margan hátt. Þá var menntunin enn í góðu lagi; en þegar þessu var umbylt, og menntunin þannig dróst út úr landinu, og Íslendíngar fóru að sækja menntun sína til Dana, sem þó áður í fyrri daga voru á lægri menntunartröppu en Íslendíngar, þá fór þegar menntun og þjóðlegt vísindalíf að dofna og fara aflaga, en útlendar bollaleggíngar að hnoðast hèr inn, sem hèr áttu alls ekki við, og þá fór líka þeirri fornu þjóðlegu menntun óðum hnignandi, og er eg því enn á sama máli og sömu skoðun, að það sè einasta viðreist landsins, að fá menntunina inn í það; þá fyrst fer landið að hafa gott af lagamenntuninni, þegar hèr er komin sú stofnun,

hvar lagakennslan er íslenzkuleg, en kennslan, sem Íslendíngar nú fá í Kaupmannahöfn, er öll dönsk; þess vegna ætla eg að halla mèr að nefndarálitinu án allra breytínga, nema ef eg skyldi halla mèr að breytíngaratkvæði þíngmanns Húnvetníinga. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að ef þetta ekki feingist, og við ekki sjálfir þættumst færir um að leggja fè til, þá væri það allt oss sjálfum að kenna, þá líka sjálfsagt hafís og harðindum; en fjárkláðinn, hverjum er hann að kenna? eg held, að bezt sè að tala ekki mikið um það, því hver veit, nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður eigi þar fullkomið bróðurlóð.

Jón Hjaltalín: Eg vil að eins svara þíngmanni Rángvellínga fáum orðum. Það, sem mèr varð á að segja um harðindi vor, tek eg ekki aptur, en það, sem hann sagði um fjárkláðann, tek eg mèr ei nærri, því það var allt skakkt og bjagað, og hvað sem hann segir um fjárkláðann, þá er það þó viðurkennt, að eptir því, sem menntuninni fer fram, eykst velmegunin, enda mundi og eingar menntaðaðar þjóðir taka niðurskurð þann, sem hèr hefir við geingizt, fyrir góðar vörur. Tjón það, sem hafísinn gjörir, gæti menntunin gjört lángtum minna, því ef Íslendíngar vildi leggja sig eptir öðru fóðri handa skepnum sínum en þessu rotna heyi, svo sem róum, turnips og fleiru, þá mætti með því koma í veg fyrir hallæri. Að öðru leyti held eg, að skaði sá, sem fjárkláðinn hefir ollað, sè kominn af (*forseti* hríngir) niðurskurðinum.

Páll Melsteð: Eg gaf atkvæði mitt með því, að nefnd yrði sett í máli þessu, og ætla eg einnig að gefa atkvæði mitt fyrir nefndaráliti þessu. Eg ætla nú að leitast við að halda mèr til aðalatriðanna í máli þessu, og virðist mèr þá að gjöra megi ráð fyrir tvenns konar mönnum hèr á þíngi, þeim, sem þekkja til lagakennslunnar við Kaupmannahafnarháskóla, og 2., þeim, sem ekki þekkja til hennar, og vil eg því tala lítið eitt um lagakennsluna þar, af því mèr er nokkuð kunnugt um hana; ætlast eg þá til, að þíngmenn geti betur sèð, hvort þörf er á þessum skóla eða ekki. Eins og allir vita, eru til tvenns konar lögfræðíngar við háskólann: „latínsku júristarnir“ og hinir svo kölluðu „dönsku júristar“; til eru og 2 tilskipanir, önnur frá 26. jan. 1821 og hin frá 30. desember 1839; eru þær gefnar út viðvíkjandi tilhögun kennslunnar, og vil eg einkum halda mèr til þeirrar, sem er frá 1839; þar er þá gjört ráð fyrir, að lokið sè allri kennslu hinna „latínsku júrista“ á 2 árum; en þessu er aldrei fylgt, því kennslunni er ekki lokið á 2 eða 3 eða 4 árum,

en má ske á 5 árum; er það til ekki lítillar tímatafar og kostnaðarauka. Vísindagreinirnar eru margar, og heyra „latínsku júristarnir“ suma fyrirlestrana, en suma heyra þeir aldrei, en fá sèr þá annaðhvort skrifuð skjöl eða bækur, sem þeir lesa heima hjá sèr. Hvað nú hins vegar við víkur kennsluaðferð þeirri, sem höfð er við „dönsku júristana“, þá er hún sú, að þeir koma aldrei á háskólann, nema ef til vill forvitnisferð, og sjá má ske aldrei *prófessórana,* fyrri en við hið græna borð sama daginn, sem þeir taka embættispróf. Kennarar „dönsku júristanna“ eru einstakir menn víðs vegar út um bæinn, sem gefa sig við því, að segja þeim til; annaðhvort eru það „júridiskir kandidatar“, sem ekki hafa feingið embætti, ellegar þá embættismenn, dómendur úr hæsta rètti, landsyfirrèttinum, o. s. frv., eða ofan úr *kontórunum,* sem taka kennslu dönsku júristanna að sèr, og hafa það með fram fyrir atvinnuveg, og fá sumir þeirra þannig í kennslulaun ærna peninga á ári hverju. Menn þessir halda einga fyrirlestra, heldur útvega þeir lærisveinum sínum annaðhvort bækur, eða afskriptir af fyrirlestrum *prófessóranna,* og kenna svo í heimahúsum. Aðalatriðið er það, og á það vil eg leggja áhersluna, að „dönsku júristarnir“ læra lögin af *privat*mönnum, sem að sönnu hafa lært við háskólann, en eingan veginn beinlínis af sjálfum kennendum háskólans. Fyrst nú einstakir menn hafa kennt, og geta kennt lögin svo vel, að lærisveinar þeirra eru allvel að sèr, þegar þeir gánga undir próf, og geta orðið duglegir lagamenn, þá sýnir það, að ekki þarf að sækja lagaþekkínguna beinlínis til háskólans, og að einnig megi takast að kenna lög hèr á landi. Spurníngin er, hvernig ráða megi bót á lagakennslu íslenzkra lögfræðínga, og liggja fyrir þá, að því er mèr virðist, 2 vegir, annar sá, að setja sèrstakan kennara í íslenzkum lögum við háskólann í Kaupmannahöfn, og hinn sá, að flytja lagakennsluna híngað út, og segir mèr svo hugur um, að hollara muni verða fyrir land vort, að hafa kennsluna hèr, og held eg, að hún þurfi ekki að verða svo slök eða fánýt, ef lærðum lagamönnum hèr væri falin kennslan á hendur, sem að líkindum mundi verða dómendur landsyfirrèttarins, sem ætíð mundi verða fullfærir um að kenna lögin, þar sem þeir eru álitnir fullfærir um, að dæma eptir lögunum, og sem hljóta að þekkja betur hin íslenzku lög en danskir háskólakennendur, sem ekki fást neitt við íslenzk málefni, og ekki þekkja íslenzk lög.

H. G. Thordersen: Eg hefi áður látið það í ljósi, að eg er á þessu máli, og að eg muni ætíð verða á því, að fá sem mesta inn-

lenda menntun, og með því eg er í nefndinni, finnst mèr skylt að tala fáein orð, og sè eg þó af þeim anda, sem er á þínginu, að eg þarf ekki að styðja nefndina, og vil eg fyrst þakka þingmanni Rángvellínga fyrir ræðu hans um hina innlendu menntun í fornöld, og eins þingmanni Snæfellínga fyrir þær uppbyggilegu upplýsíngar, er hann gaf þínginu í ræðu sinni. Fyrst mönnum semur svo vel, ætla eg ekki að fara að tala um hið sèrstaka, en halda mèr að eins til hins almenna, og minnast á það, sem eg ekki áður hefi tekið fram, að eg veit ekki til, að nokkuð menntað land sè það til í heiminum, sem ekki hafi menntastofnanir hjá sjálfu sèr þannig stofnaðar, að frá þeim geti komið þeir menn, sem sè færir um að gegna þeim embættum í sínu landi, sem lærdómur þeirra hnígur að; en ef það skyldi vera á annan veg, vil eg biðja þingmenn, að gefa mèr upplýsíngar um það, en eg veit ekki til, að það eigi sèr stað nema hjá skrælíngjum, en skyldi slíkt eiga sèr stað annarstaðar, vildi eg gjarnan upplýsast þar um. En skyldi eg hafa rètt í þessu, þá þykir mèr minnkun fyrir oss, að vèr skulum verða að eindæmum og undrum, og hjáleitt, ef vèr skyldum vera sú einasta þjóð, sem ei geti klakið upp æskumönnum sínum hjá sjálfri sèr, án þess að reka þá úr landi til annara þjóða, til Dana eða einhverra annara. Það er auðvitað og svo eðlilegt, að það æfinlega hèr eptir sem hingað til, hèr í landi eins og í öðrum löndum, mun þykja menntunarauki, að námsmenn ei nemi eingaungu staðar við þá menntun, er þeir fá heima, heldur fari, ef ástæður þeirra leyfa, bæði að gáfum og efnum, og fl., til annara landa, til þess að auka hana þar, og vil eg þá minnast þess, sem þingmaður Rángvellínga sagði um menntunina á fyrri tímum hèr á landi, að kennsla fèkkst þá nóg fyrir þá tíma hjá *privat*mönnum, en þá fræddu helzt þeir menn, sem áður höfðu aukið þekkíngu sína með því, að ferðast til annara landa, eptir að þeir höfðu numið það, sem þeir bezt gátu hèr í landi, og er það í hlutarins eðli, og kemur ekki þessu máli við. En eg vil segja það, þegar eg lít til dönsku stjórnarinnar, að mèr þykir ekkert líklegra, en að hún muni taka þessu máli vel, þar hún ei hefir sýnt sig nauma á skildínginn, þegar talað hefir verið um opinberar stofnanir hèr á landi, og hefi eg því fremur ástæðu til að halda þetta, sem eg ekki veit betur, en hún hafi viðurkennt það, sem eg einhverju sinni skrifaði henni, að Ísland hafi til forna verið sá helzti, ef ei einasti skóli Norðurlanda (*Sveinn Skúlason:* bravo), og eg álít stjórnina eptir því, sem í þessu atriði er af hennar hendi fram komið við oss, svo göf-

uglynda, að hún gleymi ei þessu, að Ísland var til forna, eins og áður er sagt, skóli Norðurlanda, og að hún því muni verða hin fúsasta til, að styrkja hina innlendu menntun landsins, sem enn í dag er sèr líkt í því, að unna menntuninni. En nú eru tímarnir breyttir að kennslunni til; sú menntun, sem þá var nóg og kom vel í hag, nægir ekki nú; *privat*kennsla er nú, þó hún í mörgu tilliti sè má ske hin bezta, aftekin, og skólunum nú skipt eptir lærdómsgreinum; þá var menntunin almenn, og gat lærzt í einu lagi, en nú eru skólarnir margbrotnir og margir. Eg veit það, að ekkert land mun vera það til, hversu fátækt sem það er, að það skirrist við, að efla menntunina heima hjá sjálfu sèr þannig, að hún geti orðið eptir þörf tímans, og því vil eg æskja þess, að vèr gætum feingið alla þá menntun inn í landið, er nægi fyrir þá embættismenn þessa lands, sem vèr með eingu móti getum án verið, bæði guðfræðinga, lögfræðinga og lækna; eg get því ekki annað en verið þessu meðmæltur af minni innilegustu hjartans sannfæringu, og held eg, að eingin ástæða sè til þess, að halda, að stjórnin ei muni styðja að slíkri sanngjarnri skoðun og laungun landsmanna, þar hún að mèr virðist er landi þessu í mörgu tilliti svo skuldbundin í þá átt, að menn hafa ástæðu til að vænta hins bezta, þó hin bezta ástæðan sè sú, að vèr höfum þegar reynslu fyrir því, að stjórnin leitast við að styðja að framförum vorum, ekki sízt í þessari grein. Eg vildi að eins geta þessa, til þess enn kröptugar en við inngángsumræðuna að láta þessa mína hjartans sannfæringu í ljósi, en eg sè mèr ekki fært, að tala um hið einstaka, og yrði það ei til annars, en orðaleingingar, og mèr þykir líka málefni þetta of alvarlegt til þess, að menn fari að slá upp á orðaleik í því.

Þórður Jónassen: Þó eg taki til orða í þessu máli, þá er það ekki í þeirri veru, að eg geti ætlazt til, að mín orð hafi nokkur áhrif á úrslit þessa máls, sem er eitt af þeim, sem hefir svo mikinn byr hèr á þínginu, og því síður get eg ætlazt til þessa, sem þíngið ekki hefir tekið í neinu til greina þær skýrslur og upplýsíngar, sem stjórnin lèt fulltrúa sinn gefa þínginu, heldur ítrekaði í sömu andránni bæn sína um stofnun skólans.

Eg verð fyrir mitt leyti þó að segja það, að nefndarálitið, þó það sè samið af þeim mönnum, sem vegna stöðu sinnar, þekkíngar og reynslu, voru einna bezt allra þíngmanna færir um það, ekki hefir sannfært mig eða breytt skoðun minni á málinu; eg get heldur ekki sannfærzt um, að nefndinni hafi tekizt að bera það til baka, sem

stjórnin hefir sagt viðvíkjandi þessari skólastofnun, og vandkvæðum þeim, sem á henni væri. Þannig segir nefndin, út af því, sem stjórnin segir, að ekki muni þurfa að kvíða því, að hèr fáist ekki menn í veraldlegu embættin, þar sem hèr um bil 20 hèðan frá landi sè nú að lesa lög við háskólann í Kaupmannahöfn, að fyrir þessu sè eingin vissa, því þeir muni ekki nærri allir ljúka sèr af; en af hverju veit nefndin það? er ekki hvorttveggja jafnlíklegt, og þó einstakir geingi úr, þá eru þó margir eptir, þegar litið er jafnframt á það, hvað veraldlegu embættin eru fá í landinu. Þá gjörir nefndin ekki heldur mikið úr því atriði hjá stjórninni, að það sè hætt við, að kennslan í lagaskólanum hèrna mundi verða einstreingíngsleg, og einkum verða fólgin í kennslu íslenzkra laga; en eg verð að álíta, að þetta sè mikilsvert atriði, og eg er sannfærður um, að þessi orð stjórnarinnar gánga í uppfyllíngu, enda í rýmra skilníngi, en virðist að liggja í orðunum; það er einmitt á þessu atriði að eg byggi þá skoðun mína, að lagaskólastofnunin hèrna mundi leiða til verulegrar apturfarar í lagamenntun okkar, því það kalla eg verulega apturför, ef hèr yrði að eins kennd íslenzk lög, en lítil sem eingin tilsögn veitt í dönskum lögum og rètti; og þetta mundi þó verða niðurstaðan; enda hefir það verið meðal annars talið skóla þessum til meðmæla og gildis, að hann losaði okkur undan yfirráðum Dana, og að þá yrði hèr útrýmt dönskum lögum. Nefndin segir nú, að íslenzku lögfræðíngarnir sè einúngis ætlaðir Íslandi, en um leið og nefndin tekur þetta fram, virðist mèr hún viðurkenni, að fyrst svo sè, þurfi þeir ekki mikillar menntunar, að minnsta kosti þurfi þeir á minni menntun að halda, en danskir embættismenn, en þessi skoðun virðist mèr aptur koma í bága við það, sem nefndin er að kvarta yfir, að „danskir júristar“ komist hèr í embætti; því þessi umkvörtun hlýtur þó að vera byggð á því, að þessir „dönsku júristar“ hafi ekki nóga menntun til að bera; en ætli íslenzku lögfræðíngarnir muni verða betur menntaðir? Nefndin hlýtur þó að játa, að margir „danskir júristar“, sem hèr hafa verið, og eru í embættum, standa heiðarlega í köllun sinni, og bæði eru og hafa verið uppbyggilegir embættismenn.

Nefndin segir enn fremur, að íslenzku lögfræðíngarnir geti tekið sèr fram í þekkíngu, eptir að þeir eru komnir úr skólanum; eg skal ekki bera þetta til baka, en að hinu leytinu er eg hræddur um, að lítið muni verða úr þessu fyrir þeim allflestum, og að þetta muni

farast fyrir í áhyggjum og sorgum þessarar veraldar, og þeir þannig verða á eptir tímanum, allt hvað þeir ekki voru það áður.

Eg skal enn fremur leysa mèr að benda þínginu á eitt verulegt atriði í þessu máli, og það er að mínu áliti það, að háskólinn í Kaupmannahöfn hefir í margar aldir verið mikið og gott sameiningarband milli Íslands og Danmerkur; á þessu bandi vil eg ekki slaka, og því síður gefa atkvæði fyrir að slíta það, því eg get með eingu móti fellt mig við þá skoðun, að við, sem liggjum svo afsíðis og út úr öllu veldi, höfum gott af því fyrir framfarir okkar, að leitast, sem mest við getum, við, að draga oss í hlè, og eiga sem minnst við getum saman við Dani að sælda. Mèr virðist miklu skynsamari sú aðferðin, að vèr reynum til, að læra bæði af þeim og öðrum allt það, sem oss geti að gagni komið.

Eg tók stuttlega fram við inngángsumræðuna þær kríngumstæður, sem að öðru leyti eigi sèr stað og til greina verða að koma í þessu máli; eg tók það þannig fram, að þegar farið væri að skipta þeim, sem útskrifast hèrna úr skólanum, niður á prestaskólann, lagaskólann, læknaskólann og háskólann í Kaupmannahöfn, tæki það varla svörum, að stofna skóla handa svo fáum; eg skal ekki taka þetta upp aptur. Hvað kostnaðinn af skólastofnun þessari snertir, er eg sannfærður um, að hann verður miklu meiri, en nefndin gjörir ráð fyrir. Að nefndin ætlast til hann verði greiddur úr ríkissjóðnum, um það skal eg ekki þrátta við nefndina, því það er samkvæmt skoðun hennar á málinu. Eg get þannig ekki álitið skóla þenna nauðsynlegan nè æskilegan fyrir oss, þegar á allt er litið; hefði eg ekki þessa innilegu sannfæríngu, skyldi eg vera manna fúsastur til, að mæla með honum, eigi síður en hver annar hinna heiðruðu þíngmanna.

Jón Hjaltalín: Það er eitt mikilsvert atriði undanfellt í nefndarálitinu, sem eg ætla nú að geta. Það er ekkert spursmál um, að menn hèr geta lært meira en tvöfalt við það, sem menn á jafnlaungum tíma læra í Kaupmannahöfn; þar er æði-margt, sem glepur fyrir manni, og eg veit, að hinum háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanni er það kunnugt, að ginníngarnar þar eru fleiri og megnari en svo, að menn geti ætlazt til af úngum og óreyndum piltum, að standa þær svo af sèr. Þar fer mörg stundin, já, margur dagurinn í súginn, sem hèr yrði notaður við bókina. Hinn háttvirti fulltrúi Snæfellínga skýrði áðan frá, hvernig háttað væri lærdómi hinna dönsku lögfræðínga; ætli það sè ekki líkt fyrir hinum latínsku mörgum hverjum?

Þeir læra mest hjá hinum svo kölluðu *Manuductörum,* sem eru *privat*-menn hingað og þangað í bænum, sem kenna í heimahúsum, og það er opt sem hamlar Íslendíngum, að geta náð embættisprófi sínu, að þeir ekki hafa fé til, að kaupa kennslu hjá þessum mönnum, því það er í öllum vísindagreinum óumflýjanlegt, að geta feingið tilsögn þessara manna. Sumir þurfa þess, til að fá yfirlit á hinum helztu atriðum, sem koma fyrir við prófið; sumum er það eins og band, frá því sem glepur, og fyrir suma er útskýríng öldúngis ómissandi, því það eru margir, sem ekki skilja það, sem háskólakennarinn hefir sagt í fyrirlestrum sínum. Þegar nú hèr þarf miklu styttri tíma til að læra hið sama, sem þar er lært, þá er skrítið, að tala um, að kennslan eða lagamenntuninn verði hèr einstreíngíngslegri; hún verður þvert á móti miklu fjölhæfari, því þegar menn hafa lokið hèr af lærdómi sínum fyr en þar, þá geta þeir því fyr komizt í *praktiska* stöðu. *Candidatinn* getur t. d. orðið skrifari hjá sýslumönnum eða amtmönnum, og feingið við það mikla og þarflega *praktiska* menntun, sem er svo mikilsverð fyrir hvern embættismann. Þetta hafa ekki „dönsku júristarnir"; þeir gánga frá „*Manuductörunum*" að græna borðinu, og þar eiga þeir að fá alla þá vizku, sem þeim dugir, og gánga svo þaðan beinlínis inn í embættin. Það er óneitanlegt, að sumir þeirra eru og hafa verið duglegir embættismenn, en því er ver, að það verður ekki sagt um þá alla, því sumir hafa verið hèr svo, að það má kalla það ísjárvert, að senda okkur þá; og ef við höfum feingið slíka „danska júrista" híngað, þá er hætt við, að vèr getum feingið þá enn. Það gjörir mèr verulega illt, að hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður, sem talar þetta af sannfæríngu, skuli hafa þessa sannfæríngn; og eg er viss um, að ef hann hugsar betur út í það, hvernig geingur með „dönsku júristana" hèr, þá sjái hann og finni, að hægt er að kenna hèr stúdentum svo lögfræði á 2 — 3 árum, að þeir viti meir, en hinir „dönsku júristar" margir hverjir, einkum ef haldið er fast við það, að þeir skuli vera skólageingnir menn, en það álít eg aldeilis nauðsynlegt, ef nokkuð á úr þessum skóla að verða.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg finn mèr skylt, að kveða eins og aðrir þíngmenn lof upp um nefndina, því að mèr líka aðgjörðir hennar yfir höfuð vel, og þarf eg því ekki að vera fjölorður um þetta mál; einúngis vildi eg leyfa mèr að tala fáein orð um kostnað þann, er mundi leiða af lagaskóla þessum. Nefndin hefir nú raunar gjört ráð fyrir, að fé feingist úr ríkissjóðnum til að

stofna hann með, en mèr finnst sumir efi það, og vilji leggja tolla á ýmsar munaðarvörur, svo sem brennivín, tóbak og fl. Eg fyrir mitt leyti get nú ekki efað það, að stjórnin álíti það skyldu sína, að sjá oss fyrir þeirri menntun, sem þarfir vorar heimta; eg get varla gjört henni þær gersakir, að hún synji um fè, sem þarf til þess, á meðan hún heldur fè okkar undir sinni hendi, og lætur okkur ekki fá sjálfa fjárhagsráðin í hendurnar. En af því mèr virðist seinni hluti 3. niðurlagsatriðisins hjá nefndinni lýsa einhverjum efa um þetta mál, þar sem gjört er ráð fyrir því, að fè til lagaskólans þurfi að jafnast á landið, þá ætla eg að taka mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að seinni hluti 3. niðurlagsatriðisins falli burtu, og til vara, að kostnaður lagaskólans greiðist úr ríkissjóðnum, á meðan fjárhagur vor og Dana er ekki alveg aðskilinn, eða einhvern veginn á þá leið, sem eg skal orða nákvæmar seinna.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg er samdóma hinum fyrsta konúngkjörna þíngmanni í því, að aðalatriðið í þessu máli muni líklega vera það, að stjórnin er hrædd um, að kennsla við lagaskóla hèr á landi verði einstreingíngsleg. Það þarf því að skoða, hvernig hin íslenzka lagakennsla sè nú, og hvort hún mundi *purfa* að verða einstreingíngsleg, þó lagaskóli yrði stofnaður hèr. Ef eg skoða ástandið nú, þá held eg enginn geti neitað, að kennslan í lögum við háskólann handa Íslendíngum sè einstreingíngslega dönsk; hún fer fram á dönsku, eptir þeim reglum, sem dönskum lögfræðíngum henta, sem von er, og ekkert tillit er haft til ástands Íslands, til landstjórnar hèr eða landsvenju. Þetta kalla eg frá Íslands sjónarmiði einstreingíngslega danskt. Ef svo hlyti nú að verða fyrir skóla hèr, að kennslan yrði einstreingíngslega íslenzk, þá veit eg reyndar ekki, hvort lakara væri, að kennslan væri einstreingíngslega dönsk eða einstreingíngslega íslenzk; en heldur kysi eg hana, að tvennu illu til, einstreingíngslega íslenzka. En eg fyrir mitt leyti sè nú ekki, að það þyrfti að verða, að kennslan yrði svona einstreingíngsleg í lagaskóla hèr á landi; ef svo væri, þá hlyti það að liggja annaðhvort í ásigkomulagi því, sem hèr er á landi, eða í vísindagreininni sjálfri, eða kennendurnir yrði að vera orsök í því. Að það liggi í ásigkomulagi landsins, get eg nú ekki sèð, því þó allt ásigkomulag hèr á landi sè einfalt, og rèttarviðskipti manna ekki eins margbrotin og annarstaðar, þá er þó svo mikið um að vera, að hèr er nóg efni til reglulegrar lagakennslu eptir innlendum lögum. Eg sè ekki betur, en að það megi fá *system* í íslenzkum rètti, eins og í rètti hvers annars lands,

og þar með er feinginn grundvöllur til vísindalegrar kennslu. Eg þykist sannfærður um, að Íslendíngar gæti eins nú búið til lög, og áður á 12. og 13. öld, þegar þeir sömdu eina hina merkilegustu lögbók, sem bæði lýsir skarpleika og nákvæmni, og það svo mjög, að margir lögvitrir menn nú á dögum taka hana fram yfir önnur lög á Norðurlöndum, og jafna henni saman við hinn rómverska rètt, sem er álitinn fyrirmynd í lagalegu tilliti, einkum að því, er snertir ljósar og fastar skýríngar hugmyndanna og skarplegar aðgreiníngar tilfellanna. Ekki sè eg þá, að kennslan þurfi að verða einstreingíngsleg vegna þess, að ásigkomulag landsins, eða efni laganna sjálfra leyfi ekki lagalega kennslu. Hvað nú snertir það, að kennslan þurfi að vera einstreingíngsleg vegna vísindagreinarinnar sjálfrar, þá er hið sama um það að segja; hèr geta menn haft sama aðgáng að öllum þeim bókum, sem til eru í henni, og menn geta útvegað sèr eða til eru í öðrum löndum; hèr má fá eins fyrirlestra frá Kaupmannahöfn, eins og maður væri þar sjálfur; hèr má líka fá rómverskan rètt; *prófessórarnir* í Kaupmannahöfn nota sjálfir þessar bækur, sem koma út í Þýzkalandi, Noregi og annarstaðar, og sama mundi kennarar hèr geta. Eins gæti mönnum hèr gefizt kostur á, að eignast annara landa bækur, og þar með að kynna sèr lög annara þjóða, svo að þetta þyrfti ekki að vera til fyrirstöðu. Ekki þyrfti heldur kennendurnir að vera orsök í neinum einstreingíngsskap lagakennslunnar; að minnsta kosti held eg, að ekkert sè að óttast í því efni, því eg get ekki efazt um, að til kennara yrði að eins teknir menn, sem væri vel að sèr, og sem í alla staði væri færir til þess, á sinn hátt eins og *prófessórar* við háskóla annarstaðar. Hèr við bætist og það, að Íslendíngar, sem hafa menntazt hèr í landi, gæti farið til annara landa, og feingið styrk til þess, svo þeir gæti leitað sèr með því móti meiri lærdóms og framfara. Það gegnir öðru máli, að skoðanir einstakra manna geta verið margvíslegar, svo að sumir menn geta kann ske ekki sannfærzt um, að lagaskóli geti þrifizt hèr, vegna þess það er nú einu sinni þeirra fasta trú. En þessu getur ekki verið þannig varið um stjórnina; hún bíður án efa einúngis eptir nægum ástæðum frá vorri hendi, og þær þurfum vèr að koma fram með. Viðvíkjandi uppástúngu þíngmannsins úr Norður-Þíngeyjarsýslu og Húnavatnssýslu um, að veita öðrum aðgáng að skólanum, en þeim, sem hèr er tiltekið, og einkum óskólageingnum únglíngum, þá virðist mèr ekki nauðsyn, eða eiga við, að koma fram með hana nú; hún snertir, eins og búið er að drepa á, fyrirkomulag skólans; þegar skólinn væri

kominn á, þá mundi kennslan verða innifalin í opinberum fyrirlestrum, og mundi þá allir þeir, sem ekkert væri annars til tálmunar, geta haft þar aðgáng að, til að hlusta á fyrirlestrana; sama er, ef einhver vildi fá tilsögn hinsegin þar að auki, annaðhvort hjá kennurunum sjálfum eða öðrum. En það finnst mèr rètt, að einskorða, að ekki gæti aðrir orðið teknir sem meðlimir skólans, en þeir, sem hefði gegnumgeingið skólalærdóm, eða væri, sem menn kalla, menntaðir menn; að gjöra aðra að meðlimum hans, væri ekki til annars, en koma skólanum á lægra stig, gjöra hann að nokkurs konar alþýðuskóla, og benda á, að þar ætti ekki að vera vísindaleg kennsla, heldur alþýðuleg. Eg er að vísu þeirrar meiníngar, að hver einn sá, sem hefir nokkurn veginn ljósa hugsun, eða, sem vèr köllum, hver skýr ínglíngur, þó óskólageinginn sè, geti haft gagn af vísindalega framsettri kennslu, þegar hún er ljós og greinileg; en eg held ekki rètt, að gjöra það að reglu, að kennslan skuli eins og vera fyrir alla í lagaskólanum; eg vil, að hún sè vísindalega lagaleg.

Arnljótur Ólafsson: Það gleður mig, og það hlýtur að gleðja nefndina enn fremur, hve vel menn taka undir nefndarálitið, og þó einkanlega fyrst hún er og verður að vera sèr þess meðvitandi, að nefndarálitið á þetta meðhald skilið; eg veit líka, að þíngmenn hafa glaðzt af hinni fögru ræðu hins 2. konúngkjörna þíngmanns, og það því fremur, sem orð hans og tillögur hljóta að ráða svo miklu í þessu máli, með því að hann er hinn efsti embættismaður yfir öllum fræðslumálum og menntunarstofnunum hèr á landi. En aptur munu menn segja um tillögur hins 1. konúngkjörna þíngmanns, að þær hafi haft mikil áhrif á þíngið, og muni verða málinu til fyrirstöðu. En þegar menn skoða stöðu hans í máli þessu, þá finnst mèr eigi undarlegt, þótt hann vilji gjöra fremur lítið úr lagavizku á landi hèr, því það er sannlega eigi af því, að hann kunni eigi að meta lagavit, heldur af of mikilli kurteisi eður „rángsnúinni auðmýkt," því hann vill ekki halda lof yfir sjálfum sèr; hann er æðsti dómari hèr á landi, og er sjálfur einhver hinn bezti lögfræðíngur þessa lands, svo að þó að hann tali um litla lagamenntun, og að kennsla í lögum mundi hèr á landi verða næsta ófullkomin, þá er ekki að kippa sèr upp við það, því maðurinn vill eigi fara að halda lofræðu yfir sjálfum sèr; til þess er hann of kurteis; en að hinu mega menn gánga vísu, að þessi úrtölusemi og vonleysi getur ekki verið sannfæríng hans. Eg held nú orðum hans sè bezt og sannast hrundið á þenna hátt. Annað var það, sem hann sagði, að háskólinn væri

hið helzta band milli Danmerkur og Íslands, og það mætti eigi slíta. En hvaða band er það? Það er þó ekki neitt hjónaband, og þó má slíta það, ef annað hjónanna með nægum sökum biður um skilnað; þetta band, sem hann á við, hlýtur því að vera nánara en það, og hvaða band er helgara og nánara? Eg fer að verða hræddur um, að það kunni að vera eitthvert óeðlilegt samband, sem, þó að hann vildi ekki slíta það, yrði þó að slitna af sjálfu sèr; en sè það nú ónáttúrlegt samband, þá gjöri eg ráð fyrir, að hann sjálfur vilji sem góður lagamaður slíta það, að minnsta kosti vill hann ekki, að Ísland sè bundið með neinu sultarbandi við Danmörku, því það yrði að heingíngaról allrar lagamenntunar á landi voru.

Ef þetta mál er nú skoðað af stjórnarinnar hálfu, þá er það skylda hennar, að útvega öllum hlutum ríkisins jafngóðan kost á lagamenntun, því ríkið er fèlag, sem eingan hluta sinn eða fèlaga má vanrækja nè hafa út undan. En þá er nú að sjá, hvernig lagakennslunni verði við komið; annaðhvort er þá, að láta oss sækja hana til Danmerkur, til háskólans þar, eða eiga skóla sjálfir, þar sem lög megi nema. Því hefir nú verið hreift á þínginu, hversu hollara og heillavænlegra fyrir landið hið síðara sè, og eg get ekki miklu þar við bætt. En þar sem ræða er um kennslu í íslenzkum lögum við háskólann í Kaupmannahöfn, þá veit eg sannlega ekki, hvernig það nú má verða; nú er til eitt lagaboð, sem allir þingmenn þekkja, og sem þingmenn hafa í einu hljóði orðið ásáttir um að þakka konúngi vorum fyrir; þetta lagaboð er um undirskript konúngs undir íslenzka textann. Hvernig á nú danskur maður, sem ekki skilur íslenzku, að kenna íslenzk lög? Menn munu segja: við háskólann hlyti þá að vera íslenzkur kennari; en ætli hann geti þá eigi eins kennt lögin hèr? Það er ætlun mín, því eigi yrði maðurinn að heimskari, þótt hann væri hèr í Reykjavík, fyrst hún er sá staður landsins, sem þeinkir og ályktar. En hvernig á þá að kenna íslenzk lög við háskólann? Ætti Íslendíngar að lesa þar bæði íslenzk og dönsk lög, eða einúngis íslenzk lög? Hið fyrra mundi verða lángsamt, en hið síðara kann ske einstreingíngslegt.

Menn hafa talað um, að það væri ómögulegt, að læra lög á 2 árum; en það er þó ekki satt; eg hefi talað við Norðmenn og Svía, og eg veit, að þeir lesa lög á 2 eða 3 árum, og eru þeir þó álitnir eingir einstreingíngar, heldur góðir lagamenn.

Framsögumaður: Eg vildi svara fáeinu upp á ræðu hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns, enda þótt það sè varla gustuk, að

hlaða meiru á hann, en hann hefir þegar feingið. Það er illa farið, að hann skuli hafa þá sannfæringu, sem hann hefir og einginn annar, og það svo, að hinn nýi embættisbróðir hans er einn af þeim, sem biður um lagaskóla hèr, og sonur sjálfs þingmannsins er einnig skrifaður undir bænarskrána, sem er nýfarinn að lesa þar lög. Hinn heiðraði 1. konúngkjörni þingmaður sagði, að nefndin hefði eigi tekið nægilegt tillit til ástæða stjórnarinnar, þar sem hún segi, að ekki muni fyrst um sinn að bera skort á embættismönnum; þetta hefir stjórnin ekki sagt, heldur að skort muni eigi að bera; hún bætir því hvergi við *„fyrst um sinn“* eða *„í bráð“*. En um skort þenna, þá getur hann eins að borið, eins og hann hefir að borið. Eg skal nú leyfa mèr að geta þess, að Danir sjálfir eru orðnir sannfærðir um ófullkomlegleika háskólans, og er alllaung grein um það í *„Fædrelandet“*; þar er sagt, að háskólinn sè á fallandi fæti; að kennslan muni vera einna skást hjá guðfræðingunum, en lángtum verri hjá lögfræðingunum og *„Kameralistum“*, og þar er fært til sem dæmi upp á óreglu, er við gángist í háskólanum, að fyrirlestrar eigi að byrja í september, en sumir kennendurnir byrji ekki fyr en í október; einn hafi byrjað í nóvember, þriðji í desember, og einn hafi eigi verið byrjaður þá, þegar greinin var skrifuð. Þetta ásigkomulag háskólans er ekki mikil upphvatuíng fyrir menn, að senda sonu sína til háskólans. Þar sem hinn sami heiðraði þingmaður var að tala um, að kennslan yrði einstreingíngsleg hèr, þá hefir þingmaður Ísfirðínga nægilega hrakið það. Í háskólanum í Kaupmannahöfn er eigi kennt annað í lögum en dönsk lög og heimsspekileg lögfræði og Rómarèttur; eg játa það, að nefndin hefir sleppt hinum rómverska rètti, og vil eg, að honum sè bætt inn í, svo menn hafi ekkert út á nefndarálitið að setja, að kennslan sè þar ætluð einstreingislegri en í Kaupmannahöfn, og skal eg því leyfa mèr, að áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis í þá stefnu. Lagakennslan þarf ekki að vera einstreingíngslegri hèr á Íslandi en hún er í Kaupmannahöfn; þar er ekki kennt neitt um rètt annara þjóða; og ef nú tekin væri hin heimspekilega lögfræði og rómverski rètturinn hèr, þá verður þeim kvíða að vera lokið, að kennslan verði einstreingíngslegri hèr en í Kaupmannahöfn; þá er eingu sleppt, sem kennt er við háskólann í Kaupmannahöfn, því að enda þótt lagaboðin kunni að vera færri hèr en í Danmörku, þá held eg þó, að þau sè nógu mörg til þess, að menn geti feingið eins góða hugmynd um löggjöfina af þeim, eins og af dönsku lögunum. Þar sem hinn háttvirti þíng-

maður talaði um, að lagaþekkíngin yrði minni, þá er það satt, að því er hin dönsku lög snertir, en þá koma hin íslenzku lög í staðinn, og það eru þau, sem íslenzki embættismaðurinn þarf að vita, og sú þekkíng verður notasælli. Það var líka óhappalegt, að hann skyldi gleyma hinum „dönsku júristum“; eg játa það fúslega, að þessir „dönsku júristar“ geta verið duglegir menn, því að embættis-dugnaður er ekki kominn eingaungu undir þekkíngunni; en þeir eru líka sumir eigi mikils virði, og sem dæmi þess vil eg geta þess, að hinn háttvirti þíngmaður hefir 5 sinnum orðið að gjöra eitt málið rækt fyrir einum af „dönsku júristunum“ frá landsyfirrèttinum. Það, sem þíngmaðurinn var að tala um eitthvert samband, þá veit eg ekki, hvaða samband það er, sem hann á við, hvort það er vináttusamband eð virðíngarsamband; eg held, að þó að þetta samband slitni, sem nú á sèr stað sökum þess, að Íslendíngar verða að sækja til háskólans, þá verðum vèr og Danir eins miklir vinir eptir sem áður. Eg skil ekki í því, að Danir verði minni vinir vorir, þótt vèr sèum eigi upp á háskólann þeirra komnir, eða beri minni virðíngu fyrir oss, þótt vèr verðum færir um, að búa sjálfir embættismenn vora undir embættin; eg held þvert á móti, að þeir muni þá bera meiri virðíngu fyrir oss. Af þessum ástæðum vona eg nú, að þíngið muni taka vel í þetta mál, og eg álít því óþarft, að fara fleiri orðum um það. Að endíngu vil eg einúngis geta þess, að eg held, að Íslendíngar sè eins vel lagaðir fyrir lög og áður, þegar þeir á 12. öld sömdu þá lagabók, sem *prófessor Schlegel* hefir sagt um að sè einhver hin bezta lagabók, sem til sè.

Þórður Jónassen: Eg skal í tilefni af lýsíngu þeirri, sem hinn heiðraði 6. konúngkjörni þíngmaður gjörði af „dönsku júristunum“ hèrna, leyfa mèr að taka það fram, að hann hefir misskilið orð mín. Þau snertu einúngis íslenzka „danska júrista“, og þeir eru og hafa verið, eins og hann veit, yfir höfuð skólageingnir, menntaðir menn, en þetta eru þeir ekki „dönsku júristarnir“ í Danmörku; þeir eru ekki vanir að hafa lærða skólamenntun, og því er hèr mikill mannamunur, og það er því ekki alls kostar rètt, þegar nefndin er að tala um, að við njótum ekki jafnrèttis við Dani, því þar komist „danskir júristar“ ekki í dómaraembætti, en það komi þeir hèr; þetta er satt, t. a. m. undir stjórn Kristjáns 8. var þetta eindæmi. Nefndin hefir gleymt því, að hèr eru ólíkir menn, sem standa að, hvað menntun þeirra snertir, og líka því atriði, að „danskir júristar“ komast yfir höfuð hèr ekki í embætti nema í viðlögum, þegar aðrir eru ekki til.

Það, sem hèr hefir orðið svo margrætt um, að það væri harðla ólíklegt, að kennslan yrði hèr einstreingíngsleg, skal eg ekki fjölyrða um, nè heldur svara því, sem í því tilliti hefir verið sagt um Kaupmannahafnarháskóla; eg þekki ekki svo nákvæmlega nú til kennslunnar þar, að eg geti dæmt um hana. Hvað um hana kunni að standa í „Föðurlandinu“, get eg ekki sagt, því eg hefi ekki lesið þá grein, en það veit eg, að dómur „Föðurlandsins“ ekki muni þó ráða dómi alþíngis í þessu máli. Eg skal nú ekki fara fleirum orðum um þetta mál, sem þíngið hefir svo mikinn áhuga á, en einúngis bæta þeirri ósk við, að sú hèr umrædda stofnun, ef hún kemst á, mætti bera þá heilladrjúgu ávexti fyrir land og lýð, sem þíngið óskar og vonast eptir.

Gísli Brynjúlfsson: Eg ætla mèr ekki að vera hèr að taka upp aptur það, sem eg sagði við fyrstu umræðuna um þetta mál, en að eins geta þess, að skoðun mín á því hefir síðan ekki breytzt á nokkurn hátt. Hèr hafa nú þegar komið fram svo margar ástæður fyrir því, að lagaskóli mundi geta stofnað mikið gagn hèr í landi, að litlu þarf við að bæta, og þykir mèr það einkum mikilsvert, að ástæðurnar hafa komið fram frá öllum hliðum; því hèr hafa nú ei síður komið fram mikilsverðar ástæður frá bændum, en frá lærðum mönnum og embættismönnum, og þar á meðal þá líka frá einum heiðruðum þíngmanni og lögfræðíngi, er talaði af eigin reynslu um kennsluna, eins og hún nú er í Danmörku. Slíkar ástæður met eg æfinlega mikils, og einkum þótti mèr líka vænt, að heyra orð hins háæruverðuga konúngkjörna þíngmanns um menntun Íslendínga í fornöld, því eg tek þau sem vottorð um það, að nokkuð líkt megi aptur verða hèr, eða að vankvæðin eingan veginn liggi í landinu sjálfu.

En því fremur hefi eg líka enn orðið að furða mig á því, að hin einasta mótbára hèr á þínginu móti lagaskólanum skuli hafa komið frá þeim manni, sem menn nú verða að telja fremstan í flokki lögfræðínga vorra, og sem að stöðu sinni einkum kemur í stað hinna fornu lögsögumanna; eg segi mèr þyki það undarlegt, að þessi maður, sem þó einkum er settur til þess, að segja oss lög og rètt, skuli fremur öllum öðrum telja vankvæði á því, að kenna íslenzk lög í landi hèr; því hvað er þó í raun og veru lagakennsla annað en það, að segja mönnum með rökum, hvað lög og rèttur sè? Helzta ástæða hans hefir verið sú, að lagakennslan mundi verða of einstreingíngsleg hèr í landi, en þessari mótbáru hefir áður verið svo vel svarað, að eg þarf ei að taka neitt frekara fram um það. Af því eg er

fús að færa allt á betra veg, þá held eg ei, að hann hafi meint, að mennirnir einmitt þyrfti að verða einstreingíngslegri hèr í landi, en annarstaðar, heldur að eins hitt, að kennslan kynni hèr að verða ýmsum annmörkum bundin, af því við værum svo afskekktir frá öðrum þjóðum, og t. a. m. sökum þess, að oss vantaði nægileg bókasöfn. En þá verð eg þó að geta þess, að þessi ástæða, hversu góð sem hún annars kann að sýnast að vera, er þó í raun og veru ónýt hèr, því hún er of yfirgripsmikil, og á því líka alstaðar við og hvergi. Það er sum sè ekki að eins, þegar um lagaskóla ræðir, að við verðum að finna til þess, hversu mjög hin afskekkta lega Íslands tálmar framförum vorum á marga vegu; en það sèr þó hver, að við þessu getur einginn gjört, og oss tjáir því ei heldur þess vegna að leggja árar í bát, svo það á í raun og veru hvergi við, að vera að segja oss, að við liggjum út úr öllu veldi, í þeim tilgángi, að fá oss frá að gjöra það, sem nauðsynlegt er. Því ekki bætti það þó úr því, hve afskekktir við erum, ef við þess vegna hættum alveg við allt, og heldur er von, að eitthvað batni, ef við, einmitt af því við erum svo út úr öllu veldi, reynum að fá sem mest gott inn í landið sjálft. Að öðru leyti skal eg og geta þess, að það er í raun og veru ekki nýtt, þó menn nú heyri suma bera kvíðboga fyrir því, að öll lagamenntun vor falli niður, ef við hættum að sækja hana til háskólans í Kaupmannahöfn, þar sem menn þó vita, að *íslenzk* lagamenntun alveg ekki fæst nè hefir feingizt; því sama kvíðbogann hafa menn og borið um menntun víða annarstaðar, þegar talað hefir verið um nýjar stofnanir, eður um að yfirgefa gamlar. Fyrst á miðöldunum var öll lagakennsla í norðurálfunni í höndum einstakra manna, og Ísland stóð þá í því tilliti öldúngis jafnfætis öðrum þjóðum, nema ef til vill nokkuð fremur, þar sem það hafði hrein og óblönduð ef fornlög að styðjast við, og átti menn sem Njál og Skapta. En eptir að háskólinn var stofnaður í *Bologna*, og menn fóru að sækja þángað úr öðrum löndum, einkum frá Þýzkalandi og Frakklandi, þá fór aptur að útbreiðast rómverska lagakennsla, og eingum þótti til annara lögfræðínga koma, en þeirra, sem þar höfðu lært, en þó hefir nú síðan sú raunin á orðið, eptir að menn tóku sig fram um, að stofna háskóla á Þýzkalandi, að það land hefir ei að eins orðið og er nú aðalaðsetur þýzkrar lagamenntunar, heldur hafa og einnig Þjóðverjar orðið til að kenna mönnum mest og rèttast um fornan rómverskan rètt, en á *Bologna* minnast nú fáir. Sama er og að segja, þegar háskóliun var stofnaður í Noregi, að þá óttuðust sumir niðurfall

allrar menntunar þar í landi, af því Noregur lægi svo út úr öllu veldi, en svo hefir nú þó farið, að háskólinn í Noregi hefir ekki að eins ekki drepið niður menntun þar, heldur skarar hann nú jafnvel í mörgu, og einkum þá, sem eðlilegt er, hvað norrænum fornfræðum og Noregi sjálfum viðvíkur, fram úr háskólanum í Kaupmannahöfn.

Allt þetta finnst mèr sýna, að menn geta stundum villzt í skoðun sinni um eðli og eflíng menntunar, og svo vona eg og þeim fari, er spá illu um lagaskóla hjá oss. Eg er sannfærður um, að hann gæti ei að eins orðið menntuninni í sjálfu landinu til eflíngar, heldur og einnig undirstaða til þess, að vèr, eins og Norðmenn nú, gætum borið vorn skerf út úr landinu að almennri menntun um allan heim; því hvar væri eðlilegra að hin mikilvæga þekkíng á fornlögum Norðurlanda og allra gotneskra þjóða mætti fá vöxt og viðgáng, en einmitt í lagaskóla hèr í landi, sem sjálfur að miklu leyti yrði að vera grundvallaður á einum af hinum beztu af þessum fornlögum? En meðan við sjálfir ekki viljum gjöra neitt til, að hlynna að slíkri menntun heima hjá oss, þá er ei von hún gángi út frá landi voru, og því finnst mèr þetta einnig vera mikil ástæða fyrir því, að við heldur eigum að reyna að styrkja en banda á móti lagaskóla hèr í landi. Er það því sjálfsagt, að eg yfir höfuð gef atkvæði mitt fyrir nýrri bænarskrá um hann til konúngs, en um hinar einstöku uppástúngur nefndarinnar ætla eg mèr ei að tala, fyr en við ályktarumræðuna.

Guðmundur Brandsson: Það gladdi mig að heyra ræðu hins 2. konúngkjörna þíngmanns, þar sem hann sagði, að stjórn Dana hefði viðurkennt, að hèr hefði fyrrum verið aðalskóli allra Norðurlanda. Eg vil ekkert draga úr því trausti, sem hann hafði til stjórnarinnar; þó hún hafi híngað til neitað, að leggja fè til lagaskólans af ríkissjóðnum, þá kann henni að snúast hugur, og það væri æskilegt, því að, eins og eg hefi sýnt fram á, þá er landið ekki fært um, að standast þenna kostnað auk margs annars, sem það þarfnast. Það, sem menn hafa verið að tala um, að kennslan mundi verða ónóg, þá ber eg eingan kvíðboga fyrir því; eg held verkin sýni merkin með prestaskólann í þessu tilliti, því prestar, sem þar hafa lært, munu ekki þurfa að standa neitt á baki margra hinna, sem lært hafa við háskólann í Kaupmannahöfn. Þar sem einn þíngmanna kom með það, að það hefði ekki kollvarpað skóla í Noregi, þó hart hefði verið þar í ári, þá verð eg að geta þess, að það er annað að kosta

stofnun, sem komin er á, og annað að koma henni upp, þar sem hún er ekki til áður, og vil eg því til vara halla mèr að breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Suður-Þíngeyjarsýslu, því eg get fallizt á það með góðri samvizku.

Stefán Jónsson: Eg vil lýsa ánægju minni yfir mörgum ræðum, sem haldnar hafa verið um þetta mál, og sèr í lagi yfir þeim áhuga, sem kominn er inn hjá landsmönnum, á menntun, sem lýsir sèr á því, að þíngið hefir nú undir höndum 4 skólamál, nefnilega barnaskóla, búnaðarskóla, lagaskóla og læknaskóla, og eg óska þeim öllum til lukku. Um nauðsyn lagaskólans, sem hèr ræðir um, mun nú einginn efast, og eg skal lýsa því yfir, að eg ætla að fara í sömu stefnu og nefndin, og gefa á þá leið atkvæði mitt. Það er, að mèr finnst, mikil meðmælíng með lagaskólanum, að bænarskráin um hann á uppruna sinn frá Kaupmannaköfn, og það frá þeim, sem kunnugastir eru kennslunni þar. Eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að ef skólinn kæmist á, þá mundi hann blómgast, því að ekki er svo fátt af úngum og námfúsum mönnum, sem hafa hæfilegleika til að læra, og eg held, að stjórnin að lyktum mundi tilleiðast, að leggja fè til lagaskóla hèr, enda eru ótaldir þeir skildíngar, sem dragast út úr landi hèr til menntunar í Kaupmannahöfn.

Stefán Eiríksson: Eg skal leyfa mèr að lýsa því yfir, að eg ætla að gefa atkvæði með lagaskólanum. Þess hefir að vísu verið getið, að fáir mundi gánga í skóla þenna, þá er eg ekki svo hræddur um það, því að sama kom fram um prestaskólann, því að jafnvel sumir gjörðu svo mikið til að banda á móti þeirri stofnun, að þeir rituðu um það lángt efni í blöðum, og reynslan hefir þó sýnt, hvort getgátur þær hafa rætzt, því eg vil vona, að allir þíngmenn og allir landsmenn sè mèr samdóma um, að hann hafi borið heillaríka ávexti fyrir land og lýð. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður gat þess áðan, að það væri svo margt, sem glepti fyrir í Kaupmannahöfn; eg held nú líka það sè eitthvað til í því; það er mjög sorglegt að vita, að piltar nú á seinni tíð, sem hafa siglt til að nema fræði við háskólann, koma aptur eptir 4 til 6 ár fèlausir og *examens*-lausir, svo eg held það megi segja um þenna innlenda lagaskóla, að holt sè heima hvað, og eg ætla að bæta því við það, sem eg sagði áðan um prestaskólann, að við höfum þó ekki dæmi til slíkrar afvegaleiðslu við hann, og nú geingst við um háskólann.

Ásgeir Einarsson: Það hafa svo margir talað fagurlega í þessu máli, að því leyti sem það er skoðað frá þess vísindalegu hlið, að

við bændurnir getum ekki hugsað til, að bæta þar neinu við, en hvað kostnaðinn áhrærir, ætti heldur að vera okkur ljósara, ef hann yrði lagður á landið. Eg vil þó fyrst einúngis minnast á eitt atriði í ræðu hins 1. konúngkjörna þíngmanns, þar sem hann hælir þeim „dönsku júristum“, einkum hafi þeir haft nokkra æfíngu á skrifstofum embættismanna hèr á landi, en þetta virðist mèr einmitt sanna, að lagakennslan mundi þrífast hèr á landi, eins og sá heiðraði þíngmaður Snæfellínga hefir sýnt fram á með frásögu sinni um það, hvernig lagakennslan færi fram í Kaupmannahöfn. Það er þekkíngin á íslenzkum lögum og skrifstofuæfíng, sem hjálpar bezt til, að hèr fáist gagnlegir embættismenn, og það verður sá heiðraði konúngkjörni þíngmaður að viðurkenna, að þeir, sem verða duglegir embættismenn á Einglandi, læra það mikið við æfíngu á skrifstofum, en ekki við það, að liggja niðri í einsömlum vísindalestri. Hvað hinu öðru atriði viðvíkur, þá snertir það nú okkur bændurna; hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að þegar menn byrjuðu á einhverju, þá þyrfti menn að geta haldið því áfram; þetta var skynsamleg ályktun, en eg óttast, að áætlun hans um 2500 rdd. árlega til heils skóla sè of lítil; þetta er ekki nema svo sem svarar eins embættismanns árslaunum, og eg vildi því ráða *framsögumanni* til, að athuga þetta atriði málsins; ef svo skyldi nú fara, að stjórnin vildi stofna þenna skóla með fjártillagi, þá er betra, að stínga strax upp á nægilega miklu, svo allt fari ekki á höfuðið strax, og svo þurfi að fara að betla strax. Eg ætla nú ekki að tala um, hvort það lægi nokkur skylda á stjórninni, að leggja fè til skólans, en eg er vongóður um það, síðan stjórnin tók stólagóssin, því að þau voru seld landinu í óhag, og við það hlýtur stjórnin að kannast; menn hafa líka sagt, að það gjöri ekki til, því að stjórnin annast menntunina, hvað embættismanna-kennsluna áhrærir, og verð eg að samsinna, að henni ferst yfir höfuð vel í því, en æðstu embættismenn geta gjört mikið til, ef þeir hvetja heldur en letja í því efni. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður talaði vel og skörulega um það vísindalega í málinu, en þegar hann fór að skoða hina hliðina, þótti mèr sumt athugavert í ræðu hans. Að vísu er það satt, að stjórnleysið og fyrirkomulagið er orsök í mörgu volæði okkar, eins og hann sagði, en hverju er þetta að kenna? opt er talað um, að taka ekki af mönnum frelsi, en þar sem sá heiðraði 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að við vildum einga skatta borga, þar kemur okkur ekki saman; þjóðin er fús að gjalda til þess, sem er nauðsynlegt fyrir land og lýð; en hana

vantar áhuga, vegna þess að það, sem þingið fer fram á, fær ekki framgáng nema endrum og sinnum, sem von er til, á meðan þingið vantar allt löggjafar- og skattavald; þetta er, sem að vonum setur deyfð í þjóðina, og það er sem menn ætti að láta sèr annast um, að ráða bót á því. Af þessum ástæðum ætla eg að leyfa mèr að bera upp viðaukaatkvæði við 3. grein í þá átt: „þegar alþingi hefir feingið löggjafar- og skattgjafarvald, og hreinir reikníngar eru komnir á milli Danmerkur og Íslands“.

Jón Hjaltalín: Eg vildi leyfa mèr að rètta misskilníng þíngmannsins úr Strandasýslu; það var ekki meiníng mín, að bændur vildi ekki borga skatt, heldur var eg einúngis að tala um skatt af ónauðsynjavöru.

Magnús Andrèsson: Eg ætla nú ekki að leingja þíngræðurnar mikið. Viðvíkjandi 3. gr., þá var eg í vafa um orðin: *„fyrst um sinn af ríkssjóði“*, nefnilega, hvort landið ætti aptur að borga það sem lánað fè, en það getur nú verið, að sú þýðíng liggi ekki í orðum nefndarinnar. Eg hafði hugsað mèr, að gjöra breytíngaratkvæði við þetta, en þar 2 þíngmenn hafa nú talað um breytíngaratkvæði í líka stefnu, mun eg halla mèr að öðruhvoru þeirra. Eg fagna því, hvað vel er tekið undir þetta mál; eg álít, að öll innlend menntun sè okkur hollari og notadrýgri, og ekki sízt lögfræðin, en sú, sem sótt er í önnur lönd; en hvað því viðvíkur, að efni vanti, þá neita eg nú því ekki, en við vitum ekki, hvað við eigum, meðan við höfum ekki ráð á fjárhag vorum sjálfir, og allt er í samsulli. Nú sem stendur lítur illa út fyrir oss, en ekki er það allt okkur að kenna, eins og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, því ekki ráðum við við hafísinn og hans verkanir, nè við veðráttufarið; skeð getur, að mikið af kláðatjóninu sè okkur að kenna, af því óhöndulega tókst að stemma stigu fyrir honum hèr á Suðurlandi. Þetta mál þarf lángan undirbúníngstíma; má ske efnahagur vor verði farinn að viðrèttast aptur um það leyti.

Indriði Gíslason: Viðvíkjandi 3. gr. í niðurlagsatriðunum, þá vakti hið sama fyrir mèr, og eg heyri að komið hefir fram á þínginu; en mèr datt í hug, að sleppa því af þeirri hugsuu, að þó lagt yrði frumvarp fyrir þíngið í þá stefnu, sem segir í áminnztri grein, þá fannst mèr, að þíngið gæti samþykkt eða fellt það. En fyrst nú breytíngaratkvæði eru komin fram í þessa stefnu, þá ætla eg að halda mèr að þeim.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg vænti eg verði líka eins

og hinir að láta meiníngu mína í ljósi um þetta mál, og verður hún á þessa leið, að eg mun hallast að nefndarálitinu, því eg hefi ætíð álitið það bæði gagn og sóma fyrir landið, að það gæti átt lagamenntunarstofnun sjálft, og slík ósk og meiníng hygg eg að ríki hjá allmörgum bændum, og að hún sè ekki ný, heldur gömul, því víst hefir það þótt bæði líklegt og mögulegt, að fá þá fræði hèr í landi, þá Íslendíngar höfðu þann eiðstaf í þeim gamla sáttmála, að jafnan skyldi vera íslenzkir bæði lögmenn og sýslumenn. Það er líka sú vísindagrein, sem bændur jafnan hafa einhvern veginn haft fýsn og náttúru til, svo varla mundi þurfa að kvíða því, að skóla þeim yrði ekki uppi haldið fyrir lysthafandafæð, eða aðsóknarleysi. Um kostnaðinn, til að koma stofnun þessari á fót, virðist mèr að ræður manna hafi farið oflángt í þetta sinn, þegar menn hafa farið að smíða til þess ýmislega smásmuglega nýja tolla. Nefndin hefir nú stúngið upp á því, að hann yrði greiddur af ríkissjóðnum, og ræður skynsömustu manna hafa bent á, að það mundi ekki vera ótilhlýðilegt, þar stjórnin hafi tekið til sín góss þau og fèmuni, sem áður báru allra vísinda menntunarkostnað þessa lands, og er líklegt að svo muni verða, altènd, að varauppástúngan fáist, að ríkissjóðurinn láti þenna kostnað í tè fyrst um sinn; fari þá á endanum öðruvísi, en maður vonar, þegar reikníngarnir verða rifnir í sundur, og að Íslandi gjörist að bera þenna kostnað, svo koma þá dagar ráð, og mun Íslandsþjóð þá varla vilja vinna það til, að missa þessa vísindastofnun, þó hún eigi að standa kostnaðinn, ef hann yrði hentuglega álagður.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg undirbúníngsumræðunni lokið.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til umræðu nefndarálit í málinu um *fiskiveiðar útlendra þjóða*. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Skagfirðínga.

Var málið afhent *framsögumanni* er las upp nefndarálitið svo hljóðandi:

„Hið heiðraða alþíngi hefir falið oss á hendur, sem ritum nöfn vor hèr neðan undir, að segja álit vort um ýmsar bænarskrár viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra, einkum Frakka, hèr við land. Vèr höfum nákvæmlega athugað þetta mál, og skulum nú stuttlega skýra þínginu frá áliti voru um það.

Vèr getum ei haldið það mundi verða til nokkurs, þó að þíngið

nú færi að biðja stjórnina að reisa skorður við fiskiveiðum útlendra manna á miðum vorum með *nýju lagaboði*, eins og farið er fram á í tveimur bænarskránum, hvort sem svo heldur ætti að einskorða þær við staðinn, með því að bægja útlendum fiskimönnum sem leingst frá landinu, eins og farið er fram á í bænarskránni frá Snæfellsnessýslu, eða þá heldur við tímann, eins og menn hafa stúngið upp á í Austur-Skaptafellssýslu, með því að leyfa ei útlendum mönnum, að veiða á fiskimiðum vorum fyr en eptir 12. maí. Sá er nú almennt siður meðal þjóðanna, að hvert land eignar sèr ei hafið fyrir utan, leingra en í hæsta lagi viku sjóar undan landi, nema sèrstakir samníngar sè gjörðir, er annað ákveði. Lög, er konúngur vor í sameiníngu með alþíngi vildi setja af eigin rammleik, mundi því í þessu máli eingan veginn verða einhlít, og stjórnin yrði því eins fyrir því að reyna að koma sèr saman um málið við hinar útlendu þjóðir, einkum Frakka, er sækja á fiskimið vor. En auk þess, að vèr eingan veginn þykjumst hafa neina vissu fyrir því, að stjórn vor muni vera svo fús á, að fara nú að reyna til að koma á nýjum samníngi um þetta mál við hina frakknesku þjóð, þá efumst vèr og miklu fremur stórlega um, að henni mundi verða nokkuð ágeingt, þó hún lèti leiðast til, og vèr getum því alls ekki sèð nokkra ástæðu til, að ráða þínginu nú til, að fara því á flot við stjórnina, sem vèr helzt þykjumst sjá fyrir að árángurinn muni verða minni en einginn af. Hitt er annað, sem líka er tekið fram í bænarskránni úr Snæfellsnessýslu, og sömuleiðis kvartað yfir í bænarskránum úr Ísafjarðar-, Barðastrandar- og Múlasýslum, að því verði nákvæmur gaumur gefinn, að útlendir fiskimenn spilli ei veiðarfærum íslenzkra báta; því á slíku á hver þjóð sjálfsagða heimtíngu með fullum lagarètti, og eins og vèr erum sannfærðir um, að hinir útlendu menn með eingu móti vilja spilla nokkru fyrir Íslendíngum af ásettu ráði, eins efumst vèr ei heldur um, að á þessu muni verða hægt að fá alla þá rèttíngu, sem nauðsynlegt er. Þykir oss það því og vel tilfallið, að þíngið í álitsskjali sínu til konúngs um þetta mál taki einmitt þetta atriði fram ásamt öðrum, sem nú skal betur tala um.

Alþíngi beiddi þess 1857, að nákvæmt eptirlit yrði haft á því, að útlendir menn fiski ekki nær ströndum Íslands, en lög og samníngar leyfa, og stjórniu hefir í auglýsíngu 27. maí 1859 lofað, að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem bezt henta. Þó að vèr nú, eins og áður er sagt, sèum sannfærðir um, að árángurinn af ráð-

stöfunum stjórnarinnar aldrei geti orðið sá, sem farið er fram á í áðurnefndum bænarskrám, þar sem allt verður að vera komið undir því, hvort menn koma sèr saman um lögin og samníngana, þá þykir oss þó sjálfsagt, að alþíngi verði að láta konúngi vorum í ljósi gleði sína yfir þeirri hinni góðu undirtekt, sem stjórnin hefir veitt málinu, og einkum því, að hún þegar hefir gjört nokkrar ráðstafanir til að ráða sem bezt úr því, með því að senda herskip híngað til landsins, er eptirlit skuli hafa með því af hennar hendi, að hinir útlendu fiskimenn gjöri ei landsmönnum óskunda eða spilli veiðarfærum þeirra; því þetta er óefað bæði nauðsynlegt og líka vel tilfallið, þar sem við því má búast, að hinir útlendu menn einnig muni hafa betur gætur á sèr, ef þeir vita, að þeim er líka gefið auga af Íslands hálfu, og fyrir hinu þarf ei að gjöra ráð, að þeir með ofbeldi og ráng-sleitni muni reyna til að halda fram órèttu máli. En hversu vænt sem oss því nú þykir um þessa ráðstöfun stjórnarinnar, þá getum vèr þó ei sagt, að vèr álítum hana nægilega til þess, að koma öllu fiskiveiðamálinu undir Íslandi í það horf, sem vèr mundum kalla æskilegast og landsmönnum hollast, og skulum vèr því viðvíkjandi þessu leyfa oss að benda hinu heiðraða þíngi á nokkur aðalatriði, sem vèr álítum vel tilfallið að það einkum hefði tillit til í bænarskrá sinni til konúngs um þetta mál.

Það er sannfæríng vor, að sjórinn æfinlega, þegar hann er fyllilega notaður, megi verða hin mesta auðlegðaruppspretta fyrir Ísland, og er það því að vísu sárt að vita, að mestur hluti þessarar auðlegðar lendi nú hjá útlendum mönnum, en ei Íslendíngum, sem þó sýnist ætti að vera bezt settir til að nota sèr hana. Eptir því sem vèr frekast vitum, þá má nú óhætt telja svo, að á ári hverju liggi hèr um bil 350 útlend fiskiskip á miðum vorum, og ef menn nú telja, sem rèttast kvað vera, að hvert afli að meðaltali 40 þúsundir fiska á ári, þá verður það eptir því hèr um bil 140, 000 skipp., eður að minnsta kosti allt að 3 millióna dala virði, sem segja má að útlendir menn á ári hverju flytji burt af miðum vorum; og er þetta eigi lítið fè, sem auðsjáanlega mætti verða auðlegð lands vors til hinnar mestu eflíngar, ef megin þess, sem eðlilegast væri, rynni í sjóð Íslendínga sjálfra. En um hvað er að tala, meðan menn geta ekki sjálfir borið sig eptir björginni á haganlegastan hátt? Vèr vitum reyndar, að hin frakkneska stjórn á marga vegu hlynnir að fiskiveiðum þegna sinna hèr við land, bæði með ákveðnum verðlaunum fyrir hvert skip, og eins líka með því, að leggja svo háan toll

á aðflutníng fiskjarins í útlendum skipum, að öll fiskiverzlun á Frakklandi að eins verður að lenda í höndum hinna frakknesku fiskiveiðafèlaga; og vèr óskum þess því einnig, að stjórn vor láti sèr það ei úr minni fallast, að styðja einnig á þann hátt að því, að fiskiveiðar Íslendínga megi eflast sem mest, og fiskiverzlun vor verði sem arðsömust, að hún ámálgi það aptur og aptur við hina frakknesku stjórn, hve nær sem hún sèr sèr fært, að nema af þann ójafnaðartoll á fiskinum á Frakklandi, er eingir í rauninni hafa hag á nema einstök einokunarfèlög. En vèr getum þó eigi annað sèð, en að aðalatriðið í öllu málinu sè þó einkum það, og að með því móti fáist einnig hin bezta vörn á móti því, að útlendir menn sè ekki allt af taldir að spilla fyrir oss á fiskimiðum sjálfra vor, ef öll stund yrði lögð á það, að Íslendíngar sjálfir gæti farið að sækja sjóinn með meira afli og notað fiskimiðin á annan hátt, en menn hèr á landi nú hafa gjört í margar aldir; og finnst oss líka svo, sem að stjórnin mætti einnig hjá oss eiga góðan þátt í, að þetta mætti takast. Menn róa hèr á landi enn, sem alkunnugt er, til fiskjar að mestu leyti að eins á opnum bátum eða skipum, en þó eru nú allir orðnir samdóma um, að sú aðferð, sem útlendir menn hafa, að veiða fiskinn á haffærum þiljuskipum, sè bæði miklu arðsamari og að öllu samtöldu kostnaðarminni, og þykir oss vænt, að stjórnin hefir nú einnig viðurkennt, hve nauðsynlegt það væri fyrir Íslendínga að taka nú almennt þessa aðferð upp, þar sem hún í vor hefir hvatt menn í Gullbríngusýslu til, að leggja saman í þiljuskip sín á meðal, og heitið styrk sínum til, ef slíkur fèlagsskapur kæmist á. En raunin hefir því miður sú á orðið híngað til, að þó menn hafi feingið sèr þiljuskip, þá hefir opt, þegar til hefir komið, eigi að eins vantað íslenzka stýrimenn, til að vera fyrir þeim, heldur og einnig íslenzka sjómenn, er vanir sè að vera á haffærum þiljuskipum, svo að margar góðar tilraunir hafa orðið að eingu sökum þessa vandræðis. Sýnist því svo, sem hèr sè í byrjuninni einkum um eitt að gjöra, en það er, að skapa duglega íslenzka sjóliða, er síðan megi skipa þiljubátana, og efumst vèr því eigi um, að stjórnin einnig muni vilja hlynna að þessu á bezta hátt, og skulum vèr þá enn reyna að benda á, hvernig vèr helzt ímyndum oss að þetta megi verða.

Þess er farið á leit í sumum bænarskránum, og stjórnin hefir einnig, sem áður er umgetið, sýnt vilja sinn á því, að hafa nánara eptirlit á hinum útlendu fiskimönnum við Ísland, en híngað til, með

því að senda hingað herskip á ári hverju; og er það líka sjálfsagt, að einhverja slíka lögreglustjórn á sjó þarf nú því fremur við strendur vorar, sem fleiri útlendum þjóðum nú einnig er leyft að sækja hingað til verzlunar. En oss virðist nú líka svo, sem hèr sè þá ei svo óhægt að sameina tvennt í eitt, sem nauðsynlegt er, það nefnilega, að halda reglur við strendur landsins, og eins hitt, sem eigi er minna áríðandi, að skapa íslenzka sjómenn og stýrimenn á þiljuskipin, ef stjórnin, í stað þess, að senda hingað með ærnum tilkostnaði albúið danskt herskip um nokkra sumarmánuði, vildi að eins láta útbúa 4 smáskútur *(Kuttere)*, er lægi við á Íslandi bæði sumar og vetur, og mætti þá ein af þeim vel vera regluleg herskúta. Það er auðvitað, að í upphafi yrði að eins danskir menn að vera á skútum þessum, en tilgángurinn ætti þó að vera sá, að þær smátt og smátt yrði skipaðar af eintómum Íslendíngum, er á þann hátt vendist við reglulega sjómennsku á hafskipum, og vildum vèr því stínga upp á því, að það yrði leitt í lög, svo þessu mætti verða framgeingt, að svo og svo margra sjómanna útboð mætti á ári hverju hafa hèr í landi, til þess að skipa þessar skútur, og skyldi þá hver vera skyldur að vera á þeim 3 ár í samfellu. Með þessu móti mætti bæði hafa nógar gætur á útlendum fiskimönnum og öðrum hèr undir landi, og eins líka skapa það sjólið, sem oss mundi nægja í fyrstu, svo að gagnið auðsjáanlega mætti verða miklu meira fyrir Ísland og allt ríki konúngs vors, en kostnaðurinn að líkindum varla meiri, heldur en þó að eins eitt stærra herskip verði sent hingað um litla stund á hverju sumri; en það finnst oss nauðsynlegt, að skúturnar sè hèr bæði sumar og vetur, svo að þær sè strax til taks á vorin, og mætti það þá vera starfi foríngjanna á vetrum, að kenna efnilegum mönnum siglíngafræði, er reyna vildi að verða stýrimenn á þiljuskipum.

Af þessum ástæðum, sem vèr nú höfum talið, viljum vèr því ráða þínginu til, að biðja konúng vorn um:

1. *Að hann framvegis mildilegast vilji gefa fiskiveiðamálinu undir Íslandi sèrlegan gaum.*
2. *Að hann meðal annars feli stjórn sinni á hendur, hve nær sem honum þykir það tiltækilegast, að fara þess á flot við hina frakknesku stjórn, að ójafnaðartollurinn á fiskinum á Frakklandi verði af numinn hið allra-fyrsta.*
3. *Að hann vilji skipa svo fyrir, að 4 smáskútur (Kuttere), og þó ein að minnsta kosti regluleg herskúta, skuli framvegis liggja hèr við land bæði sumar og vetur, til að hafa*

aðgætur á aðgjörðum útlendra fiskimanna, og halda uppi lögreglu utan um landið.

4. *Að hann vilji láta leiða það í lög, að útboð verði framvegis gjört á hverju ári af íslenzkum sjómönnum, til þess að skipa hinar fyrnefndu skútur, um 3 ár hver.*
5. *Að tala þessara manna verði síðar ákveðin með lögum.*

Reykjavík, 23. júlí 1859.

Pètur Pètursson, formaður. *Páll Melsteð,* skrifari. *Jón Hjaltalín. Stefán Eiríksson. Gísli Brynjúlfsson,* framsögumaður".

Gísli Brynjúlfsson: Eg ætla mèr þá ei að vera að eyða mörgum orðum fyrir fram, til að verja þetta mál, því eg vona allir viðurkenni, að það er mikilvægt í sjálfu sèr. Mèr hefir æfinlega fundizt, þegar eg hugsa um hag Íslands, að það sè einkum þrjú mál, sem oss sè mest undir komið að fái sem bezt úrslit, því þau eru eins og undirstaðan undir öllu; það er að segja, að sjóaraflinn, landbúnaðurinn og verzlunin mætti komast í það horf, sem landinu getur orðið arðsamast og hagfelldast. Hèr ræðir nú að eins um sjóaraflann, og verð eg þá að segja, að oss nefndarmönnum fannst það vera aðalatriðið í því máli, er oss var feingið til meðferðar, að alþingi gjörði sitt til, að hann mætti verða landsmönnum svo arðsamur, sem bezt má verða. Vèr erum sannfærðir um, að það mundi leiða til lítils, þó menn nú færi að biðja stjórn vora að bægja útlendum fiskimönnum eins lángt frá landinu, og farið var fram á í sumum bænarskránum, því hún ræður ei ein þjóðarrèttinum; og get eg enn fært það til dæmis, að við Nýfundnaland, sem Einglendíngar eiga, hafa Ameríkumenn þó haft leyfi til að fiska jafnnærri landinu og Nýfundnalandsmenn sjálfir á tilteknum stöðum, og þess utan líka þurrka fisk sinn í landi þar, en alstaðar við strendur þess í minni fjarska en viku sjóar undan landi, og vita þó allir, hversu miklu hægra Einglendíngum mundi vera að hafa eitthvað annað fram, ef það væri álitið hæfilegt, heldur en vorri stjórn, þar sem England, sem alkunnugt er, leingi og með fullum rètti hefir talið sèr það helzt til gildis, að ráða mestu meðal þjóðanna um lög og lof á hafinu. Vèr gátum því ei sèð neitt annað úrræði hèr, en að Íslendíngar sjálfir yrði að bera sig að nota sjóinn á sama hátt og hinir útlendu menn, er fiska hèr undir landi; og þar sem oss einnig er það kunnugt, að öll vandkvæði á því, að svo megi verða, einkum rísa af því, að oss vantar sjómenn, er vanir sè að vera á hafskipum eða þiljubátum, þá fannst

oss ekkert eðlilegra, en að þingið vekti athygli stjórnarinnar á þessu máli, eins og farið er fram á í nefndarálitinu. Vèr vitum það, að í fornöld sóttu Íslendíngar sjó miklu betur en nú, og stóðu þá um lángan tíma flestum öðrum þjóðum framar í þessu tilliti, svo að sjóferðir þeirra þá eru nú víðfrægar orðnar; síðan hefir landið þó ei breytzt, að minnsta kosti ei í þessu tilliti, og apturför vor í sjómennsku, sem svo mörgu öðru, verður því að koma af einhverri annari ástæðu. Eg er sannfærður um, að það er að eins laginu og aðferðinni, sem menn nú hafa, að kenna, og öllum sjóarútbúnaðinum, að oss tekst nú miklu ver en áður, því því verður ei neitað, að þetta allt er nú hjá oss orðið mjög svo úrelt, og eins og öll stórskipin eru horfin oss, eins erum vèr nú og orðnir óvanir öllum reglulegum hafsiglíngum; en eg efast því ei heldur um, að allt þetta megi vel lagast, ef aðferðin og áhöldin að eins eru bætt, því það er trú mín, að hèr á Íslandi megi þá, ef allt fer með feldi, aptur verða eins miklir sjómenn í öllu tilliti, og þeir áður voru, og það þykir mèr eðlilegast. En til þess að koma einhverju til leiðar í þessa átt, sá nefndin eingin önnur úrræði, en þau, sem stúngið er upp á í álitsskjalinu, því þó vèr ei efumst um, að stjórn vor muni fúslega vilja gjöra allt, sem á hennar valdi er, til þess, að koma Íslandi upp, og þá ei sízt hvað sjómennsku og fiskiveiðum viðvíkur á þilskipum, sem hún sjálf hefir viðurkennt að væri svo nauðsynlegt, þá þótti oss þó ei annað hlýða, en að það einnig sæist, að Íslendíngar sjálfir væri líka fúsir að leggja eitthvað í sölurnar til þessa.

Að svo mæltu fel eg nú þá málið á hendur þínginu, og vona það gjöri góð afdrif þess; en einkum þætti oss þó gott, að heyra álit þeirra manna hèr innanþíngs, er annaðhvort þekkja vel til sjóar og fiskiveiða, eða eru sjálfir góðir sjósóknarar.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að lýsa því, að mèr fellur nefndarálitið yfir höfuð vel í geð, bæði hvað uppástúnguatriðin snertir og anda álitsskjalsins yfir höfuð. Eg get eigi annað sèð, en að uppástúngurnar sè að mestu vel hugsaðar, og væri þær settar í verk upp á haganlegan máta, held eg þær gæti orðið landinu til góðs. Þó er þetta einúngis mín persónulega meiníng, hvar á mót eg ekkert get sagt um, hvernig stjórnin muni líta á þetta mál. Eg skal biðja nefndina, að upplýsa mig um, hvort þær skútur, sem tilgreindar eru í 3. atriði, eigi allar að vera vopnbúnar eða ekki, því sè það ekki meiníngin, að þær skuli vera það allar, fæ eg ekki sèð, hvernig þær geti haldið lögreglugæzlu í kríng um landið.

Jón Hjaltalín: Viðvíkjandi spurníngu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* vil eg leyfa mèr að geta þess, að nefndina greindi í fyrstu á um það, hvernig haga skyldi þessum skútum, hvort þær skyldi allar vera herskip, eður hve margar. Kom hún sèr loks niður á því, að það skyldi vera þær smáu herskútur, sem kallaðar eru *„Krydsere“*. Eru það algeing skip, bæði í Danmörku og öllum löndum; eru það litlar skútur, frá 20—40 lesta stórar, eins og *jagtir*, eða þó fremur sem *„Kuttere“;* vopnaðar eru þær, og vopnað fólk á þeim; eru slíkar skútur kallaðar *„Toldkrydsere“*. Í fyrstunni leizt nefndinni, að til taka 4 þess konar skútur, en síðar þótti henni betra, að hafa eina þeirra reglulega herskútu, *„Krigskutter“;* eru þær vanalega hèr um bil helmíngi stærri, hafa helmíngi fleira lið, helmíngi fleiri fallbyssur, vanalega 4, hinar 2, hafa betri vopn, og eru yfir höfuð í meira áliti. Skipstjórinn á þeim er einhver af heldri sjóliðsforíngjum; en það er ekki á hinum.

Á hvorumtveggja skútunum eru viðhafðar heræfíngar, en þó meiri á herskútunum. Eg fèllst og síðar á, að ein skútan væri úr herskipastól Dana, en þó að hún væri ein af hinum minnstu; en hinar væri með svo sem 2 fallbyssum; áleit nefndin það nóg, þegar þær sigla undir konúnglegu herflaggi, svo að skip, sem í grennd eru, vita af því, að það er ei fært að keppa við þær, þó þau hafi fleira lið, sem opt kann að vera, einkum á fiskiskipum. Geta þær í því tilliti gjört mikið gagn, því hin önnur skip þora þá ei annað en að hlýða eður fara löglega fram. Skútur þessar hafa opt orðið að liði; eg vil tilnefna í síðasta stríðinu, þá tóku þær eigi allfá kaupför óvinanna. Nefndin áleit hentugast að skipta þeim þannig, að ein væri í Faxaflóa, ein á Breiðafirði; ein fyrir Norðurlandi, og ein á Austfjörðum; og skyldi þær standa undir stjórn og umsjón amtmannanna; gæti þær þá verið eins og *„Kystpoliti“*, og haft gætur á útlendum kaupförum, fiskiskútum, o. fl. Hve margir skyldi verða teknir af Íslendíngum á þær, vildi nefndin ekki ákveða, heldur geyma það, þángað til frumvarp frá hendi stjórnarinnar yrði lagt fyrir næsta þíng í þessu máli.

Konúngsfulltrúi: Eptir þeirri skýrslu, sem hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður nú gaf áhrærandi atriði það, er eg hafði óskað upplýsíngar um, verð eg að lýsa því yfir, að eg fyrir mitt leyti er í þeim verulegustu atríðum samdóma nefndarálitinu.

Þórður Jónassen: Eg skal líka taka undir það, að nefndarálitið í þessu máli sè í alla staði vel af hendi leyst, og eg er líka

á því, að þetta mál sè umvarðandi fyrir Ísland, en hvort því verður komið í það horf, sem nefndin ætlast til, þar um geta verið deildar meiníngar. Það verulegasta atriði í málinu er það, að ójafnaðartollurinn á fiskinum feingist afnuminn, en það lítur svo út, sem þetta sè vandkvæðum bundið, að minnsta kosti fór embættismannanefndin, sem hèr var sett 1838, þessu á flot við stjórnina, en eg veit ekki til þess, að út af því sè neitt enn þá komið, en þó getur það, ef til vill, lagazt, og þá kalla eg það feingið, sem í þessu máli varðar mestu.

Skoðun Íslendínga á fiskiveiðum útlendra hèr við land hefir að öðru leyti verið breytileg; fyrrum var kvartað yfir því, að þeir, með því að halda sig leingra út frá landi á útmiðum, drægi fiskinn þángað frá innmiðunum með niðurburði. Nú er kvartað yfi því þeir fiski of nærri landinu, og taki fiskinn frá Íslendíngum. Nú sýnist mèr, þegar skúturnar, sem beðið er um af nefndinni, væri komnar, mundi gamla umkvörtunin aptur koma upp, því skútum þessum mun ætlað, að bægja útlendu fiskiskipunum frá og til útmiðanna, því ekki mun þeim eiginlega ætlað, að vernda landsmenn hèr fyrir óskunda af hendi útlendu fiskimannanna, þar sem Frakkar, og þeir fiska hèr við landið einna mest, hafa hèr skip árlega, til að halda vörð á slíku; eg sè því ekki, að mikið gagn muni geta orðið að þeim skútum, sem beðið er um, en að vísu mikinn kostnað hins vegar því samfara. Það er hvorttveggja, að útlendir fiskimenn að því leyti mèr er kunnugt, nú mun ekki þurfa að halda sig leingra frá landi, en viku sjávar frá útnesjum, enda mundi verða bágt að halda vörð á þessu kríng um allt land, enda þó skipin væri miklu fleiri en 4. Um hinar nefndarinnar uppástúngur skal eg ekki tala að svo komnu.

Konúngsfulltrúi: Það er þó eptir minni meiníngu einnitt 2. uppástúnguatriðið, sem hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður, er nú settist, mælti fram með, sem hættast er við að ekki fái framgáng. Hinn frakkneski keisari er að vísu mjög unnandi frjálsum grundvallarreglum í verzlunarefnum, og því hefir hann leitazt við, að koma verzluninni í ýmsum greinum í frjálsara horf en nú er; en hversu voldugur og framkvæmdarsamur sem hann er, hefir honum þó ekki tekizt að koma fram sinni skoðun í þessu efni vegna mótspyrnu þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli. Eg hefi því eigi mikla von um, að það takist, að fá afnuminn ójafnaðartollinn á fiskinum í Frakklandi, því kaupmannafèlög þau, er þar eiga hlut að

máli, munu setja sig á móti því. Samt vil eg eingan veginn ráða frá því, að þingið aðhyllist þessa uppástúngu nefndarinnar.

Arnljótur Ólafsson: Eg játa það, að nefndarálitið sè vel samið, og vil eg vera því samdóma, að svo miklu leyti sem eg get. Eg ætla samt að leyfa mèr að gjöra nokkrar athugasemdir við uppástúngur nefndarinnar. Hvað þá snertir 1. atriðið, þá finnst mèr það vera þýðingarlaust, svo eg er hvorki með því nè móti. Um 2. atriðið vil eg geta hins sama, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og 1. konúngkjörni þingmaður, að eg álít, að ekki sè vert að biðja um það, sem að öllum líkindum fæst ekki, því svo er mál með vexti, að þegar ein þjóð fær betri kjör, þá fá hinar það líka. Það yrði þannig sama, að biðja um þetta fyrir Ísland, eins og að biðja fyrir öll lönd, því eptir samníngum milli ríkja er það vanaleg grein eða *klásúla*, að þegar eitt vinaland fær betri kjör, þá skuli hin öll líka fá þau; þingið ætti því ekki að sýna sig svo ófrótt um þjóðarètt, að fara að biðja um slíkt; árángurinn yrði einúngis, að rituð yrði nokkur brèf á frakknesku í Kaupmannahöfn, og send til frakknesku stjórnarinnar til að fá afsvar. Mèr þykir það líka allundarlegt, að ætla sèr að reyna, að bægja Frökkum frá sèr, en biðja þá þó um leið um þóknun og ívilnanir; það kynni þó að verða til þess, að Frakkar gjörði gys að því, sem einhverju öðru, og hætt er við því, að Frakkar tæki það óstinnt upp. Þriðja atriðið finnst mèr bæði merkilegast og bezt, og er eg því að mestu leyti samdóma. Þó vil eg stínga upp á, að breyta því, þar sem stendur *„sumar og vetur“*, og setja: *„frá vori til hausts“*, eður þann tímann, sem Frakkar eru hèr. Eg vil því áskilja mèr breytíngaratkvæði síðar meir á þessa leið; eins veit eg ekki, hvort orðið *„aðgætur“* í uppástúngunni er gamalt eða nýtt; þó ætla eg ekki að taka mèr um það breytíngaratkvæði að sinni. En nú kemur hnúturinn í nefndarálitinu, nefnilega 4. og 5. atriðin. Nefndin álítur nauðsynlegt að koma hèr upp þiljuskipum; er eg og á því, að það væri gott og æskilegt, en um leið vil eg þó benda til þess, að eg álít ekki svo auðhlaupið að því, en þeir af þingmönnum, sem hèr eru, og eru vanir sjómenn, geta víst gefið betri upplýsíngar í því efni. Eg vil líka geta þess, að bæði í Noregi, Orkneyjum og Hjaltlandi eru almennt brúkaðir opnir bátar, eins og hèr er nú; það er annað, þó þeir eigi fáein þiljuskip, sem þeir senda til Spitsbergen á hvala- og sela-veiðar. Mèr þykir heldur ekki ástæða til, að þingið biðji um útboð úngra manna hèðan, eins og ráð til að læra sjómennsku við sjómannaskóla, sem standa

skuli á 4 fótum, þ. e. á þessum 4 skútum, því eg vil halda, að þeir læri ekki svo mikið á því, að það geti gefið neinn mikinn ávöxt, þó þeir óneitanlega hljóti að læra nokkuð. Eg vil einnig leyfa mèr að biðja hina heiðruðu nefnd, að upplýsa mig á því, hvort hún ætlaðist til, að nú yrði sent frumvarp til stjórnarinnar, og lagaboð um þetta kæmi frá konúngi nú þegar, því ef það er hennar meining, þá verð eg að vera því öldúngis mótfallinn, og eg get ekki dulizt þess, að eg er hræddur um, að svo sè, því mèr sýnist 5. atriðið benda til þess, þar sem sagt er, *að tölu* þessara útboðsmanna skuli *síðar* ákveða með lögum, en ekki tiltekið um útboðið sjálft, og þykir mèr það sannarlega merkilegt. En eg vil ekki fara leingra út í það nú, heldur ætla eg að bíða svars frá nefndinni.

Framsögumaður: Eg skal nú nokkuð reyna að svara þeim mótbárum, sem komið hafa móti uppástúngum nefndarinnar, og verð eg þá fyrst að segja með tilliti til þess, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að eg skil ei, til hvers hann eiginlega var að segja það, nema ef það hefði verið í þeim tilgángi, að eyða öllu málinu. Hann kvaðst í sjálfu sèr vera ánægður með nefndarálitið, en halda þó, að að eins önnur uppástúngan væri hafandi, og bætti hann því þó við, að hann vissi af eigin reynslu, að hún mundi varla hafa framgáng, en allar hinar uppástúngurnar, sem nefndin hafði gjört mest úr, áleit hann með öllu gagnslausar og óhafandi. Eg hèlt þó, að það hefði verið nógu skýrt tekið fram í nefndarálitinu, að vèr hefðum litla von um, að nokkur árángur mundi svo bráðlega sjást af 2. uppástúngunni, en vèr álitum oss þó skylt, að hreifa þessu við stjórnina, af því málið í sjálfu sèr er svo mikilsvert; og þykir mèr það þá nokkuð skrítið að taka einmitt þetta eina atriði að sèr, sem minnst er von um að hafi nokkurn framgáng, en gánga alveg fram hjá hinum, sem miklu meiri ástæða er til að halda að einhver árángur sjáist af.

Hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga hèlt, að allur árángurinn af 2. uppástúngunni yrði að eins sá, að nokkur brèf yrði skrifuð á frakknesku í Kaupmannahöfn. Nú, þetta kann nú vel að vera satt í fyrstu, en eg sè þá eingan skaða í því, því allir samníngar meðal þjóða byrja þó upphaflega með brèfaskriptum (*Arnljótur Ólafsson:* Grímur Thomsen skrifar). Nú, það er annað mál, ef hinn háttvirti þíngmaður þykist hafa einhverja ástæðu til þess, að unna ei einhverjum einstökum manni að skrifa frakknesk brèf um þetta mál, en eg hefi ekki fundið nokkra slíka, og þess konar ástæður

koma þá að minnsta kosti ekki þínginu við. Þingmaður Borgfirðínga sagði enn, að þingið sýndi of mikinn ófróðleik með því, að biðja stjórn vora að semja við Frakka um mál, sem kæmi mörgum öðrum þjóðum við, og væri byggt á verzlunarsamníngum Frakklands við önnur lönd, en hann játaði þó um leið, að það væri satt, sem nefndin hefði sagt um málið, og get eg þá ei séð nokkurn ófróðleik í því, að biðja um breytíngu á því, sem menn einmitt með slíkri beiðni sýna að menn vita hvernig er; og hefði því þingmaðurinn heldur eigi þurft að vera að sýna þínginu fróðleik sinn með því, að segja því, að hann þekkti verzlunarsáttmála Frakka við aðrar þjóðir, því þetta vit hans kemur hèr að eingu haldi. Hann sagði og, að það væri hlægilegt fyrir Íslendínga, að vera að biðja Frakka um ívilnun við sig, um leið og við annars vildum reyna að bægja þeim frá landinu; en þetta er alveg ránghermt, því vèr höfum aldrei viljað fara fram á, að bægja Frökkum frá landinu, eður á nokkurn hátt að sýna oss þeim óvinveitta, heldur höfum vèr álitið, einmitt af því allt annað væri alveg ómögulegt, að hið einasta, sem um væri hugsandi, væri það, að Íslendíngar sjálfir færi þá líka að nota fiskimiðin undir landinu á sama hátt og hinir útlendu menn. Heldur ekki átti það nokkurstaðar við, sem þingmaðurinn sagði með tilliti til hinna opnu báta, því hverjum hefir nokkurn tíma dottið í hug, að vilja leggja þá niður, þó menn líka vilji reyna að koma upp þilskipum? Og að Skotar og Einglendíngar einnig fiskuðu á opnum bátum við land, þurfti hann ei heldur að fræða oss um, því það sáum við báðir jafnvel á ferðinni hingað til Íslands í sumar; en man hann þá ei, að við sáum líka ensk og skozk þilskip á fiskiveiðum lángt undan landi, og sumstaðar í landsýn við Jótland og Noreg.

Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti fyrsti konúngkjörni þingmaður sagði um kostnaðinn, ef 3. uppástúngu nefndarinnar yrði framgeingt, þá ímyndaði nefndin sèr þó, að hann mundi varla verða miklu meiri fyrir 4 slíkar smáskútur, sem hún hefir haft tillit til, heldur en fyrir eitt stórt herskip, en nytsemin af þeim þó miklu meiri; það er reyndar satt, sem hann sagði, að hin frakknesku fiskiveiðafèlög bera sjálf að nokkru leyti kostnaðinn fyrir hin frakknesku herskip, er hèr liggja við land á ári hverju, en þó veit eg, að stjórnin sjálf tekur líka töluverðan þátt í þessum kostnaði, auk þess að hún leggur skipin til; og þó það sè nú víst, að við höfum eingin slík fèlög, til að kosta skip fyrir okkur, þá getum við þó í þess

stað boðið að leggja fram mennina á skipin, eins og nefndin hefir stúngið upp á. Mèr þykir því og vænt, að þíngmaður Borgfirðínga kvaðst helzt mundu verða með 3. niðurlagsatriðinu, því eg vona þá það komi af því, að hann sè einnig á aðaltilgánginum, sem er að skapa duglega íslenzka sjóliða (*Arnljótur Ólafsson:* Nei). Ja, þá veit eg ei, til hvers allt ætti að vera, því til hins nægir sú tilhögun, sem stjórnin sjálf nú hefir ætlað að hafa með eitt herskip. En það finnst mèr skylda vor Íslendínga, að hugsa um hitt, og til þess að koma því til leiðar, sáum vèr ekkert annað ráð, en að bjóða fram mennina á skipin; og því hefi eg enn ekki heyrt neina skynsamlega ástæðu á móti útboði því, er vèr höfum stúngið upp á, því það á að eins að koma landsmönnum sjálfum til nota, og er eingin tilraun til að læða nokkurri útlendri kúgun inn í landið. Mèr finnst það því og þarflaus og einkisverð hótfindni, að vera að leita upp smá-smuglega agnúa, og jafnvel ránglæra, til þess að geta fundið þá, en gefa sjálfu aðalmálinu, sem einginn þó getur neitað að er mikilvægt, næstum því eingan gaum, og skal eg því ei vera að svara slíkum útúrdúrum leingur. Um orðið *„aðgætur“*, sem þíngmaður Borgfirðínga enn fór að leika sèr að, skal eg geta þess, að það er að eins rángskrifað fyrir *„gætur“*, sem og stendur í frumritinu, og svo að endíngu svara hinum sama þíngmanni því upp á spurníngu hans, að nefndin áleit sjálfsagt, að konúngur lèti síðan leggja frumvarp fyrir alþíngi um útboðið, ef menn fèllust nú á það hèr. Þess vegna vildi nefndin ekki heldur til taka nokkuð um mannfjöldann fyrir fram, en þótti gott að heyra nú fyrst meiníngu þíngmanna, bæði um það atriði og önnur.

Þórður Jónassen: Eg skal einúngis út af því, er hinn heiðraði *framsögumaður* mælti, svara því, að eins og eg ekki get að því gjört, þó hann ekki skildi rètt orð mín, þannig get eg heldur ekki gjört að því, þó hann ránglærði þau; það er ekki rètt hermt, að eg legði á móti eða vildi ónýta málið, með því að minnast á ójafnaðartollinn; hitt sagði eg, að mèr þætti mest undir því komið, að hann feingist afnuminn, en eg taldi jafnframt, að vandkvæði mundi á því vera, en það er allt annað, en að segja, að þetta sè ófáandi, því þetta getur hvorki hann nè eg fullyrt.

Jón Hjaltalín: Eg vil leyfa mèr að svara þeim mótbárum, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður kom fram með gegn þessu nefndaráliti. Hann telur það of mikinn kostnað, að halda hèr þessum 4 skútum, og er það gamla og vanalega viðbáran, sem menn

mega vera farnir að þekkja, þegar eitthvað á að framkvæma. En eg vil þá heldur hugsa svo, að ríkisdagur Dana vilji þó heldur leggja nokkuð í sölurnar til þess, að lögin sè verndud; því stjórnin gefur víst lögin í þeirri meiníngu, að hún ætlast til, að þeirra sè gætt, og vill víst kosta æríð til, að þau sè ei yfirtroðin. Þar sem hann sagði, að kvartanir undan Frökkum ætti sèr nú varla stað, þá veit eg þó, að hann, ef hann hugsar sig um, man það eins og margir af oss, að það er ekki leingra en 14 dagar síðan, að vèr heyrðum lesnar upp umkvartanir yfir þeim úr öllum ömtunum, að þeir væri of nærri landi, færi í land, tæki fisk frá mönnum, dræpi fè, fugla, o. fl., tæki upp net og veiðarfæri, og sýndi alls konar ránsháttt. Svona umkvartanir má þíngið ei leiða hjá sèr, og er nær, að ræða um þær, heldur en berja Danastjórn vegna kostnaðarins, því þetta þíng er þó ekki „*Finantsminister*“ Danakonúngs. Þar sem hinn sami konúngkjörni þíngmaður telur vankvæði á, að 2. atriði í uppástúngu nefndarinnar, þá telur hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga það víst, að því verði synjað. Hvaðan kemur honum sú vissa? Hvernig veit hann það, hvað þjóðirnar kunna eða vilja semja um? Eg fyrir mitt leyti held, að frakkneska stjórnin gángi að þessum kostum, því hún kann að sjá, að henni sè það eins hollt. Það kynni að koma illur hnútur fyrir hana um fiskiveiðarnar hèr við land, ef kún ekki skeytti því. Hún hefir hreift því, að Frakkar vilji fá að þurrka fisk sinn hèr, og því verður ekki neitað, en Danastjórn getur fyrirboðið, að flytja fisk út í frakkneskum skipum, og hvernig ætli þá færi? Það gæti orðið sleggja á frakknesku stjórnina, til að slaka til um ójafnaðartollinn. Hvað viðvíkur 4. atriðinu, að herskútur skuli sjá um lögreglu kríng um landið, þá var það ei meiníng nefndarinnar, að þær skyldi reka Frakka burtu, meðan þeir ekki gjöri óskunda, en skútunar fara víst eptir því, sem fyrir þær er lagt, og kann víst Danastjórn að leggja þeim það fyrir, sem henni þykir við eiga eptir kríngumstæðum. Hvað því viðvíkur, að Íslendíngar mundi ei læra mikið á skútum þessum, þó útboð yrði, þá finnst mèr það gagnstætt því, sem talað var um í sjómannaskólamálinu, því það er einmitt hinn bezti skóli, sem feingizt getur, að fá æfínguna í verklegu tilliti, því það er einmitt æfíngin, sem á að gjöra menn lipra og liðuga í því, eins og hverju öðru, og þegar þeir þá gæti um leið lært siglíngafræði, þá virðist mèr það væri hinn æskilegasti sjómannaskóli, sem feingist, og reynslan hefir ávallt sýnt, að æfíngin er hinn bezti skóli. Íslendíngar eru líka vel lagaðir til að vera sjómenn, og efnilegir til

þess; það hafa sagt mèr stýrimenn, sem Íslendíngar hafa verið hjá, og þá vita menn þó, að það verður hverjum að list, sem hann leikur. Það er því að minni meiníngu hið bezta tækifæri fyrir Íslendínga að læra sjómennsku, að vera annað missirið á þessum skútum, en hitt missirið að læra hið *„theoretiska“* hjá formanninum fyrir þeim.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að gjöra litla athugasemd við ræðu hins heiðraða 6. konúngkjörna þíngmanns. Hann sagði nefnilega, að ekki mætti flytja hèðan frá landi fisk í frakkneskum skipum; en þetta er eigi alls kostar rètt. Því allir geta, hvort heldur þeir eru útlendir, sem tekið hafa hèr borgarabrèf, eða innlendir kaupmenn, flutt út fisk hèðan í frakkneskum skipum, með því að borga hið lögskipaða lestagjald. Þar á móti má ei flytja á land upp, til að verka, þann fisk, sem veiddur er á útlendum eða frakkneskum skipum, nema slík skip sè áður það, sem menn kalla *„nationialiserud“*.

Pètur Pètursson: Það gladdi mig mikið, þegar eg heyrði, að hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* geðjaðist vel að nefndarálitinu í þessu máli. Þeim mótbárum, sem fram hafa komið í því, hefir hinn háttvirti *framsögumaður* svarað flestum, og það svo ágætlega, að eg hefi litlu þar við að bæta; líka hefir annar meðnefndarmaður minn talað á móti þeim, svo eg hefi ei annað eptir, en að skýra meiníngu mína, sem nefndarmanns. Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sagði það væri sú ósamkvæmni í bænarskránum um fiskiveiðar útlendra þjóða hèr við land, að áður hefði menn kvartað um, að þeir væri of lángt frá landi, en nú þætti mönnum þeir of nærri; en þetta sannar ekki annað en það, að menn hvorki vilja hafa þá nærri eða fjarri, heldur alveg í burtu. Það gat ekki verið meiníng nefndarinnar, að vilja bægja Frökkum í burtu, því það væri líka ómögulegt, heldur var það meiníng hennar, að þessar 4 skútur ætti að halda reglu uppi kríng um landið, og að með þeim gæti menn feingið hinn bezta sjómannaskóla. Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður tók það fram, að þessarar umsjónar þyrfti ekki við, því að hin frakknesku herskip, sem hèr eru, sæi nóglega um það, og eg veit, að hver sá, sem þekkir yfirboðarana á þeim, hvað þeir eru mannúðlegir og vilja halda reglu á, efast ekki um, að þeir muni gjöra það, sem í þeirra valdi stendur til þess. En þá er að gæta að hinni hliðinni á þessu, sem tekin var áður fram á alþíngi, þegar rætt var um fiskiverkunarmálið, hvort það sè samboðið tign Danastjórnar, að láta aðrar þjóðir halda uppi reglu fyrir sig hèr í kríng um land; það er víst óhætt að nefna þetta hèr, því konúngi var áður ritað um það, og styggð-

ist hann ekki nè fann sig meiddan af því. Hvað því viðvíkur, að hinn háttvirti fulltrúi Borgfirðínga áleit, að menn mundi ei læra mikið á þessum skútum, þá get eg vel skilið í því, ef því breytíngaratkvæði hans yrði framgeingt, að þær skyldi fara aptur á haustin, en nefndin ætlaðist til, að þær væri hèr bæði sumar og vetur; gæti menn svo lært hið verklega á sumrin, en hið *„theoretiska“* á vetrum af yfirmanni þeirra, sem ætti að kenna stýrimannafræði. Ef að nefndarálitið feingi áheyrslu á þínginu, þá álít eg tilgángi nefndarinnar náð.

Um 2. atriðið verð eg að játa, að eg álít það hið mest *„ópraktista“* í nefndarálitinu, og er eg því ekki mótfallinn hinum háttvirta þíngmanni Borgfirðínga, að það mætti helzt missa sig; en þó það sè *„ópraktiskt“* nú sem stendur, þá er ekki loku fyrir skotið, að það verði ekki einhvern tíma öðruvísi. Það er ekki heldur farið fram á það í nefndarálitinu, að stjórnin skuli biðja strax um, að nema af ójafnaðartollinn, heldur þegar tími og kríngumstæður leyfa, og það færi eptir því sambandi, sem Danakonúngur stendur í við stjórn Frakka, og fannst nefndinni, að þíngið ætti ekki að leiða hjá sèr, að vekja athygli stjórnarinnar á því, að muna eptir að fara því á flot, þegar kríngumstæðurnar leyfa, án þess að nefndin ætlaði sèr að taka það strax fram sem höfuðatriði.

Arnljótur Ólafsson: Eg þakka hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni fyrir þá upplýsíngu, er hann hefir gefið mèr um 3. atriðið. Eg vil samt halda fast við breytíngaratkvæði mitt, að sett verði, „að skúturnar komi á vorin um sumarmál, eða verði kríng um landið frá sumarmálum, þángað til á haustin, að Frakkar fara“. Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá vil eg geta þess, að Danir senda á ári hverju skip, til að æfa sjómannaefni, til Vestureyja, suður fyrir suðurálfu, og víðar, þegar þeirra þarf ei til landvarnar, og þá ætla eg ekki meiri kostnað, að senda skipin híngað, til að æfa sig hèr, þegar þeirra þarf ei í Danmörku. En ef skipin ætti að vera hèr á vetrum, þá mundi það verða æði-mikið kostnaðarsamara. Eg held líka, að hèr kynni að verða þraungt í búi í Reykjavík, ef þeir ætti að sitja hèr vetrarlángt allir, einkum ef lítið væri um kjöt, sem eg vona hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður tæki meira tillit til en eg. Um 4. og 5. atriðið þykist eg eingar skýríngar enn hafa feingið hjá nefndinni. Ef það er ætlun nefndarinnar, að biðja um lagafrumvarp, þá er rángt orðað: *„leiða í lög“*, og í 5. atriðinu: *„síðar ákveðin“*. Mèr sýnist þetta vera til þess, að læða inn útboði hèr, og verð eg að vera því mótfallinn. Eg er líka hræddur um,

að þeir, sem út verða boðnir á skútur þessar, eigi að læra hermennsku eigi síður en sjómennsku, þegar svo er ráð fyrir gjört, að þeir sè alvopnaðir frá hvirfli til ilja, og held eg vèr höfum síður þörf á þeirri kennslu. En um hnútinn og sleggjuna hins háttvirta 6. konúngkjörna þíngmanns, þá held eg hnúturinn sè í því fólginn, að Frakkar megi ekki hafa önnur en íslenzk eður innlend skip til fiskiveiða innan þeirra takmarka, er lög ákveða, og eingin skip önnur en innlend til fiskiveiða, ef þeir eru búsettir hèr á landi, er sèð verður af verzlunartilsk. 13. júní 1787, 1. kap. 10. gr.

Sveinn Skúlason: Hvað fyrsta atriði nefndarálitsins viðvíkur, þá leyfi eg mèr að geta þess, að mèr finnst það öldúngis þýðíngarlaust. Mèr sýnist til einkis, að biðja um, að *gefa þessu máli gaum.* Menn vita, hvaða þýðíngu það hefir haft, þó að stjórnin segist ætla að láta sèr einkar-annt um mál, eða gefa því gaum; af slíku verður allajafna lítill árángur. 2. atriðið finnst mèr vera mjög verulegt, ef það feingist, og þykir mèr ráðlegt, að beðið væri um það, þó mönnum virtist tvísýnt um að það fáist. Með 3. atriðinu vil eg mæla fram, og er eg á sama máli og hinn háttvirti *framsögumaður,* að ef því er haldið, þá er víst betra, að 4 skip sè hèr við land, til að hafa gætur á fiskiskipum og öðrum útlendum skipum, heldur en þó eitt skip væri; því auðvitað er, að 4 skip geta verið á fleirum stöðum en eitt, og haft þannig betra eptirlit á, að halda uppi reglu. Þar sem *framsögumaður* sagði það væri útúrdúrar, að finna að mállýtum, þá verð eg að vera á gagnstæðri skoðun; þegar málið er tekið til undirbúníngsumræðu, þá eiga menn að gánga svo vel frá því sem verður, eins að orðfæri og öðru. 4. og 5. atriðin vil eg láta burt falla, því hvað kennslunni viðvíkur, þá getur hún víst ei orðið vel hentug handa þeim mönnum, sem ætla að stunda fiskiveiðar á fiskiskútum; mèr þykir líka undarlegt af hinum 6. konúngkjörna þíngmanni, að hann, sem mælti svo skörulega með innlendri menntun, skuli nú telja hinn bezta sjómannaskóla, að læra á útlendum skútum af útlendum mönnum, sem ekki er heldur sèð að yrði kostnaðarminna eða hentugra.

Pètur Pètursson: Mèr gleymdist áðan, að taka fram fáein atriði. Mèr finnst eigi neitt óviðkunnanlegt, þó í nefndarálitinu 3. atriði væri *„utan um landið“* í staðinn fyrir *„kríng um“*, og finnst mèr slíkt ei gjöra neitt til. Það hafa fleiri þíngmenn talað á þá leið, eins og að ekki væri fleiri þjóðir hèr við land í fiskiveiðum en Frakkar, en það er ekki svo, þó þeir sè fjölmennastir. Hèr eru bæði

Hollendíngar og Einglendíngar líka, en þeir senda híngað ekki herskip með, til að sjá um, að fiskiskipin hafi ei óreglu í frammi. Fyrir fám árum kom umkvörtun úr Grímsey yfir, að Einglendíngar hefði gjört þar óskunda; sendu þá Einglendíngar þángað herskip, til að rannsaka það. Hjá öllum slíkum kærum yrði nú komizt, ef nefndarálitið feingi framgáng. Hvað því viðvíkur í nefndarálitinu: *„að leiða í lög“*, þá var meiníng nefndarinnar, að fá frumvarp til laga; ef nefndin hefði meint, að biðja skyldi um lagaboð, þá hefði það sjálfsagt verið öðruvísi orðað. Mèr finnst líka gott, að láta stjórnina um leið sjá, að Íslendíngar sè ekki ófúsir á, að leggja nokkuð í sölurnar til þess, að þetta gæti feingizt, með því að leggja duglega menn til á þau fiskiskip, sem stjórnin hefir ráðið til að halda úti hèr við landið.

Páll Sigurðsson: Mèr hefir þótt það óviðkunnanlegt, að þar sem við bændurnir eigum að bera nokkuð skyn á sjómennsku, þá skuli einginn okkar taka til máls. Eg ætla nú að leyfa mèr að segja mitt álit í þessu máli. Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að bænarskrárnar geingi í ýmsar áttir, og væri ósamhljóða, en eg get nú ekki munað það; bænarskrárnar hafa víst flestar verið um, að Frakkar fiskuðu ekki of nærri landinu á fiskimiðum vorum. Eg vil leyfa mèr að spyrja hina heiðruðu nefnd um, hvort ekki sè enn gildandi lagaboðið um, að frakknesk skip ekki megi vera nær en 4 mílur, en sè það ekki, og Frakkar megi vera enn þá nær landi, þá vil eg segja fyrir Suðurlandið, að þá er búið að veita Frökkum eða öðrum útlendum fiskiskipum of mikinn rètt, því þeir gjöra þá ei annað en draga fiskinn frá okkur, og sè þeim heimilt, að fiska í einnar mílu fjarlægð, þá eru þau beztu fiskimið með öllu Suðurlandi á 1 til 2 mílna fjarlægð frá landi, og ef þeir mega fiska þar með fullri löghelgi, þá er öll tilsjón með lögreglu þar þýðíngarlaus, því ekki þarf að óttast neina óreglu af þeim á landi, þar sem þeir ekki geta að lagt sökum hafnaleysis. Þó nefndin fari fram á það, að Íslendíngar skuli geta keppt við Frakka á þiljuskipum um fiskiveiðarnar, þá álít eg bæði happasælla og hollara, að stunduð sè veiði hèr á vetrarvertíðinni á opnum skipum, eins og verið hefir, og það mun seint verða, að Íslendíngar eignist þann þilskipastól, að þeir muni hugsa til, að geta boðið Frökkum byrginn. En aptur væri hitt æskilegt, að Íslendíngar hefði þiljuskip til þess að fiska úti í djúpinu á sumrum. Viðvíkjandi 2. atriði í nefndarálitinu, þá verð eg á sama máli, að gott og reynandi sè, að fara því á flot, að ó-

jafnaðartollurinn verði af numinn. Aðalmálefnið þykir mèr vera í 3. atriðinu, og er eg því alveg samdóma, að gott sè, að hingað komi 4 skútur, og gæti það víst mjög stutt að menntun Íslendinga, að mönnum gæfist þannig færi á, að nema sjómennsku og stýrimannslist. Fjórða atriðið, um útboðið, læt eg liggja milli hluta fyrst um sinn, því skyldu-útboð held eg menn vilji hèr ekki hafa, en hitt væri líklegt, að einstakir efnilegir vildi gefa sig þar til viljugir, ef skip þessi væri hèr allt árið, því ef beðið er um frumvarp frá stjórninni til næsta þings, þá geta menn verið búnir að heyra vilja þjóðarinnar í því efni um það leyti, og læt eg því ósagt um það, þángað til þess konar upplýsíngar hafa feingizt. Eg vil nú einúngis biðja um upplýsíngu um það, hvort Frakkar eptir gömlu lagaboði mega ekki fiska nær landi en 4 mílur, eður hvort það lagaboð er upphafið með samníngi milli Danastjórnar og Frakka

H. Kr. Friðriksson: Eg er nú einn af þeim, sem ekki geta komizt að sömu niðurstöðu og nefndin, þótt eg játi, að nefndarálitið að vísu sè vel samið eptir sinni stefnu. 1. atriðið læt eg vera; mèr stendur á sama, hvað um það er; að því er 2. atriðið snertir, þá get eg ekki mælt með, að menn sè að biðja um það, sem augljóst er að verði árángurslaust að biðja um; já, hvað meira er, sem menn vita að stjórninni er eigi auðið að veita, hvað fegin sem hún vildi, því að það eru eigi Danir, sem eiga að af nema ójafnaðartollinn í Frakklandi, heldur Frakkar. Eg veit ekki betur, en að Íslendíngar fyrir nokkrum árum hafi beðið um, að ójafnaðartollurinn á Spáni yrði af numinn, og þá hentu menn gaman að þeirri beiðni; það er til einkis, að biðja um þetta; því að það er líka auðvitað, að ef Frakkar slaka nokkuð til í þessu efni, þá njóta Danir, eða rèttar sagt allt ríki Danakonúngs góðs af. Að því er 3. atr. snertir, þá felli eg mig vel við það, þó eg vildi helzt, að þessu: „*sumar og vetur*“ yrði sleppt úr; því að það er bezt að láta stjórnina ráða, hvernig hún vill haga því, hvort hún vill láta skipin liggja hèr allt af, eða senda þau hingað snemma á vorin, og láta þau fara hèðan aptur á haustum. Um 4. og 5. atriðið er það að segja, að það er eins og menn vilji smeygja hèr inn útboðsskyldu, en það er nú ekki vel til fallið, allra-sízt meðan sambandið milli Íslands og Danmerkur ekki er ákveðið, og menn því ekki vita, hvernig það síðar kynni að verða notað. Eg vil þú ekki fá mèr til einstök orðatiltæki. En eg áskil mèr breytíngaratkvæði, að við 3. gr. verði bætt eða sett í sèrstaka grein, að Íslendíngum, sem læra vilja sjómennsku, gefist

kostur á því, o. s. frv.; því það er munur á, að eiga kost á, og vera skyldur til. Mèr þykir líklegt, að menn gæti lært nokkuð á þessu við vanann, og einkum þegar skipstjórarnir eru vanir sjómenn, sem þá líka kenndi, eða gæti kennt, svo menn gæti orðið liðlegir sjómenn, en eg vil eigi, að það sè svo ríkt álagt, að það sè gjört að skyldu, hvort sem Íslendíngar vilja eða ekki.

Framsögumaður: Eg skal nú ekki vera mjög harður á, að verja fyrsta atriðið sèrstaklega, því eg get bætt því við, að nefndin ætlaði sèr ei í fyrstu að gjöra úr því sèrstaka grein, heldur að eins hafa það í upphafi 2. greinarinnar, sem þá hefði orðið sú fyrsta. En eg get þó ei sèð, að nokkuð sè í sjálfu sèr á móti, að fallast á greinina, eins og hún nú stendur, því það getur að minnsta kosti ekki gjört nokkurn skaða, þó þíngið með almennum orðum leggi konúngi vorum á hjarta, að gefa sem mestan gaum að fiskiveiðamálinu, sem þó einginn efast um að sè svo mikilsvert. Um 2. atriðið hefir það enn orðið niðurstaðan, að sumir hafa talið það *„praktiskast“*, en sumir *„ópraktiskast“*, og skal eg ei vera að taka það upp aptur, sem greinilega sèst á nefndarálitinu, að vèr í raun og veru erum fúsastir á, að halla oss að skoðun hinna síðari; en nefndinni þótti þó full ástæða til þess, að minna stjórnina á, að hafa þetta í huga við tækifæri, og hinn háttvirti formaður nefndarinnar hefir nú svo ágætlega sýnt fram á, að þó nú kunni að líta ólíklega út, þá vitum við þó aldrei, hve nær slíkt tækifæri kann að höndum bera, og þíngmaður Borgfirðínga getur því aldrei komizt fram með það, að það sè hlægilegt, að fara fram á slíkt.

Hvað nú 3. atriðinu viðvíkur, þá þætti mèr vænt að geta sagt, sem og að nokkru leyti má segja, að flestir hafi heldur verið því meðmæltir; en þar er þó því miður sá hánki á, að það hefir í raun og veru ekki verið nema að nafninu til. Þeir, sem segjast vera á þessari uppástúngu, en bæta því þó við, að þeir vilji ei, að skipin skuli liggja hèr bæði sumar og vetur, gæta þess ei, eða vilja ei gæta þess, að þeir með þessari undanfellíngu ónýta alveg tilgáng uppástúngunnar, eins og nefndin hugsaði sèr hann, og þykir mèr því vænt um, að það skuli einmitt hafa verið einn úr hópi bændanna, eg meina hinn háttvirti þíngmaður Rángæínga, sem varð fyrstur til að taka þetta fram, og mæla með því hèr á þíngi. Nefndin hugsaði sèr svo, að þessi skip, er hún hefir stúngið upp á, skyldi verða eins og nokkurs konar stofn, er byggja mætti meira á, og sem því einkum að eins ætti að nota í Íslands þágu, þó þau sjálfsagt eins fyrir því að

eins væri einn partur úr skipaliði konúngs vors, sem hann óefað líka stundum mætti hafa til annars, ef brýn nauðsyn krefði; en þessum tilgángi er alveg raskað, ef það er ei gjört að grundvallarreglu, að skipin almennt eigi að vera í Íslandi bæði sumar og vetur, og því verður nefndin að vera svo föst á því. Sè það í lög leitt, að skipin eigi að vera í Danmörk á veturna, þá er fyrst ástæða til þess, að hafa á móti útboðinu, því það væri að draga menn út úr landinu til einkis gagns; yrði þessari uppástúngu þíngmannsins úr Borgarfjarðarsýslu framgeingt, þá mætti sannarlega fyrst segja, að þíngið gjörði allt út í loptið, og þá væri fyrst ástæða til, að tala um, að menn væri að bera sig að læða inn ánauðarlegri útboðsskyldu. En eins og nefndin hefir stúngið upp á, þar sem útboðið að eins á að koma Íslendíngum sjálfum til nota hèr í landi, þá get eg ei sèð, að nokkur maður hafi rètt til, að leiða slíkt út af því; og það voru þess konar smásmuglegir útúrsnúníngar, sem eg kallaði þarfleysu útúrdúra, en ei hótfindnina um orðatiltækin ein, eins og þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu ímyndaði sèr. Yfir höfuð hafa mèr fundizt orð þíngmannsins úr Borgarfjarðarsýslu í þessu máli að eins miða til þess, að villa sjónir fyrir mönnum og draga athygli þeirra frá aðalatriðinu, einkum þegar hann fór að tala um, að Íslendíngar eingan veginn gæti geingizt undir útboð í sjálfra sín þágu, meðan rètti þeirra að öðru leyti væri haldið fyrir þeim; því þetta eru ekki nema orðin tóm, er í raun og veru eiga hvergi við, en að öðru leyti eru töluð af þeim hinum sama anda, er menn nú um nokkurn tíma hafa verið að ala hjá almenníngi og streitast við að skapa eitthvert „nýtt Ísland“ eptir, sem ekkert hefir sèr til ágætis utan það, að tala sem mest um rèttindi sín á pappírnum, og alls konar forna smámuni og ytra snið, en hirða minna um hitt, sem verulegra er, bæði að fornu og nýju. Slíkt þykir mèr ekki mikilsvert. Og þó eg eingan veginn vilji gjöra lítið úr fornum rèttindum, þó þau finnist hvergi nema á pappírnum einum, þá verð eg þó að segja það, að eg get ei metið þau meir, en hverja aðra pappírssnuddu, er rífa má sundur, ef menn að eins vilja hafa þau til þess, að leika sèr að þeim í orðum, eða skjalla grunnhyggni manna með því, að telja þeim trú um, að þá sè allt feingið, ef menn að eins haldi á fram að einblína á þessi rèttindi, og svo í því trausti vanræki allt annað, þó það snerti þau ei á nokkurn hátt, en sè í sjálfu sèr nytsamt og gott. Eg ætla mèr aldrei að smjaðra fyrir landsbúum, hvorki fyrir embættismönnum nè bændum, með því að gylla slíkt fyrir þeim, en eg ætla að eins að

halda mèr til þess, sem eg álít satt og rètt; og það er satt og rètt, að við eigum að gjöra allt, sem við getum til þess, að koma Íslandi upp, en ei að eins láta oss lynda, að tala fram og aptur um ýms útvortis smáatriði og svoköllub þjóðarrèttindi, þó slíkt kunni opt að verða vinsælast hjá sumum. Og verð eg að svara þingmanni Borgfirðínga þessu upp á það, sem hann var eitthvað að tala um rètt Íslendínga, er bannaði þeim að leggja svo litla útboðsskyldu á sjálfa sig og í þarfir sjálfra sín einna, sem nefndin hefir stúngið upp á; því slíkum rètti skil eg ekkert í, nema ef það þá skyldi vera rèttur manna til þess, ekkert að gjöra sjálfum sèr í hag. En þingmanni Rángæínga skal eg svara því, upp á spurníngu hans, að eg sè ei, að hin gamla tilskipun, að útlendar þjóðir megi ei fiska nær landinu en fjórar mílur, geti haft nokkurn bindandi krapt fyrir þær, þar sem þetta að eins er ákvörðun frá danskri hlið, en eigi byggt á nokkrum samníngi við aðrar þjóðir; og það held eg einnig að stjórn vor hafi fyrir laungu viðurkennt með allri aðferð sinni við hina útlendu fiskimenn.

Guðmundur Brandsson: Eg skal nú ekki vera fjölorður í þetta sinn; eg vildi einúngis geta þess, að þegar seinast var talað um þetta fiskiveiðamál hèr á þíngi, þegar rætt var um, hvort Frakkar skyldi fá leyfi til að þurrka fisk sinn hèr, þá var útboð ei nefnt á nafn, og þó var talað um 2 herskip, sem skyldi hafa gæzlu í kríng um landið. Það var áður farið fram á útboð hèðan frá stjórnarinnar hendi, og boðin veruleg rèttindi á móti, sem menn þó ekki gátu geingið að með því skilyrði, að þiggja útboðið; er þá líklegra, að gánga að því nú, þó skipin sè fleiri, en þá var stúngið upp á, og tilhögunin nokkuð öðruvísi? því sama liggur undir niðri, eins og þó skipin væri stærri. Það hefir verið efamál á milli manna, hvort þessi herskip skyldi vera hèr sumar og vetur, eða einúngis á sumrum, en eg óttast það gæti farið svo, að þau yrði hvorki sumar nè vetur; því ef kæmi stríð upp á fyrir Dönum, svo þeir þyrfti á öllum sínum liðsafla að halda, ætla þau yrði þá ekki kölluð heim til að gjöra herþjónustu? þeir, sem á þeim eru, mundi þó verða liðskyldir, og hvaða gagn hefði Ísland af slíku? Í öllum bænarskrám um fiskiveiðamálefni, sem til þings hafa komið núna, er talað um óreglu og óskunda, sem útlendir fiskimenn hafi gjört á ýmsum stöðum, og beðið um ráð á móti slíku, en ekki um útboð; því það er ekki í þeim nefnt á nafn. Menn máttu þó muna eptir því frá í hitt eð fyrra, og gátu því ítrekað það, ef þeim hefði þótt það sèrlegur girndargripur. Ef þetta

útboð ætti að fara fram, eins og vandi er í öðrum löndum, að menn eru kallaðir á vissa staði og þeir svo teknir eptir hendingu eða hlutfalli, þá gæti vel svo farið, að ólíklegustu mennirnir yrði fyrir því, og þá yrði nú notin af því, ef til vill, lítil; eg vil því fallast á breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga, að það standi til boða þeim, sem vilja; því þetta sama ætlaði eg að bera upp, en hann tók af mèr ómak það. Menn geta þá valið og hafnað eptir eigin vild, og líklega bjóðast ekki til þess aðrir en þeir, sem einhver dugur er í.

Pètur Pètursson: Það er illt, ef þetta útboð ætlar að verða að grílu, og fæla menn. Þegar útboð var áður til umræðu hèr á þínginu, þá var eg á móti því. En þetta er útboð í öðrum skilníngi; það er ekki útboð til herþjónustu, heldur til að verja oss og æfa og efla atvinnuvegi vora; það er því rèttindi, sem menn ekki ætti að skorast undan, að vinna sèr í hag með eigin kröptum. Ef breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga fær framgáng, að skip þessi fari burt hèðan á haustum, þá fær þetta útboð nokkuð aðra þýðíngu; en verði þau hèr allt af, þá þarf ekki að óttast fyrir því, að þessir menn þurfi að gánga í herþjónustu hjá Dönum. Viðvíkjandi því, sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að svo gæti farið, að hinir ólíklegustu yrði fyrir þessu, ef hlutkesti rèði, þá er þess að gæta, að læknir er ávallt viðstaddur, sem segir til, hvort mennirnir hafa nokkra líkamsgalla, er gjöri þá óhæfilega þar til. Sè þetta útboð til herþjónustu, þá hefir sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum einnig útboð þar á eyjunum; því hann hefir kennt mönnum þar heræfíngar; þetta eiga einnig að vera æfíngar. Þó nú Íslendíngum væri gjört þetta að skyldu, þá er þar með ekki sagt, að það sè allt Íslendíngar, sízt fyrst í stað, en talan verður seinna ákveðin með lögum; það yrði þá borið undir alþíngi seinna, að ákveða það, hve margir það skuli vera.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg vil að eins tala fá orð um niðurlagsgreinir nefndarinnar, og get eg þess þá fyrst og fremst um 1. greinina, að mèr finnst hún alls ekki þýðíngarlaus, heldur finnst mèr hún öllu fremur geta haft mikla þýðíngu, og vil eg því alls ekki missa hana. Það er nokkurs konar almennt atriði, sem menn hafa vakið máls á, að hvað miklu leyti það væri gildandi lög, að útlendar þjóðir eigi mætti fiska nær landinu en 4 mílur frá; eg skal geta þess, að þetta er gömul regla, sem áður gilti, en nú hafa konúngar vorir sleppt henni fyrir laungu, svo það er einúngis 1 míla frá yztu nesjum, sem þeir telja að fylgi landinu; þetta er tekið fram

í umburðarbréfi kanselíisins eptir konúngsúrskurði 1812, sem eg veit reyndar ekki hvort sent hafi verið híngað, en það var ritað til stiptamtmanna og amtmanna í Danmörku og Noregi; í fiskisamníngum milli Frakka og Eingla er tiltekin 1 míla. Svíar fiska nú opt rètt undir ströndum Danmerkur; um þetta hefir að vísu verið kvartað, en það hefir orðið bágt að ráða bót á því. Eg vil þó ekki þar með segja, að ekki kunni að vera farandi fram á slíkt, því það er gott að vera varkár. Viðvíkjandi ójafnaðartollinum á Frakklandi, þá held eg einmitt, að nú sè rèttur tími til, að fara þess á flot; því þau fiskilög, sem nú gilda á Frakklandi, eru breytíngum undirorpin að lögum, og eiga ekki gildi nema um tiltekið árabil; verðlaunatími fiskifèlaganna þar er nú úthlaupinn 1860 eða 1862, og þá verða ný lög gjörð um það; þess vegna er einmitt hentugur tími, að hreifa því máli nú. Það er kátlegt að segja, að þetta sè sama og að ætla sèr að fá Frakka til að taka af ójafnaðartoll fyrir alla Evropu; í þessu er ekkert hlægilegt; einstöku þjóðir verða opt til að stínga fyrst upp á breytíng á ýmsum þess konar venjum, og hinar svo breyta seinna á eptir. Stjórnin hefir þar að auki í sínu valdi mörg ráð og margs konar aðferð, til að koma því til leiðar, að ójafnaðartollurinn yrði af tekinn. Hvað 3. atriðið snertir, þá er það að vísu í ýmsu hentugt, að 4 smáskútur væri í kríng um landið, en það væri rèttara, að taka eitthvað annað til, því annars er eins og menn vilji ekki annað en smáskútur, en ekki herskip; þetta virðist mèr þó ekki rètt, og eg vil því taka mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að beðið verði um annaðhvort 4 smáskútur eða 1 herskip og 1 smáskútu; hefi eg þar einkum fyrir augum, að herskipið væri meira til varnarinnar, en skútan gæti verið til mælínga á fjörðum og ströndum landsins. Eg óttast nú mjög, að slík vandkvæði mundi verða á vetrarlegunni, að ekki sè ráð að fara því á flot, og því álít eg bezt, að sleppa orðunum „*sumar og vetur*“. Viðvíkjandi útboðinu, þá held eg ekki sè rètt að hreifa því nú. Eg verð að játa, að eg hefi ekki eins mikið traust á, að menn læri mikla sjómennsku á skipum þessum, eins og hin háttvirta nefnd, sem heldur, að með þessu verði allt unnið, og stíngur ekki upp á neinum öðrum sjómannaskóla; það er almenn skoðun annarstaðar, að á herskipum sè ekki eiginlega hinn bezti sjómannaskóli, eða að þar skapist ekki sjómenn, en að æfðir sjómenn sè teknir á herskipin, og þannig þeir að eins teknir, sem hafa lært sjómennsku áður, því þeir eiga einmitt að vera á þessum skipum til sjómennskunnar. Meðan Frakkar höfðu reglulegt lög-

gjafarvald og rètt til að ræða mál sín, var þá ætíð, þegar fiskimálið kom fyrir á þingum þeirra, fært til af stjórnarinnar hálfu, sem ástæða, til að halda verðlaununum, að fiskiveiðarnar við Ísland væri hinn bezti sjómannaskóli til að fá æfða menn á flotann. Þeim hefir aldrei komið í hug, að setja menn á herskip sín, til að ala þá upp í sjómennsku, og búa þá þar með undir, að fara í fiskiveiðar á fiskiskútum. Eg skal aldrei hafa á móti því, að Íslendíngar komist fram, og vil í eingu hnekkja rètti þeirra, en eg vil þó eigi fara leingra en fótfesta sè fyrir; vil eg því sleppa útboðinu, og ætla, að eg geti gjört það án þess að gjöra oss eða málinu skaða; eg er þess vegna á móti 4. og 5. atriðinu.

Guðmundur Brandsson: Eg vil að eins svara hinum háttvirta *varaforseta*. Hann sagði, þegar útboð yrði, mundi læknir verða viðhafður, en hann segir einúngis til, hvort menn hafa líkamslýti eða eru heilsuveikir, en hann sèr ekki, hvort það eru klaufar og ónytjúngar eða ekki, sem teknir verða, og því gæti svo farið, að þeir veldist á skipin, er óhæfastir væri og sízt skyldi.

Pètur Pètursson: Það er nú ekki tími til, að tala um aðferðina við útboðið, þar sem frumvarp um það að líkindum yrði lagt fyrir þingið. Það er að vísu satt, sem þingmaður Ísfirðínga sagði, að menn geta ei lært betur sjómennsku á herskipum en öðrum skipum, en eg álít það samt betra en ekkert fyrir Íslendínga, að margir menn venjist sjó á þessum skipum; þegar þau eru ávallt á ferð í kríng um landið, læra menn þó nokkuð; það er öðru máli að gegna með herskip, sem liggja í höfn; þar venjast menn skothríðum og hernaðaræfíngum meira en sjómennsku.

Konúngsfulltrúi: Eg vil skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún vill eigi taka nákvæmar til yfirvegunar, hvort halda skuli orðunum: *„sumar og vetur“*. Eptir minni meiníngu mundi af því fljóta bæði töluverður kostnaður, er ekki virðist nauðsynlegur til að ná tilgánginum, og líka ýmsir aðrir erfiðleikar, að láta allar skúturnar liggja hèr um vetrartímann. Væri svo til hagað, að nokkur hluti skipverja væri Íslendíngar, gæti þeir yfirgefið skúturnar á haustin, og farið til heimkynna sinna. Þó uppástúngu nefndarinnar sè haldið, að þessar skútur skyldi að nokkru leyti skipa íslenzkum mönnum, þá held eg, að það mundi fremur gagna en skaða, því bæði mundi þeir þá læra nokkra sjómennsku, einkum á lèttiskútum, sem iðulega væri á siglíngu, og eins mundi þeir þar læra reglusemi og hlýðni við yfirboðara.

Stefán Jónsson: Aðrir eru nú búnir að segja flest af því, sem mèr hafði dottið í hug, en eg skal þó láta það í ljósi, að eg get eingan veginn fallizt á útboðið, því mèr virðist, að það yrði ekki til neins verulegs gagns; en það liggur að því leyti fyrir til umræðu að tala um aðferðina, hvernin völin skuli fram fara, að stúngið er upp á, að útboðið skuli hafa framgáng. Eg get heldur ekki fallizt á þá aðferð, sem minnzt hefir verið á, því þá gæti kann ske óhæfilegir menn orðið teknir eptir hlutkesti; því það eru ýmsar kríngumstæður þær, að þetta gæti orðið mörgum annmörkum bundið; það gæti svo viljað til, að einkastoð foreldra sinna yrði fyrir því, að verða tekin, og það gæti orðið ýmisleg vankvæði, sem ekki er hægt fyrir að sjá, svo menn missti meira en þeir græddi við slíkar ráðstafanir. Það eru ekki heldur svo miklir vinnukraptar í landinu, að menn geti misst marga menn, en nóg að vinna bæði til lands og sjáar. En hvað þau vankvæði snertir, að menn kunni ekki sjómennsku, þá er eg ekki á því; eg veit, að nokkrir Norðlendíngar hafa lært í sjómannaskólanum í Kaupmannahöfn, og sumir á Vesturlandi, og eg held, að þeir væri færir um, að fara milli landa, ef skip væri til eptir því áreiðanleg. Eg get því ekki gefið atkvæði fyrir því, að menn sè teknir í útboðið.

Framsögumaður: Mèr þótti reyndar slæmt, að hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga tók eins í málið eins og svo margir aðrir hèr á þíngi, að hann hafði á móti útboðinu og legu skipanna hèr við land bæði sumar og vetur. En mèr þótti þó vænt, að hann að eins hafði þær ástæður á móti því, að sèr þætti það óþarft, þar eð menn ei mundi geta lært neina verulega sjómennsku á herskipum; því þessar ástæður falla um sjálfar sig, þegar að því er gætt, að hèr ræðir um allt annarar tegundar skip, en regluleg herskip, því um þau ein, og einkum þau hin stóru á það við, sem hann sagði, að menn ætti ei að læra á þeim, heldur koma útlærðir á þau. Það er satt, að á herskipum, sem að eins eru úti til æfínga lítinn tíma ársins, læra menn ei mikla sjómennsku; en smáskútur þær, er nefndin hefir stúngið upp á, mundi verða úti miklu leingri tíma, og svamla eins mikið utan um landið, eins og fiskiskúturnar, er hann rèttilega segir að Frakkar einnig og einkum álíti sem gott meðal til að skapa sèr sjómenn á herskipin; og eg hefi því enn ei heyrt neina ástæðu fyrir því, að Íslendíngum mundi gefast betra færi á, að læra hafsiglíngar á annan hátt, en nefndin hefir stúngið upp á, og það því fremur, sem henni einnig kom til hugar, að smáskútur þær, er um

er verið að tala, mætti líka stundum, ef til vill, liggja úti til fiskiveiða eins og hvert annað fiskiskip, því það getur þó aldrei spillt, þó þær líka hafi dálítinn vopnabúnað. Að öðru leyti furða eg mig og mjög svo á því, sem hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga sagði um vankvæðin á að koma útboðinu á, því fyrst og fremst er nú ei verið að ræða um aðferðina til þess, og svo hefir nefndin ekki heldur stúngið upp á neinni útlendri aðferð til þess, er hèr kynni að eiga miður við; finnast mèr því orð þingmannsins að eins sanna það, sem því miður er of satt, að oss Íslendíngum hættir helzt til, að geta aldrei í upphafi ímyndað oss neitt nýtt á annan hátt, en við heyrum getið um í útlöndum, og þykjumst þó opt miklir af þjóðerni voru og öllu íslenzku. Eg fyrir mitt leyti verð að segja, að eg get alls ekki skilið, að mönnum þyrfti að verða nokkur vandræði úr því, þar sem landið þó er einir 170 hreppar, að gjöra út eitthvað 100 menn í hæsta lagi til sjóar á ári, eður ekki einu sinni einn mann úr hverjum hrepp; látum sveitirnar að eins sjálfar ráða aðferðinni. og hvert hèrað gjöra út sína menn, og væri það þá merkilegt, ef menn einmitt skyldi þurfa að velja einkasyni og fyrirvinnu ekkna eða því um líka menn, eins og hinn heiðraði þingmaður minntist á. En, sem sagt, þetta liggur nú ei fyrir, og skal eg því að eins bæta því við, að eg held ei, að þau vankvæði, sem hèr hafa verið talin, þurfi að tálma nokkrum frá, að gefa atkvæði sitt fyrir útboðinu; því það hefi eg eingan efa um, að fallist menn einu sinni á útboðið, þá munu eingin vandræði verða úr, ef menn að eins vilja hafa við óbrotna skynsemi, að fá því svo framkvæmt, að það verði ei mjög tilfinnanlegt fyrir landsmenn. Og ekki held og heldur það þurfi að standa fyrir, einkum eptir að menn hafa heyrt orð hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að menn haldi stjórnin muni verða því svo mótfallin, að þetta mál megi hafa þau úrslit, er Íslandi einkum sè haganlegust; því mèr skal að minnsta kosti aldrei koma til hugar, að gjöra stjórninni þær gersakir, að hún skilji það ei, eins vel og hver annar, að það einnig sè öllu ríki konúngs vors til hins mesta hagnaðar, að hver einstakur hluti blómgist sem mest. En það verð eg að taka enn upp aptur, að þá að eins hefir Ísland sannan hag af skútum þeim, er hèr ræðir um, ef þær verða látnar vera hèr bæði sumar og vetur, og útboðið verður í lög leitt, svo þær megi skipa íslenzkum sjómönnum; og það óttast eg heldur, að ef menn hèr á þingi nú fella útboðið, þá muni það aptur og með fullum rètti verða sagt um Íslendínga, sem því miður hefir verið sagt svo opt um þá,

að þeir væri fúsir á, að biðja og kasta allri sinni áhyggi upp á stjórnina, en vildi ekkert gjöra sjálfir eða leggja fram.

Jón Hjaltalín: Ef það er þetta útboð, sem menn eru svo hræddir við, þá get eg vorkennt þeim það, sem ekki hafa verið í útlöndum og ekki þekkja til smáherskipa, eins og hèr er meint; þau eru ekki ætluð til bardaga; þau hefði lítið að gjöra í þann sjó; útboðið til þeirra er ekki strángt; þeir, sem á þeim eru, hafa góð laun, og betri laun en menn geta náð með bátasjómennskunni okkar hèrna; hefði þar að auki verklega kennslu í sjómennsku, betri en sjófræðisskólar, sem eru að myndast, geta gefið; gæti kynnt sèr firði og víkur, og gæti gefið tilefni til, að menn lærði margt, sem seinna gæti komið að góðu haldi, og sú kennsla ætla eg væri bezt og samkvæmust hèr á landi. Það er ekki ætlazt til, að þeir sè strángasta aga undirgefnir, eins og á herskipum, en venjast þó við hreinlæti og góða reglusemi; eg þekki þetta nákvæmlega; því eg hefi haft svona skútu í sóttvarnargæzlu, og það var sannarlega eingin vandræði eða neyðarúrræði, að gánga að þeim kjörum, sem þeir höfðu. Eg held það væri eingin dauðans-vandræði, að fá 12 menn úr hverju amti til að gánga að þessu, já, þó vèr svo tvöfölduðum eða þrefölduðum þá tölu. Hèr er ekki heldur nein læknaskoðun eins og við útboð. Það þarf því ekki að vera fást um það; það á sèr ekki stað.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Minn háttvirti nágranni (hinn 6. konúngkjörni þíngmaður) hefir nú fært beztu ástæður fyrir því, að þetta útboð sè óþarft. Eptir því sem honum sagðist frá, þarf eingar skipanir; stjórnin þarf ekki annað en segja: „gjörið svo vel! hèr er pláss með góðum kjörum til að fara til sjóar og læra sjómennsku“. Þetta er nóg; það þarf því einga skipun í því efni. Eg held enn, að herskipaþjónusta sè einginn góður kennsluskóli; hún er kann ske betri en ekkert fyrir þá, sem ekkert kunna, en eg verð að neita því, að þar með verði kennd sjómennska þeim, sem kunna nokkuð áður; þeir munu flakka mestan tímann og liggja inni á víkum og vogum, slóra og slæpast margir hverjir á landi, þegar þeir komast höndunum undir, svo þeim mundi fara meira aptur í verulegri sjómennsku en fram; þetta er eg hræddur við, eptir því sem eg hefi sèð. Hvað 3. atriði viðvíkur, þá er eg ekki viss í því, að stjórnin hafi 4 smáskútur til til þessa starfa, eða vilji kaupa þær til þess; því er vissara og betra, að taka fram það, sem menn eru vissir um hún hafi, til að mynda eitt herskip og eina skútu, og fyrir þá sök vil eg halda fram breytíngaratkvæði því, er eg áður áskildi mèr.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr fer nú eins og öðrum, að eg get ekki fellt mig við sum atriði nefndarálitsins, og allra-sízt við þetta útboð. Það var fyrir til umræðu á þínginu í hitt eð fyrra, og þá þótti það óhafandi; nefndin hefir nú að sönnu skýrt svo meiníngu sína, að þetta eigi að verða eins konar menntastofnun handa íslenzkum sjómönnum; en er það þá eigi nokkuð skrítið, að vilja gjöra eins konar útboð til slíks skóla? Eg held það sè með öllu óþekkt og óvanaleg aðferð, og eg held það væri bæði laglegra og affarabetra, að það væri frjálst fyrir þá, sem vildi, og þá gæti það líka orðið að góðu liði, og því álít eg breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Reykjavík vel tilfallið, og ætla mèr að gefa því atkvæði mitt. Sè svo, að eins mikið verði varið í þessa kennslu og nefndin lætur, þá held eg ekki þurfi að óttast fyrir því, að ekki fáist nógir, þó það sè látið vera frjálst; annars gjöri eg mèr nú ekki miklar vonir um hana, ef þessar umtöluðu skútur hefði líka háttsemi, og þess konar skip eru vön að hafa, það að liggja inni á höfnum allt sumarið, og eyða þar tímanum í drabbi og iðjuleysi. Mèr sýnist útboð þetta vera líkt því í hitt eð fyrra, en ef nokkuð er, sem munar, þá er hèr kominn köttur í bólið bjarnar.

Benedikt Þórðarson: Það er einúngis eitt atriði, sem einginn af öllum þeim, er nú hafa leingi og vel þulið mál þetta, hefir minnzt á, en sem mèr sýnist ætti að taka ljósara fram, en nefndin hefir gjört undir töluliðnum 4. Þar segir, að konúngur vilji skipa svo fyrir, að þau umbeðnu varnarskip skuli framvegis liggja hèr við land, en ekki er ákveðið neitt um það, nær þau komi; eigi nú stjórnin að draga úrlausn máls þessa í 2 ár, og leggja um það frumvarp fyrir næsta alþíngi, þá held eg mönnum verði farið að leingjast eptir hjálpinni, því á þann hátt mega þeir bíða hennar í 3 eða 4 ár. Eg held, hvort sem þíngið biður um eitt eða fjögur skipin til varnar yfirgángi útlendra fiskimanna hèr við land, þá eigi að taka það beinlínis fram, að skipin sendist híngað undir eins á næsta ári í marz eða aprílmánuðum, og áskil eg mèr þar um viðaukaatkvæði.

Pètur Pètursson: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir tekið þessu máli svo vel, að eg vildi gjarnan miðla málum; en eg get þó ekki sannfærzt um, að menn eigi að sleppa orðunum: *„sumar og vetur“*; því nefndin hugsaði sèr, að veturinn ætti að vera hinn eiginlegi kennslutími, og af því hún ímyndaði sèr, að tilgánginum ómögulega yrði náð með öðru móti; menn vita líka, að ísar geta legið í Kaupmannahöfn fram í aprílmánuð, en útlend fiskiskip koma jafn-

vel í marzmánuði, og fiskiskip fara ekki hèðan fyr en í októbermánuði, og þá er allra veðra von fyrir litlar skútur, svo þær yrði hræddar við að ætla lánga sjóleið til Kaupmannahafnar; þá færi líka útboðið í allt aðra stefnu; skipshöfnin yrði að fylgja skipinu til Kaupmannahafnar, og yrði kann ske ekki svo árennilegt fyrir íslenzka menn. Eg vil því ekki að svo stöddu fella þessi orð úr, en vil tala um það við meðnefndarmenn mína.

Forseti: Það er þegar komið breytíngaratkvæði um, að sleppa þessum orðum úr.

Vilhjálmur Finsen: Eg get ekki fundið neina ástæðu til, að biðja stjórnina, að fara þess á flot við hina frakknesku stjórn sèrstaklega, að ójafnaðartollurinn væri þar af tekinn, en ekki við önnur ríki, þar sem sams konar ójafnaðartollur á sèr stað, og eg vil því taka mèr breytíngaratkvæði, að stjórnin sè beðin um, að fara þessu á flot við öll þau ríki, þar sem ójafnaðartollur á fiski á sèr stað.

Framsögumaður: Eg ætla að eins að lýsa því yfir, að nefndin mun verða fús á, að aðhyllazt breytíngaratkvæði það, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður nú bar upp; því það var eingan veginn tilgángur hennar, að vilja taka Frakkland eitt út úr, en greinin var að eins svona orðuð, af því bænarskrárnar tóku að eins Frakka fram, og sè eg því einga ástæðu til, að hafa á móti, að aðrar þjóðir verði líka nefndar. Að öðru leyti skal eg bæta því við, að eg verð enn að furða mig á því, hversu mjög menn allt af geta verið að misskilja svo einfalt mál, sem þetta er; því nú sagði hinn háttvirti þíngmaður fyrir Suður-Þíngeyjarsýslu seinast, að tilgángurinn með útboðið mundi einkum vera sá, að reyna til að koma sjómannaskólum á, svo nú ætti að nauðga mönnum inn í slíka skóla. En þetta er alveg ránghermt, því tilgángurinn með útboðið er að eins sá, að vera viss um, að fá íslenzka sjómenn á skúturnar, og það er að eins ráðgjört, að á vetrum *megi* hver sem vilji, ei að eins af þessum mönnum, heldur og hver annar, sem til þess lángar, leita sèr kennslu í siglíngafræði hjá foríngjunum á skútunum; það er að vísu auðvitað, að flestir af hinum eiginlegu hásetum muni varla hirða um, að nota sèr af þessu leyfi, heldur vistast út um landið á vetrum, en þá kunna aðrir að verða til, og leyfið eitt er þó aldrei nokkur kúgun, svo samanburður hins háttvirta þíngmanns á þessu útboði og því, sem stjórnin hefir áður stúngið upp á, á hèr hvergi við.

Forseti: Þar nú ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið; það er að vísu ekki rætt allt, sem á dag-

skránni stendur, en þar nú fundurinn hefir staðið hátt á 6. tíma, þá sè eg ekki fært að ákveða kveldfund í dag, af því innanþingsskrifararnir geta með eingu móti haft undan að undirbúa þingbókina. Eg ákveð því fund aptur á morgun kl. 11, og kemur þá auk annara mála, er dagskráin mun nákvæmar skýra frá, hið konúnglega álitsmál um löggildíngu ýmissa danskra lagaboða, til ályktarumræðu.

Fundi slitið.

---

28. júlí — átjándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um útbýtíngu alþíngistíðindanna. Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður frá Gullbríngusýslu. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona eg allir þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í málinu um útbýtíngu *alþíngistíðindanna.*

1. Uppástúnga *H. Kr. Friðrikssonar:*
   Að máli þessu verði frestað að svo komnu.
2. *Nefndin* (1. niðurlagsatriði):
   Að allir hreppar á Íslandi fái að gjöf, hver hreppur 1 expl. af öllum þeim þíngtíðindum, sem út hafa komið síðan alþíngi hófst 1845, og sömuleiðis þau þíngtíðindi, er hèr eptir út koma.
3. Viðauka-atkvæði *H. Kr. Friðrikssonar* (við uppást. nefndarinnar tölul. 1):
   Að amtmennirnir á Íslandi, sýslumennirnir og bæjarfógetinn í Reykjavík fái ókeypis eitt expl. hver af alþíngistíðindunum, sem út hafa komið síðan alþíngi hófst 1845, og sömuleiðis þau, sem hèr eptir út koma, og geymi þau með öðrum embættisskjölum sínum.
4. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* (við uppást. nefndarinnar tölul. 2):
   Alþíngi felur *forseta* sínum á hendur, að senda tíðindi þau, er nú eru prentuð, á þíngsins kostnað út um landið, á þá staði, er hann álítur nauðsynlegt.
5. Breytíngaratkvæði *Pèturs Pèturssonar* (við uppást. nefndarinnar tölul. 2):

Að hver hreppur, sem þannig vill fá þingtíðindin, verði að nálgast þau á sinn kostnað, o. s. frv.

6. *Nefndin* (2. niðurlagsatriði):

Að hver hreppur eigi á sinn kostnað að nálgast þingtíðindin, og skulu hreppstjórar geyma þau vandlega með öðrum skjölum, er hrepparnir eiga.

7. Viðaukaatkvæði *Indriða Gíslasonar:*

Undir tölulið 2 eptir orðin: „nálgast þingtíðindin", komi: og skulu hreppstjórar sjá um, að hreppsbúum, sem vilja, gefist kostur á að lesa þau, sem greiðast verður við komið.

Framsögumaður (Guðmundur Brandsson): Mál þetta er ekki svo margbrotið, að eg geti skilið í því, að um það geti orðið lángar þingræður. Eg vil að eins geta þess, að mèr finnst uppástúnga hins háttvirta fulltrúa Reykvíkínga nr. 1 ekki geta vel samrýmzt við viðaukaatkvæði hans nr. 3, eins og það (viðaukaatkvæðið) er öldúngis ósamhljóða því, sem hann sagði í undirbúníngsumræðu þessa máls. Þá sagði hann, að ekki væri nógu mörg exemplör til af alþíngistíðindunum, en í viðaukaatkvæðinu ræður hann til, auk þess að gefa hverjum hreppi eitt exemplar, skuli gefa amtmönnunum, sýslumönnunum og bæjarfógetanum í Reykjavík sitt exemplarið hverjum. Eptir því, sem þetta er orðað á atkvæðaskránni, þá sýnist eins og sýslumenn þessir sè einúngis hèr í Reykjavík; mèr er það ei vitanlegt, að þeir sè hèr, nema ef vera skyldi sýslumaður Melsteð. Þessi 2 atriði hins háttvirta þíngmanns eru svo löguð, að uppástúngan nr. 1 fellir viðaukaatkvæðið nr. 3, og viðaukaatkvæðið fellir uppástúnguna; þau fella sumsè hvort annað. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga, var mikið rætt í nefndinni, og við undirbúníngsumræðuna, og þótti nefndinni ekki tiltækilegt, að fara leingra út í það, nè fela það *forseta* á hendur, að senda þíngtíðindin út um landið. Nefndin áleit nóg, að hverjum hreppi yrði gefinn kostur á, að fá eitt exemplar gefins af þeim; því það er heldur ekki sagt, að allir hreppar láti sèr neitt sèrlega annt um, að fá þau, eða sè mikil þægð í því, og til hvers er þá, að fara að senda þau út um landið, meðan menn hafa einga vissu fyrir sèr í þessu. Breytíngaratkvæði hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns finnst mèr ekki vera annað en orðabreytíng ein, og þar eð meiníngin er í því hin sama og nefndarinnar, þá er eg ekki á móti því, ef þínginu þykir það betra. Viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Dalasýslu finnst mèr líka lítið þýða; það gjörir svo sem hvorugt, bætir eingu við, og fellir ekkert. Það

er auðvitað að hreppstjórunum er ei ætlað, að geyma þingtíðindin á kistubotni; þeir eiga sjálfsagt að ljá þau, en það væri ekki á móti því, að þeir tæki borgun fyrir lánið á þeim, líkt og menn gjöra í lestrarfèlögum, þegar lèðar eru bækur þaðan; gæti þá má ske feingizt endurgoldinn kostnaðurinn að nokkru eða öllu leyti, sem yrði að hafa fyrir flutníngnum á þeim.

H. Kr. Friðriksson: Eg ætla nú ekki að tala lángt í þetta skipti. Fyrir mèr má þíngið gefa öll alþíngistíðindin, ef það vill; mèr er það ekkert kappsmál. Rèttara sýnist mèr þó, að fresta máli þessu, þángað til póstgaungunum yrði betur hagað, svo hægra og kostnaðarminna væri að koma tíðindunum út um landið, og gæti vel svo farið, að hinn heiðraði *framsögumaður* ekki fyndi þá jafnmikla ástæðu til að gefa þau, þegar þau eru ekki dýrari eða litlu dýrari fyrir útkjálka landsins en fyrir Reykjavík. Viðaukaatkvæði mitt misskilur hann líka, eða rángfærir. Eg skoða málið svo, að eg vil helzt eingum gefa tíðindin, en ef þíngið ákveður, að gefa hreppstjórunum eða hreppunum þau, þá sè eins ástæða til, að láta embættismennina, einkum þá verzlegu, fá eitt til að liggja við skjalasafnið. Þar sem *framsögumaðurinn* er að tala um sýslumennina í Reykjavík, þá vil eg segja honum það, að það eru sýslumennirnir á Íslandi, sem talað er um; hann ætti að vita það, að ekki þarf að taka upp aptur og aptur sama orðið, til þess, að auðsèð verði, til hvers það svarar, en eg hef ekki móti því, að þíngið gjöri honum það til geðs, ef honum þykir það svo miklu varða, að bæta við kommu, ef honum þykir hana vanta fyrir aptan „sýslumenn“. Eg er ekki sannfærður um kosti uppástúngu þessarar. Eg vil og geta þess, að af alþíngistíðindunum 1845 eru að eins hèr um bil 150 exemplör, og ef menn ætluðu að gefa hverjum hrepp eitt, þá yrði þau ekki nóg, og yrði þá að kaupa í viðbót, til þess að hver hreppur gæti feingið ein tíðindi, og þá yrði ekkert eptir, svo ekkert feingist framar. Af þíngtíðindunum 1847 eru eptir rúm 200; en við útsendínguna hafa mörg þeirra skemmzt, svo ef þau yrði tekin frá, þá yrði eptir um 30 exemplör, og er það líka of lítið. Þegar árlega geingur nokkuð út af tíðindunum, þá yrði loks eigi auðið að fá þau. Nefndarálit þetta finnst mèr, yfir höfuð, fremur miða til, að venja menn á, að lagt sè allt í hendur þeirra, og að því leyti er eg hræddur um, að það gjöri miklu fremur ógagn en gagn.

Indriði Gíslason: Hvað sem nú líður hinum fyrstu þíngtíðindum, þá læt eg það vera, því landsmönnum mun vera helzt for-

vitni á að sjá seinustu alþingistíðindin, svo eg held það gjöri ekki svo mikið til. Eg vona að hinn heiðraði *framsögumaður* hafi ekkert verulegt á móti, að viðaukaatkvæði mitt sè eins orðað, og það er; yfir höfuð finnst mèr það vera smámunasemi og ekki annað, að leingja þíngræðurnar út af því, að nálgast tíðindin; því hvað kostnaðinum viðvíkur um útbýtíngu tíðindanna, þá held eg það geti lagazt; sýslurnar, sem nær liggja, geta að sönnu feingið þau á hestum á haustin eða veturna; því allir munu vilja sjá þau sem fyrst; en hin fjarlægari hèruðin þar á móti geta feingið mann hèr í Reykjavík til að senda sèr þau með skipum á vorin, og yrði þá kostnaðurinn lítið meiri; eg þori eingan veginn að ráða til þess, að leggja það á þíngkostnaðinn; þjóðinni þykir hann nógur samt; það er líka ekki í eins ákvörðuðum og útbornum eyri, að nálgast þau við hentugleika; enda hjálpar þá viljinn til þess. Það er það eina, að þær fjarlægari sýslurnar fá tíðindin nokkuð seinna.

Halldór Jónsson: Þó mèr hafi ekki fundizt og finnist ekki enn mál þetta svo mikils vert, sem það hefir kostað miklar umræður, vil eg þó gjöra grein fyrir, hvernig eg muni greiða atkvæði í því; og verður það á þá leið, að hver hreppur í landinu fái ókeypis 1 exemplar af þeim þíngtíðindum, sem hèðan af út koma; á hinum fyrri ríður minna, og svo spretta vandræði af því, að ekki er nóg til af hverju ári þeirra. Og svo vil eg annaðhvort fella allar hinar uppástúngurnar, eða að öðrum kosti aðhyllast breytíngaratkvæði hins 3. konúngkjörna þíngmanns.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg lèt í ljósi við undirbúníngsumræðu þessa máls, að eg mundi fallast á 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, en eptir þeim upplýsíngum, sem hinn háttvirti þíngmaður úr Reykjavík gat um, hve lítið væri eptir af þíngtíðindunum frá 1845 og 1847, þá er nú allt öðru máli að gegna. Það er nú komið upp, að ekki sè til nema 100 eða 200 expl. af tveimur fyrstu árunum, og af því má þíngið ekkert missa. Þá yrði eptir uppástúngunni alþíngi að kaupa sjálft það, sem vanta kynni, en þetta get eg ekki fallizt á, að alþíngi kaupi alþíngistíðindi handa hreppunum; eptir því á 1. niðurlagsatriði nefndarinnar ekki við, nema *forseti* mætti skilja það svo, að þetta verði að eins af þeim tíðindum, þar sem afgángs verði samt sem áður ekki minna en 100 exempl. óútbýtt; sè það ekki meiníngin, þá verð eg að fallast á uppástúngu þíngmanns Reykjavíkur, að fresta skuli málinu. Breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga getur ekki vel staðizt, því

það má skilja það svo, að *forseta* yrði gjört að skyldu, að senda tíðindin öll út um landið, en sú mun þó vera meiníngin, að hann eigi að standa fyrir útbýtíngu þeirra, sem gefin eru.

Forseti: Eg hefi allt af skilið uppástúngu nefndarinnar svo, að þar með væri meint til að útbýta því, sem afgángs yrði af þíngtíðindunum, því alþíngið má ekki láta svo mikið burt af þeim, að það hafi ekkert sjálft eptir, t. d. að eptir yrði frá 50—60 exemplör; eg álít ótækt, að alþíngi eigi ekki dálítið ófargað, ef einhver vildi eignast tíðindin frá upphafi. Um breytíngaratkvæðið nr. 4 hefi eg allt af haldið, að meint væri, að *forseti* skyldi standa fyrir útbýtíngu tíðindanna, eins og fyrir öðru, er þarf að gjöra í þarfir alþíngis, og tæki af alþíngiskostnaðinum það, sem þyrfti til þess að kosta; en eg álít til þess hafi *forseti* ekki vald, því hèr er ekki að ræða um kostnað svona í eitt skipti, heldur um árlegan kostnaðarauka, og hann, ef til vill, eigi svo lítinn, og því þyrfti að senda um það bænarskrá til konúngs.

Framsögumaður: Forseti tók það fram, að það hefði ei verið meiníng nefndarinnar, að gánga svo nærri alþíngistíðindunum, að ekkert væri eptir. Það hefði verið æskilegra, að þíngmaðurinn úr Reykjavík hefði við inngángsumræðu þessa máls getið þess, að ekki væri meira eptir af þíngtíðindunum frá 1845 og 1847 *(H. Kr. Friðriksson:* Eg gat þess strax); en mèr finnst þjóðin þá hafa rètt til, að krefjast, að sjá skýrslu fyrir þessum alþíngistíðindum, sem út hafa selzt; því árið 1853 var upplag alþíngistíðindanna víst 1000 expl., og sömuleiðis öll árin þar á undan, þegar alþíngi var haldið, svo mèr finnst þetta hljóta að orsaka það, að þjóðin á næsta þíngi krefji reiknings um þetta. Þetta gjörir mèr nú enn þá örðugra að skilja uppástúngu þíngmanns Reykjavíkur um, að gefa sýslumönnum og amtmönnum alþíngistíðindi; þar sem hann sagði, að þeir ætti eins heimtíng á þessu eins og hrepparnir, þá verð eg að biðja hann, að gæta þess, að hrepparnir eru þó fèlög, en hitt eru einstakir menn; svo þetta fellir sig sjálft, eins og eg gat um áðan.

Breytíngaratkvæðið nr. 4 fellur enn fremur við upplýsíngu þessa um skort á fyrri þíngtíðindunum, og verður því bezt að láta þá sækja þau, sem vilja, því hvernig getur *forseti* vitað, hvert bezt muni vera að senda þau?

Forseti: Viðvíkjandi útsölunni á eldri þíngtíðindunum, þá vil eg geta þess, að árið 1853 var eg í útsölunefndinni með konferenzráði Þ. sál. Sveinbjörnsen, eg man ekki hver var hinn 3.; skrifuðum

við þá útsölumönnunum brèf um, að þeir skyldi skýra oss, og gjöra grein fyrir útsölunni, samkvæmt útsölusamníngum þeirra við alþíngi, og sendum við afskriptir af þeim, en þá var það alls einn þeirra, sem sendi reikníng um það, skilaði þeim óseldu, og skýrði frá, hvar nokkuð af hinum væri niður komið hèr og hvar út um land, hjá þeim, er hefði pantað tíðindin, en áður hafði hann sent borgun fyrir þau, sem selzt höfðu. En sá, sem hafði útsöluna á hendi 1845 og 1847 hefir einga grein gjört fyrir útsölunni, og eg veit ei, hvenær eður hvernig endurgjald fyrir þau hefir komið í jarðabókarsjóðinn. Við þetta var ekki annað að gjöra fyrir okkur, en annaðhvort að láta svo búið standa, eða leggja á vald þíngsins, hvort það vildi höfða mál móti honum, en það vildum við ekki gjöra upp á okkar eindæmi, en enn þá mundi sá vegur opinn samkvæmt samníngunum í brèfi okkar, er til er í skjalasafni alþíngis, og má á því sjá, að við gjörðum allt, sem okkur var unnt, til að koma þessu í það horf, sem vera skyldi.

Vilhjálmur Finsen: Eg skal þó geta þess, að eg hefi sem landfógeti útvegað reiknínga fyrir sölu þessara alþíngistíðinda fyrir 1845 og 1847 sem minnzt var á; eg hefi nefnilega feingið skipun frá endurskoðunarskrifstofu íslenzku stjórnardeildarinnar, að útvega skýrslur um andvirði alþíngistíðindanna, því endurskoðunarskrifstofan hefir heimtað þetta, til þess að geta gætt þess, að upp í alþíngiskostnaðinn komi þær tekjur, sem koma eiga, og þá einnig fyrir seld þíngtíðindi; þessar skýrslur liggja við jarðarbókarreiknínganna, og hefir útsölumaður gefið mèr greinilega skýrslu fyrir öllum þíngtíðindunum, sem hann hafði til útsölu, þannig að full skil mega álítast gjörð fyrir sölu þeirra; reiknínga þessir eru til sýnis hjá mèr hverjum, sem vill, af þíngmönnum.

Forseti: Það eru víst skýrslur fyrir seldum tíðindum, en eg verð að neita því það sè fyrir hinum óseldu.

Vilhjálmur Finsen: Reiknínga rnir voru gjörðir fyrir öllum tíðindunum, bæði hinum seldu og óseldu; þeir hafa síðar verið sendir til stjórnarinnar og hefir hún eingar athugasemdir gjört við þá, eins og eg ekki heldur sjálfur hefi betur vit á, en að fullkomin og ánægjanleg skil sè gjörð fyrir sölu þessara tíðinda, og að ekkert sè að þeim að finna, heldur hefir útsalan á tíðindunum fyrir 1845 og 1847 jafnvel verið haganlegri, heldur en fyrir seinni árin, því sölulaunin voru minni; hinn háttvirti *forseti* getur feingið afskript af þeim reiknínguin, ef hann óskar þess. Hvað nú útbýtíngunni á tíðindunum til

hreppanna viðvíkur, þá þykir mèr ekkert spursmál um, að gefa þau tíðindin, sem lítið er til af, og þegar eru uppgeingin eins og tíðindin frá 2 og, ef til vill, 3 fyrstu þingunum. Eg get á hinn bóginn ekki fallizt á, að fela *forseta,* að skilja atkvæðagreiðsluna öðruvísi, en orðin beinlínis hljóða, úr því eingin beinlínis uppástúnga er á atkvæðaskránni um, að slíkt skuli fela *forsetanum,* og finnst mèr eptir kríngumstæðunum rèttast, að einúngis væri gefið hreppunum exemplör af þeim tíðindum, sem hèr eptir út koma, en ekki af þeim, sem híngað til hafa verið prentuð, og skal eg stínga upp á, að uppástúngan yrði klofin og borin upp í tvennu lagi samkvæmt þessu.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla einúngis að skýra misskilníng þann, sem orðið hefir út af breytíngaratkvæði mínu. Það var aldrei ætlun mín, að hindra það, að hrepparnir sækti tíðindin á sinn kostnað, þegar búið væri að gefa þau, ef þeir svo vildi, svo að þá geta hverjir, sem vilja, vitjað alþíngistíðindanna. Þetta sèst bezt, ef að því er gáð, að einginn efast um, að alþíngi megi *gefa* tíðindin, og þá hefir hver sjálfsagt leyfi til, að rètta höndina eptir gjöfinni; en hitt þótti aptur efamál, hvort senda mætti tíðindin út um landið á kostnað alþíngis, án þess að bænarskrá væri send um það til konúngs. Það hefir verið tekið fram, að það sè einúngis að gjöra um flutníng þeirra tíðinda, sem nú eru komin út, en alls ekki hinna; þetta stendur og með berum orðum í breytíngaratkvæði mínu. Þegar landsmenn borga alþíngistollinn á annað borð, þá er eins hægt fyrir þá, að borga flutníngskostnað tíðindanna um leið, eins og að borga hann með sveitarútsvarinu, ef þeim gjörist að borga hann á annað borð. Mèr þykir ósanngjarnt, að hin fjarlægustu hèruðin skuli gjalda fjarlægðar sinnar, svo þau geti ekki feingið þíngtíðindin flutt til sín, nema með ærnum tilkostnaði, því þau hèruðin hafa eins mikinn rètt til að hafa alþíngi nærri sèr, eins og önnur hèruð; þau eiga sannarlega eigi að gjalda þess, að Reykjavík hefir þótt bezt fallin til þíngstaðar.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú einasta upp til að láta þínginu í ljósi, fyrir hverju eg muni gefa atkvæði af því, er stendur á atkvæðaskrá þeirri, er hèr er til umræðu; eg felli mig bezt við fyrsta niðurlagsatriði nefndarinnar; hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur sagði, að það væri ekki til af þíngtíðindum fyrir árið 1845 nema í mesta lagi 150; eg held það þurfi nú ekki að vera til fyrirstöðu að aðhyllast nefndaruppástúnguna, einkum ef þíngið hallaði sèr að breytíngaratkvæði hins háttvirta *varaforseta;* því eptir því, sem kom-

ið hefir fram í þingræðum manna, þá má nú gjöra ráð fyrir, að einhverjir hreppar láti sèr liggja í lèttu rúmi, þó þeir ekki geti náð í þessa margumræddu náðargjöf þingsins, einkum þeir hrepparnir, sem yrði að kosta má ske 9 mrk. til 2 dala að nálgast þau; svo líka get eg nú hugsað mèr, að þingmaðurinn sè ekki meir enn viss í tölu tíðindanna; því utanþings hèr um daginn heyrði eg haft eptir þingmanninum, að þau væri ekki fyrir umgetið ár nema 80, en síðan hafa þó aukizt við 70.

Sveinn Skúlason: Þó eg sè nefndarmaður, þá ætla eg ekki að láta mèr vera neitt kappsmál um þetta, og stend eg ekki svo fast á móti því, að þingið gángi inn á niðurlagsatriði nefndarinnar; en af öllum þeim bollaleggíngum, sem gjörðar hafa verið í þessu máli, þá finnst mèr þó álit nefndarinnar vera það skásta, en það kann nú að vera af því, að hverjum þykir sinn fugl fagur. Það eina, sem nefndina vantaði, var, að vita þann skort á þingtíðindunum frá 1845—47, sem þingmaður Reykvíkínga gat nú fyrst um. Eg held hinn heiðraði þingmaður úr Austur-Skaptafellssýslu hafi ekki alveg rètt í því, að hin fjærlægari hèruðin keppist ei svo mikið eptir að fá þingtíðindin, ef þeir þaðan ætti að sækja þau, eða ná þeim til sín, því þegar allir hafa jafnan rètt að þeim, og öllum þykir nauðsyn á að fá þau, þá er ekki skorturinn á tíðindunum frá 1845 nóg ástæða móti því, að þau alþingistíðindin sè gefin, sem nóg er til af. Viðaukaatkvæði þingmannsins frá Reykjavík er reyndar á rèttum ástæðum byggt, og rètt hugsað, en mèr þykir þó ei ástæða til, að þeim, er hann til nefnir, sè útbýtt þingtíðindunum gefins, því ef amtmennirnir og bæjarfógetinn fá launaviðbót, þá ætti þeir að geta keypt eitt exemplar af þingtíðindunum, til að láta það liggja við skjalasafnið. Breytíngaratkvæði þingmanns Borgfirðínga hefir þótt mega misskilja, og er það reyndar satt, og þykir mèr ekki ráðlegt, að bæta flutníngskostnaðinum inn í alþíngiskostnaðinn, því það er má ske ekki hægðarleikur fyrir *forseta*, að geta sèð um það, hvernig útsendíngin og útbýtíngin geingur, og að fá nægar skýrslur fyrir því, svo kostnaðurinn verði sanngjarn. Breytíngaratkvæði hins háttvirta 3. konúngkjörna þingmanns er ekkert annað en orðaleikur, því það getur hèr ekki verið talað um, að gjöra hverjum hreppi að lagaskyldu, að sækja tíðindin, heldur að þeir ætti kost á því, svo mèr finnst eingin ástæða til þessa breytíngaratkvæðis. 2. niðurlagsatriði nefndarinnar er eg samdóma; en viðaukaatkvæði þingmannsins úr Dalasýslu verð eg að vera öldúngis mótfallinn, því það væri svo óendanlega hlægilegt, að þurfa að

fá samþykki alþingis til að ljá bækur. Það er auðvitað, að sveitarstjórinn á að sjá um, að ljá þau ekki nema þeim mönnum, sem mundi fara vel með þau, eða sem gæti útvegað þau aptur, ef að þeim yrði; það dettur heldur eingum í hug, að gefa hverjum hreppi þingtíðindin til þess, að þau lægi þar læst niður á kistubotni. Þetta viðaukaatkvæði finnst mèr því ekki bíða svara.

Ólafur Jónsson: Umræðurnar um þetta mál ætla að verða nokkuð leingri, en eg hugsaði. Eg vil að eins geta þess, að það fór illa, að upplýsíng þingmannsins úr Reykjavík, um skort fyrstu þingtíðindanna, kom ekki fyr; það kom mèr til þess, að gjöra ekki breytíngaratkvæði, við undirbúníngsumræðuna, við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, sem mèr nú fer að þykja nokkuð ískyggilegt. Eg verð því að halla mèr fyrst um sinn að uppástúngu hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns.

Framsögumaður: Eg skil nú reyndar ekki í, að svo mikið skuli vera selt af þingtíðindunum, eins og þingmaður Reykjavíkur gaf í skyn; ætli þau hafi ekki fúnað eða farizt á annan hátt? Því áður hefir verið sagt, að það hefði mest selzt af ársupplaginu 400 exemplör; hvar er þá allt það, sem óselt er? Eg skildi ekki, hvort það, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þingmaður sagði væri eptir óselt af þeim, væri auk þess, sem þingmaðurinn úr Reykjavík taldi að eptir væri, og væri svo, þá fer nú að batna í því. Þingmaður Borgfirðínga og eg förum nú alveg sinn í hvora áttina; eg vil ekki láta senda alþingistíðindin í hreppana, áður en eg veit, hvort hreppsmenn vilja þau eða ekki; eg held má ske að þeim sè lítil þægð í því. Það væri eins og að gefa einhverjum það, sem maður ekki veit hvort hann gefur nokkuð um, og troða því upp á hann að honum fornspurðum; eg get sagt við einhvern mann: eg skal gefa þèr vissan hlut, en þú verður að sækja hann til mín, annars færðu hann ekki; honum þykir þá ekki mikið í hlutinn varið, vilji hann ekki vinna þetta til hans, og líkt finnst mèr nú vera varið með þingtíðindin. Eg ætla nú ekki að fara fleirum orðum um þetta, því umræðurnar í máli þessu eru orðnar miklu leingri, en nokkur þörf var á.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr þótti æfinlega mál þetta vera ránglega upptekið frá fyrstu, eins og eg sagði við inngángsumræðuna, og furða eg mig nú því ei heldur á, þó vandræðin ætli að vaxa eptir því, sem menn komast leingra út í það; því útbýtíng alþingistíðindanna ætlar nú, sem von er, að stranda á sama skerinu, sem útgáfa þeirra frá upphafi hefði átt að stranda á, þar eð það sýnist að

vera til lítils, að vera að troða út bók, sem landsmenn vantar allan áhuga á að vilja eiga. En fyrst nú einu sinni í þetta óefni er komið, þá finnst mèr það sjálfu sèr samkvæmt, að halda út til endans, og eg get þá ei annað sèð, en að þingið, fyrst það endilega fyrst vill gefa tíðindin út, og svo útbýta þeim gefins, eigi þá líka einnig að annast um, að koma þeim til manna; og því mun eg gefa atkvæði mitt fyrir breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga, að *forseti* sjái um, að koma tíðindunum á sem hentugasta staði, og hreppárnir svo að eins nálgist þau þaðan, líkt eins og þíngmaður Ísfirðínga gat um. Sömuleiðis ætla eg mèr að gefa atkvæði mitt fyrir breytíngaratkvæði hins heiðraða varaþíngmanns úr Dalasýslu, þó sumir hafi kallað það hlægilegt, því mèr finnst það fullkomlega vera sjálfu sèr samkvæmt, og ekki hlægilegra, en allt hitt, að alþíngi láti sèr einnig vera annt um, að fá sem flesta til, að lesa þíngtíðindin, fyrst það á annað borð er að fást við að koma þeim út. Að öðru leyti skal eg enn að eins leyfa mèr að svara einu orði því, sem hinn háttvirti *framsögumaður* sagði við undirbúníngsumræðuna, og eg þá gat eigi svarað, af því umræðunum var hætt fyr, en svo, að eg kæmist að. Hann kvað það ófrjálslega skoðun, að vilja ei, að alþíng gæfi, út fullkomin þíngtíðindi, og þótti það mótsögn við að óska, að þíngið væri haldið í heyranda hljóði; en eg verð þá að segja honum það, að á Einglandi, þar sem vèr þó allir vitum að öll þíngstjórn er frjálslegust og leingst komin, er ei sá siður, að þíngið sjálft gefi annað út, en ágrip af athöfnum sínum, en áhugi landsmanna á, að þekkja umræðurnar, er svo mikill, einmitt af því þíngið er haldið í heyranda hljóði, að blaðamennirnir halda hraðskrifara til þess, að skrifa þær orðrètt upp og gefa þær svo sjálfir út í blöðum sínum, er fljúga út. Og að endíngu skal eg að eins bæta því við, að ef það á að vera frjálslyndi, að vilja einmitt láta gefa sem mest af ræðum sínum út á landsins kostnað, þá verð eg að segja, að eg hirði ei stórt um, að eiga nokkurn þátt í slíku frjálslyndi.

Framsögumaður: Eg vil biðja hinn háttvirta *forseta* að gæta að 71. § í alþíngistilskipuninni.

Stefán Jónsson: Mèr hefir eiginlega aldrei verið svo sèrlega annt um þetta mál, því það hefir, þar sem eg þekki til, verið flutníngurinn, en ekki verð tíðindanna, sem hefir verið í vegi fyrir útsölunni, eins og eg mun hafa áður getið; en þar eð það er nú komið svonalángt, þá finnst mèr ekki eiga að fresta því, nè fella það. Ef það kemst á, að tíðindunum verði gefins útbýtt, þá finnst mèr líka ætti að koma

þeim gefins til þeirra, sem þiggja eiga; því annars væri gjöfin ekki nema fyrir næstu sýslurnar, sem sízt þurfa þess með, því eg gjöri lítið úr því fyrir menn, að ná tíðindunum frá þeim stað, sem þeir hafa kaupstefnu, en aptur er lítið gagn að þeim gjöfum, sem menn ekki geta eða vilja vinna til að þiggja. Eg verð því að fallast á breytíngaratkvæði fulltrúa Borgfirðínga, því það fer fram á þá sanngirni, að allir fái gjöf þessa með jöfnum kjörum.

Jón Hjaltalín: Þegar eg las nefndarálitið, fannst mèr það gott, en það, sem vantaði, kom í breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga, sem eg er alveg samdóma. Mèr þykir nú ekki vert að tala leingur um þetta mál, því það verður því óljósara, sem menn leingur ræða um það; það verður eins og einlægur hrærigrautur, þegar verið er að smásjóða það svona yfir ýmsum eldum.

Pètur Pètursson: Eg stend í þetta skipti einúngis upp af náúngans kærleika, og þá þarf maður aldrei að vera svo lángorður. Mèr finnst það hart, að hinn heiðraði *framsögumaður* skuli vilja bera brigður á, hve mikið er óselt af fyrstu alþíngistíðindunum, og það því fremur, sem þíngmaður Reykvíkínga gat þess strax við inngángsumræðuna. Hvað breytíngaratkvæði mínu viðvíkur, þá vil eg ekki kannast við, að það sè eintómur orðaleikur, því um hann er mèr aldrei, en það er ekki heldur tóm orðabreytíng, því eg vildi koma í veg fyrir misskilníng á 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, sem mèr fannst sumum vera hætt við; en eg er þá ekki svo fastheldinn við það, að eg vilji leingja þíngræðurnar út af því.

Magnús Andrèsson: Eg var samþykkur nefndinni í því, að hver hreppur skyldi fá eitt exemplar af þíngtíðindunum, en mèr þykir það vera þýðíngarlaust, ef þau geta ei komizt til þeirra kostnaðarlítið fyrir þá, eg vil ekki segja kostnaðarlaust, ef þeim t. a. m. væri komið á einhvern hentugan stað, svo þeir þaðan ætti hægt með að nálgast þau. Eg verð því að halda mèr til 1. niðurlagsatriðis nefndarinnar, og breytíngaratkvæðis þíngmanns Borgfirðínga, en þó lítið sè orðið til af fyrstu þíngtíðindunum, sem mèr reyndar virðist næsta ótrúlegt, þá held eg það gjöri ekki svo mikið til, því fólk mun ekki sækjast eins eptir að lesa þau, eins og hin nýrri, ef það annars vildi lesa nokkuð af þeim.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg gat þess strax við inngángsumræðu þessa máls, að eg hèldi það yrði lítil rèttarbót í þessari gjafaákvörðun fyrir sveitir þær, er liggja leingst norður og vestur á landi, ef þær eiga að sækja á sinn kostnað hver sitt exemplar

tíðindanna hingað suður í Reykjavík, og sízt, ef það á að vera skylduplikt þeirra, eins og helzt er að sjá af nefndaruppástúngunni, að hver sveit eigi að skyldast til, að sækja þau, og hreppstjórinn að geyma þau vandlega við sveitarskjölin; virðist mèr þá, að nær hreppstjórar skiptast um, sem stöku sinnum ber nú til, geti sá nýi hreppstjóri krafið hinn um að hafa til alþíngistíðindin, og afhenda sèr þau, og ekki batnar, ef viðaukaatkvæðið þíngmannsins úr Dalasýslu geingur fram, því þó sveitarstjórum þætti nú íhorfsvert, að baka sveit sinni þann kostnað, að fara að senda eptir tíðindunum svo lánga vegi, þá geta einstakir menn, sem vilja fá að lesa þau, gjörzt upp á hreppstjórann, og heimtað af honum, að hafa þau á reiðum höndum handa sèr að lesa þau; af tvennu illu held eg taki þó heldur breytíngaratkvæðið hins 3. konúngkjörna þíngmanns, en þó helzt breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga, að þíngið biðji *forseta,* að koma tíðindunum á þíngsins kostnað á þá hentugustu staði út um landið; eg held það þyrfti ekki að verða mikill kostnaður, því eg álít nóg, og þá hentugustu staði, að koma þeim til amtmannanna; það vita allir, að ekki er örðugt að koma þeim hèrna til amtsins, og ekki þarf að kosta mikið, að koma þeim hèðan til Stykkishólms, því þángað falla nógar sjóferðir hèðan frá Reykjavík; það er þá örðugast að koma þeim til norðuramtsins, og er þá mögulegt, eins og stúngið hefir verið upp á, að senda þau hèðan í einu lagi til Hafnar og þaðan til Akureyrar; hitt get eg ekki ímyndað mèr, að amtmennirnir færist undan, að koma þeim svona við hentugleika, eins og lagaboðunum, til sýslumannanna, og þá mundi hreppstjórarnir góðfúslega taka þau sjálfir hjá þeim, svo þetta sýnist allt mögulegt og kostnaðarlítið.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eptir því, sem mèr skildist á ræðu hins heiðraða *framsögumanns,* þá þykir honum ei miklu skipta, hvort mikið eða lítið er til óselt af hinum fyrstu alþíngistíðindunum, og þykir mèr það eins og lýsa því, að hann hugsi mest um, að skara eld að sinni köku; því það er svo sem auðvitað, að þeir, sem hèr eru næstir Reykjavík, verða fyrstir til að ná tíðindunum, en hinir sitja á hakanum, sem fjær eru; en það get eg ekki annað en álitið með öllu óviðurkvæmilegt. Ef að þíngið nú fellst á uppástúngu nefndarinnar, þá er eg samþykkur því, að *forseta* verði falið á hendur, að standa fyrir útsendíng tíðindanna; hitt vil eg sèrstaklega sè tekið fram, að ekkert sè gefið af þeim tíðindum, sem lítið er til af, og ef að einhver kann að vilja fá eitthvað af þeim, þá

verði það selt. Ef þingið vill fella breytíngaratkvæði þingmannsins úr Borgarfjarðarsýslu, þá hygg eg, að mörgum kunni að þykja sèr sýnd veiðin en ekki gefin, og því álít eg það vera rètt, að aðhyllast það, því það mælir sannarlega rèttvísi og sanngirni með því, að öllum verði gjört jafnhægt fyrir að nálgast tíðindin, úr því þau eru öllum gefin. Viðaukaatkvæði þingmannsins úr Dalasýslu álít eg vera varúðarvert að fallast á, því eg er hræddur um að lítið verði úr gjöfinni, ef að hver maður, sem vill, ætti beina heimtíngu á, að fá þau til að lesa þau, og halda þeim hjá sèr svo og svo leingi; eg held, þegar þau eru búin að gánga í gegnum margar og sumar misjafnar hendur, þá verði lítill feingur í þeim fyrir hreppstjórnarembættin; eg ætla því að gefa atkvæði mitt einúngis fyrir 1. uppástúngu nefndarinnar, og breytíngaratkvæðinu nr. 4.

Páll Melsteð: Eg verð að lýsa því yfir, að eg er á sama máli og hinn heiðraði þingmaður Suður-Þíngeyínga, eptir þær upplýsíngar, sem fulltrúinn úr Reykjavík hefir gefið um skort á þíngtíðindunum frá 1845 og 1847.

Framsögumaður: Eg átti ekki von á því, að hinn heiðraði þíngmaður frá Suður-Þíngeyjarsýslu dróttaði að mèr nokkurri hlutdrægni, því til þess hafði hann eingan rètt, og eg veit ekki til, að eg hafi sýnt hana í nokkru máli á þíngum, sem geti gefið honum tilefni til þessa. Þíngmanninum frá Eyjafjarðarsýslu var fyrir laungu búið að svara, og eins hinum háttvirta fulltrúa Skagfirðínga, svo eg fer ekki hèr að taka það upp aptur. En þó að blöðin gefi út þíngtíðindin á Einglandi, þá get eg ei skilið það geti komið til umtals hèr, því það er víst æríð ólíku saman að jafna, ástandinu á Einglandi í þeim efnum, og ástandinu á Íslandi; eg held við þyrftum þá að hafa fleiri blaðamenn, en við höfum, fleiri prentsmiðjur, betri vegi og greiðari póstgaungur, ef allt ætti hèr að gánga jafnhratt frá þínginu, eins og það geingur á Einglandi. Eg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um þetta; þó vil eg bæta því við, að ef þíngtíðindin verða nú send á kostnað alþíngis til hreppanna, þá gæti svo farið, að bænarskrár kæmi til næsta þíngs um, að afbiðja sendíngarnar.

Benedikt Þórðarson: Eg held það verði full vandræðafirríng í máli þessu; sè niðurlagsatriði nefndarinnar borið upp í tvennu lagi og byrjað á neðri endanum, og borin fyrst upp orðin: „þau þíngtíðindi, sem hèr eptir út koma“, verði þetta að eins samþykkt, þá hverfa að miklu vandræði þau, sem flutníngur tíðindanna hefir í för með sèr. En yrði síðan fyrri hluti atriðisins borinn upp eins

og hann er, og samþykktur, er ekki annað sýnna, sè tíðindin ekki til, en að það verði happ, sem hlýtur, hverjir hreppar geti feingið þau og hver hreppur verði þá feignastur sínum hlut, þegar hann nær honum.

Forseti: Það var áður búið að geta þess.

Ásgeir Einarsson: Eg hefi ekki aukið þíngræðurnar, með að tala mikið í þessu máli hingað til, og það skal heldur ekki verða lángt, sem eg tala nú. Eg vil geta þess, að þó að margir þíngmanna hafi mikillega fallizt á breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga, þá vil eg þó heldur fresta málinu, en fallast á það, því ef flutníngskotnaðurinn á að leggjast við alþíngiskostnaðinn, álít eg, að um slíkt verði að sækja til konúngs, eins og um stofnun bókasafns fyrir alþíngi, enda er ekki hægt að sjá fyrir, hvað kostnaður þessi gæti orðið mikill, meðan ekki er komið í kríng með póstgaungumálið. Aptur á móti felst eg á það, sem hinn heiðraði fulltrúi Suður-Þíngeyínga sagði, að ekkert verði gefið af þeim þíngtíðindum, sem lítið er orðið eptir af; en hvað því viðvíkur, að þau sè ekki lèð óvönduðum mönnum, þá er það fólgið í 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, þar sem hreppstjórum er ætlað að geyma þau, og þá er þeirra skylda, að ljá þau ekki nema þeim mönnum, sem fara vel með þau. Eg fyrir mitt leyti get heldur ekki fundið neitt hneykslanlegt í viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Dalasýslu; þvert á móti vil eg halda mèr til þess, og er eg því samdóma.

Forseti: Með því að ekki taka fleirri til máls, þá álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið; vil eg þá biðja þíngmenn að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan geingið til atkvæða um þessi atriði:

Tölul. 1. Uppástúnga *H. Kr. Friðrikssonar.*
Felld með 18 atkvæðum gegn 5.

—— 2. Nefndin (1. niðurlagsatriði):

a) Að allir hreppar á Íslandi fái að gjöf hver hreppur fyrir sig 1 exempl. af öllum þeim þíngtíðindum, sem hèr eptir koma út.
Samþykkt með 22. atkv. gegn 1.

b) og af hinum, sem út hafa komið síðan 1845, að svo miklu leyti, sem þau eru til.
Samþykkt með 14 atkv. gegn 8.

—— 3. Viðaukaatkvæði *H. Kr. Friðrikssonar.*
Tekið aptur af uppástúngumanni.

Tölul. 4. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar.*
Fellt með 14 atkv. gegn 10.
--— 5. Breytíngaratkvæði *Pèturs Pèturssonar.*
Fellt með 12 atkv. gegn 11.
—— 6. Nefndin (2. niðurlagsatriði).
Samþykkt með 10 atkv. gegn 9.
—— 7. Viðaukaatkvæði *Indriða Gíslasonar.*
Samþykkt með 11 atkv. gegn 8.

Forseti: Þar næst kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *kollektumálið;* þíngmaðurinn úr Rángárvallasýslu er *framsögumaður.* Eg hefi látið prenta atkæðaskrá í málinu, og vona eg allir þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá
í kollektumálinu.

Uppástúngur *nefndarinnar:*

a, Að konúngur leggi fyrir stjórn sína, að láta semja og auglýsa á prenti nýja reikníng yfir kollektusjóðinn frá árslokum 1797, byggða á þeim skýrslum og reikníngum rentukammersins um fjárhag sjóðsins, sem þá voru auglýstir.

b, Að öllum þeim útgjöldum, sem frá árslokum 1797 hafa verið tekin af kollektunni, en sem ekki geta komið henni við eptir hennar sèrstaklega uppruna og augnamiði, og hinum konúnglegu stofnunarbrèfum hennar frá 29. marz og 18. októbr. 1786, verði haldið fyrir utan þá reikníng.

c, Að Íslendíngum veitist, sem öðrum málsaðila af sinni hálfu, full hlutdeild í rannsókn og úrslitum reikníganna, áður en þeir verða til lykta leiddir með konúnglegum úrskurði.

d, Að konúngur allramildilegast hlutist til um, að kollektusjóðurinn, samkvæmt þannig löguðum reikníngum, verði með fullum skilum viðreistur á kostnað ríkissjóðsins.

Málið var síðan afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Eg þarf ekki, og skal ekki vera margorður; því eins og atkvæðaskráin ber með sèr, er ekkert breytíngaratkvæði fram komið við uppástúngur nefndarinnar; hèr er því eingu að svara, og ekkert að skýra; eg skal því einúngis halda fast við það, sem greinilega er tekið fram bæði af mèr og öðrum þíngmönnum, og vil því bíða átekta, þángað til ef eg af umræðunum fæ ástæðu til að svara einhverju.

Konúngsfulltrúi: Hinir heiðruðu þíngmenn munu án efa muna

eptir því, að eg á hinum fyrri þingum hefi mælt móti því, að konúngi væri send bænarskrá um viðrèttíngu kollektusjóðsins, og eg færði þá þær ástæður fyrir meiníngu minni, sem þíngmenn að sönnu hafa mótmælt, en ekki getað hrakið. Eg hefi enn þá sama álit á málinu, og hefi í eingu breytt meiníngu minni um það, og verð eg því í kröptugasta máta að ráða þínginu frá, að senda nú konúngi ítrekaða bænarskrá um þetta málefni. Þíngmenn hafa að sönnu áður gjört sèr góðar vonir um, að bænarskrár þeirra mundi hafa æskilegan árángur í þessu efni, en reynslan hefir þó sýnt það, sem eg ætíð hefi til getið, að ekkert annað hefir áunnizt með bænum þeirra en ítrekaðar synjanir. Þíngið ætti því síður nú að senda konúngi ítrekaða bænarskrá, sem hann í auglýsíngu sinni til þíngsins hefir með skýrum og alvarlegum orðum sagt, að þetta mál væri fullkomlega á enda kljáð með konúnglegum úrskurði, og að það sè því ekki nein ástæða til, að taka til greina bænarskrá alþíngis í þessu efni. Þessi skýru og skýlausu orð lýsa því, að stjórnin er öldúngis sannfærð um, að eingin gild rèttarástæða er til þess, að fara þeirri kröfu á flot, sem þíngið hefir gjört, og þíngið getur því ekki vænzt þess, að stjórnin muni fara því á flot við ríkisdaginn, að hann leggi penínga fram til viðreisnar kollektusjóðnum. Þíngið verður nl. að gæta vel að því, að það nú er ríkisdagurinn, sem hefir ráð yfir ríkissjóðnum, en ekki ríkisstjórnin, og hún mun, eins og eg áðan sagði, eingan veginn verða því meðmælt, að ríkisdagurinn leggi fè til í þessu skyni, þar sem hún álítur kröfur þíngsins á eingum rèttum rökum byggðar. Það mun því nú sem fyr verða öldúngis árángurslaust fyrir þíngið, að ítreka þessa bænarskrá, og eg get í þessu tilliti ekki annað en skýrskotað til orða þeirra, er hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga talaði hèr á þínginu fyrir skemmstu, að það væri ekki rètt fyrir þíngið að fara fram á það, sem eingin líkindi væri til að stjórnin mundi veita, og menn sjá að ekki er til neins. Mèr virtist það væri tiltækilegri vegur, þó eg eingan veginn álíti hann góðan, að þíngið sæi um, að málefni þetta væri borið upp fyrir ríkisdeginum af einhverjum ríkisdagsmanni, er til þess vildi verða, heldur en að þreyta stjórnina með þrábeiðni. Eg verð, til að forðast ofmikla orðaleingíngu, að vísa hinum heiðruðu þíngmönnum til þess, sem þeir annars ekki munu hafa gleymt, er eg hefi talað um þetta mál á hinum fyrri þíngum.

Þessi fáu orð hefi eg ekki talað í því skyni, að eg vænti þess, að þau muni snúa huga þíngmanna í þessu máli, er þeir sækja svo fast

með kappi og eindrægni, en eg hefi talað þau til þess, að þingmenn heyri, að mèr er ekki enn þá horfinn hugur í tilliti til þessa máls, og til þess, eptir skyldu minni, að mótmæla þessu máleíni stjórnarinnar vegna.

Forseti: Eg skal leyfa mèr með tilliti til þess, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að láta þá meiníngu í ljósi, að eg get ekki sèð, að þíngið, ef það fellst á málið, geti annað gjört, en sent um það bænarskrá til konúngs; en eg fæ ekki sèð, að það geti farið með málið til ríkisþíngsins. Að öðru leyti skal eg sjá um það, ef þíngið fellst á, að bænarskrá verði rituð, að hún verði með öllu sómasamlega og kurteyslega orðuð.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók af orðum mínum í öðru máli ástæðu til að geta þess, að eg hefði mótmælt þar því, sem eg hefði hèr mælt með; það mun vera meiníng sú, sem eg lèt í ljósi í prentsmiðjumálinu (Margir: í kristfjárjarðamálinu), en það á ekkert skylt við þetta mál. Í kristfjárjarðamálinu gat það alls ekki verið, því þar mælti eg einmitt með að vernda gjafabrèf og stofnanir sem mest óbreytt í tilgángi sínum. Í prentsmiðjumálinu var allt öðru máli að gegna, því þar var eptir mínum skilníngi ekki annað gjört, heldur en að stjórn einnar stofnunar varði fè hennar á einn vissan hátt, sem var eptir hennar áliti til almennra þarfa. Hèr er aptur spursmál, hvort stjórnin hafi haft rètt á, að fara svo með geymslufè sitt, kollektuna, eins og hún hefir gjört, og það ætla eg ekki vera. Hèr er ekki tilgángurinn að vinna rèttindi, heldur að gánga eptir sínu, heimta það, sem menn þykjast eiga; í hinu málinu var að ræða um stofnun, sem stjórnin hefir undir höndum. Það er sagt, að konúngur hafi nú ekki ráð yfir ríkissjóðinum; það er að vísu satt, en hann hefir fleiri en einn veg til, að hafa fram þetta mál; hèr hefir verið stúngið upp á tveim vegum, að vísa málinu til dómstólanna, eða leggja það fyrir nefnd. Uppástúngan miðar til hins síðara, til að gæta að og endurskoða, reikníngana og virðist sá vegur vel formlegur, sem ekkert er út á að setja. Ef stjórnin yrði sannfærð um það, að vèr hefðum rètt, þá er ástæða til að halda, að hún fèllist á þennan veg, og því vil eg greiða atkvæði fyrir þessu.

Arnljótur Ólafsson: Eg get eigi neitað því, að eg er hræddur um, að hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* hafi orðið það á hèr, sem honum mun aldrei hafa fyr á orðið, að hann rèði þínginu til, að hafa við þá aðferð, sem er skökk, bæði að efni og fyrirkomu-

lagi. Eins og hinn háttvirti *forseti* sagði, getur alþingi ekki snúið sèr að ríkisdeginum. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* veit, að alþingi á einúngis við konúng, ef fallizt er á málið, og þá er bænarskrá sá eini vegur. Annað mál er það, ef málið er svo vaxið, að þingið vill vísa því til yfirvalds eður til ráðherrans, en þessu er nú eigi svo varið með þetta mál. Að efninu til sè eg heldur ekki, að uppástúngurnar geti á nokkurn hátt snert ríkisdaginn, nema síðasta atriðið. Að auglýsa reiknínga, getur konúngur án ríkisdagsins, því það heyrir framkvæmdum til. Stafliður *b* er um fyrirkomulag og ráðstöfun á þessu, og hverja lögun skuli við hafa og hvað skuli auglýsa; það heyrir einnig framkvæmdum til, og þarf ekki þar ríkisdagsins. Sama er að segja um hin atriðin. Annað mál er það, ef reisa á við kollektusjóðinn á kostnað rikissjóðsins, þá rekur til ríkisdagsins, en fyr, ekki; en þá er það þó konúngur, sem leggur það fyrir hann, en ekki vèr eða alþingi. Eg vona því, að *konúngsfulltrúi* ráði ekki frá málinu af þessum ástæðum. Annars held eg nefndarálitið hafi í eingu verið ósómasamlegt; en ef bænarskrá verður send, þá mun *forseti* og nefndin sjá um, ef þörf þykir á, að hún verði eins og hún á að vera.

Konúngsfulltrúi: Eg efast ekki um það, að mèr opt hefir kunnað að skjátlast í ýmsu hèr á þíngi, og þar sem hinir heiðruðu þíngmenn hafa híngað til ekki borið sig upp um það, þá verð eg að eigna það bæði umburðarlyndi þeirra, og, ef til vill, líka hinu, að þeir hafi ekki verið eins skarpskyggnir og hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga. Eg verð að benda þessum þíngmanni til þess, að það var ekki meiníng mín, að alþíngi ætti að snúa sèr með bænarskrá til ríkisdagsins, því orðið bænarskrá brúkaði eg ekki; ekki var heldur sú meiníngin, að þíngið skyldi biðja stjórnina að bera málið upp við ríkisdaginn. En þar eð það ekki einúngis er stjórnin, heldur og sèrhver ríkisdagsmaður, sem rètt hefir til að taka „*Initiativ*“ á ríkisdeginum, lutu orð mín að því, að sá vegur væri mögulegur, til að fela þetta mál einhverjum ríkisdagsmanni til að bera það upp, og því benti eg á þessa aðferð, þó eg ekki rèði til hennar.

Framsögumaður: Eg þarf fáu að svara; minn háttvirti meðnefndarmaður og þíngmaður Ísfirðínga hafa gjört það, og tekið fram það, sem taka þurfti; eg er nú á sama máli og hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga, að úr því málið er komið fyrir þíngið, úr því svona lángt er komið, sè ekki nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að fella það með atkvæðum, eða rita um það bænarskrá til konúngs.

þingmaður Borgfirðinga sýndi, að atriðið undir staflið *a* lýtur að því, að biðja um, að reikningarnir sè endurskoðaðir og uppgjörðir, og leitt rök að því, að ekki þarf að fara með það til ríkisdagsins. Eg er samþykkur hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* í því, að þetta er ítrekuð bæn; en bænir hafa áður verið ítrekaðar hèr á þingi, sem misjafnt hefir verið tekið undir, og illa spáð fyrir, bæði af hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* og þá fleiri könúngkjörnum þingmönnum; það er undirskript konúngs undir íslenzka textann; það hefir opt verið gjört; eg man ekki, hvað opt að sú bæn var ítrekuð; nú hefir það feingizt; menn heyrðu þó, hve *konúngsfulltrúi* rèði frá því aptur og aptur, og sagði það mundi ekki fást; það sýnir, að ekki er ómögulegt, að fá eitthvað, þó synjað sè um stund; það er eðlilegt, þó stjórninni þyki viðurhlutamikið, að láta fara að rannsaka þessa reikninga, ef svo kynni að fara, að hallaðist á ríkissjóðinn, svo hann þyrfti að bæta fè við, og því er það ekki undarlegt, þó hún vilji sjá, hvort Íslendíngum er alvara, og þeir vilji fylgja því fram, að fá vafalausan rètt. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að þingmaður Ísfirðinga hefði haft aðra meiníngu um kristfjárjarðirnar, þá er það ekki rètt hermt, því það var einmitt sama stefnan, sem hann hèlt fram og í þessu máli, sú, að tilgángi gjafaranna yrði ekki raskað, þar sem nokkur sönnun væri fyrir ráðstöfunum þeirra; eg veit vel, að konúngur er ekki einvaldur í þeim málum, sem lúta undir ríkisdaginn; en hann er einvaldur hèr hjá oss; því þekki eg ekki nema þenna veg til hans; það er því annaðhvort að gjöra, að fella málið, eða rita bænarskrá til konúngs. *Konúngsfulltrúi* sagði að nefndarálitið væri eigi svo hæversklegt sem skyldi; nefndin gat þó ekki sèð, að þetta væri ekki boðlegt fyrir kurteysisbresti; nefndin vill einasta lofa því, að hafa bænarskrá til konúngs, ef þingið samþykkir að hún sè send, svo siðsamlega orðaða, að hún sè að því leyti viðunanleg, og hún vill einúngis hafa hæverskar bænarskrár. Fleira hefi eg ekki að segja í þetta sinn.

Pètur Pètursson: Eg skil ekki, hvaða árángur getur af því orðið, þó það, sem farið er fram á undir staflið *c*, að Íslendíngum veitist hlutdeild í rannsókn reikninganna fái framgáng, því konúngur á að skera úr; en einginn íslenzkur ráðgjafi. En eg vil ekki gjöra ráð fyrir hlutdrægni hjá þeim, sem ætti að endurskoða reikníngana, þó einginn Íslendíngur kæmi þar að; það er, ef til vill, meiníngin, að Íslendíngar hafi betri elju eða vit á þessu, en Danir; það skil eg nú ekki; það er því árángurslaust og óþarft, og spillir, af því það

gefur til kynna tortryggni, eða að minnsta kosti lítur svo út; hèr er beðið um tvennt; af því getur konúngur annað, en ekki hitt; hann getur látið endurskoða reikníngana, en ekki það, sem beðið er um undir staflið „*d*“; hann getur ekki hlutazt til um það án ríkisdagsins; það er undarlegt, að biðja um tvennt, hvar af annað verður veitt, en annað ekki; undarlegt, að konúngur lèti skoða reikníngana, en kynni þó, ef til vill, ekki geta viðrètt þá; mèr þykir því formið á uppástúngunni ísjárvert, án tillits til efnisins. Það er áður tekið fram af mèr, að það væri ósamkvæmt tilgángi kollektusjóðsins, að verja fè hans til strandamælínga, en það er ekki rèttur vegur, að fá því kippt í lið, með því að þráklifa svona á því. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* benti á annan veg, sem sè, að fara til ríkisdagsins, og bera málið undir hann, en þetta verður nú ekki hèðan af, þar ekkert breytíngaratkvæði er um það; enda efast eg um, að þíngið geti snúið sèr til hans, nema eins og hver *privat*- maður. Það getur vel verið, að það í sjálfu sèr væri eins gott, að snúa sèr í þessu máli til ríkisdagsins, því að hann hefir sýnt, að hann er frjálslyndur og göfuglyndur við okkur Íslendínga; þar að auki kynni hann, ef til vill, að taka það betur upp, ef þetta mál væri borið undir hann af einhverjum útí frá, heldur en ef það væri gjört af stjórnarherrunum.

Halldór Jónsson: Eg skildi svo hinn háttvirta konúngkjörna þíngmann, sem nú settist niður, að hann teldi líklegt, að það kynni fást, að reikníngarnir yrði endurskoðaðir; en hitt ólíklegra, að sá mismunur, sem verða kynni, feingist úr ríkissjóðnum. Eigi að síður finnst mèr með þessu nokkuð unnið, því feingist reikníngarnir endurskoðaðir, og úr þeim burtrýmt öllu því, sem þar á ekki heima, eptir tilgángi kollektunnar, en ríkisdagurinn vildi ekki að svo komnu samþykkja, að mismunurinn fèlli á ríkissjóðinn, þá yrði þó þetta atriði að takast til greina á sínum tíma, nefnilega, ef og þegar að því kæmi, að fjárhagur Danmerkur og Íslands yrði að skilinn.

Konúngsfulltrúi: Í tilefni af því, hvernig sumum þíngmönnum hafa farizt orð, skal eg geta þess, að ef mál þetta ætti að fá þann framgáng, sem þeir sýnast að hugsa sèr, innibindur það í sèr 3 atriði. Fyrst yrði stjórnin að láta gjöra upp reikníngana, og það er „administrativt“ atriði. Síðan ef það fyndist, að kollektusjóðurinn ætti til góða, en skylda ríkissjóðsins til að borga skuldina, yrði að skera úr því með dómi; og loksins er þá eptir, að hið löggefandi vald leyfi borgun peninganna úr ríkissjóðnum. Á þessum lánga vegi

get eg til, að fleiri örðugleikar muni mæta, en þingmenn virðast að ímynda sèr.

Sveinn Skúlason: Mèr finnst þingið nú ekki eiga annað eptir, í þessu máli, en að sannfæra hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa*, og fá meðhald hans í málinu. Allir eru samdóma í því, að þetta sè nauðsynlegt; en það þarf kann ske ekki annað, en krefjast þessa opt, og fá meðhald *konúngsfulltrúans;* en ekki vantar annað, en að ráðgjafinn láti endurskoða reikníngana, og leggi þá svo fyrir ríkisdaginn; eg vona hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi,* sem góður Íslendíngur, skoði vel huga sinn, áður en hann leggur á móti málinu, því það, að um þetta hefir verið beðið ár eptir ár, sýnir þó áhuga þjóðarinnar á því. Eg ætla nú ekki að tala um einstök atriði í nefndarálitinu, en það er ekkert ókurteislegt, að mínu áliti; þar er einúngis krafizt skýlausra rèttinda, sem vèr höfum. Hinn 3. konúngkjörni þíngmaður hèlt með hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að það mætti fara með þetta til ríkisdagsins, en það er ómögulegt og ráðlaust, og það viðurkenndi hann líka, en það er eðlilegt, að setja konúnglega nefnd til að rannsaka það, og eg vona hann sè ekki á móti því, og álít ekki, að það sè skaði, að óvilhallir menn dæmi um það og heldur ekki, þó Íslendíngar eigi þátt í slíkum rannsóknum, en það er sjálfsagt, og reynslan sýnir það, að þíng Dana taki því vel, sem viðkemur fjárhagsefnum vorum, og þá þess heldur, því brýnni og vafalausari, sem rèttarheimtíngin er frá vorri hálfu.

Gísli Brynjúlfsson: Eg skal ekki neita því, að eg met æfinlega mikils tillögur hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* og einkum verð eg að segja, að mèr nú þótti mikill sannleikur og sanngirni í þeim fólgin, því eg efast ei um það, að hann hafði rètt í því, að þetta mál mun þó á endanum, og áður en því verður alveg lokið, reka að hinum danska ríkisdegi, þar eð það grípur inn í sjálft fjárhagsmálið. En eg get þó ei sèð, að þetta þurfi að vera því til nokkurrar fyrirstöðu, að þingið ei, eins fyrir því, geti sent konúngi vorum bænarskrá um málið, því eg óttast ei, að hann muni taka slíkt illa upp, einkum ef hún verður stillilega og höglega orðuð, eins og hinn háttvirti *forseti* og *framsögumaður* nú fúslega hafa heitið að sjá um; hitt er annað, að þingið getur þá, eins fyrir því, síðar meir farið að bendíngu hins háttvirta *konúngsfulltrúa,* og feingið einhvern duglegan mann til þess, að taka málið að sèr á ríkisþíngi Dana, þegar svo lángt er komið. Að öðru leyti skal eg ei taka það upp aptur, sem eg sagði við undirbúníngsumræðuna, að eg einkum gæfi atkvæði mitt

fyrir bænarskrá í þessu máli, af því eg vonaði það gæti orðið til þess, að koma sjálfu fjárhagsmálinu á hreifíngu, þó eg reyndar heldur hefði óskað, að annað en þessir peníngar, sem við allir vitum hvernig á stendur, hefði orðið til þess, því þó eg aldrei skuli neita því, að við víst höfum fullan rètt til að biðja um greinilega reiknínga fyrir kollektusjóðnum, þá verð eg þó að bæta því við, að eg er eingan veginn eins sannfærður um, að árángurinn, hvað peníngunum sjálfum viðvíkur, verði svo mikill.

Ásgeir Einarsson: Það er von, þó vèr villumst bændurnir, þegar vitríngar þíngsins þrætast um einveldi konúngs. Eg held nú, að konúngur sè enn einvaldur hèr á landi, og geti veitt þetta, og er sannfærður um, að hann muni gæta rèttar vors; annars veit eg ekki, hvað af því getur flotið, að vèr flækjumst svona milli ýmsra skoðana, svo vèr vitum ekki, hvar vèr sitjum eða stöndum í konúngsveldinu. Mig furðar að nokkrum skuli detta í hug, að það væri tortryggilegt, ef Íslendíngar tæki þátt í þeirri nefnd, sem yrði sett til að endurskoða reiknínga kollektunnar; það er þó ekki álitið tortryggilegt, þó einn maður sè valinn af hvers hendi, þegar bræður, frændur, vinir og skiptavinir hafa eitthvert vandamál sín á milli; er þá slíkt álitið eins og lögbundnar sættir málsparta á milli. Eg get ekki álitið þetta annað, en vífileingjur og vandkvæði tóm; það hefir verið sagt, að óvíst væri, að ríkisdagurinn tæki þessu vel, ef það kæmi frá stjórninni, en betur, ef það kæmi frá alþíngi; þetta get eg nú ekki skilið; eg vil ekki gjöra ráð fyrir, að það sè nein óeiníng milli ríkisdagsins og stjórnarinnar; það hefir verið sagt, að ríkisdagurinn væri góður við Íslendínga; eg skal ekki bera brigður á það; það, sem hefir verið sagt á móti málinu, getur ekki hnekkt mèr frá að greiða atkvæði fyrir því.

Indriði Gíslason: Eg skal einúngis lýsa gleði minni yfir því, að eg hefi heyrt, að allir hinir konúngkjörnu þíngmenn óbeinlínis eru málinu meðmæltir, það er að skilja í því, að þeir vildu að sjóðnum hefði verið varið samkvæmt tilgángi gjafaranna, og það var þegar þeir í kristfjárjarðamálinu meintu rèttast, að slíkum sjóðum væri varið samkvæmt gjafaranna upprunalega augnamiði; allt svo hljóta þeir að vera sömu meiníngar með kollektuna, svo það er ekki mikið, sem skilur hina konúngkjörnu og þjóðkjörnu í þessu máli, svo heita má, að bænir vorar komi í einu hljóði frá þínginu.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg veit ekki, hvort eg hefi tekið rètt eptir orðum hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* en af því

einginn hefir svarað því, þá verð eg að óska glöggunar á því, að þar eð hann áleit það, sem kann ske það eina mögulega ráð fyrir stjórnina eða konúnginn, að vísa þessu máli til dómstólanna, og nú skyldi svo vel til takast, að dómstólarnir dæmdi, að kollektusjóðurinn ætti mikið til góða hjá ríkissjóðnum, þá ættum við þó ekki víst, að fá fèð fyrir því, því ríkisþingið ætti þá eptir að samþykkja; ef að svona er varið rèttargángi ríkisins, þá held eg sè til lítils að hefja þetta mál nè önnur þess konar, og eg kalla þá illa komið kjörum okkar Íslendínga, ef konúngur okkar, sem við, að okkar leyti, köllum einvaldan, er svo ráðalaus, að láta oss tapa rètti vorum og fè eptir það, að æðsti dómstóll ríkisins hefir tildæmt oss það; eg veit nú ekki, hvort eg hefi tekið rètta meininguna, og mèr þykir líklegt, að hún hafi ekki átt að vera svona.

Framsögumaður: Það er nú búið að svara mótbárum *konúngsfulltrúa* og hins háæruverðuga 3. konúngkjörna þíngmanns. Mig furðaði á honum, að hann í þetta sinn, og í undirbúníngsumræðunni, er ósamkvæmur sjálfum sèr, og hefir honum víst núna orðið það óvart, því við undirbúníngsumræðuna fèllst honum bezt við uppástúnguna undir staflið „c", og þótti þá, að því leyti, málið álitlegra en áður, en nú finnur hann einmitt helzt að þessu atriði, og þykir það athugavert, og berst helzt á móti því í nefndarálitinu, sem þá stóð þó á sama stað; það hefir verið tekið fram, að það væri eðlilegt, að báðum málspörtum gæfist færi á, að eiga þátt í endurskoðuninni, en Íslendíngar eru annar málsparturinn, sem eiga kollektusjóðinn, og ríkissjóðurinn hinn. Eg held, ef ætti að fara með það til ríkisdagsins, það yrði álitið eins og það kæmi úr sauðarleggnum, og mál þetta fæddist á apturfótunum, ef Íslendíngar eða þíngið fèllist nú á þær ráðleggíngar, að vísa máli þessu, eins og það stendur nú, til ríkisdagsins, og mundi hann fljótt vísa því frá sèr; það hefir verið tekið fram, að það sè konúngur og stjórn hans, sem verði að gefa samþykki sitt til, að endurskoða og auglýsa kollektureikníngana frá 1797; en það er einmitt þessir reikníngar, sem þarf að fá uppgjörða og þetta gæti konúngur samþykkt, og þegar þetta er búið, þá rekur fyrst að ríkisdeginum, að gjöra út um málið, þegar sæist, hvort bæta þyrfti kollektusjóðnum nokkru upp eður ekki.

Konúngsfulltrúi: Þíngmaðurinn frá Mýrasýslu gat þess til, að peníngarnir mundi fást úr ríkissjóðnum, ef dómur dæmdi það, og efaði, hvort það væri rètt, sem eg hafði sagt. En eg vèk ekkert á það atriði, hvort skylda hvíldi á ríkisdeginum til að fullnægja slík-

um dómi, en eg sagði einúngis, að þó að dómur feingist fyrir þessu máli, yrði þó ríkisdagurinn að samþykkja útborgun penínganna í ríkisfjárhagslögunum.

Stefán Jónsson: Eg get ekki efazt um vilja konúngs í þessu máli, því þó hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* segi, að neitað hafi verið um þessa bæn áður, þá veit eg að mönnum getur ekki snúizt hugur fyrir þá skuld, og það má einginn ætla, að það sè af þrákelkni, þó menn haldi bæninni áfram, heldur af því, að menn vilja halda í rètt sinn og ná í eign sína, og eg sè heldur ekki neitt verulegt á móti því, að stjórnin geti leiðrètt þetta mál, og eg get því ekki lagt það til, að menn hætti við svo búið. Hvað atriðinu undir staflið *d* viðvíkur, þá get eg ekki efazt um, að mögulegt sè, að fá rèttan hluta sinn um það atriði, þegar málið er svo lángt komið, og fáist það, sem er undir staflið *a, b, c,* þá fæst efalaust þetta líka; það er undir því komið, að sú verði niðurstaðan, að menn eigi heimtíngu á, að endurskoðun reikníganna fari fram; þá efast eg ekki um, að það fáist leiðrètt, sem ábótavant er; þá et það orðið eins og nokkurs konar samníngur, og því greiði eg atkvæði með málinu.

Jón Pètursson: Það er einúngis eitt atriði, sem mèr þykir aðgæzluvert, en það er nú, ef til vill, af því að eg hángi of mikið í forminu; í seinna hluta atriðisins undir staflið c, stendur: „áður en þeir verði til lykta leiddir með konúnglegum úrskurði"; það lítur út, eins og menn álíti, að konúngurinn gæti leitt það til lykta, og lýsti það þá ókunnugleika, því hann getur það ekki án ríkisdagsins, þar hann ekki ræður nú yfir ríkissjóðnum, og þá er það ekki að ætlast til, að hann skuli leiða málið til lykta með úrskurði sínum.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður gat um, þá get eg ekki sèð annað, en að konúngur hafi vald til að leggja það fyrir ríkisdaginn, en vèr getum ekki vísað málinu til ríkisdagsins; hann er ásamt konúngi löggjafarþíng Danmerkur, en ekki Íslendínga; því vèr treystum því, að konúngur geti lagt fyrir stjórnina, að endurskoða reikníngana, og þegar þeir eru endurskoðaðir, lagt þá fyrir ríkisdaginn; vèr getum ekki talað um hvorttveggja, eða blandað því saman. *Konúngsfulltrúi* sagði, hvað fyrra atriðið snerti, að það mætti leggja það fyrir dómstólana; þess hefir nú ekki enn verið óskað, en ef stjórnin vildi svo vera láta, mundum vèr una því, því að þá mundi verða skoðaðar ástæður með og mót, og er það viðunandi fyrir málið að leggja það undir dómstólana.

Konúngsfulltrúi: Það verður jafnan aðalspurníngin í þessu máli, að fè kollektusjóðsins hafi verið varið haganlega, og samkvæmt tilgánginum. En þetta atriði er þegar útkljáð með konúnglegum úrskurði. Til þessa úrskurðar hefði stjórnin ekki skírskotað, ef hún hefði ekki álitið, að með honum væri þetta mál útkljáð. Eg fæ ekki heldur annað sèð, en að úrskurður einvalds konúngs, eins ótakmarkaðs og hinir dönsku konúngar voru fyrir stjórnarbreytínguna, hljóti að vera með öllu afgjörandi í þessu efni, og það er þess vegna sannfæríng mín, að málið aldrei muni vinnast við dómstólana.

H. Kr. Friðriksson: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður hreifði, þá er það efalaust rètt, að orðið „úrskurður" á hèr ekki við, en eg skil ekki að greinin missi mikils í, þó því yrði sleppt. Eg vil því skjóta til *forseta,* hvort ekki megi leita atkvæða um greinina í tvennu lagi, fyrst um fyrra hlutann að *„áður",* og síðan um hinn.

Framsögumaður: Vèr höfum nú svo opt heyrt „citerað" í úrskurðinn frá 1844, og í það, að danska stjórnin muni bera hann fyrir sig, en það eru líka til eldri úrskurðir um stofnun og tilgáng kollektusjóðsins, og því viljum vèr einmitt biðja um, að þeir upprunalegu úrskurðir og ákvarðanir, sem þar eru fram teknar, standi í fullu gildi, og að á þeim sè byggðir reikníngar kollektunnar, sem var af einvöldum konúngi tekið til geymslu og ávaxtar sem sèrstakt gjafafè, en að hinum af 1844 verði breytt; þetta er einmitt ástæða Íslendínga og það, sem þeir vilja biðja um, og það er hnútur sá, sem stjórnin vill halda föstum, en Íslendíngar biðja um að leystur sè, og það því heldur, sem allir viðurkenna, að Íslendíngar nú þurfi fjárins við sökum harðæris, sem einnig hefir verið rætt um nú á þínginu, og þetta er einmitt fè, sem safnað hefir verið til hjálpar í hallæri, og þess fjár væri því þörf nú, og þá yrði því varið samkvæmt tilgánginum, að bæta úr hallæri og bágindum, svo menn ekki þyrfti nú að fara á ný að biðja um ölmusu. Þess vegna vilja menn að breytt sè úrskurðinum frá 1844. Eg óska nafnakalls við atkvæðagreiðsluna.

Forseti: Eg álít þá ályktarumræðu þessa máls lokið fyrst einginn framar tekur til máls. Áður en geingið er til atkvæða, skal eg geta þess, að hinn 4. konúngkjörni þíngmaður hefir tjáð mèr, að hann neyddist til að gánga af fundi, og gæti ekki komið aptur í dag.

Þar eð stúngið hafði verið upp á, að leita atkvæða með nafna-

kalli um allar uppástúngur nefndarinnar, leitaði *forseti* álits þíngmanna um það, hvort svo skyldi vera, en þeir voru flestir, sem þótti það óþarft, nema um það eina, er síðast allra mundi koma til atkvæða: hvort rita skyldi konúngi bænarskrá um málið.

Bar síðan *forseti* upp til atkvæðagreiðslu hinar einstöku uppástúngur nefndarinnar samkvæmt atkvæðaskránni þannig:

Stafl. *a.* „Að konúngur leggi fyrir stjórn sína, að láta semja og auglýsa á prenti nýja reikníng yfir kollektusjóðinn frá árslokum 1797, byggða á þeim skýrslum og reikníngum rentukammersins um fjárhag sjóðsins, sem þá voru auglýstir“ — samþykktur með 19 atkv. á móti 5.

Stafl. *b.* „Að öllum þeim útgjöldum, sem frá árslokum 1797 hafa verið tekin af kollektunni, en sem ekki geta komið henni við, eptir hennar sèrstaklega uppruna og augnamiði og hinum konúnglegu stofnunarbrèfum hennar frá 29. marz og 18. október 1786, verði haldið fyrir utan þá reikníng“ — samþykktur með 22. atkv. móti 3.

Stafl. *c.* *Fyrri hlutinn:* „Að Íslendíngum veitist sem öðrum málsaðila af sinni hálfu full hlutdeild í rannsókn og úrslitum reikníganna“ — samþykktur með 18 atkv. móti 2.

Seinni hlutinn: „Áður en þeir verða til lykta leiddir með konúnglegum úrskurði“ — samþykktur með 17 atkv. móti 6.

Stafl. *d.* „Að konúngur allramildilegast hlutist til um, að kollektusjóðurinn, samkvæmt þannig löguðum reikníngum, verði með fullum skilum viðreistur á kostnað ríkissjóðsins, — samþykktur með 18 atkv. móti 6.

Síðan var leitað atkvæða um, hvort rita skyldi konúngi bænarskrá um þetta efni, og óskaði fjöldi þíngmanna, að nafnakall væri við haft, og var svo gjört:

já (sögðu):	nei (sögðu):
Páll Melsteð.	H. G. Thordersen.
Brynjólfur Jónsson.	Jón Hjaltalín.
Ásgeir Einarsson.	Jón Pètursson.
Arnljótur Ólafsson.	Pètur Pètursson.
Benedikt Þórðarson.	Þórður Jónassen.
Gísli Brynjúlfsson.	
Guðmundur Brandsson.	
H. Kr. Friðriksson.	
Halldór Jónsson.	

já (sögðu):

Indriði Gíslason.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli.

Magnús Andrèsson.

Ólafur Jónsson.

Páll Sigurðsson.

Stefán Eiríksson.

Stefán Jónsson.

Sveinn Skúlason.

Var þannig samþykkt að rita konúngi bænarskrá með 19 atkv. gegn 5.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konúnglegt álitsmál *um útkomin dönsk lagaboð 1857—1859. Framsögumaður* er hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona eg, að hinir heiðruðu þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskráin hljóðar þannig;

Ataxæðaskrá

í málinu um löggildíngu danskra lagaboða 1857—1859.

I. Lagaboð 30. nóvbr. 1857 um betrunarhússvinnu.

1. *Nefndin:*
   Að síðasta atriði í 1. gr.: *„Undanskilin er þó — verið gildandi“*, fellist úr.
2. 1. gr. lagaboðsins óbreytt:
   Í þeim tilfellum, sem einhvern ber að dæma eptir lögum þeim, er híngað til hafa gilt, í tugthússvinnu í 6 ár eða skemur, á að dæma hann í þess stað í betrunarhússvinnu. Þegar eptir nú gildandi lögum á að dæma til betrunarhússvinnu leingur, en í 6 ár, kemur tugthússvinna í staðinn. Undanskilin er þó hegníng fyrir flakk og betl, því um þá hegníngu og fullnustugjörð hennar fer fyrst um sinn eptir þeim lagareglum, sem híngað til hafa verið gildandi.
3. *Nefndin:*
   Að fyrsti kafli 2. greinar orðist þannig;
   „Þeir afbrotamenn karlkyns frá Íslandi, sem dæmdir verða til vinnu í betrunarhúsi, eiga yfir höfuð að tala að afplána þá hegníngu í einhýsi, og hafast þar við bæði

nótt og dag, með þeirri linun í hegníngartímanum, að hann færist niður um þriðjúng fyrir fyrstu 3 árin, og um helmíng fyrir hvert af árunum, sem þar er fram yfir.

4. Fyrri hluti 2. gr. lagboðsins óbreyttur:
Þeir afbrotamenn karlkyns, sem dæmdir yrði til vinnu í betrunarhúsi, eiga yfir höfuð að tala að afplána þá hegníngu með vinnu í einhýsi, og hafast þar við bæði nótt og dag, með þeirri linun í hegníngarvinnunni, að þegar einhver er dæmdur í 8 mánaða vinnu, kemur í staðinn 6 mánaða vinna í einhýsi, og sè hann dæmdur til leingri betrunarhússvinnu, færist hegníngarvinnutíminn niður um þriðjúng fyrir fyrstu 3 árin, og um helmíng fyrir hvert af árunum, sem þar er fram yfir.
5. Síðari hluti 2. gr. óbreyttur (samþykktur af nefndinni):
Þar á móti veitist eingin linun í hegníngarvinnutímanum, að því leyti, sem hlutaðeigandi afplánar hegníngunа, annaðhvort í þeim eldri betrunarhúsum eða í þeim nýju, í sameiginlegum vinnustofum; og að því leyti hann nokkurn hluta af þeim vinnutíma, sem í áfellisdóminum yfir honum er ákveðið, hefir verið settur til vinnu í einhýsi, styttist hegníngartíminn einúngis í hlutfalli við þann tíma, sem hann í samfellu hefir setið í einhýsi 60 dögum leingur, og reiknast þetta, þegar svo stendur á, út af fyrir sig fyrir hvert tímabil, sem verið hefir í samfellu, samkvæmt reglum þeim, sem nú voru til greindar.

   Sá tími, sem einhver kynni að hafa verið settur og honum refsað með í einhýsi, fyrir afbrot í sjálfu hegníngarhúsinu, kemur ekki til greina til þess að stytta hegníngarvinnutímann.
6. 3. gr. lagaboðsins óbreytt (samþykkt af nefndinni);
Ákvörðun sú, sem 2. grein inniheldur, kemur til greina um þá, sem eru, þegar lagaboð þetta verður að lögum, farnir að afplána hegníngu þá, sem þeir eru dæmdir í, í hinum eldri betrunarhúsum, að því leyti þeir, eptir því, sem löggæzluráðherrann segir fyrir, yrði fluttir yfir í þau nýju betrunarhús, og settir þar til vinnu í einhýsi.
7. Allt lagaboðið þannig breytt, eða óbreytt.

II. Lagaboð 30. nóvbr. 1857 um proclamata (innkallanir) í búum.

1. Breytíngaratkvæði *Vilhjálms Finsens:*

Að í stað 1. og 2. greinar lagaboðsins komi svo hljóðandi grein:

„Innköllun til skuldaheimtumanna í dánarbúum, uppboðs- og þrotabúum og öðrum búum skal eptirleiðis eiga sèr stað með 9 mánaða fyrirvara, og skal birta hana 3 sinnum hvað eptir annað í dagblaði því á Íslandi, sem stjórnin ákveður, en geti hlutaðeigandi, eptir þeim kríngumstæðum, sem fyrir hendi eru, álitizt að hafa átt í skuldaskiptum einhverstaðar fyrir utan Ísland, skal að auk birta innköllunina 3 sinnum hvað eptir annað í Berlíngatíðindum. Fresturinn telst frá seinasta auglýsíngardegi.

Að öðru leyti skal það atvik, að hlutaðeigandi hefir búið eða haft samastað annarstaðar, en á Íslandi, út af fyrir sig ekki ráða því, hvort hina síðarnefndu birtíngu eigi að viðhafa eða ekki, þegar liðið er, áður en hann deyr, eða það atvik, sem gaf tilefni til skipta á búinu, ber að, meir en 1 ár frá þeim tíma, sem hann fór þaðan í burtu og yfirgaf þá stöðu, sem hann þar hafði.

2. *Nefndin*:

Að fyrri kafli 1. gr. orðist þannig:

Eptirleiðis skal bæði í dánarbúum, þrotabúum og öðrum búum, sem *proclama* er gefið út í til skuldaheimtumanna, gefa það út með 6 mánaða fyrirvara, þegar svo stendur á, að hlutaðeigandi ekki getur álitizt að hafa átt í skuldaskiptum annarstaðar en á Íslandi, en ellegar með 12 mánaða fyrirvara.

3. *Nefndin:*

Að úr síðari kafla 1. gr. sè úr felld orðin:

„í Evrópu eða“, og orðin: „eða á Færeyjum“.

4. 1. gr. lagaboðsins óbreytt:

Eptirleiðis skal bæði í dánarbúum, uppboðsbúum og þrotabúum og í öðrum búum, sem *proclama* á að gefa út í til skuldaheimtumanna, þetta gjöra með 3 mánaða fyrirvara, þegar hlutaðeigandi, eptir þeim kríngumstæðum, sem fyrir hendi eru, ekki getur álitizt, að hafa átt í skuldaskiptum annarstaðar, en í Evrópu, eða á Íslandi, eða á Færeyjum. Þegar þetta þar á móti á sèr stað, á innköllunin að fara fram með 6 mánaða fyrirvara.

Að öðru leyti skal það atvik, að hlutaðeigandi hefir búið

eða haft samastað annarstaðar en í Evrópu, eða á Íslandi, eða á Færeyjum, út af fyrir sig ekki ráða því, hvort þann síðarnefnda fyrirvara eigi við að hafa, eða ekki, þegar liðið er, áður en hann deyr, eða það atvik, sem gaf tilefni til skipta á búinu, ber að, meir en 1 ár frá þeim tíma, sem hann fór þaðan í burtu og yfirgaf þá stöðu, sem hann þar hafði.

5. *Nefndin:*

Að 2. gr. orðist þannig:

Þær innkallanir, sem samkvæmt 1. gr. geta farið fram með 6 mánaða fresti, á að birta í dagblöðum, sem koma út hèr á landi og stjórnin ákveður. Þar á móti eiga þær innkallanir, sem gjöra skal með 12 mánaða fyrirvara auk þess, að þær á að birta á fyrnefndan hátt, jafnframt að auglýsast í Berlínga „politiske og Avertissements"-tíðindum. Frestinn á að telja frá seinasta birtíngardegi.

6. 2. gr. lagaboðsins óbreytt:

Þær í § 1. tilgreindu innkallanir á að birta 3 sinnum hvað eptir annað í Berlínga pólítisku og Avertissementstíðindum, og eigi ekki Sjálandsstipti í hlut, einnig í viðkomandi stiptstíðindum, og á Borgundarhólmi, í því dagblaði þar á eynni, sem stjórnin ákveður. Fresturinn telst frá seinasta auglýsíngardegi.

7. *Nefndin:*

Að síðari kafli 3. gr. falli allur burt, nema sjálft niðurlag hans þannig breytt:

„Norsku laga 5—13—27 er hèr með, að því, er Ísland snertir, úr lögum numin.

8. 3. grein lagaboðsins óbreytt:

Það leiðir af ofangreindum ákvörðunum, að nú þarf ekki leingur með þess leyfisbrèfs til að gefa út *proclama* í búum, sem híngað til var nauðsynlegt í ýmsum tilfellum, og sama er og hvað þá lögboðnu þínglýsíngu af *proclamatibus* snertir.

Einnig falla í burtu þær sèrstaklegu ákvarðanir um birtíngaraðferðina á Borgundarhólmi, sem opið brèf frá 11. sept. 1832, auglýst með allramildasta úrskurði frá 29. ágúst s. á., heimilar. Ákvörðun dönsku laga 5—14—29 er hèr með úr lögum numin.

9. 4. gr. lagaboðsins óbreytt (samþykkt af nefndinni):

Við skipti á dánarbúum eptir þá menn, sem ekki eptir líf-stöðu þeirra eru líkindi til, að hafi staðið í nokkru óvenjulegu sambandi út af verzlun eða þvílíku, má sleppa, án þess að fara eptir því, hvort hinn dáni lèt mikið eða lítið eptir sig, hvers konar innköllun, þegar erfíngjarnir, eða þeir, sem búið er í hendur selt, lýsa því yfir, að þeir skuli taka að sèr, að gegna öllum rèttum skuldum, ef nokkur skuldakrafa kynni seinna að koma fram í búinu.

10. 5. gr. lagaboðsins óbreytt (samþykkt af nefndinni):
Þær ofangreindu ákvarðanir koma einnig til greina, þegar ekkja, sem situr í óskiptu búi, vill gefa út *proclama* til þeirra, sem eiga til skuldar að telja hjá manni hennar, eða þegar erfíngjarnir, sem skipta sjálfir sín á milli búinu, vilja gefa út *proclama* til arfleifandi skuldheimtumanna.

11. *Nefndin:*
Að 6. gr, orðist þannig:
Þetta lagaboð fær lagagildi 1. júlí 1860.

12. Lagaboðið allt með á orðnum breytíngum, eða óbreytt.

III. Lagaboð 29. desbr. 1857, um lögaldur kvenna.

1. Breytíngaratkvæði *Vilhjálms Finsens:*
Að 1. grein sè orðuð þannig:
„Frá 1. mai 1862 eru ógiptar stúlkur, þegar þær eru orðnar 18 ára gamlar, myndugar með tilsjónarmanni, og þegar þær eru orðnar fullra 25 ára, myndugar eins og ekkjur hafa híngað til verið.

2. *Nefndin:*
Að upphaf 1. gr. orðist þannig:
„Frá 1. júlí 1860“, o. s. frv.

3. 1. gr. lagaboðsins (með þessari breytíngu tölul. 2.):
Frá 1. maí 1858 eru ógiptar stúlkur, þegar þær eru orðnar 18 ára gamlar, myndugar með tilsjónarmanni, og þegar þær eru orðnar fullra 25 ára, eru þær fullmyndugar.

4. *Nefndin,* viðaukaatkvæði:
Að aptan við greinina bætist:
„Að þær í vandamálum hafi valinkunnan mann sèr til ráðaneytis, eins og á sèr stað um ekkjur.

5. 2. gr. lagaboðsins óbreytt (samþykkt af nefndinni):
Því fè, sem þá stendur inni í fjárhaldssjóðunum, og ógiptar stúlkur, sem orðnar eru 18 ára gamlar eiga, mega þær ekki

segja upp til útborgunar fyr en að 3 árum liðnum frá því þetta lagaboð hefir feingið lagagildi.

6. Lagaboðið allt með áorðnum breytíngum eða óbreytt.

IV. Lagaboðið 29. des. 1857, um breytíngu á 10. atr. 3. greinar í tilskip. 30. apr. 1824.

1. *Nefndin:*
   Að „5“ sè breytt í „10“.
2. Víðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Tandraseli:
   Ef hann hefir áunnið sèr vinnuhrepp.
3. Lagaboðið sjálft óbreytt:
   Sá fjárstyrkur, sem einhver áður kynni að hafa þegið af sveit, og ekki endurgoldið, skal því að eins vera giptíngu hans til fyrirstöðu, að hann hafi þegið þenna fjárstyrk á seinustu 5 árunum, því þegar svo er ástatt, má honum ekki leyfast að gipta sig, nema sveitarstjórnin í þeim hrepp, sem hann er sveitlægur í, lýsi því yfir, að hún, fyrir sitt leyti, ekki hafi neitt á móti giptíngunni.
4. Lagaboðið með áorðnum breytíngum eða óbreytt.

V. Uppástúnga *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn:

Að alþíngi beiðist þess í álitssjali sínu til konúngsins, að hvert það almennt lagaboð, sem stjórnin álítur nauðsyn til, að verði lögleitt á Íslandi, verði hèðan af lagt fyrir alþíngi á íslenzku sem frumvarp, og hvert sèr í lagi, með þeim breytíngum, sem stjórnin álítur nauðsynlegar.

Síðan var málið afhent *framsögumanni* hinum 1. konúngkjörna þíngmanni.

Jón Pètursson: Eg vildi leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *forseta,* hvort ekki mætti ræða og greiða atkvæði um hvert lagaboð sèr, þar menn annars má ske kynni að gleyma svo auðveldlega einhverju atriði.

Forseti: Þó eg vilji ekki neita því, að þetta sè gjört, ef þíngmenn óska þess, vil eg samt geta þess, að það aldrei hefir áður verið siður á þessu þíngi, að ræða lagaboðamálið, sem er álitsmál, í mörgum greinum, og að eg held, að það verði að eins til óþarfa málaleingíngar, þar hver þíngmaður þá feingi leyfi til að tala 4 sinnum, og *framsögumaður* má ske 4×4 sinnum.

Óskuðu þá fleiri þíngmenn, að málið væri rætt í einu lagi, og fèll uppástúngumaður þá frá uppástúngu sinni, og var málið þá rætt í einu lagi.

Framsögumaður (Þórður Jónassen): Nefndin hefir, síðan undirbúningsumræðan fór fram, yfirvegað málið ýtarlegar, og tekið greinilegar fram þær einstöku breytíngar, sem hún mælir fram með, og vonar nefndin, að þetta sè gjört svo greinilega, að hið heiðraða þíng geti nú áttað sig á þeim. Hvað því næst hin breytíngaratkvæðin, sem komin eru fram við nefndarálitið snertir, þarf eg ekki að vera margorður; þau fara öll í sömu áttina og nefndin fer, og miða til þess, að gjöra þau lagaboð, sem hèr ræðir um, sem hagfelldust að verða má fyrir Ísland.

Hvað þá fyrst snertir breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns við lagaboðið nr. 2, að innköllunarfresturinn skuli vera 9 mánuðir innan og utanlands, þá get eg ekki fallizt á þessa breytíngu; því mèr virðist, að slíkur frestur sè of lángur fyrir Ísland, en of stuttur fyrir þá, sem erlendis eru, og að nefndin fari í þessu hæfilegan meðalveg, sem hvorutveggjum geti fullnægt; því eins og slíkur fyrirvari ekki má vera of stuttur, eins má hann, hvað búsins hlutaðeigendur snertir, heldur ekki vera allt of lángur, og ekki leingri, en útheimtist til þess, að rètti þeirra sè borgið, og það er honum með fyrirvara þeim, sem nefndin hefir stúngið upp á, og því varð eg að mæla fram með nefndarinnar uppástúngu.

Hvað viðvíkur breytíngaratkvæði hins sama heiðraða þíngmanns við lagaboðið nr. 3 um lögaldur kvenna, virðist mèr, að það sè nú ekki nema orða breytíng frá nefndarinnar, en þyki þínginu það betur orðað, en hjá nefndinni, er eg ekki neitt fastur á því, að halda fram nefndarinnar. Nefndinni gekk það einúngis til með þennan viðauka við lagaboðið, að hún vildi ógiptar stúlkur 25 ára og ekkjur stæði jafnt að. Allir vita, að það er þýðíngarlítið band á ekkjunni, að lögráðamaður hennar skuli með henni skrifa undir gjörníngа, sem hún gjörir, og mikið er komað undir, því lögráðamannsins undirskript þýðir, eptir orðunum, ekki annað, en það, að ekkjan hafi ráðfært sig við hann; það getur því ekki orðið mikið band á ógiptu stúlkunni, þó hún í vandamálum þurfi að ráðgast við einhvern valinkunnan mann um þau, en að vísu getur það varnað henni frá því, að hlaupa á sig. Það er sjálfsagt, að það má leggja ýmsan skilníng í orðið „vandamál“, en hugmyndin er þó nokkurn veginn ljós. Nefndin hafði einkum tillit til þeirra gjörníngа, sem gæti haft veruleg áhrif á eignarrèttindi og eignir hlutaðeigenda t. a. m. kaup og sölur af fasteignum, veðsetníngar, og ábyrgðar-samníngа og þess konar; að öðru leyti er nefndin eingan veginn föst á því, að bæta þessu við

lagaboðið, en með tilliti til þess, sem hèr er álitið gildandi um ekkjur, þótti nefndinni þetta eiga vel við, um ógiptar stúlkur, þótt myndugar væri. Að lagaboðið skuli fá lagagildi frá 1. júlí 1860, verður nefndin að mæla fastlega fram með, og hún tók þennan tíma til, með hliðsjón af því, að þá mætti vera búið að þínglýsa því hèr á manntalsþingum, ef lagaboðið kæmi út í vor. Þar á móti getur nefndin með eingu móti aðhyllzt breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmans, að þetta skuli fyrst verða að lögum frá 1. mai 1862, og nefndin sèr einga ástæðu til að fresta því svo leingi.

Viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Mýrasýslu við lagaboðið nr. 4 er mèr ekki ljóst, því orðið „vinnuhreppur" er ekki venjulegt, en skilji hann þar við, að hlutaðeigandi skuli vera búinn að vinna sèr með vinnu sinni hrepp í því sveitarfèlagi, sem hann ætlar að gipta sig í, þá er sú ákvörðun of þraung. Nefndarinnar breytíng fer enda full lángt, og það verður ekki varið, að það er eðlilegast þar, sem um náttúrleg rèttindi manna er að gjöra, að samþykkja lagaboðið óbreytt. Að hafna lagaboðinu algjörlega eins og reyndar hefir örlað á, get eg með eingu móti aðhyllzt, nè ætlað þínginu svo ófrjálslega skoðun. Að það atriði þurfi hèr að koma í bága, að nefndin, sem hefir öreigagiptíngarnar til meðferðar, ekki er búin að ljúka sèr af, get eg ekki skilið; eg vona nefndin verði frjálslynd og þíngið man þá vissulega eptir því, þegar það mál kemur fyrir, hvað það hefir sagt um þetta lagaboð. Eg skal svo ekki að svo mæltu fara fleirum orðum um málið.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Af því að hinn háttvirti *framsögumaður* hefir lagt nokkuð aðra þýðíngu í viðaukaatkvæði það, er eg gjörði, og stendur hèr á skránni, þá verð eg að svara fáum orðum. Það er í rauninni fasta sannfæríng mín, að þíngið eigi að fella danska lagaboðið af 29. des. 1857, hvort heldur óbreytt, eða með þeim breytíngum, sem nefndin hefir gjört, því mèr þykir þessi litla takmörkun, sem tilsk. af 30. apr. 1824 hefir gjört á ónytjúngagiptíngum, ekki mega missast; en ef nú samt að svo skyldi ske, að nefndarinnar uppástúnga geingi fram, að maðurinn, þó hann standi í sveitarskuld, megi að sveitarforstjóranum fornspurðum giptast, ef hann hefir getað sloppið undan þeirri kröfu í 10 ár, þá þykir mèr það illskárra, eður líðanlegra, ef maðurinn hefir þó einhverntíma á æfinni verið svo húshæfur, að hann hafi getað áunnið sèr vinnuhrepp, en verði ekki að rekast á fæðíngarhreppinn, að hann hafi getað hamizt í sömu sveit 10 ár, eða þó ekki væri nema 5 ár, meðan 5 ára lögin stóðu; það

geta margir notið þeirra enn; hitt var aldrei mín meiníng, sem *framsögumaður* sagði, að hann skyldi hafa þurft að vera búinn að vera 10 ár í þeirri sveit, sem hann vill giptast í, því það getur svo á staðið, að einn standi í ógoldinni skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, 20 ára gamalli, en sè síðan vegna vinnudvalar sinnar, orðinn sveitlægur í annari sveit, og svo kominn inn í 3. sveit, og vilji giptast þar; nú er þetta nýja lagaboð einslags rèttarbót fyrir þá fátæku, sem giptast vilja, og er eg þá ekki með öllu á móti því, að þessir fái að njóta þess, sem hafa þó komizt svo hátt, að verða svo ærlegir, að ávinna sèr vinnuhrepp, og heyrir því viðaukaatkvæði mitt þessum mönnum til; en þá þegja lög þessi um hina, sem eg hefi áður lýst, sem standa í skuld við sveit sína, sem þeir hafa þáð um tvítugsaldur, og slángra svo sveit úr sveit í önnur 20 árin, og geta hvorki borgað skuld sína, nè áunnið sèr sveitfestu neinstaðar; stendur því þá tilsk. af 30. apr. 1824 í þeirra tilliti, og tel eg það eingan skaða fyrir land vort, þó þessum körlum sè nú ekki skapað lagafrelsi, að gipta sig, án þess að leita ráðs til guðs og góðra manna, eður sinna lánardrottna og ábyrgðarforstjóra. Annars vildi eg helzt, að þessu lagaboði, breyttu sem óbreyttu, yrði algjörlega hrundið, viðaukaatkvæði mínu og öllu saman, svo menn ekki bindi fyrir munninn á nefndarálitinu, sem bráðum kemur inn á þíngið frá nefndinni, sem sett er í málinu um takmörkun öreigagiptínga.

Konúngsfulltrúi: Við þessa atkvæðaskrá hefi eg fáar athugasemdir að gjöra. Um 1. lagaboðið, áhrærandi betrunarhússvinnu, hefi eg eingar athugasemdir að gjöra við uppástúngur nefndarinnar. Viðvíkjandi lagaboðinu um *proclamata* í búum skal eg geta þess, að mèr að vísu þykir vel orðað breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, en þar eð mèr finnst sá 9 mánaða fyrirvari, sem þar er tiltekinn, vera of stuttur fyrir viðskipti við menn utanríkis, en of lángur fyrir innanlandsviðskipti, ræð eg þínginu, að fallast heldur á uppástúngu nefndarinnar.

Hvað lagaboðið um lögaldur kvenna snertir, þá felli eg mig bezt við breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, eptir hverju ógiptar stúlkur, þegar þær eru orðnar fullra 25 ára, eiga að hafa sama rètt, sem ekkjur, eður sama myndugleika til að ráða fè sínu; þetta þykir mèr eðlilegast, en þar á móti kann eg ekki við, að ógipt stúlka hafi meiri rètt frá 25. aldursári, meðan hún er ógipt, heldur en hún hefir sem ekkja, eptir að hafa misst mann sinn, þó hún þá sè bæði reyndari og rosknari, en hún var áður, en hún

giptist. Eg kann þar að auki ekki við orðið „í vandamálum“ í uppástúngu nefndarinnar; mèr þykir það viðsjált, og er hræddur um, að það yrði útlagt á ýmislegan hátt, ef uppástúnga nefndarinnar yrði að lögum.

Hvað lagaboðið nr. 4, um breytíngu á tilsk. 30. apr. 1824, snertir, þá vildi eg helzt, að lagaboð þetta yrði innleitt hèr óbreytt, hvað áratöluna snertir. Viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Mýrasýslu álít eg í alla staði óhafandi, enda mun þíngið ekki heldur fallast á það, og vil eg því ekki eyða að því fleiri orðum.

H. Kr. Friðriksson: Eg ætla mèr ekki að tala um öll lagaboðin, en einúngis minnast á hið síðasta, og geta þess, að eg get ekki verið því meðmæltur, að tímanum sè breytt, og eg vil ei styðja að því, að skerða náttúrleg rèttindi manna eða leggja meiri bönd á þau, en minnst er þörf á, og finnst mèr það óviðkunnanlegt, að menn hèr á þíngi skuli vilja meira ófrelsi á menn, en þarf. Eg sè heldur ekki betur, en 5 ára tíminn sè nógur reynslutími; því ef einn maður hefir í 5 ár getað komið sèr áfram, án þess að þurfa sveitarstyrks, þá sýnist mèr reynslutími þessi nógu lángur og öll von um, að hann komist ekki á sveitina, og má vel vera, að fátæklíngur yrði síður til þýngsla, ef hann giptist og feingi duglega konu, en þó hann væri ógiptur. Ekki get eg heldur sèð, að þetta lagaboð þurfi að koma í bága við bænarskrána um takmörkun á öreigagiptíngum; því mèr sýnist, að þíngið geti ei gjört annað nú í því máli, en að biðja konúnginn um, að frumvarp verði þar um lagt fyrir næsta þíng; og þó þíngið nú fèllist á þetta lagaboð, þá eru dæmi til þess, að breytt hefir verið nýjum lagaboðum, svo það yrði ekki nú í fyrsta skipti; en þegar til atkvæða kemur, mun eg hvorki gefa nefndinni eða viðaukaatkvæðinu atkvæði mitt, heldur lagaboðinu óbreyttu.

Framsögumaður: Það getur verið, að eg hafi lagt annan skilníng í orðið „vinnuhrepp“, en hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna ætlaðist til, en það má hann kenna sjálfum sèr um, því orðið er nýgjörvíngur; eg skal ekki neita því, að atkvæði hans í þeim skilníngi, sem eg nú sè að í því á að liggja, er skynsamlega hugsað, en það fer í ófrjálsa stefnu, og einmitt þessvegna verð eg að vera því mótmæltur. Eg er búinn að svara því og sýna, að löggildíng þessa hèr um rædda lagaboðs ekki þurfi að koma í nokkurn bága við ályktanir nefndarinnar í málinu um öreigagiptíngar, og skal eg því ekki taka það upp aptur.

Jón Pètursson: Eg vildi tala lítið eitt um lagaboðið um lög-

aldur kvenna, og breytíngar nefndarinnar og hins 5. konúngkjörna þíngmanns. Ef frumvarpið feingi framgáng, kemur auðsjáanlega ósamkvæmni inn í löggjöfina. Allir vita, að norsku eður dönsku lög gilda hèr um ekkjur, því að kona sú, sem verður ekkja er ekki fullkomlega myndug nema með lögráðamanni; en ógipt stúlka verður fullmyndug 25 ára; setjum nú, að hún giptist 28 ára gömul og verði ekkja um fertugt, þá fær hún, eptir að hafa feingið í hjónabandinu miklu meiri reynslu, en hún hafði, þegar hún 25 ára gömul varð fullmyndug, minni rètt, en hún hafði sem ógipt stúlka í þau þrjú ár, er liðu frá því hún varð 25 ára og þángað til hún giptist. Þetta er ósamkvæmt og alveg gagnstætt grundvallarreglum löggjafarinnar. Eg skyldi ekki hafa haft neitt á móti frumvarpinu, ef uppástúnga hefði komið um það, að einnig ekkjur skyldi vera fullmyndugar 25 ára, svo að þær þyrfti ei lögráðamann; en eingin slík uppástúnga er komin fram, og get eg því ei fallizt á frumvarpið. Mismunurinn á áliti nefndarinnar, og breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns er sá, að nefndin vill að stúlkur verði 25 ára fullmyndugar, en hinn 4. konúngkjörni, að þær fái jafnan rètt og ekkjur. Ef nú ekkjur síðar feingi meiri rètt, en stúlkur ógiptar ekki meiri rètt, þá yrði menn síðar að fara að rannsaka það, hver hafi verið rèttur ekkna 1859, eða þegar þetta lagaboð kemur út, og yrði þá rèttur ógiptra stúlkna annar, en rèttur ekknanna; en mèr sýnizt bezt, að rèttur beggja sè einlægt samsíða, en það getur hann ekki orðið eptir þessu, ef rèttur ekknanna síðar skyldi breytast.

Magnús Andrèsson: Eg er reyndar ekki skilníngsgóður, en þó þykist eg skilja það, að viðaukaatkvæði nefndarinnar bætir úr vandræðum þeim, sem hinum 6. konúngkjörna þíngmanni virtist þetta lagaboð mundi koma til leiðar, þar sem segir í því, að stúlkur eigi að hafa valinkunnan mann til ráðaneytis, eins og á sèr stað með ekkjur, og er meiníngin sjálfsagt sú, að rèttur þeirra eigi að vera eins og rèttur ekkna er nú; þó nú líka svo sè tiltekið, að þær að eins skuli hafa mann sèr til ráðaneytis í vandamálum, þá sýnist mèr það ekki illa tilfallið; því það er ekki nauðsynlegt, að þær hafi ráðaneyti í smáu og stóru, heldur að eins í vandasömum málum; en það verður hver bezt að geta sèð í hendi sinni, hvað vandamál er; þau geta verið mörg og er það má ske ekki hvað minnst áríðandi fyrir stúlkur, að hafa valinkunnan mann sèr til ráðaneytis í skiptum og erfðum, og ætla eg því að fallast á viðaukaatkvæði nefndarinnar. Hinn 4. konúngkjörni þíngmaður hefir gjört breytíngu á uppástúngu

nefndarinnar á því, hve nær lagaboð þetta skuli verða lögleitt eða fá lagagildi. Nefndin ætlast til, að það fái lagagildi 1. júlí 1860, en hinn 4. konúngkjörni þíngmaður ekki fyr en 1. maí 1862, og get eg ekki séð, hvað meiníng hans er með þessum 2 ára drætti. Ef nefndin geingur eins vel frá því og útlit er til, þá ímynda eg mèr, að allir muni verða á því, að þetta lagaboð feingi lagagildi strax að sumri, en ef þíngið skyldi verða á móti lagaboðinu, þá ímynda eg mèr, að vel gæti að því komið, að efnaðar og tápgóðar stúlkur, einkum í Reykjavík, myndi fjúka til Danmerkur, því þar væri þær myndugar og mætti sjálfar ráða fè sínu, og eins, ef það skyldi dragast í 3 ár að lagaboð þetta kæmi út, og ætla eg því að hallast að uppástúngu nefndarinnar og ekki tala fleira í þessu máli.

Framsögumaður: Nefndin er ekki svo föst á breytíngunni, sem hún hefir gjört í lagaboðinu frá 28. des. 1857 um sveitarstyrkinn, og það er eg líka búinn að taka fram, og þíngið getur því aðhyllzt lagaboðið óbreytt, ef það vill. Nefndin skal ekki mæla á móti því; en þeirri skoðun verð eg að halda fast fram, að það eigi ekki að kasta lagaboðinu; hèr eru sömu ástæður og í Danmörku, og þíngið ætti ekki í frjálslyndi að standa á baki annara þínga, en það yrði þó sú niðurstaðan, ef þíngið felldi uppástúngu nefndarinnar, að biðja um að lögleiða þetta lagaboð hèr á landi.

Konúngsfulltrúi: Eg skal geta þess, fyrst hinn 4. konúngkjörni þíngmaður er ekki sjálfur við, að hann hefir ákveðið tímann í breytíngaratkvæði sínu til 1. maí 1862, af því hann hefir hugsað sèr, að stjórnin mundi leggja um það frumvarp fyrir alþíngi 1861; hvar á móti nefndin hefir tiltekið 1. júlí 1860, af því hún hefir hugsað sèr, að stjórnin mundi strax gefa út lagaboð um þetta efni, ef hún fèllist á uppástúngu þíngsins.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að eins að tala fáein orð. Um fyrsta lagaboðið ætla eg ekki að tala, og einúngis geta þess, að eg fellst á nefndarinnar breytíngar, en lagaboð þetta álít eg nauðsynlegt vegna þess, að það má til að gilda fyrir þá, sem hèðan dæmast til betrunarhússvinnu. Um annað lagaboðið, sem er um „*proclama*“ í búum, vil eg geta þess, að mèr finnst það ekki nauðsynlegt; það er komið á í Danmörku af því, að þar þótti sá tími of lángur, sem áður var til tekinn þar um, en mèr sýnist það ekki geta átt hèr við vegna þess, að samgaungur eru hèr ekki eins greiðar og í Danmörku, og er því ei hèr nein ástæða til, að stytta þann tíma, sem híngað til hefir verið hèr ákveðinn að lögum. Auk þess er það aðgætandi, að í

Danmörku gánga skuldaskipti greiðara en hèr. Hvað 3. lagaboðið snertir, þá vil eg, að það sè alveg óbreytt gjört hèr að lögum. Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður hèlt það mundi leiða ósamkvæmni inn í lögin; en þó viðauka nefndarinnar yrði við bætt, verður ósamkvæmnin samt í lögunum, því eptir lögum vorum má gipt kona eigi ráða eyriskaupi, hvað þá heldur meiru. Setjum nú, að stúlka sè ómyndug þángað til hún er 18 ára, hálfmyndug frá því hún er 18 ára og þángað til hún er 25 ára, þá verður hún fullmyndug; síðan giptist hún, og verður þá ómyndug aptur, og þarf henni þá ekki að bregða við, þó hún að eins verði hálfmyndug, þegar hún verður ekkja. Eg tek þetta fram til þess, að sýna ósamkvæmni löggjafarinnar, og að það sè ástæða til, að breyta ófullkomnum myndugleika ekknanna eptir þessu lagaboði. Það er kunnugt, að á Einglandi hefir verið rætt mikið um yfirgripsmikið lagaboð um rètt kvenna, sem gaf kvennfólkinu jafnrètti við karlmennina til þess, að heimta skilnað og í öðru fleiru. 4. lagaboðið má missa sig, og vil eg að það sè fellt; en hvað þó viðvíkur þessum „10 árum“ og „5 árum“, þá er þar að aðgæta tvenns konar rètt, 1, hinn náttúrlega rètt, sem svo hefir verið kallaður, eða rèttinn til að giptast, og 2, rètt þann, sem sveitin hefir, sem á að bera þýngslin, ef þau verða nokkur. Menn verða að gæta að því, að sveitarfèlagið er nokkurs konar ábyrgðarfèlag, þar sem það er skyldugt til, að ala þá fátæklínga, er eigi geta haft ofan af fyrir sjálfum sèr, og því ætti sveitin eptir því að hafa sama rètt, sem ábyrgðarfèlög, þar sem hver ábyrgist annan, eður að minnsta kosti hafa eigi minni rètt í þessu máli, en þegar um það er að ræða, hvort maður hafi unnið sèr sveit eður eigi, og ætti þá hvorttveggja að vera bundið sömu ákvörðunum, þótt það annars eigi ekki beinlínis skilt við framfærsluhreppinn, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gat um.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg ætla mèr að eins að minnast með fám orðum á seinasta lagaboðið, og virðist mèr, eins og eg hefi áður látið í ljósi, að það megi missa sig. Það kann má ske að þykja undarlegt af mèr að segja þetta, af því að eg var flutníngsmaður bænarskráarinnar um takmörkun á öreigagiptíngum, og mælti heldur með því, að þíngið tæki hana til greina; en eg mælti aldrei með henni af því, að eg vilji fátæktin ein bægi mönnum frá giptíngum; drykkjuskapur, slark og óknittir eru það, sem ætti að bægja mönnum frá giptíngum, og er það sannarlega mjög áríðandi, að lögin hafi einhverjar þær ákvarðanir, sem hamli því, að þeir hlaupi hindrunarlaust

í hjónabandið, sem lifa í því einúngis til að smána það með óreglulegum lifnaði. Þetta lagaboð bætir ekki úr fátæktinni, og getur einmitt orðið til þess, að menn verði enn þá fátækari. Eg set, til að mynda, að einhver slóðinn, sem ekkert fé á, en sem stendur í skuld fyrir ógoldinn sveitarstyrk, vilji giptast, þá er svo sem auðvitað, að hann ver því litla, sem hann á, til að lúka með skuldina; en eigi hann ekki neitt, svíkur hann heldur út lán ef hann getur, og á svo, ef til vill, minna en ekki neitt, þegar hann byrjar búskapinn.

Guðmundur Brandsson: Hvað viðvíkur lagaboðinu frá 30. nóv. 1857 um *proclamata* í búum, þá held eg að megi segja um það: „sitt er að hverjum sonanna minna“. 6 mánaða fresturinn, eptir uppástúngu nefndarinnar, er í minna lagi innanlands, en 9 mánaða fresturinn, eptir uppástúngu hins 4. konúngkjörna þíngmanns, nægilegur; en 9 mánaða fresturinn, eptir hans uppástúngu, of lítill utanlands, og 12 mánaða fresturinn, eptir uppástúngu nefndarinnar, nægilegur þar. Það mun ekki vera gott, að kljúfa greinina svoleiðis, að menn við atkvæðagreiðsluna geti gefið atkvæði sitt með 9 mánaða frestinum innanlands, en 12 mánaða frestinum utanlands. Eg ætla mèr ekki að tala um fleiri lagaboðin, og ekki um lögaldur kvenna; það er líka búið að tala nóg um hann, og hefir mèr fundizt þíngmaður Borgfirðínga fara helzt til of lángt inn í sambandið milli manns og konu, þar sem hann vill, að mèr heyrist, raska þeim grundvallarlögum hjónabandsins, að maðurinn skuli vera konunnar höfuð og herra, og búa til ný lög um þetta; mèr finnst hann vera nærgaungulli í þessu, heldur en þó hann hefði viljað fá ný lög um sambandið milli foreldra og barna, húsbænda og hjúa, og er eg hræddur um, að öll stjórn kæmi við það á ríngulreið, ef lögunum yrði mjög smásmuglega þraungvað inn í slíkt samband. Mèr finnst líka, að nefndin hafi hitt hið rètta með því, að gefa stúlkum jafnrètti með ekkjum, og finnst mèr stúlkurnar geti verið fullþekktar að því, og að þíngmaður Borgfirðínga megi gjöra sig ánægðan með það þeirra vegna. Um seinasta lagaboðið ætla eg ekki að vera lángorður; eg vil helzt að það sè fellt, en ef þíngið ekki skyldi fella það, þá þykir mèr breytíng nefndarinnar á „5 árum“ í „10 ár“, vera skárri en ekki neitt.

Sveinn Skúlason: Eg ætla að eins að bæta litlu við það, sem þíngmaður Borgfirðínga sagði. Viðvíkjandi 3. lagaboðinu, þá hefir mèr heyrzt á *framsögumanni,* að hann sè ekki fastur á breytíngunum á frumvarpinu, og álít eg líka, að lagafrumvarpið sè nóg eins

og það er. Á atkvæðaskránni er fyrst breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns. Mèr líkar það nú ekki; þó það sè gott að fá þetta lagaboð, þó ei verði fyr en seinna, þá þykir mèr samt verst við það, að það dregur tímann um of; en eg hefi ekki á móti seinni partinum; því eg vil að karlar og konur skuli vera jafnmyndugar og finnst mèr það þessvegna ósamkvæmt, að ekkjur ekki skuli hafa sama rètt. Þar sem nefndin stíngur upp á, að lagaboð þetta skuli löggildast 1860 1. júli, þá þykir mèr sú breytíng góð, en viðbætir nefndarinnar aptan við 3. grein er óákveðinn og þessvegna ómerkilegur, og kemur illa við, þegar honum er skellt aptan við greinina, sem endar á púnkti. Viðvíkjandi viðauka nefndarinnar, þá verður orðið: „vandamál" skilið á ýmsan hátt, og er eg því hræddur um að svo færi, að hver fari eptir sínum eigin ráðum. En það þykir mèr líka rèttast; því kvennfólkið vil eg að hafi sama rètt og karlmennirnir, og það vill líka danska lagaboðið; en þó ekkjur ei hafi hèr nú sama rètt, þá þarf maður ekki að skerða rètt ógiptu stúlknanna fyrir það; því það má síðar jafna þann ójöfnuð, og gefa ekkjum fullt jafnrètti við ógiptar stúlkur og karlmenn.

Páll Sigurðsson: Nefndinni þótti það athugavert, að gjöra stúlkur jafnmyndugar og karlmenn, og gefa þeim meiri rètt en ekkjum, þar menn geta átt von á því, að ekkjurnar, sökum stöðu sinnar, sè búnar að fá meiri reynslu og greind á mörgu en óreyndar stúlkur, og þótti henni því óviðurkvæmilegt að gjöra stúlkurnar rèttarhærri; henni þótti líka þetta stig vera eins stórt, frá ómyndugleika til fullkomins myndugleika, eins og þegar einhver þjóð stígur frá harðstjórn til þjóðfrelsis, og frá þessu sjónarmiði gekk nefndin út, þegar hún ekki vildi gjöra stúlkurnar myndugar takmarkalaust, og hún ímyndaði sèr, að margar stúlkur mundi má ske helzt vilja þetta sjálfar. Vèr vitum það líka, að ekkjur taka ráðaneyti, af því konur eðlilega treysta sèr ekki til, að mæta einar fyrir sína hönd í vandamálum og standa einar síns liðs. Hvað viðvíkur síðasta lagaboðinu, þá er eg ekki fastur á, að halda því, og eins fús á, að sleppa því, ef þíngið vill sleppa því; fátæktin á ei að standa neinum fyrir giptíngu, og það hafa sveitarmenn líka viðurkennt með því, að þeir hafa opt styrkt fátæka efnilega menn, til þess að hjálpa þeim til að koma inn í fèlag sitt; en menn vilja heldur sporna við giptíngum óreglumanna og svallara þeirra, er verða fèlaginu ekki til annars en byrði.

Ásgeir Einarsson: Mèr þætti gott, ef því yrði við komið, að greidd væri atkvæði um breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíng-

manns, að því leyti 9 mánaðafrestinn hèr á landi áhrærir, en 12 mánaða frest utanlands, eptir uppástúngu nefndarinnar í málefninu nr. II. Eg hefði líka fallizt á breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns í málefninu nr. III, hefði mèr ekki þótt að því, að lagaboðið getur þá ekki komið út fyr en 1862, og held eg að það væri betra, ef greidd væri atkvæði um það sèr, og skilið frá hinum parti greinarinnar; en verði það ekki, er þó betra að fá lagaboðið sem bezt vandað, þó menn verði að bíða eptir því í 2 ár. Menn hafa talað um, að stúlkur væri rèttarhærri en ekkjur, en mèr sýnist það ekki vera svo, því eins og ekkjan erfir rètt bónda síns í ýmsu t. a, m. byggíngarskilmála á ábýlisjörð, svo að hún nýtur bónda síns, ef honum hefir verið byggt með góðum skilmálum, og geldur hans, ef byggíngarskilmálarnir hafa verið vondir, og mun eins vera í öðru. Ef stúlkur fá þann umtalaða rètt, þá verður hann ekki minni fyrir það, þó stúlkurnar giptist, þegar þær verða ekkjur á eptir, og vil eg því gefa breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns atkvæði mitt, ef því yrði skipt eins og eg gat um, og óska eg, að heyra álit *forseta* um það, hvort atkvæðagreiðslan getur ekki farið fram eins og eg benti til. Síðasta lagaboðið á atkvæðaskránni nr. IV, vildi eg helzt að væri fellt, en ef þíngið skyldi taka það, þá vil eg hafa 10 ára frestinn, en er alveg á móti 5 ára frestinum. Um uppástúngu þíngmanns Ísfirðínga undir tölulið 5. ætla eg ekki að tala, því að eg er sannfærður um, að allir þíngmenn muni verða með henni.

Framsögumaður: Eg er þegar búinn að taka það fram, að eg ekki geti fellt mig við uppástúngu hins 4. konúngkjörna þíngmanns, að lagaboðið frá 29. des. 1857, um lögaldur kvenna, skuli ekki ná hèr lagagildi, fyr en frá 1. maí 1862, og sè einga ástæðu til slíkrar biðar, ef þíngið á annað borð fellst á að beðið sè um, að löggilda það fyrir þetta land, og á þeirri skoðun virðist mèr þíngmenn allir þó vera.

Stefán Eiríksson: Eg lái ekki þíngmanni Borgfirðínga og þíngmanninum úr Norður-Þíngeyjarsýslu það, þó þeir fljúgi á vængjum vindanna, þegar þeir tala um kvennfólkið. Það hefir nú verið fyrir laungu síðan mín innvortis sannfæríng, að kvennfólk ætti að verða myndugt, og því finnst mèr ekkert að, að aðhyllast uppástúngu nefndarinnar með viðauka hennar undir tölulið 4.; því mèr þykir ekki hinn 4. konúngkjörni þíngmaður neitt bæta úr nefndaruppástúngunum með breytíngaratkvæði sínu. Um hin önnur lagaboð á þessari laungu atkvæðaskrá ætla eg lítið að tala, en eins og eg lèt í ljósi

við undirbúningsumræðu þessa máls, ætla eg að gefa atkvæði mitt á móti lagaboðinu undir tölulið IV, og eg vona að fleiri þingmenn verði mèr samferða í því.

Konúngsfulltrúi: Það er nú að sönnu satt, að nefndin, þar sem hún ætlast til, að ógiptar stúlkur 25 ára, taki sèr mann til ráðaneytis í vandamálum, hefir farið í sömu stefnu, sem hinn 4. konúngkjörni þingmaður, er vill að stúlkur þessar hafi sama rètt sem ekkjur. En eg held, að orðatiltæki þau, sem nefndin hefir stúngið upp á, geti gefið tilefni til ýmislegra útleggínga, hvar á mót það bæði er komið inn í rèttarmeðvitund þjóðarinnar, og líka er það kunnugt öllum lögfræðíngum, hver rèttur ekknanna er í tilliti til fjárforráða sinna, og því er óhult að miða þar við rètt hinna myndugu ógiptu stúlkna. Það er eingin ósamkvæmni í löggjöfinni, eins og þingmaður Borgfirðínga sagði, þó ekki sè hèr ákveðið neitt um rèttarstöðu giptra kvenna. Það er eðlilegt, þó maðurinn sè talinn forstöðumaður búsins, en þar með er ekki sagt, að konan ráði eingu; það getur verið, að hún í raun og veru ráði stundum eins miklu, og jafnvel meiru, en maðurinn fyrir það, og löggjafinn hefir ekki viljað nákvæmar ákvarða hið siðferðislega samband milli manns og konu í tilliti til fjárforráða.

Framsögumaður: Eg verð þrátt fyrir ummæli hins háttvirta *konúngsfulltrúa* þó að vera fastur á því, að viðaukaatkvæði nefndarinnar við lagaboðið um lögaldur kvenna, sè eins greinilegt, og breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þingmanns. Það er komið inn í rèttar-meðvitund almennings, hverja þýðíngu ráðaneyti lögráðamannsins hafi, og í hverjum málum það eigi við að hafa, og þegar sagt er, að ógiptar stúlkur, sem orðnar eru fullmyndugar, skuli hafa mann sèr til ráðaneytis í vandamálum, eins og eigi sèr stað með ekkjur, þá held eg þetta sè full ljóst, og að minnsta kosti verður það ljóst, þegar á þarf að halda.

Ólafur Jónsson: Mèr finnst mjög lítill munur vera á breytíngu nefndarinnar og hins 4. konúngkjörna þingmanns á 3. lagaboðinu, og mundi eg hafa fallizt á uppástúngu nefndarinnar, þó ekki hefði komið önnur uppástúnga. *Konúngsfulltrúi* hèlt, að hinn 4. konúngkjörni þingmaður hefði stúngið upp á því, að draga það, að löggilda þetta lagaboð, af því hann ímyndaði sèr má ske, að frumvarp frá stjórninni mundi koma um þetta mál til næsta þings, en það er ekki líklegt af því, að það er óþarft, þar eð málið getur

orðið útkljáð nú þegar á þessu þíngi; að öðru leyti ætla eg að gefa atkvæði mitt uppástúngum nefndarinnar.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg held eins og þíngmaðurinn frá Strandasýslu, að mætti bæta úr breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns með því, að leitað væri atkvæða um tíma takmarkið sèr í lagi, og væri það hægt með því, að leita atkvæða um 2. tölulið á undan 1. tölulið.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið. Menn hafa óskað að skipt væri í sundur þeim 2 breytíngaratkvæðum undir tölul. 1. í II. og III. lagaboðinu, og leitað atkvæða um hvern part sèr í lagi, en eg sè ekki að því verði komið við fyrra breytíngaratkvæðið, þetta undir tölul. 1. við lagaboðið um *proclamata* í búum, en þar á móti mjög auðvelt að koma því við í fyrsta breytíngaratkvæðinu um lögaldur kvenna, og skal eg bera þá grein upp í tvennu lagi, þegar að henni kemur. Eg vil þá biðja hina heiðruðu þíngmenn að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan geingið til atkvæða og fèllu atkvæðin þannig:

I. Lagaboð 30. nóvembr. 1857, um betrunarhússvinnu.
Tölul. 1. uppástúnga nefndarinnar — samþykkt með 23 atkvæðum.
—— 2. 1. gr. lagaboðsins með hiuni samþykktu breytíngu — samþykkt með 23 atkv.
—— 2. Uppástúnga nefndarinnar — samþykkt með 23 atkv.
—— 4. *Fyrri hluti* 2. gr. lagaboðsins óbreyttur — fallinn með atkvæðagreiðslunni um tölulið 3.
—— 5. *Síðari hluti* 2. gr. óbreyttur (samþykktur af nefndinni) — samþykktur með 23 atkv.
—— 6. 3. gr. lagaboðsins óbreytt (samþykkt af nefndinni) — samþykkt með 23 atkv.
—— 7. Allt lagaboðið þannig breytt — samþykkt með 23 atkv.

II. Lagaboð 30. nóvbr. 1857 um *proclamata* (innkallanir) í búum.
Tölul. 1. Breytíngaratkvæði *Vilhjálms Finsens* — fellt með 16 atkv. gegn 7.
—— 2. Uppástúnga nefndarinnar — samþykkt í einu hljóði.
—— 3. ——— ——— — samþykkt í einu hljóði.
—— 4. 1. grein lagaboðsins óbreytt:
a, Fyrri hluti greinarinnar: „Eptirleiðis skal bæði í dánarbúum, uppboðsbúum og þrotabúum og öðrum

búum, sem *proclama* á að gefa út í til skuldaheimtumanna, þetta gjöra með 3. mánaða fyrirvara, þegar hlutaðeigandi, eptir þeim kríngumstæðum, sem fyrir hendi eru, ekki getur álitizt að hafa átt í skuldaskiptum annarstaðar, en í Evrópu, eða á Íslandi eða á Færeyjum; þegar þetta þar á móti á sèr stað, á innköllunin að fara fram með 6 mánaða fyrirvara" — fallinn við atkvæðagreiðsluna um 2. tölulið.

b, *Síðari hlutinn* með hinum samþykktu breytíngum:

„Að öðru leyti skal það atvik, að hlutaðeigandi hefir búið eða haft samastað annarstaðar, en í Evrópu eða á Íslandi, eða á Færeyjum, út af fyrir sig ekki ráða því, hvort þann síðarnefnda fyrirvara eigi við að hafa eða ekki, þegar liðið er, áður en hann deyr, eða það atvik, sem gaf tilefni til skipta á búinu, ber, að meir en 1 ár frá þeim tíma, sem hann fór þaðan í burtu og yfirgaf þá stöðu, sem hann þar hafði" — samþykktur í einu hljóði.

Tölul. 5. Uppástúnga nefndarinnar — samþykkt í einu hljóði.

—— 6. 2. grein lagaboðsins óbreytt — fallin með atkvæðagreiðslunni um 5. tölulið.

— — 7. Uppástúnga nefndarinnar — samþykkt í einu hljóði.

— — 8. 3. grein lagaboðsins óbreytt:

a, *Fyrri hluti* greinarinnar:

„Það leiðir af ofangreindum ákvörðunum, að nú þarf ekki leingur með þess leyfisbrèfs til að gefa út *proclama* í búum, sem híngað til var nauðsynlegt í ýmsum tilfellum, og sama er og, hvað þá lögboðnu þínglýsíngu af *próclamatatibus* snertir" — samþykktur með 23 atkv.

b, *Síðari hlutinn:*

„Einnig falla í burtu þær sèrstaklegu ákvarðanir um birtíngaraðferðina á Borgundarhólmi, sem opið brèf frá 11. sept. 1832, auglýst með allramildasta úrskurði frá 29. ágúst s. á., heimilar. Ákvörðun dönsku laga 5—14—29 er hèr með úr lögum numin" — fallinn með atkvæðagreiðslunni um tölul. 7.

—— 9. 4. gr. lagaboðsins óbreytt (samþykkt af nefndinni) — samþykkt í einu hljóði.

Tölul. 10. 5. gr. lagaboðsins óbreytt (samþykkt af nefndinni) — samþykkt í einu hljóði.

—— 11. Uppástúnga nefndarinnar — samþykkt í einu hljóði.

—— 12. Lagaboðið allt með áorðnum breytíngum. — samþykkt með 23 atkv.

III. Lagaboð 29. des. 1857, um lögaldur kvenna.

Tölul. 1. Breytíngaratkvæði *Vilhjálms Finsens:*

a, Orðin: „frá 1. maí 1862“ — felld.

b, Síðari hlutinn, sem þá var eptir — felldur með 12 atkv. gegn 11.

—— 2. Uppástúnga nefndarinnar — samþykkt í einu hljóði.

—— 3. 1. gr. lagaboðsins (með þessari breytíngu tölul. 2.) — samþykkt með 23 atkv.

—— 4. Viðaukaatkvæði nefndarinnar — samþykkt með 22 atkv.

—— 5. 2. gr. lagaboðsins óbreytt (samþykkt af nefndinni) — samþykkt með 22 atkv.

—— 6. Lagaboðið allt með áorðnum breytíngum — samþykkt í einu hljóði.

IV. Lagaboð 29. des. 1857, um breytíngu á 10. atr. 3. greinar í tilskip 30. apr. 1824.

Tölul. 1. Uppástúnga nefndarinnar — felld með 13 atkv. gegn 6.

—— 2. Lagaboðið sjálft óbreytt — fellt með 20 atkv. gegn 2.

—— 3. Viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Tandraseli — fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni um tölulið 1. og 2.

—— 4. Lagaboðið með áorðnum breytíngum eða óbreytt — fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

V. Uppástúnga *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn — samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Atkvæðagreiðslunni er þá lokið, og skal eg sjá um, að samkvæmt henni verði samið og sent konúngi álitsskjal um þetta mál; en þar nú er orðið mjög áliðið og eigi ólíklegt, að umræðurnar muni verða nokkuð lángar um það mál, sem eptir er á dagskránni, þykir mèr ráðlegast, að fresta umræðunum um það til morguns, og vil eg þá ákveða fund á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

---

29. júlí — nítjándi fundur.

Allir á fundi, nema þingmaður Borgfirðinga, er hafði tjáð *forseta,* að hann gæti ekki komið fyr en, ef til vildi við umræðu 3. eða 4. málsins á dagskránni.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Konúngsfulltrúi: Þegar hinn háttvirti *forseti* fyrir fám dögum skoraði á mig um að leingja þingtímann, gat eg þess, að eg gæti eigi þá strax ákveðið, hve mikil leingíng þingtímans mundi verða, en hèt að gjöra það næsta, eður einhvern hinna næstu daga. Eptir nákvæma yfirvegun þessa efnis, hefi eg, til þess hin konúnglegu mál geti orðið útkljáð og hin helztu þjóðlegu máleíni, afráðið með sjálfum mèr, að leingja þingtímann til hins 13. næstkomandi mánaðar, þannig að þann dag verði slitið þinginu.

Forseti: Eg finn mèr skylt að standa upp, til þess að þakka hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* í nafni alls þingsins og sjálfs mín fyrir þessar hans nærgætnu og góðu undirtektir undir þingleingínguna; og eg verð að ætla, að með sama áframhaldi og hingað til hefir verið, og með sömu alúð og elju hinna háttvirtu nefnda, þá muni þessi leingíng nægja, til þess að leiða til lykta öll málin, sem nefndum eru falin til meðferðar. Eptir dagskránni kemur nú fyrst til undirbúníngsumræðu málið um *ábúð konúngsjarða á Vestmannaeyjum. Framsögumaður* þessa máls er hinn heiðraði þingmaður úr Vestmannaeyjasýslu.

Framsögumaður (Brynjólfur Jónsson): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp.

Nefndarálitið var lesið upp svo hljóðandi:

„Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, sem ritum nöfn vor hèr undir, til að íhuga og segja álit vort um bænarskrá frá Vestmannaeyjasýslu, er fer fram á það, að þingið beiðist þess af hans hátign konúnginum, að hann allramildilegast vilji bjóða:

1. Að festa til konúngsjarða á Vestmannaeyjum verði ei krafin hærri, en frá 10—20 rd. fyrir hverja jörð, eptir jarðargæðum.
2. Að sá ábúðarrèttur, sem ekkjur áður hafa haft, meðan þær ekki giptist á ný, gildi fyrir lífstíð þeirra, hvort sem þær giptast eða ekki.
3. Að engin jörð sè þar svo byggð af hinum konúnglega umboðshaldara, að sveitarstjórnin ekki sè tekin til ráðaneytis.

Vèr höfum íhugað þetta mál, og skulum vèr leyfa oss að skýra frá áliti voru um það á þessa leið.

Eins og bænarskráin sjálf tilgreinir, hafa á fyrri tímum litlar eða alls eingar festur verið heimtaðar nè gefnar til konúngsjarða á Vestmannaeyjum, og varla kvað vera 20 ár síðan farið var að bjóða þær upp til festugjalds; en þessi opinberu uppboð gátu ekki annað en verið óvinsæl, með því sumir annars efnilegir menn máttu opt sitja á hakanum, af því þeir annaðhvort voru ekki nógu efnaðir, til að bjóða hið hæsta boð, eða þeir vildu ekki koma þeim rekspöl á, að ekki yrði tekið gilt, nema eitthvert hátt boð. Þessi opinberu festu uppboð voru þar síðan af tekin, svo að umboðshaldari hefir ekki alls fyrir laungu tekið upp á því, að byggja jarðir þar á þann hátt, að þegar einhver vildi fá jörð, er losnaði, til ábúðar, þá skyldi hann láta umboðshaldara vita, hve mikið hann vildi gefa í festu til jarðarinnar; nú hefir það viljað svo til, að þegar margir hafa viljað fá jarðnæði, hefir hver boðið yfir annan, og sá jafnan hlotið byggínguna, sem mest bauð; það er því ekki að sjá, sem þessi tilhögun hafi neitt bætt úr hinum opinberu festuuppboðum, og þykir oss þess vegna eingin furða, þó konúngs landsetar á Vestmannaeyjum hafi fundið sig tilknúða að beiðast endurbótar á kjörum sínum. Árið 1847 komu frá Norðurlandi umkvartanir til alþíngis, er stefndu í líka átt, og bænarskráin frá Vestmannaeyjum, og varð það þá samþykkt þíngsins, að senda bænarskrá til konúngs um lagfæríngu í þessu efni; en stjórnin svaraði því 1849, að þetta mál skyldi verða íhugað þegar farið væri að semja ný landbúnaðarlög handa Íslandi. En þetta hvorugt mun vera tekið fyrir enn í dag, og óvíst, hve lángt þess er að bíða; og álítum vèr, að ei sè bót að biðinni í þessu efni fyrir landseta konúngs á Vestmannaeyjum, sem sjálfsagt verður byrðin því þýngri, sem hún liggur leingur á þeim; enda ætlum vèr, að festugjöf þessi sè gagnstæð góðum og gildandi lögum, t. a. m. tilskip. 15. maí 1705, sem bannar öllum húsbændum, og þeim, sem hafa kynni umboð yfir fasteignum, eða jörðum konúngs, að leggja á bændur þeirra neinar nýjar álögur, fram yfir það, sem á jörðunum hefir legið frá alda öðli, „og skulu þeir, er slíkt gjöra, sekir við konúng um þriðjúng af því, sem hinar nýju álögur verða metnar“. Það er og auðsjáanlega til niðurdreps öllum framförum í jarðrækt og húsabyggíngum, að leiguliðar skuli gefa t. a. m. 40 til 90 rd. festu, til að geta komizt að öðrum eins smábýlum, eins og eru á Vestmannaeyjum; og væri þessum festupeníngum betur varið til jarða-

bóta og eflíngar sjáfarútvegi, því þar við mundi hagur manna batna meira en svarar ábata þeim, er fæst við hinar háu festugjafir; og er það þetta, sem um fram allt ætti að hafa fyrir augum, því landið auðgast ekki á því, að bændur þess leggi í sjóð þess það gjald, sem þeim er of vaxið, heldur með því, að þeir verji kröptum sínum og efnum til að bæta landið sjálft; og vèr álítum það landsins bezta ríkdóm, að eiga sem flesta velmegandi bændur, því „bóndi er bústólpi, og bú er landstólpi". Vèr skulum ekki orðleingja meir um þetta atriði, með því vèr álítum að það, sem vèr nú höfum sagt, sanni nægilega hversu rèttvíst það er, að festa yfir höfuð að tala sè af tekin, eða að minnsta kosti lækkuð svo mikið sem verða má.

Hvað hið 2. atriði bænarskráarinnar snertir, nefnilega, að ekkja megi búa alla sína lífstíð á jörð þeirri, sem byggð var manni hennar, þá er það að vísu álit vort, að það væri eðlilegast, að eins og ekkjan, meðan hún ei giptist aptur, hefur mátt sitja að jörðinni eptir mann sinn, eins mætti hennar annar maður sitja fyrir byggíngu að jörð þeirri, sem hinn fyrri maður hafði á búið; og að hið sama skuli gilda, hvað opt sem sama ekkja yrði gipt. En feingist nú festugjaldið aftekið, þá álítum vèr að þetta atriði, sem hèr um ræðir, væri ekki beinlínis nauðsynlegt, því vèr getum ekki ætlað hlutaðeiganda umboðsmanni þá ónærgætni, að hann mundi meina þeim manni, er hefði geingið að eiga aðstoðarlausa ekkju, að sitja fyrir öðrum, sem, ef til vill, mundi sækja um jörð þá, sem ekkjan hefði á búið; þó álítum vèr ekki af vegi, að um þetta atriði væri einhver lögákveðin regla, og einkum um það, að erfíngjar eða niðjar konúngsleiguliða ætti forgángsrètt fyrir öðrum að jörðum þeim, er foreldrar þeirra hefði á búið.

Hvað nú hið 3. atriði bænarskráarinnar snertir, nefnilega, að eingin jörð sè byggð af hlutaðeiganda umboðsmanni, án þess að sveitarstjórnin sè tekin til ráðaneytis, þá álítum vèr þetta mjög nauðsynlegt og tryggjandi fyrir velferð sveitarinnar. Hlutaðeigandi sveitarstjórn hlýtur að vera lángtum kunnugri um ástand manna, ráðlag þeirra og annað, sem má vera þeim til meðmælíngar, eða mótmæla; hún hlýtur að þekkja allt þetta betur, en nýkominn eða útlendur umboðsmaður, sem, ef hann á ekki, nè má, aðnjóta sèr kunnugri manna, verður að byggja jarðir út í bláinn, án þess að vita, hver uppbyggíng eða dugur er í þeim, sem hann byggir jarðirnar; og getur þannig viljað til, að sá komist að einhverri jörð, sem annaðhvort hefir síður þörf fyrir hana, en einhver annar,

eða sem síðar er fær um að vera uppbyggilegur og gagnlegur bóndi.

Samkvæmt framanskrifuðu er það þannig tillaga vor, að þingið beiðist þess af konúnginum:

1. *Að festugjald til konúngsjarða á Vestmannaeyjum verði með öllu aftekið.*
2. *Að þeir, sem gánga að eiga ekkjur þeirra manna, er búið hafa á konúngsjörðum á Vestmannaeyjum, skuli fremur öðrum eiga kost á að fá byggíngu þeirra jarða, sem ekkjur þær, er þeir eignuðust, hafa búið á; sömuleiðis, að synir konúngs-leiguliða hafi forgángsrètt fyrir öðrum til jarða, er feður þeirra höfðu búið á og endurbætt, og*
3. *Að umboðsmaður þar ekki byggi neinar jarðir, án þess hann fyrir fram leiti ráða hjá hlutaðeigandi sveitarstjórn.*

Reykjavík þann 23. júlí 1859.

Brynjólfur Jónsson, *Páll Sigurðsson.*
formaður og framsögumaður.

Eg get eigi með öllu verið meðnefndarmönnum mínum samdóma í þessu málefni. 1. er festan gjald fyrir lífsábúðarrèttinn, og mèr finnst það í alla staði eðlilegt, að þeir, sem vilja fá þann rètt, gefi nokkuð fyrir hann; en með því þó mjög há festa hlýtur ætíð að veikja efni fátækra leiguliða, til að geta setið ábúðarjörð sína vel, og bændur í Vestmannaeyjum kvað vera mjög fátækir yfir höfuð og jarðir þar eru mjög litlar, þá finnst mèr að talsvert mæli fram með því, að það væri fast ákveðið, að hærri festa eigi væri tekin fyrir hverja jörð, en 20 rd. — 2. virðist mèr það óviðurkvæmilegt, að beiðast þess, að konúngur eður umboðsmaður hans, skuli í því, að byggja jarðir hans þar á eyjunum, vera háður ráðum sveitastjórnarinnar þar, sem þó einginn annar jarðeigandi er hèr á landi. Að öðru leyti er eg meðnefndarmönnum mínum samdóma. Samkvæmt þessu mun eg taka mèr breytíngaratkvæði.

Reykjavík, dag 23. júlí 1859.

Jón Pètursson.

Framsögumaður: Eg álít nú að nauðsynlegar ástæður sè í nefndarálitinu teknar fram fyrir því, sem farið er fram á. Þessi mikla festugjöf er auðsjáanlega eitthvað það ósanngjarnasta, sem verða má, þó hún hafi verið við höfð; hin opinberu festuuppboð eru nú að vísu aftekin; eg veit ekki, hvað leingi þau hafa staðið, hvort það hefir verið lánga eða skamma stund, en víst er um það, að með

þeim var mönnum gjört erfiðara fyrir, að sitja vel ábúðarjarðir sínar; en þó festuuppboðin sè aftekin, þá hefir annað tekið við, sem eingu er betra, þar menn máttu undir hendinni bjóða í jarðirnar það boð, sem þætti hæfilegt, og hefir þá hver, sem jarðnæði vildi fá, farið til umboðshaldara og sagt honum, hvað hann vildi bjóða til að sita fyrir jörðinni, og hefir það þá optast verið svo, að einhver hinn hæstbjóðandi hefir feingið byggínguna, án þess, að þar fyrir sè sagt, að hann einmitt væri hinn verðugasti, þó það líka kynni svo til að vilja. Þessar jarðarfestur hafa verið frá 40—90 rdl., og stundum jafnvel meira; eg veit til þess, að fyrir eina jörð, sem framfærir 1 kú, 1 hest og fáeinar sauðkindur, hefir verið goldið í festu 212 rdl., og mundi sú jörð varla vera keypt við hærra verði, en því, sem festan var, og skyldi nú jörðin verða byggð með viðlíka festu, t. a. m. á hverjum 10 eða 20 ára fresti, þá væri ekki leingi verið að fá mörg jarðarverð upp úr þessari einu jörð. Ef nú eingin festa væri goldin, þá liggur það í augum uppi, að menn gæti brúkað þetta fè til jarðabóta, þar sem festan beinlínis leiðir til þess, að jörðin verður niðurnídd. Þetta, sem eg hèr hefi sagt, sè þá svar upp á ágreiníngsatriði minna hluta nefndarinnar við 1. niðurlagsatriði meiri hluta nefndarinnar.

Viðvíkjandi ágreiníngsatriðum hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns, sem var einn í nefndinni, við hið 3. atriði, þá skal eg geta þess, að þó umboðsmaður sè að nokkru leyti háður ráðum sveitarstjórnarinnar, þá er rèttur konúngsins, svo sem eiganda, eigi skertur fyrir það; því ef samþykki konúngs fæst til þess, að þetta megi svo vera, þá fær hann frjálslega ráðin í hendur þeim mönnum, sem þekkja betur til, en umboðsmaður, hvernig öllu til hagar; það getur verið danskur maður, sem er ókunnugur því, hvernig til hagar. Það er og aðgætandi, að öðruvísi er ástatt í Vestmannaeyjum, en annarstaðar hèr á landi; þar er allt konúngseign; öðru máli væri að gegna, þar sem konúngseignir væri fáar. Eg ætla nú að hætta hèr með að sinni, þángað til eg heyri ræður þíngmanna.

Þórður Jónassen: Eg get eiginlega ekki fellt mig við neitt af þeim uppástúngnatriðum, sem standa í nefndarálitinu, því 1. atriðið tekur fram fyrir hendurnar á mönnum í þeirra samníngsfrelsi; og jarðabyggíngar eru komnar undir samkomulagi milli hlutaðeigenda, og það hlýtur því, og á að vera frjálst að taka festu til jarðar, þegar hún býðst; af þessari ástæðu get eg heldur ekki verið samþykkur minni hlutanum, því hann vill binda festugjaldið við tiltekna upp-

hæð; en það er eins óeðlilegt, eins og hitt, að banna algjörlega að taka festu.

Annað uppástúnguatriðið er frjálslega hugsað, en það er ekki greinilega orðað; það getur nefnilega þó ekki verið meiníngin, að sonur ábúandans skuli ætíð hafa forgángsrètt til jarðarinnar eptir hann látinn, einúngis af því hann er sonur hans, og án allrar hliðsjónar af því, hvort hann er líklegt bóndaefni eða ekki; því sè sonurinn ónytjúngur, þá getur hlutaðeigandi umboðsmaður ekki forsvarað að byggja honum jörðina. Að öðru leyti veit eg ekki betur, en að umboðsmönnum sè heimilt, að hafa þessa hliðsjón, og að stjórnin hafi lagt svo fyrir, og eg þykist því sannfærður um, að þessu sè hæfilega gaumur gefinn af umboðsmönnunum. Að sá, sem giptist ekkjunni, skuli einnig hafa þennan forgaungurètt til jarðarinnar, verður að vera bundið sömu skilyrðum og það er, hvað syni bóndans snertir; ódugnaðurinn á ekkert fyrirheiti að hafa. 3. atriðið er óhafandi; hreppstjórinn rèði, þegar svo væri komið, algjörlega byggíngunni, að eg ekki tali um allan þann rekstur og sundurlyndi, sem af þessu fyrirkomulagi yrði að leiða. Þannig virðist mèr þessu máli reyndar hreift án gildra ástæða, og eg sè ekki neina ástæðu til, að senda um það bænarskrá til stjórnarinnar.

Framsögumaður: Mèr virðist sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður vilji fella það, er eg hefi mælt um þetta festumál, og lýsir það því, að hann er nú orðinn annarar meiníngar en 1847, þegar þetta festugjald kom til umræðu. Hvað 1. atriðið snertir, þá get eg ei sèð, að með því sè nokkrir frjálsir samníngar af teknir, sem eru byggðir á sanngirni, en enginn skaði er að koma í veg fyrir alla ósanngirni, og það mega þessi festugjöld heita. Eg veit nú ekki, hvað gott það er, að hæstbjóðandi ætíð hljóti jörðina, heldur kann það, að minni hyggju, að mega telja það með óheppni, hvað hann sjálfan snertir, þó að það kunni að sýnast mikið í munni, að geta boðið háar festur, og menn kynni að halda, að hann væri mikill maður í hèraði, þá væri víst betra, að brúka festupeníngana til annars; og svo var nú fyrir þeim, sem borgaði 212 dalina, að hann átti ekki, og hefir aldrei átt málúngi matar í öllum sínum búskap. Hvað 2. atriðið snertir, þá sagði hinn háttvirti sami þíngmaður, að það væri ekki rètt, að menn ekkna, eða synir feðra, geingi fyrir öðrum, hvernig sem þeir væri, og vil eg geta þess, að hann hefir ekki gætt að niðurlagsorðunum: „og endurbætt“, þ. e., ef þeir hafa setið jörðina vel, þá megi þeir búast við, að niðjar þeirra njóti góðs af.

Hvað ekkjuna snertir, þá er það ei svo að skilja, að henni sè gefinn meiri rèttur, en manninum, þó hún megi, hvað opt sem hún giptist, sitja á jörðinni; mennirnir hafa haft þann rètt, að mega sitja á ábúðarjörðum sínum, þó þeir yrði svo 10 sinnum giptir; rèttur sá, sem ekkjunni er gefinn, er henni gefinn sem ekkju, og ætti henni ekki að vera gjört óhægra fyrir, en mönnunum, því hún er þó síður þess umkomin, að bjarga sèr, ef henni leyfist ei að sitja að jörðinni; en þegar talað er um, að gefa ógiptum kvennmönnum myndugleika á við karlmenn, þá sýnist eðlilegast, að þær haldi sama myndugleika, eptir að þær giptast. Hvað 3. atriðið snertir, þá þótti hinum háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanni það ekki eiga við, að umboðsmaður þyrfti að leita ráða hjá sveitarstjórninni; eg verð nú að svara því svo, að mèr þykir það betra og haganlegra, því sem kunnugri þekkir hún optast betur ráðlag manna og kríngumstæður, en umboðsmaður; þetta kann nú að koma í mótsetníng við 2. atriðið, en það er auðvitað, að ábúðarrèttur ekknanna verður að vera kominn með fram undir því, hvernig jörðin er setin, eins og er um alla ábúðarrètti; ef síðari maður ekkjunnar er óhæfur til, að búa á jörðinni, verður sveitarstjórnin að hafa sín ráð, og vísa honum burt af jörðinni. En skyldi nú ekkjan og maður hennar þá vera orðin sveitlæg, þá veit eg ekki, hversu rètt það væri, að vísa þeim burt, því líklega mundi ekki hagur sveitarinnar batna með slíku fyrirkomulagi.

Þórður Jónassen: Þar sem hinn heiðraði *framsögumaður* heldur, að eg hafi skipt meiníngu minni síðan 1847, þá gat það nú vel verið, en er þó ekki, því þar var annað umtalsefni; þar var umtalsefnið, og kvörtunin einúngis yfir því, að jarðirnar væri boðnar upp til ábúðar og festugjalds á uppboðsþíngi, og þeirri aðferð mælti eg á móti, en þar á móti ekki á móti sjálfu festugjaldinu út af fyrir sig, því eg vissi, að það hafði verið goldið á undan, þegar svo bar undir bæði á opinberum eignum og einstakra manna, eins og það er enn í dag.

Eg gáði að niðurlagsorðinu „endurbætt“ í endanum á öðru uppástúngu-atriðinu; en það er ekki nóg, að ábúandinn, sem fellur frá, hafi endurbætt jörðina til þess, að sonurinn geti feingið hana eptir hann, til ábúðar, heldur þarf sonurinn að vera sjálfur líklegur til þess, að geta haldið áfram því, sem faðir hans byrjaði á, eða að minnsta kosti líkindi að vera fyrir því, að hann trassi ekki jörðina niður aptur. Sè hann líklegt búmannsefni, tel eg það sjálfsagt, að hann gángi fyrir öðrum til að fá jörðina, annars ekki, og þetta

veit eg til að viðgeingst, bæði t. a. m. á konúngsjörðum *og á jörðum* einstakra manna, og þetta er samkvæmt hlutarins eðli.

Páll Sigurðsson: Menn hafa talað um, að það væri ísjárvert, að grípa fram í samníngа manna, en eg sè nú ekki að svo sè; frjálsir samníngar geta verið harðla ósanngjarnir, og því verður að setja einhver takmörk í því tilliti, því samníngar milli tveggja geta gjört órètt 3. lið, annaðhvort einstökum manni, eða heilum fèlögum eða stofnunum, og þar verður stjórnin að koma í veg fyrir, svo að ósanngirni í þeim ekki keyri fram úr hófi; þannig hefir stjórnin gefið út lagaboð um okur; er það ekki til að hepta ósanngjarna samníngа? Hvað viðvíkur festugjaldinu, þá var hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður mótmæltur uppboði 1847, og því undarlegra er það, hvernig hann tekur nú í þetta mál; það stendur á sama, hvort uppboðin eru opinberlega eða leynilega; þau eru ei helgari fyrir það, að þau líkjast mútugjaldi. Á þíngi hèr, mig minnir 1847, var það álitið nauðsynlegt, að komið væri í veg fyrir þessi uppboð, og eg hefi ekki orðið var, að festur hafi nú í síðustu árin fram farið í Skaptafellssýslunum á þeim opinberu þjóðeignum. Eg vildi leyfa mèr að skora á hinn háttvirta *forseta* og þíngmann Eyfirðínga, að skýra þetta mál; eg hefi heyrt getið um eitthvert brèf frá ráðherranum, er banni festugjald eða uppboð; en eg hefi ekki sèð það, og það hefir ekki, svo eg viti, komið til Vestmannaeyja; það er einn og það vilji sannast um Vestmannaeyjar, að þær sè of sunnarlega, til þess að geta heyrt til Íslands, en aptur eru þær of norðarlega, til að geta heyrt til Danmerkur. Eg held, að álit nefndarinnar, að það sè nauðsynlegt, að sveitarstjórnin sè í ráðum með, sè rètt; sýslumaður, sem er umboðsmaður, getur dáið á haustnóttum, en ferð milli eyjarinnar og lands dregizt lángt fram á vor; hver á nú að byggja jarðir, sem losna á þessum tíma? Það er einginn til, ef sveitarstjórnin má það ekki þá. Nefndin stíngur einasta upp á, að umboðsmaður hefði sveitastjórnina til ráðaneytis, en ekki að hann ætíð væri skyldur til, að fara að ráðum hennar. Út frá þessu sjónarmiði gekk nefndin. Af því hætt er að taka festur, eptir sem eg til þekki í Skaptafellssýslu, þá komst meiri hluti nefndarinnar að þeirri niðurstöðu, að Vestmannaeyjar væri losaðar við festugjaldið, eins og nábúasýslurnar eru, því það mun vera af tekið eptir ráðherrabrèfi, sem út hefir komið um þetta efni í kríng um 1850, en brèf þetta hefi eg ekki sèð, og veit því ekki, hvernig það er orðað.

Halldór Jónsson: Eg verð að vera á máli hins háttvirta 1.

konúngkjörna þíngmanns, að mèr getur ekki geðjast sem bezt að nefndarálitinu, sízt áliti meira hlutans, því mèr finnst það fremur óeðlilegt og takmarka ofmikið frjálsa samníngа manna, og það að eins í litlum hluta landsins. Festunum hefi eg nú raunar aldrei verið mikið meðmæltur, þó nokkuð megi mæla bæði með þeim og mót; en eg ímynda mèr, að þar sem þær tíðkast, muni þær standa í nokkurs konar sambandi við afgjaldið, það er að skilja, að jarðirnar muni vera byggðar fyrir lágt eptirgjald, eða að það gamla gjald sè látið haldast, þó það ekki leingur svari gæðum jarðanna. Vil eg því áskilja mèr það viðaukaatkvæði við 1. grein nefndarálitsins, ef þíngið fellst á hana, að við hana sè bætt þessum orðum: „en jarðirnar byggðar fyrir hæfilegt afgjald“.

H. Kr. Friðriksson: Eg held reyndar, að það þurfi ekki lángar umræður um þetta mál, því að mèr virðist það ljóst, hvað þíngið eigi að gjöra við það, og það er að fella það með öllu. Þegar um fyrsta atriðið er að ræða, þá er auðsèð, að það leggur óhafandi bönd á frjálsa samníngа og frjálsræði manna; það er að gjöra menn með öllu óráðandi öllum eigum sínum, gjöra þá með öllu ómynduga. Eða hví skyldi leggja meira band á frjálsa samníngа í þessu máli, en öllum öðrum? Það er líka aðgæzluvert við þetta atriðið, að þar er beðið um, að festugjaldið verði af tekið, en þó, að ábúðarrètturinn alla æfi haldist; að minnsta kosti er það ekki tekið fram af nefndinni, hvort vera skuli. Hinn heiðraði 1. konúngkjörni þíngmaður hefir sýnt fram á gallana á 2. niðurlagsatriðinu; enda þótt að í því atriði standi sá skildagi, að sonur hins fyrverandi ábúanda skuli öðrum fremur hafa rètt til ábúðarinnar því að eins, að faðirinn eða fyrirrennarinn hafi endurbætt jörðina, þá er það þó aðgæzluvert, að þessi sonur getur verið mesti slóði og ónytjúngur, en allt fyrir það er umboðsmaðurinn skyldur til, að byggja honum jörðina, enda þótt hann sjái það fyrir, að hann sè óhæfur til, að sitja jörðina, sem vera ber, og hversu mikill dugandismaður, sem annars býðst til hennar. Þar sem í greininni stendur, að þeir, sem gánga að eiga ekkjur konúngslandseta á Vestmannaeyjum, hafi ábúðarrètt fremur öðrum, þá er nú eitt af tvennu, að annaðhvort ætlast nefndin til, að þessi síðari maður konunnar skuli gjörast erfíngi hins fyrra, og erfa rètt hans, og er það þá ný ákvörðun í erfðalögunum, eða þá, að nefndin gjörist sek í því, sem fundið var að við einn þíngmanna hèr í gær, að hún vill setja sig á milli manns og konu, og gjöra konuna að ábúanda, og láta manninn vera rèttlausan, og það sýnist mèr sitja illa á nefnd-

inni. Þriðja atriðið get eg eigi betur sèð, en sè óhafandi með öllu, því að þar kemur fram sú hugsun, að sveitarstjórnin geti og eigi að hafa hendur í hverri kyrnu hjá hverjum manni, og svipta þannig menn öllu frelsi, gjöra þá með öllu ómynduga. Eg vildi, auk þess, spyrja hina heiðruðu nefnd, hvort hún ætlast til, að allir jarðeigendur á landinu eigi að biðja sveitarstjórnina leyfis um, að mega byggja jörðina þeim eða þeim, og sè það eigi ætlun nefndarinnar, þá er það óviðurkvæmilegt, að setja konúngi einum eða umboðsmanni hans þann skildaga; enda skil eg eigi, hvernig nokkrum jarðeiganda verði settur slíkur skildagi. Þar sem fulltrúi Rángvellínga gat þess, að sýslumaðurinn, eða umboðsmaðurinn á Vestmannaeyjum kynni að deyja fyrri hluta vetrar, og svo gæti farið, að eingin ferð til lands fèlli allan veturinn, þá þykist eg vita það, að hann kunni einhvern tíma að deyja, eins og aðrir umboðsmenn; en hvað er sveitarstjórnin bættari fyrir það, þótt umboðsmaðurinn eigi að leita ráða hennar í byggíngu jarðanna, eða ætlast nefndin til, að sveitarstjórnin byggi þá jörðina? Það er að minnsta kosti hvergi tekið fram, að svo skuli vera. Breytíngaratkvæði minni hlutans við 1. atriðið get eg eigi heldur fallizt á, því að í því liggur í rauninni sama ófrelsið og hjá nefndinni; eg vil taka eitt dæmi, að einhver slóðinn kann að bjóða 20 rd., og nú kemur á eptir dugnaðarmaður, og býður 22 rd., en umboðsmaður er neyddur til, allt fyrir það, að byggja hana ónytjúngnum.

Sveinn Skúlason: Eg er samþykkur þeim mönnum, sem hafa mælt í móti niðurlagsatriðum nefndarinnar í þessu máli. Ef þessar reglur eru gefnar fyrir Vestmannaeyjar, þá mun það draga dilk á eptir sèr; það er eigi einúngis, ef það fæst, að það ruglar þeirri reglu, sem við geingizt hefir við jarðabyggíngar á eyjunum, heldur gjörir það það á öllu landinu; því að ef svo fer, munu bænir koma til þíngsins úr öllum áttum, um að fá breytíngu á lögum í þessu efni. Hvað 2. atriðið snertir, þá er nú eitthvað æði skrítið við það, að gefa ekkjum forgángsrètt fyrir mönnum. Eg sè ekki betur, en að það lýsti hinni mestu ósamkvæmni hjá þínginu, ef það, sem í gær var svo ófrjálslynt, að það neitaði konum jafnrètti við karla, nú skyldi gefa ekkjum þenna rètt, eða hnýta þeim, sem gánga að eiga ekkjur, aptan í þær, svo að þeir með slíkum kvonfaungum feingi rètt til jarðarábúðar, sem þeir ekki annars hefði. Hið 3. atriðið er nú einkar nýstárlegt, eða er ekki svo? Þar á að setja umboðsmenn undir hreppstjóra; það er ný og óheyrð upphefð, sem hreppstjórarnir eiga að verða fyrir í þessu efni. Eg held þeim bregði

við; þeir eiga ekki að venjast slíku dálæti. En eg hefði þó ætlað það rètt og sanngjarnt, að umboðsmennirnir, sem hafa alla ábyrgð fyrir löglegri ábúð jarðarinnar, þeir hafi líka byggíngarráð hennar, en ekki þeir menn, sem alls einga ábyrgð hafa í því efni. Ágreiníngsatriði minni hlutans er lítið betra, því það er ófært, að hafa það fast ákveðið, hve mikil festan megi hæst vera, því að það bindur of mjög hendur manna í öllum samníngum.

Stefán Jónsson: Eg hafði ætlað mèr fyrir laungu að standa upp, til að skýra þetta mál, af því skorað var á mig, og mèr er það ekki með öllu ókunnugt, hvernig til geingur í Norðurlandi í þessu efni. Meðan festuuppboðin hèldust, voru það skilmálar við þau: boði hæstbjóðanda eða næst hæstbjóðanda var tekið, og boðin voru mjög há; mönnum fór nú að lítast illa á, hvað boðin voru fjarskaleg, og vildu fara að koma í veg fyrir þau, og var því ritað til alþíngis, og nú er svo komið, að í Norðurlandi, eins og annarstaðar, eru þau af tekin, en þó vill það til, að festurnar eru samt gefnar; landsdrottinn og leiguliði gjöra samníng sín á milli; það kunna að vera dæmi til, að boðnir eru 30 til 40 rd. bæði á opinberum eignum, og líka þó einstakir menn eigi. Þegar eg fór nú að athuga niðurlagsatriði nefndarinnar, þá verð eg nú að segja það, að eg gat ekki fellt mig við þau. Hvað fyrsta atriðið snertir, þá finnst mèr ekki full ástæða til, að festugjöld sè aftekin fyrir þær sakir, sem ýmsir þíngmenn hafa tilfært, og eg held, að því verði aldrei við komið á *privat*-eignum, því að ekki er hægt, að banna einstökum mönnum samninga sín á milli; landsdrottinn getur heimtað svo og svo mikla landskuld, og það er þá lítið betra, og leigt leiguliða jörðina upp á víst áramál; þetta er ekki hægt að banna. Hvað annað atriðið snertir, þá get eg nú ekki heldur samþykkt það; að minnsta kosti yrði forgángsrètturinn, sem þar er talað um, að vera bundinn við það, að líkur væri til jörðin yrði vel setin, og þá er líklegt, að því yrði haldið áfram að ekkjan feingi að búa kyr, þó hún giptist, eða með öðrum orðum, að seinni maður hennar feingi jörðina. Líka er það náttúrlegt, að afkomendur fyrri búanda, ef efnilegir eru, geti notið rèttar foreldra, og í þá stefnu hefir líka stjórnin gefið bendíngu, að efnileg börn búanda ætti að hafa forgángsrètt til jarða þeirra, er feður þeirra hefði setið á, þegar þeir eru efnilegir; mèr finnst nú hèr eigi geingið nógu lángt í nefndárálitinu; það ætti eins að hafa tillit til dóttur, eins og sonar, eða rèttara sagt teingdasonar, ef efnilegur er. Hvað nú Vestmannaeyjasýslu snertir,

þá er hún einn hreppur, sem ekki á sèr stað um neina aðra sýslu, og því eru meiri líkur fyrir, að sýslumaður og sveitarstjórn geti komið sèr saman, heldur en þar, sem margir hreppar eru og margir hreppstjórar; þá getur komið ágreiníngur milli hreppstjóranna, og við þá alla kann umboðsmanni að gánga erfitt að koma sèr saman, þar sem sitt verður hverjum hrepp í hag; þetta er nú ekki að óttast í Vestmannaeyjum, heldur er það líklegt, að sýslumaður fari að ráðum hreppstjóra um það, hverjum eigi að byggja jarðirnar og taki tillit til þess, sem sveitarstjórar ráða til; en þar fyrir get eg ekki sèð, að það eigi að vera, eða megi vera lagaskylda umboðsmanns, að fylgja ráðum sveitarstjórnarinnar, eins og 3. niðurlagsatriði fer fram á; þá er umboðsmaður orðinn í því efni eins og þýðíngarlaus, en það er hverjum umboðsmanni, eins og eigendum, um að gjöra, að fá góðan ábúanda og þann bezta, sem býðst í hvort skipti.

Guðmundur Brandsson: Menn fara hèr sinn í hverja áttina; nefndarmenn tala eingaungu um Vestmannaeyjar, en hinn 1. konúngkjörni þíngmaður talar um allar konúngsjarðir og klaustrajarðir, hvar sem þær svo eru á landinu; eg vil að menn haldi sèr við aðalefnið, sem nefndarálitið er byggt á. Þíngmaður Eyfirðínga skýrði frá, hvernig þessu væri skipað fyrir norðan, að festuboð væri þar aftekin, og það með konúnglegu lagaboði; hví má þá eigi hið sama gánga yfir Vestmannaeyjar? Eg vil, að sömu lög sè yfir allt land. Menn hafa tekið fram, að ef festugjöld væri af tekin, þá væri með því tekið fram fyrir hendurnar á mönnum, hvað frjálsa samníng snertir; eg held, að samníngar sè ekki að öllu leyti á hvers eins valdi eða svo ótakmarkaðir, að eingin lög geti náð út fyrir þá, og væri hægt að sýna þetta með nokkrum dæmum; það er meðal annars lögboðið, að alþíngistollurinn skuli hvíla á jarðeigendum; þess vegna geta þeir ekki skyldað leiguliða sína til, að borga hann; svo að þar sem slíkt kann að hafa stað, þá er það móti lögum; annað mál er, ef þeir verða ásáttir um þetta sín í milli, því þá er orðinn úr því frjáls samníngur. Það væri annars fróðlegt, að kunnugir menn skýrði frá því, hvort betur væri setnar jarðir með festugjaldi, heldur en aðrar jarðir, sem eingínn festa er goldin af; eg hefi nú heyrt sagt, að hinar fyrri væri illa setnar, og þykir mèr það ekki ólíklegt; því það munu veljast optast á þær menn, sem ekki eiga annars úrkosti. Þarna er einn ávöxturinn af takmarkalausu giptíngunum; þegar menn eru komnir í hjónabandið, þá þurfa þeir að fá

sèr einhverstaðar hæli; þeir bjóða þá fjarska-mikið í jarðirnar, svo að þeir fái þær, en duglegir menn þurfa eingum afarkostum að sæta, því þeir eru alstaðar vel komnir; það er nú hætt við því, að sá, er tók jörðina fyrir þessa miklu festu, og ef til vill, ekki á fyrir henni, sitji jörðina ekki sem bezt, heldur lofi henni að gánga úr sèr, flosni loksins upp af henni, og verði svo að sveitarvandræðum; um þetta gat og *framsögumaður*, og þetta getur nú, ef til vill, komið umboðsmanni í vandræði, því að ábyrgðin hvílir á honum, sem leigði jörðina, og svo getur farið, að jörðin verði svo niðurnídd, að einginn bjóði neitt fyrir hana. Eg held það væri því einginn skaði, þó að hann við byggíngu jarða hefði hliðsjón af sveitarstjórninni, og hún væri í ráðum með honum; það er ekki ávallt bezt, að taka hæsta boði, heldur kann sá, sem lítið býður, að sitja jörðina betur, en hinn, sem meira býður, og um það ætti sveitarstjórnin helzt að geta dæmt, því henni mætti víst vera kunnugra en honum, hvernig jörðin, að líkindum, yrði setin af þeim mönnum, sem bjóðast, þar hún líklega þekkti þá betur en hann.

H. G. Thordersen: Eg hefi nú dálitla reynslu fyrir mèr í þessu efni, því að eg hefi haft talsverðar jarðeignir undir minni hendi. Eg verð nú að vera á þeirra máli, sem ekki vilja af taka festugjöld, því að eg vil ekki hamla frjálsum samníngum manna á milli, sem eingin lög banna. Það var þegar eg til vissi víða venja í Rángárvallasýslu, að taka festu af jörðum, en þó helzt þeim, sem með litlu eptirgjaldi voru leigðar; á þenna hátt byggði eg einstöku jarðir, og fèkk duglega menn á þær; margir sóttust eptir, að komast á þær, og mèr gafst færi á, að velja þá úr, sem eg áleit hæfasta, og hefi eg tekið eptir því, að þegar jarðir hafa verið leigðar með mjög sanngjörnu eptirgjaldi, þá hafa duglegir menn sótt eptir þeim og boðið festu til, en þar sem jarðir hafa verið hátt leigðar, þó eingin festa hafi verið á þeim, þá hafa slóðar fremur orðið ábúendur á þeim, og álít eg því eigi betra, heldur í marga staði verra, að hækka eptirgjald af jörðunum, en að taka festu af þeim, ef festan ekki er mjög há, því þó teknar sè allt að 10 spesíum í festu af einhverri góðri jörð, og menn með því móti fá duglegan ábúanda, þá er það betra, en að hækka eða hefja upp eptirgjaldið; enda er eg alveg samþykkur þeim, sem ekki vilja takmarka frjálsa samníuga manna á milli; því eg álít það ekki gott, að takmarka rètt jarðeigenda, hvort sem það eru einstakir menn, eða hið opinbera; og því síður vil eg ráða til þess, sem við því má búast, að

eptirleiðis þýngi fremur, en lètti á jarðeigendum. Annað atriðið þykir mèr mjög mannúðlegt, en eg vil spyrja: ef ekkju einu sinni hefir verið byggð jörð, má hún þá ekki, þó hún giptist aptur, sitja að jörðinni, sem henni var byggð, meðan hún stendur í fullum skilum? Mèr sýnist það hart, að reka ekkju burt af jörðinni, þó hún giptist, ef hún annars stendur í skilum; mèr hefir að minnsta kosti aldrei komið til hugar, að svipta ekkju ábúðarrètti eður breyta skilmálum fyrir þá einu sök, að hún giptist aptur. Eg veit ekki, hvernig til hagar á Vestmannaeyjum með það, en ef það skyldi vera tilfellið, að ekkja þar sè rekin burt af jörð þeirri, sem henni hefir verið byggð, og sem hún hefir staðið í skilum fyrir, þá vil eg samþykkja þetta 2. uppástúnguatriði. Um 3. atriðið er það að segja, að eg kann ekki við það. Eg vil ekki hafa neina takmörkun á festugjaldinu, því eg alít, að hverjum sem vill, sè frjálst að gefa hvort heldur einn eða hundrað dali af sínu eigin, eins og eg vil einga takmörkun hafa á frjálsum samníngum manna á milli.

Steſán Jónsson: Eg skal leyfa mèr að skýra meiníngu mína betur. Mèr fannst upphaflega, þegar bænarskráin um þetta mál kom fyrst fram, að Vestmennaeyíngar mundi vera undir öðrum lögum, en aðrir landsbúar, en eg komst seinna að raun um, að það er ekki svo. Festugjald er nú að vísu að því leyti ekki eins og áður í Norðurlandi, við opinber uppboð, en eg veit ekki betur, en allir láti sèr vel lynda með þá ráðstöfun, sem nú er þar; það er að segja, þó festa sè tekin stöku sinnum við byggíngu kostajarða, sem vel eru leigðar. Ábúðin á þessum jörðum, sem tekin er festa af, fer nú upp og niður, eins og á öðrum jörðum, en þær eru almennt ekki ver setnar, en hinar, sem eingin festa er tekin af, margar betur eða fullt svo vel. Það hefir verið sagt, að umboðsmaður yrði að taka hæsta boð, hvort sem sá væri góður ábúandi eður ekki, sem byði; það er eingan veginn; umboðsmaður skýrir amtmanni frá málavöxtum og hverjir bjóðist með eða án festu, og getur því vel mælt með, að duglegur maður, sem minna býður og enda ekkert, gángi fyrir öllum öðrum. Amtmaðurinn fellzt þá optast á tillögur umboðsmannsins, nema ef einhverjar sèrstaklegar kríngumstæður skyldi hamla því. Lífsfesta er almenn á opinberum eignum, hvort sem festugjald er eða ekki. Ekkjan á rètt til að búa á jörðinni með sömu kostum, en mèr finnst óviðurkvæmilegt, eins og eg hefi áður sagt, að seinni maður hennar þess vegna fái þann rètt, því rèttur hennar, sem ekkju, er úti, þegar hún giptist aptur, en það er þó líka sjaldgæft, að seinni

maðurinn, ef hann er duglegur, fái ekki jörðina. Eg get því ekki annað, en verið á því, að allt sè fullkomlega haganlegt og eðlilegt yfir höfuð, og að ekki sè nauðsyn á breytíngu, en eg vil ekki, að Vestmannaeyíngar verði harðar úti en aðrir.

Jón Hjaltalín: Það geingur með þetta mál, eins og svo mörg önnur, að það er öðruvísi talað um það nú, en þegar það kom fyrir til inngángsumræðu. Það er eitthvað skrítið í því, að vera að setja nefndir í málunum, og ónýta svo nefndarálitin, þegar þau koma. Eg vil vera viss um, að ekkert gagn sè í nefndarálitinu, ef á að ónýta það; en það á sèr nú eingan veginn stað með þetta nefndarálit; það er ekkert fram komið, sem hafi fullkomlega hrundið því, sem *framsögumaður* og þíngmaður Rángvellínga sögðu. Það geingur fyrir Vestmannaeyíngum í þessu líkt og í rekamálinu; þar voru þeir í lagaleysi; hèr eru þeir undir öðrum lögum, en aðrir landsbúar. Kunnugir menn segja, að festa eigi sèr ekki stað í Skaptafellssýslu og ekki í Rángárvallasýslu, því þá á Vestmanneyjum? Það eru þó nábúar allt saman, og ætti því að njóta sömu laga og lifa undir sömu reglum. Af þessu er eg nú með 1. atriðinu; einnig með því 2., því mèr fannst það vera náttúrlegt og eðlilegt og á góðum rökum byggt, það sem *framsögumaður* sagði um það; öðru máli er að gegna með 3. atriðið; það er ófært; það lýsir tortryggni við umboðsmanninn, en stjórnin má ekki koma mönnum upp á tortryggni við embættismennina, eða vera eins og að setja menn til höfuðs þeim; hafi menn nokkuð að kæra, þá eru til bæði æðri yfirvöld og dómstólar; fari þeir til þeirra. Eg greiði því atkvæði með 1. og 2. atriðinu, en er því 3. með öllu móthverfur.

Konúngsfulltrúi: Eptir umræðum þeim, sem fram hafa farið, og eptir eðli þessa máls, vildi eg helzt ráða til, að þíngið vísi því í sömu átt og rekamálinu. Hvað hið 1. niðurlagsatriði snertir, þá verð eg að ráða þínginu frá, að senda konúngi um það bænarskrá; því eg ætla flesta þíngmenn of ókunnuga í Vestmannaeyjum til þess, að þeir geti sagt, að jarðirnar sè þar of hátt leigðar; því sè þær sanngjarnlega leigðar, er eingin ástæða til að biðja um, að festugjaldið sè af numið. Hvað hið 2. atriði snertir, þá getur fyrri liðurinn ekki átt við; því þegar einhverjum er leigð jörð með festu, þá skilst við það lífsfesta, og ef maðurinn deyr, þá nýtur ekkja hans sömu kosta, meðan hún er ekkja; en giptist hún aptur, þá verður seinni maður hennar að festa aptur jörðina, ef ekki semst öðruvísi. Síðari liðurinn er með öllu óþarfur, því stjórnin hefir þegar

fyrirskipað, að synir og teingdasynir þeirra manna, er á jörðunum hafa búið, skuli hafa forgángsrètt til að búa á þeim eptir þá, þegar þeir eru hæfilegir þar til, og það, þó feður þeirra hafi ekki endurbætt jörðina, ef þeir hafa staðið í lögskilum. Þriðja atriðið er annaðhvort óþarft eða óbrúkandi. Sè umboðsmaðurinn nefnilega ekki bundinn við tillögur sveitarstjórnarinnar, þá er það óþarft, en eigi hann að vera bundinn við tillögur hennar, þá er það óhafandi, því á þann hátt verður sveitarstjórnin í rauninni umboðsmaður, en umboðsmaðurinn verður einkis ráðandi, en hefir þó alla ábyrgðina. Eg hlýt því, svo málið verði ekki fellt með öllu, að ráða þínginu, að vísa því til hlutaðeigandi yfirvalds.

Indriði Gíslason: Til þess að leitast við að sýna, hvað skaðlegar festurnar eru, skal eg koma með að eins eitt dæmi af ótal. Þegar festugjaldið stóð sem hæst í Skagafirði, var eg þar, sem kunnugt er. Á einni klausturjörðinni trúi eg, bjó góður og gildur bóndi, er sat jörðina með sóma; en þegar hann tók að eldast, fór einn af sonum hans, að búa á parti jarðarinnar í föðursins byggíngu, og eignaðist fjölda barna, og virtist efnilegt búmannsefni; en þegar faðir hans dó, sem hafði stöðuga byggíngu á jörðinni, var jörðin síðan boðin upp til festu og voru í hana boðnir 200 rd. af manni úr annari sýslu; en með því hinn ekki hafði efni til að bjóða slíkt geip, jafnvel þótt hann tíundaði undir 20 hundruð, varð hann frá jörðinni að flæmast með fjölskyldu sína, og lángt burt á mjög ónýtan skika, af hverjum hann að lokum flosnaði upp, og varð vandræði sveitarinnar, þeirrar, hvar hann áður bjó vel.

Því hefir verið hreift af sumum hèr, að það stæði umboðs- og eignarmönnum mjög fyrir þrifum með það, að fá góða ábúendur; ekki sást það á þessari jörðu, er eg tók dæmið af; hún var orðin að húsum nokkuð hrörleg, þegar festubóndinn kom á hana, en ekki veit eg til, að þar sè farið enn í dag að byggja einn spotta af viðum nè veggjum, enda er hann nú nýdauður. Þess er heldur eingan veginn að vænta, að sá maður, sem þannig púngar út fjármunum sínum, muni þar að auki kosta miklu til jarðarinnar; enda held eg það sízt vera dugnaðarmerki, að bjóða með slíku afarkappi á uppboðsþíngum. Þess væri óskandi, að sú kæmi ekki tíðin, að þessir festugjaldsvinir, er jarðir eiga eða umboð hafa, verði fegnir að fá þær byggðar festulausar; en slíks virðist nú ekki vera lángt að bíða. Eg held það hafi illa gleymzt, eða máske, að þeir ekki hafa viljað muna það, að jörðin sama hafi verið uppboðin til landskuldarhækk-

unar og festu líka, og hefi eg ekki vitað til, að slíkt hafi verið með neinu tilliti til fyrri leigumála jarðarinnar. Eg vil leyfa mèr að spyrja að því, hvort nokkur nýrri löggjöf er fyrir byggíngum jarða, en tilskip. af 1705; mèr finnst allt svo eptir því rèttast, að af beðin sè þessi óregla.

Eg ætti nú að geta vorkennt þíngmanni Eyfirðínga, sem hjá mèr situr, þótt hann ekki vilji amast við festunum, því það er eins og allir vita, að umboðsmenn fá eptir því betri hlutarbót, sem betur aflast við þessi festugjöld. Í slíku má annars heita samkvæmni af þínginu, ef það vill ekki framar af nema óregluna í einu, heldur en öðru, eptir því sem hèr hefir lýst sèr í sumum málum.

Forseti: Samkvæmt áskorun þíngmannsins úr Rángárvallasýslu, skal eg gefa þær upplýsíngar, sem mèr eru kunnar um þetta mál. Í Skaptafellssýslu hefir ekki, það eg til veit, verið tekin festa af konúngsjörðum síðan 1846 eða 1847. Málið var, eins og kunnugt er, borið hèr upp á þínginu 1847, og var þá kappsamlega sótt með og mót, en ekki var ritað um það bænarskrá til konúngs, heldur ákveðið, að vísa því til nefndar þeirrar, sem þá átti að setja um landbúnaðarmálefni landsins; en stjórnin tók þó tillögur þíngsins til greina, og innanríkisráðherrann, sem þá var Bang, sem, að mig minnir, sjálfur sagði mèr frá, hver málalok hefði orðið hjá stjórninni, vorið 1849, ritaði brèf til amtmannanna hið sama vor, og þó eg ekki sæi brèfið, nema í svip hjá umboðsmanninum í Skaptafellssýslu, veit eg að þar var farið fram á, að uppboð á konúngsjörðum til festugjalds og afgjalds skyldi vera af tekið, og að konúngsjarðir skyldi byggja sem að undanförnu, að svo miklu leyti eigi væri full ástæða til, að hækka afgjaldið sökum lágs leigumála að undanförnu, og að börn og eptirkomendur, eða niðjar eða nákomnir þeim, er fyr bjó á jörðinni, skyldi gánga fyrir að fá ábúðina, ef faðir þeirra, er frá fèll, eða sleppti ábúðinni, hafði setið jörðina heldur vel. Þegar eg gegndi sýslumannsembættinu í Skaptafellssýslu 2 árin þar næst á eptir, bar umboðsmaðurinn þar þetta undir mig, því 2 umboðsjarðir losnuðu og bauðst umboðsmanni festa; minnir mig að eg ráðlegði honum, að taka ekki við festunni, en þar önnur jörðin var með fremur lágum leigumála, stakk eg upp á við hann, að hækka heldur afgjaldið hæfilega; hvort það var gjört, man eg nú ekki, en festa var ekki tekin. Hèr í Gullbríngusýslu er eg nokkuð kunnugur, því eg hefi alið mestallan aldur minn hèr í Reykjavík, og veit eg eigi til, að hèr í sýslu væri nokkru sinni festa tekin til neinnar

af hinum mörgu konúngsjörðum, er hèr voru óseldar fram til 1830, frá því um 1817—18, og varð þá út úr því, og annari gjaldheimtu hèr í sýslu, mikið mál, eins og kunnugt er. Eg veit því ekki til, að festa sè tekin hèr í suðurumdæminu, hvorki í Skaptafellssýslu nè í Gullbríngusýslu, en hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga, sem nú hefir það umboð á hendi, getur skýrt betur frá því. Eptir því, sem skýrt er frá, virðist þess vegna eins og að Vestmannaeyjar sè sá eini staður í suðurumdæminu, hvar festa sè tekin til konúngsjarða, og þó sumum þyki munur á opinberu uppboði og því, að taka festu hins vegar, þá verður sá munur lítill, ef umboðsmaður lætur þann sitja í fyrirrúmi fyrir ábúðinni, sem mest býður, án tillits til annars, eins og skýrt er frá, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum gjöri.

Páll Sigurðsson: Það var mein, að nefndin gat ekki feingið þetta brèf; eg hefi aldrei feingið færi á, að sjá það, en hefi heyrt getið um það; en hinn háttvirti *forseti* hefir nú gjört vel í, að gefa svo nægar upplýsíngar. Það hefir nú verið sýnt, að festur eru af teknar af stjórninni og álitnar óhafandi, og því furðar mig, að Vestmannaeyjar einar skuli vera eptir; því þó formið á festutökunni sè þar breytt, er verknaðurinn hinn sami; en eg veit ekki betur, en þar sè festa tekin af hverju hreysi. Það hefir verið sagt, að þetta tæki fram fyrir hendurnar á mönnum og gripi inn í frjálsa samníngа þeirra, og það sè óhæfa, að sveitarstjórnin skuli hafa þátt í með, en hún þarf ekki að ráða öllu, en að eins að gefa ráð. Það hefir verið sagt, að þetta væri ófrelsi, og þíngmaður Reykjavíkur kallar það sè staklegt ófrelsi; það getur nú verið, ef það er skoðað frá hlið einstaks manns, en það er ekki rètt skoðað frá því almenna sjónarmiði; því er það ekki sveitarstjórnin, sem á að sjá um, að ónytjúngar, letimagar og slóðar flakki ei inn í sveitina, gipti sig þar, og verði að sveitarþýngslum? Eg sè ekki betur, en að það sè nauðsynleg lög og þarfleg, að utansveitarmenn ekki megi koma inn í sveitarfèlagið, nema með leyfi sveitarstjórnarinnar, eins og stóð í hinum fornu lögum vorum (Grágás), að þeir, sem vildi fara búferlum í annað hreppsfèlag, hlyti að biðja forstjóra þar byggðarleyfis, og takmarkaði þetta þó byggíngarrètt einstakra landsdrottna. Eptir þær upplýsíngar, sem hinn háttvirti *forseti* og hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga gáfu, vil eg taka það viðaukaatkvæði, sem nefndarmaður, að, ef oss sýnist, geymist rèttur til, að vísa málinu til stjórnarinnar, eða amtmannsins, ef eg sè, að hlutaðeigandi amtmaður gæti sèð um

það, að sömu reglu verði fylgt í Vestmannaeyjum, eins og annarstaðar í suðuramtinu.

H. Kr. Friðriksson: Þingmaður Rángvellínga áskildi sèr breytíngaratkvæði um, að skjóta málinu frá þínginu, en eg vissi ekki, hvort hann ætlaðist til, að það skyldi vera með nokkrum skildaga, en sè svo, vil eg taka mèr það breytíngaratkvæði, að því verði skotið til stjórnarinnar, því að eg vil gjöra það skildagalaust.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Af því skorað hefir verið á þíngmenn um að skýra frá, hvernig ástæði með festuuppboðin, skal eg geta þess, að enn þótt uppboðin sjálf sè af tekin með lagaboði, þá er þó festa tekin enn fyrir sumum jörðum norður frá, sem eru opinber eign, og fer þetta alls ekki eptir gæðum jarðanna, eða því, hvernig þær eru leigðar, heldur eptir kríngumstæðunum í hvert skipti. Þannig veit eg til, að fyrir mestu harðbalajörð var tekin nokkuð há festa, og þótti hún þó með full hörðum, ef ekki of hörðum leigumála. Líka ætla eg þeirri reglu hafi sumstaðar verið fylgt, að þegar einn hefir boðið festu í jörð, sem þá ekki hefir þótt líklegur búmaður, og annar beðið um hana, sem miklu hefir verið álitinn hæfari, en ekki boðið festu, þá hefir annaðhvort sá feingið jörðina, sem festuna bauð, eða hinn hefir verið neyddur til, að bjóða hið sama. Af þessu leiðir þá það, að á þessar opinberu eignir veljast menn heldur af lakari endanum, því þeim verður fyrst fyrir, að bjóða festuna, af því þeim verður optast ver til, en öðrum, um jarðnæði. En þótt svona sè nú ástatt sumstaðar, sem eg hefi skýrt frá, finnst mèr ekki ástæða til, að óska eptir nýju lagaboði í þá átt, með því það er upplýst og sannað, að það er ekki lögskipað, að taka festu, heldur sýnist mèr tiltækilegt, að ef þíngið kemst að þeirri niðurstöðu, að vísa málinu til hlutaðeigandi yfirvalds, þá væri gefin bendíng um, að nauðsynlegt sè, að gefa þeim umboðsmönnum, hvar festa er nú tekin, áminníng um, að hætta því framvegis, með því flestir munu viðurkenna, að festutakan sè meir til skaða, en ábata fyrir hið opinbera. Það hafa nú verið teknir fram ýmsir annmarkar á nefndarálitinu, eða niðurlagsatriðum þess, og ætla eg þar eingu við að bæta; eg hafði að sönnu ásett mèr, að taka mèr varaatkvæði við 2. atriðið, ef það yrði fellt, þess efnis, að tryggja efnilegum börnum ábúð á opinberum eignum, eptir foreldra sína; en af ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* sannfærðist eg um, að þetta er sem optast tekið til greina við jarðabyggíngar, svo eg fèll frá því aptur. Eg kann annars ekki vel við þetta nefndarálit yfir höfuð; það fer

fram á sèrstök lög, og sèrstök rèttindi fyrir Vestmannaeyjar, eins og þar sè sèrstakt land; eg held einmitt því hefði reitt betur af, ef það hefði verið nokkuð almennara, og stúngið upp á þessum rèttarbótum fyrir allt landið.

Þórður Jónassen: Það er ekki reynslan fyrir því, að jarðir, sem festa er gefin til, sè lakar setnar, en þær, sem eru leigðar án festugjalds. Þíngmaður Eyjafjarðarsýslu hefir gefið þíngmanni Gullbríngusýslu þá upplýsíngu, sem hann var að biðja um; en hann hefði ekki þurft hennar, því honum er sjálfum kunnugt, að konúngsjarðir í Gullbríngusýslu eru ekki leigðar með festu, en hvernig eru þær allflestar setnar? Þíngmaður Dalasýslu var að tala um, að klaustrajarðirnar fyrir norðan hefði verið boðnar upp, ekki að eins til festu, heldur líka til eptirgjalds; þetta var gjört því að eins, að afgjaldið væri geingið niður úr forngildunni, til þess að fá þessu afgjaldi komið á aptur; en jarðirnar voru ekki boðnar upp til þess, að hækka afgjaldið af þeim að öðru leyti. Hinn heiðraði fulltrúi frá Suður-Þíngeyjarsýslu vill láta umboðsmennina fá ofanígjöf fyrir festutökuna, en eg held að það verði þá líka að koma niður á fleirum, því einstakir menn taka líka festu, þegar hún býðst; en þegar festutakan er frjáls, og náttúrleg afleiðíng af samníngsfrelsi manna, þá skil eg ekki, hvernig þíngmaðurinn getur stúngið upp á því, að veita mönnum ákúrur fyrir það, þó þeir neyti rèttar síns, hvort heldur í þessum eða í öðrum efnum.

Páll Sigurðsson: Mèr er nú ei kunnnugt um konúngsjarðir, því þær eru ekki margar í Rángárvallasýslu, en eg þekki þær jarðir, sem einstakir menn hafa, og hafa til síðs, að láta þann hæstbjóðandi sitja í fyrirrúminu, annaðhvort upp á festugjald, eða uppskrúfaðan leigumála, eða hvorttveggja; þær eru æfinlega verst setnar, og þeir ábúendur verða optast til þýngsla í sveitarfèlaginu. Þar sem þíngmaðurinn úr Suður-Þíngeyjarsýslu sagði, að sömu lög ætti að vera á Vestmannaeyjum og annarstaðar á landi, þá eru þó mörg sèrstakleg lög fyrir Vestmannaeyjar; þar eru sèrstakleg tíundarlög, sèrstakleg lög um hagaskipti, spítalahlutinn og fleira, ef eg myndi það. Eg fyrir mitt leyti vil ekkert einstaklegt fyrir Vestmannaeyjar í þessu efni, en sama og með aðrar jarðir á öllu landinu. Eg held við það sama og áðan, að eg áskil nefndinni rètt til að skjóta málinu til amtsins, eða til stjórnarinnar, ef nefndin finnur þar til ástæðu, áður en málið kemur til atkvæða.

Konúngsfulltrúi: Eg skal bæta því við er eg sagði áðan, að

í vesturamtinu eru eingar festur teknar af opinberum jörðum, en hvort festur eru teknar af *prívat*-jörðum, það er mèr ekki kunnugt, enda eru eingar kvartanir yfir því komnar, eins og það líka er hinu opinbera óviðkomandi, að grennslast eptir slíku.

Magnús Andrèsson: Ef það er tilgángurinn, að auðga konúngssjóðinn með festugjaldinu, þá efast eg um, að það sè hagur fyrir eignina sjálfa; því eg hefi tekið eptir því, að ef einstaka menn (því konúngs- eða klaustrajarðir eru ekki í Árnessýslu) hafa haft festu og byggt þeim, sem hana bauð hæsta, þá hafa allir leiguliðar þeirra verið tiltakanlegir slóðar; eg gæti tilgreint einn mann, sem á margar jarðir og hefir umráð yfir fleirum, og geingur þannig fyrir honum, að festan spillir efalaust; því sá, sem borgar háa festu, gjörir jörð sinni optast lítið til góða, svo með því tapast meira, en vinnst; en þegar jörðin er bætt, má hækka leigumálann við búandaskipti. Eg vil nú ekki dæma um, hvort biðja eigi um lagaboð, eða vísa málinu til stjórnarinnar, þó það sè löglegt að vísa því til amtmanns, eða stjórnar, ef þaðan er bóta von. En mèr finnst eðlilegt, þó Vestmannaeyíngar beri sig upp um þetta. Sýslumaður þar er danskur maður, (að minnsta kosti hefir hann verið það í mörg ár), sem er öllu ókunnugur, svo það er undir hælinn lagt, hvort jarðabyggíngar þar eru haganlegar. Eg vil helzt ráða til, að vísa málinu til hlutaðeigandi yfirvalds, eða stjórnarherra, ef hin stefnan ekki þykir álitleg.

Stefán Eiríksson: Eg vil einúngis geta þess í sambandi við það, sem hinn háttvirti *forseti* skýrði frá um Vestur-Skaptafellssýslu, að í Austur-Skaptafellssýslu er eingin festa tekin, og hefir aldrei átt sèr stað í Autsursýslunni, en jafn framt vil eg geta þess, að þar er farið nú á seinni tímum að hækka landskuldir eptir verðlagsskrá; áður hafa landskuldir verið teknar þar eptir meðal verði allra meðal verða, en nú eptir meðal verði í smjöri, ull og tólk, og setjum nú, að landskuldir verði heimtaðar eptir uppruna verði á verðlagsskrá á ullu, smjöri og tólg; en það er annað, að hækka landskuld svona, en að hækka festu; það getur geingið í það óendanlega, og getur orðið skaðlegt mjög.

Guðmundur Brandsson: Eg gjörði mig ánægðan með þær upplýsíngar, sem þíngmaður Eyfirðínga gaf, á meðan þær stóðu einar sèr; en svo komu aðrar raddir, og þá þótti mèr nú fara að blandast málið; samt getur vel verið að allir segi satt, en það sýnir þá, að það eru misjafnir sauðir í mörgu fè, þar sem um umboðsmennina er að tala; einnig mun þetta eiga sèr stað um fleiri, bæði embættis-

menn og aðra. Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að ekki væri festurnar hèrna í Gullbríngusýslu, og þó sè konúngsjarðirnar hèr ekki betur setnar; en þetta sannar ekkert, af því hèr eru eingar festujarðir til að bera hinar saman við, og eg gæti tilgreint nokkrar konúngsjarðir, sem eru svo vel setnar, að fáar eða eingar eru það betur hèr. Það hefir verið sagt, að það mætti hækka eptirgjaldið, þó festan væri burt numin. Það er að vísu satt, og einkum hafi jörðin batnað, en samt er nú þar með farið utan við tilskipunina frá 1805; og setjum nú svo, að afgjaldið hækkaði nokkuð, það yrði þó ekki eins tilfinnanlegt og festan, því ef jörðin tekur árlegum bótum, þá getur arður sá, sem þar af leiðir, gjört ábúandann skaðlausan, en festan síður, af því hún verður að borgast öll í einu á fyrsta ári, sem maðurinn fer að jörðinni; en ekki er sagt, hvað leingi hann lifir, til að vinna upp þetta gjald með tímaleingdinni. Ef maður t. a. m. borgar háa festu allt að 200 rd. og býr að eins stuttan tíma, svo sem eitt ár, þá er það auðsjáanlegt tap. En sá, sem hefir nokkuð háan leigumála, og býr leingi og bætir kann ske jörð sína, honum getur orðið það hagur. Það hefir verið mikið talað um rèttindi ekkna á jörðum þessum; eptir sem víðast mun tíðkanlegt vera, þá gánga þær inn í rèttindi bónda síns meðan þær lifa ógiptar; en giptist ekkjan, svo missir hún þau rèttindi, sem hún naut í skjóli síns fyrra hjónabands og kemur þetta fram í fleiru, en þessu einu; tökum til dæmis ekkjur, sem hafa eptirlaun; þau missast, ef þær giptast aptur. 2. gr. nefndarálitsins getur því ekki staðizt, og verð eg að vera henni mótfallinn. Með 3. atriðið hefir nefndinni geingið það til, að sýslumaður, sem settur er á Vestmannaeyjar, er þar opt útlendur maður, sem ekki þekkir til, kærir sig kann ske lítið um sveitarhag, því hann er, ef til vill, þotinn burt, þegar minnst varir, og hugsar því einúngis um háa festu á þessum kotum, meðan hann situr að völdum; en mèr finnst eingin niðrun í því, þó hann beri sig saman við sveitarstjórnina um þetta, og verð eg þess vegna að vera því atriði meðmæltur.

Indriði Gíslason: Mèr sýnist það eiga eins vel við, að 1. niðurlagsatriðið væri svo stýlað, að beðið sè um, að óreglan sè af tekin; því áskil eg mèr breytíngaratkvæði í þá átt, því hèr er ekki af beðin regla, heldur óregla, þar festur þessar eru eingin lög. Það hefir verið stagazt á því, að festan sè meðal til að fá duglegan ábúanda; en það er þvert í móti; það eg til veit, hafa það opt verið slóðar, eins og hèr er nú marg-búið að taka fram, en einasta væri

þeir nógu tannhvassir að bjóða hæst, svo feingi þeir jörðina, hvernig sem þeir voru að sèr gjörvir í öllu öðru.

Eg hlýt í þessu að undirtaka með hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að það eg til veit, hafa jarðir síðan eg kom vestur, hvergi byggðar verið með festu, hvorki við uppboð eða undir hendinni, sem menn kalla, og hvorki opinberar eða *prívat*-eignir. Svo eru, að minni meiníngu, festuboðin óholl í einu sem öðru, að hvergi á Vesturlandi, sem eg til þekki, eru leiguliðar eins kúgaðir, eins og þar sem festan hafði smeygt sèr inn, og enda þó litið sè þar til harðdrægustu jarðeigenda.

Það er búið að taka það hèr fram, að þessir spjátrúngar sumir, sem í jarðirnar bjóða, hleypa sèr í botnlausar skuldir sumir hverjir, og flæmast svo frá jörðinni, þegar þeir hafa lokið festugjaldið, og svona geingur þetta koll af kolli, jarðirnar níðast, og ekkert er skeytt um velferð landbúnaðarins.

Hvað 2. og 3. tölulið snertir, þá hefði það nú að visu mátt bíða sveitarsjórnarmálsins, en hins vegar getur það þó ekki heitið neitt ódæði, þó beðið sè um, að sonurinn fái fremur öðrum þá jörð, sem faðir hans hefir endurbætt. Það liggur og í augum uppi, að samkomulag eiganda og sveitarforstjóra getur orðið báðum betra.

Stefán Jónsson: Það lítur út, eins og sinn sè siður í sveit hverri, og svo er og um margt annað. Sumir segja að festa sè móti lögum, en eg man þó ekki betur, en gjört sè ráð fyrir henni í gömlum lögum; eg man nú ekki hvar, en mèr er þó næst geði að halda það sè í Jónsbókinni sagt, að hún geti átt sèr stað. Ráðgjafabrèfið af tekur ekki festugjald, þó það af taki festuuppboðin. Mönnum hefir þótt ekki ólíklegt, að mèr væri um festu að gjöra, þar eg hefi umboð á hendi; en það er nú um svo lítið að gjöra, að aðalspursmálið er, hvort maður gjöri ólöglegt eður ei. Hvað viðvíkur hlutarbótinni, sem eg muni fá, þá vita allir, að það er einn sjötti partur af afgjaldinu, sem umboðsmenn fá, og gjörir það mèr lítið til; hitt er annað, hvað er löglegt eður ekki. Eg viðurkenni, að festuuppboðin voru óhafandi, en dæmi þíngmannsins úr Dalasýslu sannar ekkert, þó sá maður, sem bauð 200 rd., færi frá jörðinni og yrði öreigi; því það sannar ekki, að það hafi staðið af því, að hann fór burtu. Eg vil mæla fram með, að málinu verði vísað til stjórnarherrans eða amtsins.

Framsögumaður: Eg hefi enn þá ekki getað sannfærzt af þeim ræðum, sem haldnar hafa verið á móti aftekníngu þessa festu-

gjalds; mèr virtist hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður vera nú ekki viss í, hvernig það væri; hann hèlt, að það væri að eins sumar jarðir, sem festa væri tekin af; en eg get sagt honum, að það eru ekki að eins sumar, heldur allar jarðir, meir að segja, konúngleg tómthús. Jarðarmaður og tómthúsmaður skiptu núna í vor á býlum; þeir borguðu festu báðir, þó þeir einúngis skiptu; skyldi nokkur sanngirni vera í þessu? Umboðsmaður vill feginn vera laus við, að þraungva að mönnum með þessum festum, en hann segist mega til að gjöra skyldu sína, og honum verður ekki láð það; það lítur svo út, sem lögin ekki sè birt þar, eða ætli þar gildi ekki hin almennu lög? Hvernig stendur á, að umboðsmaður veit ekki betur en þetta? Það hefir verir sýnt, að festa ætti sèr ekki stað í Skaptafellssýslu, ekki hèr í Gullbríngusýslu og ekki á Vesturlandinu; því mega Vestmannaeyíngar þá eigi njóta sama rèttar? Allir vilja þó sitja við þann eldinn, sem bezt brennur. Það eru ýmsir á móti þessu, af því það bindi frjálsa samníngа manna; það er ekki rètt að mínu áliti; svo hefir verið sagt, að festan væri einúngis endurgjald fyrir lífsábúðarrèttinn; en ef leiguliði ekki uppfyllir byggíngarskilmála, má vísa honum frá jörðunni, þó hann svo hefði borgað 1000 rd. í festu; því einginn byggir jörð sína svo, að það ekki sè gjört að skilyrði, að hún skuli vera vel setin. Ef að 1. atriði kemst í rètt horf, þá er ekki að mínu áliti miklu spillt, þó seinni maður konu ekki fái að halda jörðinni, sem hún bjó á, því honum veitir þó ætíð hægra, að fá jarðnæði, þegar festan stendur ekki í vegi, og sama máli er að gegna með 3. atriði; en skyldi þíngið vilja hánga á festunni, vil eg á skilja mèr breytíngaratkvæði, að ekki megi taka hærri festu en 5 til 10 rd.

Ásgeir Einarsson: Það má segja um 1. atriði nefndarinnar: „litlu má með ljúfum skipta"; þó atriði þetta sè ekki nema rúmlega 1 lína, hefir orðið fjölrætt um það, og er það von, því það hefir meira í sèr fólgið, en í fljótu áliti sýnist; það hefir verið sýnt, að festan gjörir það sem unnt er, til að steypa bústólpa og landstólpa, nefnilega að standa í vegi fyrir góðum ábúendum, og um leið jarðrækt. Eg man eptir, hvernig þetta mál var sótt hèr á þíngi 1847, og leit þá svo út, eins og því mundi góður gaumur gefinn, en eg held, að það ætli að fara fyrir því núna eins og honum Pètri forðum, að útgángan ætli að verða þreyngri en inngángan. Því var tekið vel, þegar það kom til nefndarkosníngar, en nú eru sumir að reyna að ónýta aðaltilgáng þess. Þíngmaðurinn úr Norður-Múla-

sýslu kom til dyranna, eins og hann er klæddur og honum er lagið, vel í þessu máli sem öðrum; hann kom fram með það viðaukaatkvæði, að ef festa yrði af tekin, skyldi afgjald jarðanna verða sennilega hækkað, og fellst eg á það; eg álít að öll jarðabyggíng eigi að miða til þess, að koma fram jarðabótum, en ef menn vilja tryggja fyrir því, að leiguliðinn yrði rekinn burt af jörðinni, og á hinn bóginn, að jörðin ekki hrakist, vil eg aptur bæta þessum viðauka við viðaukaatkvæði hans: *„og í stað lífsfestu hæfilegar jarðabætur gjörðar að skilyrði fyrir æfilángri ábúð“*. Eg skal nú ekki tala um 2. grein; en það eru fáein atriði önnur, sem eg vildi minnast á. Hvað Vestmannaeyjar snertir, þá er þar svo margt frábrugðið, að eg held það megi kalla það eins og forðum: „hið ókunna landið“. Nú hafa þeir loksins feingið talsmann hèr á þíngið; þeir hafa leingi ekki getað komizt að, vegna þessara kosníngarlaga-andviðris, sem þeir hafa átt móti að róa og hrakti þíngmannsefni þeirra undan, en fyrst þíngmaður þeirra er nú kominn, vona eg þíngið hjúkri málefnum þeirra eins og móðir að veiku barni, en ekki vanræki þá, eins og maður ekki vanrækir sár á litlu tá sèr, þó hún sýnist atkvæðaminnsti limurinn. Það hefir verið sagt, að ákvörðuð lög um mál þetta girti fyrir frjálsa samníngа; eru þá ekki eða hafa ekki verið til lög, sem ákveða skyldur og rèttindi milli landsdrottins og leiguliða? Eru það ekki svo mörg lög, sem takmarka samníngsfrelsi t. a. m. um okur? Eru þar lög, sem banna frjálsa samníngа. Það á að ákvarða með lögum, sem sýnist að geta orðið skaðlegt. Það kom eitt fram í ræðu hins 1. konúngkjörna þíngmanns eptir þíngmanninum úr Dalasýslu, að jarðir hafi verið boðnar upp til afgjaldshækkunar; það er reyndar ekki að grípa fram fyrir hendur manna í samníngum. Þegar menn semja, er gjört ráð fyrir, að báðir hlutaðeigendur sè menn með fullu viti, en það er alkunnugt, að á uppboðum bjóða tvennslags flokkar jafnaðarlega hæst, nefnilega drukknir menn og heimskir, en þegar þessir verða ábúendur fyrir sitt háa boð, þá sèst nú hagnaðurinn, sem af því muni leiða fyrir oss jarðeigendurna og jarðarræktina. Annað er um uppboð á eptirgjaldi; það kemur, þó það sè óþarft og skaðlegt, nokkuð jafnar á, og er nær því að heita samníngur; lög um að banna uppboðsfestugjaldið, grípa því ekki inn í samníngа um eptirgjald. Menn hafa hneykslazt á 3. atriðinu, en mèr finnst það þó ekki svo hneykslanlegt, að það sè ekki takandi í mál, það eru líka sumir, sem hafa stutt það, en eg vil ekki gjöra umboðsmanni það að skyldu nú þegar, að sveit-

arstjórnin, eins og hún er enn þá, ráði alveg með honum um byggíngu jarða í hreppnum. Það geta verið 2 skoðanir hjá sveitarstjórunum; þar sem sveitarþýngsli og fátækt er, hugsa menn um að verjast meiri þýngslum, og vilja því reyna að halda fátæklíngum og slóðum við jarðirnar; en á öðrum stað hugsa menn um að fá góða og megandi búendur og duglega menn í hreppinn. En hvernig sem fer, þá hafa margir talað um, að þörf væri á lögum um skyldur milli leiguliða og landsdrottna, og er gott, að það sèst nú af þíngtíðindunum, hverju slíkar bænarskrár muni eiga að fagna.

Forseti: Þar margir hafa beðið um, að umræðu þessari væri lokið, vil eg skora á þá, sem ætla að bera upp breytíngaratkvæði í málinu, að koma fram með þau.

Jón Pètursson: Eg vil áskilja mèr breytíngaratkvæði samkvæmt uppástúngu minni, þó eg reyndar þurfi þess ekki: *„að festa ekki sè hærri en 20 rd.“*, og við seinni hluta 2. atriðisins vil eg bæta: *„ef þeir eru efnilegir“*.

Páll Sigurðsson: Eg tók það fram áðan, að eg áskil mèr rètt til þess breytíngaratkvæðis, að málinu, ef svo lízt, verði skotið til stjórnarinnar eða amtsins.

Forseti: Þar eð enginn tekur framar til máls, þá álít eg undirbúníngsumræðu þessari lokið.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúníngsumræðu nefndarálit með frumvarpi um *bæjarstjórn á Akureyri*. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Reykjavíkur.

Nefndarálitið var því næst lesið upp svo hljóðandi:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, til að íhuga og kveða upp álit vort um bænarskrá frá Akureyrarbúum, undirskrifaða af 42 bæjarbúum, um það, að alþíngi sendi konúngi vorum allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að frumvarp það til reglugjörðar, sem með bænarskránni fylgdi, um stjórn bæjarmálefni á Akureyri, yrði að lögum gjört.

Vèr nefndarmenn höfum átt marga fundi með oss, og íhugað mál þetta vandlega, og leyfum oss að kveða upp það álit vort, er nú skal greina.

Í bænarskrá til konúngs, dags. 8. d. októberm. 1855, beiddust Akureyrarbúar þess, að konúngur allramildilegast vildi leyfa, að Akureyrarbæ mætti greina frá Hrafnagilshrepp, og hann verða þíngsókn sèr, sökum þess, að það væri fyrir laungu vöknuð laungun

hjá Akureyrarbúum til þessa, með því þeir hefði leingi fundið til þess, að samband það, er þeir stæði í við hreppinn, stæði bænum fyrir framförum; því að svo leingi, sem Akureyri væri einn hluti Hrafnagilshrepps, yrði eigi jafnað neinum útgjöldum niður, er einúngis snerti Akureyrarbæ, eða því kippt í lag, sem þar þyrfti umbótar við, því að einginn getur ætlazt til, að aðrir hreppsbúar taki beinan þátt í þeim gjöldum, sem einúngis miða bænum sjálfum til efllíngar og framfara, en hinir eingin not hafa af beinlínis. Enda verður eingum slíkum gjöldum jafnað á bæjarbúa, nema nýmæli sè um það gjört. Eptir því, sem bærinn hefir stækkað og orðið fjölmennari, hefir það leitt af sjálfu sèr, að bæjarbúar hafa farið að finna til ýmissa þarfa, sem ekkert fè hefir verið fyrir hendi til, því að þótt útsvar bæjarmanna hafi verið allmikið, hefir það verið fjárframlag þeirra til þurfamanna einna í hreppnum, og hafi því bæjarmenn viljað koma einhverju gagnlegu fyrirtæki fram, hafa þeir orðið að skjóta fè saman sjálfviljuglega, en þessi samskot hafa orðið að gánga misjafnt, þar sem það var komið að öllu undir vilja hvers eins, hvort hann vildi skjóta nokkru til, eða eingu, og hversu miklu, og þetta hefir sýnt mönnum fram á, að nauðsyn bæri til, að greina Akureyrarkaupstað frá Hrafnagilshrepp, og gjöra hann að lögsagnarumdæmi sèr, og jafnvel að fá þá löggjöf, er kvæði á um skyldur og rèttindi bæjarbúa, og skipaði fyrir um stjórn bæjarins. Hinni áðurgreindu beiðni Akureyrarbúa svaraði stjórnin í brèfi, dags. 28. d. aprílm. 1856, á þá leið, að hún eigi gæti sagt neitt víst um þetta mál, fyr en hún feingi reglulegt frumvarp til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna á Akureyri. Nú í vetur setti amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu nefnd manna af Akureyrarbúum til að semja frumvarpið, en þá var orðið um seinan, að senda það til stjórnarinnar, ef það skyldi lagt fyrir alþíngi 1859, enda hafði nefndin eigi lokið störfum sínum fyr en seint í vor. Þegar Akureyrarbúar sáu, hvílíkur dráttur hlaut að verða á aðgreiníngunni, og að sá dráttur varð að seinka öllum framförum bæjarins, sendu þeir alþíngi bænarskrá þá, sem upphaflega greinir.

Með því þessi greindi aðskilnaður á sambandi því, sem verið hefir millum Akureyrar og Hrafnagilshrepps, er einlæg og samhuga ósk Akureyrarbúa, og aðrir hreppsmenn hafa lagt samþykki sitt á, eins og sjá má af útskript þeirri úr þíngbók Eyjafjarðarsýslu 18. d. júním. þ. á., er með bænarskránni fylgdi, þá erum vèr nefndarmenn einhuga á því, að ekkert sè því til fyrirstöðu, að alþíngi allra-

þegnsamlegast biðji konúng vorn, að löggilda frumvarp þetta eins og það kemur frá þínginu, með því vèr álítum það eðlilegt, að Akureyri verði lögsagnarumdæmi sèr, þar eð bærinn er orðinn svo stór og fjölmennur, að oss virðist full ástæða til, að hann fái bæjarstjórn sèr, og verði kaupstaður, og vèr sjáum eingin vandkvæði á því, að hann geti orðið lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, þannig að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu verði þar bæjarfógeti. Reyndar hafa hreppsmenn sett ýmsa skildaga fyrir aðgreiníngunni, en þeir skildagar eru ei svo verulegir, að þeir að voru áliti eigi eða geti verið aðgreiníngunni til fyrirstöðu, með því líka vèr verðum að telja það víst, eins og hreppsmenn sjálfir hafa bent til, að nefnd sú, sem skipti sveitarsjóðnum og sveitarþýngslunum, mundi geta jafnað þann ágreiníng.

Vèr nefndarmenn höfum nákvæmlega íhugað frumvarp það, sem nefnd sú, er sett var á Akureyri, hafði búið til og lagað það í ýmsu, og þannig samið nýtt frumvarp, er oss þótti rèttara, en að bera upp þær breytíngar, er vèr vildum gjört hafa í því sem breytíngaratkvæði við það; höfum vèr eins og Akureyrarnefndin lagt til undirstöðu reglugjörð 27. d. nóvemberm. 1846, um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, en lagað það þó eptir því, sem hið sèrstaklega ásigkomulag á Akureyri útheimtir, eða oss þótti betur fara, og að nokkru leyti eptir þeirri reynslu, sem menn nú þegar hafa hèr í Reykjavík, og er gjörð grein fyrir þeim breytíngum í ástæðunum fyrir hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Af ástæðum þeim, sem vèr þegar höfum tilgreint, leyfum vèr oss að ráða hinu heiðraða þíngi til:

Að senda konúngi vorum frumvarp það til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna á Akureyri, sem fylgir þessu nefndaráliti, og beiðast þess, að hann allramildilegast vilji löggilda það sem fyrst.

Reykjavík 23. júlí 1859.

Stefán Jónsson, formaður. *Sveinn Skúlason.* *H. Kr. Friðriksson,* framsögumaður.

Vilhjálmur Finsen, *Gísli Brynjúlfsson,* skrifari.

Frumvarp
til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna á Akureyri.

1. grein.

Bærinn Akureyri ásamt Oddeyri, hvorttveggja með sínum nú-

verandi takmörkum, skal hèðan af vera skilinn við Hrafnagilshrepp, vera lögsagnarumdæmi sèr, og hafa bæjarstjórn út af fyrir sig og nefnast kaupstaður; skal þar settur bæjarfógeti, og sè hann fyrst um sinn sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu; skal bæjarfógetinn og fulltrúar bæjarins hafa á hendi alla stjórn þeirra bæjarmálefna, sem eigi eru undan skilin með öðrum ákvörðunum. Skal framvegis sambandi því slitið, sem verið hefir milli fátækramálefna í kaupstaðnum Akureyri og í Hrafnagilshrepp, og skal skilnaður þessi hefjast svo fljótt sem því verður við komið, eptir að þessi reglugjörð er birt á báðum stöðum.

Fè því, er Akureyrarbær og Hrafnagilshreppur eiga í sameiníngu, og hreppsþýngslum öllum skal svo skipt, að sami sè jöfnuður milli bæjarins og hreppsins, sem á milli 4 og 5. Þessi skipti skulu gjörð af sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, öllum bæjarfulltrúunum, og jafnmörgum mönnum úr Hrafnagilshrepp, sem kosnir skulu með atkvæðafjölda á kjörfundi fyrir sýslumanni, af öllum þeim búendum hreppsins, sem gjalda nokkuð til sveitar.

2. grein.

Fulltrúar kaupstaðarins Akureyrar skulu vera fimm; skulu þeir kosnir af bæjarbúum, þeim sem kosníngarrètt hafa samkvæmt þessari reglugjörð.

3. grein.

Kosníngarrètt hafa:

1. Allir embættismenn, sem hafa aðsetur í bænum, þeir sem annaðhvort hafa konúnglegt veitíngarbrèf, eða eru skipaðir af stiptsyfirvöldunum á Íslandi.
2. Allir þeir, sem viðtöku- eða borgarabrèf hafa á Akureyri, ef þeir eru búsettir í bænum, og hafa goldið 2 rd., eða þaðan af meira af atvinnu sinni í bæjargjöld næsta árið á undan.
3. Allir þeir, sem hús eða bæ eiga í lögsagnarumdæmi bæjarins, sem sè 400 rd. virði að löglegri virðíngu, ef þeir hafa þar aðsetur, hafa goldið næsta ár á undan 2 rd. auk húsaskatts, og eru 25 ára.
4. Þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann í Kaupmannahöfn eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, ef þeir eru búsettir í bænum, og eigi öðrum háðir, og hafa goldið 2 rd. í bæjargjald næsta ár á undan.
5. Verzlunarfulltrúar, sem í bænum eru, ef þeir hafa goldið næsta ár á undan 2 rd. í bæjargjald, og eru 25 ára að aldri.

4. grein.

Kjörgeingur er hver sá, sem kosníngarrètt hefir eptir 3. grein.

5. grein.

Einginn sá getur tekið þátt í kosníngu bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosníngu, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenníngsáliti, jafnvel þótt hann hafi ekki sætt þeirri hegníngu, er samkvæmt opnu brèfi, dags. 29. dag októberm. 1824, og tilskipun 24. janúar 1838, 4. gr. lit. *a*, sviptir menn borgararètti. Eigi heldur sá, er lagasókn á liggur um nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenníngsáliti, eða svipt getur borgararètti, fyr en hann með dómi, er eigi verður raskað, er dæmdur alsýkn sakar. Eigi hefir heldur sá kosníngarrètt nè er kjörgeingur, er settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sè nokkurt það mál honum á hendi, að hann eigi hafi full ráð fjár síns að lögum.

Sá, er þegar er kjörinn fulltrúi, skal eigi víkja úr fulltrúasæti, fyr en hann hefir haft fulltrúastörf á hendi hinn lögákveðna tíma, þótt hann missi þá hæfilegleika, sem kjörgeingi er bundið við eptir 3. og 4. gr. Nú er hafin lagasókn í gegn þegar kosnum fulltrúa um eitthvert það verk, er sviptir kosníngarrètti og kjörgeingi samkvæmt þessari grein, skal hann þegar víkja úr fulltrúasæti sínu uns dómur sá er felldur í málinu, er eigi verður raskað, og tekur hann þá aptur að gegna fulltrúastörfum, sè hann dæmdur alsýkn saka. Þó skal sá tími, er málsóknin stóð yfir, teljast með sýslutíma hans. Bæjarfógeti og fulltrúar skera úr því, hvenær bæjarfulltrúinn á af þvílíkum ástæðum að víkja úr sæti sínu. Þó á sá fulltrúi, er hlut á að máli, frjálst að bera málið undir amtmann til úrskurðar, sè hann eigi ánægður með úrskurð bæjarstjórnarinnar.

Faðir og sonur mega eigi eiga setu meðal fulltrúa undir eins, og eigi heldur faðir eða sonur bæjarfógeta.

6. grein.

Hver fulltrúi hefir starf sitt á hendi í 5 ár, og fer hann þá frá, en af þeim 5, sem kjörnir eru í fyrsta skipti, skal einn fara frá að ári liðnu og síðan einn á ári, og skal þar ráða samkomulag, eða hlutkesti, ef samkomulagi eigi verður á komið. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 5 ár eru liðin frá kosníngu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 5 ár, er frá fór. Fari einhver fulltrúi frá

hina 6 síðustu mánuði ársins, má fresta kosníngu, til þess á aðalkjörfundi. Kjósa má jafnan þann að nýju, er frá fer, en hafi hann gegnt fulltrúastörfum í 3 ár eða leingur, er hann eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlángan tíma, og og hann hafði áður verið fulltrúi. Svo má og hver sextugur maður, eða eldri, skorast undan fulltrúakosníngu.

7. grein.

Fulltrúakosníngar skulu jafnan fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf misreitis. Hið fyrsta sinn skal kjósa bæjarfulltrúa svo fljótt sem verður, eptir að reglugjörð þessi er birt á Akureyri, en þó skal telja sýslutíma þeirra frá næsta nýári á eptir.

8. grein.

Svo skal kosníngu undirbúa, að skrá sè samin um þá, sem kosníngarrètt hafa og kjörgeingir eru; þá skrá skal kjörstjórnin semja; en þessir eru kjörstjórar: í fyrsta sinn bæjarfógetinn á Akureyri og tveir menn af Akureyrarbúum, er hann til þess kveður; en upp frá því eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, oddviti fulltrúanna og einn fulltrúanna, er þeir sjálfir til þess kjósa. Þegar semja skal kjörskrá, skal bæði gjaldkeri bæjarins og aðrir bæjarfulltrúar vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist. Skráin skal liggja öllum bæjarbúum til sýnis um 14 daga. Þyki nokkrum, að einhver sè oftalinn eða vantalinn á kjörskránni, skal hann bera mótmæli sín skriflega upp fyrir bæjarfógeta, að minnsta kosti þremur dögum fyrir kjörfund; rannsakar þá kjörstjórnin málið og kveður upp úrskurð sinn á kjörfundi samkvæmt lögum, áður en kosníng fer fram. Mótbárum þeim gegn kjörskránni, er eigi koma fram í ákveðinn tíma, skal enginn gaumur gefinn.

9. grein.

Kjörstjóri skal boða stað og stund, er kosníngar skulu fram fara, að minnsta kosti 8 dögum á undan með auglýsíngarbrèfi; skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosníngarrèttar síns, koma sjálfir á kjörfund, og lýsa því yfir, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á seðli, hvern þeir vilji kjósa.

Þegar allir þeir, er kjósa skulu, hafa gefið atkvæði sín, og þau eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar upp öll atkvæðin, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman. Þann skal nefna

kjörinn fulltrúa, sem hlotið hefir flest atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

10. grein.

Þegar kjósa á fleiri en einn fulltrúa, skal hver þeirra kjörinn sèr í lagi á þann hátt, sem áður er fyrir mælt.

11. grein.

Ef sá, sem kjörinn er fulltrúi, ber upp afsökun nokkra, metur kjörstjórnin, hvort hún sè gild, og verði það atkvæði meiri hluta kjörstjórnarinnar, skal kjósa að nýju, og boðar þá kjörstjóri þegar til annars kjörfundar að 8 daga fresti. Nú telur kjörstjórnin afsökun hans ónóga, en hinn kosni vill þó eigi gángast undir kosníngu, skal kjörstjórinn bera málið undir amtmann, ef hinn krefst þess, og sker þá amtmaður úr.

Nú þykir einhverjum hlutaðeiganda vafi á, að kosníngin sè lögmæt, á hann rètt á, að bera slíkt upp fyrir kjörstjórninni, en hann skal hafa gjört það, áður 8 dagar sè liðnir, frá því kosníng fór fram, því að annars verður slíkri kvörtun einginn gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda málið, ásamt áliti sínu, amtmanni til úrskurðar og leggur amtmaður þá úrskurð á, áður hálfur mánuður sè liðinn. En hvort sem slík umkvörtun kemur fram eða eigi, skal amtmanni ávallt send skýrsla um kosníinguna.

12. grein.

Sá, sem kosinn er fulltrúi, sendir bæjarfógeta skriflegt heit, og skuldbindur hann sig í því, samkvæmt borgaraeiði sínum, en hafi hann eigi svarið borgaraeið, lofar hann með eiði, að gegna dyggilega öllum þeim skyldum, er staða hans leggur honum á herðar, bæði við konúng og fósturjörð sína, og einkum við félag það, er hefir kosið hann til að taka þátt í stjórn bæjarmálefna sinna.

13. grein.

Við byrjun hvers árs kjósa fulltrúar úr flokki sjálfra sín oddvita, og ræður þar atkvæðafjöldi. Á sama hátt kjósa þeir og varaoddvita, er geingur í stað oddvita, þegar hann eigi er viðlátinn. Fulltrúar skulu eiga með sèr fast-ákveðna fundi, eptir því, sem þeir koma sèr saman um, hversu tíðir skuli vera, en auk þess kveður oddviti til funda endrarnær, er honum þykir nauðsyn til bera, eða tveir fulltrúar heimta. Oddviti skal, að því leyti unnt er, auglýsa fulltrúunum fyrir fram, hver málefni skuli rædd á fundum þeirra, en að öðru leyti á hver fulltrúi rètt á, að bera upp á fundi hvert það málefni, er honum þykir nauðsyn til bera. Oddviti stýrir fund-

um, og sèr um, að allt sè rètt bókað, er þar fer fram. Þegar svo á stendur, að jöfn eru atkvæði, skulu þeir ráða, er oddviti fylgir að. Þrír skulu fulltrúar að minnsta kosti vera á fundi, ef nokkurt mál á að geta ráðizt til lykta. Jafnan skulu allir þeir fulltrúar, sem viðstaddir eru, rita nöfn sín undir fundabókina.

14. grein.

Bæjarfulltrúar skulu eiga þátt í stjórn allra þeirra málefna, sem snerta eignir og stofnanir, tekjur og gjöld bæjarins, og eigi eru með neinni annari lagaákvörðun undanskilin; má því bæjarfógeti ekkert kveða á um bæjarmál án þeirra samþykkis. Fulltrúar mega gjöra uppástúngur um bæjarmálefni, eins og líka bæjarfógeti eða æðra yfirvald, hvort heldur er um eignir og stofnanir bæjarins, eða tekjur hans og útgjöld. Nú verður meiri hluti fulltrúa eigi á sama máli og bæjarfógeti, skal hann eiga fund við þá, og ræða við þá um málið; verði þá meiri hluti fulltrúa enn eigi á sama máli og hann, má skjóta málinu undir úrskurð amtmanns. Það er sjálfsagt að telja það álit allra fulltrúa, er meiri hluti fellst á, þó er minni hlutanum heimilt, að skýra brèflega frá skoðun sinni, og láta fylgja með, ef málið geingur til æðra yfirvalds.

15. grein.

Í öllum þeim málum, er snerta þurfamenn, uppeldi og uppfræðíngu barna, hefir hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum fulltrúanna, að svo miklu leyti, því verður viðkomið.

16. grein.

Fulltrúarnir skulu kjósa 2 menn úr flokki sjálfra sín í byggíngarnefnd þá, er sett var með opnu brèfi 6. dag janúarm. 1857, í stað þeirra, er bæjarmenn skyldi áður kjósa.

17. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta kjósa bæjargjaldkera; skal sá, sem settur er gjaldkeri, skyldur að hafa starf sitt á hendi um 3 ár, nema hann geti borið fyrir gildar ástæður, er aptri honum frá því, er bæjarfógeti og fulltrúar meti, eða bæjarfógeta og fulltrúum þyki ástæða til, að fá öðrum sýslu hans í hendur. Nú verða bæjarfógeti og fulltrúar eigi á eitt sáttir um ákvarðanir þær, er snerta kosníngu gjaldkera, o. s. frv., skal málinu skotið til amtmanns úrskurðar.

18. grein.

Reikníngsárið er frá fardögum til fardaga.

19. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta fyrir lok hvers marzmánaðar semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þykir, að bærinn muni þurfa að greiða næsta fardagaár, hvort heldur til forlagseyris þurfamönnum bæjarins, eða til annara bæjarþarfa. Í áætluninni skal og skýrt frá fè því, sem til er, til að borga með gjöldin, án þess skattur sè lagður á bæjarbúa. Þegar allar slíkar tekjur eru taldar, skal jafna tveimur fimmtu hlutum af gjöldum þeim, sem þá eru eptir, til hinna eiginlegu bæjarþarfa, á hús og lóðir bæjarmanna þannig, að 5 sjöttúngum skal jafna á húsin eptir ferhyrníngsmáli grundvallarins, en einum sjöttúng á maturtagarða og aðrar útmældar lóðir, sömuleiðis eptir ferhyrníngsmáli; en þremur fimmtúngum þess fjár, sem þarf til hinna eiginlegu bæjargjalda, og því fè, sem þarf til forlagseyris þurfamönnum, skal jafna niður á alla bæjarbúa eptir efnum þeirra og ástæðum. Gjöldum þeim, sem greind eru í opnu brèfi 6. dag janúarm. 1857, 5. gr. *a*, skal framvegis jafna niður, eins og gjöldum til annara bæjarþarfa, er að framan er getið.

Beri ekkert það að höndum, að líklegt megi þykja, að útgjöldin, eða tekjur þær, sem til eru upp í þau, verði meiri eða minni, en árið næst á undan, skal hvorttveggja jafnhátt sett. Skal áætlunin gild án samþykkis æðra yfirvalds, en senda skal hana amtmanni, undir eins og hún er fullgjörð.

20. grein.

Þegar áætlunarskráin er fullgjörð, skal jafna niður gjöldunum á bæjarbúa samkvæmt 18. gr. Við niðurjöfnun þessa ber þó þess að gæta, að þeim, sem að lögum eru lausir við að greiða gjaldtegund nokkra, má eigi gjöra meira gjald, en þeim ber að greiða í önnur gjöld að tiltölu við aðra.

Allir fulltrúar ásamt gjaldkera bæjarins jafna niður bæjargjöldum á bæjarbúa. Niðurjöfnunin skal fullgjörð, að minnsta kosti fyrir lok maímánaðar. Því næst skal hún, ásamt áætlunarskránni, liggja öllum til sýnis um 3 víkur, að minnsta kosti 3 stundir á degi hverjum; skal það opinberlega birt, hvenær hún sè lögð fram, og um hvert leyti dags hún sè öllum til sýnis. Öllum gjöldum skulu greiðendur hafa lokið á Mikjálsmessu.

21. grein.

Þyki einhverjum bæjarbúa eitthvað aðfinníngarvert við niðurjöfnunina, á hann frjálst með, að bera sig upp um það við bæjarfógeta, og færa rök að, en það skal gjört, áður sá tími sè liðinn, sem niðurjöfn-

unin liggur til sýnis, því að annars verður slíkri umkvörtun eingium gaumur gefinn. Bæjarfógeti leggur þá úrskurð á ásamt fulltrúunum, hvort breyta skuli niðurjöfnuninni að nokkru fyrir umkvörtunina. Sè kærandi eigi ánægður með úrskurð bæjarstjórnarinnar, er honum frjálst, að láta bæjarstjórnina bera málið undir úrskurð amtmanns.

22. grein.

Ef útgjöld þau bera að hendi, sem eigi er ráð fyrir gjört í áætluninni, skal fara með þau að öllu, eins og fyrir er mælt um aðaláætlunarskrána í 18. gr., og jafna síðan því fè niður á bæjarbúa á sama hátt, og fyrir er mælt í 19. gr. um aðalniðurjöfnunina. En sè þesskonar gjöld eigi meiri en svo, að nemi 50 rd., má niðurjöfnun þeirri fresta, þar til aðalniðurjöfnunin fyrir næsta ár er gjörð.

23. grein.

Bæjarsjóðurinn skal geymdur af gjaldkera, og skal hann, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæði bæjarfógeta og fulltrúum nákvæma sjóðskýrslu, er sýni nákvæmlega bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað, og til hvers. Eigi skal bæjargjaldkeri neitt greiða úr bæjarsjóði, nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni.

24. grein.

Fulltrúar ásamt bæjarfógeta skulu hafa nákvæma umsjón með fjárhag bæjarins. Þeir gæta þess, að skattar og tekjur bæjarins sè heimtaðar á réttan hátt og í tækan tíma, og þær teknar lögtaki, ef þörf gjörist, svo og, að fènu sè varið til útgjalda bæjarins. Þyki reikníngar gjaldkera eigi nógu skýrir, eða tekjur reynist óheimtar, eða gjöld ógreidd, er greidd skyldi vera, skulu fulltrúar gjöra þær ráðstafanir, er nauðsyn ber til, til að hrinda því í lag, er áfátt þykir. Allar ávísanir skulu fulltrúar undirskrifa á fundi.

Fulltrúar og yfirvald skulu leggja alla stund á, að öll störf þau, sem unnin eru á kostnað bæjarsjóðs, sè vel af hendi leyst, og með sem minnstum kostnaði, og hafa vakandi auga á slíkum störfum; skulu fulltrúarnir skiptast á um að gæta þeirra, eptir því, sem þeim þykir hentast, og sjá um, að slík störf sè unnin sem haganlegast, og í öllu samkvæmt því, sem upphaflega var kveðið á.

25. grein.

Þótt bæjarfógeti og fulltrúar eigi rètt á eptir því, sem að framan er fyrir mælt, að gjöra ályktanir í almennum málefnum bæjarins, mega þeir þó eigi afráða neitt eða fullgjöra, það er af sèr leið-

ir byrði eða þýngsli fyrir bæjarbúa til lángframa, nema þeir leiti og fái til þess samþykki hlutaðeigandi amtmanns. Bæjarstjórnin má því eigi, nema með samþykki æðra yfirvalds, taka fè að láni, leingja tíma þann, sem borga skal á lánsfè, eigi bæta við nýjum launum eða eptirlaunum, eða hækka þau, ef meiru nemur, en 20 rd., eigi kaupa land eða hús undir bæinn, nè selja fasteignir, er bærinn kann að eignast, eigi ákveða nein byggíngastörf, er hafa í för með sèr álögur á bæjarbúa um meir en eitt ár, eða við sættir skuldbinda bæinn til neins til lángframa, eða slaka til í rètti hans.

26. grein.

Þegar við lok hvers reikníngsárs skal gjaldkeri semja reikníng yfir allar tekjur og útgjöld bæjarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógeta innan loka júnímánaðar; skal reikníngur sá liggja öllum bæjarbúum til sýnis um 3 vikur, 3 stundir dag hvern, og það birt eins og fyrir er mælt um niðurjöfnunina. Því næst sè reikníngurinn feinginn til íhugunar skoðunarmanni, en hann sè kosinn af bæjarmönnum þeim, sem samkvæmt 3. grein hafa kosníngarrètt, á sama hátt og fulltrúarnir, og skal hann hafa það starf á hendi um 5 ár, eins og þeir. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikníngnum innan mánaðar, frá því hann fèkk hann; síðan skal hann senda hann aptur með athugasemdum sínum. Þegar gjaldkeri hefir feingið athugasemdir skoðunarmanns og svarað þeim, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, eða tekið þær tilhlýðilega til greina, skal reikníngurinn, ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera upp á þær, sendur amtmanni til úrskurðar, og skal hann skera úr, ef ábyrgð nokkur þykir á liggja bæjargjaldkera, er hann þykist hafa feingið nægar skýrslur um málið, eða honum þykir eitthvað aðfinníngarvert. Ágrip af reikníngi gjaldkera skal prenta, svo fljótt sem verður, þar sem til sè greind sèr í lagi öll atriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

Ástæður
fyrir frumvarpi þessu.

Við 1. grein.

Lóð Akureyrarbæjar er svo lítil, að því nær ekkert rúm er þar orðið handa nýjum húsum, og auk þess aukast útgrynníngar árlega, og það svo mjög, að vel getur svo farið, að flytja þurfi verzlunarhúsin út á Oddeyri, og því hefir nefnd þeirri á Akureyri, sem hefir samið frumvarpið, þótt brýna nauðsyn til bera, að láta Oddeyri

vera innan ummerkja bæjarins, með því líka, að eigandi Oddeyrar, sá sem nú er, óskar þess, og verðum vèr nefndarmenn, eptir því, sem upplýst er, að álíta þetta vel til fallið. Það getur verið, að nauðsyn væri fyrir bæinn, að geta eignazt nokkurt land fyrir utan kaupstaðarlóðina, einkum til mótaks handa bæjarbúum, og beitarlands handa stórgripum bæjarbúa og hestum ferðafólks, er að kaupstaðnum sækir, en allt fyrir það þykir eigi næg ástæð til, nú sem stendur, að gjöra skiptínguna svo, að þetta land yrði innan ummerkja bæjarins, áður en bærinn gæti sèð nein ráð til að kaupa það. Auk ýmissa breytínga, sem leiðir af ólíkum ástæðum Akureyrar nú, og Reykjavíkur, er hún var greind frá Seltjarnarneshrepp, leiðir það af fyrirkomulagi því, sem stúngið er upp á, að Akureyri hlýtur að hafa bæjarfógeta sèr; en með því bærinn er enn svo lítill, virðist óþarft, að skipa þar sèrstakan bæjarfógeta, heldur væri rèttast, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu væri fyrst um sinn bæjarfógeti þar, með því að störfin, sem bæjarfógetinn feingi, ekki gæti álitizt að verða svo mikil, að sèrstakan embættismann þyrfti til þeirra, eins og líka tekjur þær, sem fógeti gæti haft af bænum einum, mundi verða næsta ónógar honum til uppeldis, en ekki við að búast, að stjórnin mundi vilja greiða honum sæmileg laun úr ríkissjóðnum.

Í frumvarpi Akureyrarbúa er gjört ráð fyrir, að ekki yrði sèrstök fátækranefnd í bænum, heldur að bæjarstjórnin hefði einnig til meðferðar öll fátækramáleíni, og má færa til fyrir því þá ástæðu, að bærinn er svo lítill, að æskilegt væri, að hafa sem fæstar nefndir og sveitarstjórnina sem óbrotnasta, og höfum vèr nefndarmenn ekki fundið ástæðu til að gjöra breytíngu á þessu. Þess skal og getið, að sóknarpresturinn hefir ekki bústað á Akureyri, eða svo nærri bænum, að hann gæti átt stöðugan þátt í fátækrastjórninni, þótt sèrstök nefnd hefði verið sett, til að hafa hana á hendi, og er þetta einnig ástæða fyrir því, að hafa ekki slíka sèrstaka nefnd; sbr. að öðru leyti frumvarpsins 15. gr.

Þegar gjöra skal grein fyrir undirstöðunni fyrir skiptíngunni á hreppssjóðnum og hreppsþýngslum öllum, á millum Akureyrar og Hrafnagilshrepps, þá þótti rèttast, að fara eptir hlutfalli því, er verið hefir að meðaltölu hin síðustu 12 árin á millum fjárframlags Akureyrarbúa og annara hreppsmanna, og hefir það verið sem 4 á móti 5, og hafa hreppsmenn einnig fallizt á, að skiptíngin væri gjörð eptir þessu hlutfalli.

Með því eigi er ætlazt til, að nein sèrstök fátækranefnd verði

sett á Akureyri, urðu fulltrúar bæjarins að taka þátt í skiptíngunni, og þá urðu sjálfsagt búendur í Hrafnagilshreppi, að hafa rètt til að senda jafnmarga menn til þeirra skipta, en kæmi ágreiníngur upp á millum hreppsbúa og bæjarfulltrúa, þótti rèttast, að sýslumaðurinn tæki þátt í skiptunum.

Við 2. grein.

Enda þótt að Akureyri eigi sè enn orðin eins fjölmenn, og Reykjavíkurbær var 1846, þóttu þó fulltrúar eigi mega færri vera en 5, en aptur á móti þótti eingin ástæða til, að tómthúsmenn hefði neinn sèrstakan fulltrúa, með því þeir eru á Akureyri næsta fáir.

Við 3. grein.

Það þótti næsta ófrjálslegt, að kosníngar til bæjarfulltrúa skyldi vera ófrjálsari, en kosníngar til alþíngis, enda væri það illa farið, ef t. a. m. embættismenn væri útilokaðir frá kosníngum, og margir hinna beztu manna, eins og þó yrði, ef fylgt væri ákvörðunum tilsk. 27. dag nóvemberm. 1846, og er því þessi grein að miklu leyti lögð eptir 1. gr. í tilsk. 6. d. janúarm. 1857, um kosníngar til alþíngis, nema að því, að stafliðnum *a* er þar sleppt, með því hann eigi gat við átt á Akureyri; en aptur er verzlunarfulltrúum, þótt eigi sè þeir borgarar eða hafi viðtökubrèf, gefinn kosníngarrèttur, vegna sèrstaklegs ásigkomulags á Akureyri; því að með því að verzlunarfulltrúar eigi þurfa að vera borgarar, samkvæmt því, sem lög eru hèr á landi, þegar að eins kaupmaðurinn, sem kann að vera utanlands, hefir borgarabrèf, sbr. opið brèf 1. júní 1792, m. fl., þá mundi, ef þessi ákvörðun eigi væri, missast margir þeir á Akureyri, er hæfastir væri, til að eiga þátt í bæjarstjórninni. Þá þótti og rèttast, að binda kosníngarrèttinn að eins við 2 rd. gjald, til þess að sem fæstir misstu þessa rèttar, sem hans væri maklegir. Embættismenn virtist þó rèttast að undanskilja öllu gjaldi, enda þótt sjaldan mundi það að bera, að þeir eigi gyldu 2 rd. til bæjarþarfa. Það þótti og rèttast, að veita húseigendum kosníngarrètt, eins og gjört er í reglug. 27. d. nóvemberm. 1846, en húsverðið þótti of hátt sett á Akureyri, er það skyldi vera 500 rd., og því var það lækkað.

Við 4. grein.

Þessi grein er að því leyti samkvæm 2. gr. í tilsk. 6. d. janúarm. 1857, að sönnu eru skildagarnir fyrir kjörgeinginni og kosníngarrèttinum, og þótti það og samkvæmast hugsunarhætti Íslendínga nú, og öllum landshögum, enda ógjörlegt að binda kjörgeingina til fulltrúa á Akureyri neinum stríðari böndum.

Við 5. grein.

Þessi grein er að mestu samhljóða 5. gr. í tilsk. 27. d. nóvemberm. 1846, nema hvað þar er dreginn saman við fyrri hluti 14. gr. nefndrar tilskipunar, um það, hve nær sá, sem kosinn er fulltrúi, skuli víkja úr fulltrúasæti, og nokkru ljósar kveðið á um það.

Sökum þess, að ekki er um mjög marga menn að velja í bæjarstjórnina í svo litlum bæ sem Akureyri, þótti það ísjárvert, að banna bræðrum 2, eða námágum setu í bæjarstjórninni undir eins, enda mundi lítil hætta búin af því, og því er einúngis föður og syni bannað að eiga þar setu í senn, og þá líka föður og syni bæjarfógetans, er gæti haft eigi alllítil áhrif á bæjarstjórnina.

Við 6. grein.

Þessi grein er samhljóða 7. gr. í tilsk. 27. dag nóvemberm. 1846; en með því eigi er ætlazt til, að bæjarfulltrúar á Akureyri sè fleiri en 5, þá er og sýslutíminn að eins 5 ár. Þá þótti og rèttast að setja í þessa grein ákvörðunina í 8. gr. í Reykjavíkurreglugjörðinni um það, eptir hvaða röð fulltrúar skyldi sleppa fulltrúastörfum. Svo er og tekin upp í þessa grein ákvörðunin í síðari hluta 14. greinar í Reykjavíkurreglugjörðinni, um misreitiskosníngar; því að þar þótti sú ákvörðun eiga bezt við.

Við 7. grein.

Þessi grein er samhljóða upphafi 9. greinar í Reykjavíkurreglugjörðinni, en ákveðið að eins, að kjósa skuli í fyrsta sinn, undir eins og tilskipun þessi er birt á Akureyri, þar sem í tilsk. 27. nóv. 1846, 8. gr. var svo fyrirskipað, að þær kosníngar skuli bíða næsta nýárs.

Við 8. grein.

Þessi grein er að öllu samhljóða, að efninu til, 9. gr. í tilsk. 27. nóv. 1846, nema hvað sleppt er ákvörðuninni um kosníngu tómthúsmannafulltrúa, með því eigi er ætlazt til, að þeir hafi neinn sèrstaklegan fulltrúa. Með því Akureyri ekkert þínghús hefir enn, þótti rèttast að láta það óákveðið, hvar kjörskráin skyldi liggja mönnum til sýnis, heldur fela það bæjarfógeta á hendur, hvort hann vildi láta hana liggja á skrifstofu sinni, eða fá til þess einhvern annan hentugan stað.

Við 9. grein.

Þessi grein er að öllu samhljóða 10. gr. í tilsk. 27. nóv. 1846, nema hvað sleppt er úr ákvörðuninni um, hvar kosníngarstaðurinn

skuli vera, þar sem ekkert þínghús er á Akureyri, og verður bæjarfógeti að útvega til þess stað, eptir því sem hann kemur sèr við.

Við 10. grein.

Þessi grein er óbreytt 11. gr. í Reykjavíkurreglugjörðinni.

Við 11. grein.

Efni og ákvarðanir þessarar greinar eru að mestu hinar sömu, sem í 12. gr. tilsk. 27. nóv. 1846; en það þótti rèttast, ef sá, sem kosinn er, afsakar sig á sjálfum kjörfundinum, og afsökunin er tekin gild af kjörstjórninni, að þá skuli halda nýjan kjörfund aptur; því að það virðist geta leitt óreglu af því, ef einhver bæri fram afsökun sína þegar á kjörfundinum, að þá væri þegar geingið til nýrra kosníngа; með því móti gæti svo farið, að sá yrði kosinn með fáum atkvæðum, er almenníngur bæjarbúa eigi vildi fela fulltrúastörf á hendur. Það þótti og nóg að tilkynna amtmanni kosníngunа, án þess hans samþykkis þyrfti við, til þess að kosníngin væri gild.

Við 12. grein.

Þessi grein er að öllu leyti samhljóða 13. gr. tilsk. 27. nóv. 1846.

Við 13. grein.

Þessi grein er tekin eptir 15. gr. í tilsk. 27. nóv. 1846, en að eins vikið lítið við, að orðamun til, eptir því, sem betur þótti fara. Það þótti þó rèttast að bæta nokkrum ákvörðunum við, svo að oddviti gæti sem minnstu gjörræði við komið, og er því bætt við þeirri ákvörðun, að fulltrúar skuli ákveða, þegar við byrjun ársins, hversu tíðir fundir skuli vera, því að annars er það að öllu leyti undir oddvita komið, hvenær fundir eru haldnir; en vel getur svo farið, að hann vanræki skyldu sína í því efni. Það þótti og nauðsynlegt, að tveir fulltrúar mætti heimta, að oddviti kallaði til fundar, er þeim þætti eitthvert það mál liggja fyrir, er fljótt þyrfti úr að ráða. Til þess að fulltrúunum gæfist sem bezt færi á, að íhuga málin, er og þeirri ákvörðun bætt við, að oddviti skuli skýra fulltrúunum á undan hverjum fundi frá því, hver mál ræða eigi á næsta fundi, að svo miklu leyti því yrði við komið.

Við 14. grein.

Þessi grein er búin til úr 16. og 17. gr. tilsk. 27. d. nóvemberm. 1846, og að efninu til samhljóða þeim; en rèttast þótti, að efni þessara tveggja greina væri sett í eina, eða að ákvarðanirnar um það, hver skyldi úrslit mála, væri í einni grein. En í enda greinarinnar er bætt við ákvörðun um það, að minni hluta fulltrúa skyldi

heimilt, að skýra frá sinni skoðun, ef málinu væri skotið undir úrskurð æðra yfirvalds.

Við 15. grein.

Úr því bæjarstjórnin á að hafa á hendi stjórn fátækramálefna, eins og annara bæjarmálefna, þótti nauðsyn á, að gefa prestinum rètt til setu og atkvæðis á fundum fulltrúanna, er slík mál væri rædd. En hitt er auðvitað, að hann getur sleppt atkvæðisrètti sínum í þess konar málum, þegar hann vill, eins og fulltrúarnir verða að hafa fullan rètt til, að skera úr slíkum málum án hans atkvæðis, ef nauðsyn ber til.

Við 16. grein.

Þessi grein er lögð eptir 18. gr. tilsk. 27. d. nóv. 1846, því að ef sèrstök bæjarstjórn kemst á á Akureyri, virðist það rèttast, að fulltrúarnir kjósi menn í byggíngarnefndina fyrir hönd bæjarmanna, eins og er í Reykjavík.

Við 17. grein.

Þessi grein er að öllu samhljóða 23. gr. í tilsk. 27. d. nóv. 1846, en þótti rèttar sett hèr en síðar.

Við 18. grein.

Þar sem í Reykjavíkurreglugjörðinni svo er kveðið á, að reikníngsárið sè frá nýári til nýárs, þá hefir það sýnt sig, að sú ákvörðun er óhagkvæm; því að vetrartíminn er meginhluta greiðendanna óhagkvæmastur til allra útgjalda, en sumartíminn og hausttíminn hinn hagkvæmasti, því að á þeim tíma verzla menn varníngi sínum, og hafa því þá helzt peníngaráð; en af því, að landsbúum veitir flestum örðugt, að greiða nokkur gjöld fyrri hluta ársins, mundi leiða eins á Akureyri, eins og hèr hefir átt sèr stað í Reykjavík, að ekkert fè yrði fyrir hendi til nauðsynja-útgjalda bæjarins fyrri hluta ársins, nè heldur til neinna þeirra verka, er gjöra skyldi á vorum, og yrði þá bærinn að taka fè að láni, sem opt og einatt gæti örðugt veitt. Auk þess eru útgjöldin til fátækra hèr á landi alstaðar reiknuð frá fardögum til fardaga, og virðist því rèttast, að reikníngsárið yrði hið sama í bæjunum, sem hreppsárið og fardagaárið í sveitunum.

Við 19. grein.

Í þessari grein er svo fyrir mælt, að áætlunin skuli gjörð fullum 2 mánuðum fyrir byrjun næsta reikníngsskaparárs, og er það sökum þess, að það er næsta óeðlilegt, að niðurjöfnun bæjargjaldanna skuli fyrst gjörð, eptir að reikníngsskaparárið er byrjað, og ó-

ákveðið, hvenær hún skuli gjörð, því að af því leiðir, að engin gjöld verða greidd í bæjarsjóð, fyr en, ef til vill, helmingur er liðinn reikningsskaparársins, en slíkt yrði til mikils baga öllum framkvæmdum bæjarstjórnarinnar. Rèttast virðist, að niðurjöfnunin sè fullgjörð, að minnsta kosti, rètt áður en hið nýja reikningsskaparár byrjar, en þá verður áætlunin og að vera gjörð svo miklu fyr, svo að nægur tími sè til fyrir hlutaðeigendur að íhuga hana.

Í þessari grein er svo fyrir mælt, að $^2/_5$ af hinum eiginlegu bæjargjöldum skuli jafnað á hússtæðin og útmældar lóðir, og verður sökum þess gjaldið nokkru hærra, en er hèr í Reykjavík, þar sem það er að eins þriðjúngur.

Það þótti svo sem sjálfsagt, að fulltrúarnir skyldi jafna niður gjöldum þeim, sem greind eru í opnu brèfi 6. d. janúarm. 1857, 3. gr. A., ásamt öðrum gjöldum bæjarins, og því yrði ákvörðunin í áminnztu opnu brèfi að missa lagagildi sitt.

Þar sem í enda greinar þessarar er svo kveðið á, að áætlunin skuli gild, án samþykkis æðra yfirvalds, þá er sú ákvörðun samkvæm tilsk. 4. marz 1857, 16. gr., *„Om Bestyrelsen af Kjöbenhavns communale Anliggender“;* enda virðist það bæði óþarft og ófrjálslegt, að bæjarbúar þurfi samþykki yfirvaldsins, til að leggja fram það fè, sem þeir vilja sjálfir leggja til, og sem eigi hefir neinn byrðarauka í för með sèr fyrir aðra, en þá, sem eru það árið búsettir í bænum. En hitt er auðvitað, að amtmanni er frjálst, að benda bæjarstjórninni á, þyki honum eitthvert fyrirtæki miður haganlega eða forsjállega stofnað.

Við 20. grein.

Ástæðurnar fyrir því, að niðurjöfnunin skuli gjörð, að minnsta kosti fyrir lok maímánaðar, eru þegar teknar fram. En af ákvörðuninni, að reikningsskaparárið skuli vera frá fardögum til fardaga, leiðir það beint, að mönnum verður að gefast gjaldfrestur fram eptir sumrinu, og þótti þá hæfilegur frestur til Mikjálsmessu, einkum eptir því, sem þeir af nefndarmönnum, sem kunnugir eru á Akureyri, hafa frá skýrt.

Við 21. grein.

Þessi grein er samhljóða 21. gr. í tilsk. 27. nóv. 1846.

Við 22. grein.

Þessi grein er samkvæm síðari hluta 19. gr. í Reykjavíkurreglugjörðinni, með þeim breytíngum, sem beinlínis leiðir af ákvörðuninni

í 19. gr., þeirri, að eigi þurfi samþykkis æðra yfirvalds, til þess að áætlunin sè gild.

Við 23. grein.

Í þessari grein eru greindar skyldur bæjargjaldkera, og þótti miður rètt að taka þar upp aðrar ákvarðanir, sem taldar eru í 22. gr. reglugjörðar 27. dag nóvemberm. 1846. Sumar ákvarðanir þeirrar greinar þóttu og óþarfar með öllu, t. a. m. að bæjarsjóðurinn skyldi geymdur í þrílæstri kistu, því að bæjarstjórnin mundi velja þann einn til bæjargjaldkera, er alkunnur væri að ráðvendni og reglusemi, auk þess mundi hann sjaldan hafa svo mikið fè undir höndum í einu af bæjarsjóð, að nein hætta væri búin, því að það fè, sem greitt yrði í sjóðinn, yrði hann að borga því nær jafnóðum út aptur, og þótti því nóg, að hann gæfi nákvæma sjóðskýrslu einu sinni á hverjum 3 mánuðum. Eins þótti óþarft að taka nokkuð fram um kvittunarbækur. Af ákvörðun þeirri í 24. grein, að fulltrúar skyldi undirskrifa allar ávísanir á fundi, leiðir það, að eigi verður ákveðið, hversu margir fulltrúar skyldi undirskrifa, því að fundur er lögmætur, ef 3 fulltrúar eru á fundi, og má þá hugsa sèr, að einn þeirra vilji eigi undirskrifa einhverja ávísun, en hún verður að vera gild, ef meiri hluti þeirra, sem á fundinum eru, undirskrifa, eins og hver önnur ályktun fulltrúanna.

Við 24. grein.

Í þessa grein eru teknar ákvarðanir úr 22. gr. tilsk. 27. d. nóv. 1846, um umsjón þá með fjárhag bæjarins, og verkum þeim, sem unnin eru á kostnað hans, sem við þótti eiga. En það þótti rèttara, að fulltrúar undirskrifuðu allar ávísanir einúngis á fundi, en að fela einum eða fleirum úr sínum flokki að undirskrifa þær.

Við 25. grein.

Þessi grein er að því leyti samhljóða 24. gr. í tilsk. 27. d. nóvemberm. 1846, að bæjarstjórnin eigi má upp á sitt eindæmi gjöra neinar þær ályktanir fyrir hönd bæjarmanna, sem af sèr leiða byrðarauka fyrir bæjarmenn um leingri tíma, og þarf hún til alls slíks samþykki æðra yfirvalds, og er þá auðvitað, að vilji amtmaður eigi fallast á þess konar uppástúngur bæjarstjórnarinnar, á hún frjálst með að skjóta málinu til úrskurðar stjórnarinnar.

Við 26. grein.

Þessi grein er tekin eptir 25. gr. í tilsk. 27. nóv. 1846, með þeim breytíngum, sem leiðir af því, að reikníngsskaparárið hefst í fardögum. Svo þótti og rèttast, að kveða nákvæmar á um það,

hversu leingi skoðunarmaður reiknings bæjargjaldkera mætti halda honum, og virðist mánuður nægur tími til þeirrar skoðunar, og hálfur mánuður fyrir gjaldkera, til að svara athugasemdum skoðunarmannsins. Síðari hluta 25. gr. í tilsk. 27. nóv. 1846 er sleppt, með því á Akureyri eingin sérstakleg stjórn er um sum bæjarmálefni, er nokkurt fé hafi undir höndum, og síðasti liður greinarinnar virðist óþarfur í lögum.

Að síðustu skal þess getið, að þar sem í þessu frumvarpi er á ýmsum stöðum gjört ráð fyrir, að bæjarmálefni verði borin undir amtmann eða stjórnarráð, þá álítur nefndin sjálfsagt, að á þessu verði breytíng gjörð, þegar æðri sveitarstjórnarlög komast á hér á landi, þannig, að úrskurður þeirra mála verði undir þau lögð.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Þar eð frumvarpið er prentað, og þíngmenn munu allir hafa það, álít eg óþarft að lesa það upp; sömuleiðis þykir mér ekki þörf á að lesa upp ástæður nefndarinnar fyrir hinum einstöku greinum, því að þær hafa legið á lestrarsalnum; þó skal eg gjöra það, ef þíngmenn óska þess. Eg hefi litlu við nefndarálitið að bæta, nè við ástæðurnar fyrir hinum einstöku greinum þess. Mál þetta kann að þykja fara nokkuð sérstakan veg, er það kemur fyrst frá þínginu, en er eigi lagt fyrir það af konúngi, en eg álít það þurfi þó ekki að verða því til fyrirstöðu, ef stjórnin vill fallast á uppástúngur alþíngis; og þó að nú stjórnin vildi leita álits amtmannsins í því, þá sýnist ekkert í móti því, að málið fari þenna veg og að það verði að lögum gjört, ef stjórnin og amtmaðurinn fallast á öll aðalatriði þess, en ef amtmaðurinn vildi gjöra verulega breytíngu í því eða stjórnin, þá yrði það aptur lagt fyrir alþíngi. En nú má gjöra ráð fyrir, að amtmaðurinn gjöri ei annað en smáathugasemdir við það, og þá hlýtur frumvarpið að flýta fyrir málinu. Eg ætla ekki að tala meira, fyr en mótmæli koma eða breytíngar. Nefndin hefir lagað álit sitt eptir þeirri tilskipun, sem kunnug er orðin hér á landi, og sem hefir verið farið eptir í 13 ár, og sem reynslan hefir sýnt hvernig gefst; en nefndin hefir breytt út af henni, þar sem reynsla hefir þegar sýnt, að öðruvísi mundi betur fara.

Guðmundur Brandsson: Þegar mál þetta var tekið fyrst til umræðu, spurði eg að, hvort aðskilnaðurinn, sem getið er um í 1. gr., væri með samþykki íbúa Hrafnagilshrepps, og var það sagt að svo væri. Þegar eg síðar fór að grennslast betur eptir því, og af skilríki því, er flutníngsmaður uppástúngu þessarar hafði meðferðis, sá eg, að

það var að vísu satt, en það samþykki var ekki skilyrðislaust; heldur með þeim skilmálum, að Hrafnagilshreppur feingi ½ fátækra hlut á móts við Akureyri af öllum afla, sem á þann hátt veiddist þar, því hreppurinn ætti land að sjó; annar skilmálinn var, að skipt yrði að vissri tiltölu ómögum og ómagahaldi milli Akureyrar og Hrafnagilshrepps. Meðan þessi hnútur er nú óleystur, er efi á, hvort samþykki stjórnarinnar fæst til þessa, fyr en Akureyrarbúar og innbyggjarar Hrafnagilshrepps eru búnir að koma sèr saman um þetta. Þar sem í 1. gr. frumvarpsins er jöfnuðurinn gjörður eins og milli 4 og 5, þá veit eg ekki, hvort hreppurinn eða bærinn á að hafa meiri hlutann, þó líklega hreppurinn, og ef svo er, þá er auðvitað, að atkvæði hreppsmanna í þessu máli ætti að vera fullt svo gild, sem Akureyrarbúa; það er heldur ekki gjört ráð fyrir, hvernig að skuli fara, ef ágreiningur verður um aðskilnaðinn. Mèr þykir það mikið, að frumvarpið ekki nefnir, að bera skuli undir amtmanninn það mál, sem meira er þó í varið, en marga smámuni, þá sem frumvarpið vill láta amtmanninn skipta sèr af, og skal eg síðan gjöra grein fyrir, hvar það er í frumvarpinu. Kosníngarrètturinn í 3. greinar 3. atriði þykir mèr æði þraungur, þar sem kjósendur verða að eiga 400 rd. hús, og þar að auk hafa goldið 2 rd. næsta ár áður til sveitar eða bæjarþarfa, og húsaskatt að auk; þeim eru sett miklu þreingri takmörk, heldur en við kosníngar til alþíngis, og þykir mèr það ósanngjarnt; eg vil stínga upp á, að þetta húsaverð sè sett niður í 300 eða jafnvel 200 rd., því til alþíngis hefir hver sá bóndi kosníngarrètt, sem geldur nokkuð til allra stètta; það er ekkert ákveðið, hvað mikið það skuli vera, og tómthúsmenn, sem gjalda 6 rd. til sveitar, hafa líka þenna rètt, og er hann hjá hvorugum bundinn við nokkra húsaeign. Í 11. 14. og 17. gr. er talað um að leggja málefnin undir úrskurð amtmannsins, um stjórn eigna, stofnana o. s. frv., og um afsakanir bæjargjaldkera og fulltrúa, og fleira þess háttar, en í 19. gr. þarf ei að leggja ákvætlun útgjaldanna undir úrskurð hans, og þó er í 26. grein gjört ráð fyrir, að senda honum reikníngana til úrskurðar; í þessu finnst mèr vera einhver mótsögn, þegar það á þó eptir 21. gr. að bera undir amtmann, ef einhver er óánægður með útsvar sitt. Það dæmi hefir gefizt hèr í Reykjavík, að amtmenn hafa lækkað útsvar einstöku manna, án þess að fara eptir ákvörðunum bæjarstjórnarinnar, og er það þó ólíklegt, að einn einstakur maður sè kunnugri því en hún; amtmaðurinn getur ekki í úrskurði sínum farið eptir öðru, en sögusögn mannsins,

sem ber sig upp við hann. Í 25. gr. er margt, sem á að bera undir amtmanninn, og þykir mèr sumt af því vera nokkuð þraungt fyrir bæjarstjórnina, t. d. að hún má ei hafa ráð yfir meiru fè, en sem nemur 20 rd., nema amtmaður leyfi; þetta þykir mèr koma í bága við 19. gr., þegar sumt á að leggja undir amtmann, en ekki allt. Mèr þykir það líka vera aðgæzluvert við enda 19. gr., að ekki megi vera hærra útgjald seinna árið en hið fyrra, ef ekkert sèrlegt ber að höndum. Þetta þykir mèr vera óþarfi að ákvarða; það mætti fela bæjarstjórninni slíkt, því það getur verið harðara í ári árið á undan, en betra seinna árið, þá mætti bæjarstjórnin herða á útsvarinu, og safna forða til harðari ára seinna meir; nú getur hún það ekki eptir frumvarpinu. Þetta hefir þó hver einasta hreppsstjórn leyfi til. Þar sem í 15. gr. er talað um að prestur hafi sæti og atkvæði á fundum fulltrúanna, *„að svo miklu leyti því verður við komið“*, þá finnst mèr mætti sleppa úr þeirri ákvörðun, *að því leyti*, o. s. frv. Í 7. gr. er sagt, að fulltrúakosníng skuli fara fram strax eptir nýár; mèr finnst fara betur á, að til taka það í fardögum, fyrst reikníngsárið er byrjað þá. Eg skal svo ekki hreifa fleiri athugasemdum um frumvarp þetta að sinni, heldur bíða þess, að *framsögumaður* skýri það betur fyrir mèr.

Framsögumaður: Þar sem hinum heiðraða þíngmanni frá Gullbríngusýslu þykir ísjárvert um skilnaðinn sökum hlutfallsins milli Hrafnagilshrepps og Akureyrar, þá vil eg geta þess, að Akureyrarnefndin hefir sett þetta hlutfall, og hreppsbúar hafa samþykkt það, og því er eingin ástæða til að reingja, að þetta hlutfall sè rètt. En þar sem um skildaga þá er að ræða, er hreppsbúar hafa sett fyrir skilnaðinum, þá hafa þeir sjálfir falið nefndinni að jafna það, svo mèr finnst að þíngmenn þurfi ekki að vera hörundssárari fyrir þá, en sjálfir þeir; en ef ágreiníngur yrði um aðskilnaðinn, þá er það sýslumaðurinn, sem á að skera úr og þarf varla að óttast, að hann verði hlutdrægur, þar sem hann er bæði bæjarfógeti á Akureyri og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, svo hann er þannig jafnskyldur báðum pörtum; það er líka ætlazt svo til, að jafnmargir verði af bæjarbúum og hreppsmönnum við skiptin, og það er að því leyti betur um búið hèr, en var hèr í Reykjavík, að í Reykjavík var sýslumaðurinn eigi neitt við riðinn skiptin á millum bæjarins og hreppsins. Honum þykir það hart, að þeir, sem kosníngarrètt hafa, gjaldi 2 rd. auk húsaskatts, en mèr finnst það verða að vera annaðhvort 2 rd. eða ekkert. Honum þykir húsverðið of hátt, og það kann nú vel að vera;

mèr er það ókunnugt; en það verður að vera komið undir ástæðunum á hverjum staðnum fyrir sig; eg veit ekki, hvað húsin kunna að vera mikils virði þar, en Akureyrarbúar höfðu sjálfir stúngið upp á 400. rd., og því fann nefndin ekki ástæðu til að breyta. Ef kosníngarrèttur og kjörgeingi væri hèr í Reykjavík bundin við það, að húsið væri 200 eða 300 rd. virði, þá yrði það allt of lítið, en mèr er ekki fullkunnugt um það, hvernig ástatt er í því efni á Akureyri. Honum þykkir 19. gr. ósamkvæm öðrum greinum frumvarpsins í því, að ekki skuli áætlunin vera lögð undir úrskurð amtmanns; þetta finnst mèr ekki vera nein ósamkvæmni, þó bæjarstjórnin megi vera ein um áætlunina fyrir eitt ár, eða að þeir sè einráðir í því, hvað þeir leggja á sjálfa sig, þar sem eigi verður talað um, að þeir leggi neinar þær álögur á, er neinir þeir taki þátt í, sem eigi eru það árið í bænum. Hann verður vel að gæta að því, að það er einúngis eins árs útgjöld, sem rætt er um í 19. gr., og þá væri það mjög ófrjálslegt, að binda svo hendur manna, að þeir ekki mætti leggja það, sem þeir vildi til efl-íngar bæjarins, þegar það er ekki nema á þá sjálfa, sem þetta útsvar leggst. Öðru máli er að gegna, ef ætti að ráðast í eitthvað það, sem stæði yfir fleiri ár; það yrði ekki ráðizt í það án samþykkis amtmanns. Annað er það líka, þó amtmaður eigi að skera úr, ef einhver hreppsbúi kvartar yfir því, að of mikið hafi á sig verið lagt; því að ef hann mætti eigi leita amtmanns úrskurðar, þá ætti bæjarstjórnin sjálf að skera úr í sínum eigin gjörðum. Það væri rètt eins og ef hreppsbóndanum þætti sèr of mikið aukaútsvar gjört til fátækra, þá ætti hreppstjórinn að geta sagt: „Eg hefi nú gjört þetta, og það skal vera svona“. Honum þykir of þraungt í 25. gr., að bæjarstjórnin má ei hækka laun o. fl. meir en um 20 rd., þá held eg að það væri í rauninni rèttast, að hún ekki hækkaði þau um neitt; því að það er þó í rauninni, að láta þá leggja á eptirmenn sína. Viðvíkjandi 15. gr., þá þótti nefndinni rètt að ákvarða það þannig, „að presturinn skyldi vera við“ — „að svo miklu leyti, sem því yrði við komið“; því að presturinn í Hrafnagilsbrauði er ekki búsettur á Akureyri, heldur nokkuð lángt frá, og þá getur opt verið, að ekki náist til hans í hverju einu málefni, sem fyrir kann að koma og sem, ef til vill, þarf bráðra úrræða við. Það lítur heldur ekki út fyrir, að hann muni fyrst um sinn flytja á Akureyri. Kapellán prestsins, sem þar er nú, er líka búsettur á Múnkaþverá, en ekki á Akureyri. Þar sem hann vildi breyta 7. gr., að kosníngar skyldi fara fram um fardaga, þá gjörir það ekki mikið

hvort er. Nefndin hafði það fyrir augum, að það væri gott, að sá nýi bæjarfulltrúi væri búinn að kynna sèr nokkuð aðferðina, þegar helzt kæmi til framkvæmdanna, sem er á vorum og sumrum, og þá væri gott að hann væri valinn um nýárið, því það kemur vanalega lítið fyrir um veturinn; annars gjörir það minnst til, hvort kosningin fer fram um nýár eða fardaga.

Ólafur Jónsson: Eg er þessu máli ekki svo kunnugur, að eg verði lángorður um það. Viðvíkjandi seinni hluta 1. gr. frumvarpsins, vil eg stínga upp á því, að orðinu „*svo*“ sè sleppt úr, eg eins orðunum: „*að sami sè jöfnuður milli bæjarins og hreppsins, sem á milli 4 og 5*“. Eg er ekki svo kunnugur, að eg geti sagt, hvort hlutfallið 4 : 5 sè jafnt skipt milli bæjarins og hreppsins, enda held eg þíngið geti ekki ákveðið hlutfallið við skiptin, heldur gjöri sýslumaður það ásamt þeim mönnum, sem nefndir eru í frumvarpsins 1. grein.

Þórður Jónassen: Að því leyti eg ber skyn á þetta mál, virðist mèr að nefndin hafi leyst ætlunarverk sitt mikið vel af hendi. Nefndin hefir, eins og hún tekur fram, lagt til undirstöðu reglugjörð fyrir stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, en hún hefir stytt hana og lagað í mörgum atriðum eptir þörfum og kröfum Akureyrar, og þessar breytíngar eru, eins og búast mátti við af þeim mönnum, sem í nefndinni voru, en þeir hafa sumir reynsluna fyrir sèr í þessu efni, á góðum rökum byggðar. Þannig felli eg mig yfir höfuð mikið vel við nefndarálitið í öllum þess atriðum, og eg er sannfærður um, að þíngið gjörir rèttara í, að aðhyllast það óbreytt; því nefndin hefir látið sèr annt um, að gjöra frumvarpið sem einfaldast og óbrotnast, og einmitt þetta á hèr á landi bezt við. Eg skal þó leyfa mèr að vekja athygli á 2 atriðum, sem eg felli mig síður við, fyrst að því, sem snertir kosníngarrèttinn eptir 3. gr., að mèr virðist kosníngarrètturinn sè bundinn innan allt of þraungra takmarka, því iðnaðarmenn eru t. a. m. útilokaðir frá kosníngu. Það hefði, að mínu áliti, verið óbrotnast, að veita þeim öllum kosníngarrètt, sem borga 2 rd. til sveitar, eða í bæjargjöld, með þeim nákvæmari skilyrðum, sem eg skal leyfa mèr seinna að taka fram. Yrði þessu framkvæmt, fèlli í burtu sú upptalníng, sem 3. grein inniheldur. Mín önnur athugasemd snertir niðurlagið á 19. grein, að því leyti þar segir, að hin árlega áætlun þurfi ekki staðfestíngar eða samþykkis hlutaðeigandi amtmanns, heldur skuli að eins senda honum hana þegar hún er fullbúin, svo amtmaðurinn getur eingin áhrif haft á áætlunina. Þetta held eg sè miður vel hugsað, þó það kunni að vera

mikið frjálslegt, og þessu sè þannig varið í Kaupmannahöfn. Í Reykjavík er áætlunin, áður en hún er fullbúin, borin undir stiptamtmann til hans álits og samþykkis, og eg held og veit enda til þess, að áætlunin hefir haft gott af því.

Eg verð því að halda því fram, að þessari ákvörðun verði haldið fyrir bæjarstjórnina á Akureyri. Hvað áhrærir skiptin á milli Akureyrar og Hrafnagilshrepps á þeirra sameiginlegu ómögum og fè, verð eg að álíta, að þessi skipti sè í rèttu hlutfalli, og ef nokkuð er, gángi heldur út yfir Akureyri, en ekki hreppinn. Þessar fáu athugasemdir hefi eg leyft mèr að gjöra við málið, einúngis af þeirri ástæðu, að eg óska, að það verði sem bezt úr garði gjört.

Framsögumaður: Eg vil einúngis svara hinum heiðraða þíngmanni Húnvetníinga því, að nefndin hafði reyndar ekki hreppsreikníngana fyrir sèr, en henni þótti eingin ástæða til, að reingja Akureyrarnefndina eður hreppsbúa um það; það stendur líka í útskriptinni af þíngbók Eyjafjarðarsýslu, 18. júní í vor um þetta mál: „ekki höfðu þeir (ɔ: hreppsbúarnir) heldur neitt á móti, að í því tilliti væri lagt til grundvallar fátækra útsvarið frá kaupstaðnum á aðra hlið, og hreppnum eða sveitinni á hina, í næstliðin 12 ár (sem er reiknað að vera $^4/_9$ frá kaupstaðnum, en $^5/_9$ frá sveitinni)“, og með þessu álít eg vera svarað ókunnugleika-mótbáru hans. Það hefir án efa glatt nefndina mikið, að hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður fèllst á frumvarp hennar, og var ánægður með frágánginn á því, og það því fremur sem hann er manna lögfróðastur og hefir sjálfur verið hèr í bæjarstjórninni Reykjavík. Um breytíngar þær, sem hann stakk upp á, einkum í 3. gr., að gjöra hana einfaldari, þá verð eg að segja það fyrir sjálfan mig, að eg get ekki fallizt á það. Hann hefir líka eflaust gleymt einni ákvörðun í breytíngaruppástúngu sinni, því að sá, sem kosníngarrètt hefði, væri sjálfs sín ráðandi; en þó því væri bætt inn í, þá lízt mèr ekki á, að hver einn lausamaður eða vinnumaður, sem er sjálfs sín að hálfu, skuli hafa kosníngarrètt, ef hann að eins geldur 2 rd. til sveitar. Hann gat þess líka, að iðnaðarmennina vantaði; en þegar þeir ekki þurfa meira fyrir að hafa, til að geta feingið kosníngarrètt, en kaupa borgarabrèf fyrir 1 rd., þá hygg eg það gjöri ekki mikið til, þó þeir sè ekki nefndir; það má líka misskilja orðið *„iðnaðarmaður“*, eins og nú á stendur hèr á landi, því iðnaðarmaður getur hver náttúruhagur maður kallazt, sem lifir á vinnu sinni, án þess að hafa tekið sveinsbrèf, eða lært neitt nema af sjálfum sèr, og álít eg það ekki

tjón, þó þá ákvörðun vanti. Honum þykir óþarfi að breyta af reglu þeirri, sem hèr er í Reykjavík, að leggja áætlunina undir úrskurð amtmanns, en okkur þótti það frjálslegra, að bæjarstjórnin skyldi vera sjálfráð um álögur þær, er hún leggur á sjálfa sig. Það er líka samkvæmt tilsk. 4. marz 1857, um stjórn bæjarmálefna í Kaupmannahöfn, að ekki þarf þar að leggja undir úrskurð yfirvaldsins áætlunina, og ef það er óþarfi þar, þá er það víst líka á Akureyri. Þá þótti nefndinni eðlilegra að láta amtmanninn vita af því, hvað bæjarstjórnin ætlar að ráðast í, svo hann geti bent henni, ef honum þykir einhverju illa hagað, og þá er það líklegt, að hún lagi það eptir bendíngum hans, ef nokkuð að því kveður.

Þórður Jónassen: Eg bar ekki upp. þegar eg talaði áðan, neitt breytíngaratkvæði við 3. gr. frumvarpsins, en tæpti að eins á því, að mèr virtist upptalníngin í 3. grein á þeim, sem ætti að hafa kosníngarrètt, væri bæði ófullkomin, að því leyti iðnaðarmönnum væri sleppt, og eins væri hún ekki alls kostar frjálsleg, en eg skal taka þetta skýrara fram, ef eg tek mèr breytíngaratkvæði við 3. greinina. Ekki þarf hinn heiðraði *framsögumaður* að óttast fyrir því, að lausamenn verði bæjarfulltrúar á Akureyri, nè heldur vinnumenn, því hinir síðarnefndu borga ekkert til sveitar, og lausamenn eru að öllum líkindum ekki nyrðra. Þeir eiga helzt heima hèrna syðra í sjávarsveitunum. Hinn heiðraði *framsögumaður* getur með eingu móti fellt sig við, að amtmaðurinn skuli eiga að samþykkja áætlunina, og heldur, að þó hún að eins verði send honum á eptir, þegar hún er fullbúin, muni amtmaður eigi að síður geta haft áhrif á hana, en eg er hræddur um, að fulltrúarnir kunni að segja: „það, sem eg skrifaði, hefi eg skrifað“, og allt standi við svo búið; þó þessa þurfi ekki í Kaupmannahöfn, þá er það allt annað mál, því þar hagar allt öðruvísi til, og þaðan verður því eingin sönnun leidd í þessu efni.

Framsögumaður: Þar sem hinn heiðraði þíngmaður sagði, að lausamenn sè ei fyrir norðan, þá getur það vel verið, en hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður veit það, að það getur eigi hjá því farið, að einhverjir lausamenn komi í hvern bæ, þegar hann fer að stækka; það hefir reynslan ætíð sýnt; það getur líka vel verið, að bæjarstjórnin segi við amtmanninn, ef hann finnur að áætlun hennar: „Hvað eg hefi skrifað, hefi eg skrifað“, því það er eins með það, eins og ef einhver vildi ráðast í einhvern kostnað á eigin býti, og einhver kæmi til hans og segði honum, að hann skyldi ekki gjöra það; það væri eðlilegt að hann svaraði: „Það eru mínir peníngar,

sem eg ver til þess, og ekki annara". Eg vil heldur ekki gjöra svo lítið úr bæjarstjórninni á Akureyri, þó bærinn sè lítill, að þar sè tómir ómerkíngar. Það er sjálfsagt, að það eru margir merkismenn í Kaupmannahöfn, en það eru víst líka margir merkismenn á Akureyri.

Guðmundur Brandsson: Hinum 1. konúngkjörna þíngmanni fór líkt og mèr, að honum fannst ósamkvæmni í því, að láta ei amtmanninn skera eins úr því stóra, eins og því smáa; því í málefnum þeim, sem talað er um í 1. og 19. grein, er ekki ætlazt til, að hann hafi nokkurt úrskurðarvald, ekki svo mikið, að hann þurfi þar til ráðaneytis. Eg tók ekki eptir, hvort hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður áskildi sèr breytíngaratkvæði við 3. gr., en ef hann ei gjörir það, þá vil eg áskilja mèr rètt til þess; um takmörkun á valdi amtmannsins vil eg minna tala, þó mèr þyki þar koma fram töluverð ósamkvæmni, má ske einhver vilji taka sèr þar um breytíngaratkvæði.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ekki byrja með því, sem stundum hefir heyrzt hèr á þíngi, þegar menn hafa byrjað að tala: „Eg skal nú ekki leingja þíngræðurnar"; en þó miðar sú athugasemd, er eg nú vil gjöra, einmitt til þess, að benda þíngmönnum á, að þetta málefni sè þess eðlis, að margir þurfi ekki að tala um það, og allrasízt hefja um það lángar tölur. Þess hefir verið getið hèr á þínginu, að menn sæi ekki ástæðuna til, hvers vegna fè og hreppsþýngslum skuli þannig skipta milli bæjarins og sveitarinnar, að bærinn fái þar af 4 hluti, en sveitin 5, þá vil eg benda til þess, að í ástæðunum er sagt, að þessi skipti sè gjörð eptir því hlutfalli, er að meðaltali hefir átt sèr stað um síðustu 12 ár. Einn heiðraður þíngmaður gat þess, að honum þætti kosníngarrètturinn ekki vera vel frjáls eptir frumvarpinu; en eg vil í því tilliti benda á, að margir vitrir menn hafa verið þeirrar meiníngar, að betur þyrfti að tryggja kosníngar til sveitarstjórna, heldur en til þjóðþínga; því í sveitarstjórnarmálum hefir hver kjósandi lángtum meiri áhrif á sveitastjórnamálin gegnum hinn kosna fulltrúa, heldur en hver kjósandi hefir gegnum fulltrúana á þjóðþíngunum.

Til málefnis þess, er hèr ræðir um, þekkja víst ekki margir af þíngmönnunum nákvæmlega. Frumvarpið er samið og samþykkt af þeim mönnum, sem nákvæmlega eru kunnugir bæði á Akureyri og í Hrafnagilshrepp; það er rætt hèr á þínginu af þeim mönnum, sem málinu eru kunnugastir, og bera bezta greind á bæjarstjórn, og því má ætla að frumvarpið sè þannig úr garði gjört, að óhætt sè að

senda stjórninni það með meðmælum þingsins; og þegar nú spurningin er einúngis um þetta, vona eg mönnum skiljist að þingræðurnar um það þurfi ekki lángar.

Sveinn Skúlason: Eg vil einúngis skýra betur frá, hvernig undirbúníngurinn var undir reikníngana í þessu máli. Nefndin tók útsvörin frá bænum og hreppnum frá árinu 1790, því sumir vildu taka svo lángan tíma, því þá hefði líka minna gjörzt bænum að greiða, því hann var svo lítill í fyrstu; en meiri hluta nefndarinnar þótti það ísjárvert, og vildi ekki láta taka til greina nema útsvörin fyrir hin seinustu ár, enda voru hreppstjórarnir, og útnefndir menn úr hreppnum, er nefndin fèkk á fund með sèr einnig á því, að taka ekki leingri tíma, en 12 ár, og var það einnig miðað við það, sem hèr var í Reykjavík, og sýnir þetta, að bæjarmenn, sem voru í nefndinni, vildu ekki sýna hreppnum neinn ójöfnuð í aðskilnaði reikníganna. Það sèst líka af þingbók Eyjafjarðarsýslu, að það er hóflega metið, að skiptin verði eins og 4 móti 5, og játa hreppsmenn það sjálfir, og skil eg ekki, að menn finni ástæðu til að fetta fíngur út í það. Um húsverð á Akureyri get eg sagt það, að þar er ekki eitt einasta timburhús, sem ekki er meira en 400 rd. virði. Mèr finnst ekki geta verið neitt verulegt á móti kosníngarrèttinum í 3. gr., því það er gott að binda hann svo, að ekki komist alls konar skríll að, að hafa umsjón með fjárgjöldum bæjarins. Eg get heldur einga ósamkvæmni fundið í 19. grein við aðrar greinir, því það er eðlilegt, að amtmaðurinn þurfi ei að leggja úrskurð á útgjöld til eins árs, þó hann þurfi þess, þegar talað er um útgjöld þau, er leingur þarf að lúka, og sem því að nokkru leyti verða að leggjast á eptirkomendurna.

Jón Pètursson: Mèr þykir frumvarpið í alla staði vel samið; það er lagað eptir reglugjörðinni um bæjarmálefni Reykjavíkur. Eg vildi einúngis spyrja um, hvort búið sè að mæla út Oddeyri með reglulegri skoðunargjörð. *(Sveinn Skúlason:* Jú). Hèr í Reykjavík hafa, fyrir utan borgarana og húseigendurna, líka tómthúsmenn þátt í stjórn bæjarmálefna, að því leyti þeir kjósa einn bæjarfulltrúann úr sínum flokki. Það er nú hart, að útiloka tómthúsmenn á Akureyri frá allri hlutdeild bæjarmálefna. Að vísu eru borgararnir og tómthúsmennirnir hèr, skoðaðir sem tveir flokkar bæjarbúa, þetta vil eg nú að eigi komist á á Akureyri, en eg vil láta tómthúsmenn þar og mega taka þátt í því, að kjósa bæjarfulltrúa, og eins að kjósa megi þá; eg vil því bæta við undir 6. tölulið, að kosníngarrètt eigi og

„allir aðrir húsfeður, er gjaldi 6 rd. í bæjargjöld“; eg tek til 6 rd., því mèr sýnist ekki neitt móti því, þó menn sè nokkuð strángari við þá en hina; menn geta þá verið hèr um bil vissir um, að eigi nema hinir heldri tómthúsmenn komist að. Mèr þykja orðin nokkuð óákvörðuð í 3. greinar 4. atriði: *allir þeir* o. s. frv., því lærdómsprófin eru mörg við háskólann; þó læt eg það vera, en þá vil eg ráða til að breyta því þannig: *„Allir þeir, sem útskrifazt hafa úr latínuskólanum í Reykjavík* o. s. frv.“, því það eru mörg próf við háskólann, sem ekki er meira í varið, en burtfararprófið við latínuskólann. Þetta var nú það helzta, sem eg vildi taka fram um kosníngarrèttinn. Í 16. gr. stendur að „fulltrúar skuli kjósa „—“ er bæjarmenn skyldi áður kjósa“; mèr þykir öllu frjálslegra að leyfa innbúunum sjálfum að kjósa menn í byggíngarnefndina sem verið hefir; það var ríflkun í frelsi Reykjavíkurbúa, er fulltrúar þeirra feingu að kjósa menn úr sínum flokki í byggíngarnefndina hèr, því áður útnefndi stiptamtmaðurinn mennina í hana að mig minnir. Þar sem í 24. gr. stendur: *„Fulltrúar og yfirvöld“* finnst mèr væri betra að hafa „Bæjarstjórn“, því það er víst heldur ekki meint annað en hún. Eg felli mig vel við 25. gr., að bæjarstjórnin er bundin við vissa upphæð í að hækka laun, lána o. s. frv., nema hún fái samþykki amtmanns, en greinin getur misskilizt, þar eð orðið „ædra yfirvald“ er brúkað; því menn gæti haldið, að það mætti fara enn leingra, en til amtmannsins, sem þó víst eigi er meiníngin, því það er hvergi gjört ráð fyrir öðru, en að amtmaður hafi seinustu úrslit málanna.

Pètur Pètursson: Nefndin hefir gleymt að taka eina ákvörðun fram, sem hèr er í Reykjavík, nefnilega að láta áætlunina liggja til sýnis fyrir bæjarbúum, svo þeir geti sèð, hvort hún er hærri, en ráð var fyrir gjört; en það er auðsjáanlega tilgángslaust, ef amtmaðurinn má eingu breyta, því það er tilgángurinn með það hèr, að hann geti breytt því, sem honum þykir þurfa. Eg er því á því, að fyrst að bera má niðurjöfnunina undir úrskurð amtmanns, eins og er í 21. gr., þá eigi líka áætlunin að heyra undir úrskurð hans, eins og 2 þíngmenn áður hafa viljað. Þó ætla eg ekki að taka mèr breytíngaratkvæði við það, því líklega gjörir annar þessara þíngmanna það; en ef þeir ei gjöra það, þá áskil eg mèr það breytíngaratkvæði, að „áætlunin skal sendast viðkomandi amtmanni, og úrskurðar hann, hvort henni skuli breyta“.

Framsögumaður: Þar sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður vildi taka fram um tómthúsmennina, þá álít eg það óþarft

þar sem eingir tómthúsmenn eru; hann segir, að þeir geti komið; það er reyndar satt, en það er vonandi, að það verði ekki fyrst um sinn, og þó þeir komi, þá ætti þeir að geta heyrt undir einhverja þá ákvörðun, sem gjörð er í 3. gr. Bæjarstjórninni hèr í Reykjavík hefir þótt mikil óprýði að torfbæjunum hèr, og er vonandi, að byggíngarnefndin á Akureyri dragi af því þann lærdóm, að mæla ekki út mikið af lóðum, til þess að tómthúsmenn geti byggt torfbæi á Akureyri. Að taka þá til, sem eru *„útskrifaðir úr skóla“*, finnst mèr líka óþarft, því flestir þeirra láta ekki þar við lenda, heldur gánga þeir annaðhvort á prestaskólann eða sigla. Viðvíkjandi 16. gr, um kosníng 2 manna í byggíngarnefndina, þá sè eg ekki, hvers vegna bæjarstjórnin eigi má hafa umönnun fyrir því, eins og öðrum bæjarmálefnum, og að þeir verði kosnir í byggínganefndina, sem bezt eru hæfir til þess. Í 24. gr. er sjálfsagt, að með orðunum: *„fulltrúar og yfirvöld“*, er líka meintur amtmaðurinn; því þó ekki þurfi að leggja áætlunina, sem að eins nær yfir eitt ár, undir úrskurð hans, þá er það eðlilegt, að hann hafi tillit með, að bæjarstjórnin leysi þau verk vel af hendi, sem unnin eru á kostnað bæjarsjóðs, og sem vara um mörg ár. Áætlunin hèr í Reykjavík er ekki lögð til sýnis, til þess að bæjarmenn breyti henni, því hún er samþykkt, áður en hún er fram lögð; það er sá tilgángur einúngis með það, að bæjarmenn geti sèð, hvort þeim í áætluninni er ekki ætlað hærra bæjargjald, en þarf til þeirra verka, sem á að gjöra á hverju ári.

Þórður Jónassen: Eg ætla að áskilja mèr við 7. gr. frumvarpsins það breytíngaratkvæði hèr um bil í þá stefnu, að allir þeir menn á Akureyri, sem eru orðnir 25 ára gamlir og sjálfs sín ráðandi, sem hafa verið þar heimilis-fastir seinasta árið, áður en kosníng fer fram, hafi kosníngarrètt, þegar þeir að minnsta kosti gjalda 2 rd. í bæjargjöld. Eg skal síðar orða það greinilegar, og eins áskil eg mèr að gjöra breytíngaratkvæði við 19. gr., viðvíkjandi niðurlagi hennar, að amtmenn samþykki fyrirfram áætlunina yfir ársgjöldin, en þar eð hinn 3. konúngkjörni þíngmaður hefir áskilið sèr þegar breytíngaratkvæði í sömu stefnu, sleppi eg því, ef til vill, eða við komum okkur saman um að orða það.

Jón Pètursson: Eg áskil mèr breytíngaratkvæði í þá átt, sem eg gat um áðan.

Guðmundur Brandsson: Ef hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður fellur frá breytíngaratkvæði sínu, eða ef það fellur á

þínginu, þá áskil eg mèr það varaatkvæði, að breytt verði „400 rd.“ í 3. greinar 3. atriði, og sett „300 rd.“

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúningsumræðu lokið, og þó tíminn sè áliðinn, þykir mèr samt ísjárvert, að 2 málum, af þeim sem eru á dagskránni, skuli þurfa að fresta, og vil eg því, í von um að þingræðurnar verði stuttar, láta enn þá 3. málið *um auglýsingu á reikningum opinberra sjóða og stofnana,* koma til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Framsögumaður er hinn heiðraði þingmaður úr Norður-Þingeyjarsýslu. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona eg, að allir þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í málinu, *um auglýsingu á reikningum opinberra sjóða og stofnana.*

1. Uppástúnga *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn:
   Að 1. uppástúnguatriðið verði þannig orðað:
   Að stjórnin endurnýi þá skipun til embættismanna, þeirra er hafa á hendi stjórn opinberra stofnana og sjóða, að auglýsa á prenti greinilega og nákvæma reikninga sjóðanna og stofnananna sem fyrst, eptir að ársreikningar eru samdir.
2. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar:*
   Að inn í 1. atriði nefndaruppástúngunnar — á eptir orðin: „og að gjöra síðan“, — verði bætt: *„í næsta árs reikningi, ef auðið er“.*
3. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði) með þessari breytíngu (tölul. 2), eða án hennar:
   Að stjórnin gjöri embættismönnum þeim, er hafa á hendi stjórn opinberra stofnana og sjóða það að lagaskyldu, að auglýsa á prenti greinilega og nákvæma reikninga sjóðanna og stofnananna sem fyrst, eptir að ársreikningar eru samdir, og að gjöra síðan grein fyrir breytíngum þeim, er gjörðar kunna að verða á þeim, við endurskoðun og endilegan úrskurð þeirra í stjórnardeildinni íslenzku í Kaupmannahöfn.
4. *Sama* (2. uppástúnguatriði):
   Að kostnaður sá, er þarf til auglýsínga þessara, gjaldist af eigum sjálfra sjóðanna og stofnananna.

Framsögumaður (Sveinn Skúlason): Eg ætla mèr ekki að tala margt um uppástúngurnar á atkvæðaskránni. Fyrsta uppástúnga þingmanns Ísfirðínga mismunar mest í því frá uppástúngu nefndarinnar, að orðið *„lagaskylda“* er numið burtu, en eg verð að halda

fast við það, að því sè haldið. Mèr sýnist líka, að orðið „*endurnýja*“ í 1. uppástúngunni eigi mjög illa við, því eg veit ekki til, að það hafi áður verið skipað, að birta skyldi reikninga allra opinberra sjóða, og fer þá ekki vel á því, að biðja um að endurnýja þá skipun, sem ekki hefir verið gjörð áður. Hvað viðvíkur breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga undir 2. tölulið, þá get eg ekki heldur fallizt á það, þar það er óvíst, hvort það getur skeð í næsta árs reikníngi, og vel getur komið fyrir, að það verði að bíða í mörg ár, og er því þessi breytíng ekki betri en uppástúnga nefndarinnar. Mèr þykir það líka of takmarkað, að gjöra skuli grein fyrir breytíngum í reikníngum hið næsta ár, og þykir mèr betri nefndaruppástúngan, „að gjöra síðan grein fyrir o. s. frv.“, það er að skilja, þegar búið er að endurskoða reikníngana.

Forseti: Eg vil leyfa mèr að skýra þínginu frá því, að hinn 6. konúngkjörni þíngmaður hefir tjáð mèr, að hann væri kallaður út á skip til sjúkra, og að hann því er geinginn af fundi.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eins og þíngmenn muna, var það meir af þeirri ástæðu að eg tók mèr þetta breytíngaratkvæði, að mèr líkaði ekki, hvernig uppástúnga nefndarinnar var orðuð, heldur en af því, að mèr líkaði hún ekki að efninu til; það er ímyndun, sem á eingu er byggð, að í orðinu „*lagaskylda*“ liggi meira afl, en í því, að stjórnin skipi; það er þýðíngarlaust, því þíngið vill ei biðja konúng um neitt lagaboð, heldur um skipun einúngis. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga undir 2. tölulið, þá finnst mèr það vera alveg þýðíngarlaust, ef uppástúnga nefndarinnar undir 3. tölulið stendur, því breytíngin við endurskoðunina verður að koma fram í reikníngnum, ef reikníngar eru nákvæmir og greinilegir. Viðvíkjandi orðinu að „*endurnýja*“ þá þarf það ekki að valda misskilníngi, þó reyndar kann ske eingin almenn skipun hafi komið um að auglýsa alla reikninga, úr því þó þessi skipun hefir komið frá stjórninni í einstökum tilfellum.

H. G. Thordersen: Eg ætla að eins að tala fá orð í þá átt, sem *framsögumaður* fór áðan, og geta þess, að eg þekki ei neina skipun til nín frá stjórninni um það, að auglýsa reikninga opinberra sjóða, nema *Minister*-brèf frá 6. júní 1855, um að anglýsa reikninga prentsmiðjunnar, og er það ekki nein bein skipun, og eins og þíngmenn, vita er eg ekki einn um þessa reikninga; þeir eru reyndar ekki enn þá prentaðir, eu eru þó sendir á hverju ári til Kaupmannahafnar og rannsakaðir þar mjög nákvæmlega. Það er líka tekið

fram í þessu *Minister*-brèfi, að reikníngarnir ekki skuli prentast fyrri, en „*Revision*“ og „*Decision*“ reikninganna er um garð geingin, eg finnst mèr það undarlegt, að fara fram á það, að þeir skuli prentast áður. Eg hefi ekkert á móti því, að reikníngarnir sè prentaðir, þegar „*revisíonin*“ og „*decisíonin*“ er komin í kríng, og þeir eru endurskoðaðir og álitnir rèttir. Orðið „*að endurnyja*“ þykir mèr ekki eiga vel við, því til mín hefir að minnsta kosti eingin skipun um auglýsíngu opinberra reikninga komið, nema þessi eina um prentsmiðjureikníngana, og er það eingin skörp skipun; en hvað sem um það er, þá er eingin önnur skipun til mín komin; en mèr sýnist menn ekki geti beðið um að endurnýja aðra skipun, en þessa, um auglýsínga prentsmiðjureikninganna.

Forseti: Eins og eg gat um við byrjun fundarins, er þíngmaður Borgfirðínga nú kominn á þíng og til sætis síns.

Jón Pètursson: Eg ætla að eins að spyrja *forseta* að því, hvort hann álíti, að uppástúnga þíngmanns Ísfirðínga undir 1. tölulið útiloki síðari hluta uppástúnga nefndarinnar undir 3. tölulið, er byrjar með orðunum „*og að gjöra grein fyrir breytíngum þeim*“ o. s. frv. til enda greinarinnar, því eg hafði ætlað mèr að gjöra breytíngaratkvæði við 3. grein svona, að eptir orðin „eptir að ársreikníngar eru samdir“ kæmi: „þó ekki sè fallinn endilegur úrskurður í þeim“, en eg sleppti því, af því mèr heyrðist á þíngmanni Ísfirðínga, að hann ætlaði að bera upp breytíngaratkvæði sitt í þá átt, að síðari hluti uppástúngunnar undir 3. tölulið fèlli burt; ef *forseti* álítur, að seinni hluti uppástúngu nefndarinnar, þrátt fyrir atkvæði þíngmanns, Ísfirðínga geti haldið sèr, getur það haft áhrif á það, hvernig eg greiði atkvæði.

Forseti: Ef þíngmenn ekki hafa á móti því, að uppástúnga nefndarinnar undir 3. tölulið komi til atkvæða í tvennu lagi, þá sýnist mèr það ekki geta raskað meiníngunni, þó síðari hluta 3. töluliðs sè bætt aptanvið 1. tölulið, ef han nskyldi verða samþykktur.

Pètur Pètursson: Það á ei skylt við uppástúngu þíngmanns Ísfirðínga; einúngis mætti gefa atkvæði um 3. tölulið í tvennu lagi.

Framsögumaður: Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður hefir tekið það ljóst fram, að orðið „*að endurnýja*“ eigi hèr eingan veginn við; því menn geta hvorki beðið um, að endurnýja almennar skipanir, sem ei hafa áður komið, og ekki heldur hina sèrstöku skipun um prentsmiðjuna, því hèr er beðið um annað, en skipað er þá í ráðgjafabrèfinu, því það skipar að auglýsa reikníngana, eptir að þeir eru endurskoðaðir og úrskurðaðir, en hèr er beðið um það, áður en þeim

er ráðið til lykta. Eg vil ekki halda fast við „laga“ á undan „skyldu“, og mætti, ef þingsköp leyfa það, bera greinina svo upp, að því verði sleppt, því eg vil ekki gjöra neitt kappsmál úr svo litlu, þó að eg ætli, að það megi vel standa.

Konúngsfulltrúi: Eg vil ráða þinginu til, að taka breytíngaratkvæði þíngmanns Ísfirðínga, því það er laglegast orðað, og biður þó um allt það, sem þíngið eiginlega vill. Eg skil ekki að orðið „endurnýja“ þurfi að vera til neinnar fyrirstöðu; því þó stjórnin hafi ekki gefið út neina almenna skipun, um auglysíngu reikníganna, hefir hún þó í einstaklegu tilfelli skýrlega lýst því, hver vilji hennar væri í þessu efni. Uppástúnguatriði nefndarinnar í tölulið 3. ræð eg til að fella, því það er hvorki laglega nè nákvæmlega orðað, og fer þar að auki fram á það, sem bæði getur aukið kostnað, og þar hjá er gagnslaust, nefnilega, að gjöra grein fyrir endurskoðun og því sem þar af leiðir.

Framsögumaður: Það er reyndar óheppilegt, ef uppástúnga nefndarinnar skyldi vera svo óheppilega orðuð og smásmugleg, eins og *konúngsfulltrúa* fannst hún vera, en eg get ekki séð, að hún sè smásmugleg, þó beðið sè um, að birta breytíngar þær, sem kunna að verða á reikníngunum, og eru það eingar vífileingjur, þó menn biðji um það, að hin síðustu úrslit reikníganna komi ljóst fram. Eg get ekki, heldur en áður, fallizt á orðið „að endurnýja“, því hèr er farið fram á annað form en áður.

H. Kr. Friðriksson: Eg ætla að fallast á uppástúnguna undir 1. tölulið; en ef þíngið skyldi fallast á uppástúngu nefndarinnar undir 3. tölulið, þá vil eg spyrja *forseta*, hvort ekki megi samt skipta greininni. Breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga ætla eg ekki að gefa atkvæði mitt.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla mèr ekki að verja viðaukaatkvæði mitt leingi. Uppástúngan undir tölulið 1. verður, þótt hún komist að vegna orðgallans „endurnýi“, eingu mýkri en uppástúnga nefndarinnar undir 3. tölulið, því nefndin ætlast til, að stjórnin gjöri embættismönnunum að skyldu, að auglýsa reikníngа opinberra sjóða. En eg fæ ekki séð neinn mun á því, að stjórnin *skipi* embættismanni, eður hún *gjöri* honum eitthvað *að skyldu;* því embættismenn eru þó skyldir að hlýða skipunum stjórnarinnar; að minnsta kosti finnst mèr orðið að „skipa“ eingu mýkra, svo að eingin þörf er á, að aðhyllast 1. uppástúnguna vegna mýkindanna. Menn hafa fundið það að síðari hluta uppástúngu nefndarinnar, að hún sè smásmugleg; en sann-

færður er eg um, að endurskoðunarskrifstofan álítur hann ekki smásmuglegan, heldur mun hún öllu fremur gleðjast af því, að hún getur séð af honum, að nefndin ber tilhlýðilega virðingu fyrir henni og vill taka athugasemdir hennar til greina; vona eg hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* kunni vel að meta þenna góða tilgáng nefndarinnar. Ef breytíngaratkvæði mitt nær fram að gánga, þá er embættismönnum gjört það lètt, að taka eigi athugasemdirnar svo nákvæmlega upp í reikníngínn, að allar aðfinníngar sjáist, því það kynni embættismönnum að þykja hart aðgaungu; virðist mèr því, að málið sè bæði að hálfu reikníngsstofunnar og að hálfu embættismannanna vel og nærgætnislega af hendi leyst, og hefir nefndin hèr eins og synt á milli skers og báru, og reynt að gjöra öllum hlutaðeigendum til geðs, og má því með sanni segja, að nefndin hafi litið allt í kríngum sig.

Pètur Pètursson: Eg ætla ei að gjöra uppástúngu nefndarinnar að neinu kappsmáli, og get eg þess að eins, að mèr þykir nefndaruppástúngan ekki óhæverskulega orðuð; hún biður um, að skipun gángi til embættismanna um að auglýsa reiknínga opinberra sjóða, og sýnist þetta vera betra, en að biðja um, að endurnýja þvílíka skipun, þar það gefur í skyn, að einhverri fyrri skipun ekki hafi verið hlýtt, og virðist mèr betra, að biðja um, að gjöra það að skyldu, sem ekki hefir verið skylda áður; en það er ósagt, að það hafi áður verið skylda embættismanna yfir höfuð, að láta prenta alla reiknínga, og eiga menn því ekki að biðja um að þeir fái neina ofanígjöf. Mèr virðist því uppástúnga nefndarinnar vera mildari en uppástúnga þíngmanns Ísfirðínga.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi hvorki talað um hörku, eins og einn heiðraður þíngmaður nefndi, eður í minnsta máta sett mig í móti málefninu sjálfu; en eg hefi mælt með breytíngaratkvæðinu nr. 1, og móti nefndaruppástúngunni nr. 3, af því eg óskaði, að það, sem frá þínginu kæmi, ætíð væri sem laglegast og skipulegast orðað.

Vilhjálmur Finsen: Það er þó aðgætandi, að ef nefndin vill sýna íslenzku stjórnardeildinni þessa miklu virðingu, þá missa menn á hinn bóginn skýrslur um nokkra sjóði, nefnilega þá, sem ekki eru sendir stjórnardeildinni til að skoðast og úrskurðast þar; þetta á sèr stað t. a. m. um reiknínganna fyrir dómsmálasjóðnum, sem eru úrskurðaðir af stiptamtmanninum, og mun sá sjóður þó, ef til vill, vera meðal þeirra, sem menn kynni að vilja hafa skýrslur um. Þetta atriði virðist því einnig að tala á móti því, að við hafa seinni part uppástúngunnar.

Stefán Jónsson: Eg felli mig vel við nefndarinnar uppástúngu.

Menn hafa mikið talað um þetta orð *„laga“*, og furða eg mig á því, að menn skuli amast svo mjög við því hèr, þar sem mönnum þótti það svo eðlilegt og rètt, þegar talað var um útboðið á dögunum; eg er reyndar ekkert á móti því, að sleppa því hèr; en þurfi þess ekki hèr, þá þurfti þess ekki þar. Mèr sýnist líka þjóðin eiga eðlilega heimtíng á því, að fá að sjá þessa opinberu reikníngа, og gæti það, ef til vill, verið til þess góðs meðal annars, að ekki væri gefið út eitthvert fánýtt rit, sem er verra en ekkert, eins og nú er gefið út á kostnað prentsmiðjusjóðsins.

Ásgeir Einarsson: Eg gat ei skilið *konúngsfulltrúa*, er hann var að tala um endurskoðun og endilegan úrskurð reiknínganna. Nefndin hèlt að það gæti ekki misskilizt, að reikníngarnir ætti að endurskoðast, áður en þeir væri prentaðir, en ef það skyldi dragast að endurskoða reikníngana, svo að þeir geti ekki komið út næsta ár, þá bætir breytíngaratkvæðið undir 2. tölulið úr því. Mèr hefir annars þótt það undarlegt, að einginn skuli hafa talað um uppástúngu nefndarinnar undir 4. tölulið, um það að sjóðirnir og stofnanirnar skuli sjálfar kosta prentun reiknínganna, og getur þó má ske þurft lög um það, að leggja þetta gjald á ýmsa sjóði, eins og t. a. m. jafnaðarsjóðinn, sem þíngmenn ekki vilja að lagt sè neitt gjald á án lagaboðs; væri því betra að hafa um það lagaboð, þar það tekur af allan vafa, og þarf ekki að liggja í því nein tortryggni við embættismennina, að biðja um þetta lagaboð, heldur væri það mjög notalegt fyrir þá, með því einginn gæti þá haft neinn undanslátt, ef það væri bein lagaskylda fyrir alla jafnt.

Indriði Gíslason: Eg ætla að eins að gjöra grein fyrir atkvæði mínu og vil eg þá geta þess, að eg gef breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga og uppástúngu nefndarinnar óbreyttri atkvæði mitt, og vildi eg helzt, að breytíngaratkvæðið kæmist inn í hana. Eg get nú ekki haft neina óbeit á þessu orði: *„lagaskyldu“*, og heldur ekki á lagaskyldunni sjálfri.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg þá biðja hina heiðruðu þíngmenn að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, og mun eg undir atkvæðagreiðslunni skipta 3. tölulið, og láta greiða atkvæði um 2. tölulið, eptir að greidd hafa verið atkvæði um fyrsta part nefndaruppástúngunnar, því hann á að koma þar á eptir, og svo loksins um síðari kaflann að orðunum: „í stjórnardeildinni íslenzku í

Kaupmannahöfn", og skal eg, eptir ósk þingmanna, láta þau koma til atkvæða sèr í lagi.

Var síðan geingið til atkvæða og fèllu atkvæði þannig, að

Tölul. 1. Uppástúnga *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn var felld með 15 atkv. gegn 6.

— — 2. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði):

a, *„laga"* samþykkt að skuli haldast, með 11 atkv. gegn 7.

b, *Að stjórnin gjöri embættismönnum þeim, er hafa á hendi stjórn opinberra stofnana og sjóða það að lagaskyldu, að auglýsa á prenti greinilega og nákvæma reikninga sjóðanna og stofnananna sem fyrst, eptir að ársreikningar eru samdir,* – samþykkt með 21 atkv.

—— 3. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar,* — samþykkt með 17 atkv. gegn 4.

— — 4. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði):

c, Síðari hluti 3. tölul., með 2. tölulið innskotnum, þannig: *og að gjöra síðan, í næsta árs reikníngi, ef auðið er, grein fyrir breytíngum þeim, er gjörðar kunna að verða á þeim við endurskoðun og endilegan úrskurð þeirra,* — samþykkt með 18 atkv. gegn 2.

d, Orðin: *í stjórnardeildinni íslenzku í Kaupmannahöfn,* – felld með 14 atkv. gegn 1.

—— 5. *Sama:* — (2. uppástúnguatriði), — samþykkt með 23 atkv. gegn 1.

Var það síðan samþykkt með 22 atkvæðum, að senda skyldi til konúngs bænarskrá um þetta mál, samkvæmt þeirri atkvæðagreiðslu, er nú var fallin.

Forseti: Nú er orðið mjög áliðið, svo að eg sè ekki fært, að taka fyrir þetta eina mál, sem eptir er, og þarf mönnum ekki að bregða við það, því það er farið að verða að venju, að eitt mál verði eptir á dagskránni. Ákveð eg svo fund á morgun, hinn 30. júlí, kl. 11.

Fundi slitið.

30. júlí — tuttugasti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til ályktarumræðu: *málið um betri afnot kristfjárjarða.* *Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður úr Norður-Múlasýslu. Atkvæðaskrá í málinu er prentuð, og eg vona, að allir þingmenn hafi hana við hendina.

Atkvæðaskrá

í málinu um *betri afnot kristfjárjarða.*

1. *Nefndin:*

   Að þær hèr að framan nefndu kristfjárjarðir, nr. 1—8 (sjá sjálft nefndarálitið) skuli við leiguliðaskipti byggjast eins og aðrar jarðir, fyrir ákveðið gjald, er gángi í hlutaðeigandi sveitarsjóði; en ómagahaldið, sem á þeim hefir hvílt sè með öllu af tekið, þó svo, að presturinn, sem er í Hólmabrauði þegar breytíngin skeður, megi taka afgjaldið af Sómastöðum, móti því að ala ómaga svo þúngan, sem landskuldinni svarar; og að ekkjan, sem þá verða kynni í Valþjófstaðarbrauði, eða presturinn, sem þá er þar, missi ekki rètt þann, sem þeim er gefinn í konúngsbrèfi 21. febr. 1766.

2. *Sama:*

   Að umsjón og byggíngarráð þeirra nefndu kristfjárjarða skuli felast hlutaðeigandi sveitarstjórum, undir yfirumsjón sýslumanns og amtmanns.

3. Varaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar:*

   Að málinu verði vísað til hlutaðeiganda yfirvalds, þ. e. biskupsins.

Framsögumaður (Halldór Jónsson): Eg gat þess við undirbúníngsumræðu máls þessa, og eins við inngángsumræðuna, að ýmsar breytíngar viðvíkjandi afnotum kristfjárjarðanna væri þegar farnar að smeygja sèr inn, eptir því, sem tímar hefði breyzt og sanngirni mælt með; eg minntist í þessu skyni á festuna, á konúngsbrèf 21. febr. 1766, og að ómagahaldið væri þegar af tekið á Kolsholtspartinum. Eg man enn eitt dæmi úr Norður-Múlaprófastsdæmi, það, að farið er að byggja hjáleiguna frá Kóreksstöðum sèr á parti, án þess að mínnka leigumálann á heimajörðinni; og svo skal eg einnig leyfa mèr, að lesa part úr máldaganum fyrir Keldugnúpi; hann hljóðar þannig: „. . . . *þar skal verra kuengilldur omagi auallt sa*

[er kunne at fara] j fott sin ok ur. half mork uadmala skal reidazt j [kirkiubœ skirdag eda] Peturs Messo, ok caup at presti um fram. þar skal ok gefa kallmanz uord iola dag en fyrsta ok paska dag ok huitdrottinsdag ok nyt fiar þess allz er þar fylgir skal gefa Peturs Messo att morgin mali lamb skal marka or steck huort uor ok skal petur abyrgiaz ok gefa um haust er aptur kemmur. þar skal ala alla þurfa men ok þa er fara skylda erenda".

Þetta er nú sá eini máldagi, sem menn nú vita af fyrir kristfjárjörðunum, og vona eg allir sjái, hvað stórkostlega breytingu ásigkomulag tímanna hefir með sèr fært, og að tilgángi gjafarans sè ekki fullnægt, þar sem allar kvaðirnar, sem líklega voru meira verðar en ómagahaldið, eru fallnar burt. Lík breytíng getur maður nú ímyndað sèr að einnig kunni nú vera orðin á hinum öðrum kristfjárjörðum. Breytíngaratkvæði þíngmannsins fyrir Norður-Þíngeyjarsýslu aðhyllist nefndin, því það var samkvæmt meiníng hennar, þó það væri ekki með berum orðum tekið fram, að hjáleigan fylgdi Sómastöðum. Breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga, sem einúngis viðvíkur því, hvort þíngið eigi að snúa sèr í þessu efni, verður þíngið sjálft með atkvæðagreiðslunni að dæma um. Einúngis verð eg að taka það fram, að seinustu úrslit málsins heyra þó undir konúnginn, og þó honum nú verði send bænarskrá, gæti stjórnin eins leitað álits biskupsins, áður en hún legði málið fyrir konúnginn, ef nauðsyn þætti til bera; einúngis verð eg að vera fastur á því, að þetta sèrstaklega atriði þurfi ekki, og eigi ekki að bíða eptir rannsóknum um aðrar fátækraeignir, þar sem allt öðruvísi á stendur.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg vil geta þess, viðvíkjandi varaatkvæðinu undir tölulið 3., að eg skil það svo, sem það geti ekki komið til greina, nema nefndarálitið falli.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið, og vil eg því biðja þíngmenn að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Síðan var geingið til atkvæða og fèll atkvæðagreiðslan á þenna hátt:

1. Uppástúnga nefndarinnar undir tölulið 1. – samþykkt með 15 atkv. gegn 4.
2. Uppástúnga nefndarinnar undir tölulið 2. — samþykkt með 18 atkv. gegn 4.
3. Var leitað atkvæða um það, hvort rita skyldi bænarskrá til kon-

úngs eptir þessari atkvæðagreiðslu, og var það samþykkt með 15 atkv. gegn 5.

4. Þannig var varaatkvæðið undir tölulið 3. fallið af sjálfu sèr.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til ályktarumræðu *málið um stofnun lagaskóla á Íslandi. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður úr Reykjavík. Atkvæðaskrá í málinu er prentuð, og eg vona, að allir þingmenn hafi hana við hendina.

Atkvæðaskrá.

í málinu um *stofnun lagaskóla á Íslandi.*

1. *H. Kr. Friðriksson:*
   Að inn í 1. uppástúngu nefndarálitsins verði bætt, — eptir orðin: „í heimspekilegri lögfræði", — *„og í rómverskum rètti"*.
2. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði):
   Að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðingaefnum, er áður hafi lokið burtfararprófi við lærðan skóla, og taki þeir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þenna, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimspekilegri lögfræði og íslenzkum lögum og rètti.
3. *Sama* (2. uppástúnguatriði):
   Að lögfræðíngar þeir, sem tæki embættispróf í skóla þessum mætti öðlast rètt til lögfræðíngaembætta hèr á landi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þykir.
4. Viðaukaatkvæði *Ólafs Jónssonar:*
   Að efnilegum piltum, þó þeir ekki ætli að verða embættismenn, og hafi því ekki tekið burtfararpróf við lærðan skóla, veitist einnig aðgángur að skóla þessum, og að svo verði sèð um, að þeir geti feingið þar svo mikla þekkíngu á rèttargángsmátanum, og í íslenzkum lögum, sem nauðsynlegt er til þess, að þeir geti fært mál í hèraði.
5. *Nefndin* (fyrri kafli af 3. uppástúnguatriði):
   Að kostnaðurinn til lögfræðíngaskóla þessa mætti verða greiddur úr ríkissjóðnum.
6. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum:
   Að síðari kafla 3. uppástúnguatriðisins: „en fáist það ekki — gæti greitt kostnaðinn" — verði þannig breytt:
   Þángað til fjárhagur Íslands er aðskilinn frá fjárhag Danmerkur.

7. *Nefndin* (síðari kafli af 3. uppástúnguatriði):
   En fáist það ekki, að hann þó fyrst um sinn mætti verða greiddur úr ríkissjóðnum, en á sínum tíma verði lagt frumvarp fyrir alþingi um það, hvernig landið sjálft gæti greitt kostnaðinn.
8. Viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar:*
   Að aptan við síðari kafla 3. uppástúnguatriðis nefndarinnar (tölulið 7.) verði bætt:
   En þó ekki fyr en þingið hefir feingið löggjafar- og skattafrelsisvald, og hreinir reikníngar eru gjörðir yfir fjárhag milli Íslands og Danmerkur.
9. *Nefndin* (4. uppástúnguatriði):
   Að jafnframt stofnun skóla þessa verði 15. grein í tilsk. 26. d. janúarm. 1821 úr lögum numin, að svo miklu leyti hún kveður svo á, að hinir „dönsku júristar", sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, svo að sýslumannaembættin hèr á landi eptir það eigi verði veitt neinum þeim, sem les að eins dönsk lög.
10. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu).

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Þetta mál var nú vandlega rætt við undirbúníngsumræðuna, og lýstu flestar ræður þíngmanna því, að þeir væri meðmæltir nefndarálitinu. Eg skal nú vera fáorður um breytíngar- og viðaukaatkvæði þau, er fram komið hafa við nefndarálitið. Um breytíngaratkvæði mitt undir tölulið 1. er það að segja, að mèr fannst rètt, að bæta við „rómverskum rètti", því að hann er eins og undirstaða annara laga, en meðfram bætti eg honum við, svo að menn hætti að koma með þá mótbáru móti skólanum, að hèr þyrfti kennslan að vera ófullkomnari, en hún er við háskólann í Kaupmannahöfn í hinum almenna hluta lögfræðinnar. Með viðaukaatkvæðinu undir tölulið 4. get eg ekki verið; skólinn á að vera ætlaður embættismannaefnum; en ef á að fara að binda kennsluna við þarfir og hæfilegleika óskólageinginna manna, þá verður kennslan of rígbundin; því af þeirri kennslu, sem ætluð væri þeim, er komast vildi til embætta á eptir, gæti ólærðir menn ekki haft fullt gagn að öllu leyti; að öðru leyti sýnist mèr nægur tími að tala um þetta, eða fara því á flot, þegar skólinn er stofnaður. Um breytíngaratkvæðið undir tölulið 6. skal eg geta þess, að mèr sýnist ekki eiga við, að binda gjöldin til skólans úr ríkissjóðn-

um við þann aðskilnað, sem þetta breytíngaratkvæði fer fram á; ef ríkissjóðurinn vill taka upp á sig kostnaðinn að fullu og öllu, þá held eg að bezt sè, að láta sèr það lynda, og eg sè einga ástæðu til, að láta sèr það ekki lynda. Viðvíkjandi viðaukaatkvæðinu undir tölulið 8., þá sýnist mèr þess þurfa ekki við, því að frumvarpið yrði ekki lagt fyrir alþíng, fyr en það, sem viðaukaatkvæðið fer fram á, er feingið. Og ætla eg svo að láta staðar nema við þetta að sinni.

Magnús Andrèsson: Eg ætla ekki að draga athugasemdir mínar við þessa atkvæðaskrá. Eg hefi áður látið það í ljósi, að eg hefi verið meðmæltur þessu máli, og hið sama er eg enn. *Framsögumaður* lèt það í ljósi, að hann væri mótfallinn viðaukaatkvæðinu undir tölulið 4.; en eg verð nú að vera á öðru máli, því að bæði er eg þeirrar meiníngar, og það hefir komið fram á þínginu, að menn hafa látið kvíða í ljósi fyrir því, að ekki mundi, ef til vill, nógu margir sækja skólann; fyrir þessu þyrfti menn varla að óttast, ef efnilegir piltar, þótt ekki skólageingnir, mætti gánga á lagaskólann, til þess að afla sèr þeirrar þekkíngar á rèttargángsmátanum og í íslenzkum lögum, sem nauðsynleg væri, til þess að geta fært mál í hèraði. Af þessum ástæðum verð eg að halla mèr að viðaukaatkvæðinu undir tölulið 4.

Jón Hjaltalín: Eitt atriði láðist mèr eptir að taka fram við undirbúníngsumræðuna, en það er þó vert að taka það fram í bænarskránni til konúngs. Eg hefi heyrt og lesið það í *„Fædrelandet“*, að vèr Íslendíngar værum að biðja um það, sem svo mikinn kostnað leiddi af; þessu hefi eg nú ætlað mèr að svara í einhverju erlendis blaði, og eg held það sè hægt að gjöra það; það er ekki kostnaðarmeira, sem vèr biðjum hèr um, heldur hefir það minni kostnað í för með sèr, bæði fyrir dönsku stjórnina sjálfa, og einnig fyrir oss. Í álitsskjalinu er gjört ráð fyrir, að kostnaðurinn, er leiðir af skólanum, verði hèr um bil 2500 rd., og er eg sannfærður um, að kennslan í guðfræði, lögum og læknisfræði verður ekki nærri eins dýr, ef hún er innlend, eins og ef hún er útlend; fyrst nú svo er, að ekki er gjört ráð fyrir miklum kostnaði af innlendri kennslu í lögum, og þess að minni hyggju ekki þarf, þá veit eg ekki, hvað ætti að standa í vegi. Það er nú kostað 6—8000 rd. upp á stúdenta í Höfn, og þeir hafa opt orðið að hætta, áður en þeir hafa lokið sèr af; það er því hèr í bezta tilgángi að eyða miklum penínguin til ónýtis. Eg tók upphæðina eptir áætlun hins 1. konúngkjörna þíngmanns; hann sagði, að það væri hèr um bil 20 stúdentar í Höfn,

sem læsi lög; hver þeirra hefir 3 til 400 rd. í 4 ár, og verða það 6 til 8000 rd. um árið; það er því ekki örðugt að sanna, að þetta er dýrara fyrir stjórnina, en ef hún vildi stofna lagaskóla hèr á landi; það yrði miklu ódýrara; þetta vildi eg, að tekið væri fram í bænarskránni til konúngs.

Framsögumaður: Eg vildi leyfa mèr, að leiðrètta misskilníng þíngmannsins úr Árnessýslu. Í öðrum löndum eru margir fyrirlestrar opinberir *(public)*, að minnsta kosti er það svo í Kaupmannahöfn; á þá getur hver heyrt sem vill; hann getur gjört það einn daginn, annan daginn látið það ógjört, og heyrt þá alla til enda, ef hann svo vill, og þarf ekkert að borga fyrir slíka fyrirlestra. Fyrir aðra fyrirlestra er borgað hvert hálft ár, og fá menn þá aðgaungu undir eins og borgað er, og geti menn eigi borgað, verða þeir að koma með fátækraattesti, og komi þeir með það, þá fá þeir og aðgaungu. Þriðju fyrirlestrarnir eru það, sem þarf að borga. Eg veit ekki betur, en að hver megi heyra fyrirlestra á prestaskólanum sem vill; að minnsta kosti þarf eigi annað, en að sá, sem fyrirlestrana vill heyra, fari til forstöðumannsins, og láti hann vita, að hann vilji hlýða á fyrirlestrana, og eins verður um lagasólann, ef hann kemst á, og er því viðaukaatkvæðið undir tölul. 4. óþarft.

Ólafur Jónsson: Eg ætla nú ekki að tala lángt fyrir viðaukaatkvæði því, sem eg tók mèr í þessu máli. Eg vil einúngis geta þess, að mèr er það kunnugt, að það eru fleiri en eg einn, sem hafa verið í efa um, hvort lagaskóli gæti staðizt hèr, ef hann væri ætlaður einúngis handa þeim, sem ætla sèr að verða embættismenn; eg held líka, að það sè rètt gjört, að hugsa um þetta fyrir fram; því þegar menn að gæta, hvað lögfræðínga embættin eru fá hèr á landi, þá sjá allir. að það er fljótgjört að fylla þau. Eg hèlt nú að það gæti skeð, að konúngur einnig mundi hafa tillit til þessa, og það má ske verða því til fyrirstöðu að við feingjum bænheyrslu, því á niðurlagsatriðunum í nefndarálitinu er ekki að sjá, að annar tilgángur sè með stofnun skólans, heldur en einúngis sá, að þeir, sem ætla sèr að verða hèr embættismenn, og því hafa tekið burtfararpróf við lærða skólann, geti hèr í landi feingið þá menntun, sem þeir þurfa til að geta orðið duglegir embættismenn. Eg hèlt því, að það gæti orðið til góðs fyrir málefnið, og að við yrðum því vissari að fá bænheyrslu, ef konúngur sæi, að þetta væri ekki sá einasti tilgángur með skólastofnuninni, heldur jafnframt sá, að útbreiða menntun um landið til fleiri en embættismannanna eingaungu. Hinn hatt-

virti *framsögumaður* færði það til móti viðaukaatkvæði *mínu*, að ef það kæmist að, þá gæti það orðið meðal til þess, að kennslan yrði ekki eins vel löguð og hún þyrfti að vera handa þeim, sem ætla sèr að verða embættismenn; en þessi hans mótbára er mèr ný hvöt, til þess að halda fast við viðaukaatkvæði mitt; því í þessari hans mótbáru liggur einmitt það, að hann búist við að þeir piltar, sem ekki hafa geingið á lærða skólann, geti ekki haft gagn af kennslunni, nema hún sè löguð eptir þörfum þeirra, og því vil eg að þetta sè strax tekið til greina, þegar farið yrði að tala um fyrirkomlag skólans. Það hafa sumir haldið, að skólinn mundi verða fjölsóttur af þeim, sem hefði tekið burtfararpróf við lærða skólann, en eg get þó varla ætlað, að þeir yrði margir, sem vildi vinna það til, að afljúka sèr fyrst við lærða skólann og gánga svo á lagaskólann, ef þeir sæi það fyrir, að þeir mundi aldrei geta feingið embætti.

Framsögumaður: Kennslan verður að lagast eptir þörfum þeirra, sem ætla að taka embættispróf, en það má eigi binda hana við þarfir hinna, sem kann að verða gefinn kostur á að hlusta á fyrirlestrana; en hitt verð eg að telja sjálfsagt, að kennendurnir lagi fyrirlestra sína, svo mikið sem er unnt, eptir því, sem hinir ólærðu geta í móti tekið, án þess þó að hinir missi nokkurs í.

H. G. Thordersen: Eg sè ekki betur, en að báðum komi saman, nefndinni og þingmanninum úr Húnavatnssýslu. Þegar á að kenna lögfræði, þá verður tilsögnin að vera svo þjóðleg sem mögulegt; eg fyrir mitt leyti held, að það gæti sameinazt hvorttveggja, að kennslan væri vísindaleg, og lyti þó ei að síður að því, að undirbúa menn, sem væri skólageingir undir embætti, sem er nú höfuðatriðið; þetta held eg gæti sameinazt við það, að aðrir en þeir, sem vildi taka embættis-*examen*, gæti feingið að hlýða á kennsluna sèr til fróðleiks, og svo að þeir feingi næga þekkíngu til að færa mál í hèraði. Menn hafa opt í hèraði orðið að taka bónda, og það er nú ekkert að því, ef kostur er á bónda, sem vel er að sèr, en það hefir, ef til vill, stundum orðið að taka síður valinn bónda; þá held eg að betra væri, að taka þá, sem hefði heyrt á fyrirlestra. Hvað öll hlunnindi snertir, þá verða þau að vera bundin við þá, sem ætla að taka embættis-*examen*. Það er því naumast nokkur ágreiníngur milli nefndarinnar og hins heiðraða þíngmanns.

Guðmundur Brandsson: Þegar eg skoða uppástúngur nefndarinnar í sambandi við viðaukaatkvæðið undir tölul. 4., þá verð eg nú að geta þess, að eg ætla mèr að aðhyllast viðaukaatkvæðið, af

því eg er hræddur um, að þunnskipað verði í lagaskólanum, ef ekki fá inngaungu í hann aðrir en þeir, sem búnir eru að læra við latínuskólann, og sem búið er að sýna fram á, hversu margir verða mundi, og það því heldur, sem þeir eru fáir, eins og nú er ástatt, sem gánga í latínuskólann. Það getur líka opt borið við, að menn verði fegnir að grípa til þessara hálfmenntuðu manna, þegar sýslumannaembættin standa auð, enda hefir og reynslan sýnt, að þess hefir þurft. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður tók ljóslega fram kostnað þeirra, er læsi utan lands, og eg ímynda mèr, að stjórnin yrði fegin, að losast við þenna kostnað, en að hinu leytinu mælir þetta fram með, að biðja um styrk af ríkissjóðnum, því stjórninni mætti líklega standa á sama, hvort að þeim peníngum, sem hún leggur til, yrði eytt hèr eða þar.

Páll Sigurðsson: Eg, fyrir mitt leyti, vil nú helzt þjóðlega menntun, eða þá menntun, sem fæst í landinu sjálfu, og gladdi það mig, að heyra ræðu hins 6. konúngkjörna þíngmanns, því að hann sýndi ljóslega, að kostnaðurinn til að koma hèr á lagaskóla, yrði minni en fè það, sem nú er lagt til kennslu íslenzkra lærisveina við háskólann. Það er heldur ekki lítið fè, sem einstakir menn hèr kosta til sona sinna, sem læra við háskólann, og fer allt það fè út úr landinu; en mèr finnst mikill munur, að eyða því í landinu sjálfu, þess vegna eiga menn að reyna, að koma á fót innlendri menntun, og það því heldur, sem mörgum Íslendíngum hefir tekizt illa á seinni tímum að ná menntun við háskólann í Höfn, og sumir hafa orðið að hætta við ekki hálfbúnir; og sýnist sem tala þeirra, er með heiðri hafa náð fullkominni lærdómsmenntan, sè allt af nú að fara minnkandi; það er eins og þetta lýsi því, að þessi menntun eigi ekki við þjóðerni vort. Eg vil innlendan skóla, því að nú er innlendur menntunarandi farinn að vakna aptur hjá þjóðinni, sem hefir eins og legið í dái um nokkra undanfarna tíð, en er nú á þessari öld farinn að lifna við aptur.

Halldór Jónsson: Eg ætla að eins í allra fæstu orðum að greina ástæður mínar fyrir því, að eg verð að vera nefndarálitinu, í aðalatriðum þess, samþykkur. Eg byggi álit mitt og atkvæði á því, að stjórnin álíti eins og hún sýnir í verkinu, að hún verði að annast um lagamenntun á Íslandi eins og í Danmörku. Nú annast hún um hana á þann eina hátt, sem við getur átt, eptir því sem nú á stendur, og miklu fè er þar til kostað. Gæti nú stjórnin orðið sannfærð um, að innlend lagamenntun yrði affarasælli, efast eg ekki um, að hún yrði fús á að verja því fè til lagamenntunar á

Íslandi, sem hún nú ver í Danmörku til sama augnamiðs, til handa Íslendíngum.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skil ekki, hvernig hinn heiðraði *framsögumaður* hefir hugsað sèr þessa fyrirlestra, sem hann er að tala um; því þó þeir sè erlendis, þá getur verið, að þeim verði ekki komið hèr við; í hið minnsta verður þá að gjöra einhverjar sèrstaklegar ákvarðanir um þetta fyrir fram, því annars munu menn trauðlega gjöra sèr ferðir lángar leiðir, til að hlýða á þessa fyrirlestra. Eg veit nú ekki, hvort heldur það er beinlínis á kveðið, að hver einn megi hlýða á fyrirlestra við skólana hèrna, eða það er einúngis leyft þeim, sem vilja nota sèr það; en það veit eg, og það er hinum heiðraða *framsögumanni* kunnugt, að fáir sem eingir verða til, að færa sèr slíkt í nyt; og eins mundi verða um lagaskólann, nema þar um væri gjörðar sèrstaklegar ákvarðanir. Hvað mitt breytíngaratkvæði snertir, undir staff. 6., þá álít eg það mjög svo nauðsynlegt. Það ríður mest á, að sannfæra stjórnina um, að lagaskóli sè hèr nauðsynlegur, og að það verði einmitt kostnaðarminna fyrir hana, að mennta embættismenn sína á þann hátt, en að láta þá sigla og lesa lög við háskólann í Höfn, eins og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður hefir svo ljóslega sýnt og sannað. Heppnist þínginu að sannfæra stjórnina um slíkt, get eg ekki efað, að hún finni það skyldu sína, sem hver rèttsýnn maður verður að álíta skyldu hennar, að veita fè það, sem þarf til að koma lagaskólanum á fót, úr ríkissjóðnum, á meðan fjárhagur vor og Dana er í þessu samkrulli; en þegar fjárhagurinn er aðskilinn, sè eg ekkert á móti því, og finnst það í alla staði eðlilegt, að við berum þessar og aðrar menntastofnanir vorar.

Sveinn Skúlason: Eg vil mæla með viðaukaatkvæðinu undir tötulið 4., því eg ráðgjörði breytíngaratkvæði í sömu stefnu við undirbúníngsumræðuna. Eg get ekki annað sèð, en að hin mesta nauðsyn sè á þessu, því að það kann opt að þurfa á því að halda, að slíkir menn væri til, er gæti flutt mál í hèraði, og jafnvel að þeir til bráðabyrgða yrði settir í sýslumanns stað, og þessi nauðsyn er því meiri, sem meiri eru líkur til, að þeir verði í fyrstu fáir, sem gánga í skólann. Það væri einnig mjög mikilsvert, að umboðsmenn yfir hinum opinberu konúngsjörðum feingi nokkra lagamenntun, og því almennari sem hún er, því betra er það fyrir landið og menntun þjóðarinnar. Hinn háttvirti *framsögumaður* gjörði ráð fyrir opinberum fyrirlestrum, sem menn ætti að geta geing-

ið á kauplaust, við líka og er við háskólann í Kaupmannahöfn; en eg held, að slíkt geti ekki komið hèr að miklum notum. Hann veit þó, að það tíðkast mjög erlendis, að kennendur hafa þá fyrirlestra, sem mest er undir komið, *privat,* sem þeir kalla, og verða menn að borga fyrir þá. Þess vegna mundi kennslan verða hinum óskólageingnu of kostnaðarsöm, svo að þeir hætti á miðri leið, eða gæti ekki haft fullt gagn af kennslunni. Eg veit heldur ekki betur, en að eingir fái að taka þátt í hinum skriflegu æfingum, sem eru svo einkar árfðandi fyrir þá, er lögvísi stunda, nema þeir, sem undir embættispróf gánga, og yrði því hinir sviptir öllum þeim lærdómi, sem þar í felst. Þetta viðaukaatkvæði snertir því að nokkru leyti fyrirkomulag á skólanum, það er að segja, hvernig kennslunni yrði að vera hagað, svo að nógir sækti skólann. Af þessum ástæðum ætla eg einnig að gefa atkvæði mitt móti kennslu í Rómarètti, því eg er hræddur um, að kennslu þeirri mundi varla verða svo vel hagað, að allir gæti haft full not af henni, þó að eg reyndar efist ekki um, að það mætti kenna allt hið almenna og vísindalega úr þeirri grein, án þess að þyrfti að halda á miklu af latínskum glósum.

Gísli Brynjúlfsson: Eg skal nú ei tala mikið um þetta mál, og þá einkum geta þess um tölulið 4., að eg get ei verið þeirri uppástúngu meðmæltur, hversu fús sem eg svo er á að játa, að tilgángur hennar sè hinn allra bezti, því eg sè þó ei, að á henni þurfi að halda. Það er auðvitað, að eingum yrði meinað að hlýða á kennsluna í lagaskólanum, fremur en nú kvað vera í prestaskólanum, og þá þarf eingrar lagaákvarðanar við um það atriði; en ef tilgánguriinn ætti að vera sá, að aðrir en þeir, sem beinlínis ætla að búa sig undir embætti, ætti einnig að njóta peníngastyrks við lagaskólann, þá álít eg það kvorki rètt, nè heldur mögulegt, því hinir ætti þó æfinlega sjálfsagt að hafa forgángsrèttinn, og ölmusurnar við hinn nýja skóla verða sjálfsagt ei svo margar, ef þær á annað borð verða nokkrar, að þær verði meir en nægilegar handa embættismannaefnunum. Það er sjálfsagt, að við megum allir óska þess, að lagaþekkíng og önnur menntan verði sem almennust í landi voru; en fyrir þessu er líka nógsamlega sèð, ef landsmenn annars ei vantar laungunina til fróðleiksins, ef hverjum sem vill að eins er gefið færi á, að hlýða á kennsluna í skólanum, en þó kostnaðarlaust fyrir stofnanina sjálfa; og eingin landsstjórn hefir nokkra skyldu á, að sjá öðrum fyrir kennslu sjálf, en einmitt þeim, sem hún síðar ætlar að hafa til embættanna. Og því verð eg að vera á, að það sè miklu

rèttara, að þeir, sem embættimenn eiga að verða, hafi einnig notið kennslu í latínuskólanum áður; því hvað er það, sem hefir gjört muninn á „dönskum júristum“ hjá oss hingað til og í Danmörk, annað en það, að þeir flestir hafa einnig verið útskrifaðir stúdentar, er höfðu náð hinni svo kölluðu „*classisku*“ menntun, sem er undirrót allrar almennrar menntunar, áður en þeir fóru að leggja sig eptir dönskum lögum? Munurinn á lærdómi þeirra og hinna svo nefndu „latínsku júrista“ hefir því í raun og veru aldrei verið mikill, eins og við líka allir vitum, að sumir af hinum ágætustu og lærðustu lögfræðingum vorum einmitt hafa verið „danskir júristar“. En þess vegna verð eg líka að vera á því, að eingir eigi heldur að verða embættismenn úr lagaskóla hèr, nema svo að eins, að þeir sè áður útskrifaðir úr latínuskólanum, og hræðist eg ei, að ei muni nógir verða til að sækja hann fyrir því; því þess ber að gæta, að hèr þarf nú líka að auka löfræðingaembættum í landinu, og einkum setja nokkra hèraðsrèttara eða hèraðsstjóra í hinum stóru sýslum, svo að sýslumennirnir geti því betur annazt yfirstjórnina, og allt fari í betra lagi í sýslunum, eins og mèr líka finnst það rètt, sem einhver áðan drap á, að umboðsmenn ætti einnig helzt að vera lögfróðir menn. Eg get ei annað sèð, en að það mundi bæði auka menntun og stjórnsemi í landinu, ef þetta kæmist í gáng; og því er eg og fús á, að fallast á tölulið 9., að „dönskum júristum“ verði ei framvegis veitt hèr embætti, eptir að lagaskóli væri kominn hèr á, er útskrifaðir stúdentar gæti búið sig undir lögfræðingaembætti í; því þessir menn kæmi þó beinlínis í stað „dönsku júristanna“, eins og þeir hingað til hafa verið hjá oss, nema hvað þeir í ofanábót líka hefði numið íslenzk lög; en hitt sèr hver, að það þá væri mótsögn, að fallast einnig á tölul. 4., því hann innleidir hèr að eins „íslenzka júrista“, er beinlínis svari til „dönsku júristanna“, eins og þeir enn eru í Danmörku, það er að segja ómenntaðir menn að öðru leyti, því þó slíkir lögfræðingar hafi einnig stundum gefizt vel hjá oss, þá eru það þó æfinlega undantekningar. Og eins felli eg mig líka bezt við það, að afbiðja ei hina „dönsku júrista“, fyr en eptir að lagaskólinn er feinginn; því eg hafði aldrei getað fallizt á sjálfa bænarskrána, að eins vegna þess, að hún vildi byrja á þessu atriði, og eins og segja, að ástæðan til þess, að biðja um lagaskóla hèr, væri einkum sú, að „danskir júristar“ hefði hingað til verið svo ónýtir á Íslandi; en það vita allir, að slíkt er með eingu móti satt, eins og eg áður hefi sagt, heldur er ástæðan einkum sú, sem ei síður á við latínska

en „danska júrista“ á Íslandi, að kennsla í íslenzkum lögum fæst ei við háskólann í Kaupmannahöfn. En eg skal ei orðleingja þetta, og að eins bæta því við, að eg ætla mèr enn að gefa atkvæði mitt fyrir breytíngaratkvæðinu undir tölul. 6., því eg óska æfinlega að fjárhagur Íslands losni sem fyrst við fjárhag Danmerkur. Mèr finnst allt standa í stampi meðan svo stendur sem nú, og þíng þetta æfinlega á meðan verða hlægilegt, hve nær sem um útgjöld ræðir, svo eg væri fús á að bæta þessum orðum: „þángað til fjárhagur Íslands er aðskilinn frá fjárhag Danmerkur“, aptan við hverja bænarskrá, er því verður við komið, eins og Cato gamli forðum var vanur að ljúka hverri ræðu sinni með orðunum: „Cæterum censeo Carthaginem esse delendam“. Þá gæti ei Danir heldur æfinlega bríxlað oss um, að vèr værum allt af að biðja, en vildum aldrei gjalda fè til nokkurs, ef það sæist ávallt að við bíðum að eins eptir skiptunum.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg verð þó að vera á þeirri meiníngu, að atkvæðið hins háttvirta þíngmanns úr Húnavatnssýslu heldur verði að bæta fyrir málinu í augum stjórnarinnar; því hefir verið við barið, að skólinn yrði svo fáskipaður, ef ekki ætti að koma í hann nema útlærðir menn, að í hann mundi ekki fást nema 1 eða $^1/_2$ maður; úr þessu er nú bætt með þessu breytíngaratkvæði. Það er sú lagamenntunar fýsn hjá bændum, að skóli þessi mundi verða fullskipaður, ef ólærðir synir þeirra ætti kost á, að fá reglulega inngaungu og kennslu í honum, og þó þeir ekki ætti von á að fá styrk eður ölmusu, þá mundi þeir þó fá frá skólanum vitnisburð, því líklega yrði þeir reyndir eða prófaðir, og væri það ekki lítill styrkur fyrir bæði þá sjálfa, og líka fyrir yfirvöld, ef þeir kynni að þurfa að setja þá í sýslumanns- eður umboðsembætti, því þá vissi þeir fyrir hverju að þeim væri trúandi. Á hina síðuna sæi stjórnin, að með þessu jykist þessarar menntunar upplýsíng svo mjög meðal alþýðu í landinu, sem á að hlýða og búa undir lögunum, og þannig næði stiptun þessi svo vel sínu augnamiði, sem konúnginum hlýtur að vera kærkomið. Ekki sè eg heldur, að það komi neitt í bága við þetta, þó að samþykkt verði hið síðasta uppástúnguatriði nefndarinnar, að þeir fái ekki embætti hèr á landi, sem einúngis lesa dönsk lög, eður kallast „danskir júristar“; það mun fæstum Íslendíngum standa fyrir embættum, því það mun bráðum hverfa þetta nafn, en aptur uppkoma nafnið *íslenzkir júristar,* eða lagamenn. Aptur vil eg halda það, að fæstir færi að senda syni sína híngað um lánga vegi, ef þeir ekki ætti kost á, að fá reglulegri skóla-

menntun en svo, að geta hlaupið að stundum, en kann ske ekki stundum, til að hlýða á þessa fyrirlestra, sem fulltrúi Reykjavíkur bendir á.

Stefán Jónsson: Það eru tvær mótbárur, sem menn hafa komið með mót skólanum; önnur er sú, að það vantaði efni, en hin, að fáir mundi sækja skólann. Hvað nú hina fyrri mótbáru snertir, þá hefir hinn 6. konúngkjörni þíngmaður leitt rök að því, að ekki þyrfti að kvíða efnaleysi, ef því væri kostað til, sem íslenzkir stúdentar, er nema lög við háskólann, kosta ríkissjóðinn, og þar við bætt því, sem fer út úr landinu. Af þessu flýtur, að það mega falla burt öll breytíngaratkvæði, og binda sig við 1. hluta uppástúngu nefndarinnar undir tölulið 5. Hvað viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Húnavatnssýslu snertir, þá ætla eg að gefa atkvæði mitt með því; þá þarf ekki að óttast, að það yrði til fyrirstöðu skólanum, að fáir sækti hann, eins og menn ekki á hinn bóginn þyrfti að óttast skort á embættismönnum til bráðabyrgða, ef ólærðir menn, sem hefði náð lagamenntun í skólanum, yrði teknir til hinna lægri embætta; það er ekki leingi að lýsa sèr, þegar einn skarar fram úr öðrum; og fyrst svo er, að „danskir júristar" hafa staðið öðrum á sporði, þá getur eins skeð, að það geti orðið duglegir embættismenn, sem kæmi úr skólanum hèr, þótt þeir ekki væri skólageingnir, áður en þeir færi á þenna skóla; eg vil því mæla fram með þessu viðaukaatkvæði; skyldi þíngið aðhyllast það, þá má hafa tillit til þess í bænarskránni, að þessir ólærðu „júristar" yrði einúngis teknir í embættismannaskorti. Eg vona því, að þessu máli verði framgeingt fyrst og fremst hèr á þínginu, og svo hjá stjórninni, því mèr virðist mótbárurnar hafi verið bæði fáar og fátæklegar, eptir sem nú er upplýst.

Stefán Eiríksson: Eg verð að fallast á það, sem hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga tók fram; mig furðar á, að nokkur skuli mótmæla viðaukaatkvæðinu undir tölul. 4.; það getur þó aldrei spillt fyrir málinu; eg ætla því að gefa atkvæði með því, eins og eg líka álít, að þíngið ætti að samþykkja viðaukaatkvæðið undir tölulið 8.

Þórður Jónassen: Eg skal nú ekki vera margorður um þetta mál, eða uppástúnguatriði nefndarinnar, sem nú liggja fyrir; því eg gjöri helzt ráð fyrir, að þíngið samþykki þau eitt með öðru.

Það er nú komið fram, sem eg tók fram upphaflega, að þíngmenn eru hræddir um, að það muni vanta menn í skólann, og því er nú stúngið upp á því, að ómenntaðir bændasynir fái þar kennslu, og annar heiðarlegur þíngmaður vill ekki, að þar sè kennd heim-

spekileg lögfræði, nè heldur rómverskur rèttur, eða með öðrum orðum, hann vill sleppa öllu vísindalegu úr kennslunni, svo skólinn og menntunin verði sem þjóðlegust, og þetta kalla menn svo lagaskóla, þetta kalla menn framfarir. Þingmaður Eyfirðinga talaði um, að mótbárur þær, sem komnar væri fram gegn skóla þessum, væri bæði fáar og fátæklegar. Það getur verið eptir hans skoðun að svo sè; stjórnin og hann um það, því frá stjórninni eru mótbárur þessar komnar; eg er þar ekki maður á milli. Það yrði ekki til mikils fyrir mig, að leitast við að sannfæra hann um það gagnstæða.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal leyfa mèr að fara nokkrum orðum um breytíngaratkvæðið undir tölulið 6. og viðaukaatkvæðið undir tölulið 4., því þau hafa valdið mestum umræðum hèr á þíngi. Eg tók það fram við undirbúníngsumræðuna, að vèr værum í fèlagi við Dani, einkum í öllum fjárhagsmálum, og ættum því tilkall til þess, að ríkissjóðurinn sæi oss fyrir menntun; vèr verðum að byggja á því, að ríkið er fèlag, sem hefir tekið sèr fyrir hendur, að sjá um almenna menntun, og því sett sèrstakan ráðgjafa yfir þeim málum; vèr eigum því heimtíng á, að lögfræðíngar vorir sè eins vel að sèr í vorum lögum, eins og hún sèr um að lögfræðíngar Dana sè það í dönskum lögum, og þetta liggur aptur til grundvallar fyrir þeirri kröfu, að fá lagaskóla stofnsettan hèr, sem kenni mönnum íslenzk lög, og má því heldur búast við, að þessari kröfu verði fullnægt, sem hún hefir minni kostnað í för með sèr, en að þurfa að sækja lagamenntun til Danmerkur. Mèr finnst því þetta breytíngaratkvæði lýsa rèttri skoðun, það er að segja, að á meðan fjárhagurinn er sameinaður, þá verði að greiða kostnaðinn úr ríkissjóðnum, en að vèr verðum að bera skólann sjálfir, þegar hann er orðinn aðskilinn; og eg ætla því að aðhyllast þetta breytíngaratkvæði. Hið sama ætla eg að gjöra, hvað viðaukaatkvæðið undir tölul. 4. snertir; það vill, að aðrir menn, en stúdentar verði þar aðnjótandi kennslu, án þess til sè ætlazt, að þeir verði embættismenn, nema, ef til vill, í viðlögum. Þetta lýsir nú hinum æðri tilgángi skólanna; þeir eru ekki eingaungu stofnaðir fyrir embættismenn, heldur til þess, að útbreiða almenna menntun; allir verða að vita nokkuð um lögin; þannig hefir stjórnin tekið að sèr þá skyldu, að láta birta öll ný lagaboð á lögboðinn hátt; þá fyrst eru þau bindandi. Það er annars merkilegt þetta viðaukaatkvæði, að það skuli vera komið frá bónda, og ætla eg að vera meðmæltur því, því að það lýsir því, að hann hefir haft ljósa meðvitund um hinn æðsta tilgáng skólanna. Auk þess,

sem áður hefir verið tekið fram, þá vil eg bæta því við, að ef kviðdómar verða uppteknir í Danmörku, þá mundi þeir og einnig komast hèr á, og þá væri gott að vita nokkuð í lögum, eða að hafa lagaanda. Sömuleiðis þyrfti nauðsynlega, ef sveitarstjórn kemst hèr á, að stuðla til almennrar lagaþekkíngar.

Framsögumaður: Það hafa nú verið haldnar ýmsar ræður til varnar viðaukaatkvæðinu undir tölul. 4.; eg er ekkert á móti því í sjálfu sèr; en eg vil ekki taka það inn í bænarskrá til konúngs sem aðaluppástúnguatriði. Hinn heiðraði þíngmaður úr Norður-Þíngeyjarsýslu hèlt, að opinberir fyrirlestrar gæti ekki átt sèr stað, sízt svo að ólærðir hefði gagn af, ef þeir væri vísindalegir og ætlaðir stúdentum, sem læsi lög; eg held nú, að í flestum vísindagreinum sem kenndar yrði, mætti sameina hvorttveggja, bæði að fyrirlestrarnir væri vísindalegir, og að ólærðir gæti haft gagn af þeim; og opinberir yrði þeir, svo að hver mætti hlusta á þá, sem vildi; eg veit ekki betur, en að svo sè um prestaskólann, að sá, sem vill heyra á fyrirlestra, þarf eigi annað en fara til forstöðumanns, og biðja hann um leyfi; en í Kaupmannahöfn þarf þess ekki; þar getur hver geingið inn á fyrirlestrasalinn, sem vill, leyfislaust. Það er því auðsèð, að sú ástæða á ekki við, að ólærðum mönnum ætti að gefast kostur á að fá reglulega kennslu, fyrst skólinn getur verið öllum opinn. Af þessum ástæðum sýnist mèr nú óþarfi, að taka þetta umrædda atriði upp í bænarskrá til konúngs, því að ef það ekki spillir, þá bætir það ekki fyrir málinu. Þar sem þíngmaður Borgfirðínga var að tala um skyldu stjórnarinnar, þá er eg fyrir mitt leyti samdóma honum í sumu. Þegar stólsgózin voru tekin, þá álít eg að stjórnin hafi skuldbundið sig til að sjá um almenna menntun undir embættin; eg lít svo á, sem hún hafi skuldbundið sig til, að búa embættismennina undir embættin; en hún verður aldrei skylduð til, að sjá um, að alþýðu sè kennd lögfræði. Það er auðvitað, að ef hörgull verður á embættismönnum, þá yrði þeir teknir, sem hafa hlustað á fyrirlestra við skólann fremur öðrum, eins og amtmenn hafa stundum neyðst til að taka bændur, því að það getur ekki hjá því farið, að þeir hefði töluvert gagn af kennslunni; en þeir, sem vildi læra svona, þeir geingi ekki undir próf, heldur feingi vitnisburð kennaranna um hæfilegleika sína. Eg ætla ekki að tala meira að sinni, en vona alls hins bezta til þíngsins.

Indriði Gíslason: Eg held að spár hins 1. konúngkjörna þíngmanns muni varla eiga lángan aldur, nefnilega, að flest á atkvæðaskránni

muni verða samþykkt; eg vil að eins gjöra þá grein fyrir atkvæði mínu, að eg felli mig bezt við uppástúngur nefndarinnar, með þeirri breytíngu, sem þíngmaðurinn úr Suður-Þíngeyjarsýslu gjörði. Eg hefi nú fellt mig töluvert betur við ræðu þíngmanns Skagfirðínga í þessu máli, en fiskifriðunarmálinu, því það hefir allt af vakið megna óánægju hjá mèr á þessu þíngi, að ekkert er valdið, og allt sem maður byggir, verður einúngis að vera á pappírnum, auk þess, sem maður má eiga von á því, að það sè allt rifið niður á hælana á manni. Það sýnist því vera mjög vel til fundið, að hafa allt af þann fyrirvara: þángað til fjárhagur Íslands er aðskilinn frá fjárhag Danmerkur, eða feingið sè skatt- og löggjafarfrelsi, og hreinir eru orðnir reikníngarnir.

Ásgeir Einarsson: Eg vildi óska, að öll vandamál hefði grætt jafnmikið við biðina og þetta mál, því nú hefir margt komið fram í ræðum hinna menntuðu manna, sem bezt hafa vit á málinu, sem annars hefði legið í þagnaðargildi. Viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Húnavatnssýslu undir stafl. 4., sem nú er orðið mesta þrætuefnið, álít eg að ekki eigi við, að fallast á nú þegar, eins og það er orðað, heldur að það komi fyrst til skoðunar, ef konúngur lèti leggja frumvarp fyrir þíngið síðar. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga gat um áðan, þá er eg hræddur um, að það sè einhver misskilníngur milli hans og *framsögumanns*, þar *framsögumaður* hefir sýnt fram á, að allir hafi aðgáng að því, að heyra fyrirlestra í skólanum, en uppástúngan 4. talar ekki um neinn styrk fyrir þessa efnilegu pilta; hún tekur einúngis fram, að þeir geti fært mál í hèraði, en þíngmaður Borgfirðínga bætir því við, að lagaþekkíng þessi væri nauðsynleg bændum, ef kviðdómar yrði innleiddir hèr. Þetta er nú veruleg ástæða, en þar við bætist, að nú sem stendur eru bændur hafðir fyrir meðdómsmenn í landaþrætumálum, og væri þeim þá nauðsynleg nokkur lagaþekkíng, en þetta tekur viðaukaatkvæðið 4. ekki fram; held eg því, að það ætti að bíða þángað til að frumvarp væri lagt fyrir þíngið. Hvað snertir tölul. 9., er það aðgætandi, að þó að skóli þessi komist á, þá geta menn ekki búizt við, að fá frá honum íslenzka lögfræðínga á fyrsta ári; það er auðvitað, að ef þjóðinni á annað borð er annt um, að fá almenna lagamenntun handa únglíngum, þá verður skóli þessi eins sóttur fyrir því, þó að í fyrsta sinni ekki sè tekin fram tölul. 4., eins og *framsögumaður* sýndi; en viðvíkjandi því, hvað mikla menntun þeir gæti feingið þar, þá álít eg það nægja, ef þeir gæti orðið svo vel að sèr, að verða

settir í sýslumanns stað, ef á þyrfti að halda. Ef töluliður 2. verður samþykktur og tölul. 7. líka, þá álít eg, að tölul. 6. ætti að koma þar á eptir, og eptir það tölul. 8. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði, að ef ríkissjóðurinn tæki að sèr skólann, þá þyrfti ekki breytíngaratkvæðið undir tölulið 6. Sömuleiðis sagði hann, að ekki þyrfti að taka fram viðaukaatkvæði mitt undir tölulið 8., því þá kæmi það fyrst til þíngsúrslita, þá þíngið hefði feingið löggjafar- og skattafrelsisvald, þá gjöri eg mig ánægðan með þessa útskýríngu hans, ef hún er óyggjandi, en álít, að ef töluliður 7. fellur, þurfi ekki töluliðir 6. og 8. að koma til atkvæða að svo stöddu. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður sagði, þar sem hann að minni meiníngn í spaugi rèði til að útrýma Rómarèttinum, því þá yrði kennslan þjóðlegust, þegar allt það vísindalega væri tekið burt úr henni, þá ætla eg að svara því líka í spaugi, að það kynni líka að fara vel á því, ef *„justitia“* væri blind, því mèr finnst mikið í varið, ef viljinn er góður, til að gjöra og dæma rètt, þó menntunin sè lítil; líkt er líka að þeir, sem ætluðu að dæma *Epaminondas* til dauða fyrir það hann varð að hafa hervöldin svo leingi, að hann gæti frelsað Tebuborg, hafi eitthvað þekkt það vísindalega í lögunum, og líklega Rómarètt, þar Rómverjar lærðu lög sín af Grikkjum.

Framsögumaður: Eg vil segja hinum heiðraða þíngmanni úr Strandasýslu, að þar sem hann ekki vildi aðhyllast tölul. 9., um „dönsku júristana“, vegna þess að íslenzkir lögfræðíngar ekki feingist þegar í stað, þá getur það aldrei beðið mörg ár; það er eigi ætlazt til þess í uppástúngum nefndarinnar, að „danskir júristar“, sem hafa geingið undir próf, áður en skólinn kemst á, missi rèttar þess, sem þeir nú hafa til sýslumannaembætta. Ur því eg stóð upp á annað borð, þá vil eg geta þess, að stjórnin hefir tekið að sèr, að annast menntun okkar Íslendínga, þegar hún tók stólsgózin undir sig, þó að eg álíti ekki með öllu vafalaust, hvort hún er skyld til, að kosta menntun okkar í einstöku vísindagreinum. Þó að nú svo væri, að stjórnin ekki vildi taka að sèr þenna skóla, þá mundum vèr Íslendíngar heldur kosta skólann sjálfir, en verða án hans, ef það er satt sem sagt er, og sem eg dreg eingan efa á, að Íslendíngar hafi svo mikla laungun til menntunar í lögfræði (já! já!).

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg álít rètt að sleppa 4. tölulið, því eg þykist sannfærður um, að það fremur spilli en bæti fyrir málefninu, að taka hann; það sem þar er farið fram á, er ekki

annað en það, sem getur geingið af sjálfu sèr, þegar skólinn væri kominn á. Eg sè heldur ekki annað, en að óþarfi sè sömuleiðis að taka breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Suður-Þíngeyjarsýslu, tölul. 6., því það er auðvitað, að þegar skilnaðurinnn fæst á fjárhag Danmerkur og Íslands, þá verður kostnaður þessa skóla tekinn til greina sèr í lagi, og færður til reiknings; væri það tekið til greina nú, þá væri það líka sama, og að draga þetta mál leingur, heldur en farið er fram á í síðara kafla 3. uppástúnguatriðis nefndarinnar, því það er auðvitað, að ekki getur fyr komið frumvarp frá hendi stjórnarinnar um fjárhagsskilnaðinn, þó hann nú feingist, en til næsta alþíngis; þess vegna sýnist mèr rèttara, að halda þessu uppástúnguatriði nefndarinnar, og verð eg fyrir mitt leyti að mæla heldur með því.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að játa, að það er ekkert gleðiefni fyrir mig að taka til orða í þessu máli, þar sem heita má að allir þíngmenn sè samdóma, en hafa aðra skoðun á málinu en eg. Þíngmenn hafa talað, hver eptir annan að kalla má mótmælalaust, og sýnir það, með hverri eindrægni og áhuga þeir fylgja þessu máli. Þíngmönnum er það kunnugt, að eg á hinum fyrri þíngum hefi verið mótfallinn þessu máli, og þíngtíðindin skýra frá, af hverjum rökum eg hefi verið það. Skýrsla sú, er eg eptir fyrirmælum stjórnarinnar gaf þínginu, sýnir og ljóslega, að stjórnin hefir ekki getað fallizt á þessa bæn þíngsins, og af hverjum ástæðum, og þar á móti að hún hefir heldur hneigzt að minni skoðun á málinu. Þegar nú þíngið þrátt fyrir þær ástæður, sem stjórnin hefir fram talið móti málinu, fylgir því svo kappsamlega og einhuga, get eg ekki vænt þess, að mín orð, framar nú en að undanförnu, geti haft nokkur áhrif á atkvæðagreiðsluna; en það þykir mèr þó þínginu mega vera ljóst af ástæðum stjórnarinnar, að eingin líkindi eru til að hún muni vilja leggja kostnað til þeirrar stiptunar, er hún álítur bæði óhentuga og óþarfa, og heldur mundi verða hinni lagalegu menntun hèr í landi til apturfarar en framfara. Þess er því eigi að vænta, að lagaskóli muni nokkurn tíma komast hèr á, nema því að eins, að þíngið sjái fyrir kostnaðinum, með því að leggja hann á landið, og get eg fyrir mitt leyti ekki annað en álitið það mikinn ábyrgðarhluta fyrir þíngið, að leggja slíkan óþarfa kostnað á landsmenn, er sannarlega hafa nógar byrðar að bera, sem bæði eru nauðsynlegri og til meiri nytsemdar. Ef eg ætti því að geta mælt fram með nokkru uppástúnguatriði á atkvæðaskránni, þá væri það helzt atkvæði þíngmannsins úr

Strandasýslu, töluliö 8., ef þaö ekki stæöi í sambandi viö annaö uppástúnguatriöi, sem ætlast til, aö kostnaöurinn til lagaskólans borgist fyrst um sinn úr ríkissjóönum, sem eg tel víst, aö hvorki fáist, og sem eptir minni meiníngu heldur ekki ætti aö veitast. Í öllum þeim umræöum þíngmanna, sem orðiö hafa um þetta mál, eru einúngis 2 atriöi, sem eg skal svara nokkrum orðum. Annaö var þaö, sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaöur sagöi, aö hinir íslenzku stúdentar, sem læsi lögfræöi viö háskólann, kostuöu stjórnina meira, en allur sá kostnaöur yröi, sem þyrfti til lagaskólans. En þetta er fullkomlega rángt; því styrkur sá, sem íslenzkir stúdentar fá viö háskólann, veitist eins og hinn 1. konúngkjörni þíngmaöur drap á, ekki af ríkissjóönum, heldur af stofnunum, sem styrkja bæöi danska og íslenzka vísindaiökara viö háskólann, nefnilega sèr í lagi af *Communiteti* og *Regentsi*. Hitt atriöiö, sem eg vildi minnast á, kom fram í ræöu þíngmannsins úr Ráng árvallasýslu, þegar hann sagöi, aö fleiri íslenzkum stúdentum hefði á seinni tímum mistekizt aö ná embættisprófi viö háskólann, og færöi sem ástæöu fyrir því, aö þaö hefði rót sína í því, aö íslenzkir stúdentar væri fráhverfir útlendri menntun, en vildi hafa hana innlenda. En þetta er eingan veginn rètt. Sè svo, aö íslenzkum lögfræöíngum mistakist nú, fremur en fyr, vísindaiökanir viö háskólann, þá kemur þaö ekki af því, aö þeir þrái innlenda íslenzka lagamenntun, en standi stuggur af danskri eöa útlendri, heldur af því, aö bæöi kennslumátanum og yfirheyrslumátanum hefir veriö þannig breytt, aö nú þarf miklu leingri tíma til aö nema lögfræöi, svo menn sè vissir um aö ná góöum *„Karakter“*, heldur en þaö var fyrir einum mannsaldri síöan; því þá gátu menn meö meöalgáfum af lokiö embættisprófi heiöarlega á 2 árum, þar sem nú þarf til þess 5 ár eöa, ef til vill, meira.

Af uppástúnguatriöunum eru einúngis 2, er eg skal minnast á. Hiö fyrra er breytíngaratkvæöi þíngmannsins úr Reykjavík, sem fer fram á þaö, aö kenna skuli rómverskan rètt viö lagaskólann. Ef þessari uppástúngu væri fylgt, þá flýtur þar af, aö einum kennara þyrfti aö fjölga viö lagaskólann, og þá yröi kostnaöurinn auösjáanlega lángtum meiri, en gjört hefir veriö ráö fyrir. Rómarèttúrinn er svo erfiö og yfirgripsmikil vísindagrein, aö sá, sem vill verða svo vel aö sèr í henni, aö hann sè hæfur til aö kenna hana öörum, svo vel fari og góöan ávöxt færi, má verja miklum hluta æfi sinnar til þess aö geta gegnt vel köllun sinni. Þaö er nú alkunnugt, aö kennslan viö háskólann í Kaupmannahöfn í Rómarèttinum er svo löguö, aö

hún geti gefið lögfræðingunum þá almennilegu lagalegu menntun, sem leiðir af því, að þekkja vel grundvallarreglur og höfuðákvarðanir Rómarèttarins; en kennsla þessi miðar eingan veginn til þess, að undirbúa menn, til þess að geta orðið háskólakennendur; því þeir, sem það vilja verða, geta, til þess að standa vel í köllun sinni, eingan veginn látið sèr nægjast með þá kennslu, sem einúngis miðar til þess, að geta tekið embættispróf, heldur verða þeir að afla sèr meiri frama í þessari vísindagrein, og í því skyni fara þeir optast til Þýzkalands, hvar Rómarèttur er kenndur eptir stærri mælikvarða en í Danmörku, af því hann þar sumstaðar er gildandi sem aukarèttur *(jus subsidiarium)*, þar sem landslögin þrjóta. Við 9. uppástúnguatriðið get eg þess, að það fer fram á þá ósanngirni, sem þíng þetta í öðrum málum aldrei hefir fallizt á; þar er nefnilega svo á kveðið, að ekkert sýslumannsembætti, skuli frá þeim tíma, sem lagaskólinn er stofnaður, veitast nokkrum svo kölluðum „dönskum júrista"; en þetta er, eins og áður á víkið, ósanngjarnt og ránglátt; því þeir, sem hafa tekið próf í dönskum lögum, áður en skólinn er stofnaður, ætti ekki að sviptast þeim rètti, sem þeir höfðu, þegar þeir tóku embættispróf.

Framsögumaður: Viðvíkjandi 1. atriði á atkvæðaskránni finn eg mèr skylt, að svara hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* um Rómarèttinn, að eg veit ekki betur, en það hafi verið og sè enn, að þeir, sem kenna Rómarèttinn við háskólann í Kaupmannahöfn, kenni líka annað; eg vil taka til dæmis prófessor Bang og prófessor Scheel; enda þyrfti ekki að kenna hann hèr svo nákvæmt, að sá sem kenndi hann, ekki gæti komizt yfir að kenna annað jafnframt honum. Um kostnaðinn, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður talaði um, þá er það satt, að sá styrkur, sem Íslendíngar njóta við háskólann í Kaupmannahöfn, ekki er goldinn úr ríkissjóðnum, nema þeir 40—50 rd., sem þeir fá í ferðakostnað, bæði þegar þeir koma og fara (*Arnljótur Ólafsson:* Þegar þeir fara til embættis). En það verður samt að gæta að því, að þessi kostnaður er goldinn af fè Dana, þó það sè ekki af ríkissjóðnum, og það eru því útgjöld, sem á Dönum hvíla, og sem þeir leggja fram.

Forseti: Eg verð að svara hinum háttvirta *konúngsfulltrúa*, að fyrst að hann furðaði á því, og heldur færði það til álass, að helzt til of lángar ræður hefði átt sèr stað um þetta mál, þar sem eingir þíngmenn hefði orðið til að hreifa mótmælum gegn nefndinni og uppástúngunum, þá get eg að vísu ekki samsinnt því, jafnvel þó eg vilji

sízt styðja of lángar umræður. Eg verð að biðja hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* að muna eptir því, að gegn þessari beiðni um skólann hafa megn mótmæli komið fram af hendi stjórarinnar, móti þessari uppástúngu, og bænarskrá hèðan tvívegis verið neitað frá stjórninni, og þá er það öldúngis rètt og náttúrlegt, að þíngmenn reyni til að koma með sem flest og sem bezt rök á móti mótbárum stjórnarinnar.

Konúngsfulltrúi: Eg skal með tilliti til þess, sem hinn háttvirti *forseti* sagði, benda honum og þínginu til, að til þess að láta í ljósi meiníngu sína þurfa ekki lángar ræður, því það er atkvæðagreiðslan, sem lýsir henni; enda gefur að skilja, að ef allir ætti að tala, til þess að láta í ljósi meiníngu sina, án þess að þeir upplýstu málið, þá yrði á fjölmennum þíngum þíngræðurnar aldrei á enda.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið, og vil eg því biðja þíngmenn að gánga til atkæða, samkvæmt atkvæðaskránni.

Síðan var geingið til atkvæða, og fèll atkvæðagreiðslan á þenna hátt:

Tölul. 1. Uppástúnga *H. Kr. Friðrikssonar*, undir tölulið 1. — samþykkt með 17 atkvæðum gegn 7.

—— 2. Fyrsta uppástúnga *nefndarinnar*, undir tölnlið 2. — samþykkt með 22 atkvæðum gegn 3.

—— 3. Önnur uppástúnga *nefndarinnar*, undir tölulið 3. — samþykkt með 22 atkvæðum gegn 3.

—— 4. Viðaukaatkvæði *Ólafs Jónssonar*, undir tölul. 4. — samþykkt með 12 atkvæðum gegn 9.

—— 5. Fyrri kafli 3. uppástúnguatriðis *nefndarinnar*, undir tölul. 5. — samþykktur með 22 atkvæðum gegn 3.

—— 6. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum, undir tölul. 6. — fellt með 11 atkvæðum gegn 7.

—— 7. Síðari kafli 3. uppástúnguatriðis *nefndarinnar*, undir tölul. 7. — samþykktur með 12 atkvæðum gegn 11.

—— 8. Viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar*, undir tölul. 8. — samþykkt með 13 atkvæðum gegn 9.

—— 9. Um 4. uppástúnguatriði *nefndarinnar*, undir tölul. 9. var leitað atkvæða með nafnakalli samkvæmt beiðni þíngmanna

já (sögðu):	nei (sögðu):
Páll Melsteð.	Brynjólfur Jónsson.
Gísli Brynjúlfsson.	Arnljótur Ólafsson.
H. Kr. Friðriksson.	Ásgeir Einarsson.
H. G. Thordersen.	Benidikt Þórðarsson.
Jón Hjaltalín.	Guðmundur Brandsson.
Jón Pétursson.	Halldór Jónsson.
Jón Sigurðsson frá Kaupmannah.	Indriði Gíslasson.
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
Páll Sigurðsson.	Magnús Andrèsson.
Stefán Eiríksson.	Ólafur Jónsson.
Sveinn Skúlason.	Pétur Pétursson.
	Stefán Jónsson.
	Vilhjálmur Finsen.
	Þórður Jónassen.

Var tölul. 9. þannig felldur með 14 atkvæðum gegn 11.

Tölul. 10. Var með nafnakalli eptir ósk nokkurra þingmanna leitað atkvæða um það, hvort rita skyldi konúngi bænarskrá, samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

já (sögðu):	nei (sögðu):
Páll Melsteð.	Pétur Pétursson.
Brynjólfur Jónsson.	Vilhjálmur Finsen.
Arnljótur Ólafsson.	Þórður Jónassen.
Ásgeir Einarsson.	
Benedikt Þórðarson.	
Gísli Brynjúlfsson.	
Guðmundur Brandsson.	
H. Kr. Friðriksson.	
Halldór Jónsson.	
H. G. Thordersen.	
Indriði Gíslason.	
Jón Hjaltalín.	
Jón Pétursson.	
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn.	
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	
Magnús Andrèsson.	
Ólafur Jónsson.	
Páll Sigurðsson.	

já (sögðu):

Stefán Eiríksson.

Stefán Jónsson.

Sveinn Skúlason.

Var það þannig samþykkt að rita skyldi bænaskrá til konúngs, með 22 atkvæðum gegn 3.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til ályktunarumræðu og atkvæðagreiðslu málið: *um sektir fyrir illa meðferð á skepnum. Framsögumaður* í málinu er hinn heiðraði þingmaður úr Norður-Múlasýslu. Og vona eg menn hafi atkvæðaskrá þá, sem prentuð hefir verið, fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í málinu, *um sektir fyrir illa meðferð á skepnum.*

1. Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar:*

   Að í staðinn fyrir: „50 rd." („60 rd.") (í uppástúngu nefndarinnar) verði sett: „30 rd."

2. Breytíngaratkvæði *nefndarinnar:*

   Að 1. uppástúnguatriðið verði þannig orðað:

   Hver sem verður uppvís að því, að hafa viljandi misþyrmt skepnum, hvort heldur sínum eigin eður annara, eður beitt við þær, einkum kvikfènað og önnur húsdýr, í meðferð eða viðurgjörníngi miskunarlausri harðýðgi að nauðsynjalausu, á að sæta sektum til hlutaðeiganda sveitarsjóðs allt að 50 rd., eða líkamlegri hegníngu eptir málavöxtum, og sèrílagi með tilliti til þess, hvort brotið er framið í fyrsta sinn eður ítrekað.

3. Breytíngaratkvæði *Benedikts Þórðarsonar:*

   Að 1. uppástúnga nefndarinnar verði þannig orðuð:

   Hver sem verður uppvís að því, að hafa viljandi og nauðsynjalaust misþyrmt skepnum — hverjum helzt sem eru — og hvort heldur sínum eigin eður annara, og að hafa á einhvern hátt beitt við þær í meðferð eða viðurgjörníngi miskunarlausri harðýðgi, eða af skeytíngarleysi stofnað þeim í kvalir og dauða, á að sæta sektum til hlutaðeiganda sveitarsjóðs frá 1 rd. til 50 rd., eða líkamlegri hegníngu eptir málavöxtum, og sèrílagi með tilliti til þess, hvort brotið er framið í fyrsta sinn eður ítrekað.

4. Breytíngaratkvæði *Stefáns Jónssonar:*

Að í staðinn fyrir orðin: „hestum, kúm, kindum og geitum“ (í tölul. 6), verði sett: *„kvikfènaði“*.

5. Breytíngar- og viðauka-atkvæði *Jóns Pèturssonar* við tölul. 6.:
   a, Að í staðinn fyrir orðin: „einkum hestum, kúm, kindum og geitum$_{\varepsilon}$, verði sett: *„einkum alidýrum“*.
   b, Að orðin: „eða vísvitandi af skeytíngarleysi stofni þeim í kvalir og dauða“, sè úr felld.
   c, Að á eptir orðin; „miskunarlausri harðýðgi“, sè bætt inn í: *„eins hver sá, er hefir við haft kvalafullar veiðibrellur, eða að nauðsynjalausu kvelur dýr eða fugla, þó einginn sè eigandi peirra“*.
   d, Að eptir orðin: „málavöxtum“, sè inn í bætt: *„allt að 20 vandarhöggum“*.
6. *Nefndin:*

   Að þíngið biðji um lagaboð þannig orðað:

   Hver, sem verður uppvís að því, að hafa viljandi misþyrmt skepnum, hvort heldur sínum eigin eða annara, einkum hestum, kúm, kindum og geitum, eður beitt við þær í meðferð eður viðurgjörníngi miskunarlausri harðýðgi, eða vísvitandi af skeytíngarleysi stofnað þeim í kvalir og dauða, á að sæta sektum til hlutaðeiganda sveitarsjóðs allt að 60 rd., eða líkamlegri hegníngu eptir málavöxtum, og sèrílagi með tilliti til þess, hvort brotið er framið í fyrsta sinn eður ítrekað.
7. Viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar:*

   Á eptir orðið (í tölul. 6.): „skeytíngarleysi“, verði bætt inn í: *„eða óráðþægni við sveitarstjórnina“*.
8. Uppástúnga *Páls Sigurðssonar:*

   Að þíngið riti konúngi bænarskrá þess innihalds, að frumvarp (um þetta mál) verði lagt fyrir næsta þíng.

Málið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Halldór Jónsson): Nefndin hefir, eins og hún ráðgjörði við undirbúníngsumræðuna, lagað nokkuð niðurlagsatriðið í nefndarálitinu, og hefir haft nákvæmt tillit til athugasemda þeirra, er ýmsir þíngmenn gjörðu um málið, og það er ósk og von nefndarinnar að þetta hafi tekizt svo, að þíngið fallist á breytínguna. Um breytíngaratkvæðin skal eg að eins fara fáum orðum; 4. breytíngaratkvæðið er tekið til greina og aukið með orðunum: „og önnur húsdýr“, og sett á þann stað, er betur þótti við eiga, því það eru þessar skepnur, sem menn hafa undir hendi, og eiga að sjá fyrir

fóðri. 3. Breytíngaratkvæðið er, eða þó á að vera samrar meiníngar og niðurlag nefndarálitsins, sem hinn heiðraði þíngmaður hefir ætlað að laga; en eg held, að það hafi fremur aflagazt en lagazt; í fyrsta atriðinu hefir hann bætt inn í orðinu „nauðsynjalaust“, en það á þar ekki eins vel við, eins og í næsta atriði, þar sem nefndin hefir sett það; svo hefir hann samteingt þessi tvö atriði með „og“ í staðinn fyrir „eða“, svo eptir breytíngaratkvæði hans þyrfti maður, til að verða sekur við skepnur, bæði að misþyrma þeim, og að beita við þær í meðferð eða viðurgjörníngi miskunarlausri harðýðgi, en nefndin áleit hvort um sig næga sök; og seinasta atriðinu hefir hann haldið að mestu; en nefndin hefir sleppt því, af því allt, sem til álita getur komið eptir því, má heimfæra undir annað atriðið. Breytíngaratkvæði hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns undir staflið *a* og *b* hefir nefndin tekið til greina, nema hvað hún hefir brúkað orðið „húsdýr“ fyrir „alidýr“; stafliðurinn „*c*“ held jeg sè óþarfur, því þegar menn eru búnir að ná einhverri skepnu, sem einginn átti áður, fara þeir með hana sem sína eign, og geta því orðið sekir fyrir illa meðferð hennar.

Guðmundur Brandsson: Það er nú, eins og eg við undirbúníngsumræðuna sýndi fram á, ekki gott að koma lögum yfir þetta, og því hefi eg tekið mèr breytíngaratkvæðið undir tölulið 1., að í staðinn fyrir „50 rd.“ („60 rd.“ í uppástúngu nefndarinnar) verði sett: „30 rd.“, og þætti mèr vel skipast, ef þessir 30 rd. næðist og svo þaðan af minna; en eg held helzt það náist ekkert, því það er ekki hægt að koma lögum yfir þetta, en þíngið ræður, hvað það vill gjöra. Eg held nú það sè bezt, að fresta þessu máli, og því vil eg halla mèr að uppástúngu þíngmannsins úr Rángárvallasýslu, undir tölulið 8. Hin breytíngaratkvæðin skal eg því ekki tala um; einúngis vil eg lítið eitt minnast á það, sem stendur undir tölulið 5. staflið *c*, þar sem talað er um kvalafullar veiðibrellur á þeim dýrum, sem einginn hafi eignarrètt yfir. Eg skil nú ekki, hvernig fara á að taka þetta inn í lög; því eptir því, ef það yrði samþykkt, má ekki skjóta á fugl, eða eitra fyrir tóu, eða valskir, eða krækja lunda, og margt fleira, því þetta getur allt misheppnazt, skepnan sloppið, og kvelst þá, en það er þó ekki gjört að nauðsynjalausu, og því skil eg ekki hvernig á að koma því fyrir. Líka vil eg minnast á viðaukaatkvæðið undir tölulið 7., því yrði því framgeingt, að þetta yrði lög, er ekkert að því, að aðhyllast það; það getur eins komið fyrir, að einhver stofni skepnum sínum í kvalir og dauða, af óráði og mótþróa,

eins og af einhverri illmennsku eða skeytíngarleysi, og þá á sveitarsjóðurinn sanngjarna heimtíngu á bótum fyrir það, en í rauninni liggur mèr það í lèttu rúmi, hvað af þessu verður aðhyllzt, því eg er í rauninni á móti því öllu.

Framsögumaður: Nefndin felldi úr seinasta atriðið úr niðurlaginu, til þess að lagaboðið yrði ekki of yfirgripsmikið, sem valda kynni ýmislegri útleggíngu; annað atriðið felur í sèr allt, sem nauðsynlegt er. Stafliður „*d*“, í breytíngaratkvæði hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns, finnst mèr ekki komast vel að; kæmi það inn í, held eg orðin: „eptir málavöxtum“, yrði helzt að heimfæra til hinnar líkamlegu refsíngarinnar, en nefndin vildi að þau einnig skyldi heimfærast til sektanna.

Ólafur Jónsson: Það hefir verið stúngið upp á, að skjóta málinu á frest, en eg sè einga þörf á því, að fara að ræða þetta mál á næsta þíngi, og eg sè ekki að það sè til annars, en auka með því kostnað; eg held, að þetta sè einúngis sprottið af misskilníngi á lagaboðinu, en hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* benti þó við undirbúníngsumræðuna til þess, líklega af því hann hefir óttazt fyrir misskilníngi og viljað fyrirbyggja hann, að það væri ekki ætlazt til, að þetta lagaboð næði út yfir öll þau tilfelli, sem um hefir verið talað af þíngmönnum,. til dæmis: ef einn setur svo óforsjállega á hey sín, að hann missir úr hor. Það er ekki tilgángurinn, að lagaboðið nái yfir þessi tilfelli, heldur eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir tekið fram, miðar það til að fyrirbyggja, að skepnum, sem menn hafa undir höndum, yrði misþyrmt. Mèr sýnist því málið vera mjög einfalt og óbrotið, og því er ekki ástæða til að fresta því, það er ekki nema til að baka nýjan kostnað. Eg fellst því á uppástúngur nefndarinnar eins og þær nú eru, en vil hafna öllum breytíngaratkvæðunum.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að styðja orð hins heiðraða þíngmanns frá Húnavatnssýslu, að það sè einúngis til að auka óþarfan kostnað að biðja um, að nýtt frumvarp sè lagt fyrir um þetta mál. Eg ræð þínginu til, að fallast á uppástúngur nefndarinnar, en fella öll hin uppástúnguatriðin.

Jón Pètursson: Eg ætlaði að eins að tala lítið eitt um breytíngar- og viðaukaatkvæði mitt undir tölul. 5. Nefndin hefir aðhyllzt tvö hin fyrstu þeirra, eður breytíngaratkvæðin undir bókstöfunum *a* og *b*; því eg ætla ekki að fá mèr til, þó nefndin hafi ekki getað aðhyllzt að hafa orðið „alidýr“, heldur hafi haft „húsdýr“, líklega af

því henni hefir þótt hitt of íslenzkulegt, og þetta stendur mèr á sama, og ætla því ekki heldur að mæla meira með því; líka hefir nú nefndin sleppt að vilja láta hegna þeim, sem „vísvitandi af skeytíngarleysi stofnuðu dýrum í kvalir og dauða“, og var þetta rètt gjört af henni, því skeytíngarleysið getur aldrei verið orsök til þess, að menn gjöri eitt vísvitandi; en eg skal ekki fást meira um þetta, fyrst því er sleppt af nefndinni nú í því breytíngaratkvæði hennar, sem er undir tölulið 3. Nefndin hefir þar á móti eigi viljað fallast á 5. breytíngaratkvæði mitt, undir staflið *c*. Eg get nú ómögulega skilið í því, hvers vegna það á að vera leyfilegt, að kvelja dýr, sem eginn á, en hegníngarvert að kvelja dýr, sem eru í eign manns; það er eðlilegt, að það væri munur á hegníngunni, en óeðlilegt, að eingin hegníng skuli við liggja, þó dýr, sem í einkis eign eru, sè kvalin; eg get að minnsta kosti ekki skilið það. Eg þekki mörg dæmi hèr á landi upp á það, að maður hefir kvalið dýr, sem var í einkis eign, á þann hátt, að það var auðsjáanlega hegníngarvert; því það verðskuldar hegníngu, að nota sèr þrælslega þá yfirburði, sem guð hefir gefið manni yfir dýrunum. Það svívirðir mannlega náttúru. Það var maður, sem átti varp; örn lagðist á varpið, hann náði örninni plokkaði hana lifandi og sleppti henni svo; þetta álít eg nú hegníngarvert og get ekki skilið, hvers vegna menn eiga að mega kvelja þessi dýr að gamni sínu, ef það er hegníngarvert að kvelja þau dýr, sem einhver á; eg get ei skilið að það sè ekki saknæmt; að minnsta kosti þykist eg vel geta verið þekktur að því, að hafa þessa meiníngu, þó aðrir kunni að hafa annað álit á þessu. Það er ekki meiníng mín með „kvalafullar veiðibrellur“, að það eigi að refsa hverjum þeim, sem ætlar að veiða dýr, en missir þess; skot er t. d. kvalafullt, að því leyti það sviptir lífinu, en þess konar er eptir almennum hugsunarhætti ekki kallað kvalafullar veiðibrellur. En það eru til veiðibrellur, sem ómögulega geta álitizt ósaknæmar, þegar þær eru þannig lagaðar, að leingi eru að kvelja dýrið, áður en þær loksins geta murtað úr því lífið, t. d. Danir hafa eins konar króka við selaveiði, og eg hefi heyrt Íslendíngum láð, að þeir ekki brúkuðu þá líka. Þessir krókar eru festir við skerin, selurinn skríður upp á skerið, krókarnir festast í magann á selnum; hann liggur svona kann ske marga daga, þángað til gefur að vitja um; það er betra að vera án sels, en veiða hann svona. *Framsögumaður* sagði, ef það, sem veiða á, næðist, þá væri það komið í eign manns, og ef því væri úr því misþyrmt, þá hlýddi það undir uppástúngu nefnd-

arinnar. En ef það sleppur aptur, er það þá veiðimannsins eign? Ætla þeim, sem tekur það úr því, yrði refsað eins og þjófi, þó hann vissi, að hinn hefði veitt það, en misst það síðan, eður mundi hann geta geingið að því sem eign sinni, ef einhver næði því aptur seinna? Eg held ekki. Dýrið getur ekki sagzt verða eign veiðimannsins, fyrri en hann hefir drepið það; en drepi hann það eigi, heldur láti það lifa, eignast hann það ekki, nema hann setji það í svo rambyggilegt varðhald, að það komist eigi burtu, eður hann setji á það eitthvert auðkennilegt eignarmark sitt, og þau hafa menn eigi nú, t. a. m. á fuglum, eður hann geti tamið það. En þó ekkert sè um þetta í danska lagabočinu, þarf ekki að ónýta það þar fyrir. Mèr finnst að sè þetta ósaknæmt, þá sè einnig ósaknæmt að misþyrma dýri, sem er undir eignarráðum eins; því þó hrafn sè alinn upp og taminn og honum misþyrmt, þá er það eptir minni meiningu ekki hegníngarverðara, en að ná hrafni, og kvelja hann að gamni sínu.

Magnús Andrèsson: Af því eg ekki talaði neitt við undirbúníngsumræðu þessa máls, vil eg gjöra grein fyrir atkvæði mínu, svo það sjáist í þíngtíðindunum, hvernig atkvæði mitt hneigist. Eg get nú ekki fallizt á breytíngaratkvæði, sem gjörð eru við nefndarálitið, því þau bæta það ekkert, eins og það nú er eptir seinasta frágáng nefndarinnar; flest þeirra eru ekki nema smá-orðabreytíngar, sem eigi gjörir mikið til; en samt getur það eigi átt sèr stað, að lög nái yfir allt; því sitt er að hverju. Eg vil ekki fresta málinu, því bæði hreifir lík tilfinníng sèr í mínu eigin brjósti, og lög eru þörf í þessu efni.

Benedikt Þórðarson: Mèr nægir fyrir mitt leyti, að eg get ráðið það af ræðum þíngmanna, að málefni þessu, sem hèr ræðir, verði framgeingt á sem beztan hátt, eptir faungum þeim, sem fyrir hendi eru, og þarf eg því ekki að tala margt um breytíngaratkvæði mitt; það verður sjálft að halda svörum uppi fyrir sig, ef það getur það; það er nú fyrst og fremst byggt á niðurlagsuppástúngu nefndarinnar, en nú hefir nefndin sjálf komið fram með breytíngaratkvæði, sem mjög líkist mínu; hinn heiðraði *framsögumaður* hefir hèr gætt stöðu sinnar, og tekið fram í tölu sinni nokkur en ekki öll orð þau, sem í atkvæði mínu eru, en ekki nefndarinnar, og hefir hann fundið sitt að hverju og skilst mèr ekkert af því. Orðið „nauðsynjalaust“ þykir honum á raungum stað hjá mèr, en eg held það ekki; því er það ekki opt, að svo getur á staðið, að nauðsyn og skylda heimti að menn misþyrmi skepnum? t. a. m. er það ekki misþyrmíng í meira

lagi, að spreingja hestinn undir sèr af ofreið? En mega þeir, *læknir*inn og presturinn meta það svo grannt, þó svo geti farið, þegar líf manns liggur við, að þeir hraði sem mest ferðinni? Eg held ekki; orðunum: „hverjum helzt, sem eru“, gat hann að eingu; þeirra þurfti nú helzt að geta, því í þeim liggur líknarmálið handa öllum skepnunum yfir höfuð; við þau varð og hjá komizt að telja upp fáeinar, en láta margra ógetið, eins og nefndin gjörði. Orðin: „eða af skeytíngarleysi stofnað þeim í kvalir og dauða“, vildu margir nema burt hjá nefndinni, en eg hèlt þeim þó, og fannst mèr þau þyrfti að vera. Það sem áður er sagt, miðar að eins til verklegrar framkvæmdar; en er það nóg að gjöra *ekki* illt? Á maður ekki þess utan að gjöra gott; er það nóg, að leggja ekki hendur á skepnuna til að drepa hana að þarflausu, á maður ekki líka að sjá borgið lífi hennar, þegar því er hætta búin, og hirða um að bjarga því? Er það rètt að sjá skepnuna á flæðiskerinu, og geta komið henni þaðan, en nenna því ekki, en bíða heldur þess, að hún kafni þar? Það sýnist mèr þó ekki.

Um hin atriðin á atkvæðaskránni tala eg ekkert, því það nægir hèr sem máltakið segir: „að hver skari eld að sinni köku“.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Nefndin hefir nú lagað svo álit sitt, að eg er miklu betur ánægður með það en áður, eg held þess vegna flest breytíngaratkvæðin óþörf; það má, eins og sá heiðraði *framsögumaður* sagði, draga flestar skepnur undir lög þessi, ef þau eru orðnð eptir atkvæði nefndarinnar; því þykir mèr breytíngaratkvæðin þess háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns, sem eru undir tölulið 5., vera öldúngis óþörf, og ekki við eigandi; því þar sem hann tók dæmið af manninum, sem plokkaði örnina, upp á kvalafullar veiðibrellur, þá átti það ekki þar við; maðurinn hefir fyrst veitt örnina, og þegar hann var búinn að veiða hana, svo var hún hans eign; svo plokkaði hann eða kvaldi hana; þar kvaldi hann sína skepnu, og straffast fyrir það eptir þessum lögum, því nefndin hefir skýrlega fram tekið þess háttar. Eg held eg hallist því að áliti nefndarinnar, þó mèr hefði þótt það æskilegra, eins og eg sagði við undirbúníngsumræðuna, að lagaboði þessu hefði fylgt ákvörðun um, hvernig þessi mál ætti að höfðast; þá er líklegt að stjórnin hafi gætur á að gjöra þá ráðstöfun, og veit eg því ekki, hvort mèr þykir tilvinnandi þess vegna, að fallast á 8. uppástúnguna, sem stendur hèr, eður að tefja fyrir málinu.

Stefán Jónsson: Eg felli mig nú betur við uppástúngu nefndarinnar eptir þær breytíngar, sem hún hefir gjört; eg álít því mitt

breytíngaratkvæði óþarft, svo það getur fallið úr, af því það sè tekið inn í fyrri hlutann af uppástúngum nefndarinnar. Menn hafa haldið, að þeir mundi sæta sektum, sem felldi úr hor, og því gjört breytíngaratkvæðið undir tölulið 7.; en eg er ekki viss um, að það eigi alls kostar vel við; því það er ekkert að því, þó mönnum verði hugföst meiri varkárni í þeim efnum, og það yrði að líkindum þegar menn vissi, að hegna má fyrir slíkt; en það er annað ráð við því, og það er: að menn ráðfæri sig við sveitarstjórnina og fengi hana til að ráðleggja sèr og fylgdi svo ráðum hennar um ásetníngunа, þá er fyrirbyggð kæra, þó ekkert breytíngaratkvæði sè tekið. En eg vil ekki fresta málinu; því eg sè ekki, að það vinnist neitt við það, en það er kostnaðarauki; því þó frumvarp kæmi, er ekki sagt, að það yrði betra en þetta; eg álít því uppástúngur nefndarinnar beztar.

Jón Hjaltalín: Eg hefi nú yfirvegað þetta mál; en þótt eg nú fúslega játi, að breytíngaratkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns sè sprottin af næmri og hrósverðri tilfinníngu, vil eg biðja hann að gá að því, að í náttúrunni verður ekki komizt hjá, að dýrin líði fyrir manninn; þau eru líka lögð undir mannsins vald, og það, að eigi megi brúka kvalafullar veiðibrellur, getur misskilizt svo, að ekki megi skjóta dýr eða veiða; því dýrið getur miszt og þá kvelst það eptir skotið. Hvað óargadýr snertir, þá skal eg nú játa, að eg hefi ekki mikla tilfinníngarsemi fyrir þeim, sem leggjast á fènað og önnur dýr, og rífa þau í sundur; eg held eg hlífist ekki við að skjóta tóu, sem kann ske bítur lambið mitt, ef hún sleppur. Hvað dæmið um selina snertir, þá er það illt fyrir tilfinníngu manna; en það þarf ekki lagaboð um það; því sè þessir krókar brúkaðir, þá gjöra menn sèr far um að taka fljótt af þeim; viðvíkjandi öðrum dýrum t. a. m. hrædýrum, þá er hart að hegna fyrir það, þó menn vængbrjóti fugl; því þó tilgángur uppástúngumanns sè góður, þá á það samt varla við. Annars yrði líka stundum ómögulegt að veiða t. a. m. hvali; þá veiða menn þannig, að þeir leggja þá með járnfleygum; hvalurinn fer sína leið með fleyginn í sèr, og svo grefur um hann og fiskurinn deyr af því, og svo rekur hann upp; það væri þó hart að meina mönnum slíka veiði. Áhrærandi hin breytíngaratkvæðin, þá held eg mótbárurnar gegn þeim sè á góðum rökum byggðar, einkum því undir tölulið 8.; því það er ógjörníngur að fresta því, lángtum nær að flýta því, þar málið er einfalt; nú hefðum vèr þá eytt tíma til þess, án þess það sè sagt, að það

yrði betra, þegar það kæmi aptur en nú, og því get eg ekki fallizt á þetta breytíngaratkvæði, en einúngis á uppástúngu nefndarinnar.

Þórður Jónassen: Við undirbúníngsumræðuna tók eg það fram, að eg væri hræddur um, að málið gæti ekki núna orðið þannig úr garði gjört, eins og óskandi væri, og eg hneigðist því til að fresta því. Eg sagði þetta ekki í þeirri veru, að eg vildi fella málið, heldur einúngis af þeirri ástæðu, að mèr var annt um málið í sjálfu sèr. Eg held nú að málið geti orðið þannig útbúið frá þínginu, að það verði frambærilegt, og geti komið að gagni, og þá er mèr lokið. Sýni reynslan eptir á, að eitthvað þurfi að laga, eður að umbæta, þá má biðja um það, og þíngið hefir híngað til ekki kynokað sèr við,að biðja um það í öðrum málum, og þá má það eins í þessu.

Páll Sigurðsson: Eg er nú ekki spámaður, en samt er eg ekki sannfærður um, að ekki sè biðin það bezta með þetta lagaboð nú, því eg er óttasleginn fyrir, að út um landið verði margar og ýmislegar skoðanir um þetta mál, eins vel eins og hèr í salnum, og eg veit ekki til, að um þetta hafi komið aðrar bænarskrár, en þessi eina núna, og það virðist mèr sýna, að þjóðinni ekki þykir þurfa lagaboð um þetta, enda veit eg ekki til, að lögfræðíngar hafi komizt í nein vandræði, þó þeir hafi neyðzt til að dæma eptir álitum, af því eingin lög væri hèr til um þetta efni; því er ekki sagt, að annað sè kostnaðarminna, en að fresta því. Sagt hefir verið, að þyrfti lög um ásetníngar; í því efni er að vísu mikið ábótavant og töluvert skeytíngarleysi, en það fer þó batnandi, og þjóðin er farin að sjá, að betri hirðíngu þarf á skepnum, og þó kom ekkert lagaboð út um það, þegar það var vest, og því þarf varla lagaboð nú, þegar það er á framfaravegi. Selaveiðabrellur þær í Danmörku, sem á var minnzt, eru ekki brúkaðar hèr, og því þarf ekki lög gegn því; það væri að smíða neglu í skip, sem ekki væri til. Eg held að það sè einhver gömul lög til um það, þegar skepnum er misþyrmt af ásetníngi, t. a. m. beinbrotin, stúngin eða þrælslega misþyrmt; en því er betur, að slíkt kemur sjaldan fyrir hèr á landi; þetta eru líka nokkurs konar sakalög, og því snerta þau mikið persónuleg rèttindi manna, og því er betra, að lagaboðið sè nákvæmt og vandað; þar til geingur það inn á eignarrèttinn, sem menn eiga yfir dýrunum; og verði beðið um þetta, eins og það nú liggur fyrir, þá finnst mèr að lög yrði mjög óákveðin, en þess hægra veitir bæði að fara í kríng um lagaboðið, og eins að draga út úr því ýmsar þýðíngar, og beita þeim margvíslega til áfellis eða sýknar, og álít eg því, að landsmenn

gæti haft það gott af frestinum, að lagaboðið yrði betur af hendi leyst, en eg álít það muni nú verða. Hèr er eingin ákvörðun um, hvort sókn til sekta fyrir afbrot gegn því skeða sækist sem opinber eða *privat,* og fleira þess háttar, svo meiníng mín hefir ekkert breytzt, síðan eg tók mèr það breytíngaratkvæði; en verði lagaboðinu breytt síðar, þá er ekki kostnaðurinn minni, en þó því sè frestað nú. Eg skal ekki neita því, að mèr falla betur uppástúngur nefndarinnar; en breytíngaratkvæðin bæta lítið úr. Fallist því þíngið á málið nú, eins og mèr þó finnst það nú liggja fyrir, þá ætla eg að greiða atkvæði móti því, að það verði, svona lagað, gjört hèr að gildandi lögum.

Framsögumaður: Eg skal ekki gefa tilefni til, að umræðurnar verði lángar, um svo einfalt og óbrotið mál, með því að svara aðfinníngunum orði til orðs, því síður sem þær hjá flestum hafa verið mjög vægilegar. Mèr gleymdist áðan að minnast á breytíngaratkvæðið um, að sektirnar mætti ei verða hærri en „30 rd.“; eg get ekki fallizt á þetta; það er vel aðgætandi, að sektirnar mega gánga allt að „50 rd.“; eptir málavöxtum geta þær eins fyrir það verið að eins 1 eða 2 rd.; en eg vil ekki, að dómarinn sè bundinn við „30 rd.“, ef það er álit hans, í einhverju sèrlegu tilfelli, að þær ætti að vera hærri. Hinn háttvirti þíngmaður Barðstrendínga vill láta orðið „nauðsynjalaust“ heyra til fyrra atriðisins, af því hann misskilur greinina, og heimfærir það til fyrra hlutans, sem nefndin vill láta vera innibundið í því síðara, t. a. m. að hestum sè ofþjakað á reið eða með þúngum klyfjum; þetta liggur þó beinlínis í orðinu „meðferð“ eptir venjulegri brúkun þess. Sami misskilníngur kom einnig fram í ræðu hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns. Breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Strandasýslu geingur leingra, en nefndin ætlaðist til, og svo er eingin misþyrmíng eða ill meðferð skepna, sem lagaboðið á að hljóða um, beinlínis fólgin í óráðþægni við sveitarstjórnina, þó þetta vel geti leitt af henni. Það er óþarfi, að hrekja það, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður fann að orðunum í nefndarálitinu *„vísvitandi af skeytíngarleysi“;* því nefndin hefir nú sleppt þeim út; en ekki get eg fundið í þeim rángmæli, því menn geta gjört eitthvað *vísvitandi af illvilja,* og líka einúngis af skeytíngarleysi. Fuglinn, sem henn talaði um, að skotinn kynni að verða, en fljúga burt á eptir, mætir ekki eptir það misþyrmíngu; en örnin, sem hann líka tók til dæmis, má heimfær-

ast undir þann flokk skepna, sem maður sjálfur á, úr því hann hafði hana á valdi sínu.

H. G. Thordersen: Eg hefi áður látið í ljósi meiníngu mína um þetta mál, og ætla því ekki að fara að taka það upp aptur, heldur einúngis lýsa því, að hún er hin sama enn þá, og eg verð að álíta það sorglegt, ef að málinu nú yrði frestað; eg mun greiða atkvæði mitt í sömu stefnu og uppástúngur nefndarinnar eru, sem eg verð að álíta að hafi leyst ætlunarverk sitt vel af hendi á svo stuttum tíma; en eg vil vekja athygli þíngsins að því, ekki að hrinda því máli frá sèr, sem stendur í svo nánu sambandi við ráðvendni og siðferðislegar tilfinníngar, og því, sem viðtekið er á meðal allra siðaðra þjóða. Um breytíngaratkvæðin ætla eg ekki að tala, þó mèr þyki ekkert að því, sem stendur undir staflið 5., tölulið *c*, ef „kvalafullar veiðibrellur" er sleppt úr, sè bætt inn í á eptir: „miskunarlausri harðýðgi", því það er öldúngis í sömu stefnu og uppástúngur nefndarinnar, og eg vil eins og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, votta hinum 5. konúngkjörna þíngmanni virðíngu mína fyrir það; því það er samkvæmt tilfinníngu minni. Um hin breytíngaratkvæðin ætla eg ekki að tala; eg er ekki samþykkur þeim.

Indriði Gíslason: Eg vil einúngis geta þess, að eg felli mig bezt við breytíngaratkvæði nefndarinnar, en þó svo, að í stað „50 rd." verði settir „30 rd.", eins og er í breytíngaratkvæðinu undir tölulið 1.

Framsögumaður: Ef þíngið aðhyllist þann hluta af breytíngaratkvæði hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns, sem fèkk meðmæli hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns, kæmi orðin: „að nauðsynjalausu" kann ske illa við, af því þau stæði tvisvar hvað eptir annað. Það gladdi mig, að hinn háttvirti þíngmaður Rángvellínga aðhylltist þó helzt breytíng nefndarinnar, og óttast því síður spár hans um hænarskrár, er að muni dynja, þó þíngið nú þegar beiddi um lagaboð.

H. Kr. Friðriksson: Eg vildi að eins minnast á breytíngaratkvæðið undir tölulið 5., og þá það undir staflið *d;* það var ekki rètt af *framsögumanni*, þar sem hann sagði, að „eptir málavöxtum" ætti ekki við, því líkamleg refsíng kallast ekki að eins hýðíng, heldur líka vatns og brauðs hegníngin og hegníngarvinnan, t. a. m. æfilángt erfiði; en það er þó ekki ætlun nefndarinnar, að svo skuli vera; en eins og nauðsynlegt þykir, að ákveða, hvað háar sektirnar skuli vera, eins hlýtur að vera nauðsynlegt að ákveða, hversu mikil hin líkamlega refsíng mest má vera, því sè nauðsynlegt að ákveða, að

fjársekt megi að eins ná til 50 rdl. en ekki 51 rdl. þá er ei síður nauðsynlegt að fyrirbyggja, að dómararnir dæmi til æfilángs erfiðis fyrir misþyrmíngu á skepnum; en þótt viðaukaatkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns sè tekið, getur það eigi valdið neinum misskilíngi, því að eptir aðgreiníngarmerkjunum getur „eptir málavöxtum“ hjá nefndinni ekki átt við sektirnar, og því er betra að ákveða, hvað há líkamleg refsíng má vera.

Pètur Pètursson: Eg vil spyrja *forseta* og þíngið um það, hvort ekki megi bera þessi orð í 2. gr. á atkvæðaskránni: „hvort heldur sínum eigin, eður annara“ upp sèr, því fèlli það úr við atkvæðagreiðsluna, yrði breytíngaratkvæðið undir tölulið 5., staflið c, óþarft; því uppástúnga nefndarinnar yrði þá orðuð svo, að hún yfir gripi allar skepnur, og aðhylltist eg þá uppástúngu nefndarinnar, ef hún er svona orðuð; þar er tekið fram einkum kvikfènaður og húsdýr og þar er eignarrèttinum gefið það gildi, sem hann á.

Framsögumaður: Þó eg felli mig ekkert illa við breytíngaratkvæði hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns, vil eg þó geta þess, að nefndin vildi með þeim umtöluðu orðum benda til þess, að eignarrètturinn gæfi eingan rètt til að fara illa með skepnur. Að takmarka líkamlega refsíngu, fannst nefndinni ei svo nauðsynlegt, þar hún mundi helzt taka við, þar sem sektunum sleppti.

Konúngsfulltrúi: Eg vil ekki ráða þínginu til að fella út orð þau, sem hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður rèð til. Eg sè ekki heldur að það sè nauðsynlegt, til að fella breytíngaratkvæðið undir tölulið 5. *c*, því það ætti að falla, hvort sem er. Þess er nefnilega gætandi, að eingin getur kvalið dýr, nema hann hafi hendur á því eða hafi veitt það, en hafi einhver löglega veitt dýr, þá er það dýr orðið hans eign; sýni því einhver þess konar dýri misþyrmíngu nauðsynjalaust, verður hann fyrir það hegníngarverður, eins og hann hefði misþyrmt hverju öðru tömdu dýri. En veiði hann ólöglega, þá veiðir hann þeim, sem lóð á, og þá er dýrið annara eign.

Ásgeir Einarsson: Þetta mál er nú orðið nokkuð fjölrætt, en það mun þykja ræktarlegra af mèr, að eg láti ei bera þenna króa, sem eg á á atkvæðaskránni til grafarinnar þegjandi, en eg held að eg hafi nú samt ekki mikið fyrir því; ekki þarf að reiða hátt höggið, til að fella atkvæði þetta, því nefndin hefir lokað það úti, og látið upp í dyrnar með því, að fella burt þetta orð „skeytíngaleysi“; en með því hefir hún fleigt burtu því eina frækorni, sem var af íslenzkri rót í nefndarálitinu; en aptur koma útlendu veiðibrellurnar inn

í málið, verði breytíngaratkvæði þess 5. konúngkjörna þíngmanns samþykkt, þó eg sjái ekki eptir þeim; en þetta væri mikil hvöt fyrir mig, til að greiða atkvæði fyrir uppástúngunni undir tölulið 8., þó eg gjöri það varla.

Brynjólfur Jónsson: Eg vil að eins lýsa því yfir, að eg greiði atkvæði með uppástúngum nefndarinnar með þeim breytíngum, sem þar eru áorðnar frá nefndarinnar hálfu. Hvað greinina undir tölulið 2. snertir, þá virðist mèr ógjörníngur, að leggja hegníngu við allri misjafnlegri meðferð á skepnum. Eg veit um á Vestmannaeyjum, að menn eru þar ekki ætíð sjálfráðir um, hvernig fer um skepnurnar; sauðfènaðinn verður að hafa á úteyjum, sem opt er ómögulegt að komast út í á vetrum, svo eiga verður á hættu, hvort þær lifa eða deyja. Eins er það um hesta; þar er lítið haglendi og ekkert hey handa þeim; þeir verða að deyja, ef þeir geta ekki lifað; því hvorki hafa menn þar fóður fyrir sauðfè nè hesta. Það er allt undir veðrinu og náttúrunni komið; í góðum vetrum geingur það vel, en þegar harðan vetur ber að, þá er allt undir kasti komið, og svona er það víðar á eyjum. En dómarinn verður að taka tillit til kríngumstæðanna á hverjum stað, því þó skepnan þannig fyrirfarist eða líði nauð, móti vilja og vitund manna, getur það ekki orðið til áfellis.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg því láta gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Síðan var geingið til atkvæða og fèllu þau þannig:

Tölul. 1. Bregtíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar,* fellt með 16 atkvæðum móti 5.

—— 2. Breytíngaratkvæði *nefndarinnar:*

Var það *fyrst* borið upp þannig, að samkvæmt uppástúngu *Pèturs Pèturssonar* voru felld úr orðin: „hvort heldur sínum eigin eða annara“, og var greinin þannig upp borin, samþykkt með 19 atkvæðum móti 4.

Síðan var borið undir atkvæði, hvort skjóta skyldi þeim áður slepptu orðum inn í greinina, svo hún hèldi sèr, eins og nefndin hafði stúngið upp á, og var það samþykkt með 16 atkvæðum móti 4.

Voru þar með fallnir töluliðirnir 3., 4., 6. og stafliðirnir *a* og *b* undir 5. tölulið.

Síðan var borið upp:

Tölul. 5. *c.* þannig, að úr voru felld, samkvæmt uppástúngu *H. G. Thordersens* og *Jóns Hjaltalíns,* orðin: „hefir við haft kvalafullar veiðibrellur“, fellt með 18 atkv. móti 6.

—— 5. *d.* — fellt með 17 atkv. móti 4.

—— 7. var tekinn aptur af uppástúngumanni.

Síðan var leitað atkvæða um, hvort biðja skyldi um lagaboð samkvæmt því, sem fallizt var á með atkvæðagreiðslunni, og var það samþykkt með 22 atkvæðum, og var uppástúnga *Páls Sigurðssonar,* undir tölulið 8., þar með fallin.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til undirbúníngsumræðu, nefndarálit í málinu um *endurgjald varðkostnaðarins í Vestur-Skaptafellssýslu,* o. s. frv. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga.

Var svo nefndarálitið afhent *framsögumanni,* er las það upp.

„Alþíngi hefir kosið oss, er ritum hèr undir nöfn vor, í nefnd til þess, að íhuga bænarskrá, er komið hafði til þíngsins frá Vestur-Skaptfellíngum, og sem fer því fram, að fá varðkostnað þann, er þeir höfðu á Skaptártúngu afrèttum og fram með Fúlalæk, sumurin 1857 og 1858, endurgoldinn af jafnaðarsjóði suðuramtsins; upphæð kostnaðar þessa er samtals 457 rd. 64 sk. Seinna kom til þíngsins uppástúnga frá þíngmanni Rángvellínga, um varðkostnað fram með Markarfljóti að austanverðu, frá Þórsmörk í sjó fram, og frá Þórsmörk norður að Torfajökli, og þaðan að Túná, og er kostnaðarreikníngur þessi samtals 239 rd. 88 sk., og fer uppástúnga þessi í sömu stefnu og bænarskráin, að kostnaður þessi verði borgaður af jafnaðarsjóði suðuramtsins, eður öðru því fè, sem haft er til útgjalda í kláðamálinu.

Þá vèr nefndarmenn höfðum haft fund með oss, kom oss ásamt um, að rita amtmanninum í suðuramtinu; vèr sendum honum þá brèf 13. þ. m. og báðum hann svars um, hvort hann enn væri ófáanlegur til, að endurgjalda varðkostnað Vestur-Skaptfellíngum, annaðhvort í ár, eður þá næsta ár; gátum vèr þess í brèfinu, að nefndin væri fús á að ráða þínginu til, að vísa málinu til hans aðgjörða, ef hann vildi lofa að greiða Vestur-Skaptfellíngum varðkostnaðinn. Vèr feingum 15. þ. m. neitandi svar frá stiptamtmanni. Þíngmaður Rángvellínga hafði og svo skrifað viðkomandi amtmanni 8. þ. m., og svaraði amtmaður í gegnum forseta í líka stefnu og nefndinni, nefnilega, að kostnaðurinn feingist ekki borgaður úr jafnaðarsjóðnum.

Vèr höfum nú nákvæmlega íhugað þetta mál; og skulum við nú láta þínginu álit vort um það í ljósi.

Oss getur nú ekki annað fundizt, en amtsbúar þessir hafi gildar ástæður fyrir bón sinni, og að þeir eigi rètta heimtíng á, að fá verði þessa borgaða af jafnaðarsjóði suðuramtsins, þar þeim hefir tekizt með því, að verja Skaptafellssýslu fyrir kláðafaraldrinu og nokkurn hluta Rángárvallasýslu (Eyjafjallahrepp). Vèr getum eigi betur sèð, en að verðir Vestur-Skaptfellínga og Ráng æínga hafi verið öldúngis nauðsynlegir til að varna útbreiðslu kláðans, vegna þess að heimapössun sú, er stiptamtmaður bauð Rángæíngum, var í sjálfu sèr varla möguleg og öldúngis ómöguleg, þegar hún var skipuð með slíku gjörræði, sem fylgjandi brèf sýnir:

Eptirrit

af brèfi amtmannsins til sýslumannsins í Ráng árvallsýslu dags. 29. apríl 1858.

„Þar eð nú með dampskipinu þann 27. þ. mán. eru komnar nægar byrgðir af kláðameðölum, þá verður nú hèr með skipað og fyrirlagt, sem fylgir:

1. Allt geldfè og allt sjúkt lè í sýslu yðar skal þegar baða, jafnskjótt og menn hafa nálgazt kláðameðölin, og skal þau híngað sækja að ráðstöfun hreppanefndanna hið bráðasta, en baðið síðan framfara á þeim tíma, sem þèr með ráði dýralæknis ákveðið.
2. Allt geldfè skal eptir baðið saman reka á tiltekna staði í sýslunni, þar sem hreppanefndir álíta hentast, þó svo lángt frá amtamótum, sem kostur er á; skal það þar vakta á kostnað eiganda, uns búið er að baða allt sauðfè í sýslunni. Þar eptir vaktist það í heimahögum til hausts, ásamt öðru fè.
3. Að öðru leyti skal hver fjáreigandi skyldur að halda fè sínu í heimahögum undir vöktun, og hver skepna tæk, er á annars lóð kemur, og eigandi sæti sekt að auki, ef kært er.
4. Auk böðunar þeirrar, sem getið er undir nr. 1, skal allt fè gelt og mylkt, sjúkt og heilbrigt baða tvisvar sinnum; skal hin fyrri böðun framfara 6.—16. júní, hin síðari 12.—22. s. m.; sá er vanrækir þetta, sektist 2 rd. fyrir hvern þann dag, er böðunin ferst fyrir, allt til 10 daga (20 rd.); að þessum fresti liðnum er fè hans rèttdræpt án allra bóta, og nýnefnd sekt þess utan áfallin.
5. Hreppstjórnin skal hvervetna sjá fyrir, að hreppurinn hafi nægileg meðöl fyrir allt sauðfè sitt; greiðist borgunin fyrir fram af

sveitarsjóðnum, en jafnast síðan niður, eptir fjártölu hvers fjáreigenda. Vanræki hreppstjórnin þessa skyldu sína, skal hún sæta 20—200 rd. sekt eptir málavöxtum, og verður það ekki talin gild afsökun, að ekki er fè í sveitarsjóði, þar apóthekari Randrúp hefir lofað allt að missiris gjaldfresti, innan hvers tíma hreppstjórinn getur verið búinn að heimta saman gjaldið hjá fjáreigendum.

6. Hreppsnefndir skulu vandlega hafa eptirlit á framkvæmdum hins framanskrifaða, og þegar kæra fyrir sýslumanni, ef vanrækt á sèr stað, svo sektirnar verði teknar hjá hinum óhlýðnu. Leyni hreppsnefnd einhverri vanrækt, sektist hún 10—50rd.

Meðan baðanir fram fara, ferðast dýralæknar hver um sína sýslu (Hansten um Rángárvallasýslu), og munu þeir hafa strángt eptirlit með framkvæmdum þessara greina, og skýra sýslumanni frá, ef vanrækt á sèr stað.

Rètt eptirrit staðfestir.

St. Thordersen“.

Þegar nú aptur á hinn bóginn er rètt að gáð, ber Skaptafellssýsla og þessi hluti Rángárvallasýslu mestan hluta kostnaðarins til jafnaðarsjóðsins. Það munu nú allir, sem nokkuð hafa tekið eptir, hvernin sýki þessi hefir hagað sèr hèr á landi, verða að játa, að varnir sè ómissandi, jafnvel hvað svo sem pær kosta, og því getum vèr eingan veginn fallizt á þá skoðun, er lýsir sèr í einu af brèfum stiptamtmannsins, að sýkin verði eigi fyrirbyggð með vörnum; en auðsætt er, að ókljúfandi er fyrir 2 eður 3 hreppa að kosta verðina ofan á önnur útgjöld, með því líka að þessi hluti suðuramtsins hefir þegar tekið svo mikinn þátt í kostnaði þeim, sem flotið hefir af því miður höndulega læknìngakáki, að slíkt mundi nægja til að borga verði þessa; en amtsbúar þessir hafa allt af skoðað sig, ekki sem sèrstakan hluta amtsins, og því ekki haft á móti að bera læknìngabyrðina, ásamt meðbræðrum sínum; en hvernig amtmaður hefir skoðað þennan hluta amtsins, sem sèrstakan, það er oss hulin leyndardómur, þegar hann hefir tekið þennan hluta suðuramtsins til jafnra útgjalda á allri jafnaðarsjóðsbyrði við þann hluta amtsins, sem nú er búinn að eyða öllum jafnaðarsjóðnum til árángurslítilla læknínga.

Af framanskrifuðum ástæðum viljum vèr ráða þínginu til, að senda konúngi vorum bænarskrá þess efnis:

1. *Að hans hátign konúnginum þóknaðist að fyrirskipa, að hinn umræddi kostnaður fyrir Skaptafellssýslu 457 rd.*

64 sk., og Rángárvallasýslu 239 rd. 88 sk., samtals 679 rd. 56 sk., yrði, sem fyrst, endurgoldinn hlutaðeigendum úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

2. *Ef efnahagur sjóðsins er á svo völtum fæti, að þetta gæti eigi orðið borgað allt í einu, þá, að það feingist borgað að fullu að þremur árum hèr frá.*

Reykjavík, 25. dag júlím. 1859.

Stefán Eiríksson, Páll Sigurðsson, Arnljótur Ólafsson".
formaður. framsögumaður.

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Eg þarf ekki að halda lánga ræðu til að skýra þetta nefndarálit, því ástæður þær, sem nefndin byggir uppástúngur sínar á, eru svo ljóslega teknar fram, að eg hefi þar fáu við að bæta, og svo skýrði eg frá nokkrum ástæðum máls þessa, þegar inngángsumræðurnar fóru fram.

Það var helzta ástæða, sem fram kom, að Rángvellíngar hefði ekki hlýtt fyrirskipun yfirvaldsins; en þetta er ekki rètt, því Eyfellíngar settu vörðinn fram með Markarfljóti, eptir skipun viðkomandi sýslumanns, sem eg get sannað með brèfi hans, þar um út gefnu. Vörður þessi var því settur að yfirvaldsskipun, og samkvæmt vilja viðkomandi sýslubúa. Það sýnir nú líka reynslan, að vörður þessi var skynsamlega settur, og því var honum líka dyggilega hlýtt í framkvæmdinni, því það reyndist þar af, að eingin sauðkind komst austur yfir fljótið, og Eyjafjallahreppur gat þannig stöðvað útbreiðslu fjársýkinnar, og heldur því fjárstofni sínum ósýktum, og er því nú fær um, að hjálpa nokkrum meðbræðrum sínum um vísi í nýjan fjárstofn, sem höfðu eydilagt fè sitt, til að reyna með því að stöðva framrás sýkinnar og útrýma henni, og að verðir þyrfti ekki að haldast mörg ár, sem mundi valda of þúngbærum kostnaði. Það sýnir hið upplesna brèf, að stiptamtmaður fyrirskipaði með dæmafáum strángleika verði í Rángárvallasýslu allri, og eins í hreppum þeim, sem þá vorn lausir við fjársýkina, en þar allir sáu, að slíkir verðir voru verri en þýðíngarlausir, og þar til öldúngis ómögulegir, þá hlaut sú skipun að falla um sjálfa sig. Þar er líka eitt atriði í skipun þessari, sem er heldur hlægilegt og sýnir, eins og annars brèfið allt, hvað blindíngslega henni er saman hnoðað. Eptir baðið skal allt fè rekast á einn stað í sýslunni og vaktast þar, þó svo fjærri amtamótum, sem mögulegt væri; nú vita þó allir, að Rángárvallasýsla liggur innan í suðuramtinu, og amtamót liggja því hvergi að takmörkum sýslunnar, utan ef vera skyldi Fjórðúngaalda norður á Spreingisandi, og hefði

Rángvellíngar átt að hlýða skipun þessari, þá hlutu þeir allir að reka fè sitt að sjó fram; og til þess að vera sem fjærst þessum amtamótum, þá hefði átt að reka allt fè sýslunnar að sjó fram í Austur-Landeyjum eða undir Eyjafjöllum, og þá átti að reka allt fè úr þeim sjúku hreppum sýslunnar inn í þá 2, sem voru ósýktir, og þar með ónýta þá verði, er settir voru með ráði vitrustu manna þar, og skipun sýslumanns, og flytja svo með valdi kláðasýkina úr sýktu hreppunum áfram inn í þá ósýktu; þar til var í þessum hreppum þraungbýli mikið, hagbeitarlönd mjög lítil, en eingjar mest með sjó fram; svo þessi ráðstöfun hefði eyðilagt hreppa þessa algjörlega; svo eg er nærri viss um, að sú danska stjórn sjálf, með öllum þeim ókunnugleika, sem er eðlilegt að hún hafi á því, hvernig hèr hagar til í þessum efnum, að hún viti þó, hvar amtamót landsins eru, og hefði því ekki sett þvílíkt axarskapt í skipunina, hefði hún gefið hana út, utan ef hún hefði of mjög treyst ráðleggíngum einstakra íslenzkra ramvillínga, sem líka er hætt við að stiptamtmaður hafi gjört í þessu efni; því hann er þó góður maður, og hefir viljað opt áður laga sig samkvæmt vilja landsmanna, en í þessu máli sýnist sem búið sè að leiða hann út í einhverjar gönur, því skipanir hans í þessu máli hafa verið opt hver annari gagnstæðar. Þegar menn sáu, að ómögulegt var að hlýðnast þessari skipun amtsins, eins og hún lá fyrir, en hann skipaði þó að vakta hið sjúka fè, þá tóku menn það ráð, að setja vörðinn sem skynsamlegast, til að verja samgaungum milli þeirra hèraða, sem enn voru ósýkt; enda sýnir reynslan nú, að sá vörður var skynsamlega settur, því fyrir það hefir framrás sýkinnar stanzað, og Skaptafellssýsla, og þeir 2 ósýktu hreppar Rángárvallasýslu, geta nú hjálpað um nýjan fjárstofn. Á amtsfundinum hèr í haust komu fundarmennirnir hèr úr kláðasýslum, sem ekki voru kosnir af innbúum, heldur útnefndir af sýslumönnum, og voru því helztu forgángsmenn fyrir lækníngatilraunum, fram með þá umkvörtun, að þeir ekki gæti leingur geingizt fyrir lækníngatilraunum endurgjaldslaust, því þar með væri þeir búnir að útarma sjálfa sig, og óskuðu því eptir lausn frá starfa þessum, ef ekki feingist neitt endurgjald. Stiptamtmaður var þessu samþykkur, en sagði ekkert fè til í jafnaðarsjóði, og stakk því upp á að reyna til, að fá lán upp á hann ljá Dönum. Þessu mótmæltum við fundarmenn Rángvellínga harðlega, af þeirri ástæðu, að við ekki værum skyldir að taka nokkurn þátt í að borga það fè frá okkar kjördæmi, sem að tekið væri til láns í því augnamiði, til að launa þar með lækníngamönnum í nokkr-

um sýslum amtsins, og sama mundi Skaptfellíngar segja, hefði þeim verið skipað, að senda kosna menn til þessa fundar; en það var ekki gjört, og því mætti heldur einginn frá því kjördæmi. Fundurinn gaf samt atkvæði fyrir, að taka skyldi lánið, og þegar okkar mótatkvæða ekki gætti, sem búast mátti við, þá lýstum við því þegar yfir, að við álitum slíka atkvæðagreiðslu ekkert skuldbindandi fyrir okkar kjördæmi. Nú er fèð feingið, og þegar miklu af því útskipt til verðlauna hèr í uærsýslunum til lækníngamanna, jafnvel þó reynslan sýni enn, að hjá sumum þessum mönnum sjálfum, og í kríngum þá, sè næg kláðasýki á þessum fáu sauðkindum, sem enn slóra hjá þeim lífs, og sýnir það, að annaðhvort er torvelt eða næstum ómögulegt, að uppræta sýki þessa, utan með algjörðum niðurskurði, eða að lækníngatilraunir þessara manna hafa verið eintómt kák, og þá ætti þeir eingin verðlaun skilin. Eg verð því að vona svo góðs til stjórnarinnar, að hún líti með meiri rèttsýni og sanngirni á þetta mál; því að brúka það fè, er allir amtsbúar leggja sameiginlega til jafnaðarsjóðsins, til kláðalækníngа í nokkrum sýslum, taka þar á ofan lán, þrátt fyrir mótmæli sumra kjördæma, og útskipta því til verðlauna í sömu sýslum, en neita hinum þó um endurgjald fyrir kostnað fyrir tilraun með að stöðva framrás sýkinnar, sem þó gefur von um góðar afleiðíngar; í því liggur svo mikið einræði og gjörræði, að Rángvellíngar og Skaptfellíngar væri með því neyddir til, að neita framvegis gjaldi til jafnaðarsjóðsins; eg vona að þíngið sjái, að öll sanngirni mæli með uppástúngum nefndarinnar, og mæli með þeim, og þá vona eg og, að stjórnin veiti máli þessu beztu úrslit.

H. Kr. Friðriksson: Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því eg veit það, að það kemur ekki til neins, að koma með fleiri ástæður á móti því, en eg tók fram við undirbúníngsumræðuna. Einúngis vil eg vekja athygli manna á því, hvernig það muni líta út, ef þíngið fellst á þessa uppástúngu. Stiptamtmaður skipaði Rángvellíngum árið 1858, að hafa gætur á sauðfè sínu, og halda því í heimahögum, til að fyrirbyggja samgaungur við fènað úr Skaptafellssýslu, og þessa skipun stiptamtmannsins samþykkti stjórnarráðið, eins og sjá má af brèfi hennar til amtmannsins fyrir norðan, dags. 15. apríl 1858. Þegar Rángvellíngar fá nú þessa skipun frá stiptamtmanni, segjast þeir ekki vilja hlýða því, en fara eptir sínu eigin höfði, og fyrir þetta vilja þeir nú fá endurgjald. Þetta er bænarskráin, sem alþíng á að fallast á; það á að beiðast

launa handa Rángvellíngum, fyrir það, að þeir eigi hlýddu boðum amtmannsins og stjórninnar.

Steſán Eiríksson: Það getur nú verið, að þetta hafi átt sèr stað í Rángárvallasýslu, sem þingmaðurinn segir, þó mèr þyki mjög mikil líkindi til, að eitthvað sè orðum aukið í því; en hvað Skaptafellsýslu áhrærir, þá á hún ekki að sæta verri kjörum, en aðrir samamtsbúar; mèr fyrir mitt leyti getur ekki annað, en fundizt það helbert órèttlæti, að sýsla sú fái ekki þenna varðkostnað endurgoldinn; eg að vísu verð að játa það, að eg þekki ekki þau lög, sem heimila amtmönnum að taka upp alla jafnaðarsjóðina til brúkunar yfir víst svið af amtinu, og það til árángurslausrar brúkunar, en neita aptur öðrum hluta amtsins um sams konar kostnað, og þó þar, sem reynslan er búin að sýna, að ber heillaríka ávexti. Að öðru leyti er eg samdóma *framsögumanni* í því, sem hann sagði um Rángárvallasýslu, að fái Skaptfellíngar ekki endurgoldinn þenna varðkostnað, þá sè þeim þar með gefin átylla, að neita jafnaðarsjóðsgjöldum framvegis, að svo miklu leyti, sem kostnaði þessum nemur.

Arnljótur Ólafsson: Það getur varla átt sèr stað, að stjórnarráðið hafi ritað amtmanninum í norðuramtinu um verðina í suðurumdæminu, eins og hinn háttvirti þingmaður Reykjavíkur gat um; því hann gat ekki varðað neitt um þá verði, sem gjörðir eru í suðurumdæminu, nema á milli amtanna. Það hlýtur því að minni hyggju að vera einhver misskilníngur á þessu brèfi hjá þingmanninum.

H. Kr. Friðriksson: Mèr er ókunnugt um, hve mikinn þátt hinn háttvirti þingmaður Borgfirðínga hefir í, að gefa út „stjórnartíðindin“, en þetta samþykki stjórnarráðsins er í 2. brèfinu í tíðindunum. Það er auðsèð, að ef hlýtt er skipunum um, að gæta fjárins í heimahögum, þá þarf ei frekari ráðstafanir til að halda verði, því það er auðsèð, að heimaverðirnir útiloka alla hættu fyrir samgaungum.

Forseti: Þetta er víst misskilníngur þingmannsins úr Reykjavík, því skipun stiptamtmannsins er dags. 13. apríl, en samþykki stjórnarráðsins á að vera 15. apríl 1858. Það hefði orðið að gánga eitthvað fljótara en vant er, ef stiptamtmannsskipunin hefði getað stuðzt við þetta brèf stjórnarinnar.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *forseta*, hvort samþykki stjórnarráðsins hafi þurft að vera komið, áður en boð stiptamtmannsins kom út.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist ekki betur, en að mál þetta sè umboðslegs eðlis. Það er nefnilega klögun eða umkvörtun yfir ráð-

stöfun yfirvaldsins; en þar af leiðir beinlínis, að umkvartendur eiga að snúa sèr til hins næsta yfirboðara yfirvaldsins, er þeim þykir hafa hallað rètti sínum, og það er hèr stjórnarherrann. Eg get því eigi sèð, að þingið eigi að senda konúngi bænarskrá um þetta efni, og það því síður, sem þingið, ef það sendir bænarskrá, þar með virðist að aðhyllast þá meiníngu, að hèr sè klagendum órèttur gjör, hvað þó er því ísjárverðara fyrir þingið, sem það hefir ekki feingið nægar upplýsíngar í málinu.

Sveinn Skúlason: Mèr þykir það skaði, að þessi upplýsíng hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* ekki kom í tíma, nefnilega við undirbúníngsumræðu þessa máls, en eg man ekki betur, en hann sæti þá allan daginn í því máli; en eptir alþíngistilskipuninni finnst mèr ekkert á móti því, að þessi uppástúnga gángi til konúngs, því hèr er ekki talað um órètt, sem einstakir menn verða fyrir, heldur margir, og sem allir eiga sama tilkall til sama sjóðs, og þegar sumum er goldinn varðkostnaðurinn af honum, þá eiga líka hinir rètt á endurgjaldi af honum, svo mèr þykir ekki eiga nærri því eins vel við, að fara með þetta mál til stjórnarráðsins, eins og að alþíngi sendi konúngi bænarskrá um það.

H. Kr. Friðriksson: *Forseti* skildi ekki í því, að amtmanninum fyrir norðan skyldi hafa verið skýrt frá því, að stjórnarráðið hefði samþykkt skipun stiptamtmannsins frá 13. apríl. En mèr finnst það auðskilið. Stiptamtmaður skýrir stjórninni frá þeim ráðstöfunum, sem hann ætlar að gjöra, og stjórnin fellst á þær, og skýrir amtmanninum fyrir norðan frá því 15. apríl; eg sagði eigi, að stjórnin hefði samþykkt þessar uppástúngur 15. apríl, heldur einúngis skýrt amtmanninum frá þeim, en hún hefir vel getað verið búin að rita stiptamtmanni laungu áður.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Sá heiðraði þíngmaður Reykjavíkur hefir sagt, að þeir Rángvellíngar hafi brotið skipun síns yfirvalds, og fyrir það vilji þeir fá laun; en mèr virðist það ekki hafa verið svo; mèr virðist að Rángvellíngar hafi viljað hlýða og framfylgja vilja stiptamtmanns, að geyma fèð, en ekki getað það eptir skipuninni, því hún hafi verið það axarskapt, að þar hafi verið ómögulegt að fara eptir, og hann vildi ekki heldur lagfæra þetta, þó hann væri beðinn. Eg þekki það, að þeim hefir verið ómögulegt að geyma fèð í heimahögum, meðan það var með öllum sínum fjölda, því það var líka talað um þetta í Mýrasýslu, og sáum við það ómögulegt, en við áttum svo gott yfirvald, sem gat þýðzt skynsamra manna ráð,

að setja mætti vörð, og það var þar gjört á fjöllum, og það dugði. Þetta ráð tóku nú líka Rángvellíngar, og með því gátu þeir líka fullnægt augnamiði skipunarinnar, og yfirvalds síns, að fyrirbyggja útbreiðslu drepkláðans; nú virðist mèr, að þegar alþýðumenn kippa svona í lag og líðinn óhentugum skipunum stjórnar sinnar og yfirvalda, þá eigi þeir bæði skilið að fá þakkir og laun, og væri það miklu ærlegra og forsjállegra fyrir stjórn og yfirvöld, að taka svoleiðis í það, því þá bæri ekkert á ólagi því, er ætlaði að verða á stjórnarathöfn þeirra.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg neita því ekki, að það er eðlilegt þó hlutaðeigendur vilji leita sèr linunar í þessu efni, og það er eðlilegt, að þeir hafa snúið sèr þángað, sem þeir helzt vonuðu eptir aðstoð í því; en mèr þykir þeir hafi borið þetta of fljótt undir alþíngi. Það er undarlegt, að þeir skuli ekki hafa snúið sèr til hlutaðeigandi yfirvalda fyrst. Það er og undarleg aðferð, að breyta fyrst út af ráðstöfunum yfirvaldsins, og setja sínar í staðinn, en ætlast síðan til, að fá borgun fyrir sínar eigin ráðstafanir úr opinberum sjóði; eg held varla það geti orðið nokkur árángur af, að fara þessu fram. Ef þeir hefði getað sýnt, að þessar ráðstafanir þeirra hefði verið nauðsynlegar eða gagnlegar, þá mundi þeir hafa getað sannfært stiptamtmanninn um það, og þá hefði hann má ske kunnað að borga þeim það; en þegar þetta hefir ekki feingizt, þá er ekki annað fyrir þá að gjöra, en hlýða yfirvaldsins boði. Þegar stiptamtmaðurinn hefir nú neitað að borga þenna kostnað af jafnaðarsjóðnum, þá er sá eini rètti vegurinn fyrir þá, að fara til stjórnarráðsins, og biðja það um endurgjald, annaðhvort af jafnaðarsjóðnum, eða þá einhverjum öðrum sjóði. Undir alþíngi finnst mèr það öldúngis ekki geta heyrt. Þar sem þíngmaðurinn talaði um lækníngakák frá stiptamtmanninum, þá er það alþýðu að kenna, ef það hefir orðið eða verður kák; það kemur af óvilja og hirðuleysi alþýðu sjálfrar, að hún vill ekki vita hvað til síns friðar heyrir; og með einþykkni sinni getur hún þá gjört kák úr því, sem verða má að mesta gagni. Annað atriði niðurlagsatriðis nefndarinnar fellur og stendur með hinu fyrra.

Framsögumaður: Mèr þykir það undarlegt, að hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga ber Rángvellíngum á brýn, að þeir hafi ei hlýtt yfirvaldsskipuninni, þar sem af öllu sèst, að það var ómögulegt. Það ber öllum saman um það, að ómögulegt sè að geyma fè í heimahögum; eg vissi líka til, að þetta var leitt stiptamtmanninum fyrir

sjónir, en skipun hans stóð óhögguð fyrir því. Það er bágt fyrir hinn háttvirta þingmann Ísfirðinga, jafn vitran mann, að það ætlar þó að sannast hèr um hann, sem forðum var sagt við vitringa Gyðinga: „að sjáandi sjái þeir ekki, og heyrandi þá skilji þeir ekki“. Ef Rángvellíngar hefði nú hlýtt þessu, og reynt vöktun heima, þá hefði fèð orðið horað og ónýtt; það hefði strokið og komið saman við fè Skaptfellínga, svo sú aðferð hefði verið verra en ekkert. Í brèfinu stiptamtmannsins stóð, að menn skyldi halda fènu sem leingst frá amtamótunum, og lýsir þetta ókunnugleika þess, sem skipunin kom frá; því Ráng árvallasýsla er í miðju amtinu, og getur ei verið talað þar um amtamót, nema norður á Spreingisandi, eða þá suður í hafi. Eg þekki því ekki annan veg hèðan af með þetta mál, en að rita bænarskrá til konúngs; en að fara til ráðherrans, veit eg ekki til hvers er, eða hvort það er rèttur vegur, en þíngið upplýsir mig nú má ske um það. Rángvellíngar hefði verið fúsir til, að hlýða skipun stiptamtmannsins, ef hún hefði verið skynsamleg; en hún lýsti annaðhvort stökum ókunnugleika, þar hann áður þó hafði sèð og ferðazt um sýslu þessa, eða þá stórkostlegri óuærgætni; og þó menn ekki hafi hlýtt henni, þegar það var ómögulegt, þá skil eg ekki að mönnum verði gefið það að sök. Nú er reynsla fyrir því, að þessi tilhögun varðanna hefir varið Skaptafellssýslu fyrir kláðanum og 2 hreppa Ráng árvallasýslu enn, og var strax í hitt eð fyrra farið að halda vörð í Austur-Landeyjahrepp, þegar heyrðist, að kláðinn var kominn vestarlega í sýsluna; og þó hann sè nú kostnaðarlítill hjá því í fyrra sumar, síðan kláðafè Vestur-Landeyínga var orðið sárfátt hjá því, sem áður var, þá er þar enn þörf á nokkurri aðgæzlu. Við þessa vörn Austur-Landeyínga lètti líka á Eyjafjallahrepp, en af því að Austur-Landeyjahreppur þarf enn að kosta vörð þetta sumar út, þá er einginn reikníngur kominn frá þeim enn til mín; viðvíkjandi því ætla eg þá að gjöra það breytíngaratkvæði, að þeir fái þenna kostnað endurgoldinn með 100rd., þó það muni of lítið, eður þá eptir reikníngi frá þeim.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Mèr finnst eg hafi eins mikla ástæðu til, að kvarta yfir hinum heiðraða *framsögumanni*, eins og hann að kvarta yfir mèr. Hann sagði, að það hefði verið gjörð tilraun til, að fá stiptamtmanninn til að umbreyta ákvörðunum sínum, en þegar það hefði ekki feingizt, þá hafi bændur sett sínar í staðinn, án þess að reyna fyrirskipanir yfirvaldsins. Þetta sannar einmitt, að eg heyrði vel, hvað hann sagði; því það stendur

fast, að alþýða hefir ekki gegnt boði yfirvalds síns, heldur sett sín boð í staðinn; en þá getur hann víst skilið, að ekki er von, að stiptamtmaður vilji gjalda kostnað til þess, sem hann hefir ekki skipað, og það er varla að ætlast til honum verði skipað það. Þingmaðurinn segir, að verðirnir hafi varið Skaptafellssýslu fyrir kláða. Það getur nú verið, að þar sè kláðalaust, en þar fyrir er það ei ætíð, að fyrri viðburðurinn sè orsök til hins síðara; og eins eru það má ske ekki verðirnir einir, sem eru orsök til þess, að kláði er ekki enn kominn í Skaptafellssýslu.

Arnljótur Ólafsson: Hvað meðferð þessa máls viðvíkur, þá er það meining hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að þingið skuli senda það til hlutaðeigandi stjórnarráðs, það er, dómsmálastjórnarinnar, og fulltrúi Ísfirðinga tók það fram, að það væri ei réttur vegur í þessu efni, að alþingi riti bænarskrá til konúngs. Það getur nú ekkert verið móti því, að hver sá, sem rètt hefir fyrir sèr og vill, skjóti máli sínu gegnum amtmann til viðkomandi stjórnarráðs, enda veit eg til þess, að sveitarstjórnarmálum hefir verið skotið undir úrskurð stjórnarráðsins, en það er víst ekki meining þeirra, að þetta mál megi ekki fara leingra, en til amtmannsins. Nefndinni þótti ráðlegra, að spyrja sig fyrir hjá stiptamtmanni, því henni þótti ekki fullreynt, hvort hann ekki enn þá vildi borga kostnaðinn af jafnaðarsjóðnum, en þegar hann neitaði því, þá sá hún ei annað ráð, en fara til þingsins með það, og er það nú á þingsins valdi, hvort það vill semja bænarskrá til konúngs, eða senda það til stjórnarráðsins gegnum *forseta* sinn, og held eg hvorttveggja komi fyrir eitt; því ef bænarskrá er samin til konúngs, þá mun hann láta stjórnarráðið hafa það með höndum, og er þá lítill munur á því, hvort það fer þann veg, eða beinlínis til stjórnarráðsins. Eg ætla samt að áskilja mèr það varaatkvæði, að málið verði sent gegnum *forseta* þingsins til dómsmálastjórnarinnar, ef þingið ekki vill senda konúngi bænarskrá um það.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þingmaður Borgfirðinga gleymdi þó að geta um einn veg, sem er þó stytztur, og liggur bæði beinast fyrir og er rèttastur, og það er, að alþingi vísi hlutaðeigendum til viðkomandi stjórnarráðs.

Konúngsfulltrúi: Eg skal bæta því við það, sem hinn heiðraði þingmaður Ísfirðinga sagði, að það er sá einasti rètti vegur, að klagendur snúi sèr beinlínis til stjórnarherrans. Hèr er einúng-

is spurníngin um það, hvort stiptamtmaður réttilega hafi neitað, að borga kostnaðinn úr jafnaðarsjóðinum; en úr því á ekki alþíngi að skera, heldur hlutaðeigandi stjórnarherra.

Ásgeir Einarsson: Eg er ólögfróður maður, enda er eg óviss um, hvort það sé heimilt að borga úr jafnaðarsjóðnum, þó að stjórnarráðið skipi; því þíngið hefir ætíð beðið um lög fyrir því áður, hafi það viljað leggja á hann nýtt gjald; mér þykir þá skrítið, að fara að klaga stiptamtmann fyrir, að hann ekki borgaði það, sem hann ekki mátti borga, og fá stjórnina til að skipa honum það. Eg get ekki haldið, að það megi borga neitt úr jarðabókarsjóðnum, nema lög sé fyrir því, fyr en eg er sannfærður um það af gildum rökum. Mér þykir þá sem eini vegurinn sé í þessu máli, að senda konúngi bænarbréf, og sé eg ekki, að málefnið geti saurgazt við það, þó það fari í gegnum alþíngið til konúngs.

Konúngsfulltrúi: Það er merkilegt, hvað opt hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu ber það fram, að ekki sé leyfilegt að greiða fé úr jafnaðarsjóðunum, nema þar sé lög fyrir hverri útgjaldsgrein. Eg get þó sagt honum, að það eru margar útgjaldagreinir af þessum sjóði, sem ekki eru beinlínis grundaðar á lögum, heldur á stjórnarherra og stjórnarráða fyrirskipunum.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það er verulegt spursmál í þessu máli, hvort Rángvellíngar hafi brotið skipun stiptamtmannsins að nauðsynjalausu; ef svo er, þá er auðvitað, að þeir eru vítaverðir, en ef brýn nauðsyn hefir knúð þá til þess, þá er það vorkunarmál. Eptir því, sem eg þekkti til í fyrra, og samkvæmt því, sem nú er upplýst í málinu, þá var það öldúngis ómögulegt, að hlýða þessari umræddu skipun stiptamtsins, og þó hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga hefði verið þar sjálfur við, mundi hann ekki hafa verið svo ránglátur, að skipa þeim að halda fénu heima. Og hvað áttu nú Rángvellíngar að gjöra? Áttu þeir að hlýða í blindni og baka þannig sjálfum sér ómetanlegt tjón, en setja kann ske allt landið í hættu; því ef þeir hefði reynt að vakta heima, þá hefði kláðinn eflaust komizt austur í Skaptafellssýslu, og jafnvel norður í land; auk þess, sem fé þeirra hefði orðið horað og ónýtt. Eg held þó, að fé Rángvellínga hafi í haust eð var dreifzt svo um Suðurland, og komið svo margt af því til Reykjavíkur, að enginn ami hafi verið í því, þó það væri í góðum holdum. Það eru nú komnar upplýsíngar um, að þeir hafi, áður en þeir lögðu málið fyrir þíngið, farið til stiptamtmannsins um

endurgjaldið, en hann neitað, og þá held eg þeir hafi gjört það rèttasta, að fara með það til þingsins, en ekki annað.

Indriði Gíslason: Eg lái nú eingan veginn Rángvellíngum, þó þeir vilji hafa jafnrètti við aðra suðuramtsbúa, ef rèttur skyldi heita; en mèr geðjast ekki að því, að þeir fái það úr jafnaðarsjóðnum, því mèr skilst svo af tilsk. 24. nóv. 1856, að þeir ekki geti heimtað það af amtmanni úr þessum sjóði, eða hann megi greiða það úr honum; en þeir hafa nú að eins litið á það, sem aðrir feingu, og því viljað sitja við hið sama, án þess að gæta að því, hvað á lögum var byggt. Þetta er nú líkast því að segja við villtan mann: „fyrst þú hefir nú verið að villast svo leingi, þá villstu nú spottakorn enn, því mèr er þægð í því; eg skal verða þèr samferða". Eg áskil mèr því rètt til að gjöra breytíngaratkvæði við 1. uppástúngu nefndarinnar, þannig, að í staðinn fyrir: *„úr jafnaðarsjóð suðuramtsins"* setjist: *„af þeim 30,000 rd., sem ætlaðir eru til að útrýma fjárkláðanum"*, því eg veit ekki betur, en verðirnir sè einn sá öflugasti þátturinn til að útrýma honum.

Magnús Andrèsson: Eg sè, að það hefir verið óhapp fyrir Rángvellínga og Skaptafellssýslu, að kláðinn kom einu ári seinna í Rángárvallasýslu, en í Árnessýslu, því allir vita að Árnesíngar feingu endurgoldinn vörðinn, sem settur var á milli jöklanna 1857. Þann 20. maí sama ár var eg skikkaður, ásamt öðrum fleirum, til að mæta hèr á skrifstofu stiptamtmanns, honum til ráðaneytis; hafði hann þá eingin mótmæli um, að kosta verði milli Suður- og Norðurlands, bæði fyrir austan og vestan Hofsjökul, og fèllst fúslega á, að ómögulegt væri, að geyma allt fè heima; en nú er Rángvellíngum neitað um varðkostnað; en það er nú má ske af því, að þraungt er orðið í búi hjá jafnaðarsjóðnum, eða þá af því þeim var skipað, að gæta fjárins heima; en eg held um það megi segja, „að nauðsyn brýtur lög", því meðan fèð var margt, þá var það sama, að skipa mönnum að halda því í heimahögum, eins og að banna þeim að eiga nokkra skepnu; ef neitunin er því byggð á óhlýðni þeirra, þá er það ónærgætnislegt. En viðvíkjandi því, hvern veg er bezt að fara í þessu máli, þá þykir mèr líklegt, að rèttast sè að fara að, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og þíngmaður Ísfirðínga rèðu til. En þegar hinn síðastnefndi háttvirti þíngmaður talaði um „lækníngarnar", datt mèr í hug, að bezt mundi honum, að tala ekki mikið um þær, meðan aðrir þegja; menn kenna um vilja- og skeytíngarleysi, en reynslan talar svo hátt á móti lækníngunum, að því er ei vert að

hreifa, meðan það liggur í dái. Eg vil að eins geta þess, að *Jón á* Búrfelli og *Guðmundur* í Ásgarði, sem álitnir hafa verið einhverjir öflugustu lækníngamenn í Árnessýslu, og því hlotið verðlaun á efstu tröppu, hafa þó ekki til þessa tíma getað útrýmt kláðanum til fulls úr fé sínu.

Guðmundur Brandsson: Hinn heiðraði þíngmaður úr Árnessýslu tók af mèr ómakið, að segja frá amtsfundinum 20. maí 1857, því eg var þar líka. Stakk stiptamtmaður þá upp á, að geymt yrði fèð í heimahögum, en við leiddum honum fyrir sjónir, að það væri ómögulegt; fèllst hann þá á, að rekið væri á fjall, og apturkallaði þó ekki loforð sitt að borga verðina þar. Mèr þykir nú vera mótsögn í þessu hjá honum, að geta ekki sannfærzt um, að eins ómögulegt væri, að passa fèð heima í Rángárvallasýslu og Árnessýslu, meðan það var svo margt. Það var annað mál, þó Árnesíngar gæti árið eptir haft það heima, því þá var það fátt orðið; það getur ekki verið neinn samjöfnuður á því. Eins var þá gjört bæði í Borgarfjarðar og Gullbríngusýslu, og er enn meðan fèð er fátt, og þó veit eg ekki einu sinni, hvort það á sèr allstaðar hèr stað. Heimapössun á mörgu fè er sama sem kvalafullur niðurskurður; fèð sjálfdræpist og kveldist, svo það yrði að eingum notum, kláðinn verður þá enn verri, því þèttara, sem fèð er saman, og það er sannreynt, að hann vesnar við samgaungur; það er kennt um hirðuleysi, og það getur líka vel verið, síðan fènu var fækkað. *(Forseti:* Eg vil biðja þíngmanninn að fara ei lángt út í kláðamálið). Hvort það er nú rèttara, að senda mál þetta til stjórnarherrans, eða gegnum alþíngi til konúngs, það skal eg ekkert segja um; en eptir 77. gr. í alþíngistilskipuninni held eg menn hafi fullkomna heimild til, að rita konúngi bænarskrá um það, því mèr sýnist hin áminnzta grein vera fremur með, að svo sè gjört, heldur en á móti því.

Konúngsfulltrúi: Þíngmenn verða að gæta að því, að ef þeir, eptir áeggjun þíngmannsins í Gullbríngusýslu, vilja fara með málið eptir 77. grein í alþíngistilskipuninni, þá hafa þeir þar með lýst því yfir, að þeir sè sannfærðir um, að hlutaðeigendum hafi verið órèttur gjör. En við því ætti þíngið að vara sig, sèr í lagi, þegar annar vegnr ábyrgðarminni, og hlutaðeigendum eins heilladrjúgur, liggur beint fyrir.

Pètur Pètursson: Þar eg er þessu máli nokkuð ókunnugur, finn eg ei ástæðu til, að tala um málið sjálft, en eptir minni tilfinníngu er það mjög ótilhlýðilegt, að tala mikið um ráðstafanir embætt-

ismanns, sem ekki er viðstaddur hèr á þínginu, og því ei getur borið hönd fyrir höfuð sèr. Eptir þeim upplýsíngum, sem fram hafa komið í málinu, þá er það sannfæríng mín, að Skaptfellíngar og Rángvellíngar eigi ekki að vera undir sama tölulið, því mèr sýnist standa öðruvísi á með verðina í Skaptafellssýslu, en í Rángárvallasýslu, og vildi eg því óska, að 1. töluliður væri við atkvæðagreiðsluna klofinn í sundur, og að Skaptafellssýsla væri borin upp sèr, og Rángárvallasýsla sèr. Það er sjálfsagt, að mál þetta á að fara til stjórnarherrans, en ekki beinlínis til konúngs, og er það rèttast, að þíngið vísi hlutaðeigendum til stjórnarherrans, þar málið hefir ei fyr verið borið undir hann; ef hann þá skyldi synja um bænheyrslu, þá sýnist mèr fyrst eiga að bera málið undir konúng, og getur þíngið þá farið þann veg, ef það er sannfært um, að viðkomendum sè gjörður órèttur; en um málið sjálft ætla eg ekki að tala, þar eg ei er því nógu kunnugur.

Stefán Jónsson: Mèr sýnist það lýsa sèr hèr, að það eru líkur til, að optar geti svona farið, þegar ókunnugir, hvort heldur er stjórn eða yfirvöld, skipa fyrir um það, sem bændur þekkja sjalfir betur. Eg þekki ekki til í Rángárvallasýslu, en ef þessi skipun hefði verið gjörð í Norðurlandi, þar sem eg þekki til, þá hefði verið ómögulegt að hlýða henni, meðan allt var þar í blóma með fènaðarhöld, og getur því vel verið, að það hafi verið eins ómögulegt fyrir Rángvellínga að hlýða skipuninni; og hafi þeim það verið ómögulegt, virðist mèr skipun þessi vera sama sem eingin skipun, hvað framkvæmdina snertir. Eg tel það nú sjálfsagt, að þeir eigi að fá varðkostnaðinn borgaðan einhverstaðar frá, eins og mèr heyrðist þíngmaður Ísfirðínga játa, að þeir ætti að fá hann borgaðan úr einhverjum sjóði, en hann tiltók ekki úr hvaða sjóði það ætti að vera; en eptir því, sem áður hefir verið talað hèr á þíngi, er það varlega gjörandi, að brúka sjóði til annars, en þeir eru til ætlaðir, og eg veit ekki af neinum sjóði, sem til þess hefir verið ætlaður, að borga þenna varðkostnað, eða sem standi því nær að borga hann, en jafnaðarsjóðurinn. Það hefir verið tekið hèr fram, að öðru máli væri að gegna með Skaptafellssýslu, en Rángárvallasýslu, og get eg ei neitað því, að þó Rángvellíngum hafi verið neitað um, að fá kostnaðinn endurgoldinn, vegna óhlýðni við skipun amtmannsins, þá skil eg ekki, hversvegna Skaptfellíngum hefir verið neitað um, að fá sinn vörð borgaðan, hvort það líka er af því þeir hafi sýnt óhlýðni eða ekki.

Guðmundur Brandsson: Eg get ei verið samþykkur hinum hæstvirta

konúngsfulltrúa í því, að alþingi taki sèr nokkurt dómsvald fyrir það, þó það meðhöndli þetta mál, því mèr sýnist það vera eitt af þeim málum, sem það eptir 77. gr. alþingistilskipunarinnar hefir rètt til að taka fyrir; því í greininni stendur: „ef einhver meðlimur þess, þingsins nefnilega, er sannfærður um, að einstökum persónum sè órettur gjör, þá á hann kost á, að kæra málið fyrir alþingi og færa fram tilhýðilegar sönnur, til þess að alþingið, ef meiri hluta atkvæðagreiðendanna virðist málinu svo háttað vera, þar um geti sent oss sínar skriflegar tillögur"; hvað þingið gjörir nú við málið, er þá komið undir því, hvort sá sem kvartar, fær fleiri með sèr á sína samfæringu; þingið sendir þá, ef því sýnist svo, konúngi álit sitt um málið, en fellir eingan dóm í því. Í sömu grein er einnig sagt, að þingið megi vísa til konúngs slíkum málum; hvers vegna má þá ei þetta mál gánga í gegnum þingið, og komast þann veg til konúngsins?

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þingmaður Eyfirðinga lagði áðan nokkuð annað í orð mín, en eg sagði, og vildi eg leiðrètta það, þó það gjöri ei mikið til; eg sagði ekki, það væri *sanngjarnt,* heldur að það væri *eðlilegt,* þó menn vildi fá kostnað sinn endurgoldinn. Eg get líka vísað á einn sjóð, sem er mjög handhægur og opt er gripið til í slíkum tilfellum; það eru þeir 4000 rd., sem ætlaðir er á hverju ári til óvissra útgjalda Íslands. Þingmaðurinn úr Gullbringusýslu áleit, að alþingi felldi eingan dóm, þó það tæki þetta mál fyrir; en eg get ei annað skilið, en hann sjái það, ef hann gáir vel að, að alþingi fellir ekki að eins dóm, heldur fellir það dóm í máli, sem upplýsíngar vantar um. Það er ekki t. a. m. einu sinni sannað, að varðkostnaðarreikníngarnir sè rèttir, og þó eg nú fyrir mitt leyti ekki reingi þá, þá vantar samt sönnun fyrir því; þannig er efalaust með fleira í málinu, að það er ekki nærri nægilega upplýst. Eg get ekki skilið, hvers vegna þíngmenn ei vilja fara þann veg, sem næstur er, heldur gjöra þetta mál að kappsmáli, sem ekki er til neins gagns fyrir málið.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Hinn hártvirti fulltrúi Ísfirðínga hefir nú skýrt þannig málið í hinni fyrri tölu sinni, að þegar skipun yfirvaldsins var óhentug og ómögulegt að hlýða henni, þá hafi hlutaðeigendur átt að biðja yfirvald sitt um leiðrèttíngu, og leiða því fyrir sjónir kríngumstæður og ómögulegheit þau, sem væri á, að hlýða skipun þess, og þetta gjörðu nú Rángvellíngar. En þegar yfirvaldið nú neitaði að lagfæra, og ítrekaði nú aptur harðlega þessa sömu skipun, þá segir hann, að svo hafi ekki verið um annað að gjöra

en hlýða. Þetta er hörð kenníng fyrir mínum eyrum, og þess harðari, sem hún fram kemur af munni þess manns, sem bæði eg og aðrir elska, og hafa sett alla sína, svo að segja, tiltrú til, með að vernda réttindi vor, að þegar á aðra síðuna að skynsemin, sem guð hefir gefið manni, og reyndin, sem er ólýgnust, kenna mönnum gott ráð, til að geta bjargað sèr, eignum sínum og náúnga síns, og velferð föðurlands síns, en á hina síðuna skipar ókunnug og harðúðleg stjórn það, sem sjáanlega setur allt þetta í opinn voða, þá skuli menn hlýða endalaust í blindni, og setja þá sjálfsagt til síðu hlýðnina við guð og elskuna til náúngans. Eg get sagt, að þessi skipun, sem hèr ræðir um, hefir miðað til að eyða efnum og atvinnuvegi manna, en útbreiðslan á tjóni þessu hefði getað haldið takmarkalaust áfram, þegar heimageymslan var ómöguleg, þó hún hefði verið reynd; svo hefði ætíð nokkuð sloppið á fjöll upp, og þar eingin var vaktin, fært kláðann takmarkalaust, eins og bezt hefði geingið, til annara hèraða. En upp á það, hvern hag að menn sjálfir hafa á efnum sínum og fènu sjálfu við heimageymsluna, þá get eg sýnt mönnum eitt lítið dæmi af heimageymslunni í Hvítársíðu, hjá mönnum, sem ekki höfðu þó að geyma nema fáar kindur, því helmíngur, eður meira af fènu var þá fallið; það var einn maður, sem færði sig úr byggðarlaginu, en átti 12 kindur, sem hann náttúrlega varð að skilja eptir, og borga undir eptir rèttum tiltölum, sem heimageymslan kostaði fólkið á bænum, sem kindurnar voru hagvanar á; það voru 15 dalir, sem hann varð að borga. Jörðin var bezta sauðjörð, svo að mylkar ær voru vanar að skerast þar með fjórðúngi mörs, eður þar í kríng, þegar þær höfðu frelsi sitt; nú tók þessi maður sínar 12 kindur um haustið úr þessari straungu geymslu, og skar þær, en í þeim öllum til samans voru 48 merkur af mör, nú sjáanlega allar lítt ætar af hor; þó er nú ekki hèr gætt þess kostnaðar, sem gekk til yfirvarðarins; það voru nefnilega settir menn upp á 3 dala laun um daginn til höfuðs eður umsjónar heimageymslunni, og þeim borgað af opinberum eða almennum sjóði; það varð bótin á öllum þessum kvölum og mannraunum Hvítsíðínga, að fèð var allt drepið niður í strá, og kláðinn líka, svo honum var þar með burt rýmt úr byggðarlaginu og vesturamtinu, en nú hafa þeir þá von, að reisa það upp aptur af heilbrigðum stofni, og hafa þegar feingið hann töluverðan, ef því verður ekki spillt aptur af vondri ráðstöfun stjórnarinnar.

Það má annars heita sorglegt, hvernig stjórnin hefir tekið í þetta

mál. Íslendíngar hafa þó ekki verið ótrúir sinni stjórn, eður óviljugir að hlýða henni, eður yfirvöldum sínum, að stjórnin, segi eg, skuli neyða alþýðuna til þess, að brjótast á móti sèr, að hún skuli láta einstaka falskennendur og æsíngamenn blinda sig svo á báðum augum, að hún skipar fyrir í því, sem hún ekkert þekkir til, þvert á móti því, sem skynsemin og reynslan bíður hyggnustu hlutaðeigendum, og alþýðu sjálfs landsins; slíkt framhald horfir til að hleypa fram í mestu óstjórn, og jafnvel einhver ósköp.

H. Kr. Friðriksson: Það hefir verið sagt, að það væri sanngjarnt, að þessir verðir sè borgaðir; en eg vil leyfa mèr að spyrja, hvort það sè sanngjarnara, að Skaptfellíngar fái borgun fyrir þá verði, sem þeir setja sjálfir, en aðrir íbúar suðurumdæmisins fyrir vöktun fjárins í heimahögum, sem yfirvaldið bauð; eg held þeir hefði með meiri sanngirni getað farið fram á, að fá heimavöktunina endurgoldna, og hefði þeir þá haft betra af því að hlýða; en ef Rángvellíngar hefði feingið borgun, þá hefði aðrir hèr í suðurumdæminu haft sanngjarna heimtíngu til borgunar fyrir heimavöktun sína. en þá er eg hræddur um, að lítið hefði orðið eptir í jafnaðarsjóðnum, ef hefði átt að borga hana alla af honum. Ekki get eg heldur fallizt á það, að eigi sè auðið að gæta fjár í heimahögum í Ráng árvallasýslu, þar sem það hefur verið auðið alstaðar annarstaðar, t. a. m. í Hvítársíðunni; þar ráku þeir allt geldfè saman á afskekktan stað, og sátu þar yfir því, án þess að fara út fyrir sýslutakmörkin, og eins hefði mátt gjöra í Ráng árvallasýslu. Það hefir verið sagt, að það hafi verið nauðsyn fyrir Rángvellínga, að hlýða eigi boði stiptamtmanns, eg held, að þíngmenn sè seztir í dómarasætið, til þess að dæma Rángvellínga sýkna saka af því, að þeir hafi óhlýðnazt boði yfirvaldsins; en hver veit, nema að þetta mál komi til dómstólanna, áður en lýkur nösum, og er ekki víst, að þeir dæmi eins og þíngið; en það er aðgætandi að Skaptfellíngar urðu að setja sinn vörð, af því að Rángvellíngar ekki hlýddu skipun stiptamtmannsins, svo að mèr sýnist, að þeir eigi því aðgánginn að Rángvellínguni, en ekki að jafnaðarsjóðnum.

Indriði Gíslason: Eg ætla að eins að geta þess, að eg áskil mèr breytíngaratkvæði við 2. atriðið; en viðvíkjandi því, sem þíngmaður Reykvíkínga sagði, þá ætla eg ekki að svara honum neinu uppá það, því bæði er það óþarfi, og svo hefi eg líka lofað því, að mæða mig ekki á því, að gegna honum, enda munu flestir þíngmenn álíta svo.

Stefán Eiríksson: Eg vil að eins geta þess, að mèr skildist af ræðu þingmanns Ísfirðinga, að vörðurinn í Skaptafellssýslu hafi ei verið nauðsynlegur, af því kláðinn var ekki kominn þar, og vörður var haldinn í Rángárvallasýslu, en eg ætla ekki að svara því öðru en því, að það er seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í, og jafnframt verð eg að segja hinum háttvirta þingmanni það, að það er aldeilis nauðsynlegt fyrir hann, sem erindsreka konúngs, að fara austur í Skaptafellssýslu til þess að sjá, að það er hvergi eins hægt á öllu landinu að hafa vörð eins og þar, og efast eg ekki um, að hann mundi verða mèr samdóma í því, ef hann sæi hvernig til hagar.

Sveinn Skúlason: Eg ætla að eins að spyrja *forseta* að einni spurníngu. Mèr sýnist það vafalaust, að alþíngi megi, samkvæmt 77. gr. alþingistilskipunarinnar, senda konúngi bænarskrá um þetta mál, en þá verð eg að spyrja, að hverju leyti 44. greinin gefi *konúngsfulltrúa* leyfi til að skorast undan að taka á móti nokkurri bænarskrá frá þínginu til konúngs?

Forseti: Eg skal nú þegar svara þessari spurníngu með því, að eg get ei betur skilið 77. greinina, en að þíngið megi, samkvæmt henni, rita konúngi bænarskrá um þetta mál, og út af því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og þíngmaður Ísfirðínga sögðu, að rèttast væri fyrir þíngið, að vísa beiðendunum til stjórnarherrans, þá virðist mèr, að það ei bjóði neinum svörum hèðan af, úr því þíngið er búið að kjósa nefnd í málið; þíngið hefði getað gjört það við inngángsumræðuna, áður en nefnd var kosin, en nú skil eg ekki að þíngið geti gjört það, án þess að greiða atkvæði ofan í sjálft sig.

Guðmundur Brandsson: Það má skoða mál þetta enn þá á einn veg, með því að skoða tilgánginn, bæði hjá stiptamtmanni og hjá Rángvellíngum og Skaptfellíngum með vörnunum; ætli að tilgángurinn hafi ekki verið sá sami hjá þeim öllum, og einginn annar en sá, að varna útbreiðslu fjárkláðans? Þar sem þá tilgángurinn var sá sami hjá báðum, þá er það ekki annað en aðferðarmunur, til þess að ná tilgánginum, sem gjörir spennuna; tilgángurinn er góður hjá báðum; en Rángvellíngar og Skaptfellíngar völdu að eins hægari veginn til þess, að ná þeim sama tilgángi, að varna útbreiðslu kláðans. Er það nú sannglarnt að þeir sè látnir gjalda þessa? eða ætla það hefði orðið hægra að borga, þeim heimavöktunina, af því hún var beinlínis eptir skipun stiptamtmannsins, en sjálfsagt miklu erfiðari og kostnaðarmeiri en hin? Ekki get eg fallizt á það, að al-

þingi taki sèr dómsvald í þessu máli, eins og þingmaður Ísfirðinga sagði, og finnst mèr líka, að til alþingis hafi komið önnur eins mál og þetta, umkvartanir yfir einstökum embættismönnum, svo sem um brúkun jafnaðarsjóðsins, bæði í suður- og vesturamtinu, festuuppboð og blandaða skattinn af fasteign og lausafè samanlögðu, og hefir þingið ekki kastað þeim, heldur tekið þau í nefnd, og má eins fara með þetta, þar það er af sama tagi.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg sè ekki að þingið, eins og hinn háttvirti *forseti* sagði áðan, komi í mótsögn við sjálft sig, þó það nú vísaði beiðendunum til stjórnarherrans, og enda þótt búið sè að kjósa nefnd í málið; mèr sýnist þingið mikið vel geta vísað þessu máli frá sèr, af því því þyki það ekki nógu vel upplýst til þess, að það finni ástæðu til þess, að senda bænarskrá um það til konúngs. Mèr þótti orð þingmannsins úr Gullbríngusýslu nokkuð merkileg, þar sem hann eins og vildi, að tilgángurinn skyldi helga meðalið; ef menn fylgja fram þessum þeinkíngarhætti, þá má með því blanda saman svörtu og hvítu; þá yrði það hið sama, hvort niðurskurður er hafður eða lækníngar, einúngis ef menn hafa þann tilgáng með hvorutveggja, að útrýma fjárkláðanum, og eptir því ætti lækníngamennirnir og niðurskurðarmennirnir að vera á allt sáttir; eins ef yfirvaldið gefur einhverja skipun, en einhver annar þykist sjá eitthvert annað meðal til þess, að ná þeim tilgángi, sem yfirvaldið vill ná með skipun sinni, þá ætti yfirvaldið að beygja sig fyrir hinum, af því hann hafi verið óhlýðinn í góðum tilgángi; eg er hræddur um, að ef þessu ætti að fara fram, þá mundi það bráðum að bera, sem hann sagði á dögunum að væri lands ógæfa, að stjórnin færi að mínnka í landinu. Eg vona að hann sjái, að ekkert mál getur staðizt með þessari ástæðu. Eg held ekki heldur, að það geti orðið málinu til neins góðs, að þingið sendi bænarskrá um það til konúngs, heldur er það mitt álit, að það hollasta fyrir málið sè, að fara þann veg, sem næstur er, og vísa beiðendunum til stjórnarherrans.

Framsögumaður: Eg get ekki betur sèð, en að önnur eins umboðsleg mál og þetta, hafi optar komið fyrir þingið, og að þau hafi af þínginu verið tekin til meðferðar, og verð eg að álíta rèttast, að send sè bænarskrá um þetta mál til konúngs, eins og um hin. Mèr skildist af ræðu þingmanns Reykvíkínga, þar sem hann var að tala um heimapössunina, og áleit hana bæði hæga og vissa, að hann áliti það rètt, að Rángvellíngar, af því að þeir

hlýddu ekki skipun stiptamtmannsins, að gæta fjárins í heimahögum, væri réttast, að þeir feingi ekki endurgoldinn varðkostnað sinn, og borguðu Skaptfellíngum þar á ofan þeirra vörð, og þykir mèr þetta æði hörð kenníng, svo að eg gæti vel trúað því, að hann hefði verið ráðaneyti stiptamtmannsins, og ráðið honum til, að skrifa Rángvellíngum harða brèfið. Það sýndust ekki merkilegir fulltrúar, sízt sè það skoðað frá sjónarmiði þessa tíma, sem forfeður vorir völdu sèr, þegar þeir lögðu ókunnugir út á regin haf í landaleit, að taka sèr fyrir ráðaneyti blótaða hrafna; en því hafa þeir valið þá hèr til, að þeir hafa borið nokkurt traust til þeirra; en illa reyndist traust þetta, þegar á reyndi, því þó Flóki næði landinu, sem líklega var lítið hröfnum hans að þakka, þá minnir mig að sagt sè, að hann hafi misst allt kvikfè sitt um veturinn, og varð því að flýja landið aptur. Það er nú mjög líklegt, að herra stiptamtmaðurinn hafi sett allt of mikið traust í þessu máli á nokkra hrafnklædda kjóllubba (*Forseti* hríngir), sem hafa með miklum myndugleika verið að tranast fram í þetta mál, en hafa þó minna vit á því en hrafnar, að vísa mönnum í landaleit, eða segja til veðurs; enda sýnast ráð þessara stèlpilta ætla að hafa líkar afleiðíngar, að fènaður mestallur deyr á landinu, þar sem ráðum þeirra hefir verið sinnt, og menn megi svo deyja í hor og húngri, eða flýja landið, eins og Flóki. En það er bótin, að allur þorri landsmanna hefir sett mikið minna traust til þessara manna, en Flóki til hrafna sinna, því þeir hafa það minna, en ekki neitt. Það er líka lukka landsmanna, að þeir ekki of fljótt settu blint traust á þessa hrafnvitríngа; því hefði það verið gjört, þá mundi kláðasýkin vera orðin svo víða útbreidd um landið, og búin að gjöra svo mikinn usla með, að eyðileggja þann helzta bjargræðisstofn okkar Íslendínga, sauðfènaðinn, að til landauðnar mundi horfa, og nú skuli hèr heyrast svo óskammfeilið garg, að þeir, sem af sjálfshvötum hafa reynt til, að stöðva framrás sýkinnar og hefir tekizt það með mikilli fyrirhöfn og ærnum tilkostnaði, og unnið það til, að eyðileggja sjálfir fènað sinn, til þess að meðbræður okkar gæti frelsazt, sem enn voru fríir fyrir sýkinni, og gæti svo hjálpað til, að reisa okkur við aptur, þá skulum við ekki eiga að fá annað til endurgjalds, en skömm og svívirðu. Það er undarlegt, að Rángvellíngar skuli eiga að bera kostnaðinn af láni því, sem tekið var til kláðans, og fá svo ekki endurgoldinn kostnað sinn, til þess að hindra útbreiðslu kláðans, þar sem lækníngamennirnir fá helmínginn af láninu, sem þóknun fyrir lækníngar sínar. Ef

lækníngamennirnir hefði treyst sèr til að bera sig sjálfir, þá hefðum við ekki í þetta sinn heldur fundið þörf til að beiðast þess, að lán skyldi taka; en þegar það var tekið upp á jafnaðarsjóðinn, þá fannst okkur, að úr því við eigum að borga lánið, þá væri það ekki ósanngjarnt, að við feingjum nokkuð af varðkostnaðinum borgað að tiltölu.

Ólafur Jónsson: Þegar mál þetta kom til inngángsumræðu, þá var eg með því, að það yrði tekið í nefnd, af því menn álitu að Rángvellíngar og Skaptfellíngar hefði ekki feingið jafnrètti við aðra amtsbúa, þar sem hefir verið borgað úr jafnaðarsjóðnum til annara varða; og með því nú að allir eiga að leggja til jafnaðarsjóðsins, þá finnst mèr það vera á góðum rökum byggt, að þeir fái jafnrètti. Nefndin hefir nú tekið þann veg, að útvega þeim jafnrètti, með því að þeir fái varðkostnaðinn borgaðan úr jafnaðarsjóðnum; en af því eg sè annan veg til þess, að þeir fái jafnrètti, þann veg, að jafnaðarsjóðurinn fái annarstaðar frá endurgoldið það, sem borgað hefir verið fyrir verðina annarstaðar í amtinu, því þá er eins og ekkert sè borgað úr sjóðnum, þá vil eg koma með það breytíngaratkvæði, að ef Rángvellíngar og Skaptfellíngar ekki fá endurgoldinn sinn varðkostnað, þá verði jafnaðarsjóðnum endurgoldið það, sem úr honum hefir verið borgað til annara varða.

Guðmundur Brandsson: Eg get ekki skilið í ræðu þíngmanns Ísfirðínga, því mèr sýnist hún svo ólík öllu því, sem hann hefir áður látið í ljósi, bæði í ræðum sínum og ritum; eg hèlt að það stæði á litlu, þó menn ekki rígbyndi sig við skipanir yfirvaldanna, þegar sami væri tilgángurinn, og ekki sízt þegar honum þar með væri beint í haganlegri stefnu, heldur en yfirvaldið hefði tekið til; en ef tilgángurinn væri verri hjá hinum en þessum, þá væri allt öðru máli að gegna; og eg veit ekki, til hvers að nefndir eru og fundir, ef ekki til þess, að farið sè eptir tillögum þeirra, og í hvaða skyni ætli bæði stiptamtmaður og aðrir hafi kallað þær saman, hefði hann eða þeir ekkert viljað nýta af því, sem þær rèðu til. Þar sem sami þíngmaður minntist á óstjórnina, get eg ekki betur sèð, en að óstjórn og harðstjórn sè náskyldar, og geti, ef til vill, fallizt í faðma. Þar sem nú stiptamtmaður ekki kallaði Rángvellínga á fund með sèr, áður en hann gaf þeim skipunina um, að vakta fè þeirra í heimahögum, þar sem hann þó kallaði menn úr hinum sýslunum áður á fund með sèr, og fór að nokkru leyti eptir ráðum þeirra, þá finnst mèr Rángvellíngum vera vorkun, þó þeir sè óánægðir, þar sem þess-

ari skipun var allt í einu dembt inn á þá, og get eg ekki annað séð, en að þeim sè gjört lægra undir höfði, en öðrum í þessu máli.

Forseti: Þar eð fleiri þingmanna hafa krafizt þess skriflega að þessum umræðum væri lokið (*Jón Sigurðsson* frá Tandraseli: Eru nokkur þingsköp, sem leyfa það, að umræðunum sè svona hætt, þegar þingmenn vilja tala?) — Eg álít leyfilegt, að bera þetta undir atkvæði þingmanna, og skal eg því biðja þingmenn að gánga til atkvæða um það, hvort undirbúningsumræðunni skuli að svo ræddu lokið.

Var það þá samþykkt með atkvæðagreiðslu, að umræðu þessari skyldi vera lokið.

Jón Hjaltalín: Eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði.

Forseti: Um seinan! Eg ákveð þá fund á mánudaginn, kl. 12.

Fundi slitið.

1. ágúst — tuttugasti og fyrsti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eptir ósk hins háttvirta *konúngsfulltrúa* og margra þingmanna, verður dagskránni breytt svo, að *sveitastjórnarmálið*, sem fremst er sett á dagskrána, verður síðast tekið fyrir; kemur þá fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu: *málið um stofnun bæjarstjórnar á Akureyri. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður frá Reykjavík. Atkvæðaskráin hefir verið prentuð, og vona eg því, að allir þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í málinu, *um stofnun bæjarstjórnar á Akureyri.*

1. Frumvarpsins 1. grein.

Bærinn Akureyri ásamt Oddeyri, hvorttveggja með sínum núverandi takmörkum, skal hèðan af vera skilin við Hrafnagilshrepp, vera lögsagnarumdæmi sèr, og hafa bæjarstjórn út af fyrir sig og nefnast kaupstaður; skal þar settur bæjarfógeti, og sè hann fyrst um sinn sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu; skal bæjarfógetinn og fulltrúar bæjarins hafa á hendi alla stjórn þeirra bæjarmáleina, sem eigi eru undanskilin með öðrum ákvörðun-

um. Skal framvegis sambandi því slitið, sem verið hefir milli fátækra-málefna í kaupstaðnum Akureyri og í Hrafnagilshrepp, og skal skilnaður þessi hefjast svo fljótt, sem því verður við komið, eptir að þessi reglugjörð er birt á báðum stöðum.

Fè því, er Akureyrarbær og Hrafnagilshreppur eiga í sameiníngu, og hreppsþýngslum öllum skal svo skipt, að sami sè jöfnuður milli bæjarins og hreppsins, sem á milli 4 og 5. Þessi skipti skulu gjörð af sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, öllum bæjarfulltrúunum, og jafnmörgum mönnum úr Hrafnagilshrepp, sem kosnir skulu með atkvæðafjölda á kjörfundi fyrir sýslumanni, af öllum þeim búendum hreppsins, sem gjalda nokkuð til sveitar.

2. Frumvarpsins 2. grein.

Fulltrúar kaupstaðarins Akureyrar skulu vera fimm; skulu þeir kosnir af bæjarbúum þeim, sem kosníngarrètt hafa samkvæmt þessari reglugjörð.

3. Frumvarpsins 3. grein.

a, Orðabreytíng *Jóns Pèturssonar:*

Að í greinarinnar 1. tölul. verði orðunum: „þeir sem“, breytt í orðið „og“.

b, Tölul. 1. í 3. gr.:

Kosníngarrètt hafa:

Allir embættismenn, sem hafa aðsetur í bænum, þeir sem annaðhvort hafa konúnglegt veitíngarbrèf, eða eru skipaðir af stiptsyfirvöldunum á Íslandi.

c, Breytíngaratkvæði *Þórðar Jónassens* við 3. gr. tölul. 2 (stafl. d):

Allir þeir menn, 25 ára, sjálfs síns ráðandi, er búfastir hafa verið seinasta árið í bænum, hafa kosníngarrètt, þegar þeir að minnsta kosti borga 2 ríkisdali í bæjargjöld.

d, Tölul. 2. í 3. gr.:

Allir þeir, er viðtöku- eða borgarabrèf hafa á Akureyri, ef þeir eru búsettir í bænum og hafa goldið 2 rd., eða þaðan af meira af atvinnu sinni í bæjargjöld næsta árið á undan.

e, Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar:*

Að 3. gr. tölul. 3. (stafl. f) verði svo breytt, að í staðinn fyrir „400 rd.“ verði sett „300 rd“.

f, Tölul. 3, í 3. gr.:

Allir þeir, sem hús eða bæ eiga í lögsagnarumdæmi bæjarins, sem sè 400 rd. virði að löglegri virðíngu, ef þeir hafa

þar aðsetur, hafa goldið næsta ár á undan 2 rd. auk húsaskatts, og eru 25 ára.

g, Breytíngaratkvæði *Jóns Pèturssonar,* við tölul. 4. í 3. gr. (stafl. h):

Að orðin: „þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann í Kaupmannahöfn eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík", breytist þannig: *„Þeir, sem eru útskrifaðir úr hinum lærða skóla hèr á landi, eða hafa tekið lærdómspróf við háskólann í Kaupmannahöfn".*

h, Tölul. 4, í 3. gr.:

Þeir sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann í Kaupmannahöfn eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, ef þeir eru búsettir í bænum og ei öðrum háðir, og hafa goldið 2 rd. í bæjargjöld næsta ár á undan.

i, Tölul. 5. í 3. gr.:

Verzlunarfulltrúar, sem í bænum eru, ef þeir hafa goldið næsta ár á undan 2 rd. í bæjargjöld, og eru 25 ára að aldri.

k, Viðaukaatkvæði *Jóns Pèturssonar* við 3. gr., að nýr töluliður bætist aptan við, þannig hljóðandi:

Allir aðrir húsfeður þar í bænum, sem eru 25 ára, ef þeir hafa goldið 6 rd. í bæjargjald næsta ár á undan.

4. Frumvarpsins 4. grein.

Kjörgeingur er hver sá, sem kosníngarrètt hefir eptir 3. gr.

5. Frumvarpsins 5. grein.

Enginn sá getur tekið þátt í kosníngu bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosníngu, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenníngsáliti, jafnvel þótt hann hafi ekki sætt þeirri hegníngu, er samkvæmt opnu brèfi, dags. 29. d. októbermánaðar 1824, og tilskipun 24. janúar 1838, 4. grein, lit. *a,* sviptir menn borgararètti. Eigi heldur sá, er lagasókn á liggur um nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenníngsáliti eða svipt getur borgararètti, fyr en hann með dómi, er eigi verður raskað, er dæmdur alsýkn sakar. Eigi hefir heldur sá kosníngarrètt, nè er kjörgeingur, er settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sè nokkurt það mál honum á hendi, að hann eigi hafi full ráð fjár sín að lögum.

Sá, er þegar er kjörinn fulltrúi, skal eigi víkja úr fulltrúa-

sæti, fyr en hann hefir haft fulltrúastörf á hendi hinn lögákveðna tíma, þótt hann missi þá hæfilegleika, sem kjörgeingi er bundið við eptir 3. og 4. grein. Nú er hafin lagasókn í gegn þegar kosnum fulltrúa, um eitthvert það verk, er sviptir kosningarrètti og kjörgeingi, samkvæmt þessari grein, skal hann þegar víkja úr fulltrúasæti sínu, uns dómur sá er felldur í málinu, er eigi verður raskað, og tekur hann þá aptur að gegna fulltrúastörfum, sè hann dæmdur alsýkn saka. Þó skal sá tími, er málsóknin stóð yfir, teljast með sýslutíma hans. Bæjarfógeti og fulltrúar skera úr því, hvenær bæjarfulltrúinn á af þvílíkum ástæðum að víkja úr sæti sínu. Þó á sá fulltrúi, er hlut á að máli, frjálst að bera málið undir amtmann til úrskurðar, sè hann eigi ánægður með úrskurð bæjarstjórnarinnar.

Faðir og sonur mega eigi eiga setu meðal fulltrúa undir eins, og eigi heldur faðir eða sonur bæjarfógeta.

6. Frumvarpsins 6. grein.
Hver fulltrúi hefir starf sitt á hendi í fimm ár, og fer hann þá frá; en af þeim fimm, sem kjörnir eru í fyrsta skipti, skal einn fara frá að ári liðnu, og síðan einn á ári; og skal þar ráða samkomulag eða hlutkesti, ef samkomulagi eigi verður á komið. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir, sem til þess eru, áður 5 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á að hinn hefði verið 5 ár, er frá fór. Fari einhver fulltrúa frá hina 6 síðustu mánuði ársins, má fresta kosningu til þess á aðalkjörfundi. Kjósa má jafnan þann að nýju, er frá fer; en hafi hann gegnt fulltrúastörfum í 3 ár eða leingur, er hann eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlángan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi. Svo má og hver sextugur maður, eða eldri skorast undan fulltrúakosningu.

7. Frumvarpsins 7. grein.
Fulltrúakosningar skulu jafnan fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf misreitis. Hið fyrsta sinn skal kjósa bæjarfulltrúa svo fljótt sem verður, eptir að reglugjörð þessi er birt á Akureyri, en þó skal telja sýslutíma þeirra frá næsta nýári á eptir.

8. Frumvarpsins 8. grein.
Svo skal kosningu undir búa, að skrá sè samin um þá, sem

kosníngarrètt hafa og kjörgeingir eru; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: í fyrsta sinn bæjarfógetinn á Akureyri, og 2 menn af Akureyrarbúum, er hann til þess kveður; en upp frá því eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, oddviti fulltrúanna og einn fulltrúanna, er þeir sjálfir til þess kjósa. Þegar semja skal kjörskrá, skal bæði gjaldkeri bæjarins og aðrir bæjarfulltrúar vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist. Skráin skal liggja öllum bæjarbúum til sýnis um 14 daga; þyki nokkrum, að einhver sè of talinn eða vantalinn á kjörskránni, skal hann bera mótmæli sín skriflega upp fyrir bæjarfógeta, að minnsta kosti 3 dögum fyrir kjörfund; rannsakar þá kjörstjórnin málið, og kveður upp úrskurð sinn á kjörfundi samkvæmt lögum, áður en kosníng fer fram. Mótbárum þeim gegn kjörskránni, er eigi koma fram í ákveðinn tíma, skal enginn gaumur gefinn.

9. Frumvarpsins 9. grein.
Kjörstjóri skal boða stað og stund, er kosníngar skulu fram fara, að minnsta kosti 8 dögum á undan, með auglýsíngarbrèfi; skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosníngarrèttar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa því yfir, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni eða á seðli, hvern þeir vilja kjósa.

Þegar allir þeir, er kjósa skulu, hafa gefið atkvæði sín og þau eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar upp öll atkvæðin, en hinir 2 kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman. Þann skal nefna kjörinn fulltrúa, sem hlotið hefir flest atkvæði. Nú hafa 2 eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

10. Frumvarpsins 10. grein.
Þegar kjósa á fleiri en einn fulltrúa, skal hver þeirra kjörinn sèr í lagi á þann hátt, sem áður er fyrir mælt.

11. Frumvarpsins 11. grein.
Ef sá, sem kjörinn er fulltrúi, ber upp afsökun nokkra, metur kjörstjórnin, hvort hún sè gild, og verði það atkvæði meiri hluta kjörstjórnarinnar, skal kjósa að nýju; boðar þá kjörstjóri þegar til annars kjörfundar að 8 daga fresti. Nú telur kjörstjórnin afsökun hans ónóga, en hinn kosni vill þó eigi gángast undir kosníngu, skal kjörstjórnin bera málið undir amtmann, ef hinn krefst þess, og sker þá amtmaður úr. Nú þykir einhverjum hlutaðeigenda vafi á, að kosníngin sè lögmæt, á hann rètt á,

að bera slíkt upp fyrir kjörstjórninni, en hann skal hafa gjört það, áður 8 dagar sè liðnir frá því kosníng fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun einginn gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda málið, ásamt áliti sínu amtmanni til úrskurðar, og leggur amtmaður þá úrskurð á, áður hálfur mánuður sè liðinn. En hvort sem slík umkvörtun kemur fram eða eigi, skal amtmanni ávallt send skýrsla um kosníngina.

12. Frumvarsins 12. grein.
Sá sem kosinn er fulltrúi, sendir bæjarfógeta skriflegt heit, og skuldbindur hann sig í því, samkvæmt borgaraeiði sínum; en hafi hann eigi svarið borgaraeið, lofi hann með eiði, að gegna dyggilega öllum þeim skyldum, er staða hans leggur honum á herðar, bæði við konúng og fósturjörð sína, og einkum við fèlag það, er hefir kosið hann til að taka þátt í stjórn bæjarmálefna sinna.

13. Frumvarpsins 13. grein.
Við byrjun hvers árs kjósa fulltrúar úr flokki sjálfra sín oddvita, og ræður þar atkvæðafjöldi. Á sama hátt kjósa þeir og varaoddvita, er geingur í stað oddvita, þegar hann eigi er viðlátinn. Fulltrúar skulu eiga með sèr fastákveðna fundi, eptir því sem þeir koma sèr saman um, hversu tíðir skuli vera; en auk þess kveður oddviti til fundar endranær, er honum þykir nauðsyn til bera, eða 2 fulltrúar heimta. Oddviti skal, að því leyti unnt er, auglýsa fulltrúunum fyrir fram, hver málefni skuli rædd á fundum þeirra, en að öðru leyti á hver fulltrúi rètt á, að bera upp á fundi hvert það málefni, er honum þykir nauðsyn til bera. Oddviti stýrir fundinum og sèr um, að allt sè rètt bókað, er þar fer fram. Þegar svo á stendur, að jöfn eru atkvæði, skulu þeir ráða, er oddviti fylgir að. Þrír skulu fulltrúar að minnsta kosti vera á fundi, ef nokkurt mál á að geta ráðizt til lykta. Jafnan skulu allir þeir fulltrúar, sem við staddir eru, rita nöfn sín undir fundabókina.

14. Frumvarpsins 14. grein.
Bæjarfulltrúar skulu eiga þátt í stjórn allra þeirra málefna, sem snerta eignir og stofnanir, tekjur og gjöld bæjarins, og eigi eru með neinni annari lagaákvörðun undanskilin; má því bæjarfógeti ekkert kveða á um bæjarmál án þeirra samþykkis. Fulltrúar mega gjöra uppástúngur um bæjarmálefni, eins og líka bæjarfógeti eða æðra yfirvald, hvort heldur er um eignir,

eða stofnanir bæjarins eða tekjur hans og útgjöld. Nú verður meiri hluti fulltrúa eigi á sama máli, og bæjarfógeti; skal hann eiga fund við þá og ræða við þá um málið; verði þá meiri hluti fulltrúa enn eigi á sama máli og hann, má skjóta málinu undir úrskurð amtmanns. Það er sjálfsagt, að telja það álit allra fulltrúa, er meiri hluti fellst á; þó er minni hlutanum heimilt, að skýra brèflega frá skoðun sinni og láta fylgja með, ef málið geingur til æðra yfirvalds.

15. Frumvarpsins 15. grein.
Í öllum þeim málum, er snerta þurfamenn, uppeldi og uppfræðíngu barna, hefir hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum fulltrúanna, að svo miklu leyti því verður við komið.

16. Frumvarpsins 16. grein.
Fulltrúarnir skulu kjósa 2 menn úr flokki sjálfra sín í byggíngarnefnd þá, er sett var með opnu brèfi 6. dag janúarmánaðar 1857 í stað þeirra, er bæjarmenn skyldi áður kjósa.
(*Jón Pèturssón* stíngur upp á, að þessi grein sè úr feld).

17. Frumvarpsins 17. grein.
Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta kjósa bæjargjaldkera; skal sá, sem settur er gjaldkeri, skyldur að hafa starf sitt á hendi um 3 ár, nema hann geti borið fyrir gildar ástæður, er aptri honum frá því, er bæjarfógeti og fulltrúar meti, eða bæjarfógeta og fulltrúum þyki ástæða til, að fá öðrum sýslu hans í hendur; nú verða bæjarfógeti og fulltrúar eigi á eitt sáttir um ákvarðanir þær, er snerta kosníngu gjaldkera o. s. frv., skal málinu skotið til amtmanns úrskurðar.

18. Frumvarpsins 18. grein.
Reikníngsárið er frá fardögum til fardaga.

19. Frumvarpsins 19. grein.
a, Breytíngaratkvæði *Pèturs Pèturssonar* og *Þórðar Jónassens,* Að endir 19. gr.: „skal áætlunin — fullgjörð", verði þannig orðaður:
„skal áætlunin sendast amtmanni, og úrskurðar hann, hvort henni skuli í nokkru breyta".
b, Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta fyrir lok hvers marzmánaðar semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þykir, að bærinn muni þurfa að greiða næsta fardagaár, hvort heldur er til forlagseyris þurfamönnum bæjarins eða til annara bæjarþarfa. Í áætluninni skal og skýrt frá fè því, sem til er til

að borga með gjöldin, án þess skattur sè lagður á bæjarbúa. Þegar allar slíkar tekjur eru taldar, skal jafna tveimur fimmtu hlutum af gjöldum þeim, sem þá eru eptir til hinna eiginlegu bæjarþarfa, á hús og lóðir bæjarmanna, þannig að fimm sjöttúngum skal jafna á húsin eptir ferhyrníngsmáli grundvallarins, en einum sjöttúng á maturtagarða og aðrar útmældar lóðir, sömuleiðis eptir ferhyrníngsmáli; en þremur fimmtúngum þess fjár, sem þarf til hinna eiginlegu bæjargjalda, og því fè, sem þarf til forlagseyris þurfamönnum, skal jafna niður á alla bæjarbúa eptir efnum þeirra og ástæðum. Gjöldum þeim, sem greind eru í opnu brèfi 6. dag janúarmánaðar 1857, 5. grein *a*, skal framvegis jafna niður eins og gjöldum til annara bæjarþarfa, er að framan er getið.

Beri ekkert það að höndum, að líklegt megi þykja, að útgjöldin eða tekjur þær, sem til eru upp í þau, verði meiri eða minni en árið næst á undan, skal hvorttveggja jafnhátt sett; skal áætlunin gild án samþykkis æðra yfirvalds, en senda skal hana amtmanni, undir eins og hún er fullgjörð.

20. Frumvarpsins 20. grein.

Þegar áætlunarskráin er fullgjörð, skal jafna niður gjöldunum á bæjarbúa samkvæmt 18. grein. Við niðurjöfnun þessa ber þó þess að gæta, að þeim, sem að lögum eru lausir við að greiða gjaldtegund nokkra, má eigi gjöra meira gjald, en þeim ber að greiða í önnur gjöld að tiltölu við aðra. Allir fulltrúar ásamt gjaldkera bæjarins jafna niður bæjargjöldunum á bæjarbúa. Niðurjöfnunin skal fullgjörð að minnsta fyrir lok maímánaðar; því næst skal hún, ásamt áætlunarskránni, liggja öllum til sýnis um 3 vikur, að minnsta kosti 3 stundir á degi hverjum; skal það opinberlega birt, hvenær hún sè lögð fram, og um hvert leyti dags hún sè öllum til sýnis. Öllum gjöldum skulu greiðendur hafa lokið á Mikjálsmessu.

21. Frumvarpsins 21. grein.

Þyki einhverjum bæjarbúa eitthvað aðfinníngarvert við niðurjöfnunina, á hann frjálst með, að bera sig upp um það við bæjarfógeta og færa rök að, en það skal gjört, áður sá tími sè liðinn, sem niðurjöfnunin liggur til sýnis, því að annars verður slíkri umkvörtun enginn gaumur gefinn. Bæjarfógeti leggur þá úrskurð á ásamt með fulltrúunum, hvort breyta skuli niðurjöfn-

uninni að nokkru fyrir umkvörtunina. Sè kærandi eigi ánægður með úrskurð bæjarstjórnarinnar, er honum frjálst, að láta bæjarstjórnina bera málið undir úrskurð amtsins.

22. Frumvarpsins 22. grein.
Ef útgjöld þau bera að hendi, sem eigi er ráð fyrir gjört í áætluninni, skal fara með þau að öllu, eins og fyrir er mælt um aðaláætlunarskrána í 18. grein, og jafna síðan því fè niður á bæjarbúa, á sama hátt og fyrir er mælt í 19. grein um aðalniðurjöfnunina. En sè þess konar gjöld eigi meiri en svo, að nemi 50 rd., má niðurjöfnun þeirri fresta, þar til aðalniðurjöfnunin fyrir næsta ár er gjörð.

23. Frumvarpsins 23. grein.
Bæjarsjóðurinn skal geymdur af gjaldkera, og skal hann að minnsta kosti eitt sinn á hverjum þremur mánuðum gefa bæði bæjarfógeta og fulltrúunum nákvæma sjóðskýrslu, er sýni nákvæmlega, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað, og til hvers. Eigi skal bæjargjaldkeri neitt greiða úr bæjarsjóði, nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni.

24. Frumvarpsins 24. grein.
a, Breytíngaratkvæði *Jóns Pèturssonar:*
Að í stað upphafsins í 3. klausu: „fulltrúar og yfirvöld skulu“, verði sett: „bæjarstjórnin skal“, o. s. frv.

b, Fulltrúar ásamt bæjarfógeta skulu hafa nákvæma umsjón með fjárhag bæjarins. Þeir skulu gæta þess, að skattar og tekjur bæjarins sè heimtaðar á rèttan hátt og í tækan tíma, og þær teknar lögtaki, ef þörf gjörist, svo og, að fènu sè varið til útgjalda bæjarins. Þyki reikníngar gjaldkera eigi nógu skýrir, eða tekjur reynist óheimtar, eða gjöld ógreidd, er greidd skyldi vera, skulu fulltrúar gjöra þær ráðstafanir, er nauðsyn ber til, til að hrinda því í lag, er áfátt þykir. Allar ávísanir skulu fulltrúar undirskrifa á fundi.
Fulltrúar og yfirvöld skulu leggja alla stund á, að öll störf þau, sem unnin eru á kostnað bæjarsjóðs, sè vel af hendi leyst, og með sem minnstum kostnaði, og hafa vakanda auga á slíkum störfum; skulu fulltrúarnir skiptast á um að gæta þeirra, eptir því sem þeim þykir hentast, og sjá um, að slík störf sè unnin sem haganlegast og í öllu samkvæmt því, sem upphaflega var kveðið á.

25. Frumvarpsins 25. grein.

a, Breytíngaratkvæði *Jóns Þèturssonar:*
Að orðunum: „æðra yfirvalds“, sè breytt í orðið: „amtmanns“.

b, Þótt bæjarfógeti og fulltrúar eigi rètt á, eptir því, sem að framan er fyrir mælt, að gjöra ályktanir í almennum málefnum bæjarins, mega þeir þó eigi afráða neitt eða fullgjöra, það er af sèr leiðir byrði eða þýngsli fyrir bæjarbúa til lángframa, nema þeir leiti og fái til þess samþykki hlutaðeiganda amtmanns. Bæjarstjórnin má því eigi nema með samþykki æðra yfirvalds taka fè að láni, leingja tíma þann, sem borga skal á lánsfè, nè bæta við nýjum launum eða eptirlaunum eða hækka þau, ef meiru nemur, en 20 rd., eigi kaupa land eða hús undir bæinn, nè selja fasteignir, er bærinn kann að eignast, eigi ákveða nein byggíngarstörf, er hafa í för með sèr álögur á bæjarbúa um meir en eitt ár, eða við sættir skuldbinda bæinn til neins til lángframa, eða slaka til í rètti hans.

26. Frumvarpsins 26. grein.
Þegar við lok hvers reikníngsárs skal gjaldkeri semja reikníng yfir allar tekjur og útgjöld bæjarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógeta innan loka júnímánaðar; skal reikníngur sá liggja öllum bæjarbúum til sýnis um 3 vikur, þrjár stundir dag hvern, og það birt eins og fyrir er mælt um niðurjöfnunina. Því næst sè reikníngurinn feinginn til íhugunar skoðunarmanni, en hann sè kosinn af bæjarmönnum, þeim sem samkvæmt 3. gr. hafa kosníngarrètt, á sama hátt og fulltrúarnir, og skal hann hafa það starf á hendi um 5 ár, eins og þeir. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikníngnum innan mánaðar frá því hann fèkk hann; síðan skal hann senda hann aptur með athugasemdum sínum. Þegar gjaldkeri hefir feingið athugasemdir skoðunarmanns og svarað þeim, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, eða tekið þær tilhlýðilega til greina, skal reikníngurinn, ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera upp á þær, sendur amtmanni til úrskurðar, og skal hann skera úr, ef ábyrgð nokkur þykir á liggja bæjargjaldkera, er hann þykist hafa feingið nægar skýrslur um málið, eða honum þykir eitthvað aðfinníngarvert. Ágrip af reikníngi gjaldkera skal prenta, svo fljótt sem verður, þar sem til sè greind sèr í lagi öll atriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

27. Hvort rita skuli bænarskrá til konúngs um, að hann gjöri frumvarp þetta (samkvæmt atkvæðagreiðslunni) að lögum.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Það hafa ekki verið gjörð mörg breytíngaratkvæði við þetta nefndarálit, svo eg vona að ekki þurfi margar umræður um þetta mál. Eg ætla að eins að fara fáum orðum um hvert þeirra. Orðabreytíng hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns við 3. gr. staflið *a*, hef eg í rauninni ekkert á móti, ef þínginu þykir þannig verða ljósara eða fegra, að setja 2 ákvarðanir saman í eina; það er, sem Danir segja, „*Smagsag*“. Breytíngaratkvæði hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns, við 3. gr. stafl. *c*, veit eg ekki hvernig á að komast að, því það tekur upp í sig allar hinar ákvarðanir nefndarinnar í 3. gr., svo hinir töluliðirnir ætti þá að vera eins og útskýríng þessa, en þá hefði það átt að vera sett fyrst í greininni, en ekki í miðjunni. Þó þetta væri nú tekið svona, þá þykir mèr ísjárvert, að hleypa hverjum, sem borgar 2 rd. í bæjargjöld inn í bæjarstjórnina, hleypa þar inn hverjum lausamanni. Þetta breytíngaratkvæði kann að virðast frjálslegra en uppástúnga nefndarinnar, en eg er ekki svo frjálslyndur, að eg vilji ekki binda neitt kjörgeingi í bæjarstjórn; því þar gæti þá komið inn í þeir menn, sem ekki hugsa neitt um aðra, sem láta sèr á sama standa, hvernig bæjarstjórnin geingur, sökum þess, að þeirra eiginn hagnaður er eigi að neinu bundinn við hana. Í bæjarstjórnina eiga ei aðrir að koma, en þeir, sem eru „*interesseraðir*“; en ef það væri ekkert bundið, þá gæti svo farið, að meiri hluti fulltrúanna verði þeir menn, sem ekki þurfa að gæta neinna eigin rèttinda eða eigin eignar, og væri það ísjárvert, að gefa þess konar mönnum vald til, að ráða yfir eignum annara. Mèr sýnist því þetta breytíngaratkvæði öldúngis óhafandi. Breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns úr Gullbríngusýslu, við 3. gr. staflið *e*, er komið undir ástæðunum á Akureyri. Menn verða með þess konar ákvarðanir að fara eptir því, hvernig ástatt er á þeim og þeim stað; það verður að vera sumstaðar hærra, og sumstaðar lægra. Þó eg sè ei kunnugur á Akureyri, þá er eg þó sannfærður um, að ekkert hús er þar nú, sem ekki sè 400 rd. virði. Eg finn því ekki ástæðu til, að mæla með þessu breytíngaratkvæði. Breytíngaratkvæði hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns við 3. gr. stafl. *g*, um að rýmka rèttindi lærðra manna, þ. e. setja *stúdenta* í stað ákvörðunar nefndarinnar, þykir mèr óþarft; en eg hefi ekkert sèr í lagi á móti því, ef þíngið vill það heldur; en eg er beinlínis mótfallinn viðaukaatkvæði hans, stafl. *k*,

því þetta 6 rd. gjald er svo ósamkvæmt gjaldstofni annara; það er lángtum of hátt; því undir þenna staflið ætti einúngis að heyra tómthúsmenn; auk þess er eingin þörf á þeirri ákvörðun, því að nú eru eingir tómthúsmenn á Akureyri, og fyrst að svo var, áður en byggíngarnefndin kom þar, að einginn tómthúsmaður komst þar að, þá eru eingin líkindi til, að það verði framvegis fyrst byggíngarnefndin komst þar á, einkum þar eð rúmlítið er þar; og eg er sannfærður um, að hún gjörir allt sitt, til að gjöra bæinn sem fegurstan, svo hún fer víst ekki að vísa út rúm fyrir torfbæi, sem eru til óprýði í hverjum bæ. Hinn sami háttvirti þíngmaður stíngur upp á, að fella úr 16. gr., en því er eg mótfallinn. Þegar byggíngarnefndin var stofnuð, þá urðu allir bæjarbúar að fá rètt til að velja í hana 2 menn, sökum þess að eingin bæjarstjórn var þar, en ef bæjarstjórnin kemst á, þá ætti hún þó að taka þenna þátt í byggíngarnefndinni, því það getur bæði verið áríðandi fyrir byggíngarnefndina að vita, hvað bæjarstjórnin gjörir, og fyrir bæjarstjórnina, hvað byggíngarnefndin af ræður; því að annars getur hvor fyrir sig ályktað þvert ofan í hina, og þannig komið í bága hvor við aðra. Eg sè eingan hag við það, að láta alla kjósa menn í byggíngarnefndina, og það er eingin ástæða til, að trúa ekki bæjarstjórninni fyrir, að velja þá, eins og fyrir öðrum bæjarmálefnum; viðvíkjandi breytíngaratkvæði hinna háttvirtu 1. og 3. konúngkjörnu þíngmanna við 19. gr. um, að áætlunin skuli leggjast undir amtmanns úrskurð, þá get eg ekki fundið ástæðu til þess; þegar Kaupmannahafnarbúar trúa fáum mönnum til að gjöra áætlunina þar, án þess að bera það undir nokkurt stjórnarráð, þá ætti 5 mönnum á Akureyri að vera trúandi fyrir, að gjöra áætlunarreikníng fyrir 40 – 50 menn. Mèr finnst sjálfsagt, að menn hafi rètt til að leggja kostnað á sjálfa sig, þegar það ekki kemur neinum öðrum við, eða leggst á aðra, en sjálfa þá, eða eigi nema um eitt ár. Breytíngaratkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns við 24. og 25. gr. er ekki annað en orðabreytíng. Nefndin hefir í 24. gr. „fulltrúar og yfirvöld“, en hann vill setja í staðinn „bæjarstjórn“. Hann vill sumsè ekki, að amtmennirnir líti eptir fyrirtækjum bæjarstjórnarinnar; en mèr finnst ekkert að því, þótt hann gefi henni bendíngar, þegar fyrirtækið orsakar útgjöld leingur en um 1 ár. Eg vil taka til dæmis, að Akureyrarbúar skyldi taka sig saman um, að gjöra virki, sem stæði yfir í 5 ár, að búa til brú, sem geingi út að skipunum á höfninni, og þetta verk ætti að standa yfir um nokkur ár, þá þarf til þess samþykki amtmannsins

að leggja þessi útgjöld á bæinn, og þá finnst mèr rètt, að amtmaður líti eptir, að þess konar verk sè vel af hendi leyst. En „æðra yfirvald“ í 25. gr. er auðvitað að er sama sem „amtmaður“. Eg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um þetta, fyr en einhver mótmæli koma.

Þórður Jónassen: Hinn heiðraði *framsögumaður* hefir nú rètt í því, að eins og breytíngaratkvæði mitt við 3. gr. liggur fyrir á atkvæðaskránni, kemur það illa við, en það er ekki mèr að kenna heldur misprentun; eg hafði að eins borið það upp sem breytíngaratkvæði við 3. gr., og ætlaðist til, að það kæmi í stað allrar greinarinnar, en þetta hefir síðan misprentazt. Þegar þetta athugast, þá fellur sú ósamkvæmni í burtu, sem *framsögumaður* var að finna að.

Hann fann það enn fremur að þessu breytíngaratkvæði mínu, að það færi í enn þá frjálslegri stefnu, en nefndin; mig furðar nú á því, að honum skuli þykja þetta ókostur, þar sem frumvarpið í öllum þess atriðum er svo frjálslegt; því þó eg kynni að hafa farið feti leingra í þessari stefnu, en nefndin, sýnist mèr það ekki aðfinníngarvert. Hann talaði um, að ef mínu breytíngaratkvæði yrði framkvæmt, ætti menn á hættu, að fá bæjarfulltrúa á Ákureyri, sem ekkert hugsuðu um sinn hag nè annara; en úr þessari mótbáru gjöri eg lítið, því eg gjöri og hlýt að gjöra ráð fyrir því, að fulltrúakosníngarnar fari fram skynsamlega, og að þeir einir verði fyrir kosníngu til bæjarfulltrúa, sem bezt eru til þess fallnir, og það geta þeir verið, þó þeir ekki sè efnaðir; eg sè hèr því einga hættu á ferðum. Áhrærandi breytíngaratkvæðinu við 19. gr. skal eg ekki vera margorður; eg álít það á góðum rökum byggt, og hefi ekki sannfærzt um hið gagnstæða af orðum hins heiðraða *framsögumanns,* og naumast get eg fundið nokkra gagnsönnun í því atriði, að svona sè það í *Kaupmannahöfn;* mèr sýnist hèr sè ólíku saman að jafna Kaupmannahöfn og Akureyri, eins og líka má gjöra ráð fyrir meiri vitsmunum og hyggindum hjá fulltrúum Kaupmannahafnar, en á Akureyri. Þetta er líka, eins og kunnugt er, lögboðið fyrir Reykjavík, og eg veit ekki betur, en að bæjarmenn uni vel þeim ákvörðunum, og að áætlunin hafi einnig, að minnsta kosti í einstökum tilfellum, stundum haft gott af því, að hún var fyrir fram borin undir amtmanninn. Þá talaði hinn heiðraði *framsögumaðar* um, að það væri undarlegt, að biðja um, að mega leggja gjald á sig sjálfan; eg skal í því tilliti leyfa mèr þá athugasemd, að fulltrúarnir leggja útgjöldin á alla bæjarbúa, en ekki á sig einsamla, svo þessi mótbára

er þýðingarlaus, að því leyti þetta á að vera því til sönnunar, að samþykki og álit amtmannsins, viðvíkjandi áætluninni, sè óeðlilegt og ónáttúrlegt í sjálfu sèr. Og svo skal eg ekki fjölyrða þetta meir, en eg er búinn.

Forseti: Breytíngaratkvæði hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns var með þeirri yfirskript: „við 2. gr.“; en af því eg sá, að það gat eingan veginn átt við 2. gr. frumvarpsins, tók eg það svo, að það væri breytíngaratkvæði við 2. atr. í 3. gr., því það var sama efnis sem 3. gr.; en nú sè eg, að það á við alla 3. gr., eða fer í þá stefnu, að breyta allri greininni, og sè eg því ekkert á móti því, að bera það upp til atkvæðagreiðslu sem *fyrsta* lið við 3. gr., sumsè á undan safl. *a,* og ef það verður samþykkt, þá kemur það í stað allrar greinarinnar, svo að þá fèlli allir hinir stafliðirnir.

Framsögumaður: Mèr fannst liinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður ekki hrekja mótbárur mínar með tölu sinni. Það er sjálfsagt, að öll ósamkvæmni fer burt, ef uppástúngur nefndarinnar falla. Hann hermdi ekki rètt orð mín, að eg hefði sagt, að breytíngaratkvæði hans *væri* frjálslegra en uppástúnga nefndarinnar, því eg sagði, að það kynni að *virðast* frjálslegra; eg sè ekkert frjálslyndi í því, að fámennari og betri flokkurinn skuli vera bundinn við hinn fjölmennari. Eg vil spyrja hinn 1. konúngkjörna þíngmann að, hvort hann vilji ekki stínga upp á því, að allir tómthúsmenn hèr í Reykjavík hafi jafnan rètt til kosníngа, og borgararnir og húseigendurnir. Eg ætla það sè gustuk að svara fyrir hann, fyrst hann má ekki tala aptur; hann mundi segja: „nei“. Það má ekki miða frumvarp þetta við Akureyri eins og hún nú er, heldur eins og hún kann að verða. Enda þótt að bændur allir hafi kosníngarrètt til alþíngis, þá gjöri eg mikinn mun á því, hvort það eru bændur eða tómthúsmenn yfir höfuð. Eg verð enn sem áður að mæla fram með 19. gr. óbreyttri. Það er sannarlega hart, ef Akureyrarbúar ekki treysta fulltrúum þeim, sem þeir hafa kosið í bæjarstjórnina, til að leggja á sig árleg útgjöld. Mèr þykir hann gjöra nokkuð lítið úr Akureyrarbúum, þegar hann talar um vitríngana í Kaupmannahöfn, því þá er mótsetníngin auðsjáanlega heimskíngjarnir á Akureyri. Fulltrúarnir leggja líka útgjöld á sig eins og aðra, og allir hafa rètt til að kvarta yfir þeim, ef einum þykir sèr vera gjört meira útsvar að tiltölu en öðrum, eða bæjarfulltrúunum sjálfum, og það er það rètta og eðlilega frelsi, og þó að það sè lög hèr í Reykjavík, að leggja áætlunina undir stiptamtmann, og það hafi þótt eiga við 1845, þá sè eg ekki, að það hljóti að mæla

fram með breytíngaratkvæði 1859. Eg hefi nú verið nokkur ár hèr í bæjarstjórninni, en eg hefi aldrei sèð neinn árángur af því, þótt stiptamtmaður hafi skoðað ástlunina og samþykkt hana; hún hefir optast komið óbreytt, eða þá með smáathugasemdum, sem hann hefir stundum farið ofan af síðar.

Jón Pètursson: Eg ætla að mæla fáein orð með mínum breytíngaratkvæðum. Orðabreytínguna í 3. gr. *a* vildi eg hafa, því það er ekki rètt mál eptir samanheinginu, að segja hèr „þeir sem", eg vildi heldur hafa „og"; því þessi setníng á að teingjast við næstu setníngu á undan, er byrjar með „sem". Menn verða að forðast, að hafa rángt orðfæri í lögum. En ef þetta er álitið af þínginu rètt mál, þá þykir mèr „og" ekki fallegra en „þeir sem". Hinn háttvirti *framsögumaður* mælti með breytíngaratkvæði mínu staflið *g*, og það var líka eðlilegt, að orða það eins og eg hefi gjört, því að lærdóms-prófin við háskólann eru svo mörg t. d. mörg *„Prælaminerexamina"*; sá sem tekur það próf er ekki leingra kominn á veg í almennum visindum en sá, sem er í 3. bekk í latínuskólanum, og það væri þó hart, að láta hann hafa meiri rèttindi en stúdenta hèðan. Viðvíkjandi viðaukatkvæði mínu 3. *k*, sè eg ekki, hvers vegna menn hljóti að útiloka þá húsfeður, sem taldir eru í frumvarpinu; það geta verið ýmsir dugandis-menn, selaskyttur, járnsmiðir o. s. frv.; þeir eru útilokaðir eptir frumvarpinu, nema þeir eigi hús; en til þess þykir mèr ekki ástæða, ef þeir borga meiri bæjargjöld; þeirra hagsmunir eru allt eins viðriðnir hagsmunum bæjarins yfir höfuð, sem hagsmunir hinna eru það, sem nefndin hefir tekið; þó ekki sè nú tómthúsmenn á Akureyri, þá geta þeir komið, því þegar Oddeyri er bætt við bæinn, þá geta þar komizt fyrir mörg torfhús. Eg skil ekki annað, en að þíngið fallist á, að sleppa úr 16. gr.; því það er undarlegt, að vilja nú svipta Akureyrarbúa þeim rètti, er þeir nú hafa, að mega kjósa beinlínis sjálfir mennina í byggíngarnefndina, og vilja fara að hafa í því tvöfaldar kosníngar, eður að fyrst kjósi bæjarmenn fulltrúana, og svo fulltrúarnir menn í byggíngarnefndina. Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að þetta yrði að vera svo, því annars kæmi bæjarstjórnin í bága við byggíngarnefndina. Í bæjarstjórninni eru 5 menn, þar af eru að eins 2 menn í byggíngarnefndinni, en hinir 3, sem ekki eru í henni, geta þá ráðið úrslitum meðal bæjarfulltrúanna; er þá nú bætt úr því með þessu fyrirkomulagi á byggíngarnefndinni, að hún aldrei geti komizt í bága við bæjarstjórnina? Eg held ekki. En annars þarf ekki að óttast svo fyrir

því, að bæjarstjórnin og byggíngarnefndin muni mjög koma hver í bága við aðra, því hvor þeirra hefir sinn starfann, og úrskurðir þeirra geta því varla rekið sig hvor á annan. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði mínu við 24. gr. segir hann, að frumvarpið meini til „amtmannsins“ með orðið „yfirvöld“; ef svo væri, ætti það að vera „yfirvald“, því amtmaðurinn er þar þó ekki nema einn; en ef það er bæjarfógetinn, sem átt er við, þá er hann líka í bæjarstjórninni, og þá er breytíngaratkvæði mitt lángtum skilmerkilegra, en orðatiltæki nefndarinnar. Hèr stendur nú annars „yfirvöld“ hjá nefndinni, ótiltekin hver, og getur því skilizt um öll yfirvöld. Það væri í sannleika skrítið, að vilja skylda hvert yfirvald, sem kæmi við á Akureyri, til „að leggja alla stund á, að öll störf þau, sem unnin eru á kostnað bæjarsjóðs, sè vel af hendi leyst“; prófasturinn á líka að gjöra það, sem „önnur yfirvöld“; eptir því sem orðin eru í frumvarpinu, má skilja það svona; það á ekki að vera að hafa ógreinileg orðatiltæki í lögum; það er auðvitað, að nefndin hefir ekki meint til annars en amtmannsins, en mèr finnst það vera of lítilfjörlegt fyrir amtmanninn, að eiga að skipta sèr af þess konar smámunum; staða hans er lángtum æðri en svo, að hann eigi að vera að líta eptir verkum. Líki honum ekki gjörðir bæjarstjórnarinnar í þessum efnum, getur hann sett út á aðgjörðir hennar, og henni ber þá að gjöra við því, sem ábótavant er. Viðvíkjandi breytíngaratkvæði mínu við 25. gr. segist hinn háttvirti *framsögumaður* einúngis meina til amtmanns með orðunum: „æðri yfirvöld“; en það má líka skilja það svo, að það sè stjórnarráðin. Ef orðið „amtmanns“ er haft, þá tekur það af allan efa, því annars mætti fara með það til stjórnarráðanna, sem þó víst eigi hefir verið meiníng nefndarinnar; því hún gjörir hvergi annarstaðar ráð fyrir því, að menn skuli geta það, heldur vill, að amtmaður hafi hin seinustu úrslit bæjarmála.

Guðmundur Brandsson: Það lítur nú út fyrir, að Akureyrarbúum ætli að takast, að kreista upp kaupstað hjá sèr með frumvarpi þessu, og unni eg þeim þess vel, ef þeim gæti orðið það að gagni, og þeir geta með samkomulagi slitið fèlagið við Hrafnagilshrepp; má ske báðir hafi þörf á því, og það kann að standa fyrir framförum kaupstaðarins, ef ekki gæti af því orðið. Akureyrarbúum þykir má ske hreppsbúar sparir í tillögum, en hreppsbúum þyki þeir aptur ærið heimtufrekir. Mèr þykir samt ólíklegt, að Akureyri geti orðið stór kaupstaður, því það hefir áður af kunnugum mönnum verið talað um, að þar væri lítið land; að minnsta kosti man eg eptir

því, þegar verið var að stofna byggíngarnefndina; en Oddeyri kann nú að bæta úr því, ef hún verður lögð undir bæinn; samt er eg hræddur um, að þetta verði orsökin til þess, að fleiri kaupstaðir slíti sambandið við hreppana, og er raunar ekkert að því, þegar fullar ástæður eru til þess. Mèr er sagt, að það sè að eins 5 sölubúðir á Akureyri; þá er Hafnarfjörður eins stór, og ætti því eins rètt til að slíta sig frá Álptanesshrepp; en það kann nú að mæla með Akureyri, að hún er álitin sem aðalkaupstaður, og þángað verða t. d. útlend skip að koma fyrst. Eg get ekki betur sèð, en að breytíngaratkvæði hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns um kosníngarrèttinn eigi vel við, og verð eg að vera því meðmæltur; það er bæði frjálslegt og einfalt; en hitt breytíngaratkvæðið tók eg til vara, ef þetta kynni að falla við atkvæðagreiðsluna; því þó ekkert hús sè nú á Akureyri, sem ei sè 400 rd. virði, þá geta þau komið enn, og er ekki ólíklegt, að í þessu árferði flytji menn úr sveitunum og gjörist tómthúsmenn við sjóinn, og þá ekki síður á Akureyri en annarstaðar, því þeir geta víst feingið lóð til þess á Oddeyri; eg verð því að vera fastur á breytíngaratkvæði mínu, þángað til eg sè, hvernig hinu reiðir af, sem eg minntist á. Eg get ei annað, en fallizt á viðaukaatkvæði hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns 3. gr. *k*. Mèr getur ekki sýnzt nein ástæða til, að setja menn á lægri bekk, þegar kjósa á í bæjarstjórn, heldur en þá kosið er til alþíngis, með því að útiloka handiðnamenn og tómthúsmenn, nema þeir hafi borgarabrèf eða eigi hús; það getur margur duglegur maður leigt hús, þó hann ekki eigi það, en þá á hann að vera útilokaður frá kosníngu. Eg ætla því að halla mèr að viðaukaatkvæði þessu. Við 19. gr. hafa 2 háttvirtir þíngmenn tekið sèr breytíngaratkvæði; það er líka sjálfsagt meiri samhljóðun í því, að úr því eitt atriði heyrir undir úrskurð amtmannsins, þá skuli þau heyra það öll, enda þó mèr þyki sum af þeim nokkuð smámunaleg. Eg verð því líka meðmæltur þessu breytíngaratkvæði. Um hin breytíngaratkvæðin hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns við 24. og 25. gr. er líkt að segja, og þykir mèr líkast til, að eg verði þeim meðmæltur, þar mèr finnst, að frumvarpið verði með þeim sjálfu sèr samkvæmara, heldur en ef það væri án þeirra.

Jón Hjaltalín: Eg er meðmæltur breytíngaratkvæði hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns, og jafnvel líka með breytíngaratkvæði hins háttvirta 5. konúngkjörna, um að stúdentar hafi kosníngarrètt á Akureyri, ekki stærri bæ en hún er; en mèr þykir óljóst,

hvert gagn er að breytíngaratkvæðunum við 19. gr., um að senda amtmanninum áætlunina; það er eitthvað svo ófrjálslegt í því, og eins og menn vilji gjöra fullmynduga kunnuga menn ómynduga. Það ætti heldur ekki að vera eintómir óráðsmenn í bæjarstjórninni á Akureyri, að þeim ekki væri trúandi fyrir, að fara með svo sem nokkur 100 rd., til að verja þeim til gagns bæjarins. Hinn háttvirti *framsögumaður* gat þess, að lítið gagn væri í því, þó amtmaður skoðaði áætlunarreikníinginn; því hann gjörði ekkert við hann, og á hinn bóginn á hèr víst við, að „betur sjá augu en auga“. Eg verð því harðlega á móti því, að fulltrúar þannig sè gjörðir ómyndugir, því það spillir, en bætir ekki. Það er sjálfsagt, að amtmennirnir eru ráðsettir og duglegir; en það kemur svo margt fyrir í bæjarstjórninni, sem amtmaðurinn ekki getur sett sig inn í, eins og bæjarstjórnin; mèr þykir því tvísýnt, að aðhyllast þetta breytíngaratkvæði, og held eg sè betra, að sleppa því; það er hvorki gjört í Kaupmannahöfn, nè nokkrum öðrum bæ í Danmörku, að senda áætlunina til yfirvalda; það er auðvitað, að í Kaupmannahöfn eru fleiri í bæjarstjórninni; en hvað mikið þeir eru vitrari, er ekki víst. Eg er ekki viss um, hversu þessir *velvísu herrar,* sem þar eru í bæjarstjórninni, eru frábærlega makalaust skynsamir; víst er um það, að opt má heyra kvartað yfir ráðstöfunum þeirra, ef menn lesa laungu *„artikulana“* um „ljós og myrkur og þorsta“ í *„Föðurlandinu“*. Þetta kemur nú með fram af því, að þessir herrar gátu í fyrndinni ekki orðið *velvísir,* fyr en þeir voru orðnir ósköp gamlir; nú mun þetta raunar allt betra á seinni tímum. Eg held það sè einginn efi á því, að það sè eins skynsamir menn á Akureyri og annarstaðar, svo að ekki þurfi að setja þeim neinn formyndara; eg stemmi því á móti þessu breytíngaratkvæði við 19. gr., og vildi einúngis óska, að þessi formyndarasiður væri einnig af tekinn hèr í Reykjavík, því hann er ekki til nokkurs gagns að öllum jafnaði, en getur opt orðið að deiluefni, sem vant er úr að ráða.

Pètur Pètursson: Mèr sýnast þíngmenn að óþörfu felli áfellisdóm yfir breytíngaratkvæðinu við 19. gr., og hef eg ekki af ræðu hins 6. konúngkjörna þíngmanns getað sannfærzt um, að því sè fleygjandi. Hann sagði, að það væri ónáttúrlegt, að lofa ei myndugum mönnum að ráða því, til hvers þeir brúka fjármuni sína, og það er satt; en það er aðgætandi, að bæjarfulltrúarnir, sem gjöra áætlunina, ráða ei að eins sínu eigin fè, heldur líka annara. Breytíngaratkvæðið var ætlað til þess, að reisa skorður við því, að bæjar-

fulltrúarnir óvitandi eða í hugsunarleysi taki miður gott ráð. Honum þótti ei mikið koma til „*Magistraten*“ í Kaupmannahöfn, en hafði aptur meira álit á bæjarstjórninni á Akureyri, og þykir óþarfi, að skýrskota frá henni til æðra yfirvalds; en eg held, að menn ekki eigi svo mikið á hættu, þó það sè gjört, en getur einmitt betri samhljóðun í frumvarpinu, ef þetta mál, eins og svo mörg önnnur mál, heyrði undir hin síðustu úrslit amtmannsins, og er frumvarpið sjálfu sèr ósamkvæmt, ef þingið fellst ekki á þetta breytíngaratkvæði; því þar sem hèr stendur í 19. gr.: „Beri ekkert það að höndum, að líklegt megi þykja að útgjöldin eða tekjur þær, sem til eru upp í þau, verði meiri eða minni, en árið næst á undan, skal hvorttveggja jafnhátt sett“; — hver á að dæma um það, hvort ekkert beri að höndum, og hvort áætlunin sè sett of hátt, eða hver á að laga, ef út af reglunni er brugðið, ef amtmaður má ei hafa neitt atkvæði um það, hvenær fulltrúarnir skuli hækka og lækka bæjarútgjaldið; það væri þá betra, að segja hreinlega við bæjarfulltrúana: Þið megið gjöra það, sem þið viljið, því það er einginn, sem getur fundið að því, eða leiðrètt það. Eg ætla nú ekki að eyða fleiri orðum um þetta, en vona að þíngmenn sjái, að frumvarpið verður sjálfu sèr ósamkvæmt, ef breytíngaratkvæðið verður fellt.

Arnljótur Ólafsson: Mèr þykir nú eins og öðrum frumvarpið vel samið; og er það bezta sönnunin fyrir því, að svo fá breytíngaratkvæði hafa komið við það. Breytíngaratkvæði hins 1. konúngkjörna þíngmanns þykir mèr viðfeldnara, en upptalníng nefndarinnar, því mèr þykir það ætíð ísjárvert í lögum, að greina menn þannig í flokka, einkum þegar þeim er sleppt, sem eru fullveðja, og sem þó styrkja fèlagið. Mèr sýnist, að menn ætíð eigi að laga nýr lög eptir þeim lögum, sem annaðhvort eru í landinu, eður menn ætla að bráðum komist á, og þá ætti menn að laga þessi lög eptir sveitarstjórnarlögunum; þegar þau voru rædd, þá var hverjum manni, er geldur til sveitar gefinn rèttur á, að kjósa forstöðumenn hreppsins, og hví ætti þá á Akureyri, sem ekki er stærri, en stór hreppur, allir að vera útilokaðir frá því, nema embættismenn, lærðir menn, kaupmenn og hús- eða jarðeigendur? Mèr finnst það ófært, að útiloka alla aðra, sem lifa á sjávarafla, eða hafa iðnað eður aðra atvinnu við að lifa, og leggja fè til bæjarþarfa. Það hefir verið mikið talað um tómthúsmennina, og þeir sem mæla á móti þeim, taka Reykjavík til dæmis; en mèr sýnist ekki hèr verða tekið eptirdæmi af Reykjavík, því vèr vitum, að þegar kosníngarlögin voru síðast rædd, þá gjörði

stjórnin þá athugasemd, að sèr sýndist tómthúsmönnum gjörður nokkur ójöfnuður, en vildi þó ei setja sig upp á móti því, þar það væri vilji Íslendínga. Eg get ekki sèð að það sè rètt, að leggja tómthúsmennina þannig í einelti. Mèr heyrist líka menn ekki hafi rèttan skilníng á því, hverjir að sè tómthúsmenn. Tómthúsmenn eru þurrabúðarmenn þeir, sem lifa á sjávarafla, og ekki hafa gras, en ekki „*torfhúsmenn*“, eins og mèr heyrðist þíngmaður Reykvíkínga segja; því þó menn búi í torfhúsum, geta menn líka haft gras. Vegna þessa vil eg ráða þínginu til þess, að samþykkja breytíngaratkvæði hins 1. konúngkjörna þíngmanns; en verði það fellt, vil eg gefa atkvæði mitt viðaukaatkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns, þó eg ímyndi mèr, að það komi varla að notum vegna þess, að 6 rd. er svo hátt gjald, að þeir munu vera sárfáir, eða eingir, sem gjalda það. Þá vildi eg feginn, að Akureyrarbúar þyrfti eigi að leita samþykkis amtmannsins um áætlunina, sem um er talað í 19. gr.; og eg get ei sèð, hvers vegna Akureyri ætti að leita til amtmannsins í því efni, þar sem einginn hreppur á landinu gjörir það; því hreppstjórar hafa ekki að eins ótakmarkað vald til þess, að jafna niður hinu venjulega fátækraútsvari, heldur mega þeir einnig ákveða, hvað mikið hver bóndi eigi að leggja til grenjaleitar, ákveða dýratolla og fleira, án þess, að bera það undir amtmann fyrst, og sè eg alls ekki, hvers vegna Akureyrarbúar ætti fremur að gjöra það. En eins og hinn 3. konúngkjörni sagði um síðari hluta 19. greinar: „skal áætlunin gilda án samþykkis æðra yfirvalds, en senda skal hana amtmanni, undir eins og hún er fullgjörð“, þá er nú eigi full-ljóst, hvort fara eigi með áætlunina til amtmannsins, þegar hún er samin í fyrsta skipti, og eptir sambandinu við fyrri part greinarinnar verður þá að álíta, að svo skuli og vera í hvert skipti, sem áætlunin er hækkuð; ef þetta skyldi eiga að vera meiníngin, þá er eg með breytíngaratkvæðinu, en annars verð eg að vera því mótfallinn, því eg vil, að Akureyrarhreppur þurfi eigi fremur en aðrir hreppar, að leita til amtmanns um gjöld sín. Eg ætla einnig að gefa atkvæði mitt breytíngaratkvæðinu hins 5. konúngkjörna þíngmanns við 24. og 25. gr., að „fulltrúar og yfirvöld“ í fyrri greininni, sè breytt í: „bæjarstjórnin“, og „æðra yfirvalds“ í síðari greininni, breytt í „amtmanns“.

Framsögumaður: Það hefir verið mælt mikið með og mót breytíngaratkvæðinu við 19. grein. Eg get eigi annað sèð, en að það sè misskilníngur hjá hinum 3. konúngkjörna þíngmanni, þar sem hann

heldur, að breytíngaratkvæðið komi meiri samhljóðun í frumvarpið, því það er sjalfsagt, að ef einum er gjört að tiltölu meira útsvar, en öðrum, þá kemur það til úrslita amtmannsins. Eins og þíngmaður Borgfirðínga sagði, ber enginn hreppstjóri útsvarið undir amtmanninn; en ef hann jafnar of miklu niður á einn bónda, í samanburði við aðra, þá er það annað mál, og kemur því engin meiri samhljóðun inn í frumvarpið með þessu breytíngaratkvæði, en er í öllum öðrum landslögum; það er með öllu sérstaklegt atriði um áætlunina; en amtmaðurinn á að skera að eins úr, þegar mönnum er gjört ójafnt útsvar í samanburði við aðra. Það hefir líka þótt sem síðasti liður 19. gr. ætti við fyrri hlutann; en eg sè ekki að það komi neitt í bága; því að það er að eins almenn regla fyrir fulltrúana um það, hvernig haga skuli áætluninni, og það getur vel verið, að hann sè óþarfur, þó eg sjái ekki hvað sè á móti því, að hann standi. Það er auðvitað, að ef eitthvað ber að höndum, sem eigi hefir áður verið, þá verður að hækka útsvarið, og þarf ekki að bera það undir amtmann, til þess að fá hans samþykki, þegar það að eins nær yfir eitt ár. Þegar menn fyrst hafa íhugað, hvað miklu þurfi að jafna niður fyrsta árið, þá verður áætlunin hin sama, meðan efnahagur manna er hinn sami, og þau verk, sem vinna þarf, hin sömu; það er allt annað mál, að hann mætti missa sig; en mèr sýnist hann ekki skemma neitt. Hinn 3. konúngkjörni þíngmaður mælti fram með breytíngaratkvæðinu af því, að bæjarfulltrúarnir einnig rèði yfir annara fè, og er það auðvitað, að þeir ráða og mega ráða yfir annara fè, að svo miklu leyti, sem þeir gjöra eigi öðrum meira útsvar, en sjálfum sèr að tiltölu; en gjöri þeir það, sker amtmaður úr. Mèr synist eingin hætta vera við 19. greinina; því það skyldi vera undarlegt, ef allir þeir væri valdir í bæjarstjórnina, sem fyndi upp á einhverju því nýju, sem enginn bæjarbúa vildi fallast á; og þótt svo færi, mundi þeir sleppa því aptur, ef enginn bæjarmanna gæfi því meðhald. Hèr í Reykjvík hefir það komið fyrir, að bæjarfulltrúarnir hafa stúngið upp á því fyrirtæki, sem bæjarmenn settu sig á móti, og hættu þó við allt aptur, þegar þeir heyrðu, hvernig í bæjarbúum lá, og höfðu fulltrúarnir samt þá meðhald amtmannsins. Eg get því ekki sèð neina hættu í því, þótt áætlunin sè eigi samþykkt af amtmanni. Hinn 5. konúngkjörni þíngmaður mælti fram með 1. breytíngaratkvæði sínu, við 3. gr. frumvarpsins, og segir, að „þeir sem“ sè ekki rètt mál, en eg mótmæli því með öllu; hitt er annað, að „og“ kann að þykja viðfelldnara, og að hann kunni betur við 2 ákvarðanir en eina.

Hann segir eg sè meðmæltur stúdentunum; það sagði eg eigi, en eg sagði, að eg væri þeim ekki mótmæltur; eg get ekki kallað *„præliminer Examen“* lærdómspróf við háskólann; eg hefi ávallt skilið lærdómspróf við háskólann að vera hið heimspekilega próf (*examen philosophicum*) og embættisprófið, en *„præliminer Examen“* er að eins reynslupróf fyrir menn, til þess að vita, hvort þeir sè hæfir að halda leingra áfram lestri undir embættispróf í einhverju öðru. Menn hafa mælt með breytíngaratkvæði hins 1. konúngkjörna þíngmanns við 3. gr., og ætla eg ekki að vera að berjast á móti því; það er þíngmönnum í lófa lagið, hvort þeir fallast á það eður ei; ef þeim þykir það frjálslegra, þá væri það synd af mèr, að vera að berjast á móti því, að Akureyrarbúar hefði sem mest frelsi. Eg kann að þykja ekki spámannlega vaxinn; en það er spá mín og eg er sannfærður um, að Akureyrarbær stækkar ekki til muna, svo að bæjarbúar þar biðji ekki bráðum breytíngar á því. Eg verð og að telja það lítinn skaða, þó selaskytta verði út undan. Borgarabrèf kostar nú að eins 1 rd. og ekki meira, og er hægt fyrir þá, sem vilja ná í kosningarrèttinn og kjörgeingina, að kaupa það. Að tómthúsmenn komi á Akureyri, og byggi sèr þar torfbæ, þykir mèr ei líklegt, eptir því, sem þar er ástatt; en ef þeir byggja timburhús, þá nær kosníngarrètturinn og kjörgeingin til þeirra eptir frumvarpinu. Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaður Borgfirðínga sögðu, að tómthús fjölguðu hèr í Reykjavík; eg hef reyndar eigi talið þau, sem byggð eru; en þó einstöku ný tómthús sè reist, þá eru önnur rifin niður, svo að þau munu ekki fjölga mikið, og nú einmitt meðan við erum að þrátta um þetta, er verið að reisa eitt timburhúsið hèr upp úr tómthúsi, eg er og viss um, að timburhús fjölga hèr óðum. Það gæti líka verið hugvekja fyrir Akureyrarbúa, að Reykvíkíngar hafa nú í þessum dögum feingið leyfi til, að, *„assúrera“* hús sín, bæði múrhús og timburhús; kynni að vera, að þeir vildi fá hið sama leyfi, því þegar það er feingið, er hægra fyrir hvern, sem vill, að fá lán til þess, að reisa hús fyrir; því að sá, sem fè lánar til þess, hefir veð fyrir fè sínu, þegar veð er fyrir húsinu í brunabótunum; og eg vil ekki stuðla að því, að menn fremur byggi tómthús en timburhús, því torfhúsin eru til óprýði, en hin til prýði. Þíngmanni Borgfirðínga þótti það viðfelldnara, að allir tómthúsmenn kæmist inn í bæjstjórnina, og tók dæmi af kosníngarlögunum til alþíngis, og sagði, að allir búendur hefði kosníngarrètt, og að stjórninni hefði þótt það ósanngjarnt, að tomthúsmenn ekki skyldi hafa sama rètt, og bændur í

því, og hefir því áður verið svarað; en mèr finnst talsverður munur á, að gefa tómthúsmanni rètt til þess, að kjósa 1 eða 2 alþingismenn, eða að ráða kosníngum bæjarfulltrúa. Auk þessa man eg ekki, að tómthúsmönnum sè í sveitarstjórnarlagafrumvarpinu 1855 gefinn kosníngarrèttur; að minnsta kosti hefir leingi verið barizt á móti þeim, og eg vil líka taka bændur fram yfir tómthúsmenn, svona yfir höfuð að tala. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu vissi eg ekki hvort var að gleðjast yfir því, eða hryggjast, að Akureyrarbúar, eins og hann sagði, væri að kreista upp kaupstað hjá sèr, og held eg hann heldur hafi verið að hryggjast yfir því; það var eins og hann kviði fyrir, að af þessu leiddi, að hver kaupstaður rifi sig frá sínum hrepp; en eg sè ekki, hvað getur verið á móti því, ef bæði kaupstaðarbúum og hreppsbændum kæmi saman um, að svo skyldi vera; eg sè ekki neitt á móti því, að Akureyrarbúar fái bæjarstjórn sèr, þegar þeir sjá, að þeir, með því að vera einir sèr, geta aukið og prýtt bæinn, og eg sè ekki, hver gæti bannað þeim þetta, þegar hreppsbúar gefa það eptir. Eg sè heldur ekki, hvað væri á móti því, að Ísafjörður yrði kaupstaður sèr, er bæjarbúar og hreppsbúar kæmi sèr saman um það (heyr).

Sveinn Skúlason: Eg vil að eins minnast á 2 atriði frumvarpsins, og þá einkum það, að mèr þykir viðaukaatkvæði hins 5. konúngkjörna þíngmanns óþarft. Þegar bæjarstjórn kemur á Akureyri, þá veit eg, að hún muni hafa á móti því, að þessir tómthúsmenn með soltna maga, og ekkert í þá að láta, komist þar að. Það fellur líka um sjálft sig, því eg er sannfærður um, að einginn, sem ekki er húseigandi, geldur 6 rd. gjald í bæjarþarfir. Orðabreytíngin við 25. gr. „amtmanns“ í stað „æðra yfirvalds“, þykir mèr ekki betri, en eg vil taka það skýrt fram, af því mèr fannst *framsögumaður* ei gjöra það nógu ljóst, að það vakti fyrir nefndinni, að í almennum málum, þegar t. a. m. þyrfti að taka fè að láni, kynni að verða nauðsynlegt, að bæjarmenn eða amtmaður skyti slíku máli til stjórnarinnar, meðan ekki væri til neinnar æðri sveitastjórnar að leita, og þess vegna valdi hún orðatiltækið „æðra yfirvald“.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og bið eg hina heiðruðu þíngmenn, að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, og eptir uppástúngu nokkurra þíngmanna, er einginn hefir mótmælt, leita fyrst atkvæða um þær greinarnar, sem bornar hafa verið upp sem breytíngar- eða viðaukaatkvæði, og síðan allar hinar greinar frumvarpsins, sem verða

óbreyttar, í einu lagi. 3. gr. kemur þá fyrst til atkvæða, og ber eg þá fyrst upp breytíngaratkvæði hins 1. konúngkjörna þíngmanns, þ. e. staflíðinn *c*, því hann er breytíng við allar ákvarðanirnar í 3. gr., svo að bæði falla þær sjálfar og öll önnur breytíngar- og viðauka-atkvæðin við þær, ef þetta breytíngaratkvæði, stafl. *c*, yrði samþykkt.

Var síðan geingið til atkvæða, og fór atkvæðagreiðslan þannig.

3. gr. *c*, breytíngaratkvæði *Þórðar Jónassens*, samþykkt með 20 atkvæðum gegn 3.

Var þá 3. gr. frumvarpsins og öll hin breytíngar- og viðaukaatkvæðin við hana fallin.

16. gr. frumvarpsins, samþykkt að skyldi standa með 17 atkv. gegn 2.

19. gr. *a*, breytíngaratkvæði *Péturs Péturssonar* og *Þórðar Jónassens*, fellt með 20 atkv. gegn 4.

24. gr. *a*, breytíngaratkvæði *Jóns Péturssonar*, samþykkt með 13 atkv. gegn 6.

25. gr. *a*, breytíngaratkvæði sama, fellt með 13 atkv. gegn 11.

Voru síðan hinar aðrar greinar og liðir frumvarpsins samþykktir í einu hljóði.

Var síðan geingið til atkvæða um það, hvort rita skyldi konúngi bænarskrá um það, að frumvarp þetta yrði gjört að lögum, og var það samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til ályktarumræðu *málið um ábúð konúngsjarða á Vestmannaeyjum. Framsögumaður* í málinu er þíngmaðurinn úr Vestmannaeyjasýslu. Það er búið að prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona eg allir þíngmenn hafi hana við hendina.

Málið afhent *framsögumanni.*

Atkvæðaskrá

í málinu *um byggíngu konúngsjarða á Vestmannaeyjum.*

1. *Minni hluti nefndarinnar (Jón Pétursson):*

   Að festugjald fyrir líísábúðarrètti á konúngsjörðum á Vestmannaeyjum verði aldrei hærra tekið fyrir hverja jörð, en 20 rd.

2. Breytíngaratkvæði *Indriða Gíslasonar:*

   Að 1. uppástúnguatriði nefndarinnar (tölul. 3.) verði þannig orðað: Að festugjaldsóregla sú, sem smeygt hefir verið inn á konúngsjörðunum á Vestmannaeyjum, sè hèr eptir af tekin.

3. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði):

Að festugjald til konúngsjarða á Vestmannaeyjum verði með öllu af tekið.

4. Viðaukaatkvæði *Halldórs Jónssonar* við tölul. 3:
„en jarðirnar byggðar fyrir hæfilegt afgjald".
5. Viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar* við tölul. 4 (eða við tölul. 3., ef 4. verður eigi samþykktur):
„og hæfilegar jarðabætur gjörðar að skilyrði fyrir æfilángri ábúð í stað festugjaldsins".
6. *Nefndin* (2. uppástúnguatriði):
Að þeir sem gánga að eiga ekkjur þeirra manna, er búið hafa á konúngsjörðum á Vestmannaeyjum, skuli fremur öðrum eiga kost á, að fá byggíngu þeirra jarða, sem ekkjur þær, er þeir eignuðust, hafa búið á; sömuleiðis að synir konúngsleiguliða hafi forgángsrètt fyrir öðrum til jarða, er feður þeirra höfðu búið á og endurbætt.
7. Viðaukaatkvæði *Jóns Pèturssonar:*
Að aptan við tölulið 6. verði bætt:
„sè þeir efnilegir".
8. *Nefndin* (3. uppástúnguatriði):
Að umboðsmaður þar ekki byggi neinar jarðar, án þess hann fyrir fram leiti ráða hjá hlutaðeigandi sveitarstjórn.
9. Hvort rita skuli bænarskrá til konúngs (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu).
10. *Meiri hluti nefndarinnar:*
Varaatkvæði (ef 9. tölul. yrði felldur):
Að þíngið gegnum forseta vísi málinu til hlutaðeiganda háyfirvalds eða stjórnarráðs.

Framsögumaður (Brynjólfur Jónsson): Eg hefi ekki mikið að athuga við breytíngaratkvæði þau, er fram komið hafa í málinu; þó verð eg að geta þess, hvað áhrærir tölulið 1., að mèr þykir hann betri en ekki neitt, ef 1. uppástúnguatriði nefndarinnar undir tölul. 3. skyldi ekki verða tekið; og eg vildi sjálfsagt helzt, að það feingi framgáng. Hvað nú hin breytíngaratkvæðin snertir, þá stefna þau nokkurn veginn í sömu átt og nefndin, og koma ekki í bága við hana. Breytíngaratkvæðið undir tölul. 2. er í sjálfu sèr hið sama og uppástúnga nefndarinnar; það er einúngis orðað öðruvísi, þó mèr synist bezt að hafa það, eins og nefndin hefir upp á stúngið. Hvað viðaukaatkvæðið undir tölulið 4. snertir, nl. „að jarðirnar sè byggðar fyrir hæfilegt afgjald", þá ætla eg, að afgjaldið sè, eins og

nú stendur nægilega hátt; eg veit ei til, að það hafi lækkað frá því, sem það var, áður en festugjald komst á; eg veit að þegar borin er saman hundraðatala á Vestmannaeyjajörðum við hundraðatölu á öðrum jörðum eptir hinu nýja mati, þá eru flestar jarðir á Vestmannaeyjum hærra leigðar, en jarðir annarstaðar. Viðaukaatkvæðið undir 5. tölulið virðist mèr vera vel til fallið, því það getur orðið jörðunum til uppgángs, að byggja þær með þessu skilyrði. Að öðru leyti vona eg, að þó nokkur mótmæli yrði um daginn móti áliti nefndarinnar, þá verði nú ekki svo mikið andað móti henni, og að hinn 1. konúngkjörni þíngmaður, sem þá var farinn að láta tilleiðast, muni nú alveg fallast á málið, og ekki framar koma með neina mótbáru, og ætla eg því ekki að mæla meira hèr um að sinni.

Arnljótur Ólafsson: Eg er með 3. tölulið uppástúngu nefndarinnar, og vil því fella bæði 1. og 2. tölulið. Eptir 1. tölulið yrði festugjald gjört að reglu hèr á landi, ef hann yrði samþykktur; en eg verð að lýsa því yfir, að mèr þykir það vera óhafandi. Hefi eg enda heyrt Dani sjálfa segja, að það væri næsta skaðlegt, og það veit eg, að allir þjóðmegunarfræðíngar eru því mjög mótmæltir; en eg skal eigi fara að halda fyrirlestra fyrir þíngmönnum um skaðsemi þess, því þess mun heldur eigi þurfa. Breytíngaratkvæðið undir 2. tölulið vil eg ekki hafa, því það er ekki eins vel orðað og nefndarinnar. Viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu er gjört í góðum tilgángi; en það er þó jafnan álaga, að binda ábúðarrèttinn við jarðabætur, og því er það nokkurs konar játníng fyrir festugjaldinu, því sèrstakar jarðabætur eru eigi gjörðar að ábúðarskilyrði í tilsk. 15. maí 1705, og hefði því heldur átt að hnýta jarðabótunum aptan í ekkjurnar, sem giptast aptur, því þar er farið fram á, að auka rèttindi þeirra fram yfir það, sem lög heimila. Það yrði þá og að taka það fram í byggíngarbrèfinu, hvers konar og hve miklar jarðabæturnar ætti að vera, annars er það þýðíngarlaust.

Guðmundur Brandsson: Mèr finnst viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu geta vel staðið, þó töluliður 4. verði samþykktur, því að það má hnýta þessu hvorttveggju aptan við 1. uppástúngu nefndarinnar, en kemur eigi í bága hvað við annað. Tölulið 8. ætla eg að samþykkja, því að mèr finnst það ekki af vegi, að umboðsmaður leiti ráða hjá sveitarstjórninni.

Ólafur Jónsson: Eg ætla að leyfa mèr að fara nokkrum orðum um tölulið 5.; ef þíngið samþykkti hann, þá væri mönnum gjört að skyldu, að gjöra jarðabætur, til þess að geta feingið æfilánga ábúð;

þetta hefir eigi áður verið, og þó hafa menn feingið klausturjarðir til æfilángrar ábúðar, þó eingin festa hafi verið goldin; þetta er líka æði óákveðið, því hver á að dæma um, hvað miklar jarðabæturnar ætti að vera til þess, að þær gæti kallazt hæfilegar, eður svo, að þær veitti ábúðarrèttinn æfilángt; eg ætla mèr því einúngis að gefa atkvæði mitt 3. og 4. tölulið, og sömleiðis þeim 10., því hinum er eg ekki samþykkur.

Páll Melsteð: Eg ætla að gefa atkvæði mitt fyrir 3. og 4. og 10. tölulið, og móti hinum öllum.

Gísli Brynjúlfsson: Eg skal að eins geta þess, að eg ætla mèr einnig að vera á móti festugjaldinu, bæði í Vesmannaeyjum og annarstðar, því eg álít það að eins útlenzkan óvana, sem einkum hafi slæðzt hèr inn á konúngsjörðum; og er eg því fúsastur á, að gefa atkvæði mitt fyrir breytíngaruppástúngu varaþíngmannsins úr Dalasýslu. Að aftaka festugjald, grípur alls ekki inn í rèttinn til frjálsra samninga, því þeir koma að eins til, þegar um uppboð alls afgjaldsins ræðir, en aðferðina til að ná afgjaldinu má ákveða með lögum, og festugjaldið er að eins ein slík, og að minni hyggju, mjög óhaganleg aðferð; því þó menn nú vegna þess vildi taka minni landskuld af leiguliðanum, þá kemur það honum ei að notum, fyr en eptir mörg ár, og ef hann nú t. a. m. deyr strax á fyrsta árinu, þá hefir hann fyrir fram goldið mikið fè til öldúngis ónýtis, þar eð hann þá aldrei fær nokkuð fyrir það aptur. Mèr finnst því æfinlega miklu haganlegra og sanngjarnara, að hækka heldur landskuldina, og þó menn víst ei geti bannað jarðeigendum, að hafa hvora aðferðina, sem þeir helzt vilja, og jafnvel báðar, ef þeir geta feingið sig til þess, þá á þó alþíngi, sem að nokkru leyti er annar málsparturinn, fullan rètt á að ráða konúngi vorum, hvora aðferð helzt skuli við hafa á allsherjarjörðum. Um 2. uppástúngu nefndarinnar veit eg ei víst, hvort hún er svo beinlínis nauðsynleg, en eingan skaða get eg þó í því sèð, þó menn gefi henni atkvæði sitt, og held eg því eg verði að gjöra það; en móti þriðju uppástúngunni verð eg beinlínis að vera, þar eð eg fæ ei sèð, að hún eiginlega nokkurn tíma muni geta komið að verulegu haldi.

Stefán Jónsson: Eg gat þess þegar þetta mál var seinast rætt, að það væri ekkert lagabrot, þó að festur væri teknar; hitt er annað mál, hvort það er holt eða hagkvæmt fyrir hlutaðeiganda, og það er undir kríngumstæðum komið; en það upplýstist við undirbúníngsumræðuna, að það væri hvergi venja í suðuramtinu, og þá á það heldur ekki við á Vestmannaeyjum, og ætti því líka að aftaka festugjaldið þar, en þar eru allar jarðir konúngseign. Hvað

privat-eignir snertir, þá er þýðingarlaust, að banna festugjald, því landsdrottinn byggir leiguliða sínum jörðina eptir frjálsum samníngum þeirra á milli, en með opinberar eignir er það nokkuð annað mál, því þar kemur þriðji maður til, nefnilega amtmaður. Töluliðir 4. og 5. eru ónákvæmt orðaðir; „hæfilegt afgjald“ hefir helzt verið bundið við hundraðatal, en það er ekkert hundraðatal til á Vestmannaeyjum; hèr vantar því ákvörðun fyrir hinu hæfilega afgjaldi og jarðabótum; það segir einn sè hæfilegt afgjald, sem öðrum þykir óhæfilegt, og hver á að meta það? Eg er því meðmæltur, að festugjald sè af tekið á Vestmannaeyjum, en eg sè ekki gilda ástæðu til, að rita bænarskrá til konúngs, og held eg að stiptamtmaður geti lagað þetta.

Indriði Gíslason: Eg ætla nú ekki að fara lángt út í málið. Það gleður mig, að þíngið er á einu máli með að útrýma þessari óreglu. Hvað mitt breytíngaratkvæði snertir, þá hefi eg nú heyrt því mótmælt, og svo lítur út, sem menn vilji fella það; en eg verð að segja, að það var ekki leingi að fæðast, og eins mun verða um dauða þess, að hann mun ekki verða harður eða lángur; nefndinni hefir sýnzt nauðsynlegt, að aftaka festugjald, og hið sama sýnist mèr; en af því eg kunni ekki við, hvernig þetta atriði var orðað hjá nefndinni, þá datt mèr í hug að orða það öðruvísi, og þannig varð breytíngaratkvæði mitt til; því sè eingin lög eða regla fyrir festunni, þá er hún rètt kölluð óregla, og vil eg því orða það svo, „að festugjaldsóreglan sè af tekin“, og get eg því ekki sèð neitt á móti því, þó það væri látið lifa.

Viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu er án efa samið í góðum tilgángi, þó það sè ósamkvæmt hans þeinkíngarhætti, því að hann breytir ekki þannig sjálfur; hann hefir til að mynda feingið ábúanda 200 rd., og ætlazt til, að hann ynni þá af sèr einúngis í jarðabótum, en heitið, að hann skyldi sitja æfilángt á jörðunni án þess að hækka landskuld, eða hremsa festu. Þetta viðaukaatkvæði hins heiðraða þíngmanns er svo mjög gagnstætt skoðun hans, að mig furðar það með öllu, og er það vest að því, að þar við er upp á einn máta festunnar rèttur viðurkenndur, og er eins og jarðabæturnar skuli þá vera, til þess að afplána hana; það væri því nær, að húsnaslèttunar-löggjöfin gamla yrði viðtekin aptur.

Það hafa orðið talsverðar umræður um tölulið 6., og hafa menn mælt bæði með og mót; eg fyrir mitt leyti álít ekkert ódæði, þó beðið væri um, að niðjar þeirra leiguliða, sem sómalega hefði setið

jarðirnar og efnilegir væri, feingi jarðir þær fremur öðrum, og sama er að segja um tölulið 8., þótt ekki geti orðið fullnákvæmt fyrirkomulag þar, á meðan sveitarstjórnin er ekki komin í fullkomið lag.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg hefi ekki leingt þingræðurnar í þessu máli, og ætla ekki heldur að gjöra það; einúngis vil eg láta þá meiníngu mína í ljósi, að eg mun hallast að 1. uppástúnguatriði nefndarinnar, því eg er ekki meðmæltur festugjaldinu, og vil heldur það afnemist, en viðhaldist, eða aukist aptur, því það getur valdið þeim mesta kúgunarskatti á öllum landsbúum, ef jarðeigendur skyldi leggja það í vana sinn, að hafa það við; því vèr vitum, að þar er hægt að koma við ólögum, því allir þurfa einhver staðar að vera, og þurfa að búa á jörðum; mèr þykir það ætíð nóg festa fyrir jörðinni, að maður standi í góðum skilum, og gjaldi vel eptir hana, og búi vel og lögformlega á henni; það eru hreinir reikníngar; mèr hefir því þótt það gott og gleðilegt að heyra, að festugjald þetta er að minnka, og fara úr móð, og að stjórnin hefir jafnvel af tekið, að bjóða jarðir upp til festu hèr á landi, og því vil eg það sè eins á Vestmannaeyjum; því það er svo hætt við, ef honúngur vildi halda við festunum á sínum jörðum, að þá kynni sumir sjálfseignarmennirnir, að vera fáanlegir til, að feta í þessi hans fótspor; eg vil því hvorki 20 rd. festu, nè aðra festu. Í hinu 2. uppástúnguatriði nefndarinnar er nú ekkert annað en það, sem er bæði lög og landsvenja; á konúngsjörðum fá bæði ekkjur og afkomendur að búa, ef vel hefir verið á þeim búið, og það er venja flestra jarðeiganda, að láta sömu ábúð standa á jörðunni, bæði þó konan verði ekkja, og eins þó hún gipti sig aptur, ef forsvaranlega er búið á jörðinni. Samt ef menn vilja nú endurnýja þetta með atkvæðum, þá er eg ekki á móti því; það getur líklega ekki spillt til. Breytíngaratkvæðin, sem standa hèr á atkvæðaskránni, held eg sè öll óþörf; það skyldi helzt hafa verið þetta undir tölulið 7., hins 5. konúngkjörna þíngmanns, sem eg hefði hallazt að, ef það hefði verið orðað öðruvísi, því það er lítil tryggíng fyrir góðri ábúð jarða, þó þeir, sem bjóðast til þeirra sè stórir, sterkir og efnilegir; en hefði það verið orðað svo: „sè þeir ráðagóðir, og duglegir,“ þá hefði mèr fallið það betur; en þegar það var svona orðað, þá þykir mèr það ekki taka því, að standa upp fyrir því. Um þetta síðasta og 3. uppástúnguatriði nefndarinnar hefir nú opt verið talað, og margt mælir nú með því, og opt stendur nú svo á, að eingu væri í spillt, þó hreppstjórar feingi að vera í ráðum, þegar jarðir eru byggðar, en

hitt veit eg, að þetta hafa ekki verið lög, og jarðeigendur hafa aldrei viljað hafa þetta; þeir hafa sjálfir þótzt eiga ráð á, að byggja sínar jarðir, og svo kann að vera, en hèr sitja margir jarðeigendur á þínginu, og getur því verið, að þetta atriði fái ekki meðhald; en þó sýnist mèr, að það mætti vera, því hèr er einúngis talað um Vestmannaeyjar, og *framsögumaður* hefir skýrt það, að þar stendur svo á, að umboðsmaður jarðanna er optast ókunnugur, og er honum því líklega styrkur að því, að hafa sveitarstjórana í ráðum með byggíngu jarðanna, og eg ætla að gefa atkvæði mitt fyrir þessu atriði.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það er aðaltilgángur þessa máls, eptir því sem mèr virðist, að Vestmannaeyjar hafi sama rètt og sè undir sömu kjörum og aðrar sýslur í suðuramtinu. Eg er aldrei svo sèrlega harður á móti festugjaldi, því eg sè ekki, að festa sè neitt ránglát í sjálfu sèr; mèr virðist festugjald heyra öldúngis undir frjálsa samníngа, þar eð mönnum er frjálst, að gánga að því gjaldi eður ekki, án allrar kúgunar, og eins hlýtur að vera, hvað konúngsjarðir snertir. En fyrst það nú er sannað, að festa eigi viðgeingst á Suðurlandi, þá ætla eg að gefa atkvæði mitt með því, að festugjaldið sè einnig af tekið á Vestmannaeyjum. Á breytíngaratkvæðið í 2. tölulið get eg eigi fallizt; það hefir í sèr eins konar of harðan dóm, sem mèr sýnist alls ekki eiga við hèr, og þurfi þess vegna hvorki að felldur sè, nè heldur að hann gjöri nema að spilla. En hvað tölulið 4. og 5. snertir, þá finn eg ekki heldur ástæðu til, að þeir sè samþykkir hèr, því að það má hártoga þá, og í rauninni eru þar í gefnar reglur, sem mundi verða sèrstakar fyrir Vestmannaeyjar, og eiga þess vegna ekki við. Tölulið 3. og 10. ætla eg þess vegna að samþykkja og annað ekki.

Halldór Jónsson: Meiníng mín með viðaukaatkvæði mitt um hæfilegt afgjald var eingan veginn sú, að koma í veg fyrir frjálsa samníngа manna á milli, heldur vildi eg einmitt benda til þess, að þeir ætti að vera frjálsir, þ. e. að afgjaldið þyrfti ekki að vera óhræranlegt, eptir að festan væri af tekin, þó það kann ske hefði verið það áður, og samníngafrelsið þannig einúngis komið fram í festugjaldinu, heldur skyldi eptirleiðis jarðirnar byggjast fyrir það árlegt afgjald, sem hlutaðeigendum kæmi saman um, að hæfilegt væri. Viðaukaatkvæði þíngmannsins frá Strandasýslu má, auk góðs tilgángs, mæla það til bóta, að af jarðabótum uppsker bóndinn árlega nokkurn ávöxt, en eingan af því, þó hann hafi goldið festu.

Framsögumaður: Eg vildi leyfa mèr að skjóta því til *forseta,*

hvort ekki mætti sleppa orðunum: „í stað festugjalds“ úr 5. tölulið, eða leita um þau atkvæða sèr í lagi; því að mèr finnst að í þeim liggi viðurkenníng á festugjaldinu svo sem skyldukvöð. Hvað fyrra hluta töluliðsins snertir, þá finnst mèr hann geta vel átt við; því þó festugjaldið sè af tekið, þá má gjöra það, án þess að setja það sem skilyrði, að jarðabætur sè gjörðar. Það hefir hvort sem var eins verið gjört leiguliðum að skyldu, að bæta jarðir sínar, eða að minnsta kosti, að halda þeim vel við, svo sem með túngarðahleðslu, túnarækt, og tilhlýðilegu viðhaldi jarðarhúsanna. Þetta mundi eins, þó festan væri af tekin, verða skylda leiguliða. En hvað tölul. 4. snertir, þá ætla eg það óþarfa, að tala hèr um „hæfilegt afgjald“, allt eins og það hefði áður verið of lágt, og mætti því færast upp, þegar festan væri af tekin; það hefir ávallt verið nægilega hátt, en eg held þó ekki svo hátt, að nokkur hafi kvartað yfir því, heldur einúngis um festuna. Það gleður mig annars, að flestallir hafa verið á sömu aðalstefnu og nefndin, svo það lítur svo út, sem málið fái góðan enda.

Páll Sigurðsson,: Eg skal nú ekki tala margt; þorri þíngmanna hefir aðhyllzt meiri hluta nefndarinnar, en ekki minni hlutann, og það þykir mèr nú gott. Hvað viðaukaatkvæðið undir tölul. 4. áhrærir, þá játa eg það, að tilgángurinn með því er góður; en eg get þó ekki aðhyllzt það, og mèr þykir líklegt, að stjórnin heldur ekki aðhyllist það; því eg held, að afgjaldið sè svo hátt á Vestmannaeyjum, að ef ætti að fara að meta, hvort það væri hæfilegt, gæti skeð, að konúngssjóðurinn missti í við það; því það er aðgætandi, að þar er allt goldið í hörðum fiski eða eptir því, sem hann er matinn í verðlagsskránni, og mig minnir jarðargjöld þar sè tekinn eptir jarðabókinni. Hvað viðaukaatkvæðið undir tölulið 4. áhrærir, þá veit eg fyrir víst, að það er líka gjört í hinum bezta tilgángi; en það er svo óákveðið, að það þyrfti að vera komið undir mati, og þá þyrfti nákunnuga menn til að gjöra slíkt mat. Það yrði nauðsynlegt, að ákveða slíkt; því í byggíngarbrèfum fyrir bændaeignum mun optast nær standa skilyrði um, að leiguliðinn skuli bæta jörðina, en það mun optast vera svo óákveðið, að það innibindur allt og ekkert, og þar af flýtur aptur, að ekkert er gjört, alls ekkert. Hvað greinina undir tölul. 6. (2. uppástúnguatriði nefndarinnar) snertir, þá hugsaði nefndin, að þetta væri það vanalega á klaustur- og öðrum konúngsjörðum, og áleit því, að sömu reglu ætti að fylgja á Vestmannaeyjum, eins og annarstaðar á konúngseignum í suðuramtinu.

Mèr fyrir mitt leyti þykir undarlegt, að vilja vísa málinu til stjórnarráðsins; því eg skil ekki, hvernig á því stendur, úr því málið geingur út úr landinu, að því ekki sè vísað til konúngs; það er auðvitað, að konúngur getur lagt það fyrir stjórnarráð sitt; það er öðru máli að gegna, þegar málum er vísað til háyfirvaldanna á Íslandi; því þau mega álítast að hafa ábyrgð fyrir þjóð og þíngi; en eg veit ekki til, að hið danska stjórnarráð hafi ábyrgð fyrir Íslendíngum, og því hefir meiri hlutinn tekið sèr þetta varaatkvæði, að vísa málinu til háyfirvaldsins, ef þíngið felldi tölulið 9., að rita bænarskrá til konúngs.

Jón Pètursson: Eg ætlaði að minnast á uppástúngu minni hlutans undir tölul. 1. Sumir vilja hafa ótakmarkaða festu, sumir einga festu, en það er enginn, sem vill gánga meðalveginn. Eg er nú samdóma þeim, sem ekki vilja grípa inn í frjálsa samníng manna. En hver ráðvandur maður notar sèr ekki heimsku eður neyð annara, og því getur ekki stjórnin tekið á móti afarháu heimskuboði, ef hún álítur það skaðlegt. Eg segi fyrir mig, ef eg ætti Vestmannaeyjar, þá vildi eg og jafnvel sjálfs mín vegna ekki skrúfa festuna upp fyrir eyjabúum, því þeir kvað flestir vera fátæklíngar, og það er auðvitað, að ef þeir borga háa festu, geta þeir, ef til vill, hvorki borgað eptir jörðina, nè setið hana vel, svo það verður ekki nema skaði tómur fyrir jarðeigandann, að hafa festuna mjög háa. Aptur hèr á móti get eg ekki sèð, að það sè neitt ósanngjarnt, að taka nokkra festu fyrir líísábúðina, ef festan einúngis er lág, svo enginn verði snauður af því, og því er eg ekki á móti festu, einúngis að hún sè lág. Fyrir festu er eingin gömul regla, sem einn þíngmanna gat og um við undirbúníngsumræðu málsins; en í Jónsbókinni er líka gjört ráð fyrir, að jörðin sè ei byggð nema fyrir 12 mánuði í senn, og byggíngin að þeim liðnum þurfi að endurnýjast með nýjum samníngi. Hvað viðaukaatkvæðið undir tölul. 4. áhrærir, þá er ekki gott að biðja stjórnina um, að byggja jarðirnar með hæfilegu eptirgjaldi; því það er eins og í því liggi viðurkenníng um, að eptirgjaldið sè nú of lágt, og það sè beðið um að hækka það; en eg held, að þíngmenn lítið viti um þetta. Það er illa farið, að þíngmaður Mýramanna eigi skilur, hvað liggur í *efnilegur,* þegar talað er um menn eður únglínga; það lítur nærri því út, sem hann ekki þekki neina andlega eiginlegleika, er geti gjört mann efnilegan, heldur einúngis líkamlegt atgjörfi. Uppástúngan undir tölul. 8. er einúngis uppástúnga meiri hluta nefndarinnar, og eigi mín.

Sveinn Skúlason: Eg vil nú gjöra mitt til, að drepa uppástúngurnar undir tölul. 6. og 8. Mèr finnst það nú vera ósamkvæmni af þínginu, að fara nú að hnýta rètti karlmanna aptan í kvennfólkið, eins og fyrri hlutinn af uppástúngunni undir tölulið 6. fer fram á, og seinni partur sömu greinar, um forgángsrètt sona konúngsleiguliða, er óþarfur; því amtmenn og umboðsmenn hafa jafnan álitið sèr skylt, að taka tillit til sona leiguliðanna, og af sömu ástæðum get eg eigi fallizt á viðaukaatkvæðið undir tölul. 7.: „sè þeir efnilegir". Ef ójöfnuðurinn yrði af numinn á Vestmannaeyjum, svo sömu reglu yrði þar fylgt um byggíngu konúngsjarða, eins og annarstaðar í suðuramtinu, þá mundi sonum konúngsleiguliða einnig gaumur gefinn þar, eins og annarstaðar. Eg verð að álíta það nóg, að vísa málinu til stiptamtmannsins, og mun hann þá koma því til leiðar, að lag komist á þetta. Eg ætla því einúngis að gefa atkvæði með tölulið 10.

Ásgeir Einarsson: Viðaukaatkvæði mitt undir tölulið 5. hefir orðið mönnum til hneykslis, og eg vil því einúngis sýna, að það sè ekkert illt í því. Meiníngin með uppástúngunum undir 4. og 5. tölulið er sú, af tvennu illu, að taka það skárra; því uppástúngumanni, sem bar upp viðaukaatkvæðið undir tölul. 4., gat varla dottið í hug, að illt gæti flotið af „hæfilegu afgjaldi", nema ef óttast skyldi fyrir, að illt flyti af sanngirni; en eg get ekki ætlað, að sá hafi vit á hæfilegu afgjaldi, sem ekki sèr, að það ekki verði til eins mikils ills fyrir jörðina, eins og festa, sem bæði getur verið há, og það versta er, að það getur komið allt niður á eins árs ábúð. En eg hèlt, að það, sem uppástúngan 5. fer fram á, yrði affarabetra, bæði fyrir býli og búanda, að það væri í stað festu, og mundi allir hlutaðeigendur njóta leingur góðs af því; en eg get þó ekki álitið það kvist í hyggins manns höndum, sem hann þyrfti að meiða sig á, ef skynsamur umboðsmaður á í hlut, Eg gef atkvæði með því, að fella festugjaldið, því eg álít það skaðlegt, hvert sem svo málinu verður vísað. Hvað snertir þetta „hæfilega afgjald" undir tölul. 4., þá er það sjálfsagt, að ef í vandræði rekur fyrir umboðsmanni, með að meta það, þá getur verið betra, að hann beri það undir sveitarstjórnina á hverjum stað; hún má vera því kunnugust, hvað álíta má hæfilegt; það getur verið menn hafi hneykslazt á því, að jarðabótaskyldunni var samteingd lífsábúð; en það var af því mèr hugkvæmdist ekki, að boð löggjafarinnar, sem áður giltu um búfnaslèttun, og annað þar að lútandi, hefði verið borin til moldar í opnu brèfi af 9. marz 1836; þá var

að vísu embættismönnum, einkum sýslumönnum, boðið að gánga á undan öðrum með góðu eptirdæmi í því, er lyti til almennra þarfa, og eg held að vísu, að margir af þeim hafi orðið til þess. Mèr er um að gjöra, að festugjaldið verði af tekið, og því greiði eg atkvæði fyrir því; og af því hitt, sem eg gat um áður, ekki var skýrt betur fyrir mèr, eða mótmælt við undirbúníngsumræðuna, var viðaukaatkvæði mitt ekki betur orðað en þetta; hefði mèr hugkvæmzt hitt, hefði eg kann ske orðað það betur, og látið skylduna liggja á landsdrottni, að endurgjalda jarðabæturnar sanngjarnlega.

H. Kr. Friðriksson: Þíngmaðurinn úr Norður-Þíngeyjasýslu kvaðst ætla að gjöra sitt til, að drepa uppástúngur nefndarinnar; en hann gleymdi í tölu sinni, að gefa tölul. 8. rothöggið. Eg veit nú ekki, hvort mèr tekst að reiða svo hátt til höggs, að það rotist til fulls og alls; en fyrst hann má ekki gjöra uppástúngunni annað tilræðið, vil eg verða til þess fyrir hann, því annaðhvort er, að hún er með öllu óhafandi, eða hún er þýðíngarlaus. Ef umboðsmaðurinn ekki á að vera bundinn við tillögur sveitarstjórnarinnar, þá getur hann haft þær að vettugi, og þá er það þýðíngarlaust; en ef hann á að vera bundinn við tillögur hennar, þá er það band á þessum eina jarðeiganda, sem ekki er á neinum öðrum á öllu Íslandi, og það er óhafandi; það er líka eitthvað skrítið í því, að setja hið lægra vald, hreppstjórann eða sveitarstjórnina yfir hið æðra, sýslumanninn. Eg fyrir mitt leyti er eigi sá vinur festugjaldsins, að eg vilji halda því fram; en mèr þykir þó óþarft að biðja um, að af taka hana, þar sem hún er, en eg álít rèttast, að vísa málinu til yfirvaldsins, og ef einhver óregla er, þá að amtmanni sè bent á það; en það er ekki rètt, að segja konúngi, að hann megi ekki taka festu. Þíngmaður Mýramanna sagði, að það væri rángt af konúngi, að taka festugjald; því það gæfi *privat*-eigendum eptirdæmi, en eg vil spyrja: hver getur bannað þeim að taka festugjald? Eða hvernig á að fara að banna það? Það er leiguliðinn, sem verður að ráða, hvort hann vill gánga að eða frá kostunum; og þó festugjaldið væri af tekið, má hækka leigumála, eins og menn vilja, ef þeir ekki þykjast geta með öðru móti feingið nóg upp úr jörðinni, svo allt kemur niður í sama staðinn. Þó eg nú ekki vilji innleiða festugjald, sè eg einga ástæðu til, að af taka hana, þar sem hún er, því það er svo almennt um allan heim, að menn kaupa rèttindi verði, og þykir mörgum betra, að borga í einu, en smátt og smátt. Um viðaukaatkvæðin undir tölul. 4. og 5., þótt þær uppástúngur sè að vísu

góðar í sjálfu sèr, binda þær alls eigi hendur á umboðsmanni, eða eiganda í nokkru, og hann getur því sett upp það gjald, sem sè verra en festugjald, og getur gjört þær jarðabætur að skilyrði, sem sè verri en festa. *(Páll Sigurðsson:* Tilskip. frá 1705 mun þó gilda enn þá). Það þarf því að tiltaka það nákvæmlega, ef það á ekki að vera ónýtt. Uppástúnga nefndarinnar undir tölulið. 6. virðist mèr ekki betri nú, en mèr virtist hún við undirbúníngsumræðuna, því að annaðhvort verður seinni maðurinn að erfa rètt fyrri mannsins, eða konan, þegar hún giptist aptur, að vera bóndinn, en ekki maður hennar. Síðari hluti þessarar uppástúngu með viðaukatkvæðinu undir tölul. 7. er sanngjörn, ef ljós dæmi eru fyrir því, að umboðsmaður hafi leigt öðrum fremur, en efnilegum syni seinasta ábúanda. Málið er svo vaxið, að mèr virðist, að helzt eigi að senda það til háyfirvaldsins, og biðja það að stuðla til, að greiðari aðgángur veitist til ábúðarinnar, og ekki sè settir afarkostir, og taka fram þá galla í skjalinu, sem nú þykja á vera.

Magnús Andrèsson: Mèr skilst nú þetta öðruvísi, en þíngmanninum úr Reykjavík, sem skilur það svo, að það eigi að banna konúngi að taka festu; en það er annað, að biðja um, að festa sè af numin; en eingum dettur í hug, að banna honum að taka festu, ef hann skyldi vera fastur á því. Þíngmaðurinn segir, að festa verði eigi af tekin; var hún samt ekki af tekin í Norðurlandi? Og því get eg ekki skilið, að það sè þínginu óverðugt, að biðja um, að af taka festugjaldið á Vestmannaeyjum; það er ósanngjarnt, sem kvartað er um, og því er eg samdóma nefndaruppástúngunni undir tölul. 3., og er því ekki með öðru, en því undir tölul. 10.; hin læt eg svona vera; eg vil sjá hvað setur; eg vil yfirláta það samkomulagi hlutaðeigenda; það verður má ske upphvatníng fyrir þá, þegar þeir sjá umræðurnar á þínginu; jarðabætur eru að vísu góðar, en ef það yrði að lögum, yrði það má ske þýngra, en festugjaldið á smáleiguliðum.

Konúngsfulltrúi: Af því eg í þessu máli öldúngis get haldið mèr til þess, er hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga sagði, þarf eg ekki að vera lángorður. Það eru einúngis 2 litlar athugasemdir, er eg vildi gjöra. Eg ræð þínginu til, að fella breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Dalasýslu undir tölulið 2., ekki einúngis af því, að það, eins og þíngmaður Ísfirðínga sagði, fellir lángt of harðan dóm um festurnar, heldur og af því, að það er bæði ótilhlýðilegt og óvanalegt hèr á þíngi, að smeygja þess háttar dómum inn í uppástúngu-

atriðin. Eg veit að sönnu, að þingmanninum frá Strandasýslu hefir geingið gott til, að koma fram með viðaukaatkvæðið undir tölulið 5., en eg ræð þó þinginu frá, að aðhyllast það, af því að þar í getur, eins og þingmaðurinn úr Dalasýslu gat um, leynzt töluvert, og jafnvel stundum þúngbært festugjald. Þingmaðurinn frá Rángárvallasýslu sagði, að það kynni að vera gjörandi, að vísa málum til amtmanna, en hitt mundi vera lítt gjörandi, að vísa þeim til stjórnarherranna. En eg skal benda honum til þess, að hin 77. grein í alþingistilskipuninni gjörir ráð fyrir hvorutveggja, bæði að málefnunum eigi að vísa til æðra yfirvalds, eður líka stjórnarráðanna.

Framsögumaður: Þingmaður Árnesínga tók af mèr ómak með að svara hinum heiðraða þingmanni Reykjavíkur; en eg verð þó að svara því, sem hinn sami þingmaður Reykjavíkur sagði, þar sem hann kvaðst vilja hjálpa þingmanni Norður-Þingeyjarsýslu til, að gefa tölulið 8. „rothöggið"; eg skal nú ekki segja, hvað honum tekst, en atkvæðin munu skera úr því, hvort hann hefir rotað hann til fulls, eða hann lifnar við aptur.

Forseti: Þar eð nú ekki fleiri taka til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg því biðja menn að gánga til atkvæða, samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan geingið til atkvæða og fèllu atkvæði þannig:

1. *Minni hluti nefndarinnar (Jón Pètursson),* felldur með 22 atkv. móti 3.
2. Breytíngaratkvæði *Indriða Gíslasonar* við uppástúngu nefndarinnar (tölul. 3.), fellt með 22 atkv. móti 3.
3. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði), samþykkt með 21 atkv. móti 4.
4. Viðaukaatkvæði *Halldórs Jónssonar* við tölul. 3., fellt með 13 atkv. móti 6.
5. Viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar,* borið upp í tvennu lagi:
   a. *Fyrri hlutinn* allt að: „í stað", felldur með 16 atkv. móti 3.
   b. *Síðari hlutinn,* þar með sjálfkrafa fallinn.
6. *Nefndin* (2. uppástúnguatriði), borið upp í tvennu lagi:
   a. *Fyrri hlutinn* allt að „sömuleiðis", felldur með 14 atkv. móti 9.
   b. *Síðari hlutinn,* að úr slepptu orðinu „sömuleiðis": „Að synir" o. s. frv., samþykktur með 13 atkv. móti 9.
7. Viðaukaatkvæði *Jóns Pètursonar,* samþykkt með 19 atkv.

8. *Meiri hluti nefndarinnar* (3. uppástúnguatriði), fellt með 18 atkv. móti 6.
9. Fellt með 13 atkv. móti 10.
10. *Meiri hluti nefndarinnar:*

Varaatkvæði, (ef 9. töluliður yrði felldur); við atkvæðagreiðsluna var sleppt aptan af greininni: „eða stjórnarráðs“, og var hún að því slepptu samþykkt með 22 atkv.

Forseti: Þar eð nú er liðið á dag, álít eg hentast, að slíta fundi, þó dagskráin sè ekki búin, með fram sökum þess, að ýmsir þingmenn hafa óskað, að kynna sèr betur mál það, sem þar var ákveðið, að taka skyldi til undirbúningsumræðu, en sökum ýmissa anna, bæði þingmanna og sjálfs mín, getur einginn fundur orðið á morgun, og skal eg því ákveða fund til kl. 11 á miðvikudaginn, og birta þá dagskrá síðar.

Fundi slitið.

3. ágúst — tuttugasti og annar fundur.

Allir á fundi.

Forseti: Eg vil geta þess, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir tilkynnt mèr, að hann ekki geti verið á fundi í dag, og hefir hann beðið hinn háttvirta 1. konúngkjörna þingmann að vera í sinn stað; sömuleiðis hafa komið boð frá hinum 4. konúngkjörna þingmanni, að hann geti ei komið á fund í dag.

Þingbók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en geingið er til dagskráarinnar, verð eg að hreifa einu málefni, sem mèr er þó miður geðfellt að þurfa að vekja máls á. Það eru sumir af þingmönnum, sem láta þingræður sínar safnast svo fyrir óskrifaðar, að nú eru það sumir, að þingræðurnar vanta frá þeim í 5 fundi; með þessu móti er það ómögulegt fyrir mig, að halda nokkurri reglu á í ritstörfum þingsins, að þau geti haft sinn eðlilega og skipulega gáng, og afskript þingbókarinnar haldið áfram. Þar sem eg nú hefi ámálgað þetta einslega við þá þingmenn fleirum sinnum, sem hèr eiga hlut að máli, og hafa látið ræður sínar þannig safnast ólagfærðar, þá neyðist eg nú til, að á-varpa þá frá þessum stað um, að þeir ljúki við þessar ræður sínar

fyrir annað kveld; að öðrum kosti verð eg neyddur til, að nafngreina þá á næsta fundi, svo að þingtíðindin beri það með sèr, hverjir það eru, sem láta þingræður sínar ólagfærðar, eða láta þær vanta í þingtíðindunum. Eins vil eg biðja hina háttvirtu þingskrifara, að hafa sèr minnisfastan 1. kaflann í 76. gr. alþingistilskipunarinnar, og eg vona, að annar þeirra viti, að eg hreifi þessu ekki alveg tilefnislaust.

Vèr gaungum þá til dagskráarinnar, og kemur fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um fiskiveiðar útlendra þjóða. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður úr Skagafjarðarsýslu. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona eg, að þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Var þá málið afhent *framsögumanni.*

Atkvæðaskrá

í málinu *um fiskiveiðar útlendra við Ísland.*

1. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði):
   Að konúngurinn framvegis mildilegast vilji gefa fiskiveiðamálinu undir Íslandi sèrlegan gaum.
2. Breytíngaratkvæði *Vilhjálms Finsens:*
   Að 2. uppástúnga nefndarinnar sè orðuð þannig:
   Að hann meðal annars feli stjórn sinni á hendur, hve nær sem honum þykir það tiltækilegast, að fara þess á flot við þær utanlandsstjórnir, þar sem ójafnaðartollur er á fiski, að sá tollur sè af numinn hið allra fyrsta.
3. *Nefndin* (2. uppástúnguatriði):
   Að hann meðal annars feli stjórn sinni á hendur, hve nær sem honum þykir það tiltækilegast, að fara þess á flot við hina frakknesku stjórn, að ójafnaðartollurinn á fiskinum á Frakklandi verði af numinn hið allra fyrsta.
4. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* og *H. Kr. Friðrikssonar:*
   Að úr 3. uppástúnguatriði nefndarinnar (tölulið 6.), verði úr felld orðin: „bæði sumar og vetur“.
5. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn:
   Að inn í upphaf 3. uppástúngu nefndarinnar (tölul. 6.), eptir orðin: „Að hann vilji skipa svo fyrir, að“, sè bætt: „eitt herskip og ein smáskúta eða“.
6. *Nefndin* (3. uppástúnguatriði):
   Að hann vilji skipa svo fyrir, að 4 smáskútur (*„Kuttere“*), og þó ein að minnsta kosti regluleg herskúta, skuli framvegis liggja hèr við land, bæði sumar og vetur, til að hafa aðgæt-

ur á aðgjörðum fiskimanna, og halda uppi lögreglu utan um landið.

7. Viðaukaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar:*
   Að aptan við 3. uppástúngu nefndarinnar verði bætt:
   Skip þessi komi hingað til lands eigi síðar, en um sumarmál, og fari eigi burt hèðan aptur á haustin, fyr en undir lok septembermánaðar.
8. Viðaukaatkvæði *Benedikts Þórðarsonar:*
   Að aptan við 3. uppástúngu nefndarinnar verði bætt:
   Að varnarskip, hvort heldur eitt eða fleiri, fyrir yfirgángi útlendra fiskimanna hèr við landið, sendist hingað til landsins í aprílmánuði næstkomandi árs.
9. Breytíngaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar:*
   Í staðinn fyrir 4. og 5. uppástúnguatriði nefndarinnar:
   Að þeim Íslendíngum, er vilja læra sjómennsku á þessum skipum, gefist kostur á því.
10. *Nefndin* (4. uppástúnguatriði):
    Að hann vilji láta leiða það í lög, að útboð verði framvegis gjört á hverju ári af íslenzkum sjómönnum, til þess að skipa hinar fyrnefndu skútur, um 3 ár hver.
11. *Sama* (5. uppástúnguatriði):
    Að tala þessara manna verði síðar ákveðin með lögum.
12. Varaatkvæði *Páls Sigurðssonar:*
    (Ef tölul. 10. og 11. verði samþykktir):
    Að konúngur sè beðinn að leggja frumvarp fyrir næsta þíng áhrærandi útboðsskylduna (samkvæmt tölul. 10.).
13. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu).

Framsögumaður (Gísli Brynjúlfsson): Eg þarf ei að svo stöddu að vera lángorður um mótbárur þær, er fram hafa komið á móti nefndarálitinu, og nú felast hèr í ýmsum breytíngaratkvæðum, því eg hefi áður svarað þeim flestum, og eingin þeirra hefir getað breytt skoðun nefndarinnar á málinu. Skal eg því að eins geta þess, að nefndin ætlar sèr ei að vera á móti breytíngaratkvæði hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns, því sá hefir aldrei verið tilgángur vor, að vilja hafa nokkuð á móti Frökkum sèrstaklega, heldur orðuðum vèr greinina á þenna hátt, að eins af því, að Frakkar helzt voru teknir fram í bænarskránum; og þykir mèr nú miklu fremur vænt, að nota þetta tækifæri til þess að segja, að vèr höfum eingan veginn viljað

láta í ljósi nokkra þá skoðun, er væri Frökkum óvinveitt; því vèr erum miklu fremur fúsir á að játa, að þeir gjöra allt, sem á þeirra valdi er, og það með hinni mestu mannúð, til þess að halda reglu meðal fiskimanna sinna undir Íslandi, og eiga það því með engu móti skilið, að menn sýni þeim annað en gott. En um ójafnaðartollinn á fiskinum er það skylda vor, hvort sem hann er á Frakklandi eða annarstaðar, að gjöra vort til, að hann megi verða af numinn, svo þau hin óeðlilegu fjötur falli af fiskiverzlun Íslendínga. Um hin önnur breytíngaratkvæðin, er miða að því, að skipin skuli ei liggja hèr á veturna, og þá um leið ætla sèr að ónýta útboðið sjálft, skal eg ei heldur tala margt, því það er sjálfsagt, að nefndin verður enn að vera á móti öllu því, sem beinlínis ónýtir sjálfan aðaltilgánginn með skúturnar. Aðaltilgángurinn með þá tilhögun, sem vèr höfum stúngið upp á, er eingan veginn sá, að hugsa að eins um, að vernda Íslendínga fyrir ránglátum ágángi útlendra fiskimanna, því til þess mundi hvorki nægja 4 smáskútur, nè herskipið danska, er nú hefir verið hèr, nè allur hinn danski herfloti, ef í hart færi; því Frakkar hafa hèr nú þegar tvö herskip á móti einu dönsku, og þó annað miklu stærra en það, og gæti sent miklu fleiri, ef á þyrfti að halda, og þeim dytti í hug, að fara hèr fram með nokkru ofbeldi eða rángsleitni. En til þessa getur aldrei komið, sem betur fer, og aðaltilgángurinn með smáskúturnar verður þess vegna allt af að vera, auk þess að gæta lögreglunnar utan um landið, því til þess nægja þær fullkomlega, fyrst útboðum verður aldrei beitt af útlendum herskipum, að koma hèr á stofn dálitlu innlendu sjóliði, sem, þó það auðvitað æfinlega verði að vera partur úr liði konúngs vors, er í viðlögum megi brúka annarstaðar, einkum og að eins eigi að beita í Íslands þarfir; og er það þá einkum aðalatriðið, að Íslendíngum á þenna hátt gefist færi á, að venjast við verulega sjómennsku á hafskipum, því sú mótbára, sem höfð hefir verið, að menn geti ei lært slíkt almennilega á herskipum, fellur alveg um sjálfa sig, þegar að því er gætt, að þessar smáskútur eru eingin regluleg herskip, en verða að öllum líkindum að svamla og sigla meira utan um landið, en nokkurt kaupskip eða fiskiskip; nefndinni kom jafnvel til hugar, að menn stundum, til þess að kostnaðurinn yrði minni, gæti legið úti til fiskjar á sjálfum skútunum, og getur það þá aldrei spillt til, þó menn, um leið og menn vendist við siglíngarnar og svamlið á hafinu, vendist einnig við dálítið af þeirri reglusemi, sem þó æfinlega má læra á herskipum, því lítinn vopnabúnað yrði þó skúturnar æfin-

lega að hafa. Að öðru leyti skal eg nú að eins bæta því við, að nefndin er fús á, að fallast á breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Rángæínga; því það var aldrei meiníng hennar, að útboðið skyldi komast á, án þess nýtt frumvarp yrði beinlínis lagt fyrir alþíngi um það síðar meir, ef menn nú hèr á þíngi að eins vildi aðhyllast hina almennu uppástúngu nefndarinnar um það.

H. Kr. Friðriksson: Eg ætla að minnast á breytíngaratkvæði mitt, og mæla fram með því fáein orð. Það er illa farið, að nefndin ekki skuli hafa tekið það fram, að þessi 4 skip skyldi allt af vera að svamla hèr í kríng um landið, en það stendur ekki hèr (*Framsögumaður:* Það stendur í nefndarálitinu), og hvort sem nefndin hefir ætlazt til þess eða ekki, þá verða þau ekki allt af að svamla, því þau liggja mestmegnis á einhverri höfninni, og hlaupa út einstöku sinnum; en þó þau væri hèr á vetrum, þá geta þau ekki verið að svamla þá, og sè eg ekkert gagn að þeim hèr á vetrum, nema ef hinn háttvirti *framsögumaðar* hefði gaman af, að horfa á þau í fjörunni, ef hann væri hèr. Mèr sýnist það óviðurkvæmilegt, að binda svo hendur á stjórninni, ef hún vill verða við bón þíngsins, að senda híngað þessi 4 skip, að hún ekki megi láta þau liggja, þar sem hún helzt vill á vetrum, þegar einkis er hèr að gæta. Um breytíngaratkvæði mitt, tölul. 9. hefi eg ekki breytt hugsun minni síðan við undirbúníngsumræðuna, því mèr þykir ekki vert, að smeygja hèr inn neinni útboðsskyldu, meðan ekki er neitt ákveðið um samband vort við Danmörku, því að það gæti, ef til vill, verið til óhagræðis, en ekki neins gagns. Útboðið leggur á þau bönd, sem hægra er að koma á, en losast við aptur; það er hægra, segi eg, að leggja á sig skuldbindíngar, sem sýnast, ef til vil, lítilsverðar í fyrstu, en að losa sig við þær aptur, þegar menn sjá, að þær eiga ekki við. Betur á við, að mínu álíti, að Íslendíngar eígi kost á, að læra sjómennsku á þessum skipum, ef þeir vilja, en að skylda þá til þess. Það var ljóslega tekið fram á þínginu í hitt eð fyrra, hvílíkt óhagræði væri að útboðsskyldunni, og hvílíkan kostnað hún hefði í för með sèr, því hún dregur margan kostnað með, sem vandlega þarf að athuga; það er reyndar ekki til tekið, hvað margir menn eiga að takast á skipin, en eg ætla, að það verði þó tilfinnanlegt, meðan ekki er meira vinnuafl í landinu en nú er; því það er skorturinn á vinnuaflinu, sem stendur Íslandi mikið fyrir þrifum. Eg held líka, að sveitamenn læri lítið til atvinnuvegs síns, þótt þeir sè úti á sjó; svo þeir bera varla þann hagnað úr býtum, að vert sè að kosta upp á þetta fyrst um

sinn. Eg held því fast fram, að alveg sè sleppt úr 10., 11. og 12. töluliö. Eg ætla svo ekki að telja upp fleiri ástæður, því mínar ástæður eru áður kunnar, og álít eg óþarft, að taka þær upp aptur.

Arnljótur Ólafsson: Þegar eg athuga tilgáng þessa máls, sè eg að hann er sá, að fá skip frá Danmörku, til að verja ágángi útlendra fiskimanna hèr við land, bæði við sjávarútveg landsmanna og fyrir óreglu á landi. Þetta hefir líka nefndin tekið fram, og sýnt, að þetta sè tilgángurinn; en hún hefir stígið feti framar, og það stóru feti, þar sem hún vill koma á sjómannaskóla; eg virði mikils þenna tilgáng, og kann að meta, hvað í honum er fólgið, en hitt segi eg, að eptir því ástandi, sem hèr er nú, þá get eg ekki verið meðmæltur því. Eg sè tvo örðugleika á, að fá þessu framgeingt. Sá er annar, að það er óvíst, hvort Danastjórn vill veita þetta, þar eð af því hlýtur að leiða svo mikill kostnaður, að hún má ske ekki sèr sèr það mögulegt. Eg tók fram við undirbúníngsumræðuna, að stjórnin hefði úti herskip á sumrum, og þá væri ei meiri kostnaður, þó þau lægi hèr en annarstaðar; en kostnaðaraukinn kemur fyrst, ef þau eiga að verða hèr á vetrum. Vèr höfum rètt til að biðja um, að hún sendi híngað herskip, til að vernda lög og rètt vorn; en hitt er óvíst, hvort vèr eigum kröfu á, að þau sè hèr á vetrum, að kenna manni sjómennsku og hernað. Hinn er annar örðugleikinn á þessu, að eg er hræddur um, að landinu verði þetta ekki að svo góðum notum, sem til er ætlazt; vinnukraptarnir eru hèr ekki of miklir í landinu, og oss vantar fè, til að koma upp þiljuskipum, en ekki sjómenn. Eg þekki 3 Íslendínga, sem hafa tekið próf í siglíngafræði; af þeim hefir einn farið til annara landa, og eg veit, að hann er svo vel að sèr, að hann gæti betur kennt sjómennsku hèr, en aðrir útlendir, því hann þekkir, fyrir utan siglíngafræðina, hvernig til hagar hèr við landið, fiskiveiðar hèr og fleira. Ef Íslendíngar vildi koma upp sjómannaskóla hèr á Suðurlandi, líkt og Ísfirðíngar hafa þegar gjört, þá væri miklu betra, að fá þenna mann til að kenna við hann, en að láta yfirmennina af þessum herskútum kenna það. Eg verð líka að vera samdóma hinum háttvirta þíngmanni úr Reykjavík í því, að það er ísjárvert, að koma hèr á útboði, meðan allt stendur hèr, eins og það er nú, og meðan samband vort við Danmörku er óákveðið. Hinn háttvirti *framsögumaður* veit það, að það er svo gamall rèttur vor Íslendínga, að vera undanþegnir útboði, að eg held nærri því, að það væri að særa hjörtu allra Íslendínga, að kasta þessu einka-

leyfi frá oss, án þess vèr hefðum sýnilegt gagn af því. Eg hefi ekkert á móti því, að nauðsynlegar álögur sè lagðar á, til nauðsynlegra fyrirtækja, en eg vil vera viss um, að það verði að gagni; eg mæli því á móti 10. og 11. tölulið, þó eg virði tilgáng nefndarinnar, en mèr þykir hann eigi á nægum rökum byggður. Eg er líka meðmæltur breytíngaratkvæði hins háttvirta fulltrúa Ísfirðínga, því það miðar í þá átt, að gjöra Danastjórn hægra fyrir, að senda skipin, til að verja oss ágángi útlendra fiskimanna, því það er aðaltilgángurinn í bæn vorri. Um 2. uppástúnguatriði nefndarinnar er eg á sömu meiníngu og áður, að eg hefi ei traust á því, að Danastjórn fái aðrar þjóðir til að gjöra undanþágur fyrir oss; en aðrir bera nú má ske meira traust til Dana og annara þjóða, að þær raski samníngum sínum, fyrir tillögur Danastjórnar.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Nefndarálitið í máli þessu er sannarlega vel samið, og nefndin hefir án efa gjört sitt bezta til; hugmynd hennar er ágæta falleg, til að koma Íslendíngum upp, bæði í sjómannafræði, herkunnáttu, og að hjálpa sjálfum sèr í öllu falli; en þegar eg yfirvega samt 4. uppástúnguatriði hennar, þá kemur nokkurs konar hik á mig, því mèr þykir það nokkuð aðgæzluvert, að biðja um, að útboðsskylda verði með lögum lögð á Íslendínga, að fullskipa þessi 4 skip eða skútur íslenzkum mönnum. Eg veit að þessi 4 skip, áhöld þeirra og viðhald, kostur og kaup handa mönnunum árlega kostar þó nokkuð; þetta er nýr skattur eður tillag til Íslands fyrir stjórnina, og ef hún tekur þetta upp á sig, eður gjald það, sem lagt er til herflotans, þá er ástæða til þess, að hún vildi aptur, að Ísland tæki að tiltölu þátt í kostnaði þeim, er geingur til herflotans, þegar fjárhagsmálið kemur til umræðu á síðan; væri þá búið að leggja þessa útboðsskyldu á okkur með lögum, að bón alþíngis, þá mundi verða bágt að mótmæla, að við værum einhvern veginn þegjandi eður sjálfsagt komnir inn undir þessa skyldu, sem eg veit þó, að allir vildi verjast, því það er sá þýngsti skattur í ríkinu, og Íslendíngar geta varizt því, eptir fornum sáttmála. Eg vil því einúngis fallast á breytíngaratkvæðið þíngmannsins úr Reykjavík í þessu falli, sem er það 9. á skránni, svo þetta sè fríviljugt að okkar hálfu, en ekki lögskipað.

Benedikt Þórðarson: Um viðaukaatkvæði mitt á atkvæðaskrá þessari vil eg ekki mikið ræða, og það því síður, sem viðaukaatkvæði þíngmanns Borgfirðínga kemur hèr fram í líkri stefnu, og biður um, að skipin komi um sama leyti árs, og eg ákvað; seinna en

í aprílmánuði mega þau ekki koma, eigi að verða fullt lið að þeim; skipin eiga og þurfa að vera varnarskip fyrir yfirgángi útlendra fiskimanna hèr við landið; sè þau það ekki, þá þýða þau ekkert. Við undirbúningsumræðurnar gat eg þess, að þörf landsmanna væri bráð í þessu efni, og þeir ekki mætti bíða hjálparinnar svo árum skipti, og því á kvað eg, að skipin sendist hingað strax á næstkomanda vori, og þykir mèr nokkru varða, að þessu sè gaumur gefinn; hvað hinu öðru, sem er á atkvæðaskránni, viðvíkur, þá lýsi eg því yfir, að eg fellst á varaatkvæðið undir tölulið 2.; þykir mèr betur fallið, að ákveðið sè um allar útlendar þjóðir, viðvíkjandi ójafnaðartollinum, en að beinzt sè að Frökkum einum. Breytíngaratkvæðin undir töluliðnum 5. og 9. líka mèr einnig vel, og gef þeim atkvæði mitt; en hinu, sem þá fylgir, verð eg að neita, því eg get ekki sannfærzt um, að það komi sèr vel, að hèr sè hafin nokkurs konar útboðskvöð á landsmönnum; eg ætla líka, að slíkt mundi verða þeim til lítils frama.

Stefán Jónsson: Eg ætla ekki að tala um hvert atriði þessa máls fyrir sig; það er búið að ræða nóg um það. Um útboðsskylduna er eg á sama máli, og við undirbúningsumræðuna, og álít hana óhafandi. Eg er líka hræddur um, að það sè tilgángslaust, að skipin sè hèr sumar og vetur, því það kemur opt fyrir, að þau ekki gæti haldið til fyrir Norðurlandi fyrir ís, og ef þau ætti að liggja á vetrum við Norðurland, yrði þau að vera inn á höfn; þá kæmist þau stundum ekki út, fyr en í júnímánuði, og þá yrði þau gagnslítil, því ekki get eg búizt við, að þau haldi lögreglu yfir hafísnum. Ef Íslendíngar væri á skipunum, þá yrði þeir að vera kyrrir við þau á vetrum; ef þau væri í Reykjavík, þá mundi það verða kostnaðarsamt fyrir þá að lifa þar; en ekki færi þeir á haustin að flækjast upp í sveit, og norður og austur um allt land, hver til sinna átthaga, og til skips á vorin. Líka verða þeir að fara með, ef skipin færi til Kaupmannahafnar, og þá yrði þeir gagnslausir fyrir landið. Eg vil því mæla með því, að Íslendíngum gefist kostur á, að læra sjómennsku á þessum skipum, ef þeir vildi, þó eg sè hræddur um, að fáir yrði til að nota sèr það.

Indriði Gíslason: Það er nú búið að stínga margan fallegan hnaus í þjóðframfarabyggíngu vora á þessu þíngi, sum sè barnalaga- og lækna-skóla, já og ótal fleiri; þá er nú þessi fiskifriðunarhnaus, sem nú er dottinn ekki einu sinni í tvennt, heldur þrennt, þar sem að úr því máli er orðið líka sjómanna og sjóheræfíngaskóli;

hèr er nú einnig verið að höggva til undirstöðusteininn undir alla byggínguna, og það held eg verði nú moli, sem hvorki ætti að vera illa lagaður eða lagður, og það er búnaðarskólinn. *Framsögumaðurinn* komst svo að orði, við undirbúníng þessa máls, að vèr Íslendíngar vildum allt, og beiddum um allt, en vildum þó ekkert nema á pappírnum. En eg vil nú aptur segja honum það, að eg hefi aldrei sèð hjá nokkrum manni draga upp aðra eins bliku á pappírshimni hugmyndanna, eins og að vera að biðja um útboð, og ætla að fara að skapa sèr sjóher, á sama þínginu, og menn eru að ráðgjöra, að biðja stjórnina, að ekki verði mannfellir úr húngri. Eg fyrir mitt leyti held það væri nær, að láta þessa 170, eða hvað svo margir eða fáir, sem þeir áttu nú að vera, að þeir lærði sumir eitthvað við jarðabætur, hlæði túngarðsspotta, skæri skurð til vatnsveitínga og slèttuðu blett í einhverjum þúfnareitnum; en væri nú þetta óhugsandi, og þeir ætti einmitt að beita vinnuafla sínum til sjóar, þá væri það heldur nær, að þeir væri látnir afla þenna fisk, sem þeir eiga að sitja þarna yfir, eins og fè í haga á sjávarbotni, að útlendir fiskimenn ekki kræki í hann.

Eg get nú eingan veginn sèð, að þessir menn sæki oss önnur höpp á skútur þessar eða skip, en það eitt, að læra munað og leti, og mega síðan ala þá á oss sem ómaga, eða þeir flækjast til annara landa og misstist þá vinnuaflinn úr landinu; eg held annars, að vèr Íslendíngar eigum nóg af slíkum körlum, þó ekki sè við þá bætt.

Stefán Eiríksson: Eg sè, að það hefir tekizt óheppilega til, að þessir menn skyldi verða valdir í nefndina, sem voru valdir, þegar þíngmenn vilja fella nefndarálitið í öllum greinum. Það hafa þó margar bænarskrár komið til þíngsins, sem allar hafa verið í sömu stefnu, sem sýna, að það er nauðsyn á, að verja ágángi útlendra fiskimanna. Hèr á þínginu hefir áður verið talað um, að farsælast mundi vera, að stunda hèr fiskiveiðar á opnum bátum í marz og apríl, en eg vil þá vekja athuga manna á því, að þá eru útlendu fiskiskipin komin hèr, svo það má þó sjá af því, að ekki er ómögulegt, að fiska hèr um þann tíma árs á þiljuskipum; það var heldur aldrei meiníng nefndarinnar, að lögð yrði niður veiði á opnum bátum, svo ef að þessi varnarskip frá stjórninni ætti ekki að koma hèr, fyr en á vorin í maí, þá mundi þau koma nokkuð seint, og fiskiskipin væri þá búin að draga fiskinn frá okkur. Því verð eg að vera fastur á uppástúngum nefndarinnar, að þau sè hèr sumar og vetur. Þar sem hinn háttvirti þíngmaður Reykjavíkur vill fella

uppástúngu nefndarinnar um útboðið, þá held eg það sè ekki ráðlegt, með því líka þetta er í raun og veru ekkert útboð; því þó Íslendíngum sè gefinn kostur á, að vera á skipunum, þá munu þeir aldrei verða margir, ef ekki er höfð einhver lögregla á um það. Nefndin vildi með þessu móti gefa stjórninni færi á, að fá menn á skútur þessar, og eg álít miklu betra, að Íslendíngar sè á þeim, því eins og formenn opt fara að ráðum háseta sinna, eins kynni líka tillögur skipverja að hafa nokkur áhrif á yfirmennina á skútunum, til að mynda, ef hásetar benti til, að hèr mættum við ekki drolla lengur inni á þessari höfn; við hljótum að fara að skyggnast eptir fiskiskútunum, og gæti með þessu þó orðið tryggara eptirlitið, bæði á ránstiltekt og öðru af þeirra hálfu.

Konúngsfulltrúi: Einn heiðraður þíngmaður tók það fram undir inngángsumræðunni í þessu máli, að það væri hæpið, að biðja um það, að það skip eða þær skútur, sem stjórnin kynni að senda híngað, til þess að halda vörð á því, að útlendir fiskimenn gætti allrar góðrar reglu hèr, bæði sumar og vetur, og þessu verð eg, í umboði hins háttvirta *konúngsfulltrúa*, að vera öldúngis samdóma. Það er eingin, eða að minnsta kosti mjög lítil líkindi til, að stjórnin muni veita þetta, þó að öðru leyti megi gánga að því vísu, að hún muni gefa þessu máli allan þann gaum, sem hún getur. Það virðist ekki heldur vera brýn nauðsyn til þess, að skipin komi fyr, en á vorin í aprílmánuði, því eg veit ekki betur, en að útlendir fiskimenn leggi fyrst á stað upp híngað í þessum mánuði.

Breytíngaratkvæðið nr. 9. virðist að vera vel hugsað, því vissulega gæti Íslendíngar lært sjómennsku með þessu móti, og þetta fyrirkomulag þannig komið að góðu gagni.

Hvað útboð, sem nefndin hefir stúngið upp á, snertir, kynni það að vera nokkurt áhorfsmál fyrir þíngið, að aðhyllast þá uppástúngu, því hún yrði, auk annars, í framkvæmdinni ýmsum vandkvæðum bundin.

Halldór Jónsson: Eg er einn af þeim, sem vil styðja aðalhlið máls þessa, og einúngis hana, nefnilega, að vörn fáist mót yfirgángi útlendra fiskimanna. Bænarskrárnar sýna, að þörf er á því, og eg gæti tilgreint 3 eða 4 dæmi þess frá Austurlandi nú á seinustu árum; og eru sum þeirra ekki svo falleg. Ekki get eg verið því meðmæltur, að varnarskipin liggi hèr á vetrum, það mundi hafa í för með sèr töluverðan kostnað, sem stjórnin mundi verða að álíta sèr og máli þessu óviðkomandi.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg held hinn heiðraði þingmaður úr Austur-Skaptafellssýslu hafi misskilið þingmenn, þar sem hann segir, að þeir vilji fella allt nefndarálitið; en mèr skilst, að þeir einmitt vilji hafa aðhald með, að útlendir fiskimenn ei gjöri landsmönnum óskunda, eins og er í 3. uppástúnguatriði nefndarinnar, og á því er eg líka; en mèr finnst það ekkert eiga skylt við útboðið, og tilgángur nefndarinnar með því, að fá hèr með þeim hætti komið á fót menntunarstofnun fyrir sjómenn, er óheppileg í allan máta. Eg felli mig einnig betur við tölulið 2. en tölul. 3.; því ef það álízt tiltækilegt, að fara þess á flot um ójafnaðartollinn við Frakka, að af nema hann, þá er ekkert á móti, að gjöra slíkt hið sama við allar þjóðir. Ef samþykkt verður 3. uppástúnguatriði nefndarinnar, þá vil eg gefa atkvæði mitt fyrir breytíngaratkvæðinu tölul. 4., því það er auðsjáanlega þýðíngarlaust, að þessi skip liggi hèr allan veturinn, og er það auðsjáanlegt, að nefndin hefir með því haft fyrir augum kennsluna, en ekki vörnina. Eptir þessu held eg víst, að fella ætti 4. og 5. uppástúnguatriði nefndarinnar, og þá sjálfsagt varaatkvæðið undir tölul. 12.; en við breytíngaratkvæðið tölul. 9. felli eg mig vel, og held eg af því gæti leitt mikið gott fyrir landið, að ef nokkuð nýtilegt verður að nema á þessum varnarskútum, þá verði mönnum gefinn kostur á því, en alls ekki þreingt til þess með beinum lagaákvörðunum.

Páll Sigurðsson: Það má nú þegar sjá af umræðunum, hvernig mál þetta muni falla. Þíngið hefir verið á því, að ójafnaðartollurinn yrði af tekinn, og er eg öldúngis á sama máli. Meiri ágreiníngur hefir verið um herskipin, hvort þau ætti að vera hèr bæði sumar og vetur, en eg held, að þau nauðsynlega þurfi að vera hèr allt af, ef þau annars eiga að koma; því eg hefi reynsluna fyrir mèr í því, að það er ekki nóg, að þau komi um sumarmál, eins og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, því í ár voru komin milli 50 og 60 fiskiskip, í byrjun aprílmánaðar inn á fiskimið hèr fyrir framan land. Það er auðvitað, að þó skipin yrði hèr á vetrum, þá verða þau ekki að svalka fyrir framan land, en ef þau gjöra ekki gagn á vetrum í Danmörku, þá mega þau eins vel vera hèr. Mèr datt líka í hug, hvort menn á þessum skipum ekki feingi kost á að læra hvalaveiðar, og væri það mikið óskaráð, því af því gæti orðið mikill arður fyrir landið; vèr sjáum og, að hinir fornu Íslendíngar hafa stundað þá veiði; en eg skal láta ósagt, að hve miklu leyti það kynni að láta sig gjöra; eg er ekki fullkunnugur þessum herskútum til þess. Það er

vitanlegt, að þessi útboðsgríla gjörir það að verkum, að málið verður óvinsælt hjá þjóðinni, og sumir af nefndarmönnum hafa látið sèr um munn fara, að þörf væri hèr á útlendum dátum, til að berja á oss. Eg vil því fallast á breytíngaratkvæðið tölul. 5.: „eða þá að fá herskip og skútur"; en það verður að vera komið snemma í apríl, ef gagn á að verða að því, af því þá eru fiskiskipin komin; en megi Frakkar í fullu lagaleyfi konúngs fiska svo nærri landi sem 1 mílu, þá gjöra þeir oss Sunnlendíngum þann skaða á fiskimiðum vorum, sem ekki verður metinn til verðaura. Eg tók mèr varaatkvæðið tölul. 12., ef þíngið geingi inn á útboðið; en það fellur og stendur með tölul. 10. og 11. Eg get ekki sèð gagn af þessum smáskútum, nema þær liggi hèr sumar og vetur. Ef Íslendíngar verða á þeim, þá geta þeir eins stundað hèr haust- og vetrarvertíð, því það er ólíklegt, að margir komi til þeirra ofan úr sveit.

Konúngsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr, að leiða athuga þíngsins að því atriði, að það er viðtekin regla nú á dögum, að sjóveldi, eða yfirráð einnar sjóðar yfir sjónum, nái ekki leingra út frá landi en 1 viku sjávar, og Einglar láta það að eins ná 3 enskar mílur á sjó út; að þessu leyti getur því danska stjórnin, hvað fegin sem hún vildi, ekki bægt útlenzkum fiskimönnum frá, að koma hèr upp á fiskimið, og það er því einúngis fyrir mögulegum óskunda á landi, sem hún gæti verndað Íslendínga með því hèr umbeðna skipi eða skútum. Eg hefi leyft mèr að gjöra þessa athugasemd, þar sem eg ætla, að hún komi þessu máli fyllilega við.

Magnús Andrèsson: Það er því síður þörf á að eg tali margt í þessu máli, sem flestar ræður þíngmanna stefna í sömu átt og eg. Það er ei líkt með þessa atkvæðaskrá, og vant er að vera með aðrar, því breytíngaratkvæðin eru optast felld, en hèr er það gagnstætt, því eg fellst eins og fleiri aðrir á flest þeirra. Eins er það um breytíngaratkvæðið tölul. 2., því eg sè, að það er yfirgripsmeira, en uppástúnga nefndarinnar, og það lítur betur út, og þó vandkvæði sè á því, þá álít eg það eigi ekki að hamla þínginu frá, að biðja um það. Um útboðið vil eg fara sömu orðum og eru í gamla sáttmála: „útboð viljum vèr ekki hafa"; enda eru flestir á móti því, og öllum þótti það heppilegt, að þíngið 1857 fèllst ekki á álitsmál stjórnarinnar um útboð, og þá kann eg því ver við, ef þíngið nú skyldi biðja um útboð, og er það hreint frá, að eg gefi atkvæði mitt fyrir því. Eg er líka hræddur um, að Íslendíngar græddi ekki mikið á því, að vera á þessum skútum, og það sem þíngmaður Rángvell-

ínga talaði um, að menn lærði á þeim hvalaveiðar, þá getur það varla rýmzt saman; því það er sitt hvað, að vera til varnar ágángi útlendra fiskimanna, og að vera á hvalaveiðum. En eg er meðmæltur því, eins og hinn háttvirti þíngmaður Reykjavíkur, að mönnum hèr gefist kostur á að vera á skútum þessum; en það munu aldrei verða margir, sem nota sèr það. Mèr þykir óþarfi fyrir nefndina að vera að halda með útboðinu, því til hennar fæst trauðla samþykki þíngmanna með orðum einum.

Jón Hjaltalín: Eg ætla nú að standa upp, því eg veit að eg fæ að hvíla mig, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur. Eg verð að lýsa því yfir, að ræður þíngmanna eru ekki að mínu skapi, og það vesta er, að eingin þeirra hefir getað sannfært mig hið minnsta. Það hafa komið 3 bænarskrár sín úr hverri áttinni um, að afstýra óskunda fiskimanna hèr við land, og hafa þessar bænarskrár verið sendar þínginu í þeirri von, að þíngið kvartaði yfir því við stjórnina. Það er sagt, að sumir hafi jafnvel verið neyddir til, að verja sig fyrir árásum framandi manna, og þá væri nú nógu gott, að kunna það; að minnsta kosti mundi eg helzt vilja geta varið mig sjálfur; en þíngið vill að eins kalla á stjórnina til þess, og segja: það er stolið frá okkur eggjum og fleiru, komið þið nú blessaðir og hjálpið okkur. Eg held Danir gæti þá sagt, að Íslendíngar vilji fá allt, en ekkert hjálpa til sjálfir. Nefndin hèlt ekki, að útboðið væri eins óttalegt í augum þíngmanna, eins og það er, þegar það er einúngis til varnar og lærdóms; þeir segja, að menn læri ekkert á því, þegar menn eigi að velkjast á þeim kríngum landið, eins og höfuðsóttar kindur, en það var ekki meiníng okkar. Við hugsuðum okkur að fá þessar 4 skútur, og á hverja þeirra frá 12—16 manna, og ætluðum Íslendínga svo námfúsa, að hægt mundi vera, að fá menn á þær; það er heldur ekki svo mikill vinnumissir, einkum þegar menn á sjónum mega gjöra hvað sem þeir vilja, og læra það, sem þá fýsir til; svo það skal einginn þíngmaður ætla, að við munum trúa svo í blindni, að ekkert megi á þessum skútum læra, eða betra sè, að sitja heima og lesa einhverja bók um stýrimannsfræði. Það er stúngið upp á í tölul. 2., að biðja um, að ójafnaðartollurinn verði líka af tekinn hjá öllum þjóðum; en eg veit ekki, hvað hægt stjórnin á með það sem stendur. Frakkar hafa gagn af veiðunum hèr, en ekki aðrir, og því ætti helzt að biðja þá um það. Þíngmaðurinn frá Reykjavík vill, að mönnum sè að eins gefinn kostur á því, að læra sjómennsku á þessum skipum; en eg veit sannarlega ekki, hvernig

hann hugsar sèr, að stjórnin geti sent svo stór skip hingað, að þau geti tekið óákveðinn fjölda manns. Nú eiga þetta að vera minnstu „*Krydsere*“, sem ekki geta haft fleiri skipverja, en nauðsynlega þurfa við á skipinu. En ef þessar skútur liggja hèr á vetrum, hvað skyldi þá verða? Ætli firðirnir slitni, ef þær liggja hèr? Ef Íslendíngar eru á þeim, þá geta þeir farið hver heim til sín, og þá er eptir, að fá einhverstaðar hæli handa stýrimanninum, og það ætti þá að vera hægt. Ef skipin væri í Danmörku á vetrum, og ætti að vera komin fyrst í apríl hèr, þá gæti það opt verið ómögulegt, að komast út úr Eyrarsundi, og það þó hèr sè góður vetur; því ef ísalög eru í Eystrasalti, þá rekur ísinn í sundið, en þá er hèr opt auður sjór fyrir öllu landi. Einn þíngmanna sagði áðan, að okkur vantaði ekki sjómenn, heldur peninga; eg held nú, að okkur vanti hvorttveggja, og það er óttalegt að hugsa til þess, hvað mikið hefir farizt hèr fyrir landi af fiskiskútum; það hafa greindir og velviljaðir danskir skipstjórar sagt við mig, að það væri skaði, að Íslendíngar lærði ei sjómennsku, því þeir væri svo vel lagaðir fyrir hana, en það gæti þeir ekki lært á smábátunum, meðan eingin þiljuskip væri til handa þeim, að læra það á. Um hvalaveiðarnar hefi eg góða von, að gæti komizt á með þessum skútum, því það er ei ólíklegt, að þeim kynni að detta í hug, að reyna að drepa hvali, þegar þeir sæi þá allt í kríngum sig; og hver er sá, er ekki vildi óska, að sú veiði kæmist hèr á? Menn geta líka átt kost á að sjá verkfæri þau, sem höfð eru til að veiða hvali; það þarf ei annað, en að fara suður í Keflavík, til að sjá stórbyssur Grænlendínga; en þeim verður þó ekki viðkomið nema á stórum skipum. Eg er sannfærður um, að ef menn hrinda útboðinu frá hèr við atkvæðagreiðsluna, þá sè það hið sama, sem að fella allt frumvarpið, nema það sem það er verra, því það væri til að styrkja óbeit alþýðu á útboði, og það álít eg öldúngis ótækt.

Guðmundur Brandsson: Eg furða mig ekki á því, þó hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður mæli með útboðinu, því þar með er hann alveg sjálfum sèr samkvæmur; því árið 1857 komu skjöl til alþíngis frá öllum amtmönnunum, sem afbeiddu útboðið, en frá honum einum kom meðmæli með útboðinu, svo þetta er nú öldúngis í sömu stefnu, og ræður hans nú á þínginu, nema hvað hann talar minna um heræfíngar. Mèr þykir það undarlegt, að menn biðji nú af sjálfsdáðum um það, sem menn afbeiddu í hitt eð fyrra, þar sem þó voru boðin álitleg rèttindi á móti. Eg veit, að nefndinni hefir geingið gott eitt til í þessu máli, og hún hefir haft fyrir augum að koma Ís-

lendíngum til manns með að læra sjómennsku og herkunnáttu. Eg er nú hræddur um, að þessi góði tilgángur náist ekki með þeirri tilhögun, sem hèr er ráðgjörð, og eg er líka hræddur um, að það verði erfitt fyrir 4 skútur, að gæta reglu hèr í kríng um land, þegar sviðið frá yztu nesjum er ekki leingra, en hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* gat um; eg held, að þá verði hægt fyrir þá frá fiskiskipunum að skjótast einhverstaðar á land, og gjöra ýmisleg spillvirki, eins og þeim hafa verið áður borin, því skúturnar geta verið ærið fjarri. Sumir halda líka, að þessir útlendu hermenn, sem á skútunum eiga að vera, muni ekki verða neitt sèrlega uppbyggilegir, þó þeir hefði hèr vetrarsetu, því menn muna eptir dátunum, sem hèr voru um árið í Reykjavík, að af þeim þóttust menn ekki hafa getað lært sèrlega mikið. Það var sagt áðan, að ef skipin færi heim til Danmerkur á vetrum, þá yrði Íslendíngarnir, sem á þeim væri, að fara líka. Þegar talað var um lagaskólann hèrna um daginn, þá var talað um þær tælíngar, sem væri í Kaupmannahöfn, hvers vegna óráðnir úglíngar opt yrði afvegaleiddir, og að það tálmaði framförum þeirra í lærdóminum; ætli það yrði ekki líkt fyrir þeim mönnum, sem með skipunum færi, og fyrir lærðu mönnunum, sem þá var talað um? Ætli þeir gæti ekki komið verri, en þeir fóru. Það var líka sagt, að þessir menn mætti ekki missast úr landinu, því vinnuaflið væri svo lítið; og þó ekki yrði nú fleiri á hverri skútu, en 12—16, eins og hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður gat um, þá eru það reyndar ekki svo margir, en það er þó munur að missa þá, einkum þar eð lítur út fyrir, að fólkið fjölgi ekki, vegna harðæris, sem í hönd fer. Hinn heiðraði þíngmaður frá Austur-Skaptafellssýslu gat þess, að það væri betra, að Íslendíngar yrði á skipunum, svo þeir gæti gefið yfirmönnunum bendíngar um, hvað haganlegast væri að gjöra, til að gæta reglu; en eg er hræddur um, að þeir færi að sínum ráðum fyrir því. Eg veit að vísu ekki, hvernig hagar til á þess konar skipum, en eg hefi sèð það á kaupskipum hèr, að *matrósar* hafa ei verið ráðgjafar yfirmannanna, heldur hafa þeir orðið að þegja, og gjöra það, sem þeim hefir verið skipað. Það hefir líka verið misskilníngur hans, sem hann sagði um bænarskrárnar, því það hefir eingin bænarskrá komið um útboð, heldur um að verja ágángi útlendra fiskimanna. Þar sem hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður hnýtti við breytíngaratkvæðinu tölul. 9., af því að ei væri rúm fyrir fleiri menn á skipunum en þyrfti, til þess þau gæti verið seglfær, þá getur mèr ekki skilizt annað, en að þau gæti þó tekið nokkra menn að auk; því

það vitum vèr allir að kaupför taka opt ferðamenn („*Passagerer*„), og það stundum marga; eg er því meðmæltur þessu breytíngaratkvæði tölul. 9. Þar sem hinn sami konúngkjörni þíngmaður sagði, að færri skip mundi farast hèr við land, ef Íslendíngar lærði sjómennsku á skipum þessum, þá getur það má ske verið; en þó vil eg geta um, að það voru þó ekki smábátar, póstskipið og annað skip, sem fórust hèr í fyrra, og ekki voru heldur á þeim óvanir stýrimenn. Dekkskip hafa líka opt og tíðum farizt hèr við landið. Í marz og aprîl, og enda í maímánuði munu menn og heldur stunda fiskiveiðar á opnum bátum, en á þiljuskipum, og það mun líka verða affarasælast um þann tíma árs, að minnsta kosti hèr í Faxaflóa, enda var það tekið fram við undirbúníngsumræðuna. Það hefir verið sagt, að stjórnin muni ekki geta feingið af numinn ójafnaðartollinn hjá utanríkisþjóðum, en að því getum vèr ekki gjört; okkur er eins heimilt, að biðja um það fyrir því í þeirri von, að hún gjöri allt sitt til, að fá hann af numinn. Vèr vitum líka, að ójafnaðartollurinn hefir verið af tekinn við sumar þjóðir, síðan verzlunarlögin komu á, og það hefir sjálfsagt verið við samníng milli stjórnanda ríkjanna. Eg ætla því að halla mèr að breytíngaratkvæðinu tölul. 2.

Framsögumaður: Eg hefi nú í nokkurn tíma hlýtt á ræður manna, og verð nú þó að segja það, að eg hefi ei enn heyrt nokkra skynsama ástæðu á móti uppástúngum nefndarinnar. Menn hafa einkum verið að tala á móti útboðinu; en mèr finnast mótbárur manna í raun og veru hafa farið svo fyrir utan málið sjálft, að mèr hefir stundum legið við, að biðja hinn háttvirta *forseta*, að benda þíngmönnum til, að halda sèr við efnið, og vera ei að eins að berjast við hugarburði sjálfra sín. Menn hafa talað um þetta útboð, sem nefndin hefir stúngið upp á, eins og einhver ósköp, sem alveg væri á móti rètti vorum Íslendínga, og hinum háttvirta þíngmanni Árnesínga þótti auðsjáanlega mjög svo vænt um, að fá af þessu tækifæri til þess, að hafa upp orðin úr gamla sáttmála: „útboð viljum vèr ei hafa“; en það fór þá illa, að þetta á hèr nú hvergi við, því eg fyrir mitt leyti, sem þó ásamt meðnefndarmönnum mínum hefi stúngið upp á útboðinu á skúturnar, held þó eingu síður fyrir það, að eg þekki orðin í gamla sáttmála allt eins vel og þíngmaður Árnesínga, og sè í raun og veru eingu fúsari á, að sleppa þeim rètti vorum en hann. Útboð það, sem ræðir um í gamla sáttmála, var að eins þeirrar tegundar, að Íslendíngar skyldi skyldir, að fara til Norvegs, til þess að vera í leiðángursferðum með konúngi, hvort sem

hann vildi; en þó menn nú neituðu þessu, og hirtu ei um, sem eðlilegt var, að leggja líf sitt í sölurnar fyrir Norðmenn utanlands, og það, ef til vill, út af málum, sem alls ekki komu Íslendíngum nokkuð við, þá sè eg þó ei, hvers vegna vèr nú einmitt skyldum neita því, sem þó að eins á að vera í þarfir sjálfra vor, og þó um leið skírskota til gamla sáttmála. Mèr finnst þetta vera alveg, eins og ef maður einhver byggi á hjáleigu með þeim kjörum, að hann þyrfti þó ei að vinna dagsverk á höfuðbólinu, og svo þess vegna segði: af því það nú er rèttur minn, sem eg alls ei vil sleppa, að vinna ei lánardrottni mínum nokkurt dagsverk, þá vil eg ei heldur vinna nokkuð fyrir sjálfan mig, og heldur láta bú mitt falla niður með öllu, en að eg sleppi þessum rètti mínum. En úr slíkum ályktunum gjöri eg ei mikið, og vona einnig, að fáir Íslendíngar muni hugsa svo; því það væri heimskulegt fyrir oss, að vilja ei gjöra það, sem einkum á að verða sjálfum oss til gagns, jafnvel þó við sæjum, að aðrir gæti líka haft gagn af því; því því skal eg aldrei neita, að þó tilgángurinn með skúturnar einkum eigi að vera sá, að þær að eins verði notaðar í Íslands þarfir, þá fyndist mèr það þó mjög ótilhlýðilegt, ef við vildum ei að voru leyti styrkja konúng vorn og Dani með þeim Íslendíngum, sem á þeim væri, hvenær sem nauðsyn bæri til, þegar vèr að öðru leyti feingjum fullkomlega að njóta rèttar vors. Og eins þykir mèr það nokkuð undarlegt, sem þíngmaður Reykvíkínga sagði, að það væri tilgángur nefndarinnar, að sveitamenn skyldi læra sveitavinnu á skútunum; því þetta veit eg ei til, að nokkrum hafi dottið í hug nema honum, og skal eg vera fyrstur manna til að játa, að slík uppástúnga væri mjög hlægileg. En hitt höfum vèr sagt, að þeir ætti að læra reglulega sjómennsku á þessum skipum, og til þess hefir oss ei enn verið sýndur nokkur betri vegur; því þó hinn háttvirti þíngmaður segi hvað eptir annað, að skúturnar að eins muni liggja aðgjörðalausar inn á víkum og vogum, þá eru þessi orð hans alveg þýðíngarlaus, þar sem það opt hefir verið tekið fram, að tilgángur þeirra einmitt eigi að vera sá, að svamla miklu meira í kríngum landið, heldur en nokkurt annað siglíngaskip. Og ekki á það heldur betur við, sem varaþíngmaðurinn úr Dalasýslu sagði, að menn á skútunum að eins mundi læra leti; því tilgángurinn með útboðinu er þó miklu fremur sá, að neyða menn, sem annars að eins vilja liggja í leti og ómennsku, og af slíkum eru of margir á Íslandi, til að vinna nokkuð þarft, og er ei sýnilegt, að þetta megi betur verða á nokkurn annan hátt, en nefndin hefir stúngið upp á.

En það kann nú vel að vera, að þingmaður Dalasýslu viti þetta betur og dæmi það af eigin reynslu, að Íslendíngar geti ei lært annað en leti, þar sem þeir safnist margir að sjó, og trúi eg því þó ei, að ætíð muni svo fara; eða þá hann ímyndar sèr, að þeir sè nú þegar nógu góðir sjómenn, og hefir þá líklega fyrir sèr hina alkunnu vísu:

Hræðist kára Kárabur
hvergi á báru mýri,
dreka lára lárviður
lukku hár við stýri.

Því í þeirri vísu skal eg ei neita því, að nóg er grobbið og nógu digurmannlega mælt, væri hún ei í gamni kveðin; en eg verð þó að segja, að við Íslendíngar sèum nú því miður ei, þegar til kemur, svo „lukkuháir við stýrið“, sem eg vildi helzt, og við mættum vera, og það er einmitt til þess, að við aptur gætum orðið það, að vèr höfum stúngið upp á því, sem í nefndarálitinu er sagt. Að öðru leyti skal eg ei neita því, að mèr hefir nú fallið bezt við orð hins háttvirta þíngmanns Borgfirðínga, því eg sè þó á öllu, að hann skilur meiníngu vora; en eg furða mig þá ei heldur á því, þó hann eigi örðugt með, að finna nokkrar verulegar ástæður til þess, að ónýta tilgáng nefndarinnar, úr því hann einu sinni skildi hann svo vel; því það sem hann sagði um sjómannaskóla fyrir vestan og norðan, eða þá eins um kostnaðaraukann fyrir stjórnina, sannar ekki stórt á móti nefndinni. Sjómannaskólar á landi eru að eins til að kenna mönnum *siglíngafræði,* svo þeir geti orðið stýrimenn á hafskipum, og óskum vèr allir, að þeir mætti komast víðar á hèr, en á Ísafirði; en sú nauðsyn, að Íslendíngar eignist einhver skip til þess, að æfa og skapa duglega *sjóliða* á, stendur þó eins óröskuð eptir sem áður, og til þess eiga skúturnar að vera; og hvað kostnaðinum viðvíkur, þá mun hann einmitt, hvað hásetana snertir, verða minni, ef skipin eru hèr í landi á vetrum, því þá geta hinir íslenzku menn vistazt út um landið, en foríngjunum þarf jafnmikið að borga, hvort sem þeir svo eru hèr eða í Danmörku. Og ekki finnst mèr það heldur nokkur mótbára, sem hinn háttvirti þíngmaður Eyfirðínga kom með, að skip mundi varla geta legið fyrir norðan á vetrum; því þó skúturnar eigi að vera sín við hvern fjórðúnginn á sumrum, þá hefir þó nefndin ekki stúngið upp á, að þær einmitt skuli eiga þar vetrarlægi líka, en hitt efast hún ei um, að einhverstaðar muni mega finna þeim slíkt á Íslandi. Eg get því ekki í öllum þeim mótbárum, sem fram hafa komið, fundið neitt það, er leiði mig til að breyta

meiníngu minni, og verð því enn allt af að vera á því, að það sè skylda Íslendínga, að leggja einnig nokkuð á sjálfa sig, ef þeir vilja hugsa til að koma landinu upp; því þó hinn háttvirti þíngmaður úr Dalasýslu hèrna um daginn, þegar honum var svo mikið niðri fyrir um fiskiveiðamálið, að hann fann sèr skylt, að skjóta nokkrum orðum að mèr út úr því inn í umræðurnar um annað mál, misskildi mig svo, sem eg í þessu máli væri að mæla með því, að vèr beiddum Dani að hjálpa oss til þess, sem vèr sjálfir vildum eigi gjöra, þá vona eg þó, að allir aðrir þíngmenn hafi skilið mig nokkuð betur. Það er einmitt sannfæríng mín, að Íslendíngar eigi að bjóðast til, að gjöra meira fyrir sjálfa sig, en þeir híngað til hafa gjört, og eg vantreysti ei hinni dönsku stjórn vorri svo, að hún verði þá ei fús á að veita oss miklu meira, en menn nú halda; því eg verð að segja, að eg get opt ei fremur kennt stjórninni um það, sem óhöndulega hefir farið hèr í landi, heldur en hinu, að henni hafa stundum ei komið sem beztar ráðleggíngar frá landsmönnum sjálfum. Og er eg þó ei að lasta nokkra, hvorki embættismenn nè aðra, því eg finn það vel, að þar sem stjórnin er í eins miklum fjarska og hèr, og fremur hugsar um að hafa nafnið tómt, heldur en að stjórna í raun og veru, þar deyfir hver að eins annan, og kríngumstæðurnar valda því, að öll framtakssemi fellur í dá, án þess eiginlega stjórninni eða einstökum mönnum sè beinlínis um að kenna. En eg vildi nú óska, að þessu mætti einhvern tíma linna, og eg hefi þá von, að þíngmenn muni gjöra sitt til þess, og ei hræðast útboðsgríluna leingur, sem kölluð hefir verið, þar sem það þó nú má vera orðið þeim ljóst, hver tilgángurinn að eins er; því þó eg alls ekki á nokkurn hátt vilji gjöra lítið úr mikilvægni landbúnaðarins hèr hjá oss, þar sem eg einnig álít hann einhvern hinn mesta máttarstólpa þessa lands, þá verð eg þó að segja, að eg álít sjóarútveginn eingu minna verðan, og það held eg allir viðurkenni, að nauðsyn sè, að bæta hann á Íslandi. En að vilja tilgánginn og ekki meðalið, það þykir mèr æfinlega nokkuð undarlegt; og einginn hefir enn sýnt mèr betra meðal, en það, sem nefndin hefir stúngið upp á, til þess að koma upp sjómönnum á Íslandi; en þínginu finnst mèr ætli að fara eins og karlinum, ef það alveg fellir uppástúngur nefndarinnar, sem einn góður kunníngi minn sagði frá í skemmtisögu, að hann kvaðst vera heimskastur allra manna, en þó sjá það ráð, sem dygði, er menn komu sèr ei saman um, hver ryðja skyldi fjallveg einn, því það væri að eins það, að láta þá veginn alveg óruddan. En til þessa vona eg ei komi, heldur hvetji nú

þingið stjórnina til nytsamra fyrirtækja, með því líka að bjóða sitt fram; því það er einnig satt, að þegar stjórn gjörir lítið, þá dofnar líka landslýðurinn til framkvæmda, eins og nú er komið hjá oss. Að vísu er það satt, sem hinn háttvirti þingmaður úr Norður-Múlasýslu sagði, að bænarskrárnar töluðu að eins um varnir móti yfirgángi útlendra fiskimanna; en eg held þó nefndin hafi haft fulla ástæðu til þess, að fara eins lángt fram í málið, og hún nú hefir farið, því eg drap þegar í inngángsumræðunni á, að eg hèldi ei, að menn með lögum mundi geta bægt hinum útlendu fiskimönnum frá landinu, og að bezta ráðið því ætíð mundi verða, að reyna sjálfir að komast í það lag, að við gætum farið að keppast við hina útlendu menn. Og verð eg því einnig að vera á því, sem einn af meðnefndarmönnum mínum, hinn háttvirti þingmaður úr Austur-Skaptafellssýslu sagði, að það hefði verið mjög óheppilegt, að þingið hefði valið þá í nefndina, sem það valdi, ef það ætlar nú alveg að ónýta þá stefnu, sem það þó gaf oss tilefni til að fara. En eg hefi þó enn nokkra von um, að þetta muni ei alveg verða ofan á, heldur muni þingið hugsa sig um, áður en það gjörsamlega ónýtir allan kjarna málsins, með því að fella bæði útboðið og það, að skúturnar líka liggi hèr á vetrum.

Ásgeir Einarsson: Loksins kom þó aðaltilgángur nefndarálitsins hjá hinum heiðraða *framsögumanni,* nefnilega, að Íslendíngar ætti að æfa sig á sjó, og með því datt botninn úr sjómannaskólanum. Eg þarf ekki að tala um það, að eins og þingið ekki getur sannfært nefndina, eins muni þingið ekki geta sannfærzt af henni. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skýrði með fám orðum stefnu þessa máls, og mun eg gefa atkvæði mín í líka stefnu. Það eru margir að tala um útboðsgrílu, en eg vil þá spyrja: til hvers er þá haft útboðsnafnið, ef það á ekkert að þýða, þegar það hræðir menn svo mikið? Áður neitaði þingið útboðinu algjörlega, þegar þó hin mestu rèttindi voru boðin á móti, en nú er ekkert boðið fyrir það, og þó eigum við nú að biðja um það sjálfir. Það er sagt, að við getum haft herskipin til fiskiveiða; en eg veit ei til, að fiskiveiðar sè tíðkaðar á herskipum, og er eg hræddur um, að þetta sè eintómir loptkastalar; en má ske hinn heiðraði *framsögumaður* geti skýrt þetta greinilegar fyrir mèr, því honum mun það víst kunnugra. Það er stúngið upp á því, að skipin skuli liggja hèr á vetrum. En hvað ætli stjórnin gjöri nú betur framvegis, en hún gjörði í vor? Þá sendi hún híngað herskip, í þeim tilgángi, að varna óskunda útlendra fiski-

manna, og hvar eru þau nú? Eru þau notuð til augnamiðsins? Ef skipin liggja hèr á vetrum, þá geta þó skipverjar ekki bæði verið í sjómannaskólanum og „út um land“, eins og *framsögumaður* sagði áðan, og hver á að gjalda þeim kaupið? Þó þeir komi heim á vetrum, hafa þeir lítið að gjöra, en hafa verið á sjó allt sumarið, um gagnstímann; en ef stjórnin elur þá líka á vetrum, ætli hún vilji þá ekki hafa eitthvað fyrir kostnað sinn? Hinn heiðraði þingmaður frá Rángárvallasýslu hèlt skipin yrði of sein hingað, ef þau væri í Danmörku á vetrum, en þó eru kaupmenn að senda skip um hávetur hingað til Íslands, svo ef skúturnar passa sig vel, gæti þær verið komnar nógu snemma optast. Póstskipið er líka á ferð milli landa á vetrum. Eg vil ekki hlaupa að því, að biðja um það, sem ekki hefir verið beðið um áður, og aldrei hefir heyrzt að væri þjóðarvilji. Á þjóðfundinum var talað um, að útlendar þjóðir mætti þurrka hèr fisk sinn á landi, en því var eg þá strax á móti, og það er þó annað að bjóða fram, eða leyfa; þegar beðið er, getur maður átt von á einhverju í staðinn, en bjóði maður hlutinn, er ekki altíð hlaupið til, að bjóða kvöð á móti, og þessi ástæða hjálpaði mèr við einn nefndarmann á þjóðfundinum móti fiskiverkunarmálinu, og nú sjá menn, hvort margir mundi bjóða þetta. Við ættum þó að fá eitthvað í staðinn fyrir útboðið, því það stendur í sambandi hvað við annað. *Konúngsfulltrúi* gat þess, að fiskilægi væri ei álitið nema 1 mílu frá landi, svo herskipin gæti lítið gjört í þeirri grein, en þau gæti gagnað landinu samt. Nú eru komnar bænarskrárnar líka um að verja ágángi útlendra fiskimanna hèr á landi, og þá væri vel til fallið, að ein skúta væri fyrir hverjum fjórðúngi landsins, því þá kynni útlendu fiskararnir að verða hræddir við, að gánga á land, þegar þeir vissu af skútunum í nándinni, og veit eg dæmi til þessa; það var von, þó 1 af nefndarmönnum vildi ráða til heræfínga, einkum ef það væri í þeim tilgángi, sem drepið er á í Fèlagsritunum „að enginn þjóð nái rètti sínum, nema með vopnum“, en eg er á því, að við sèum enn þá ekki færir um, að stofna hermannaskóla; okkur mun vanta efni til þess. Viðvíkjandi ójafnaðartollinum, þá sagði hinn háttvirti 6. konúngkjörni þingmaður, að okkur væri ekki vant við Spánverja, þá er eg ekki á sama máli, því þegar tollurinn er þar meiri, en sjálfur fiskurinn kostar, þá held eg væri allvel að fá hann af tekinn, og eg skil ekki tölul. 2. öðruvísi, en það eigi að ná yfir allar þjóðir, og því vil eg fallast á hann. Það er skrítið að ætlast til þess, að Frakkar

einir gefi upp ójafnaðartollinn, en við viljum þó um leið bægja þeim frá landinu, það væri eins og að leggja Frakka í einelti; eg get ekki séð annað, en það væri eins gott, að fá ójafnaðartollinn af tekinn á Spáni, og mikið betra en á Frakklandi. Það var áðan sagt, að þiljuskipin færist hèr við land, helst af vankunnáttu stýrimannanna, en það eru mörg dæmi á móti því; eg vil nefna járnskipið mikla á Englandi um árið. Íslendíngar geta víst lært hèr þá menntun, sem dugar til fiskiveiða núna fyrst. Hvað hvalaveiðarnar snertir, þá er nú strax kominn undirbúníngur til þess á Norðurlandi, og væri gott að sjá, hvernig það heppnast, áður en farið er að fá herskip til þess, enda kynni það að glepja aðalætlunarverk varnarskipanna. Hinum heiðraða *framsögumanni* hefir víst orðið mismæli áðan, þegar hann neitaði, að landbúnaðurinn væri undirstaða allra framfara, því það er þó af öllum viðurkennt, að búnaðurinn sè undirrót allrar velmegunar landsins. Ef þetta gæti ei gilt hèr á *Íslandi,* þá yrði úr *því* ekkert annað en veiðistaða. Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, því atkvæðagreiðsluna mína má ráða af því, er eg hefi sagt.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þíngmaður úr Strandasýslu sagði, að ekkert kæmi á móti, þó Íslendíngar nú vildi leggja sig undir það útboð, sem upp á hefir verið stúngið. En eg verð þá að spyrja hann, hvort það sè ekki neitt, að við fáum 4 smáskip, sem að eins eigi að brúka í Íslands þarfir? Því það tel eg ekki mikil útlát, þó þau einstöku sinnum kynni líka að verða brúkuð annarstaðar t. a. m. í Danmörk, ef konúngi vorum lægi mikið á, og því held eg varla nokkur Íslendínga vildi teljast undan á þenna hátt, ef allt væri annars, eins og við vildum. Hinn háttvirti þíngmaður var og að taka það upp aptur, sem margir hafa áður sagt, að hann blandaði skútum þeim, er vèr tölum um, saman við regluleg herskip; en eg verð þá að ítreka það aptur, að þetta er misskilníngur, því þessar skútur eiga hvorki að vera fullkomin herskip, nè heldur vera alveg vopnalaus, sem fiskiskútur eða kaupskip, þó þær jafnvel eigi að vera meir á sífelldum siglíngum, heldur en slík skip, og því líka miklu hæfari til þess, að læra á þeim alla sjómennsku, heldur en regluleg herskip. Sama er og að segja um misskilníng hans á því, hverjir læra eigi siglíngafræði hjá foríngjanum á vetrum; því það hefir áður verið tekið fram, að það eru eingan veginn allir hásetarnir, heldur að eins hverjir sem vilja, og þá eins aðrir úti í frá, en skúturnar eiga að eins að vera til þess, að æfa duglega sjóliða á. (*Forseti* greip fram í). Eg held þó, að hinum háttvirti *forseta* hefði

verið nær, að taka fram í meðan þingmaðurinn úr Strandasýslu var að tala, því eg hefi nú að eins svarað honum; og vona eg hinn háttvirti *forseti* minnist þess, að eg sat leingi og beið þess, að menn töluðu, sem ætluðu, svo eg gæti svarað öllum í einu, en þá stóð þó þessi þingmaður síðan upp, og skil eg ei, að eg hafi ei hinn sama rètt til að halda uppi svörum fyrir máli mínu, sem aðrir *framsögumenn*. Að öðru leyti skal eg nú ei leingja umræðurnar meir, og að eins svara því, sem eg er neyddur til, þar sem einum af meðnefndarmönnum mínum hafa verið gjörðar þær gjörsakir, að hann hafi viljað fá útlenda hermenn hèr inn í landið, til þess að berja á landsmönnum; því eg veit fyrir víst, að meiníng hans hefir aldrei verið önnur en sú, að það væri nauðsyn, að Íslendíngar færi sjálfir að venja sig nokkuð við heræfíngar, svo þeir gæti þó að minnsta kosti varið hendur sínar. Hefi eg heldur aldrei heyrt nokkurn mann ámæla Magnúsi gamla Jónssyni í Bæ á Rauðasandi fyrir það, að hann í sama tilgánginum dæmdi „vopnadóm“; og það veit eg, að margir merkismenn vorir hafa haft hina sömu skoðun, og þá allt eins þjóðskáldið mikla, sem sárnaði svo mjög, hvernig honum fyndist Íslendíngar vera orðnir, síðan þeir af lögðu vopnaburð með öllu, að hann kvað í Aldarhætti:

„Hræðslan þá kveljr,
ef kokkshníía grèlur
þeim koma til handa“.

Eg segi nú reyndar ekki þetta, en þegar eg hugsa til þess, þá finnst mèr þó það verða skiljanlegra, sem hinn háttvirti þingmaður úr Strandarsýslu sagði, að mönnum jafnvel stæði stuggur af útboðs*nafninu*, því þá má þó sannlega segja, að oss hafi farið óðum fram, ef Íslendíngar nú óttast nafnið tómt, og það eins, þó þeir sjálfir að eins eigi vald á því, en um daga sèra Hallgríms Pètursonar, þó ekki minna en vopnin sjálf. En við slíkar ástæður ætla eg mèr ei að vera að berjast, og að eins geta þess; en viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður sagði, er nú situr í sæti *konúngsfulltrúa*, skal eg geta þess, að eg get ei annað skilið, en að það sè á einhverjum misskilníngi byggt; því þíngmenn heyrðu þó seinast, að hann kvaðst heldur mundi verða uppástúngum nefndarinnar meðmæltur við stjórnina, heldur hitt, og í þeirri von, að hann einnig muni verða það, þegar til kemur, lýsi eg því nú að endíngu yfir, að nefndin ætlar sèr, ef vèr komum ei málinu fram hèr á þíngi, að nota sèr af rètti þeim, sem veittur er í 61. gr. alþíngistilskipunarinnar, og sjá svo um, að

mismunandi álit vort verði einnig borið upp fyrir konúngi vorum.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði *framsögumaður* hefir misskilið orð mín, ef hann ætlar, að eg hafi viljað leggja á móti þessu máli. Eg hefi þvert á móti látið þá von í ljósi, að stjórnin mundi gefa því allan þann gaum, sem hún gæti, og eg er sannfærður um að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* ljær málinu sín góðu meðmæli.

Það er sjálfsagt, að eg auk 1. og 2. uppástúnguatriðis mælti helzt fram með breytíngaratkvæðinu undir 4. og 9. tölulið á atkvæðaskránni, en það er ekki að leggja á móti málinu yfir höfuð.

Pètur Pètursson: Eg var einn af þeim, sem var á móti útboðinu 1857, af því það var til hersins í Danmörku, og er eg alveg hissa á, að menn skuli blanda því saman við þetta útboð, og eg held það sè af þeirri ástæðu, sem hinn heiðraði þíngmaður frá Strandasýslu gat um, að nefndin hefir brúkað orðið „útboð"; eg hefði líka má ske varazt, að hafa það, ef eg hefði samið nefndarálitið, en heldur haft *framboð* eða *umboð* eða eitthvað annað en útboð, því *þetta boð* er fyrir okkur sjálfa, til að verja land okkar, að svo miklu leyti, sem kríngumstæðurnar leyfa. Ef stjórnin leggur til þau 4 skip, þá er það til að verja oss fyrir ágángi, og af þessum skipum ættum við að geta lært eitthvað, og það er til þessa, sem vèr viljum leggja menn; en fari nú svo sem þíngmaður Strandasýslu spáir, að atkvæðin falli á móti nefndinni, af því *konúngsfulltrúi* hafi sýnt þá rèttu stefnu, sem taka ætti í máli þessu, þá er það mikið *„löjalt"*, að vilja laga sig svo eptir *konúngsfulltrúa,* en það vill þó bera opt út af því, bæði fyrir mèr og öðrum; en ef þíngið fellir uppástúngu nefndarinnar, þá sè eg heldur ekki til neins, að fallast á breytíngaratkvæði tölul. 9.; því það sýndi, að við hefðum einga hugmynd um, hvernig þessum skipum væri háttað, og það væri óvirðíng fyrir okkur, að hafa ekki ljósa hugmynd um það. Það er eins og hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, ómögulegt, að senda skipin híngað, með helmíng af farmönnum, og eiga undir kasti, hvort hèr bættist nokkrir við eða einginn. *Konúngsfulltrúi* tók það fram, að það væri ekki varlegt, að biðja um, að skipin lægi hèr sumar og vetur, og studdi þannig ræður þíngmanna; en eg get ei sèð, að nóg gagn verði að þeim, ef þau eiga ei að fara frá Kaupmannahöfn, fyr en á vorin. Ef mönnum getur ekki skilizt þetta, þá ætti þeir þó að muna eptir því, að þó kaupmönnum liggi lífið á, að koma híngað vörum sínum sem fyrst, þá hafa þó kaupskipin ekki komizt, fyr en seint á vorin. Það er dæmi til, að lausakaupmaður Gram

kom hèr einu sinni fyrstur, og það var 18. maí. Ef þingmenn ekki vilja skilja þessar ástæður, þá er heldur ekki til neins að koma með fleiri, og ætla eg því að bíða, þángað til atkvæðagreiðslan fer fram.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg verð nú reyndar að vera samdóma um, að orðið „útboð“ er óheppilega valið hjá nefndinni, en eg held samt, að þingmenn mundi varla hafa flaskað á því, þó nefndin hefði kallað það *„heimboð“*, því sami er hluturinn, þó nafninu sè breytt, og það mundi þingmenn hafa sèð; eg held þess vegna, að orð þetta gjöri í raun og veru hvorki frá nè til. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður mótmælti með krapti 9. tölulið, og sagði, að það lýsti fávizku að fallast á það; eg er nú samt svo fávís, að eg verð að vera því meðmæltur, því eg sè einga ástæðu á móti því. Hann sagði, að skipin gæti ekki tekið á móti fleiri mönnum en á þeim væri, en þau gæti víst verið fullvel mönnuð, þó þau gæti tekið á móti 4—5 mönnum eða nokkrum fleiri; og finnst mèr ekkert óráð, þó boðað væri mönnum fyrst, að þeir mætti koma á skip þessi, og gæti feingið þar skiprúm, þá væri, að mèr virðist, þessu komið í gott horf, því viljugan er hvern bezt að kaupa. Það verður heldur ekki vinsælt, að taka menn með hlutkesti, eða eins og með nauðúng til þess, sem gagn á að verða að, því það gjörir menn ófúsari; það er heldur ekki víst, að málið sè bættara með því, þó nefndarmenn noti sèr tilskipunina með að bera fram til stjórnarinnar atkvæði sitt sèr í lagi; mèr þykir sjálfsagt, að stjórnin muni taka því eins vel, þó málinu sè ekki framfylgt upp á þenna máta. Af þeim ástæðum, sem enn erú fram komnar, finn eg ei orsök til, að breyta áliti mínu á málinu.

Framsögumaður: Eg vona að hinn háttvirti *forseti* muni ei meina mèr, fremur en öðrum *framsögumönnum,* að verja mál mitt og svara hinum háttvirta þingmanni Ísfirðínga. Verð eg þá að segja það, að eg furðaði mig mikillega á, að heyra þann mann tala eins og hann talaði, og vera nú einnig að fylla flokk þeirra manna, sem segja, og því miður eru of margir, að vèr Íslendíngar eigum ei að leggja nokkuð fram sjálfir, til þess að koma landinu upp; því það stendur enn óraskað, að það útboð, sem nefndin hefir stúngið upp á, er að eins í þágur Íslendínga sjálfra, og skal eg þá geta þess, fyrst menn á annað borð eru jafnvel farnir að tala um merkíngu orðsins, að „útboð“ merkir eingan veginn herboð út úr landi, heldur er að eins hið sama, sem menn nú kalla *„Conscription“*, og þýðir í því tilfelli, sem hèr um ræðir að eins, að Islendíngar skuli sjálfir

leggja til menn á svo gott sem sín eigin skip. Eg sè reyndar vel, að breytíngaratkvæði þíngmannsins fyrir Reykjavík er gjört í bezta tilgángi, en eg efast mjög um, að það nægi til þess, að fá Íslendínga á skúturnar, og það var einmitt af því vèr efuðumst um þetta, að nefndin stakk upp á útboðinu; við Íslendíngar eigum nú, eins og við allir vitum, eingin ráð á allsherjarfè voru, og getum því ei lagt nokkuð til af því, hvað sem um ræðir, en hitt getum við þó gjört að leggja það til, sem við eigum ráð á, en það erum við sjálfir, eða mennirnir á skipin, og bið eg þíngmenn því enn að hugsa sig um, áður en þeir kasta útboðinu með öllu.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg vil leyfa mèr að spyrja: er það meiníng *framsögumanns* og nefndarinnar, þar hann segist vilja, *að Íslendíngar gjöri eitthvað sjálfir*, að þeir bjóði fram þenna kostnað, nefnilega, mannskatt og fèskatt, sem þessi fjögur skip og fólkið á þau útheimti, því nefndarálitið ber það ekki ljóslega með sèr, en *framsögumaður* má enn svara? Kann það að þýða nokkuð, að þetta spursmál sè skýrt fyrir mönnum, áður þeir gefa atkvæði.

Framsögumaður: Eg skal svara þessu á þá leið, að meiníng nefndarinnar sjálfsagt var, að skútunum yrði haldið úti á kostnað ríkissjóðsins, á meðan fjárhagur Íslands enn er óaðskilinn frá fjárhag Danmerkur. Hitt er annað, að rètt mundi vera, að Ísland einkum kostaði skúturnar með öllu, eptir að skiptíng væri komin á um fjárhaginn.

Ólafur Jónsson: Það hafa hèr helzt orðið umræður um 2 atriði í þessu máli, sumsè, hvort skipin skuli vera hèr á vetrum, og hvort útboð skuli hafa. Eg efa nú ekki, að bænarskrá verði send konúngi um að fá skipin á sumrum, en eg fyrir mitt leyti er ekki á því, að hafa þau hèr á vetrum; þau tvö atriði er eg minntist á, eru svo náskyld, eður rèttara sagt, hánga svo hvort af öðru, að mèr sýnist þau verða að standa og falla hvort með öðru; það má nærri geta, hvort stjórnin fari að leggja í þann kostnað, að láta skipin liggja hèr allan veturinn með öllum þeim mönnum, sem á þeim yrði; eg held því, að menn geti því að eins beðið um, og vænt eptir að skipin liggi hèr á vetrum, að menn fallist á útboðið. En af öllu því, sem hinn heiðraði *framsögumaður* hefir nú sagt, er eg ekki kominn enn á þá meiníngu að vert sè, að vèr bjóðum fólk fram. Það er eingu tapað, þó vèr nú ekki förum þessu fram, því ef stjórnin sendir skipin, og lætur þau vera hèr að sumrinu, þá er seinna tími til að biðja um hitt, ef mönnum þykir það

tiltækilegt, eptir að hafa heyrt þjóðarviljann um það; en ef vèr gjörðum það nú, væri það ekki aptur tekið, og þætti mèr ekki ólíklegt, að vèr með því gjörðum þjóðinni mjög óþarft verk.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið; en áður geingið er til atkvæða, vil eg eptir áskorun hins heiðraða *framsögumanns* skýra frá, hvernig eg skil 61. gr. í alþingistilskipuninni, um hvenær minni hlutinn megi bera atkvæði sitt undir konúng. Mèr skilst þar vera ráðgjörð 2 tilfelli. Annað er það, þegar *konúngur* hefir lagt eitthvert mál fyrir þíngið, og þíngið hefir fellt það, og þó jafnmörg atkvæði með og móti, þá má og á minni hlutinn að senda *sèrstaklegt* álitsskjal sitt. Hitt tilfellið er eptir tilskipuninni, „þegar meiri atkvæðafjöldi ræður“ o. s. frv., þá sè þeim, er í minni hluta voru, heimilt, að beiðast þess, að þeirra frábrugðna meiníng ásamt ástæðum þeim, sem henni eru til styrktar, *„framfærist í því álitsskjali“*, er geingur frá þínginu til konúngs. Þetta skilst mèr þá svo, að þegar svona stendur á, eða þegar atkvæðafjöldi ræður úrslitum í þjóðmálum, þá verði minni hlutinn að láta sèr lynda, að taka fram sitt frábrugðna álit í sama álitsskjalinu, en ekki sèrstaklega, og verður þá í þessu máli, sem er þjóðmál, oddviti minna hlutans, að koma sèr saman um það við þann, sem semur álitsskjalið í málinu af hendi þíngsins, að koma hinum frábrugðnu ástæðum minna hlutans inn í bænarskrána.

Framsögumaður: Eg skal að eins leyfa mèr að þakka hinum háttvirta *forseta* fyrir þær upplýsíngar, sem hann nú gaf, og er fullkomlega ánægður með, að ágreiníngsálit vort komi að eins fram í hinu sama álitsskjali sem hitt. Bið eg þá og um leið, að lofa mèr að bæta því við, sem mèr áðan láðist eptir, að þakka hinum háttvirta þíngmanni, er nú situr í sæti *konúngsfulltrúa*, fyrir það, sem hann síðar sagði, að það hvorki hefði verið meiníng sín, að mæla móti málinu í sjálfu sèr, nè heldur mundi *konúngsfulltrúi* gjöra það við stjórnina, því sú ástæða þarf þá ei að minnsta kosti að knýja nokkurn til þess, að gefa atkvæði sitt móti uppástúngum nefndarinnar.

Forseti: Eg vil því næst biðja hina heiðruðu þíngmenn að gánga til atkvæða, samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan geingið til atkvæða, og fèllu atkvæðin þannig, að
Tölul. 1. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði), var samþykktur með 22 atkvæðum.

Tölul. 2. Breytíngaratkvæði *Vilhjálms Finsens*, samþykkt með 21 atkvæði.

—— 3. *Nefndin* (2. uppástúnguatriði) var álitið fallið við það, að tölul. 2. var samþykktur.

—— 4. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar*, og *H. Kr. Friðrikssonar*, samþykkt með 15 atkvæðum móti 8.

—— 5. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn, samþykkt með 17 atkvæðum móti 1.

—— 6. *Nefndin* (3. uppástúnguatriði, orðað samkvæmt tölul. 5.): „Að konúngur vilji skipa svo fyrir, að eitt herskip og ein smáskúta eða 4 smáskútur“ o. s. frv., að undan felldum orðunum: „bæði sumar og vetur“, samþykkt með 18 atkvæðum.

—— 7. Viðaukatkvæði *Arnljóts Ólafssonar*, samþykkt með 15 atkvæðum.

—— 8. Viðaukaatkvæði *Benedikts Þórðarsonar*, fellt með 10 atkvæðum móti 9.

—— 9. Breytíngaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar*, í stað 4. og 5. uppástúngu nefndarinnar, samþykkt með 15 atkvæðum móti 2.

Þannig voru þá tölul. 10. og 11., eður 4. og 5. uppástúnguatriði nefndarinnar fallin.

—— 12. Varaatkvæði *Páls Sigurðssonar* var þá tekið aptur.

Síðan voru greidd atkvæði fyrir því, samkvæmt tölul. 13., hvort rita skyldi konúngi bænarská (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu), samþykkt með 16 atkvæðum.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um *endurgjald varðkostnaðarins í Skaptafellssýslu*. En áður en eg afhendi málið til framsögu á fundi, skal eg leyfa mèr að tala fáein orð út af varauppástúngunni tölul. 5. á atkvæðaskránni, er eg vona, að allir þíngmenn hafi fyrir sèr prentaða; þessi varauppástúnga fer fram á, *„að málinu verði vísað til hlutaðeiganda stjórnarráðs, dómsmálastjórnarinnar“*, það er að skilja í gegnum *forseta*. Það er farið að tíðkast, að koma þessleiðis varauppástúngum inn á atkvæðaskrárnar, og mèr finnst, að hið háttvirta þíng sè einnig farið að gefa þeim helzt til of mikla þýðíngu; því 3 málum eða þó 4 er þegar vísað frá þínginu, fyrir milligaungu *forsetans*, til hlutaðeigandi yfirvalda, tvö þeirra eptir lögskipaðar umræður; og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* fylgdi því fram við undirbúníngsumræðu þessa máls,

að *„þingið“* mætti vísa þessleiðis málum, í gegnum *forseta* sinn, til hlutaðeigandi stjórnarráðs, eða nú ráðherrans, er gegnir Íslands málum. Eg álít nú mjög vafasamt, að þetta sè rètt, eða þó heldur vafalaust, að það er miður rètt. 49. gr. í alþ. tilsk., sbr. við 77. gr. skipar nú að vísu yfir höfuð að tala alþingis *forsetanum*, að vísa bónarbrèfum og umkvörtunum einstakra manna eða sjálfum beiðendunum eða kærendunum til hlutaðeigandi yfirvalda eða stjórnarráða; þar af leiðir, að þegar *forseta* er augljóst, að málið er svo einstaklegs eða umboðslegs eðlis, að það getur með eingu móti átt undir þingið, t. d. bænarbrèf eða umkvörtun frá einstökum manni og um einstaklegt málefni, þá á *forseti* að gjöra það að sjálfsdáðum, að vísa málum frá þinginu, án þess það sè tekið á dagskrána, eða látið koma til inngángsumræðu. En sè málefninu svo varið, að *forseti* hljóti að vera í nokkrum vafa um þetta, t. d., þegar ræða er um almenna umkvörtun yfir þeim efnum, er geta haft mikilvægar og lángvinnar afleiðíngar fyrir heil byggðarlög, en hefir þó orðið fyrir afsvari hjá hlataðeigandi yfirvöldum, eða einga áheyrn hjá þeim feingið, þá virðist óhultara og rèttara, að *forseti* taki málið á dagskrána, og láti það koma til inngángsumræðu; en finni alþingið, að málefnið sè of einstaklegs eða umboðslegs eðlis, þá á þingið ekki að skipta sèr af því, „heldur vísa því“ þegar í inngángsumræðunni, „til hlutaðeigandi stjórnarráðs“ eða yfirvalds, samkvæmt 77. gr. En gjöri þingið ekki þetta, heldur setji nefnd í málið, og taki það síðan til tveggja lögskipaðra umræða, þá sè eg ekki, að alþingistilskipunin heimili, að vísa málinu úr því til stjórnarráðs eða yfirvalda, heldur verði, þegar málinu er svo lángt komið, annaðhvort að fella það með atkvæðagreiðslunni, eða, ef sú verður ekki niðurstaðan, að rita bænarskrá um málið til konúngs; og fyrir því hefir líka alþing feingið fullkomna lagaheimild í 77. gr., „ef meiri hluta atkvæðagreiðanda virðist málinu svo háttað vera“. Eg get því ekki sèð, að það liggi í § 77, að hún heimili, að vísa máli til stjórnarráðsins gegnum *forseta*, þó að *konúngsfulltrúa* sýndist annað; þetta vildi eg hafa úttalað hreint og beint, að eg verði að álíta þessa aðferð ránga. Ef þingið nú samt sem áður skyldi aðhyllast þessa aðferð, þá má eg að vísu ekki skorast undan, að taka það að mèr, en mig uggir samt, að þingið megi búast við álasi, ef það tæki svo í málið, og hefði við þá aðferð, sem hvergi er heimiluð í löggjöfinni. Það hefir áður komið hèr líkt mál fyrir þingið, nefnilega, um bústað sýslumannsins í Skaptafellssýslu; í því máli var einnig að ræða um umkvörtun

sýslubúa yfir því, að þeir hefði leitað árángurslaust réttíngar eða ásjár hjá amtmanni sínum; en þegar þar fékkst ekki áheyrn, þá var farið til alþíngis, og þíngið komst að þeirri niðurstöðu, að rita bænarskrá til konúngs um það efni; að vísu var bent til þess um það mál í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis 1857, að sú aðferð þíngsins hefði verið miður rétt, en fyrir því voru ekki til færðar neinar frekari ástæður, og ágætur rithöfundur hefir síðar sýnt með ljósum rökum, að aðferð þíngsins í því máli hafi verið rétt.

Að svo mæltu skal eg leyfa mèr að geta þess, að *framsögumaður* í málinu er hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga.

Málið afhent *framsögumanni*.

Atkvæðaskrá

í málinu, um *endurgjald varðkostnaðarins í Vestur-Skaptafellssýslu.*

1. *Nefndin,* 1. uppástúnguatriði:
   a, Að hans hátign konúnginum þóknaðist að fyrir skipa, að hinn umræddi kostnaður fyrir Skaptafellssýslu 457 rd. 64 sk., og Rángárvallasýslu 239 rd. 88 sk., samtals 697 rd. 56 sk., yrði sem fyrst endurgoldinn hlutaðeigendum.
   b, Viðaukaatkvæði *Páls Sigurðssonar:*
   Að Austur-Landeyjamenn fái sömuleiðis varðkostnað fram með Affallinu borgaðan,
   α, annaðhvort eptir sanngjörnum reikníngi
   β, eða með 100 rd.
   c, Breytíngaratkvæði *Indriða Gíslasonar:*
   Að í stað niðurlagsorðanna í 1. uppástúngu nefndarinnar: „úr jafnaðarsjóði suðuramtsins", verði sett:
   α, *„Af þeim 30,000 ríkisdala, sem ætlaðir eru til að út rýma fjárkláðanum";* eða
   β, „Af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda á Íslandi".
   d, Nefndin (niðurl. 1. uppástúnguatriðis):
   úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.
2. *Sama* (2. niðurlagsatriði):
   Ef efnahagur sjóðsins er á svo völtum fæti, að þetta gæti eigi orðið borgað allt í einu, þá að það feingist borgað að fullu að þremur árum hèr frá.
3. Viðaukaatkvæði *Ólafs Jónssonar:*
   En fáist þetta ekki (þ. e. greitt samkvæmt tölul. 1. *d,* eða tölul. 2.), þá að jafnaðarsjóður suðuramtsins fái aptur endurgoldið það

fè, sem varið hefir verið úr honum til að halda verði, og til kláðalækninga í suðuramtinu, og að þeir, sem kostað hafa þá áður áminnztu verði í Skaptafells- og Rángárvallasýslu, þurfi ekki að taka nokkra hlutdeild í þeirri endurborgun.

4. Hvort rita skuli bænarskrá til konúngs (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu).
5. Varaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar* (við tölul. 4.):
   Að málinu sè vísað til hlutaðeiganda stjórnarráðs, þ. e. dómsmálastjórnarinnar.

Arnljótur Ólafsson: Um varaatkvæði mitt undir tölul. 5., þá vildi eg fyrst leyfa mèr að tala fáein orð um meðferð málsins. Eg er nú með öllu samdóma því, er hinn háttvirti *forseti* sagði Hinn tvöfaldi skilníngur á § 77, hvort vísa eigi bónarbrèfum til stjórnarráðsins eða einstökum mönnum, liggur í orðinu „þeim", sem má skilja á tvo vegu; því það getur miðazt við „bónarbrèf og umkvartanir", og við „einstaka menn". Eg álít nú, að það mætti fara svona að, fyrst málið var tekið upp eptir síðari hluta § 77. Það kann að vera efamál, hvort rèttara væri, að kalla þetta breytíngaratkvæði eða varaatkvæði, en af því eg ætlaði mèr aldrei að verja þetta varaatkvæði, þá kallaði eg það svo; en nú vil eg leyfa mèr að taka það aptur, því eg er ekkert á móti því, að bænarskrá sè rituð.

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Sá háttvirti *forseti* tók nú fram flest af því, er eg vildi hafa svarað hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* núna um daginn, viðvíkjandi því formi, sem hann þá var að gylla fyrir þínginu, að rètt væri að vísa málunum svo opt til stjórnarráðanna; en af því að eg ekki átti optar orðið, þegar *konúngsfulltrúi* svaraði mèr, og gat þá eingu svarað, vil eg svara fáeinum orðum. Hann sagði, að alþíngistilskipunin legði fyrir, að vísa málum til stjórnarráðanna; en í framhaldi þess, sem *forseti* sagði hèr á móti, þá vil eg nú bæta því við, að þó tilskipunin gjöri ráð fyrir þessu, þá er aðgætandi, að þegar hún var út gefin, var öðruvísi ástatt með stjórnarástand Daumerkur en nú; þá var konúngur einvaldur, eins í Danmörk og hèr, og ráðgjafaþíng einasta þar, og stjórnarráð konúngs stóð þá á jöfnu stigi með ábyrgð stjórnar sinnar til beggja landshluta, Danmerkur og Íslands. Nú er stjórnarform Danmerkur orðið allt annað; ráðherrarnir eiga nú að hafa ábyrgð gjörða sinna fyrir ríkisþínginu, en hèr er enn konúngur einvaldur, og á að setja okkur lög með ráði alþíngis. Stjórnarherrarnir hafa því einga ábyrgð með oss nú, að lögmáli rèttu; þeir mundi og sitja jafnt að

völdum, þó við Íslendíngar lýsum því yfir, að við ekki bærum neitt traust til stjórnaraðgjörða þeirra, og því bið eg þíngmenn gæta þess, að vísa ekki opt úrslitum málefna sinna undir úrskurð þeirra manna, sem ekki eiga að stjórna oss að lögum.

Hvað breytíngaratkvæði þau, sem hèr hafa verið gjörð við uppástúngur nefndarinnar, áhrærir, þá vil eg fúslega játa, að þau stefna öll að sama augnamiði og nefndin, að menn þeir, sem kostuðu vörðinn, feingi hann borgaðan; en samt hefir nefndin ekki getað tekið þau.

Hvað viðaukaatkvæði mitt snertir, þá vildi eg eins bera fram fyrir þíngið ástæður Austur-Landeyínga, sem hafa haft mikinn kostnað fyrir, að verja hrepp sinn fyrir kláðafè Útlandeyjamanna, og það hefir þeim tekizt til þessa, og eg hefi góða von um algjörlega frían þeirra frá sýkinni, væri því sýkta fè nábúa þeirra eytt á komandi hausti; en þar þeir enn þurfa að verja sig, þá er á meðan ekki sèð fyrir endann á þessum varðkostnaði. Hvað breytíngaratkvæði þíngmanns Dalamanna viðvíkur, að fá kostnað þenna borgaðan af þeim 30,000 rd., er stjórnin hefir lagt til að útrýma kláðanum, þá vil eg segja fyrir mína hönd og annara hlutaðeiganda, að við værum ánægðir með, að fá borgun af þeim, og værum ánægðir, hvaðan sem gott kæmi, og einkum, ef við þá værum frír við endurgjald þess láns, er tekið var upp á jafnaðarsjóðinn, og líka er ráðgjört af stjórninni, að þeir skuli brúkast til að útrýma kláðanum; en þegar sá maður hefir neitað endurgjaldi þaðan, sem hafði æðstu ráð og umsjón yfir þessu fè, þá þótti nefndinni það næg ástæða, til að aðhyllast ekki þetta breytíngaratkvæði, og sama er að segja um endurgjald af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru Íslandi til óvissra útgjalda; hún vill heldur gjöra það að varaatkvæði sínu, yrði því við komið.

Breytíngaratkvæði þíngmanns Húnvetníng gat nefndin heldur ekki aðhyllzt, því þó þíngið fèllist á það, að lán það, sem tekið hefir verið upp á jafnaðarsjóðinn, feingist honum endurgoldið, svo að Rángvellíngar og Skaptfellíngar ekki borguðu það, þá er eins varðkostnaður þessi óborgaður fyrir því; það eru einasta sumir hreppar í sýslunum, sem hafa tekið þátt í kostnaðinum, og þeir þar til í ólíku innbyrðis hlutfalli, og kæmi þá sami ójöfnuður fram; því að kláðasýslurnar feingi þá lánið allt að gjöf, en þessar sýslur mætti sjálfar borga varðkostnaðinn, og held eg að sú niðurjöfnun og innheimta yrði nokkuð tvísýn og óviss, þegar engin lagaskipun væri

fyrir þessu, og væri því nærri víst, að menn þeir, er verði þessa hafa kostað, feingi lítið eða ekkert til endurgjalds. Eg ætla svo ekki að fara hèr um fleiri orðum, fyr en ef mèr gefst þar til ástæða af ræðum þingmanna.

Stefán Eiríksson: Eg ætlaði að leyfa mèr að tala fátt eitt um breytíngaratkvæðið undir staflið *c;* 30,000 rd. er mikið í munni; en varla mun verða að búast við, að neitt fáist af þeim, því úr því fjárkláðinn er upprættur með öllu, þá gjöri eg nú ráð fyrir, að farin verði að minnka dalatalan, en Skaptfellíngar látnir mæta afgángi: svo mèr sýnist þessi ávísun sama sem að vilja fella uppástúngur nefndarinnar; en hvað þessa 4000 rd. snertir, þá finnst mèr eigi ástæða til, að fallast á, að varðkostnaðurinn sè tekinn af þeim; því að þó nú svo væri, að af þeim feingist til þessa kostnaðar, þá mundi endurgjaldið aptur verða lagt á jafnaðarsjóðina, og það er samkvæmt því, sem nefndin fer fram á; svo líka gæti maður hugsað, að fè þetta væri þegar ávísað, og ekki til neins, að biðja um fè úr þeirri átt. Hvað breytíngaratkvæðið undir tölulið 3. snertir, þá játa eg, að það er góð meiníng í því, og væri gott, að nefndin aðhylltist það til vara.

Ólafur Jónsson: Eg skal nú ekki tala lángt fyrir viðaukaatkvæði mínu í máli þessu. Þegar mál þetta var tekið inn á þíngið, mun það hafa vakað fyrir mönnum, að einstökum mönnum væri órèttur gjörður, þar sem sumum hafði verið borgað úr jafnaðarsjóði suðuramtsins fyrir þau sömu, eða samslags verk, sem öðrum var neitað um borgun fyrir. Það vita nú allir, að jafnaðarsjóðurinn er sameiginleg eign allra amtsbúa, því allir amtsbúar, sem tíunda leggja til hans eptir jafnri tiltölu; þegar nú borgað væri úr þessum sameiginlega sjóði suðuramtsins fyrir verði annarstaðar í amtinu, sýnist sanngjarnt, að þessi hèr um ræddi varðkostnaður væri einnig borgaður úr sama sjóði, hefði nú ekkert verið borgað úr jafnaðarsjóðnum fyrir verði og kláðalækníngar í suðuramtinu, þá gæti menn ekki sagt, að þessum mönnum væri órèttur gjörður, þó þeir þá ekki heldur hefði feingið borgaðan þann umrædda vörð; sama er að segja, þó nokkuð hafi verið tekið til láns úr jafnaðarsjóðnum, ef hann fær það endurborgað aptur, án þess þeir, sem kostuðu þann umrædda vörð, þurfi að taka nokkurn þátt í því, og þetta var skoðun mín, þegar eg tók mèr viðaukaatkvæðið. Eg vildi ekki benda á nokkurn sèrstakan sjóð, því mèr fannst þess eingin þörf, og áleit bezt, að láta það vera óákvarðað.

Arnljótur Ólafsson: Eg vildi tala fátt eitt um breytíngarat-

kvæðin undir staflið *c*. Eg hefi það á móti þeim atriðum báðum, að ekki eru líkindi til, að neitt fáist af þessum 30,000 rd., og heldur ekki af 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda; en það er þó eigi nema til að ginna hlutaðeigendur, að vísa á það, sem ekki fæst. Og væri því líkast, sem menn segði við beiðendur: „vermið yður og mettið", en gefa þeim þó ekkert; og þetta veit eg að hinn háttvirti uppástúngumaður vill heldur eingan veginn. Hvað viðaukaatkvæðið undir tölulið 3. snertir, þá er auðvitað, að einginn jöfnuður næst á þann hátt; einn fær styrk, þar sem annar fær hann ekki, þótt hvorugur eigi annars að taka þátt í endurborguninni, og þótt sjóðurinn líði eingan halla, ef hann fær borgun annarstaðar frá. Eg set svo, að 2 menn biðji um sveitarstyrk, annar fær hann, en hinn ekki; þetta er eigi jafnrètti, þó að sveitarsjóðurinn fái styrkinn borgaðan af öðrum úti í frá. Þetta atkvæði hefir nú verið kallað viðaukatkvæði, og finnst mèr það rángnefni; það ætti að vera varaatkvæði, því að það er svo í raun rèttri; en það innibindur í sèr viðaukauppástúngu, og eg vildi því, að greinin væri klofin, og fyrri hlutinn látinn ná til orðanna: „og að þeir, sem kostað hafa".

Indriði Gíslason: Það var eingan veginn meining mín með þessum breytíngaratkvæðum mínum, að vilja spilla fyrir þeim mönnum, sem beiðast endurgjaldsins; það var annars illa farið, að þíngmaður Ísfirðínga var hèr ekki inni, því „leitið og munuð þèr finna", o. s. frv., og hefði hann nú greitt þenna litla kostnað, sem hann hefði munað lítið af svo miklu fè, þá skyldi eg taka breytíngaratkvæðin aptur; en á hinn bóginn sýnist mèr varla að vænta þess, að stiptamtmaður greiði þetta gjald, þar sem hann veit, að eingin heimtíng er á því, að kreíjast þessa úr jafnaðarsjóðnum, sem nú að líkindum er þar að auki tæmdur; því hann hefir án efa orðið að neyðast til þess, að grípa til jafnaðarsjóðsins í bráð, og ætlar sjálfsagt að upprètta hann að fullu aptur úr sameiginlegum sjóði ríkisins; það getur ekki öðruvísi verið, og það mun stjórnin ætlast til, og sýna það bezt þessir 30,000 dalir, sem hún veitti til að útrýma fjárkláðanum, að hún hefir ekki ætlazt til, að jafnaðarsjóðurinn yrði fyrir þeim ójöfnuði, sem af kláðanum hefir leitt, þar sem allar hennar fyrirskipanir hafa ráðið þessum framkvæmdum, sem gjörðar hafa verið í þessu máli allt til þessa, og það getur hún því ekki liðið, að skipanir hennar kollfelli lögákveðna sjóði; eg ætla mèr eingan veginn að berjast fyrir þessum breytíngaratkvæðum mínum af neinu kappi, heldur láta rètt ráðast, hvernig þíngið fer með þau, og að eins vona,

að notað verði það, sem notað verður úr þeim, og vona eg að þingmenn sjái, að hèr er hvorki raung skoðun, nè ósamkvæmni, og betra er lítið unnið, en ekkert í þessu máli, svo framarlega, sem menn ekki vilja sleppa öllum sínum rètti.

Framsögumaður: Hinn heiðraði þingmaður, er nú settist niður, man eigi eptir, að stiptamtmaður sagði, að þeir yrði sjálfir að borga verðina í Skaptafellssýslunum; sama var og gjört í Rángárvallasýslu; samt voru teknir 6000 rd. að láni til að borga með verðlaun fyrir lækníngar með því skilyrði, að það skuli borgast af jafnaðarsjóðnum að nokkrum árum liðnum, og það mun vera svo tilætlazt, að suðuramtið borgi það. Það er því ekkert rèttvísara, en að kostnaður við verði og lækníngar sè borgaður af sama sjóði, því þegar lán var tekið, þá mun jafnaðarsjóðurinn mega til að borga lánið; eg vona því, að stjórnin gángi helzt inn á þessa skoðun, þó bæði mèr og öðrum hlutaðeigendum mætti þykja vænt um, að kostnaður þessi feingist borgaður af öðru fè. Hvað viðvíkur 30,000 rd., þá neitaði hinn háttvirti þingmaðnr Ísfirðínga fyrir sína hönd, að borga nokkuð af þeim, til endurgjalds þessa varðkostnaðar. Það er nú kunnugt, að valdabróðir hans er hèr ekki til staðar; en það mátti ráða af svari hans, að af því fè þurfi ekki að vænta endurgjalds fyrir varðkostnað þenna. Af þessum ástæðum gat nefndin ekki fallizt á breytíngaratkvæðið.

Guðmundur Brandsson: Það var vorkun, þó farið væri fram á, að fá kostnaðinn endurborgaðan, er leiddi af varðhaldi Austur-Landeyjamanna fram með Affallinu; en eg veit ekki, hvort því hefir verið farið á flot við stiptamtmann; ef svo er eigi, þá er eigi ástæða til, að gefa viðaukaatkvæði undir saflið *b* gaum; því um hinn varðkostnaðinn er allt öðru máli að gegna, þar stiptamtmaður hefir neitað, að borga hann; svo er heldur enginn greinilegur reikníngur kominn um þenna síðari kostnað, heldur eintóm áætlun. Hvað 30,000 rd. snertir, þá er það tómt mál, að fara því á flot, að fá þetta borgað af þeim, því þeir munu ekki vera ætlaðir til að borga neinn þann kostnað, sem á var fallinn, áður en þeir voru veittir, og ætla eg ekki að fara fleiri orðum um þessa atkvæðaskrá.

Jón Pètursson: Eg vil geta þess, að töluliður 3., sem innibindur í sèr hreina uppástúngu, sýnist vera sèrskilt málefni, sem því heyrir undir 62. gr. í alþíngistilskipuninni; og á því að fara með það, sem hvert annað málefni, er til þíngsins kemur, sum sè, um það verður að koma uppástúnga til þíngsins; það verður síðan

að ræðast þar í inngángsumræðu, o. s. frv. Mèr sýnist það hreinn ógjörníngur, að teingja eitt málið, sem hèr er gjört, aptan í annað; Menn gæti þá teingt þar við þriðja málinu og fjórða o. s. frv., en við þessa aðferð, sem er gagnstæð lögunum, missist allur undirbúníngur málsins, sem til er ætlazt að þau skuli hafa.

Framsögumaður: Mèr þætti það þó hart, ef þíngið felldi viðaukaatkvæði mitt; það hefir reyndar ekki verið leitað til stiptamtmanns; eg játa það, af því kostnaðurinn verður enn ekki ákveðinn. Af því eg vildi nú ekki, að það væri mèr að kenna, að þeir feingi ekki einhver endurgjöld, ef kostnaðarreikníngur þessi yrði borgaður hinum, þá gjörði eg þetta viðaukaatkvæði, og skil eg ekki, af hvaða ástæðum það væri, ef þíngið ekki fèllist á það; það skyldi þykja ísjárvert með 100 rd.; en það get eg ekki skilið, að ekki mætti samþykkja það, að þeim væri borgað, samkvæmt sanngjörnum reikníngi.

H. Kr. Friðriksson: Eg held, að hinn heiðraði *framsögumaður* hafi misskilið hinn 5. konúngkjörna þíngmann, því að hinn konúngkjörni þíngmaðnr talaði um viðaukaatkvæðið undir tölulið 3., en ekki um tölul. 1. *b*. Um málefnið sjálft skal eg að eins vera fáorður; eg hefi áður tekið fram ástæður mínar gegn uppástúngunni, og eg tel það óþarft, að vera að taka þær upp núna. Eg unni Skaptfellíngum og Rángvellíngum þess vel, ef þeir geta feingið þenna varðkostnað endurgoldinn einhverstaðar frá, ef þess er auðið; en eg held, að það sè sannlega varlega gjörandi fyrir þíngið, að hleypa meiri kostnaði upp á jafnaðarsjóð suðuramtsins, en komið er. Eg get alls einga von haft um, að Skaptfellíngar og Rángæíngar geti feingið þenna kostnað af þeim 30,000 rd., sem ríkisþíngið veitti í vetur, til að rýma burtu fjárkláðanum; því að bæði er það, að erindsrekum konúngs í fjárkláðamálinu mun eigi þykja þetta fè of mikið til sinna ráðstafana, og líka er það, að eg get eigi sèð, að þeir hafi nokkurt sem helzt vald til, að borga þenna kostnað af því fè, því að ríkisþíngið veitti þetta fè einúngis til þeirra ráðstafana, sem eptir það yrði gjörðar til að útrýma fjárkláðanum, en eigi til að borga með áfallinn kostnað; og eg sè eigi, að þeir hafi nokkurt sem helzt vald til, að verja fènu til annars, en ríkisþíngið veitti það til; það væri þá helzt, að biðja um þetta fè af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda á Íslandi; því að enda þótt að svo kunni að vera, eins og sagt var áðan, að svo mikil útgjöld hvíli á þeim, að ekkert muni þar afgángs, þá verð eg að geta þess, að

þótt svo kunni að vera í þetta skipti, þá geta Skaptfellíngar og Rángæíngar vel þolað biðina til næsta árs, ef þeir annars geta feingið fèð þaðan, og þá getur stjórnin búið svo um, að það fáist, og sleppt því öðrum útgjöldum, sem hún annars á þær mundi leggja, en sem mætti bíða.

Stefán Jónsson: Eg ætla að gefa atkvæði með nefndinni, að undanskildu því, sem snertir Austur-Landeyjamenn; mèr þykir öðru máli að gegna um þá; þeim hefir ekki verið neitað um borgun, og eg tel víst þeir fái hana ásamt hinum á sínum tíma; annars verða þeir að kvarta síðar. Mèr þykir það sanngjarnt, að þeir, sem kröfuna hafa gjört, fái endurgjald fyrir tilkostnað sinn, því að Skaptfellíngar og Rángvellíngar hafa borgað mest að tiltölu af öllum amtsbúum í jafnaðarsjóðinn, og eg sè ekki, að þetta endurgjald verði tekið annarstaðar frá, en úr jafnaðarsjóði amtsins. Það er sama og vísa á ekkert, að vísa á þessa 30,000 rd.; það hefir þíngmaður Ísfirðínga látið í ljósi, að af þeim mundi ekkert fást; því að sú mun líka reyndin á verða, að einginn afgángur verður, þegar búið er að útrýma kláðanum með lækníngum. Hvað þá 4000 rd. úr ríkissjóðnum snertir, þá mun það tvísýni, að það fáist nokkuð; það er ekki vert, að fara um það fleiri orðum. Hvað tölulið 3. snertir, þá vantar ákvörðun um, hvaðan endurgjaldið eigi að takast, og því get eg eigi aðhyllzt hann.

Halldór Jónsson: Eg skal bæta því við það, sem hinn háttvirti þíngmaður sagði, er nú settist niður, viðvíkjandi viðaukaatkvæðinu undir staflið *b*, að meðan stiptamtmanns ekki hefir verið leitað í því efni, og hann ekki neitað að borga kostnaðinn, geta menn ekki sagt, að neinum sè hèr nokkur órèttur gjör. Og svo er eingu spillt, þó þetta bíði seinni tíma; því fáist hinn varðkostnaðurinn borgaður úr jafnaðarsjóðnum, fæst þessi það sjálfsagt einnig, og það án þess, að bænarskrá frá þíngi þurfi til að koma; en fáist nú ekki hinn, mundi þessi því síður fást í þetta sinn.

Magnús Andrèsson: Eg ætla mèr að greiða atkvæði mitt með því, að Skaptfellíngar fái kostnað sinn endurgoldinn, því að eg sè eigi, hvað geti verið á móti því, að þeir fái sitt endurgoldið eins og aðrir; en þá er nú spurníngin um, hvaðan eigi að taka kostnaðinn; eg fyrir mitt leyti vil, að hann sè tekinn af jafnaðarsjóðnum, eins og nefndin hefir stúngið upp á; ef það verður ekki, þá vil eg að hann sè tekinn af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda; en um þær 30,000 rd. ætla eg ekki að tala. Þeir munu ætlaðir

til annars. Viðaukaatkvæðið um Austur-Landeyjarnar vil eg ekki, að minnsta kosti ekki að sinni; það kann síðar að fást. Eg ætla að gefa atkvæði með 2. niðurlagsatriði nefndarinnar.

Framsögumaður: Ef þingið fellir viðaukaatkvæði mitt, þá vil eg biðja menn að vera sjálfum sèr samkvæmir í tilliti til ákvarðananna um Straumfjörð; það er vitanlegt, að ef það verður fellt, þá kostar það nýjar umræður á næsta þingi. Að öðru leyti hefi eg eingar mótbárur heyrt á móti því, sem sýni, að það sè eigi takandi. Eg var að bíða eptir reikníngum, er eg skrifaði stiptamtmanni, og einúngis var eptir að tala um upphæðina. Þíngmaður Reykvíkínga sagði, að við Rángvellíngar hefðum samþykkt, að taka lánið upp á jafnaðarsjóðinn á amtsfundinum í haust; þíngmaðurinn var sjálfur *forseti* á amtsfundinum, og hefir því líklega vitað, hvað mörg voru neitandi atkvæði, en það er hreint minnisleysi hans. *Forseti* getur og borið um þetta, því eg skoraði á hann, að neita lántöku þessari fyrir hönd Skaptfellínga sem þíngmann þeirra, en hann sagðist ekki vera af þeim kosin til að mæta á þessum fundi, enda man eg nú ekki, hvernig hann greiddi atkvæði þá.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ekki vera margorður um þetta mál, og því einúngis taka það fram, að eg get ekki aðhyllzt nein af þeim breytíngaratkvæðum, sem standa undir nr. 1.—4. incl.; þar á móti aðhyllist eg, ef þíngið annars vill halda málinu leingra, varaatkvæðið nr. 5, að málinu sè vísað til hlutaðeigandi stjórnarráðs, því það er í eðli sínu umboðslegt mál, og þess rètta varnarþíng er því hjá hlutaðeigandi stjórnarráði.

Það hefir nú að vísu verið tekið fram af hinum heiðraða *forseta,* að þessi aðferð mundi ekki hafa næga stoð í alþíngistilskipuninni, rètt skildri; en eins og *konúngsfulltrúinn* var á gagnstæðri skoðun, þannig ætla eg hann hafi fært gildar og góðar ástæður fyrir henni, svo þetta verður víst ekki málinu til fyrirstöðu.

Forseti: Varaatkvæðið tölul. 5. er tekið aptur (*H. Kr. Friðriksson:* Eg tek það að mèr). Eg skal gjöra *framsögumann* varan við, að mótmælin móti uppástúngunni tölul. 1. stafl. *b,* eru byggð á formhlið málsins, því eingin umkvörtun hefir átt sèr stað frá Austur-Landeyjum til stiptamtmanns, og eingin neitun fram komin frá stiptamtmanni um að borga þeim kostnaðinn.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg ætlaði einmitt að taka fram, það sem *forseti* nú mælti, að vegna þess, að viðaukaatkvæðið um varðkostnað Austur-Landeyjamanna ekki hefir komið til stiptamt-

manns, þá eigi þingið ekki að gefa því gaum. Eg álít, að ef eins hefði verið farið að með allt varðkostnaðarmálið, þá hefði þingið ekki heldur átt að sinna því; en nú hefir það verið upplýst, að stiptamtmanns hefir verið leitað um varðkostnað Rángvellínga og Skaptfellínga, en hann synjað áheyrslu, og því álít eg það hafi verið skylda þingsins, að rètta hlut þeirra manna á þann hátt, sem bezt á við.

Ásgeir Einarsson: Það hefir nú orðið mikið umtal um vara-atkvæðið undir staflið *b*, og eg hefi andað á móti því; því það virðist svo, sem stiptamtmaður sè klagaður fyrir þinginu, og hefir mèr ekki virzt hann eins sekur og sumum öðrum. Þar á móti finnst mèr ekkert móti því, að biðja konúng um, að þetta varðargjald megi borgast af þeim umræddu 4000 rd., því eg vil, að þingið gjöri sitt til, að þeir fái starfa sinn borgaðan, sem hafa haldið uppi verði, þar eð skýrt hefir verið frá, að hann hafi verið þarfur, og eg vil, að þetta verði sem fyrst, því að einhvern tíma þarf að gjöra út um allt kláðagruggið. Viðvíkjandi viðaukaatkvæðinu undir tölulið 3., sem hinn 5. konúngkjörni þingmaður sagði að væri á formgalli, þá vil eg segja honum, að þar á við um Straumsjörð, og að það er annað, að fella málið með atkvæðum fyrir formgalla, en annað, að lofa málinu að koma til atkvæða, og vona eg, að þingið verði sjálfu sèr samkvæmt með atkvæðið; því þingið man víst eptir því, sem eg talaði um þetta; sá 5. konúngkjörni þingmaður er vanur að vera svo formsár í þess háttar málum, að hann mun ekki eggja þingið á ósamkvæmni; eg lofa ekki fyrir þetta, að greiða atkvæði með uppástúngunni.

Pètur Pètursson: Það er betra, hvað málið snertir, að vara-atkvæðið undir tölulið 5. feingi framgáng, en að rita bænarskrá til konúngs, þó að, hvað formið snertir, það síðara kunni að vera rèttara. Hinn heiðraði þingmaður úr Strandasýslu vildi það, að rituð væri bænarskrá til konúngs, af því hann sæi ekki, að stiptamtmaðurinn hafi gjört neitt órètt eða ólöglegt, en til hvers á þá þingið að senda konúngi bænarskrá um þetta, ef engum hefir verið órèttur gjör? Því með því að senda slíka bænarskrá til konúngs, fæ eg ekki betur sèð, en að það verði beinlínis klögun yfir því, að einstökum mönnum sè af stiptamtmanni órèttur gjör.

Gísli Brynjúlfsson: Eg verð þó að geta þess, að þó eg gefi atkvæði mitt fyrir því, að Skaptfellíngum og sumum Rángæíngum verði aptur goldinn varðkostnaðurinn, þá er það eingan veginn af

því að eg vilji klaga stiptamtmanninn fyrir konúngi, eða lýsi því yfir, að hann muni ei hafa haft rètt til að fara eins að, og hann hefir farið. Vèr vitum það allir, að hèr er um mjög einstaklegt mál að gjöra, og eg held að sumt, sem miður kann að hafa farið, sè ei síður því að kenna, að stjórnin utanlands, ef til vill, hefir gripið um of fram fyrir hendurnar á yfirvöldunum hèr á landi; hirði eg því ei heldur um, þó það nú á endanum sjáist, hversu óvinnandi það er í alla staði, þegar nokkuð á reynir, að vilja fyrir hvern mun stjórna þessu landi úr þeim fjarska, sem menn nú til mikils meins fyrir alla hafa reynt til að stjórna því úr um lángan tíma. Ætla eg mèr því og fyrst að gefa atkvæði mitt fyrir hinum síðara staflið í breytíngaratkvæði varaþíngmannsins úr Dalsýslu, svo það sjáist, að hèr hefir vissulega verið um óvenjulegar kríngumstæður að gjöra; en með hinum fyrra stafliðnum get eg með eingu móti verið, þar eð eg álít slíkar uppástúngur að eins sem óþarfaertíngar, sem menn vita fyrir fram, að koma fyrir ekki, og með slíku ætla eg mèr aldrei að halda.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Mèr virðist þetta mál ekkert eiga skilt við 77. gr. alþíngistilsk.; hún talar einúngis um, þegar stökum persónum er órèttur gjör; hèr er ekki umtalið um einstakar persónur, þar sem er um að gjöra alþýðu í 2 hinum stæðstu sýslum; það hefir ekki verið hèr á þíngi kallað sèrstakra manna bónarbrèf, sem hefir þó verið miklu sèrstaklegar en þetta, t. a. m. um reka á Vestmannaeyjum og bæjarstjórn á Akureyri; þetta mál er heldur eingin klögun yfir gjörðum stiptamtmanns, heldur er það bón um jafnrètti þessara sýslna innbyggjenda við Árnessýslubúa, að þar eð þeir í sama tilefni, nefnilega fyrir fjárvörðinn, feingi borgun úr þeim sameiginlega sjóð (jafnaðarsjóðnum), þá óska þeir Rángárvalla- og Skaptafellssýslubúar, að fá það eins eptir sömu reglum; þar stiptamtmaður hefir nú neitað þeim um þetta, verða þeir með liðsinni alþíngis að leita með þenna rètt sinn til konúngsins, því þegar út úr landinu kemur, þá þykjast menn standa undir konúngi, en ekki ráðgjöfum hans.

Framsögumaður: Stiptamtmaður hefir neitað að borga allan varðkostnað, og hann vísaði málinu frá sèr. Það er nú ljóst af öllu, sem fram er komið í máli þessu, að einstökum mönnum er hèr órèttur gjör, þar sem sumum er veittur styrkur, til að útrýma fjárkláðanum, fè til lækninga, og þar til verðlaun fyrir fyrirhöfn við þær úr sameiginlegum amtssjóði, en öðrum amtsbúum er neitað um

endurgjald fyrir kostnað þann, er þeir gjöra til sama augnamiðs, að setja og kosta verði til að varna útbreiðslu hans. Það er áður búið að taka fram, hver formgalli það sè fyrir þingið, að vísa mörgum málum frá sèr til stjórnarráðsins, eins og nú er ástatt orðið með stjórnarlögun Danmerkur, að eg ætla óþarft, að vera að taka það fram aptur.

Forseti: Eg skal geta þess, að hinn 2. og 6. konúngkjörnu þingmenn hafa geingið af þingi sökum löglegra forfalla, og geta eigi komið aptur. Aðrir af þeim, sem nú vanta í sætunum, hafa eigi tjáð mèr, að þeir þyrfti að vera burtu. Viðvíkjandi varaatkvæðinu undir tölulið 5., vil eg vekja athuga að því, auk þess er eg tók fram áðan um þetta atriði, móti því er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði því til styrkíngar, að málinu mætti vísa frá þínginu eptir tvær lögskipaðar umræður til hlutaðeigandi stjórnarherra, að móti þessu virðist mèr einnig vera 61. gr. alþíngistilskipunarinnar; þar sem þar er beinlínis ráðgjört, að í hverju því máli, sem þíngið tekur til meðferðar og atkvæðagreiðslu, sè ritað álitsskjal til konúngs, svo framarlega, sem uppástúngan er ekki felld með atkvæðagreiðslunni. En hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti *varaforseti* gat um að væri til stuðníngs 5. varauppástúngunni, að jafnan bæri að taka hið mildara form, þá er eg þessu alveg samdóma, þegar þetta mildara form liggur innan laganna heimildar, en eg sè ekki, að því sè svör að gefa eptir alþíngistilskipuninni.

Áður en geingið er til atkvæða, vil eg geta þess, að það hefir verið talað um, að stafliður *c*, β væri borinn upp sem varaatkvæði, og ætla eg að bera þessa uppástúngu fyrst upp, eins og hún stendur í atkvæðaskránni sem breytíngaratkvæði, og síðan, með samþykki þíngsins, sem vara- eða viðaukaatkvæði. Eg skal svo biðja hina háttvirtu þíngmenn að gánga til atkvæða, samkvæmt atkvæðaskránni.

Síðan var geingið til atkvæða, og fór atkvæðagreiðslan fram á þenna hátt:

1. Uppástúnguatriði *nefndarinnar,* tölul. 1., staflið *a,* samþykkt með 18 atkvæðum gegn 1.
2. Viðaukaatkvæði *Páls Sigurðssonar,* staflið *b,* fellt með 11 atkv. gegn 8; og þar með voru fallnar uppástúngurnar staflið. *b,* α og β.
3. Breytíngaratkvæði *Indriða Gíslasonar,* staflið *c:*
   α, fellt með 14 atkv. gegn 3.
   β, fellt með 10 atkv. móti 10.

4. Tölul. 1. stafl. *d.* Niðurlag (fyrsta uppástúnguatriðis nefndarinnar), samþykkt með 15 atkv. gegn 5.

Eptir ósk nokkurra þingmanna og samþykki þingsins, var þar næst borinn upp aptur, sem *varaatkvæði* við þessa uppástúngu nefndarinnar (tölul. 1. stafl. *d*):

5. Stafl. *c*, β (af 1. tölul.), og var hann þannig (sem varaatkvæði) samþykktur með 16 atkv.
6. Tölul. 2., annað niðurlagsatriði nefndarinnar, samþykkt með 14 atkv. gegn 6.
7. Tölul. 3., viðaukaatkvæði *Ólafs Jónssonar,* fellt með 14 atkv. gegn 4.
8. Var leitað um það atkvæða, hvort rita skyldi konúngi bænarskrá, samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, og var það samþykkt með 15 atkv. gegn 5.
9. Var varaatkvæði *Arnljóts Ólafsonar,* tölul. 5., sem hann hafði fallið frá, en *H. Kr. Friðriksson* tekið að sèr, fallið samkvæmt síðustu atkvæðagreiðslu.

Forseti: Þar eð eg held, að þau 2 mál, sem eptir eru á dagskránni verði of mikið verkefni til kveldfundar, sem þó mun verða haldinn, vil eg áður en þessum fundi er slitið, samkvæmt dagskránni láta málið *um sveitastjórnarlög á Íslandi* koma nú þegar til undirbúníngsumræðu; *framsögumaður* er hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður.

Var nefndarálitið afhent *framsögumanni,* er las það upp svo hljóðandi:

„Hið heiðraða þing hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að íhuga og segja álit vort um bænarskrá úr Suður-Þingeyjarsýslu, sem skorar á alþingi, að það ítreki og endurnýi bæn sína til konúngs vors um ný sveitastjórnarlög, grundvölluð á þeim höfuðatriðum, sem þingið hefir stúngið upp á 1853 og 1855.

Seinna fèkk þingið oss til meðferðar tvær aðrar bænarskrár, aðra frá Þínghöfðafundi í Norður-Múlasýslu, sem biður um, að amtmönnum verði settir tveir aðstoðarmenn til ráðaneytis í umsjón þeirra yfir sjóðum þeim, sem þeir hafa undir hendi; en hina frá varaþingmanni Dalasýslu, þess efnis, að vald amtmanna yfir jafnaðarsjóðunum verði nákvæmar ákveðið, bæði að því, að eigi sè lögð á þá önnur gjöld, en þau, sem lög heimila; að amtmönnum sè ákveðin takmörk sett um það, hve miklum gjöldum megi jafna mestum árlega

niður á alþýðu, og að ákveðið verði með lögum, að ekki megi taka neitt lánsfé upp á jafnaðarsjóðina, án þess samþykkis alþingis sè þar um leitað.

Bænarskrár þessar höfum vèr tekið til nákvæmrar íhugunar, og skulum nú leyfa oss, að skýra hinu heiðraða þingi frá áliti voru um þær á þessa leið.

Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt, sendi alþingið 1853 konúngi þegnsamlega bænarskrá þess efnis, að frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga hèr á landi, yrði lagt fyrir hið næsta alþingi, og benti jafnframt til nokkurra undirstöðuatriða, sem það ætlaði hagfellt fyrir landið að gaumur væri gefin, þegar frumvarp til þessara laga yrði samið. Þessi atriði lutu einkum að því, að stjórn hinna sveitalegu málefna yrði falin á hendur nefndum í hreppum og sýslum, og að hin síðasta meðferð og úrslit þessara mála yrði ákveðin, samkvæmt þessum undirstöðuatriðum og í samhljóðun við þá stjórnartilhögun alls konúngsveldisins og stöðu Íslands í fyrirkomulagi þess, sem yrði að lögum. Samkvæmt þessari beiðni alþingis var 1855 frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga af stjórninni borið undir álit þingsins, og voru í frumvarpi þessu ákveðnar hreppanefndir og amtsráð, en þeim sýslunefndum sleppt, sem þingið 1853 hafði stúngið upp á, einkum af þeirri ástæðu, að hèr á landi eru að eins tvenn sveitarfèlög, umdæmin eða ömtin og hrepparnir, og hver þessi fèlög hafa sinn fjárhag fyrir sig, en að sýslurnar eiga einga sameiginlega sjóði. Allt fyrir það fór alþingi 1855 því fram í breytíngum þeim, sem það vildi gjöra við frumvarpið, að hèr yrði settar sýslunefndir; þótti þínginu það ekki leiða beinlínis af áminnztri ástæðu stjórnarinnar, að þeir, sem hefði á hendi að stjórna fjárhag umdæmanna, eða amtsráðin, þyrfti að hafa yfirúrskurðarvald í málefnum hinna minni sveitarfèlaga, eða hreppanna, heldur mætti fela það sýslunefndunum á hendur, og var sýslunefndunum sèr í lagi talið það til gildis, að þær hlyti að hafa lángtum betri þekkíngu á því, hvernig til hagar í hverjum einstökum hrepp í sýslunni, heldur en þau amtsráð, sem stjórnin hafði stúngið upp á, og því vera færari um, að hafa nákvæmari umsjón með sveitamálefnum hreppanna, heldur en amtsráðunum væri auðið; sömuleiðis, að það væri orðið að venju í ýmsum sýslum, að nokkrir hinir beztu menn úr þeim, sem þar til væri kjörnir úr hreppunum, kæmi saman einu sinni eða optar á ári hverju, til að ráðslaga um ýmisleg málefni, er vörðuðu sýsluna alla, og sem lyti að því, að bæta búnaðarháttuna, hvetja menn til sam-

taka í, að framkvæma almenn nytsamleg fyrirtæki, ráða bót á ýmsum vandræðum og afstýra ýmsum ósiðum, o. s. frv. Þar á móti fèllst þingið ekki á amtsráð í þeim skilníngi, sem stjórnin hafði ætlazt til, bæði sökum víðáttu amtanna, og ýmislegra þar af leiðandi erfiðleika, og sökum þess, að sú tilhögun gjörði of mikla breytíngu frá því, sem nú er, þar eð sveitamálefni hreppanna aldrei hefði þannig beinlínis staðið undir amtmönnunum híngað til, heldur sýslumönnunum, o. s. frv. Í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis 1857 er sagt, að breytíngar þær, sem þíngið hafi stúngið upp á að gjörðar væri við frumvarpið, hafi í mörgum aðalatriðum verið svo lagaðar, að þær hafi ekki orðið teknar til greina, en á hinn bóginn hafi konúngi þótt ísjárvert, að gefa frumvarpið út sem lagaboð, eins og það var í upphafi, og muni það því verða tekið til nákvæmari yfirvegunar, hvað nú sè tiltækilegast að gjöra, til að koma máli þessu fram. Í auglýsíngu konúngs til þessa alþíngis er þessa máls ekki getið, eins og ekki heldur varð búizt við, þar eð því var ekki hreift á hinu seinasta þíngi.

Hvað nú áhuga Íslendínga á þessu máli snertir, þá virðist hann enn þá vera víða vakandi hèr á landi, eins og þetta einnig sèst af bænarskrá þeirri úr Suður-Þíngeyjarsýslu, sem fyr var getið; og þó hann nú sem stendur kunni að vera nokkuð minni, en að undanförnu, kemur það eflaust til af því, að önnur mál, einkum fjárkláðamálið, og þar af rísandi vandræði, hafa um stund snúið áhuga landsmanna í aðra átt. Því verður ekki heldur neitað, að þó sveitastjórn kunni að fara allvel fram, þar sem hreppstjórar annaðhvort hafa beztu menn í hreppunum í ráðum með sèr, eða eru sjálfir afbragðsduglegir menn, og gefa sig alla við þessum störfum, þá þarf þó sveitastjórnin hèr á landi yfir höfuð að tala umbótar við, eins og sorgleg reynsla hinna seinustu ára virðist benda til, þar eð dugleg sveitastjórn með meira framkvæmdarvaldi víða mundi hafa getað komið í veg fyrir þann peníngsfelli og bjargræðisskort, sem þessi seinustu ár hefir í mörgum sveitum átt sèr stað. Nefndin getur því ekki betur sèð, en að það sè fullkomin ástæða til, að biðja stjórnina, að leggja frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga fyrir hið næsta alþíngi.

Hvað nú hin einstöku atriði í þessu máli snertir, þá verður nefndin að álíta það mjög ísjárvert, að taka þau mjög sèrstaklega fram, þar eð það kynni að spilla fyrir málinu yfir höfuð, úr því þíngið ekki fær tíma til í þetta sinn, að taka það fyrir frá rótum. Einúngis skal nefndin geta þess, að hún álítur slík lög því betri,

því þjóðlegri og óbrotnari sem þau eru, og því verður ekki neitað, að stjórnarfrumvarpið 1855 hafði þetta tvenut fyrir augum, þar sem það fækkaði úrskurðarvöldunum, og vildi, að bændur gæti tekið þátt í sveitastjórninni; en amtsráð þau, sem þar var stúngið upp á, voru því til fyrirstöðu að þessu sjónarmiði yrði náð. Í stað þessara amtsráða stakk þingið upp á sýslunefndum, og það verður ekki varið, að þær virðast eiga betur við hèr á landi, bæði vegna þess, að landið er svo víðlent og strjálbyggt, og sökum þess, að þær hafa flestar náttúrleg takmörk, sèrstaklega afstöðu og sömu bjargræðisvegi; innbyrðis viðskipti milli sjálfra íbúa hverrar sýslu eru yfir höfuð að tala miklu fleiri, en við íbúa annara sýslna, eins og þær líka víðast hafa sameiginlega afrètt og sameiginlegt útræði. Sýslunefndir hljóta líka að hafa nokkurn veginn nákvæma þekkingu á því, hvernig til hagar í hverjum hrepp sýslunnar, og miklu betri, en amtsráð gæti haft, og því vera færari um, að hafa umsjón með sveitamálefnum hreppanna. Það er því ekki líklegt, að sýslunefndirnar, skoðaðar út af fyrir sig, hafi getað verið því til fyrirstöðu, að þær breytíngar, sem alþíngi 1855 stakk upp á við frumvarp stjórnarinnar, gæti orðið teknar til greina, heldur, ef til vill, það fyrirkomulag þeirra, sem þíngið hafði farið fram á; því það verður ekki varið, að uppástúngur þíngsins í þessu efni voru helzt til of margbrotnar. En á þessu mundi mega ráða bót í nýju frumvarpi. Þar að auk er þess ekki getið í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis 1857, hver atriði í uppástúngum þíngsins stjórninni hafi þótt óaðgeingileg, og má vera, að það hafi eingu síður verið sú mikli ágreiníngur, sem kom fram á þínginu um hina síðustu meðferð og úrslit sveitamála. Þar eð það nú, eins og líka var tekið fram 1855, er orðin venja víða í sýslum, að nokkrir hinir beztu og skynsömustu menn þeirra eiga fund með sèr einu sinni eða optar á hverju ári, til að ráðgast um ýms málefni, er varða hagsmuni sýslunnar, og reynslan hefir nú þessi seinustu árin sýnt nauðsyn og nytsemi slíkra sýslunefnda, með því amtmenn og sýslumenn ekki hafa sèð sèr fært, að eiga við fjárkláðamálið, hvort heldur það hefir verið til fyrirskurðar eða lækníngа, án þess að skipa sýslunefndir, þá getum vèr ekki með öllu geingið fram hjá þeim í tillögum vorum, heldur verðum að ráða þínginu til, að biðja stjórnina, að byggja frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga á þeim grundvallarreglum, er teknar eru fram í álitsskjali alþíngis 1855, hvað stjórn þessara mála snertir í hreppum og sýslum, en láta stjórnina hafa öldúngis óbundnar hendur í, að ákveða hið nákvæmara fyrir-

komulag slíkra nefnda, og eins hvað vald og verkahríng þeirra snertir.

Ekki ætlum vèr heldur, að ráða þínginu til, að gjöra neinar sèrstaklegar uppástúngur í þetta sinn um amtsráð og hin seinustu úrslit þessara mála, þar eð þetta hlýtur jafnan að vera komið undir skipun landstjórnarinnar hèr á landi. Einúngis viljum vèr mæla með því, sem bænarskráin frá Þínghöfðafundi fer fram á, að þíngið biðji konúng um, að amtmönnum verði settir 2 aðstoðarmenn mót sanngjarni borgun, til ráðaneytis í umsjón þeirra yfir sjóðum þeim, er þeir hafa undir hendi, og að alþíngi megi kjósa þessa aðstoðarmenn, með því líka þessi uppástúnga er samkvæm tillögum alþíngis 1855.

Hvað loksins bænarskrá þíngmannsins úr Dalasýslu snertir, þá inniheldur hún einkum eitt atriði, sem nefndin ekki getur fallizt á, sem sè, að ekki megi taka neitt lánsfè upp á jafnaðarsjóðina, án þess samþykkis alþíngis sè þar um leitað; því án þess að fara leingra út í það, hvort það sè á valdi alþíngis, eins og nú á stendur, að samþykkja slíkt, þá mundi þess háttar ákvörðun verða borgun hinna lögboðnu gjalda úr jafnaðarsjóðum til fyrirstöðu, einkum ef takmörk yrði sett um það, eins og bænarskráin fer fram á, hve miklum gjöldum megi jafna mestum niður árlega á alþýðu, eins og hún þá líka yrði óþörf. Að vísu er alþýðu vorkun, þó henni finnist útgjöld þau, sem hún hefir orðið að bera þessi seinustu ár, þúngbær, þar sem svo margt hefir hjálpazt til að íþýngja þeim jafnframt því, sem gjaldstofninn minnkaði; en allt fyrir það virðist nefndinni þó nokkuð ísjárvert, að ákveða það með lögum, hve miklum gjöldum megi jafna mestum niður árlega, með því slík ákvörðun gæti ekki heldur orðið nógu tryggjandi, nema það jafnframt væri ákveðið, hve nær, og í hvaða tilfellum hin mesta niðurjöfnun mætti eiga sèr stað. Þar á mót virðist nefndinni nægileg tryggíng, bæði fyrir þessu og eins fyrir hinu, að eigi sè lögð á jafnaðarsjóðina önnur gjöld en þau, sem lög heimila eða brýn nauðsyn krefur, felast í þeirri uppástúngu nefndarinnar, sem áður er getið, að amtmönnum verði settir 2 aðstoðarmenn til ráðaneytis í umsjón þeirra yfir þeim sjóðum, sem þeir hafa undir hendi, í sambandi við aðra uppástúngu, sem þetta þíng mun senda stjórninni, og sem er samkvæm tillögum alþíngis 1855, að skýrslur um tekjur og útgjöld opinberra sjóða hèr á landi verði auglýstar á prenti.

Samkvæmt áðursögðu leyfir nefndin sèr, að ráða þínginu til að **biðja konúng:**

1. *Að láta leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga hèr á landi.*
2. *Að frumvarpið sè byggt á þeim grundvallarreglum, er teknar voru fram í álitsskjali alþingis 1855, hvað stjórn sveitamálefna í hreppum og sýslum snertir.*
3. *Að amtmönnum verði settir 2 aðstoðarmenn, mót sanngjarnri borgun, til ráðaneytis í umsjón þeirra yfir sjóðum þeim, er þeir hafa undir hendi, og*
4. *að þessir aðstoðarmenn sè kosnir af alþingi.*

Reykjavík, dag 25. júlím. 1859.

Pètur Pètursson, form. og framsögumaður. *Arnljótur Ólafsson,* skrifari. *Sveinn Skúlason.*

Gísli Brynjúlfsson. Jón Sigurðsson".

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Eg ætla ekki að orðleingja þetta að sinni, þar mál þetta er flestum þingmönnum gagnkunnugt, og einnig gángur þess, og vona eg því, að ekki verði lángar umræður um þetta mál, einkum ef nefndinni skyldi hafa tekizt, að stefna málinu í þá átt, sem þínginu er geðfellt.

H. Kr. Friðriksson: Eg ætla að eins að biðja hinn háttvirta *framsögumann* að gefa mèr upplýsíngu um það, hvort sá er skilníngur 3. greinar, að allir amtmennirnir hafi hver sína 2 aðstoðarmenn, eða þá allir þá sömu tvo, því að ef svo skyldi vera, gæti amtmennirnir vel komið í bága hver við annan.

Framsögumaður: Meiníngin er sjálfsagt, að hver amtmaður hafi 2 aðstoðarmenn.

Guðmundur Brandsson: Þeir sem muna eptir því, í hvílíka flækju mál þetta var komið síðast á þínginu 1855, og muna það, að málið var nærri því vegna hennar orðið ónýtt, munu með mèr álíta, að nefndarálit þetta hafi tekizt mæta-vel. Í því eru flest aðalatriðin tekin fram, sem þá komu mest til umræðu og niðurlagsatriðin sýna, að nefndin hefir reynt til þess, að miðla málum um það, sem mestur ágreiníngur var um áður, með uppástúngu sinni undir 4. tölulið í niðurlagsatriðunum; því á síðasta þíngi vildi annar hluti þíngmanna, að hin síðustu úrslit sveitastjórnarmálanna skyldi liggja undir alþíngi, en hinn hlutinn, að þau skyldi liggja undir amtmennina; hèr er þessu komið í eitt, með því að valdið er sameinað hjá amtmönnum og þíngi, með því að alþíngi kýs aðstoðarmenn amtmannanna, og finnst mèr þetta svo heppilegt, að eg get ei betur á kosið. Hitt sýndist mèr einúig rètt af nefndinni, að taka ekki smá-

smuglega fram, hvað sveitastjórnarnefndirnar eigi að gjöra, heldur að eins að biðja um frumvarp til næsta þings samkvæmt því, sem þingið áður fór fram á, og verð eg því að samþykkja bæði nefndarálitið og uppástúngurnar eins og þær eru.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Þar eð þínginu þótti það þörf, að fara að vekja þetta sveitastjórnarmál upp á ný, þá virðist mèr, að 1. uppástúnguatriði nefndarinnar sè gott og gilt, og svo þyrfti ekki meira; hið annað atriði, að frumvarpið verði byggt á þeim grundvallarreglum, sem alþíngi 1855 tók fram, þarf ekki; það er bezt að láta það liggja þegjandi; því fyrst er það ekkert víst, að þíng þetta, og því síður meiri hluti þjóðarinnar, óski eptir, að nefndar grundvallarreglur verði að öllu leyti við hafðar; það sýnir atkvæðagreiðslan í tíðindunum bæði 1853 og 1855 í því máli, að það var í hinni mestu flækju, og menn mjög tvílráðir, og í hinum mesta vafa; stjórnin hefir nógar upplýsíngar og bendíngar hjá sèr frá nefndum þíngum, og var nú ekkert vert að benda henni meira, en einúngis að biðja hana að hraða málinu. Hvað 3. uppástúnguna snertir, að auka tveimur aðstoðarmönnum við hvert amt, þá bakar það nú nýjan kostnað, og eg veit ekki, hvort menn geta ímyndað sèr, að sá kostnaður yrði tilvinnandi fyrir þann ábata, sem feingist við þessa þríhöfðuðu amtsstjórn, og sízt þegar ætti að kjósa í hana menn eptir þessum nýuppfundnu kosníngarlögum, að alþíngi kjósi; því alþíngismenn norðan og austan af landi þekkja varla menn í nágrenni við suður- og vesturamtmennina, sem hentugastir væri til að vera þeirra ráðanautar; en ef þeir kysi þá úr fjarska, þá margfaldaðist kostnaðurinn og fyrirhöfnin við amtastjórnina. Eg vil því taka 1. atriðið nefndarinnar, og hafa svo ekki bænina leingri.

Konúngsfulltrúi: Eg verð að vera þíngmanni Mýrasýslu samdóma í því, að það nægi í þessu máli, að halda sèr einúngis við 1. uppástúnguatriðið á atkvæðaskránni, því þó þínginu að vísu sè kunnugt, að stjórnin lætur sèr annt um þetta mál, getur henni þó ekki mislíkað það, þó þíngið biðji hana um að flýta fyrir því, eins og verða má. Við 2. uppástúnguatriðið skal eg leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að þegar þar er farið fram á, að biðja stjórnina um að leggja frumvarp til sveitastjórnarlaga, byggt á sömu grundvallarreglum, og þíngið aðhylltist 1855, virðist þetta nokkurt áhorfsmál, því þíngið veit þó vissulega, að stjórnin hefir ekki getað aðhyllzt skoðun þess á málinu; við 3. atriðið skal eg geta þess, að þeir aðstoðarmenn, sem ætlazt er til að amtmennirnir fái, ætti í raun rèttri

helzt að vera kosnir af amtinu sjálfu, helzt á sama hátt og kosið var til amtsfundanna, sem nýlega voru haldnir. Þessi kosníngaraðferð yrði án efa betri, en ef þíngið kysi mennina. Borgun til þeirra yrði sjálfsagt að greiða úr jafnaðarsjóðunum. En eins og eg leyfði mèr að taka fram, virðist mega sleppa þessum uppástúnguatriðum, og rèttast að halda sèr einúngis að 1. atriðinu.

Guðmundur Brandsson: Mèr þykir það undarlegt, að vilja fallast á 1. atriðið, en vilja ekki fallast á það, að stjórninni sè gefnar bendíngar um það, í hverja átt þíngið óskaði að frumvarpið stefni, rètt eins og þínginu geti staðið á sama um það, þó það fái frumvarp, er fer í gagnstæða átt við það, sem það vill fara, og þíngið svo verði að fella allt frumvarp stjórnarinnar þegar það kemur, eða breyta því frá rótum, og búa svo til frumvarp að mestu eða öllu leyti. Málinu hefir verið nóg frestað, og eg get ekki ímyndað mèr annað, en að þíngmönnum ei sè snúinn hugur með, að halda máli þessu áfram; eg get ekki skilið í því; og gagnstætt því, sem þíngmaður Mýramanna sagði, þá held eg það sè almennur vilji þjóðarinnar, að sveitastjórnarlögin komist í það horf, sem stúngið var upp á á síðasta þíngi, sem mál þetta var rætt á; að menn hafi amazt við sýslu- og hreppanefndunum, því trúi eg varla; eg vil þær helzt, og hversu góðar þær eru, sýnir einmitt það, að þar sem um mikilsvarðandi málefni er að gjöra, þá eiga sèr nú nefndir stað. Hvernig skyldi kláðamálið hafa farið, ef ei hefði verið hafðar þvílíkar nefndir, og mun þó ekki af veita, að vel sè; eg held, að hreppstjórar gæti lítið útverkað í því, ef ekki væri nefndir í hreppum og sýslum líka. En mèr sýnist hyggilegt, að þíngið taki það fram við stjórnina, að hreppa- og sýslunefndir sè gagnlegar, hvort sem menn svo vilja halda málinu leingra áfram eða ekki. Hvað aðstoðarmenn amtmanna snertir, þá get eg ekki annað skilið, en að amtmönnunum sjálfum megi vera þægð í þeim, þar sem híngað á þíngið hafa komið umkvartanir, sín í hverja stefnu yfir því, hvernig jafnaðarsjóðunum hafi verið varið; ein kvartar yfir, að of lítið sè tekið úr þeim, hin að of mikið sè tekið; eins og dómarar taka, samkvæmt lögum, meðdómsmenn í vandamálum, eins væri það að líkindum gott fyrir amtmennina, að hafa slíka aðstoðarmenn. Þíngmanni einum þótti ekki eiga við, að alþíngi kysi þessa aðstoðarmenn, en ætla það hafi átt betur við, að alþíngi kysi menn í jarðamatsnefndina, sem sett var hèr í Reykjavík 1855, og nú í póstmálanefndina? Eg held líka, að það sè óþarft, að óttast fyrir því, sem sá, sem gegnir *konúngsfulltrúa*störfunum í

dag, bar kvíðboga fyrir, að aðstoðarmenn amtmannanna mundi verða kosnir úr öðrum ömtum en þeir ætti heima í. Því ekki þarf að óttast fyrir, að þingmenn kjósi þá amtmönnum til aðstoðar, sem fjærstir þeim eru, ef aðrir jafngóðir fást nær. Það hefir líka verið talað um kostnaðinn, og að taka hann af jafnaðarsjóðnum. Það er auðvitað, að hann verður nokkur, en ei svo mjög mikill; því aðstoðarmennirnir verða ekki allt af hjá amtmönnunum, og svo er auðvitað, að það verður tekið tillit til þess við valið, og þeir valdir, sem haganlegast að orðið getur, og menn hafa vit á. En sá kostnaður, sem verður við þetta, þá finnst mèr sjálfsagt, að hann greiðist úr jafnaðarsjóðnum.

Konúngsfulltrúi: Það er þó eitt atriði, sem sýnir það, að það er ekki vandkvæðalaust, að láta þingið kjósa aðstoðarmennina, nefnilega það, að ef aðstoðarmennirnir fèlli frá milli þinga, eins og gjöra má stundum ráð fyrir að verði, þá er enginn til á meðan í þeirra stað til næstu þingkosningar.

Guðmundur Brandsson: Það fellst eg á, að svo geti farið sem *konúngsfulltrúi* nú mælti, því allir menn eru dauðlegir; en aðgætandi er, að hèr er beðið um frumvarp; en þegar frumvarpið kemur, getur uppástúnga komið um, að kjósa menn til vara; það kynni má ske einhverjum að detta það í hug.

Páll Sigurðsson: Eg verð að vera á því, að nefndinni hafi tekizt vel, ekki að eins á 1., heldur og á 2. atriðinu í uppástúngum sínum. Það getur verið, að stjórnin fallist ekki á sýslunefndirnar, en hèr eiga þær þó vel við. Það hefir verið talað um kostnaðinn til aðstoðarmanna amtmannanna; en áður en eg tala um hann, vil eg fyrst fá að vita, hversu mikið vald þeirra er, hvort þeir eiga að hafa úrskurðarvald, eða að eins að vera til ráðaneytis; en eg verð yfir höfuð að aðhyllast stefnu nefndarinnar.

H. Kr. Friðriksson: Eg verð einnig að vera á því, að 1. uppástúngan og líka hin 2. hafi heppnazt nefndinni vel, að byggt sè á grundvallarreglum bænarskrár alþíngis til konúngs 1855; því eg álít það nauðsynlegt, að gefa stjórninni bendíngar um undirstöðuna; en eg get ei mælt með 3. og 4. uppástúngu nefndarinnar. Menn vita, að það hefir verið leingi beðið um það, að stjórnarfyrirkomulagi Íslands yrði breytt, og menn vita líka, að stjórnin hefir geingið feti leingra í því en áður, þar sem hún nú hefur leitað álits embættismannanna um það mál. Menn vita líka, að ríkisþíng Dana hefur látið það í ljósi, að sèr þyki það ósanngjarnt, að alþíngi eigi

hafi neitt vald til þess, að ákveða gjöld og tekjur landsins; en amtmannastjórnin er náteingd stjórnarfyrirkomulaginu, og því sýnist mèr, að þingið eigi ekki að binda hendur sínar fyrir fram í þessum atriðum, og vil eg því helzt, að nú sè sleppt 3. og 4. atriðinu; en ef þingið skyldi fallast á 3. upástúnguna, vil eg áskilja mèr rètt til þess breytíngaratkvæðis, að 3. gr. verði þannig orðuð: „að hverjum amtmanni verði settir 2 aðstoðarmenn", o. s. frv., og eg vona, að nefndin fallist á það. Það er betra að taka það skýrt fram, að minnsta kosti skemmir það ekki; og þar sem segir í 3. gr. „mót sanngjarnri borgun", þá vil eg bæta inn í eptir orðið „borgun": „úr jafnaðarsjóðunum", því að mèr finnst, að borgunin eigi að takast úr jafnaðarsjóðunum einum, og getur því ei verið talað um, að taka borgunina annarstaðar frá.

Framsögumaður: Það hefur verið svarað flestum af þeim mótmælum, sem hafa komið á móti nefndarálitinu, og hafa þau ekki heldur verið veruleg á móti því sjálfu. Menn hafa helzt talað á móti 3. gr., en eg bið þíngmenn að gæta að því, að það var einmitt ein af uppástúngunum í frumvarpi stjórnarinnar 1855, að amtsráð skyldi hafa á hendi eptirlit með opinberum sjóðum. Þíngmaður Reykvíkínga vill sleppa 3. og 4. atriðinu af von um, að nýtt stjórnarfyrirkomulag komi bráðum, og álítur því þessa uppástúngu komna í ótíma; en eg sè ekki, að þetta geti verið þessu máli til fyrirstöðu; því ef lagt verður fyrir næsta þíng frumvarp til nýrra stjórnarskipunarlaga, þá líður þó 1 eða 2 ár, áður en það frumvarp getur orðið að lögum, og er enginn skaði að því, að fá þángað til þessa aðstoðarmenn amtmannanna; en ef frumvarpið skyldi ei koma á næsta þíngi, þá er því síður skaði að því, þó þessi bæn þíngsins feingist. Um borgun þessara aðstoðarmanna virðist mèr ei vera kominn tími að tala; ákvörðun þar um mun verða í frumvarpinu, þegar það kemur, og þá geta líka breytíngaratkvæði og uppástungur því viðvíkjandi komið á sínum tíma. Hèr eru að eins teknar fram aðalgrundvallarreglurnar. Eg get ekki skilið í, að það yrði svo örðugt að kjósa þessa aðstoðarmenn af alþíngi, því að þíngmönnum getur ei dottið í hug, að velja mann í Hornafirði fyrir aðstoðarmann amtmannsins í vesturamtinu; alþíngismenn eru ekki svo óskynsamir, að það taki tali. Eg geti ei fallizt á það, að biðja stjórnina um frumvarp, án þess um leið að gefa henni bendíngar um það, hvort menn vilja nýtt frumvarp, eða grundvallað á tillögum alþíngis 1855; því það getur sett stjórnina í mikinn vanda, og er ekki þínginu samboðið. Það

hefur ekki heldur verið fastlega mælt á móti uppástúngu nefndarinnar, og vil eg alveg fallast á breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga, að greinin verði orðuð þannig: „að hverjum amtmanni sè settir 2 aðstoðarmenn“, þar það er til skýríngarauka. Það er sjálfsagt, að stjórnin ei hefir fallizt á sýslunefndirnar eða það fyrirkomulag, sem þíngið stakk upp á 1855, og get eg ei sèð, þegar eg skoða það frá stjórnarinnar hlið, að það komi af öðru en því, að stjórninni hafi ei líkað það fyrirkomulag; hún vildi hafa fyrirkomulagið sem óbrotnast, má ske hefir þínginu ei tekizt að gjöra það þá.

H. Kr. Friðriksson: Því, sem hinn háttvirti *framsögumaður* sagði um 3. atriðið, get eg ekki verið samdóma. Hann sagði, að frumvarp yrði lagt fyrir þíngið 1861, og að þá megi ákveða borgun aðstoðarmannanna, en eg sè ekki, að aðstoðarmennirnir geti komizt á fyrri, en borgun þeirra er á kveðin, sem ei verður fyr en frumvarp er lagt fyrir þíngið, og sè eg ekki, að það sè nein ástæða með 3. atriðinu. Ef stjórnin legði frumvarp um þetta fyrir þíngið 1861, og líka um annað stjórnarfyrirkomulag á Íslandi þessu gagnstætt, þá er það nokkuð skrítið; eg held, að það sè nóg, að biðja stjórnina nú um, að leggja frumvarp fyrir næsta þíng, byggt á grundvallarreglum þeim, sem eru í bænarskrá alþíngis 1855; þá er stjórnin eigi bundin í því, að leggja frumvarp fyrir þíngið um stjórn landsins eptir því, sem henni líkar bezt. Það er líka mótsögn í því, að vilja fá 2 aðstoðarmenn fyrir amtmennina, ef þessi þrískipta amtmannastjórn ei er haganleg fyrir oss, eins og hún víst ekki er; því opt er ágreiníngur milli landsbúa út af því, að úrskurðir amtmannanna eru ólíkir, og er því meir í þetta atriði varið, en sýnist við fyrsta álit.

Indriði Gíslason: Eg sè, að nefndin hefir hnýtt hèr aptan við atriði uppástúngu minnar (*Forseti:* Það hefur ei nefndin gjört, heldur eg), og ætla eg ei að fara mörgum orðum um hana; en eg vona, að þíngmenn álíti ekki, að það sè af ertni, eins og þíngmaður Skagfirðínga sagði um 30000 dalina; en eg hef hèr í minn dóm með mèr, þó eg komi með viðaukaatkvæði við uppástúngur nefndarinnar. Þíngmaður Reykvíkínga hefir mælt í móti aðstoðarmönnunum, og er því meiri ástæða fyrir mig, að koma með varauppástúngu mína; það er eins og nefndinni hafi fundizt lögákveðin útgjöld standa fyrir, að setja aðstoðarmenn, en eg get ei sèð, að það sè til fyrirstöðu, að lögákveðin útgjöld takist úr jafnaðarsjóðnum því, að aðstoðarmennirnir fáist; en þar sem lögákveðin gjöld eru, er auglýs-

íng reikninganna nægileg tryggíng; en þó aðstoðarmennirnir sè, er ekki skaði að því, að gjöldin sè samt lögákveðin. Nú stendur illa á, og óska eg, að menn ei skoði málið eptir því ástandi, sem nú er meðan kláðinn er, og veit eg, að það vakir fyrir Norðlendíngum, að vilja fá rèttar lagareglur fyrir tollatökum, og sýnist mèr varlega farandi út í málið, því þíngmenn vilja víst ei spilla rètti þjóðarinnar í hinum ókomna tíma; eg vil spyrja, hvort Norðlendíngum ei hefði líkað ver, ef amtmaður þeirra hefði tekið úr jafnaðarsjóðnum, til þess að endurgjalda verði, niðurskurð og líka lækníngakák, og getur það ei verið rètt, að hin almennu þjóðnauðsynjamál gjaldi einstakra atvika; eg held, að menn þurfi ekki heldur að hneykslast í lögákveðnum takmörkum, því það væri þó víst verra, að biðja um ótakmarkaðar lögleysur, en lögákveðin takmörk. Eg vil því leyfa mèr að áskilja mèr rètt til viðauka- og varaatkvæðis, viðaukatkvæðið í þá stefnu, að allt það, sem tekið hefir verið án laga úr jafnaðarsjóðunum síðan 24. nóvember 1856, verði þeim endurgoldið úr ríkissjóðinum, og jafnaðarsjóðirnir settir aptur í samt lag. Eg get ei sèð, að það sè ránglátt, þó menn vilji láta fylgja lögákveðnum reglum, því til vil eg að sè lög fyrir útgjöldum jafnaðarsjóðsins, að ei sè teknir ýmsir tollar undir því nafni. En ef 3. uppástúnga nefndarinnar fellur, og viðaukaatkvæði mitt líka, þá vil eg áskilja mèr rètt til varaatkvæðis í þá átt, að vald amtmannanna yfir jafnaðarsjóðunum sè nákvæmar takmarkað, og frumvarp um það lagt fyrir þíngið, ef sveitarstjórnarfrumvarpið dregst.

Guðmundur Brandsson: Mèr getur ei skilizt, að fyrsta breytíngaratkvæðið eigi hèr við, heldur sýnist mèr það vera fyrir utan málið. Þíngmaður Reykvíkínga var hræddur um þetta mundi koma í bága við það stjórnarfyrirkomulag Íslands, sem von er á; en mèr synist ei vert, að vera að spá neinu um það. Menn vonuðust eptir, að það mundi komast alla leið 1851, en nú er komið 1859, og það ekki komið leingra, þó síðan sè 8 ár og ekki meir. Eg held líka, að það sè misjafnar meiníngar um það, hvort menn eigi framvegis að hafa amtmannastjórn eða eigi, og þá á víst hèr við, að „menn vita hverju menn sleppa, en ekki hvað menn hreppa“. Menn hafa líka í kláðamálinu dæmi upp á, að ekki tekst betur, þó stjórnin sè sameinuð; amtmennirnir komu saman, til þess að semja frumvarp til laga í kláðamálinu, og gátu ei orðið á eitt sáttir. Hèr er verið að tala um amtmennina, sem er sú stjórn, sem nú er; ef henni yrði breytt, þá mætti líka breyta þessu fyrir-

komulagi með aðstoðarmennina, og mundi eingin vandræði verða úr því.

Forseti: Vegna þess að fleiri þingmenn verða nú að fara af fundinum, get eg ekki leyft, að umræðurnar haldi nú áfram, og vil eg því biðja þingmenn að segja til, hvort þeir vilji taka aptur til máls í þessu máli, því þá mun eg gefa þeim kost á því á fundi, er haldinn verður í kvöld.

Benedikt Þórðarson: Viðvíkjandi niðurlagsatriðum máls þessa álít eg, að töluliðirnir 1. og 2. sè vel hugsaðir, og um það eigi að biðja, sem undir þeim er; mèr sýnist lítið vit í því, að biðja stjórnina um sveitastjórnarlagafrumvarp, sè henni ekki bent á neitt, sem undirstöðuatriði til þess. Að amtmenn fái aðstoðarmenn til ráðaneytis sèr í umsjón þeirra sjóða, sem þeir hafa undir hendi, ætla eg vel megi vera, þó mæli eg ekki fast fram með því; en sè menn þessir settir, þá líkar mèr ekki, að þeir fái borgun fyrir starfa sinn einúngis af jafnaðarsjóðunum; eg vil þeir fái hana af öllum sjóðunum að sanngjarnri tiltölu, og um það, sem eg áskyldi mèr í dag, að alþíngið velji menn þessa, sýnist mèr bezt fallið.

Óskuðu þá nokkrir þingmenn, að fá að taka til máls, og var umræðu þessa máls því ei lokið, heldur frestað til kvöldfundarins, er *forseti* ákvað kl. 7, til þess að ljúka við dagskrána.

Fundi slitið.

---

3. ágúst — tuttugasti og þriðji fundur.

Forseti gat þess, að af þeim þingmönnum, sem ekki væri komnir á fundinn hefði að eins þingmaður Skagfirðínga tilkynnt sèr forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni verður þá haldið áfram undirbúníngsumræðunni um *sveitastjórnarmálið; framsögumaður* er hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður.

Var málið síðan afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Það var í dag tekið fram af þingmanni Reykvíkínga sem ástæða á móti 3. uppástúnguatriði nefndarinnar, að ef þíngið bæði um 2 aðstoðarmenn fyrir amtmenn-

ina, þá kynni það að koma í bága við stjórnarskipunarmálið; en eg get ekki séð það; og ef ekkert frumvarp til nýs stjórnarfyrirkomulags skyldi koma fyrir næsta þing, þá þykir mèr illt, að draga þetta mál eptir því. Það er líka hægt að fleygja því í menn við hvert eitt mál, að það muni koma í bága við stjórnarskipunarmálið, ef það nú sè út gjört, og má með því styðja að því, að ekkert verði gjört; það má brúka þessa mótbáru við mörg mál; það má t. a. m. segja, að það sè ei nú tími til að biðja um auglýsingu á reikningum opinberra sjóða, vegna þess að von sè á, að amtmannastjórnin verði af tekin að nokkrum árum liðnum. Það sem breytt er, verður að breytast samkvæmt því fyrirkomulagi, sem er, þegar breytingin er gjörð. Það hefir mikið verið talað um kostnaðinn við þessa aðstoðarmenn, og þingmaðurinn úr Barðastrandarsýslu hefir áskilið sèr breytingaratkvæði um það, að kostnaðurinn borgist úr öllum sjóðum, sem amtmenn hafa undir sinni hendi, og get eg ei haft í móti því; en eg veit, að það hafa eingin vandkvæði verið á því, að fá stjórnina til, að borga fyrst um sinn nýjan nauðsynlegan kostnað, því stjórnin hefir ætíð fúslega greitt nýjan kostnað, er henni hefir þótt nauðsynlegur, úr ríkissjóðnum, og svo síðan feingið hann endurgoldinn. Þetta eru helztu mótbárurnar, sem fram hafa komið á móti 3. og 4. uppástúngu nefndarinnar, en 1. og 2. uppástúngunni hafa flestir verið samdóma.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg tók það fram í tölu minni í dag, að það væri kostnaðurinn, vegna hvers eg hikaði mèr við að biðja um þetta amtsráð; það kann að vera meir en gott, að fá það; það er gott, að geta feingið alla góða hluti, framför og lagfæringu allt í einu; það kann að vera gott, að fá fjórfætta sveitarstjórn, margfætta sýslustjórn og þrjá amtmenn í hvert amt; það væri ágætt að fá lagaskóla, það væri gott að fá barnaskóla; þá er gott að fá læknaskóla, og svo líka svo sem 3 búnaðarskóla, líka sjómannaskóla og heræfingaskóla; en það þarf efni til alls þessa, og á þá ekki við um leið að vera að kvarta um húngur og hallæri, og veina um hjálp og ölmusu. Það hefir nú verið talað um, að fá allar þessar stofnanir á þessu þingi, og málefnið, sem liggur nú næst fyrir á dagskránni er um, að fá þrjá búnaðarskóla á kostnað fasteignarinnar og þess framtalda lausafjár í landinu. Hinn heiðraði *framsögumaður* vill, að jafnaðarsjóðurinn gjaldi þessum 6 aukaamtmönnum, og þá er sá kostnaður á lausafènu; skyldi nú aldrei mega fullsetja á þetta tíundaða lausafè í landi þessu? Sá heiðraði þing-

maður úr Gullbríngusýslu huggaði mig nú nokkuð með þenna kostnað, því hann gjörði ráð fyrir, að þessir aðstoðarmenn yrði kosnir af almúgastètt, og væri þeir þá vanir við, að fá lítið eða ekkert; það þarf ekki að hafa sanngirnina við, þegar þeir eiga í hlut; þar á móti hefir nefndin ætlazt til, að þeim yrði borgað sanngjarnlega; en ekki bendir hún stjórninni neitt á, hvar skuli taka þá borgun; því þótti mèr það rètt eptir sömu hugsunarfræði, að hún ekkert skyldi hafa bent stjórninni um, hvaða grundvallarreglur að hún skyldi brúka til sveitastjórnarlaganna, því þar hefði þó stjórnin miklu meira hjá sèr í því efni. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður, sem er *framsögumaður*, svaraði mèr því í dag, að þó alþíngi kysi þessa aðstoðarmenn, þá mundi það varla kjósa svo klaufalega, að kjósa menn úr Hornafirði til aðstoðar amtmanninum fyrir vestan; en eg vil svara honum, að alþíngi, sem á að kjósa, er saman sett af mönnum úr ýmsum hornum landsins, og getur því auðveldlega að borið, að maður úr Hornafirði eigi að kjósa þessa menn; nú er líkast til hann þekki miklu betur trúskap og hæfilegleika kunníngja sinna í Hornafirði, heldur en vestur í Stykkishólmi, þar sem hann þekkir ekki eitt einasta mannsnafn. Því skyldi menn nú ekki kjósa þá, sem maður þekkir bezt og trúir bezt, þegar allt þetta er óbundið? Það er annars líkast, að kosníngar þær yrði á víð og dreif, eins og kjósendurnir, og er bágt að segja, úr hvaða horni menn yrði, sem feingi flest atkvæði, því það er líka einkenni þessa máls, að sumir fara að brúka horn, en sumir hnífla, þegar það kemur til skjalanna.

Framsögumaður: Eg held, að þíngmaður Mýramanna gjöri sèr stórar hugmyndir um kostnaðinn; en eg held hann þurfi ekki að verða svo mikill, því eptir því, sem eg hefi hugsað mèr, þurfa aðstoðarmennirnir ekki nema svo sem tvisvar á ári að líta á og yfirskoða reikníngana hjá amtmanni, og held eg að kostnaðurinn við það þurfi ei að verða stór. Eg man eptir því t. d., að þegar eg var í Snæfellsnessýslu, þá var mèr skipað að fara góða dagleið á fund amtmanns um hávetur, til þess í sameiníngu við hann að setja kapítulstaxtann, og fèkk eg 15 rd. fyrir ferðina, og var eg ánægður, þó eg bæði hefði fylgdarmann með mèr og hesta; og held eg því, að það geti ekki orðið svo mikið, sem þarf að borga þessum aðstoðarmönnum, sem yrði svo sem 2 nætur hjá amtmönnunum um kyrrt, meðan þeir yfirskoðuðu reikníngana. Eptir þeirri grundvallarreglu, að þíngið mundi velja þessa menn eptir kunnugleika, þá veit eg ekki hvernig fer, ef hver þíngmaður veldi þá, sem honum eru kunnug-

astir; eg ímynda mèr, að þá kynni það að geta komið fyrir, að þíngmenn veldi sinn hver, og að þá yrði í rauninni enginn kosinn. Mèr sýnist menn ekki þurfi að binda sig við þá menn, sem menn þekkja, heldur verði menn, þegar menn eiga að kjósa aðstoðarmennina í þeim ömtum, sem menn ei eru kunnugir í, að fara eptir því, sem kunnugir þíngmenn segja, og velja þá, sem þeir ráða til að kjósa, og álíta greinda, gætna og ráðvanda menn; þannig mundi eg fara að, ef eg t. a. m. ætti að kjósa aðstoðarmenn amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, og þannig ímynda eg mèr að aðrir gæti einnig farið að. Eg ætla mèr ekki að halda fast í 3. og 4. uppástúnguatriði nefndarinnar, ef þínginu lízt að sleppa þeim, og skal eg ekki gjöra þau að kappsmáli. Nefndin fór einúngis þessum atriðum á flot, af því hún áleit þau góð til tryggíngar.

Guðmundur Brandsson: Það er undarlegt af þíngmanni Mýramanna, að vilja fella 2. uppástúnguatriðið, sem er í raun og veru undirstaða málsins; það er þó sprottið af innlendri rót, eins og hann veit; en kæmi nú á næsta þíngi frumvarp eins og beðið er um, og 2. uppástúngnatriði yrði núna fellt, þá mundi hann víst hafa það á móti því, að það væri sprottið af útlendri rót, eins og hann í öðrum málum hefir stundum komið með þessa mótbáru; ef þessi töluliður fellur, þá getur stjórnin farið sinna ferða í tilbúníngi frumvarpsins. Hann sagði líka, að þjóðarviljinn væri ei með þessum sýslunefndum og sveitanefndum, en mèr sýnist, að ef alþíngi vill hafa þær, þá sè það þjóðarvilji; því þjóðin hefir lagt sinn vilja á vald alþíngis, og er því þannig, ef það er vilji alþíngis og þjóðarinnar, í tvennu lagi þjóðarvilji. Eða getur þíngmaðurinn bent mèr á nokkra bænarskrá frá þjóðinni, síðan mál þetta var hèr rætt 1855, sem afbiðji þessar umtöluðu nefndir? Geti hann það ekki, þá getur hann ekki heldur sannað, að þær sè gagnstæðar þjóðviljanum. Það hefir verið talað um kostnað þann, sem leiða mundi af þeim aðstoðarmönnum amtmannanna, sem upp á hefir verið stúngið; eg held að hann þyrfti ekki að verða svo mikill, því ef valdir yrði almúgamenn, þá gjöra þeir svo margt fyrir lítið og stundum ekkert, að þeim bregður ekki við, þó þeir feingi litla borgun fyrir þenna starfa; að minnsta kosti mundi hreppstjórar varla kippa sèr upp við það, því þeir eru slíku alvanir; samt ætti þessir aðstoðarmenn að fá borgaðar ferðir sínar, einkum þegar þeir fara lángan veg, og líka væri ósanngjarnt, að þeir hefði ekki að minnsta kosti fæðispeninga meðan þeir dveldi hjá amtmönnunum. Ef sveitastjórnarmálið, eins og það kom frá alþíngi

1855, er skoðað, þá er eingin borgun ætluð sýslunefndum og hreppanefndum; amtmenn hafa líka kallað menn á fund, og hafa þeir, sem kallaðir hafa verið, einga borgun feingið, svo það er eingin nýlunda, þó borgunin til aðstoðarmannanna yrði ekki sèrlega há; en af því menn með þessum aðstoðarmönnum má ske fá betri tryggíngu, en án þeirra, og mèr þykir líklegt, að svo mikið vinnist, að það sè til vinnandi, að borga þeim dálítið, þá held eg þessari uppástúngu fast fram.

Indriði Gíslason: Ef margir hreppar hrósuðu því happi, að eiga eins duglegan hreppstjóra og þíngmaður Mýramanna er, en það hafa nú ekki allir því happi að hrósa, þá mundi ekki vera mikil þörf á sveitastjórnarlögum. Það er eingin hætta búin með 3. og 4. atriðin. Þíngmönnum kann má ske að þykja breytíngaratkvæði mitt gífurlegt, en eg vil ei bera það fram með neinni frekju, og vona, að þíngmönnum þyki það sanngjarnt.

Forseti: Eg get ei leyft að umræðurnar fari út fyrir sveitastjórnarmálið, en þessi uppástúnga varaþíngmannsins úr Dalasýslu kemur sveitastjórnarmálinu ekki við, heldur tilhögun á fè jafnaðarsjóðsins.

Indriði Gíslason: Eg skal þá ekki tala meira um það, en held samt áfram með að áskilja mèr vara- og breytíngaratkvæði, og skal eg ekki fara leingra út í það.

Forseti: Eg vil bæta því við það, sem eg sagði, að þar mèr heyrðist það vera meiníngin í uppástúngu þíngmannsins, að bæta jafnaðarsjóðunum það upp, sem þá nú kynni að vanta á, til að geta borið gjöld sín, þá er það önnur ástæðan, er gjörir, að það atriði eigi má ræða að þessu sinni.

Páll Melsteð: Nefndaralitið fellur mèr yfir höfuð vel í geð, og 1. uppástúnguatriði nefndarinnar vil eg fyrir mitt leyti aðhyllast; því mèr þykir það rètt, að stjórninni sè sýnt, að Íslendíngar hafi áhuga á málinu. 2. atriðinu er eg einnig samdóma, því eg álít það rètt, að stjórninni sè gefin bendíng um, í hvaða stefnu þíngið óski að frumvarpið fari; en úr því fer að koma hik á mig að fylgja uppástúngum nefndarinnar, og eg ber kvíðboga fyrir, að 3. og 4. atriðið komi ekki að þeim notum, sem til er ætlazt. Bæði er það, að kosníngar þessara manna geta stórum mistekizt, og svo veit eg ekki heldur, hvaða þýðíngu þeir eiga að hafa, hvað mikið tillögur þeirra eiga að gilda, en kostnaður verður talsverður af þeim, og held eg að gagnið, sem menn hafa af þessum aðstoðarmönnum, vegi ekki upp á móti

kostnaðinum, og verð eg því að svo vöxnu máli að vera mótfallinn 3. og 4. atriðinu.

Jón Hjaltalín: Mèr þóttu mótbárur þingmanns Mýramanna mjög sannfærandi, og verð eg að fallast á þær, þó eg viðurkenni, að nefndarálitið sè vel samið; en ef við viljum fá sveitastjórn, verður niðurstaðan sú, að við verðum að vita, hvað stjórnin vill, og hversu lángt hún vill gánga. Með því stjórnin í 4 ár ekkert hefir gjört við málið, er líklegt, að hún ei vilji gánga inn á tillögur alþingis í álitsskjali þess til konúngs 1855. Það hefir verið sagt, að það sè vilji þjóðarinnar, en eg held að sè misjafnar meiníngar um það; að minnsta kosti hefir mèr heyrzt menn hèr í sýslunni vera á þeirri gagnstæðu meiníngu, og held eg, að þíngið gjöri því bezt í að stóla varlega upp á það, að þetta sè þjóðarvilji. En hafi tillögur alþíngis ei í 4 ár getað fundið náð í stjórnarinnar augum, þá munu þær ei finna hana, þó vèr nú biðjum um hið sama. En þegar vèr biðjum um þetta til þess, sem þörf er á, þá fellst eg á 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, en ekki á hið 2. Eg hefi það móti því, að velja aðstoðarmenn, að það er ótilbærileg tortryggni, því amtmennirnir eru þó rosknir og ráðnir menn, sem stjórnin hefir trúað fyrir embætti, og sjóðir þeir, sem þeir hafa undir höndum, eru ekki svo stórir að þeim sè ekki trúandi fyrir þeim; það færi líklega ekki betur, þó þeim væri settir tilsjónarmenn, en eg er hræddur um, að það mundi gjöra linleik í öllum ráðstöfunum þeirra. Það eru nóg dæmi til þess, að nú er ekki gjört neitt án þess, að spyrja stjórnarráðið um það; eg vil tiltaka um sælnhúsið á Hellisheiði; það átti að kosta 10 rd., en það hafði amtmaðurinn ekki vald til að veita, eptir því sem sagt var, og eru slíkar ráðstafanir opt til mikillar hindrunar í öllum framkvæmdunum. Ef nú amtmennirnir ætti að fara með hvað eina til aðstoðarmannanna, sem væri í austri og vestri, þá mundi tortryggni og linleiki í allri framkvæmd verða afleiðíngin af því. Kostnaðurinn held eg verði minnstur; það er auðvitað, að hann verður nokkur, en ei svo stór; en vestur kostnaðurinn er tímatöfin, sem verður með þessari tilhögun; því það getur komið sèr mjög illa, þegar einhver mál þurfa greiðan framgáng, að fara með þau fyrst til aðstoðarmannanna; það getur líka staðið svo á, að þegar amtmaður sendir eptir þessum aðstoðarmönnum, þá sè annar veikur, en óveður tefji hinn, og er þetta fyrirkomulag mjög óhentugt hèr á landi, þar sem veður eru opt vond, og vegir slæmir og illt að komast áfram, svo að það er óvíst, að aðstoðarmennirnir sè

allt af í handraðanum, og verð eg því að vera alveg mótfallinn 3. og 4. atriðinu.

Forseti: Eg verð að biðja hina heiðruðu þingmenn að gæta að því, að hèr er ekki verið að ræða *frumvarp* til sveitastjórnarlaga, heldur þessi niðurlagsatriði, sem fyrir liggja, og að hve miklu leyti þau sè hafandi eður ekki, og rètt að biðja konúnginn, að þau sè tekin til greina í því frumvarpi, sem hann er beðinn um að láta leggja fyrir næsta þíng; það dugar ekki að fara að tala á víð og dreif um sveitastjórnarfrumvarp, sem ekki liggur fyrir, því með því lagi gæti undirbúníngsumræðan ekki orðið búin á 4 dögum; hins vegar verð eg þó að játa, að hin heiðraða nefnd hefir gefið þíngmönnum nokkurt tilefni til þessa með hinu miður heppilega 3. og 4. uppástúnguatriði sínu.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal halda mèr við niðurlagsatriðin. Þótt nú hinn háttvirti *framsögumaður* og þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu hafi tekið margt fram, vil eg samt benda þínginu á það, hvernig eg, sem nefndarmaður, hefi skilið málið. Það hafa komið mótmæli mót 2. og 3. og 4. niðurlagsatriðinu, og vilja þeir, sem mótmæla af þíngmönnum eingar bendíngar gefa stjórninni, en eg vil spyrja þíngmenn að því, hvort þeim geingur það til þessa, að þeir hafa svo gott traust á stjórninni, að þeir vonist eptir, að frumvarpið frá henni verði svo gott, að eingu þurfi þar við að bæta. Ef þetta er ástæðan fyrir því, að þeir vilja eingar bendíngar gefa stjórninni, þá get eg skilið það, því þetta er sú eina skynsamlega ástæða; en sá, sem veit, hvernig frumvarp stjórnarinnar var lagað, og hvað nú er gjört í málinu, hann vill víst með mèr benda stjórninni á aðalatriði málsins, og á það, hvað nú muni tiltækilegast, og sè eg þá ekki, að þessar bendíngar geti verið minni en í 2. atriðinu; því þar er að eins beðið um, að hið nýja frumvarp verði í hreppstjórn og sýslustjórn lagað eptir uppástúngum alþíngis, og þeirri grundvallarreglu fylgt, að stjórnin sè bæði þjóðleg og ei margbrotin; en nú varð nefndin að fara lítið leingra og nefna amtmannastjórnina líka, því nefndin sá það eigi til neins, að biðja um að laga sveitastjórnina í hreppum og sýslum, nema amtmannastjórnin væri líka löguð, og áleit þá nefndin betra, að amtmennirnir feingi 2 aðstoðarmenn til bráðabyrgða, eins og stúngið var upp á í bænarskrá þeirri, er nefndinni var feingin til álita. Nefndin vildi eigi hætta sèr leingra út í þetta atriði, því hún vissi gjörla, að það er viðsjált atriði, og að það stendur í sambandi við stjórnarskipunarmálið, þó nefndin hèldi ekki,

að amtmennirnir sè eins skammlífir eins og þíngmaður Reykvíkínga hèlt. Ef menn nú ekki vilja tilsjónarmenn með amtmönnunum, þá skil eg í því, að menn eru á móti 3. og 4. atriðinu; en þá verða menn líka að vera á móti frumvarpi stjórnarinnar, og gjöra menn því amtmönnunum eingar gersakir, eins og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði áðan, heldur þykir þeim amtsstjórninni í eingu ábótavant, og það mun þeim þó ekki þykja. Það er ekki heldur eins og þetta eigi sèr hvergi stað í öðrum löndum, því amtsráð eru bæði í Danmörku og Noregi, í Þýzkalandi og í Frakklandi, og er það víst ekki af grunsemi við amtmennina, að þau eru í þessum löndum, og sýnist mèr, að það sè ei rètt af menntuðum mönnum, sem þó þekkja til í öðrum löndum, að koma með slíkt hèr á þínginu. Það er satt, að þessir aðstoðarmenn kosta nokkuð, en áður en menn hafna þeim, ætti menn að gæta að því, hvort það ekki svari kostnaði að hafa þá. Eg verð að segja það, að eg held að þeir launi sig; því þá yrði amtmannastjórnin þjóðleg, og amtmennirnir gæti þá byggt úrskurði sína á vilja þjóðarinnar, og þyrfti ekki að fara með hvað eina til ráðgjafanna, og veit hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, hvað af því hefir flotið; amtmennirnir hafa staðið uppi með tómt blek og pappír, en eigi haft tveggja skildínga ráð, og því hefir eingin framkvæmd orðið af skipunum þeirra; en skipanir stjórnarinnar hafa komið í ótíma.

4. greinin held eg að sè mjög hentug, og að það sè betra, að alþíngi kjósi þessa menn en alþýða, og styður þessi uppástúnga sig við 6. gr. í tilsk. frá 28. maí 1831, sem er undirrót alþíngistilskipunarinnar, en annars viljum vèr eigi fylgja þessu svo fast fram, að vèr viljum fyrir það gjöra þíngræðurnar úr hófi lángar.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það hefir flest verið tekið fram, sem eg ætlaði að segja, svo eg hefi ekki miklu við það að bæta, einúngis vil eg geta þess, að þó að ræða þíngmanns Mýramanna hefði mikil áhrif á hinn 6. konúngkjörna þíngmann, þá fèkk hún ekki mikið á mig. Eg skal benda hinum 6. konúngkjörna þíngmanni til þess, að það er ekki rètt hermt, sem hann sagði, að sýslu- og hreppanefndir sè ei komnar inn í meðvitund þjóðarinnar; því eg held einmitt, að í flestum sýslum sè þessar nefndir komnar inn í meðvitund þjóðarinnar, og sèst það ljósast af því, hvað þær eru komnar víða á, annaðhvort að tilhlutun sýslubúanna sjálfra eða sýslumannanna; það kann að vera, að þessar nefndir sè óþarfar, ef allir hreppstjórar væri eins duglegir í stöðu sinni eins og þíngmaður

Mýramanna, en það mun varla vera von á því alstaðar. Það getur verið mikið með og mót þessum aðstoðarmönnum amtmannanna, og mèr er ei svo sèrlega mikið um að gjöra að fá þá, en mèr sýnist það mjög ísjárvert fyrir þingið að taka ekkert til greina þær umkvartanir yfir ráðsmennsku amtmannanna, sem komið hafa til þingsins að vestan og sunnan, og að gefa þessum hárómuðu röddum eingan gaum; mèr sýnist líka að amtmönnunum mætti sjálfum vera þægð í, að fá þessa aðstoðarmenn, svo að þar með lètti á þeim þeirri tortryggni og ábyrgð, sem nú hvílir á þeim út af meðferð og brúkun þeirra opinberu sjóða, er þeir undir hendi hafa. Hvað kostnaðinn snertir, þá held eg að þingmenn gjöri þar úlfalda úr mýflugunni. Starfi aðstoðarmannanna yrði eptir minni skoðun ekki svo miklum umsvifum bundinn, að það, sem þeim yrði borgað, yrði tilfinnanleg álaga fyrir almenníng, og eg get ei skilið, að almenníngur lèti sig muna slíkt, ef hann vill fá þessa aðstoðarmenn á annað borð.

Guðmundur Brandsson: Þegar mál þetta var rætt til inngángs, þá bandaði *konúngsfulltrúi* á móti málinu, að það yrði tekið til nefndar, af því að stjórnin hugsaði sèr mál þetta öðruvísi, og vildi má ske hafa eins konar landsráð, og einmitt þess vegna álít eg það rètt, að gefa stjórninni þessar bendíngar. Hinn 6. konúngkjörni þingmaður sagði, að aðstoðarmennirnir mundi verða til þess, að tefja fyrir fljótum framkvæmdum málanna; en eg vil spyrja hann að því, hvort þeir muni hafa tafið framkvæmdirnar meðan þeir ekki voru settir, og þess vegna hafa víst ráðstafanirnar í kláðamálinu geingið eins greiðlega og kunnugt er orðið. Eg held, að amtmennirnir hafi haft fríar hendur til þess, að grípa í jafnaðarsjóðina; því ef vèr skoðum þenna nafnlausa reikníng yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins í suðuramtinu, sem kom út hèr í vetur, þá mun þar vera reiknaður ferðakostnaður stiptamtmannsins í kláðamálinu, og þar að auk, í tilefni af fjárkláðanum nærfellt 2,000 dalir, og þegar svona fer, ætli það væri þá af vegi, að fleiri væri um það að semja jafnaðarsjóðsreiknínginn? Það ynnist þó með því, sem mælt er: „að spyr þjóð, þá þrír vita“. Hvers vegna skyldi það ekki nægja, að hreppstjórar einir hefði umsjón sveitarsjóðanna? Hvers vegna skyldi prestar og hreppstjórar vera settir yfir þá í sameiníngu, nema til þess, að fá því meiri tryggíngu? Og því skyldi menn þá ekki vilja fá hina sömu tryggíngu með tilliti til jafnaðarsjóðanna? Og hafa ræður þingmanna ei getað breytt þessari skoðun minni.

Ólafur Jónsson: Í frumvarpi því, sem lagt var fyrir þingið

1855, var ekki gjört ráð fyrir sýslunefndum; en við umræður málsins fann þingið strax, að þessar nefndir voru nauðsynlegar, og bað því um þær; sumir halda nú að þetta hafi verið því til fyrirstöðu, að stjórnin geingi inn á bænarskrá þá, sem þingið sendi konúngi. Nú er það ljóslega sýnt í nefndarálitinu, að sýslunefndir eru hèr eins nauðsynlegar, eins og hreppsnefndirnar; og þjóðinni er eins annt um að fá sýslustjórnina eins og sveitastjórnina, og vil eg því ekki missa 2. atriðið, heldur benda stjórninni einmitt á þetta; því annars getur hún hugsað, að þingið sè fallið frá þessari sýslustjórn; en mèr er það kunnugt, að það var einmitt sveitastjórnin og sýslustjórnin, sem öllum geðjaðist vel, en þegar leingra dró upp eptir byggíngunni hjá þinginu, held eg mörgum hafi farið að geðjast miður. Um 3. atriðið þarf eg ekki að tala, því það hefir þíngmaður Borgfirðínga gjört nægilega; en á 4. atriðið get eg ekki fallizt, það, að þingið skuli kjósa þessa aðstoðarmenn amtmannanna; því mèr finnst að þeir amtsbúar, sem eiga sjóði þá, sem þeir eiga að ráða yfir, hafi einir rètt til þess, að kjósa þá sjálfir; mèr finnst ei heldur nauðsyn á því, að taka það hèr fram, hvernig kosníng þessara manna skuli vera; eg held líka, að þó amtsbúar kysi þá sjálfir, þyrfti kosníngin ekki að vera svo margbrotin. Mèr finnst það ei rètt, að alþíngi, sem samanstendur af mönnum úr öllum ömtunum, kjósi þá, og verð eg því að vera mótfallinn 4. uppástúnguatriðinu, en gefa atkvæði mitt með hinu öllu.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg hefi ekki gefið þíngmönnum neitt efni til umtals um nefndarstjórn, hvorki í sveitum nè sýslum; en eg benti á, að stjórnin hefði allar þess slags grundvallarreglur hjá sèr frá fyrri þíngum, og því væri óþarfi, að fara nú að tyggja þær í hana aptur; en þó um nefndarstjórn ætti að tala í sveitum, þá vil eg vera samdóma hinum 6. konúngkjörna þíngmanni, að fleiri raddir hèr í landi andæfi á móti þeirri stjórn en með; að minnsta kosti hafa menn talað svo við mig; þeir hafa nú kann ske hugsað, að eg vildi helzt heyra það; en það voru líka menn hèr á þíngi mjög tvílráðir í þessu, eins og líka atkvæðagreiðslan sýndi, og víst hefir stjórninni ekki litizt á það, því eitthvað kemur til, að hún hefir lagt það mál til hvíldar.

Ekki veit eg hvaðan Suður-Þíngeyjarsýslufulltrúa kemur fræði sú, að geta gjört góða ályktun, hvernin einvaldshreppstjórn væri komið í höndum þíngmanns Mýramanna, því allir vita, að milli þessara er ekkert nágrenni. Eg get samt ekki tekið það af honum sem hnífil-

yrði, með því líka eg ætla ekki að fara í neinar hornastimpíngar í þessu máli.

Það var kostnaðurinn, sem eg óttaðist mest við þessa amtsráðgjafa; hinn háttvirti *framsögumaður* hefir nú gjört lítið úr því, og skýrt þær ástæður fyrir þínginu vel, eins og honum er ætíð lagið; hann segir, að þá hann hafi átt að taka þátt í umsjón fjár með amtmanninum, hafi það kostað sig 1 dagleið, og hafi hann gjört sig hjartanlega ánægðan með 15 rd.; já já, nú verða þessir aðstoðarmenn 2, þá eru 30 rd., og í öllum ömtunum 6 menn, þá 90 rd. fyrir eina dagleið, nú verða sumra dagleiðir margar, og svo ferðirnar margar á ári, og svo mennirnir ekki svona billegir sem þessi maður, sem allir þekkja að sanngirni og ódgeingni, og hvernig fer nú? getur nú ekki komið töluverður kostnaður? Þar að auki vil eg nú halda, að hallinn verði annar eins á hina síðuna fyrir þeim, sem þurfa að sækja eitthvað til amtmanna, vegna vafnings og tafar, sem yrði á málunum, þegar amtmaður getur ekkert gjört nema með þessum samkomum. Eg vil því menn gæti að, um hvað þeir biðja, og hvort það er tilvinnandi, að biðja um þetta núna í millum, fyr en stjórnarskipunarmálið kemur fyrir, sem líklegt er að verði nú bráðum, þar stjórnin er þó einatt að lofa því. Eg vildi nú líka helzt, að sveitastjórnarmálið bíði eptir því, því þau eru svo náskyld.

Páll Sigurðsson: Það er merkilegt, að þíngmenn skuli vera svo tvíbentir í þessu máli, eptir svo margar umræður, sem hèr á fyrri þíngum um það hafa orðið, og eptir svo margar bænarskrár, sem um það hafa komið bæði fyr og nú. Eg hef áður heyrt menn segja, bæði hèr á þínginu, og líka í hèraði, að það þurfi að breyta sveitastjórninni úr hennar gamla horfi; en þeir, sem vilja breyta, þá hefi eg ekki heyrt tala um aðra stjórn en nefndastjórn, og hafa þeir verið eindregnir á sýslunefndum, að þeirra megi öldúngis ekki án vera, og sýnir þetta, að þjóðin er farin að þekkja og þykja sú stjórn góð; það eina, sem þjóðin ei hefir á móti í kláðamálinu, eru hreppanefndirnar, og sýnir það, að það er ekki þjóðinni fjarstætt að hafa þessa stjórn, og er því rèttast að gefa ekki stjórninni bendíngar á móti þessu fyrirkomulagi, sem komið er inn í þjóðarmeðvitundina. Skoðun manna á hinni efstu stjórn var misjöfn á þínginu 1855, og var því náttúrlegt, að stjórnin yrði höfuðlaus, þegar upp eptir dró; dráttur stjórnarinnar á þessu máli byggist víst á því, að hún ei getur fellt sig við það álit meiri hlutans, að þíngið hefði hin síðustu úrslit, og finnst mèr þá sú skoðun rètt, að nefna bæði sýslu- og sveitanefndir;

líka má nefna amtsráðið, þó eg álíti það eigi ekki við rètt byggða sveitastjórn eða nefndarstjórn, sem ætti á æðsta stigi að vera ein fyrir landið. Það hefir verið mikið talað um kostnaðinn við þessa 2 aðstoðarmenn, en mèr sýnist það ekki þurfa að vera svo stór gríla; því ef það feingist, sem beðið verður um, að árlega verði prentaðir ljósir reikníngar yfir sjóðina, þá gjöri eg ráð fyrir, að þessir menn kæmi saman hjá amtmanninum, áður en reikníngar þessir yrði út gefnir fyrir hvert ár, og gæti þeir þá um leið og þeir yfirliti reikníngana gjört áætlun fyrir næsta ár, og held eg að betur hefði farið, ef þessi amtsráð hefði nú verið komin á, því það sáu menn, að þegar amtmaðurinn kallaði saman menn til ráðaneytis á fund með sèr fyrst í kláðamálinu, þá var skynsamlegur vörður settur í Árnessýslu; ef þessu amtsráði hefði verið haldið áfram, þá hefði skipanir stiptamtmannsins ekki komið í bága við það, sem kunnugir menn álitu hollast, og er því hvað mest nauðsyn á þessu amtsráði meðan ný sveitastjórn ekki kemst á, og verð eg að aðhyllast þá skoðun, að bezt sè, að þessir menn sè kosnir af þínginu, því amtskosníngum verður varla við komið án talsverðra umsvifa. Þetta þíng er líka þjóðin í minna skilníngi, og veit eg að þíngmenn muni hafa svo mikla þekkíngu, að menn geti treyst því, að kosníngar þeirra muni takast vel; að endíngu vil eg þakka nefndinni fyrir það, að henni hefir tekizt að búa uppástúngur sínar til samkvæmt minni skoðun að miklu leyti.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla ekki að tala um 1. uppástúngu-atriðið, þar allir hafa verið því samdóma, en um 2. atriðið hefir orðið margræddast, og er eg ekki glöggur á því, hvernig atkvæði muni falla um það. Síðasta álitsskjal þíngsins í sveitastjórnarmálinu geðjaðist ekki stjórninni svo í öllu, að hún vildi fallast á það. Hèr er að eins beðið um frumvarp til næsta þíngs; þegar það kemur, þá má laga það, og getur stjórnin verið búin að laga það nokkuð líka, þegar hún fær þessar bendíngar. Þjóðin hefir kann ske ekki verið ánægð með það heldur; en nú hafa hvorutveggju, stjórn og þjóð, nægan tíma til næsta þíngs, til að laga málið; þíngið væri ósamkvæmt sjálfu sèr, ef það vildi ekki, að lög þessi væri sprottin af innlendri rót, en hvar á að fá þessa rót, fáist hún ekki frá þínginu? Eg vil því fallast á 2. atriðið. Um 3. atriðið er mikill ágreiníngur, og er eg á báðum áttum um það, þar mèr þykir ísjárvert, að biðja fastlega strax um það, einkum, þar eð eptir því, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* segir, landsráð munu vera í smíðum hjá

stjórninni; það er líka ætíð hægt að bæta þessu síðar við, sem ágreiningurinn var mestur um á þinginu 1855, svo að sveitastjórnin ætlaði að verða höfuðlaus; en hvað kostnaðinn suertir, þá er annaðhvort, að ekkert gagn verður að þessu, eða þá að það svarar kostnaði; en eitt þykir mèr vanta, og það er það, að ekki er bent til þess, hvað mikið vald þessir meðstjórnarmenn amtmannanna eiga að hafa, og áskil eg mèr um það viðaukaatkvæði. *(Arnljótur Ólafsson:* Það stendur í uppástúngunni: „til ráðaneytis“). En ef þeir hafa ekki atkvæðarètt, þá getur amtmaður, ef hann er strángur, gjört hvað hann vill fyrir þeim, með því að beita valdi sínu, meðan ekki atkvæðarètturinn er ákveðinn; því annars mun ráðríkur amtmaður ekkert tillit hafa til ráðleggínga þeirra. Hvernig kosníng þessara manna eigi að vera, um það eru menn ekki á sama máli; einn þíngmanna hefur stúngið upp á því, að rèttast væri að amtsbúar kysi þá sjálfir, en eg er hræddur um, að það sè vafasamt, hvort þessi kosníng mundi fara vel; en ef amtsbúar kysi þá, gæti þeir það bezt á manntalsþíngum, en hins vegar hef eg ekkert vantraust á því, að kosníng þeirra muni heppnast vel, ef fallizt verður á þá uppástúngu, að þíngmenn skuli kjósa þá. Það hefir verið sagt, að menn ætti ei að biðja um auglýsíngu opinberra sjóða, ef menn ekki vildi biðja um þetta, en eg vil biðja um hvorttveggja, og vil eg, að allt þetta sè lögákveðið, til þess að lètta tortryggninni af amtmönnunum, því þegar þarf í bráðri nauðsyn að grípa til sjóðanna, geta amtmennirnir afsakað sig með því, að þessi útgjöld sè ekki lögákveðin. Nefndin hefir viljað sleppa uppástúngu þíngmannsins úr Dalasýslu, en af því hann hefir í hyggju, að bera hana upp sem varaatkvæði, þá hefi eg hugsað mèr, að betra væri, að hann sleppti aptan af henni þessu: „og að ákveðið verði með lögum“, o. s. frv., til endans, og hefir hann einnig áskilið sèr það viðaukaatkvæði, að eingin gjöld megi borga úr jafnaðarsjóðnum, nema þau sè lögákveðin. Þíngmaður Suður-Þíngeyínga talaði um, að margar umkvartanir hefði komið hèr inn á þíngið yfir amtmönnunum, en eg verð að segja, að ekki hafa margar komið yfir amtmanninum í vesturamtinu; en sú eina bænarskrá, sem til þíngsins kom um þetta mál, var frá norðausturamtinu, og þykir þar þó víst þörf á breytíngu á amtmannastjórninni. Eg ætla mèr svo ekki að tala meira um þetta mál.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg sagði ekki, að það hefði komið umkvartanir yfir amtmönnunum persónulega, heldur að eins yfir aðgjörðum þeirra, og í bænarskrá þeirri, sem kom að norðan,

er alls ekki getið um neitt, sem geti kastað skugga á amtmanninn í norðuramtinu eða meðferð hans á hinum opinberu sjóðum, heldur biður hún einúngis með almennum orðatiltækjum um, að tillit sè haft með reikníngum hinna opinberu sjóða; en hvernig sem breytíngaratkvæði þíngmannanna úr Stranda- og Dalasýslum verða orðuð, þá skil eg ekki þau geti komizt hèr að, því þau liggja fyrir utan málið; það sjá allir, að það er sitt hvað, að biðja um ný sveitastjórnarlög, eða aðstoðarmenn handa amtmönnunum, ellegar að fara fram á það, að ekki sè greidd úr jafnaðarsjóðum, nema þau eða þau gjöld.

Ásgeir Einarsson: Breytíngaratkvæði þíngmanns Dalasýslu um, að rètta við jafnaðarsjóðina, get eg ekki fallizt á, en eg gef ekki tvo skildínga fyrir þessa aðstoðarmenn, ef þeir ekki fá jafnan atkvæðarètt með amtmönnunum. Að vestan kom bænarskrá um auglýsíngu opinberra sjóða, en það kalla eg ekki klögun, og hefir þó amtmaðurinn þar, eins og *forseti* áður skýrði frá, birt reikníngana á prenti, þó því hafi verið hætt um tíma.

Konúngsfulltrúi: Þíngmaður Strandasýslu hefir ljóslega sýnt, hvað hið 3. uppásrúnguatriði snertir, að það er allt of óákveðið; því það sèst ekki, hvort nefndin ætlast til, að aðstoðarmennirnir hafi atkvæðisrètt eða ekki, og aðstoð þeirra eða ráðaneyti getur því bæði þótt lítið og mikið. Hafi þeir eingan atkvæðisrètt, og verði eins og einn þíngmaður sagði, bændur kosnir til þessa ráðaneytis handa amtmönnunum, verður þetta fyrirkomulag þýðíngarlítið, ef ekki þýðíngarlaust, og fái þeir atkvæðisrètt, þá er eg hræddur um, að þá komi fram þeir annmarkar, sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður tók fram, auk þess, að hin siðferðislega ábyrgð, sem nú hvílir á amtmönnunum, einnig þá verður að því skapi minni, sem hún skiptist niður á fleiri.

Þegar á allt er litið virðist því rèttast, að halda sèr einúngis við fyrsta uppástúnguatriðið, en fella hin úr.

Jón Hjaltalín: Eg verð að svara þíngmanni Borgfirðínga fáum orðum; það er mikið satt, að amtsráð eru í öðrum löndum; en það, sem hèr er farið fram á, á ekkert skylt við þau amtsráð; ef amtsráðin væri hèr eins og þar, eða stúngið upp á því, að þau sè eins, þá skyldi eg vera með þeirri uppástúngu. En mèr sýnist þetta mál fara í aðra átt og ekki vera vel hugsað; því það er bágt, að koma á sveitastjórn og sýslustjórn, meðan vèr ekki vitum hugmyndir dönsku stjórnarinnar um landstjórnina; eg held að það sè það sama, að vilja uú setja sveitastjórn og sýslustjórn, eins og að byggja hús á sandi.

Eg held það væri betra, að hafa einhverjar bendíngar frá stjórninni um það, hvað hún vilji veita oss, svo vèr ekki biðjum um það, sem getur komið í bága við það fyrirkomulag, sem stjórnin hefir hugsað, því annars gjörum vèr ekki annað en að eyða tímanum, og á því eigum við að vara oss. Eg vil að stjórnin hafi sem frjástar hendur, en þegar stjórnin hugsar um sveitastjórnina, verður hún að hafa tillit til landstjórnarinnar, og eg er hræddur um, að þessi hreppanefndastjórn, sem hèr ræðir um, hafi lítinn árángur hjá stjórninni, verði að litlu gagni fyrir oss, og geti komið í bága við landsstjórn þá, sem til stendur að komist hèr á. Hin æðsta stjórn sèrhvers lands er sá rètti og sanni grundvöllur allrar stjórnar; sveitastjórnina geta menn aldrei kallað grundvöll, því hún er að eins lítill kafli úr landsstjórninni.

Guðmundur Brandsson: Eg held að þessi ræða hins 6. konúngkjörna þíngmanns sè líkust því, ef einhver vildi segja við barn, sem er að læra að gánga, að því sè bezt að horfa upp á stjörnurnar, svo það ekki detti. Þíngmann Mýramanna misminnti að eg hefði sagt, að aðstoðarmennirnir ætti eingin laun að hafa; en eg sagði, að ef þeir væri alnúgamenn, þá þyrfti þeim ekki að bregða við, þó launin væri ekki há. En mèr sýnist ekki menn eigi að vera að gánga smásmuglega út í þetta mál; það er tími til þess þegar frumvarpið kemur. Það hefir verið sagt, að þessir aðstoðarmenn ætti að eins að vera til ráðancytis, en það er tími til að ákveða nákvæmar, hvert ætlunarverk þeirra skuli vera, þegar ræða ætti frumvarp í þessu máli. Eg sè ei heldur ástæðu til þess, að tala mikið núna um kosníguna á mönnum þessum, heldur er tími til þess seinna; það væri má ske viðkunnanlegast, að þíngið kysi þá þannig, að það skipti sèr eptir ömtum, og kysi svo aðstoðarmennina hver flokkur í sínu amti, og að konúngkjörnu mennirnir dreifðust í flokka þessa að rèttri tiltölu, en um allt slíkt finnst mèr óþarft núna að fara mörgum orðum.

Forseti: Mèr finnst líka, að ekki sè ástæða til að tala smásmuglega um kosníguna; eg veit ekki, hvar eða hve nær umræðurnar lykta, þegar menn svona smásmuglega eru að hrekja einstakleg orðatiltæki, er ekki koma aðalatriði málsins við; eg sè ekki hver endirinn verður, ef þíngmenn teygja svona að óþörfu umræðurnar um hvað eina, sem er einkis virði.

Stefán Jónsson: Eg ætla að eins að geta þess, að mèr virðist um hvað sem talað er, mæti alstaðar vandræði, svo það lítur út

eins og sumum sýnist allt af mæti vandræði og ekkert verða gjört. Þeir segja, að menn verði að byggja landsstjórnina að neðan, þegar um stjórnarfyrirkomulag landsins er að tala; en þegar menn fara að byggja að neðan, segja þeir, að það dugi ekki, það verði að byggja að ofan; þetta er það sama sem að segja, að allt verði að bíða hvað eptir öðru; verður þá að taka allt fyrir í einu; en þá er eg hræddur um, að ekki verði færri agnúar á því. 2 af þeim atriðum, sem hèr liggja fyrir, verða líklega tekin af þínginu, og því skal eg ekki tala um þau; á 3. og 4. atriðinu hafa menn fundið margan galla; kosníngar aðstoðarmannanna held eg ekki þurfi að vera svo miklum vandkvæðum bundnar, ef menn annars vildi hafa þá, sem mèr reyndar stendur á sama; eg er ekki mikið áfram um það, en ef menn vildi, þá sýndist mèr það mögulegt, að alþíngi kysi þá. Þó sýnist mèr nokkuð mæla með þeim og einkum í suðuramtinu, þar sem amtmaðurinn er útlendur og ókunnugur maður, eins og náttúrlegt er að hann sè, og því eðlilegt, að honum takist miður en hinum amtmönnunum, sem eru innlendir menn. Þíngmenn þekkja hèr í suðnramtinu flesta af hinum duglegustu mönnum, og mundi því geta komið sèr saman um kosníngarnar hèr, og held eg, að hið sama væri mögulegt einnig í hinum ömtunum. En það er eingin þörf á því, að tala smásmuglega um þetta mál.

Indriði Gíslason: Eg ætla ekki að fara út fyrir efnið eða vera lángorður; eg ætlaði að eins að geta þess, að eg ætla að orða varauppástúnguna betur seinna. Ætla eg svo ekki að fara fleirum orðum um það, en að eins geta þess, að þó varaatkvæði mitt þyki ei eiga vel við, þá vona eg samt, að þíngið láti mig njóta sama rèttar og aðra; eg skal taka til dæmis, þegar Straumfirði var hnýtt aptan í Skeljavík.

Forseti: Eg verð að grípa til valds þess, sem eg hefi sem *forseti*, og leiða þíngmönnum fyrir sjónir, að helmíngurinn af umræðunum í þessu máli hefir verið um það, hvernig kjósa skuli þessa tvo aðstoðarmenn amtmannanna. Aðalatriði málsins er það, hvort þíngið vilji biðja stjórnina um, að hraða sveitastjórnarlögunum, og um leið benda stjórninni á þær helztu grundvallarreglur, sem menn óska, að sveitastjórnarlögin sè búin til eptir; en kosníng þessara aðstoðarmanna er smáatriði, sem eg sè ekki hvernig þíngmenn geta haldið svo lángar ræður um.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Það lá snemma í mèr, að þessi síðari niðurlagsatriði nefndarinnar kynni að baka nokkrar umræður.

Eg vildi nú samt ekki leingja þær mikið, því það er líka af það bjartasta; einúngis vildi eg áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis á þá leið, er þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu talaði, að ef uppástúngan um amtsráðgjafana verður samþykkt og alþíngi skal kjósa þá, að þeir verði þá kosnir af hvers amts þíngmannadeild.

Það hefir nú verið talað um, að þessir aðstoðarmenn mætti gjöra mestan lètti og gagn amtmönnunum, og vera þeim því mjög kærkomnir; en það er þó skrítið, að eingar bænir hafa komið um þetta frá amtmönnum sjálfum, og víst hafa þeir ekki boðizt til, að leggja af launum sínum, það sem þessir þyrfti að hafa, þá hefði eg þó heldur fallizt á þessa uppástúngu. Eg veit nú ekki annars til, að nein óánægja eða kvörtun hafi verið yfir amtstjórninni í norður- eða vesturumdæminu, og þar hafa amtmenn nú verið einir um hituna. Í suðurumdæminu hefir það geingið nokkuð öðruvísi, og þar hefir líka amtmaðurinn, sem útlendur maður, þurft ráðaneytis, líka átt góðan kost á því, og eg held brúkað það.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla til vonar og vara, ef viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Dalasýslu skyldi ei verða gaumur gefinn, að áskilja mèr rètt til viðaukaatkvæðis í þá átt, að ef aðstoðarmenn amtmannanna verða samþykktir af þínginu, þá skuli þeir hafa atkvæðisrètt með amtmönnum; en þar nefndin hefir hneykslazt á seinasta atriði í uppástúngu þíngmanns Dalasýslu, gjöri eg þá uppástúngu, að kafli þessi falli burt.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari undirbúníngsumræðu lokið.

Þar næst kemur, samkvæmt dagskránni til undirbúníngsumræðu nefndarálit í málinu *um stofnun búnaðarskóla. Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Suður-Þíngeyínga.

Málið afhent *framsögumanni,* sem las upp nefndarálitið svo látandi:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til þess að vèr segðum álit vort um bænarskrá eina úr Suður-Þíngeyjarsýslu, sem fer því á flot, að þíngið beri þá allraþegnsamlegustu bæn fyrir hans hátign konúnginn, að stofnaður verði á landi hèr einn sæmilegur búnaðarskóli, og fè, sem þarf til slíkrar stofnunar, verði greitt úr ríkissjóðnum.

Eptir að vèr höfum á fleiri fundum vandlega rætt og íhugað þetta mál, leyfum vèr oss að skýra frá áliti voru um það á þessa leið·

Eins og kunnugt er, hefir þingið tvívegis haft mál þetta til meðferðar, nefnilega 1853 og 1855. Í fyrrra skiptið komst þingið að þeirri niðurstöðu, að biðja um einn jarðyrkju- og búnaðarskóla, helzt í suðurumdæminu, hvar kenndar yrði hinar helztu greinar búnaðar og jarðyrkju, og sú bókleg menntun, sem því hlyti að verða samfara, og að fé til slíkrar stofnunar verði veitt úr almennum sjóði; í seinna skiptið, nefnilega 1855, fór þingið miklu skemmra, og í nokkuð aðra átt; þá beiddi það um hentuga jörð í suðuramtinu eða fleiri jarðir, og þá helzt sína í hverju amti, í nokkur ár afgjaldslaust til ábúðar og jarðyrkjutilrauna handa þeim manni eða mönnum, sem stofna vildi jarðyrkjuskóla. Af hinum konúnglegu auglýsingum til þingsins 1855 og 1857 má sjá, að enda þótt hans hátign konúnginum ekki hafi þóknazt að ákveða eða veita neitt víst ákvæðið fé til slíkrar stofnunar, sem hér ræðir um, þá er því þar þó lýst yfir, að stjórnin muni láta sér einkar annt um þetta mál, og á sínum tíma styrkja það á þann hátt, sem bezt á við. Af þessu ætlum vèr það auðsætt, að ekki muni standa á styrk og aðstoð frá stjórninni, þegar þess er tilhlýðilega leitað, og að öðru leyti stefnt í þá átt, sem henni virðist að vera geðfelld. Þó nú bænarskrá sú, sem nefdinni hefir verið feingin til meðferðar og hèr liggur fyrir, fari að mestu leyti fram á sama og þingið 1853, nefnilega, að biðja um, að stofnaður verði hèr á landi fullkominn og algjörður búnaðarskóli, þá getur hún ekki ráðið þinginu til, að fara nú hinu sama fram; því fyrst ber á það að líta, að slíkur búnaðarskóli, sem hèr er gjört ráð fyrir, og hvar kenna ætti ýmisleg vísindi auk fleiri lifandi mála, hlyti að kosta svo miklu meira fé, en land vort, eins og nú á stendur, væri fært um að greiða, en á hinn bóginn ekki líkindi til, að stjórnin vildi leggja það fé allt saman til úr ríkissjóði. Þar næst ætlar nefndin, að slíkur búnaðarskóli bætti ekki til hlítar úr þörf þeirri, sem hèr er á búnaðarlegri menntun, því hvorki mundi hann geta veitt móttöku öllum þeim, sem hefði lyst og köllun til að ganga í hann, og allra sízt með þeim kjörum, sem gæti verið aðgeingileg fyrir fátæklínga; og loksins álítur nefndin það ekki svo sèrlega áríðandi, að svona yfirgripsmikil og margbrotin vísindi yrði strax í byrjuninni kennd í skólanum, en ætlar, að einföld og óbrotin, verkleg og munnleg tilsögn í hinu helzta, sem við kemur búnaði og jarðirkju, yrði affarasælli og haldkvæmari, en lángsöm og margbrotin vísindaleg útlistun, eptir því sem tilhagar hèr á landi.

Af þessum ástæðum getur þá nefndin ekki ráðið þinginu til

að framfylgja uppástúnguatriðum bænarskráarinnar frá Þingeyjarsýlsu, eins og þau liggja fyrir, en leyfir sèr aptur á móti, að ráða því til, að halda sèr til þess, sem farið var fram á 1855, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum og breytíngum, sem hèr skal benda á.

Eins og að framan er greint, beiddi þíngið þá um eina jörð í hverju amti, mönnum þeim til leigulausrar ábúðar um nokkurt tímabil, sem vildi reyna þar jarðyrkju og kenna hana. Má telja slíkri uppástúngu það til gildis, að þeirri búnaðarlegri menntun, sem hèr af hefði kunnað að leiða, er með því greiddur vegur til hinna fjarlægari útkjálka landsins, eins og líka virðist ráða mega af hinni konúnglegu auglýsíngu til þíngsins 1857, að hans hátign konúngurinn hafi tekið þessu með allrahæstri velþóknun; en það telur nefndin óheppilegt, að þíngið beiddi um þessar jarðir einúngis til leigulausrar ábúðar, og það um stuttan og óákveðinn tíma, því hún fær ekki betur sèð, en þíngið hafi með þessu móti grafið undan þeirri undirstöðu, sem það var að leggja, og ætlaði að byggja á búnaðarlega menntun vora, því hèr af mundi leiða, að þó einhverjir kynni að fást til, að taka þessar jarðir að sèr, til að rækta þær og endurbæta, sem nefndin vill þó heldur efa, þá væri það eingaungu undir þeirra eigin vilja og kjörum komið, að hverju leyti, og á hvern hátt þeir framkvæmdi slíkar jarðyrkjutilraunir, eins og það væri með öllu ósanngjarnt og óhugsandi, að leggja þeim nokkra sèrstaklega kennsluskyldu á herðar, þegar ekki er gjört ráð fyrir neinum öðrum hlunnindum í aðra hönd, en afgjaldslausri ábúð á jörðunum.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sèr því að ráða þínginu til, að ítreka á þann hátt bæn sína til konúngs vors, að þessar jarðir, ein í hverju amti, fáist stofnuninni til æfinlegrar eignar og umráða, og að stjórnin hlutist til um það við amtmenn, að þeir, hver í sínu amti útvelji þessa jörð, og kveðji sèr til ráðaneytis um það 2 þjóðkjörna þíngmenn og 2 jarðfróða menn.

Nefndin álítur, að þessar stofnanir, sem hèr ræðir um, ætti að hafa það fyrir aðalaugnamið, að vera fyrirmynd í búnaði, kvikfjárrækt og jarðyrkju; og í annan máta ætti þær að geta veitt nokkrum mönnum hæfilega kennslu í þessum greinum, eptir sem þörf tímanna og sèrstaklegt ásigkomulag þessa lands útheimtir; yrði þessu framgeingt, virðist oss liggja í augum uppi, að þó hið bágborna ásigkomulag, sem nú er í sumum ömtunum, verði því til fyrirstöðu í bráð, að stofnanir þessar nái miklum viðgángi, þá er þó lagður sá grundvöllur til hinnar búnaðarlegu menntunar, sem auðvelt væri

að bæta og byggja á, þegar kríngumstæður leyfði, og efnahagur manna kæmist í betra horf.

Það fær ekki dulizt nefndinni, að ef kennslan, sem hèr er stúngið upp á, að skyldi fram fara á þessum jörðum, á að verða almenn og að nokkru liði, þá hlýtur að verja nokkru fè til að koma stofnunum þessum í það lag, að þær geti staðizt af eigin rammleik. Þannig álítur nefndin það einkar áríðandi, að stofnanir þessar eigi allan þann kvikfènað, sem nauðsynlega þarf til að halda jörðunum í fullri rækt, og sem þær þá álítast að geti vel fleytt, sömuleiðis öll jarðyrkjuverkfæri, eins og víða á sèr stað um þess konar búnaðarlegar menntastofnanir erlendis. Líka ætlar nefndin, að ef kennslan byrjar strax og jörðin er feingin, að það sè mjög svo nauðsynlegt, að verja nokkru fè til húsabóta og girðínga á jörðunum, svo að kennslan því betur og því fyrri geti komizt í það lag, sem þörfin krefur. Hvað mikið fè til þessa þyrfti, er ekki hægt að ákveða með vissu, þar það á annan bóginn yrði komið undir því, hvað umfángsmikil og fullkomin hver stofnun fyrir sig álitist að þurfa, en það ætlar nefndin geti orðið nokkuð misjafnt eptir mismunandi þörfum og kröfum manna í hverju amtinu fyrir sig, og á hinn bóginn undir sèrstaklegu og mismunandi ásigkomulagi hverrar jarðarinnar fyrir sig; en eptir þeirri áætlun, sem nefndin hefur gjört, og samkvæmt því ásigkomulagi, sem hún vill kjósa, að þessar stofnanir kæmist í, ætlar hún að nægja mundi 3 til 5,000 dalir til hverrar stofnunarinnar fyrir sig, og með því ætlar nefndin þær gæti komizt í það horf, sem þarf til þess, að þær geti staðizt af eigin rammleik, og án þess, að þurfi að skjóta til þeirra öðru fè árlega, en sem svarar þeirri árlegu þóknun, sem forstöðumennirnir þyrfti að fá, auk afnotanna og ágóðans af stofnununum sjálfum.

Að taka ætti fè það, sem hèr ræðir um úr ríkissjóðnum, getur nefndin ekki álitið efamál; því meðan stjórnin heldur undir sinni hendi öllu því fè, sem vèr eigum, og öndverðlega var ætlað oss til menntunar, svo vèr fáum ekki í hinu minnsta frjálst forráð eigna vorra, þá fáum vèr ekki betur sèð, en það sè skylda stjórnarinnar, að sjá oss fyrir þeirri andlegri og líkamlegri menntun, sem þarfir vorar útheimta. En með því nefndin býst við, og veit enda með vissu, að þíngið gjörir ýmsar fjárkröfur, svo sem til lagaskólans, læknaskóla og fl., þá vill hún ráða því til, að fara ekki fram á meira að þessu sinni, en að fá þær að framan áminnztu jarðir til allra afnota og umráða, með því líka það gæti aldrei orðið tilfinnanleg álaga, þó þessu að framan áminnzta fè yrði

jafnað niður á landsmenn. Samkvæmt þessu vill þá nefndin ráða þínginu til, að beiðast þess, að því fè, sem eptir áður sögðu kynni álítast nauðsynlegt að verja til þess, að koma stofnunum þessum í það horf, að þær gæti strax veitt hæfilega kennslu í búnaðarfræði, verði í hverju amtinu fyrir sig jafnað þannig niður, að helmíngurinn hvíli á fasteign, og helmíngurinn á tíundbæru lausafè.

Þó það, ef til vill, ekki eigi við að taka fram í máli þessu hið sèrstaklega, sem snertir stjórn og fyrirkomulag þeirra stofnana, sem hèr ræðir um, á meðan eingin vissa er feingin fyrir því, að stjórnin veiti hið um beðna, þá leyfir nefndin sèr samt að hreifa nokkrum atriðum, sem henni virðist nauðsynlegt, að bent yrði á í bænarskrá þeirri, sem þíngið sendir í þessu máli, en þótt þar um verði ekki gjörðar neinar sèrstaklegar uppástúngur.

Eins og að framan er bent á, ætlar nefndin, að þarfir manna og kröfur til búnaðarlegrar menntunar sè nokkuð mismunandi í hverju amtinu fyrir sig, svo að þess vegna verði nauðsynlegt, að verja meiru fè til einnar stofnunarinnar en annarar; álítur hún því sanngjarnt, að hvert amtið beri sína stofnun, og að því fè, sem til þeirra væri varið, yrði jafnað niður á ömtin, hvert fyrir sig, á þann hátt, sem áður er greint; einnig ætlar nefndin það mjög svo æskilegt, að almenníngi gæfist hæfilegur atkvæðisrèttur um fyrirkomulag þessara stofnana, og um fè það, sem til þeirra yrði varið, og vill því ráða þínginu til að taka fram sem bendíngarartiði við stjórnina, að hún hlutist til um það við amtmenn, að þeir, hver í sínu amti, kveðji til fundar við sig alla þjóðkjörna þíngmenn hèr í landi, og einn eða fleiri jarðfræðínga að auki, til þess, að semja frumvarp til reglugjörðar handa stofnunum þessum, og til að ákveða, hvað miklu fè skuli verja til að koma þeim í viðunanlegt ásigkomulag.

Yfirstjórn og umsjón þessara stofnana ætlar nefndin sè rèttast falin hverjum amtmanni í sínu amti, í sameiníngu með amtsráðunum, þegar þau komast á, eða að öðrum kosti tveimur eða þremur útvöldum mönnum, sem væri búsettir nálægt stofnuninni.

Samkvæmt þessu, og af þeim ástæðum, sem áður eru teknar fram, leyfir nefndin sèr að ráða þínginu til, að rita konúngi vorum allraþegnlegustu bænarskrá um þetta mál, og taka þar fram sem sèrstakleg uppástúnguatriði:

1. *Að hans hátign veiti sem allra fyrst eina jörð í hverju amti til búnaðarlegrar menntunar hèr á landi.*
2. *Að stjórnin hlutist til um það við amtmenn, að þeir velji*

jörðina, hver í sínu amti, og kveðji sèr til ráðaneytis í því 2 þjóðkjörna þingmenn, og 2 jarðfróða menn.

3. *Að stjórnin hlutist til umþað, að á þessum jörðum verði sem fyrst komið á fót búnaðarlegum menntastofnunum, sem bæði geti verið fyrirmynd í búnaði, jarðyrkju og og kvikfjárrækt, og líka veitt hæfilega kennslu í þessum greinum.*
4. *Að því fè, sem þurfa þætti til að koma stofnunum þessum í þetta horf, megi jafna á landsmenn þannig, að helmingurinn hvíli á fasteign og helmingurinn á tíundbæru lausafè.*

Reykjavík, 28. júlí 1859.

Jón Sigurðsson, formaður og framsögum. *Magnús Andrèsson. Arnljótur Ólafsson. Sveinn Skúlason. Gísli Brynjúlfsson".*

Framsögumaður (Jón Sigurðsson frá Gautlöndum): Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um þetta nefndarálit; það er skýrt og greinilega tekið fram í því, hvað nefndin ræður til, og nefndin veit, að tilgángur hennar er þingmönnum ekki hulinn; hún vildi fara bil beggja þess, sem farið var fram á 1853 og 1855; því þar er djúp staðfest á milli. 1853 vildu menn fá nokkurs konar búnaðarháskóla í landinu, en 1855 að eins nokkurs konar fyrirmyndargarða *(Mönstergaarde),* og þetta fèll nefndinni betur í geð; en hún vildi einúngis, að það skyldi ekki vera óákveðinn og stuttur tími, sem menn hefði þessar jarðir, heldur að stofnanirnar feingi þær til ævarandi eignar; því annars gæti tilgánginum ekki orðið framgeingt, sem er sá, að stofnanirnar eflist með tíð og tíma. Með þessu fyrirkomulagi yrði lagður sá grundvöllur til hinnar búnaðarlegu menntunar hjá oss, sem, þótt lítill sè í fyrstunni, hægt væri að bæta og byggja á, þegar efnahagur manna og kríngumstæður komast í betra horf.

Jón Hjaltalín: Eg skal hugga hinn háttvirta *forseta* með því, að eg skal ekki leingja þingræðurnar í þessu máli, en eg vil lýsa því yfir, að mèr þykir þetta nefndarálit eitthvað það fallegasta, sem fram hefir komið á þessu þingi, og eg er því samþykkur í flesta, eða jafnvel alla staði.

Konúngsfulltrúi: Þinginu er kunnugt, að stjórnin hefir tekið vel undir þetta mál, og talið sig viljuga til, að styrkja það, ef landsmenn sjálfir vildi reyna til að koma hèr upp búnaðarskólum, en nú virðist mèr nefndin ætlist til, að stjórnin leggi til það fè, sem þurfi til þess, að koma þessum búnaðarskólum fyrst á fót, en að lands-

menn svo sjálfir úr því standi straum af þeim; þetta virðist mèr ofætlun í stjórnarinnar tilliti, og í annan stað, að það vissulega sè áhorfsmál, eins og nú er ástatt hèr í landi, að leggja jafnmikið gjald, og þetta hlýtur árlega að verða, á jarðeignir og lausafè; því þingið er „optar en einu sinni“ búið að taka það fram, og að vísu með góðum ástæðum, að það tjái ekki að þyngja á lausafènu, og jarðirnar hafa einnig sína byrði að bera.

Arnljótur Ólafsson: Ef eg ekki vissi, að hinn háttvirti *forseti* hefði látið góðan skrifara skrifa afskript þá, sem sá háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður, sem er í stað *konúngsfulltrúa,* hefir, hefði eg óttazt fyrir, að einhver hefði af glettum sett í hana allt annað, en í nefndarálitinu og í niðurlagsatriðum þess stendur. Konúngur er ekki eptir því beðinn um, að gefa 1 skildíng úr ríkissjóðnum, til að stofna og halda uppi skólanum; hann er ekki einu sinni beðinn um lán, heldur einúngis um að veita stofnuninni eina jörð til eignar, og það er í rauninni hið sama sem *konúngsfulltrúi* mælti svo fastlega fram með 1855. Hinu stakk nefndin upp á, að jafna niður á amtsbúa frá 3 til 5 þúsund rd., sem þyrfti til að stofna skólann í hverju amti, en það er ekki árlegur kostnaður, heldur um sinn, því úr því á ekki að þurfa meira en 2—300, til að halda skólanum við. Eg ætla nú ekki að tala meira um þetta, en óska, að allir þingmenn vildi taka eins vel og fallega í málið og hinn háttvirti 6. konúngkjörni þingmaður, því þá geingi það bæði fljótt og vel.

Guðmundur Brandsson: Svo feginn sem eg vildi fallast á þetta, þykir mèr það þó varúðarvert, eins og við lagaskólann um daginn, að leggja kostnaðinn á landið. Nefndin segir í áliti sínu, að stjórnin eigi að greiða kostnaðinn úr ríkissjóðnum; því er þá ekki stúngið upp á því í niðurlagsatriðum nefndarálitsins? Eg skil ekki, hvers vegna menn stínga þá upp á því, að leggja kostnaðinn á landið; eptir því ástandi, sem nú er, er ekki sagt, að fè fáist til þessara fyrirtækja. Hinn 1. konúngkjörni þingmaður, sem er í *konúngsfulltrúa* stað, sagði, að það mundi þyngja á lausafènu, en eg held það muni þyngja á fasteigninni líka; þær geta fallið í auðn, ef svona lætur leingi í ári, og þá gelzt ekki leingur af þeim, heldur en af fènaðinum, þegar hann er fallinn. Ef því stjórnin ekki vill greiða kostnaðinn af ríkissjóðnum, þá álít eg betra að fresta þessu máli, hversu feginn sem eg vildi styðja að því, að skólar þessir kæmist á, þegar tími væri til.

Stefán Eiríksson: Eg er með öllu samdóma þingmanninum úr

Gullbríngusýslu, því eg get ekki sèð, að þau efni sè nú fyrir hendi, að menn geti komið slíkum stofnunum á; ástandið í suður- og vesturamtinu er ekki svo blómlegt núna; í norðuramtinu þekki eg ekki til. Það er nú að líkindum betra; þó þekki eg nokkuð af austuramtinu, og ekki er ástandið betra þar. Eg sè ekki, að þetta geti komizt á; kostnaðurinn getur fljótt aukizt, amtmenn þurfa að ferðast um amtið, til að velja jörðina handa skólanum, eða láta jarðfróða menn gjöra það; það er líka kostnaður, og safnast þegar saman kemur. Eg held það sè nú nóg í bráð, að koma upp lagaskólanum. Það er sagt að muni þurfa hèr um 5,000 rd. í hverju amti; nú eru 6 sýslur í suðurumdæminu, og þá ætti að jafna hèr um bil 1,000 rd. á hverja sýslu; það óttast eg fyrir yrði ofvaxið.

Ásgeir Einarsson: Það var ekki leingi sem búnaðarskólinn hafði þennan beggja skauta byr, sem hann fèkk hjá þeim 6. konúngkjörna þíngmanni, og eg býst nú ekki við, að hann hafi byrsældina að gagni hjá mèr, þó eg nú nauðugur gángi í flokk á móti honum; það er nú að vísu satt, að nú eiga landsmenn þúngt uppdráttar, en við höfum líka búnaðarsjóðina, sem gæti styrkt þetta fyrirtæki, ef þeim væri vel stjórnað, og yrði aldrei betur varið. Eg vil líka ekki hika við, að betra sè að leggja kostnað á lausafè og fasteign, ef fyrirtækið mætti við það verða að gagni; því það er þess vert, að kosta til þess; það er eins og frækornið, sem blómgast og blessast, ef það ekki deyr út; annaðhvort er þetta allt heimska, og það sæist þá bráðum; en blessaðist það, á landið góðan grip, og menn gæti má ske mest í þessu efni, ef þeir hefði fúsan vilja. Þetta er ekki óþarfi, eða til óhófs, og ef menn vildi spara við sig $^1/_6$ hlut af munaðarvöru, yrði það lagleg upphæð, sem efalaust mætti koma á góðum búnaðarskóla með, ef fè því væri varið til búnaðar; menn þyrfti ekki nema að halda svo sem 1 föstudag í viku, og verja því, sem sparað væri, til búnaðarskóla. Menn geta mikið með góðum vilja, Eg get því ekki verið á móti þessu máli; þó nú sem stendur áhorfist óvænlega með ástand vort, getur það lagast.

Jón Hjaltalín: Það gellur nú í þessu máli eins og flestum öðrum, þegar eitthvað á að gjöra, hin sama bjalla; þá er verið að tala um, að það kosti svo og svo mikið, þetta er það venjulega hèr í öllum málum, og svona er það víðar, að þetta vanalega viðkvæði, um að það og það kosti svo mikið, kemur alltaf fram, en menn spyrja ekki um, hvað mikill ágóðinn og árángurinn geti orðið, og það er þó betra, að líta á það, í hverju slíku efni, og spyrja ekki

um kostnaðinn eða horfa í hann eingaungu, heldur líta á, að hvaða hagsmunum hvað um sig getur orðið. Bændum er að vísu vorkunn, þó þeim þyki þetta áhorfsmál, meðan svona stendur á, því þetta er ekki lítið fé, en saga þessa lands sýnir, að það getur fljótt rètt við, ef vel lætur. Menn verða og að gá að því, að komist þetta á, þá vinnst mikill hagur og ágóði við það, og að slíkar stofnanir eru nú álitnar aldeilis ómissandi meðal allra menntaðra þjóða, og gæti þetta komizt hèr á, getur enginn efazt um, að það er nauðsynlegt, þarflegt og verðugt þess, að einhverju sè til þess kostað.

Guðmundur Brandsson: Það er enginn, sem efast um, að þetta er nauðsynlegt, en hitt er annað, hvort það er mögulegt, og þá verður þó að tala um kostnaðinn. Hinn 6 konúngkjörni þíngmaður sagði, að saga landsins sýndi, að það gæti rètt fljótt við; annað heyrðist þó á honum hèr um daginn, þegar hann var að tala um hafísinn; þá sagði hann, að hann hefði opt legið við landið 6 og 7 ár samfleytt, og gaf hann í skyn grun sinn um, að svo mundi enn verða; þetta kalla eg nú mótsögn. Eg er nú að vísu enginn spámaður, en hitt veit eg, að það er nokkuð þángað til sá fjárfellir, sem á er orðinn, rèttir við aptur, og þó málinu yrði frestað, mundi menn ekki verða of feitir til að taka þessu vel, þó seinna væri. Þíngmaðurinn úr Strandasýslu kom með 2 uppástúngur um búnaðarsjóðina og toll á munaðarvöru. Ef nefndin vildi gjöra það að viðaukaatkvæði sínu, þá gæti það kann ske lagazt; en hvað búnaðarsjóðina snertir, þá getur skeð, að til þeirra þurfi að taka, ef þetta harðæri helzt. En hvað munaðarvörurnar áhrærir, þá er það nú líkt og farið var fram á 1853, þegar talað var um barnaskólann hèrna í Reykjavík; það komst þá ekki nema á annað hnèð, hversu lángt sem það kann að komast núna. Menn hafa sagt, að þetta sè vilji þjóðarinnar; eg segi nú hvorki já nè nei til þess, en eg skal játa, að eg gjarna vildi, að þetta gæti komizt á, en eg sè ekki, að nú sè kríngumstæður til þess.

Ásgeir Einarsson: Þíngmaðurinn hefir misskilið mig, því eg talaði ekki um toll á munaði, en eg sagði, að ef þjóðinni væri mikið umhugað um, að þetta mál feingi framgáng, þá mundi menn ei telja á sig, að spara við sig skaðlegar og óþarfar munaðarvörur, og verja fé því til svo þarflegs fyrirtækis, sem er til þess augnamiðs, að leggja grundvöll til velvegnunar landsins, og get eg sagt þíngmanninum það með sanni, að eg spaugaði ekki, mèr var full alvara.

Framsögumaður: Eg hefi því miður orðið að heyra, að 2

bændur hafa orðið til að mæla móti málinu, eða nefndarálitinu, en líklega ekki á móti efninu sjálfu. En hefði þeir lesið nefndarálitið vel, hefði þeir getað sparað sèr þessar umræður. Hvað fjártillögin snertir, sem menn hafa nú mest rekið augun í, þá er það einúngis lausleg áætlun, sem nefndin hefir gjört, og sem einúngis átti að vera þínginu til bendíngar; nefndin áleit, og það er skýrt fram tekið í nefndarálitinu, að ef jarðirnar feingist, þá ætti hitt að vera komið undir vilja og áhuga manna heima í hèruðum, hvað stórar þessar stofnanir skyldi vera, og hvað miklu fè til þeirra ætti að verja, og þó nú þessir tveir þíngmenn, sem talað hafa á móti málinu, viti, að menn sè svo áræðis- og áhugalausir hèr sunnanlands, að þeir ekkert vilji á sig leggja, til að koma búnaðarskóla á fót, þá ætti það ekki að verða því til fyrirstöðu, að menn í hinum ömtunum, sem meiri áhuga hafa á þessu máli, fái þessu framgeingt hjá sèr, og ef að þessar mótbárur verka það, að málið kemst ekki gegnum þíngið fram fyrir stjórnina, og að mönnum í hinum ömtunum sè heldur mikill órèttur gjör, ef þíngið álítur stefnu nefndarinnar rètta og af ræður það, að halda í sömu áttina, þá get eg ekki efazt um, að stjórnin veiti jarðirnar eptir því, sem ráða er af hinni konúnglegu auglýsíngu til þíngsins 1857; þá er nú líka mikið unnið, þegar grundvöllurinn er lagður; því þó kríngumstæðurnar i einhverju amtinu yrði því til fyrirstöðu í bráð, að stofnaður yrði skóli á jörðinni, þá mætti byggja hana einhverjum jarðyrkjumanninum, sem væri gjört að skyldu, að rækta hana og endurbæta, svo hún því betur yrði undir búin, þegar tími þætti til kominn, að stofna þar búnaðarskóla. Eg tek það enn upp aptur, að mèr þykir það hörmulegt, ef þíngið fellir málið, og lýsa einstakasta áhugaleysi og deyfð, því á hverju ríður okkur meira en því, að búnaður okkar komist í betra horf.

Jón Hjaltalín: Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að hann væri einginn spámaður, og læt eg hann um það, því slíkt kemur mèr eigi við; en hann verður þó að gá að því, að þó menn biðji stjórnina um eitthvað, þá er ekki hætt við, að hún grípi svo strax í vasa manna til að taka þaðan fè, að eigi sè ráðrúm að hugsa sig um; hún er ekki vön að vera svo fljót á sèr að leggja skatta á, og er það víst og svo góð regla. Eg hefi aldrei sagt, að ísinn lægi hèr 7 ár, þegar hann er kominn, þó eg hafi sagt, að það hafi við borið. Eg held líka, ef eg skoða hèrna Gullbríngusýslu, sem þessi maður einmitt er úr, þá held eg mörgum þar væri nær að gefa dalinn sinn til þessa, en að kaupa fyrir hann brennivín. Eg

fyrir mitt leyti er ekki svo sár á, þó menn eigi að gefa fè til slíks, því það er ekki til einkis; en eg held annars mörgum ríkisdalnum hjá oss sè ver varið, en þó menn köstuðu honum í sjóinn, og er þá eigi lángtum betra heldur að verja því til góðs og fallegs fyrirtækis?

Indriði Gíslason: Eg hefi nú lesið þrisvar sinnum nefndarálit þetta hèr á lestrarsalnum, eins og líka ræðurnar um þetta mál í þíngtíðindunum næstu fleirum sinnum, hvar á meðal að var ræða hins 3. konúngkjörna þíngmanns, sem nú er, sem honum mun efalaust verða til ódauðlegs heiðurs; nefndarálitið er svo vel úr garði gjört sem auðið er, að minni meiníngu; mótbárur í þessu efni eru eitt hið óverulegasta, sem hèr á þíngi hefir heyrzt; þegar nú að þíngið hefir verið að meðhöndla ótal bænarskrár og frumvörp um ýmsar stiptanir, allt andlegar framfarir og tómar loptbyggíngar, en þetta skyldi nú verða heygt með öllu, sem að er fóturinn undir allri velmegun landsmanna hèr, á sízt við, að berja við fátækt og illu árferði; því eg vil spyrja, eiga menn að hætta að vinna og leggja árar í bát, þegar bágindin bera að höndum? Er ekki vinnuaflinn bezti auðurinn, ef honum er rètt beitt? Nú einmitt eiga menn að láta sèr annast um, að koma á búnaðarskólanum, og það því heldur sem ver lætur í ári, því hvenær liggur á, að duga dreingilega, ef ekki þegar líf̃ið liggur við; það er annars mjög merkilegt, að þegar menn eru nú að tala um þennan kostnað, og það eru þeir mennirnir, sem hjartans-fegnir vilja betla á sig kostnaðinn í fjárkláðamálinu, án þess hvorki að það sè neinn rèttur til þeir beri hann, ellegar menn gèti sèð, að stjórninni sè nein þægð í því, þó tíma eða vilja þeir hinir sömu ekki leggja á sig eða aðra einn skildíng til þess, sem þjóðinni horfir til ævarandi gagns og framfara; eg vona menn láti útfallið verða betra en umræðurnar.

Guðmundur Brandsson: Hversu mikill vísindamaður sem hinn 6. konúgkjörni þíngmaður kann að vera, þá held eg samt, að máltækið ætli að sannast á honum: „það sjá augun sízt, sem nefinu er næst“, því árferði og ásigkomulag landsins, eins og það er núna, ætti þó að geta bent honum á það, sem næst liggur, sem er skortur og bjargarleysi. Eg ætla nú ekki að spá um, hvort skóli þessi muni komast mikið áfram með gjöfum manna, sem hann var að tala um, en það er nú ekki í nefndarálitinu minnzt á þetta, svo það liggur ekki til umræðu; þíngmanninum er þá bezt að taka sèr breytíngaratkvæði um það, en vera ekki að veifa því svona í lausu lopti yfir höfðum manna.

Forseti: Hèr var ekki talað um gjafir, heldur hvað framkvæma mætti, ef því og því væri varið til þess; eg verð að brýna það fyrir mönnum, að halda sèr við efnið í umræðum sínum, en hvarfla eigi svona út í aðra sálma.

Guðmundur Brandsson: Eg gat nú ekki betur skilið, en að þíngmaðurinn, sem seinast mælti, meinti gjafir, því hann tók það fram með berum orðum, og því vildi eg, að það yrði gjört að viðaukaatkvæði, ef það ætti nokkuð að þýða, og þá gæti má ske eitthvað lagazt. En fari svo, að menn fallist á nefndarálitið, og verði 1., 2. og 3. niðurlagsatriði þess samþykkt, þá vil eg til vara taka mèr það breytíngaratkvæði, að kostnaðurinn verði lagður á ríkissjóðinn, og til vara, að málinu verði frestað.

Jón Pètursson: Eg er sannfærður um, að búnaðarskólar eru nauðsynlegir fyrir hvert land. Nefndin hefir nú ekki ætlazt til, að ríkissjóðurinn kostaði þessa skóla, heldur að amtsbúar í hverju amti bæri þá og kostuðu sjálfir. Eg hefi nú heyrt á ræðum hinna þjóðkjörnu þíngmanna að norðan og vestan, er nú töluðu, að þeir eru mjög meðmæltir búnaðarskólum og áfram um það, að þeir komist upp, en þeir úr suðuramtinu móti því; það væri nú óviðurkvæmilegt, að þraungva mönnum í suðuramtinu til að koma upp búnaðarskóla hjá sèr, þvert á móti vilja þeirra, og það á þeirra eigin kostnað, af því Norðlendíngar og Vestfirðíngar vilja fá komið upp búnaðarkólum hjá sèr, og eins óviðurkvæmilegt er það á hinn bóginn, að Sunnlendíngar fái staðið mönnum fyrir norðan og vestan í ljósi fyrir, að fá á sinn kostnað búnaðarskóla upp hjá sèr, þegar Sunnlendíngar eingan þátt taka í þeim kostnaði; því vil eg, ef þau úrslit kynni að verða, að menn ekki vilja fallast á, að 1 skóli verði stofnaður í amti hverju, taka mèr það varaatkvæði, að búnaðarskólar verði stofnaðir í vestur- og norðuramtinu, samkvæmt því, sem nefndin hefir stúngið upp á, þó hann ekki verði stofnaður á Suðurlandi.

Arnljótur Ólafsson: Það hefir nú orðið mikið umtal um kostnaðinn, og því skal eg stuttlega skýra 4. niðurlagsgreinina eptir því, sem nefndin hugsaði sèr hana. Vèr byggðum á því, að allir væri samdóma í því, að skóli þessi væri nauðsynlegur og vildi leggja nokkuð í sölurnar fyrir hann; vèr skoðuðum, hvað minnst þyrfti að leggja í sölurnar fyrir hann, þá fórum vèr að geta oss til, hvað fást mundi hjá stjórninni; vèr vitum nú, að stjórnin styrkir ekki neinn búnaðarskóla í Danmörku eingaungu, heldur styður hún þá meira eða minna, og í Noregi er það einúngis einn búnaðarskóli, sem

haldinn er algjörlega á stjórnarinnar kostnað; því við hina búnaðarskólana ber stjórnin helming af kostnaðinum, en hlutaðeigandi amt hinn helminginn. Í Danmörku er þá ekki ætlazt til eða álitið, að stjórnin haldi þessa skóla eins og aðrar almennar menntunarstofnanir, eður með öðrum orðum, að búnaðarskólar eru þar ekki ríkismál, eins og lærdómsskólarnir, heldur eru þeir með fram amtamál eður héraðsmál, og því er ekki til neins að biðja stjórnina um það, sem hún ekki álítur sér skylt að gjöra heima í Danmörku. Það er því ekki til neins, og er heldur eigi rètt, að biðja stjórnina um allan kostnaðinn, heldur einúngis um styrk, og þá á hún bæði hægast með og mundi fúsust til, að veita eina jörð í hverju amti, og þá feingist tryggíng fyrir búnaðarskólunum, en það væri eigi til annars, en eyða öllu málinu, að heimta allt úr ríkissjóðnum. Kostnaðurinn verður nú misjafn í hverju amti eptir þörfum manna og vilja, því að ekki á eitt við um allt land; en nefndin áleit, ef stjórnin veitti jörð, þá mundi hún rita amtmanni um, að velja hana, þeir svo gjöra það, og rita síðan stjórninni, og segja henni frá, hvar komið væri. Vilji nú stjórnin samþykkja kosníng jarðarinnar, og riti síðan amtmanni um, að koma skólanum á fót, svo kveðja þeir þíngmenn í umdæminu til með sèr, að búa til reglugjörð skólans og um allt fyrirkomulag hans, og þá er undir þeim sjálfum komið, hvort skólinn kemst á fót, og eins hversu stór og kostnaðarsamur hann skuli vera. Ef nú menn í suðurumdæminu vilja ekki leggja til 1 skildíng hjá sèr, eins og mèr hefir heyrzt á sumum þíngmönnum þaðan, þá á það þó ekki að vera mönnum til hindrunar fyrir norðan og vestan, ef þeir vilja koma skólanum upp hjá sèr. Menn geta og komið sèr saman um, að amtmaður taki lán, sem svo borgist aptur af amtsbúum, og með því móti geta menn svo feingið búnaðarskóla í einu amtinu, þó menn vilji hann ekki í öðru hinna eður báðum tveim. Eg vil biðja þíngmenn, einkum þíngmanninn úr Gullbríngusýslu, að gá að því, að þó ekki þyki nauðsyn á þessum skóla hèr, eða þá að suðuramtið sè svo bágborið, að það þoli ekki þenna kostnað, þá er eigi rètt sökum þess, að leggja fjötur á hin ömtin, ef þau vilja, að málið fái þenna framgáng. Hjá nefndinni er nú greitt svo úr málinu sem haganlegast er fyrir hvert umdæmi sèr, og þetta er sá eini vegur, ef ekki á að gjöra öllum landsmönnum að lagaskyldu nú þegar, að koma skólanum á fót. Eg vil biðja þíngmenn að hugsa þetta vandlega, áður þeir gánga til atkvæða.

Stefán Jónsson: Þetta mál er nú í þriðja sinni hèr á þíngi,

og það væri mjög hraparlegt, ef það fèlli um koll; en eg vorkenni mönnum, þó að þeim eigi lítist á kríngumstæðurnar, sem nú blasa fyrir mönnum með árferðið og fjárfækkun, sem orðin er, og þó menn veigri sèr við, að leggja ný útgjöld á almenníng. Eg sè nú eigi betur, en að það sè hið sama, að vilja taka kostnaðinn úr ríkissjóðnum, og fella málið, eptir sem áður hefir geingið að fá styrk hjá stjórninni til skóla þessa. En mèr kom til hugar að búnaðarsjóðir fyrir norðan og vestan gæti hjálpað þessu máli við, og því ætla eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, að kostnaðurinn sè að einhverju leyti tekinn þaðan.

Páll Sigurðsson: Við Sunnlendíngarnir verðum fyrir hörðum dómi hjá þíngmönnum, þar sem þeir tala um, að aðskilja Sunnlendínga frá hinum ömtunum, og það er má ske ekki að orsakalausu. En eg fyrir mitt leyti er þó ekkert á móti, að farið sè fram á þetta, sem nefndin stíngur upp á, þó eg viðurkenni, að tíðarfarið nú ekki eiginlega geti hvatt menn til að ráðast í það. Eg er á sama máli og nefndin, að beðið sè um jarðirnar, því það er gott, ef þær væri feingnar, ef við kynnum einhvern tíma að rètta við aptur úr bágindum okkar. Eg er líka á sama máli og þíngmaðurinn frá Eyjafjarðarsýslu, að það sè vel til fallið, að búnaðarsjóðirnir gæti styrkt að þessu fyrirtæki, því það álít eg samboðið tilgángi þeirra.

Forseti: Eg vil gjöra þíngmanninn varan við, að í suðuramtinu er eingi „búnaðarsjóður“, heldur „húss- og bústjórnarfèlag“, sem á sinn sjóð, en honum getur því ekki orðið varið eptir neinum fyrirskipunum frá stjórninni, heldur einúngis eptir samþykki fèlagsins.

Páll Sigurðsson: Eg veit það vel, og því vildi eg ekki nema svona benda til þess. En eptir því, sem áður hefir farið, þá er ekki víst, hvort þessi uppástúnga nefndarinnar getur feingizt; en þó það sè óvíst, þá þykir mèr eingu til spillt, þó þess sè leitað.

Páll Melsteð: Eg ætla að lýsa því yfir, að eg hefi líka skoðun á máli þessu, sem þíngmaður Rángæínga, og því verð eg nefndinni meðmæltur. En það álít eg vera til undirstöðu búnaðarskólanum, að jarðir þessar geti feingizt eins og stúngið hefir verið upp á; þá verður eitthvað ágeingt, þegar þær eru feingnar.

Jón Pètursson: Eg fyrir mitt leyti verð að vera á því, að búnaðarskóli muni komast á bæði í norður- og vesturamtinu, því eg heyri að þíngmenn þaðan hafa svo mikinn áhuga á því og vilja kosta þá. Fyrst að einn þíngmanna Norðlendínga tók sèr breytíngaratkvæði, um að fè mætti veitast til búnaðarskólans þar af búnaðar-

sjóði norðuramtsins, þá ætla eg að taka mèr breytíngaratkvæði í sömu stefnu fyrir vesturumdæmið, ef mèr svo sýnist, og einginn annar þíngmanna að vestan tekur sèr það breytíngaratkvæði.

Ásgeir Einarsson: Eg ætlaði mèr einmitt að taka breytíngaratkvæði í sömu stefnu, svo að búnaðarsjóðurinn einnig styrkti til; því það er samkvæmt tilgángi hans og augnamiði, og því ekki fjarlægt; en kæmist þetta á, er eg ekki vonlaus um, að landbústjórnarfèlagið í Danmörku yrði fúst á, að styðja þetta mál, að minnsta kosti með góðum tillögum við stjórnina.

Framsögumaður: Hvað búnaðarsjóðina snertir, þá skal eg geta þess, að það kom til umtals í nefndinni, hvort tiltækilegt væri, að verja þeim nú strax til að koma búnaðarskólanum á fót, og áleit hún, að það ætti bezt við og væri æskilegt, að búnaðarsjóðirnir styddi búnaðarskólana, þegar þeir kæmist á; nefndin áleit, að það ætti ekki við, og væri ekki ráðandi til, að þeim yrði nú strax varið til að koma stofnununum sjálfum á fót, heldur væri það samkvæmar tilgángi sjóðanna, að þeir styrkti fèlitla efnilega menn til þess, að geta geingið á skólann. Þetta fjártillag, sem hèr er verið að þráklifast á, og sumir vilja gjöra að eins konar grílu, til að fæla þíngmenn frá málinu, er ekki svo stór álaga, að menn ekki fái risið undir henni, ef menn hafa góðan og einlægan vilja; og þó menn nú ekki geti greitt þetta fè allt á einu ári, sem vel getur verið, þá sýnist mèr eingin ómögulegleiki, að jafna því niður fleiri ár, sem gæti orðið mönnum minna tilfinnanlegt, enda mundi það ekki verða ómögulegt, að fá lán til bráðabyrgða. Sumir hafa verið ákafir með það, að taka þetta fè úr ríkissjóðnum, og vilja ekkert annað heyra. En eg sè ekki betur, en ef menn endilega vilja fá það goldið úr ríkissjóðnum, þá sè það hèr um bil það sama og fella málið, og væri þá mikið mannlegra og drengilegra, að fella það alveg með atkvæðum hèr á þíngi. Sama er nú að segja um það, sem bent hefir verið til um toll á munaðarvarníngi. Eg tel það aldeilis óverðugt landsmönnum, og ósamboðið þessum stofnunum, að láta þær hvíla á þess konar, eins og það í sjálfu sèr nær ekki neinni átt, að ráðgjöra slíkt í þetta sinn. Menn verða að gæta þess, að hèr er ekki verið að tala um lagaskóla, eða neina þess kyns stofnun, heldur einmitt þá stofnun, sem við bændur ættum að hafa mestar mætur á, og sem við gjarnan ættum að vilja eiga sjálfir, og því ekki vera að mæla lausafè okkar og fasteign undan að bera hana. Ef þessar stofnanir komast á, þá

nýtur öll alþýða góðs af ávöxtum þeirra, og því er sanngjarnt, að vèr berum þær sjálfir.

Stefán Eiríksson: Eg mælti ekki móti stofnun þessari af því hún væri ekki þörf í sjálfu sèr, heldur sökum kríngumstæða þeirra og árferðis, sem nú er, og lítur út fyrir að verði nokkur ár. Þíngmaður Dalamanna sagði, að mikill áhugi væri meðal þjóðarinnar á máli þessu, en af hverju sjá menn það hèr? Það er þó ekki komin nema 1 bænarskrá um það til þíngsins; og því held eg það sè mikill ábyrgðarhluti fyrir þíngmenn, að fara að stofna kostnaðarsama skóla, án þess að slíkar óskir komi frá kjósendum úr fleiru en einu kjördæmi.

Konúngsfulltrúi: Það kann vel að vera, að eg hafi ofyrt það, að nefndin ætlaðist til, að stjórnin skyldi koma þeim umræddu búnaðarskólum fyrst á fót, en að vísu segir þó nefndin í álitsskjali sínu, að það sè ekkert efamál, að vèr eigum fulla heimtu á því, að stjórnin gjöri það, en þetta er nú ekki aðalatriðið, heldur hitt, hvort landsmenn sè færir um og fúsir til, að bera þenna kostnað, og það verð eg að halda sè efa bundið.

Brynjófur Jónsson: Til þess menn ekki haldi, að eg annaðhvort hafi einga meiníngu um þetta mál, eða sè því móthverfur, af því eg sè einn úr suðuramtinu, eins og mèr virðist hafa verið beint að þeim þíngmönnum, sem það̃an eru, þá vil eg lýsa því yfir, að eg álít þetta mikilvægt og mjög nauðsynlegt. Eg álít, að þetta mál sè mjög náteingt því boði, sem mannkyninu var gefið í öndverðu, að menn skyldi gjöra jörðina sèr undirgefna; en til þess að þessu boði verði hlýtt, verða menn að hafa kunnáttu og þekkíngu, og þá geta menn fyrst leitt í ljós, hvílíka hulda fjársjóðu jörðin geymir í sèr. Hvað kostnaðinn snertir, þá hygg eg að flestir mundi fúsari til, að leggja nokkuð í sölurnar, og taka nærri sèr fremur í þessu máli en öðrum, og ekki horfa í, þó nokkuð væri fram lagt; þá koma dagar og þá koma ráð, og nýir útvegir með tímanum. Menn hafa sagt, að ekki væri nú hinn hentugi tími, til að tala um búnaðarskóla, en eg segi, að hinir bágu tímar eru því ekki til fyrirstöðu, að um þetta sè *rætt,* því það sem nú er rætt, getur síðarmeir komið til framkvæmdarinnar.

Magnús Andrèsson. Það er eitt atriði í þessu máli, sem eg vildi minnast á, og sem eg vildi biðja þá þíngmenn, sem mótfallnir eru þessum búnaðarskólauppástúngum vel að aðgæta; það er mismunur sá, sem á því er, að verja fè til þvílíkrar stofnunar, er hèr ræðir

um, eða til annara skóla, svo sem lagaskóla, læknaskóla og annars þvílíks; þær stofnanir útheimta ærið fè árlega, sem eyðist jafnóðum, en hèr er öðru máli að gegna; fyrir fè það, sem amtsbúar eitt sinn ætti að leggja til, svo búnaðarskóli komist á fót, á að kaupa arðberandi skepnur, vel húsaðan bæ og öll nauðsynleg búnaðaráhöld til jarðabóta og jarðyrkju; þetta á að við haldast og jafnvel aukast og vera æfinleg eign amtsbúa; þessu fè á ekki að kasta í sjóinn; þetta ætti þingmenn vel að íhuga, því það er verulegt atriði. Í þeim mótbárum, sem hèr heyrast móti nefndarálitinu er því barið við, að nú sè hart í ári, og í ýmsu tilliti horfist óvænlega á með ástand fólks. Þetta er mikið satt, en með þetta mál mundi verða líkt og mörg önnur hjá oss, þó því væri nú fram haldið, að það „fljúgi ekki á vængjum vindanna“. Eg held þingið breytti mikið óhyggilega, ef það nú felldi málið; það er nú í 3. sinn, að mál þetta kemur fram hèr á þingi, og eptir minni beztu sannfæringu held eg, að nefndin hafi tekið þá stefnu, sem álitlegust er, og henni vil eg sè fram haldið. Ef konúngur neitar um jarðirnar, þá fellur allt af sjálfu sèr, en ef hann *veitir* þær, þá er bágt, ef þjóðin ekki notar það tækifæri, og leggur sitt til, svo þessi stofnun komist á fót, því það verða allir að játa, að framför landbúnaðarins er helzta undirstaða velmegunar þjóðarinnar, en vel getur verið, að ástand landsins — en þótt það, nú sem stendur, sè bágborið,— verði komið á viðrèttíngarveg, þegar allt þetta hefir geingið fyrir sig, því hèr þarf lángan og verður að líkindum lángur undirbúníngstími. En það gleður mig, að flestir, sem til máls hafa tekið, eru nefndarálitinu meðmæltir, og því vona eg að það fái góð úrslit hèr á þingi.

Indriði Gíslason: Mótbárur þær, sem komið hafa hèr fram, eru nú of margar og of magrar, til þess að málið verði fellt; það er verið að tala um viljaleysi landsmanna, en dæmin eru deginum ljósari; hver vottur er betri, til þess að hrekja það, en jarðabóta lífið, sem farið er að lifna? Arnessýsla er ekki lángt frá; menn geta sèð þar þegjandi vottinn, og svona er það hèr og hvar meira og minna um allt land; eg er óhræddur um dreingskap manna flestra í mínu kjördæmi í þessu máli.

Það má skè þyki nú nokkuð sèrstök skoðun af mèr, að eg skoða nú þetta mál svo, fyrst og fremst það, að það er sama og fella málið, að biðja eingaungu um fjárstyrkinn úr ríkissjóði, og annað hitt, að það skal aldreigi draga með sèr eins drjúga framför, eins og ef landsmenn sjálfir kosta þessa stofnun sína að mestu leyti, og má

segja svo, „að því barninu ann eg meir, sem meira hefi fyrir“. Þó að ríkissjóðurinn veitti nú allt þetta fé, þá er eg hræddur um, að það yrði, eins og með það, að hollara er, að hafa ofan af fyrir sér sjálfum, en manni sé lagt af hreppssjóði.

Þetta er heldur ekki allt komið undir dauðum fjárhrúgunum, því eg get sagt það með sanni, að þar sem eg þekki til fyrir vestan, hefir mest verið gjört af fátækum mönnum, sem að hafa fúsan vilja, en hjá auðmönnunum ekkert í samanburði við það, og einkis styrks von, að undanteknum einúngis einum manni, sem er nú ekki lángt frá.

Ásgeir Einarsson: Má ekki senda konúngi bænarskrá um að þessar 2 eða 3 jarðir feingist? það er svo aðalatriðið, og feingist það, þá mundi hitt liggja ljúfar.

Framsögumaður: Það hefir nú verið svarað þeim fáu mótbárum, sem komið hafa gegn máli þessu, svo eg get verið því fáorðari; einasta skal eg bæta því við, að hèr er eingan veginn spursmálið um það, hvað miklu fé eigi að verja til stofnana þeirra er hèr ræðir um, heldur einasta er því farið fram, að ef það á sínum tíma kynni virðast nauðsynlegt, að verja n o k k r u fé til þessa augnamiðs, þá biðji þíngið stjórnina að veita vald t i l þ e s s; því eg vona mönnum skiljist það, að hvort sem þetta fé verður mikið eða lítið, þá er ómögulegt að jafna því niður á þann hátt, sem nefndin hefir stúngið upp á, nema með sèrstaklegu leyfi frá stjórninni, því eg vona menn gái þess, að þíngið hefir ekki fremur í þessu máli en öðru fjárhagsráð eða löggjafarvald. Eg held að hinn 1. konúngkjörni þíngmaður, sem nú er í *konúngsfulltrúa*sætinu hafi misskilið nefndarálitið; því hann skilur það svo, að það gjöri ráð fyrir háum kostnaði árlega til þessara stofnana; en það er ekki því máli að gegna. Nefndin hefir ekki hugsað sèr nein árleg útgjöld, eða þá svo lítil og ómerkileg, að slíkt er varla teljandi. Það eru útgjöld einu sinni fyrir öll, sem hèr ræðir um, eins og þíngmaður Árnessýslu tók ljóslega fram; því fé er ekki fleygt í sjóinn, heldur má með sanni kalla það frækorn, sem landsmenn sá í sinn eiginn akur, og sem á og má bera ávöxt, sè vel á haldið; það á að verja þessu fé til fènaðarkaupa og jarðyrkjuverkfæra handa stofnununum, og til jarðabóta á þeim, svo þær geti því betur náð tilgángi sínum; þetta verður innstæða, sem landsmenn eiga sjálfir, og sem ekki mun koma í vanþarfir, þegar tímar líða; þessa bið eg menn vel að gæta.

Ásgeir Einarsson: Eg vil taka það betur fram, að eg vil leggja það til, að stjórnin leggi fyrir næsta þíng frumvarp um þetta,

og þá koma fram ljósar raddir um, hvort menn vilji hafa þetta eða ekki; það er eingu spillt, þó beðið sè nm frumvarp,

Forseti: Eg veit ekki, hvort það var meiníng hins heiðraða þíngmanns að taka sèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, sem hann gat um, og því vil eg hreifa því við hann, hvort svo hafi verið.

Ásgeir Einarsson: Eg vil geyma mèr rètt til breytíngar- eða viðaukaatkvæðis í þá átt.

Benedikt Þórðarson: Mèr sýnist að þíngmenn eigi nú að minnast hins fornkveðna: „Einhvern tíma batnar byr, þó blási nú á móti“, og horfa ekki svo mjög á það, þó ekki sè nú fè fyrir hendi, til þess að reisa á fót búnaðarskóla hjá oss, og ekki setja það fyrir sig, þótt árferði sè erfitt eins og stendur, það er ekki nú þegar að við þurfum á fènu að halda, það eru jarðirnar undir skólana, sem fyrst er að fá, og um þær skulum vèr nú þegar biðja. Það greiðir fyrir málinu, að við ekki frestum því; fari svo vèr fáum bænheyrsluna, þá höfum vèr mikið feingið; vèr höfum þá feingið hyrníngarsteinana undir byggínguna, og fyrri en þeir eru fengnir, verður hún ekki reist; en lifum í voninni, að þá komi dagar og þá komi ráð, til þess að reisa hana.

Framsögumaður: Það er skýrt tekið fram í nefndarálitiuu, að það sè til æfinlegrar eignar fyrir stofnanirnar, að biðja skuli um jarðirnar.

Forseti: Fyrst að nú ekki taka fleiri til máls, þá er undirbúníngsumræðu þessa máls lokið. Þar með er þá dagskráin á enda, og dagurinn með, og skal eg ákveða fund til á morgun kl. 11. Munu þá koma 2 mál til undirbúníngsumræðu: *jarðamatsmálið,* og ef tíminn leyfir, *skattheimtumálið.*

Fundi slitið.

---

4. ágúst — tuttugasti og fjórði fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til undirbúníngsumræðu *málið um samlagníngu af skattgjaldi af fasteign og lausafè;* en eptir ósk hins háttvirta *konúngsfulltrúa* verður *jarðamats-*

málið fyr tekið til undirbúningsumræðu, þó það standi seinna á dagskránni.

Framsögumaður í þessu máli er hinn heiðraði þingmaður úr Norðurmúlasýslu.

Framsögumaður (Halldór Jónsson): Eg skal leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. Var nefndarálitið síðan lesið upp svo látandi:

„Hið heiðraða alþingi hefir 4. dag þ. m. kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um *konúnglegt frumvarp til tilskipunar um löggildingu nýrrar jarðabókar fyrir Ísland og þar með fylgjandi frumvarp til jarðabókarinnar.*

Til nefndarinnar hefir þingið og vísað nokkrum bænarskrám viðvíkjandi jarðamatinu nefnil.:

1. Bænarskrá frá frjálsum fundi í Snæfellsnessýslu, um að það fái ekki að svo komnu lagagildi.
2. —— frá Kollabúðafundi sama efnis.
3. —— frá nokkrum búendum í Barðastrandar og Dalasýslum, um að það verði, sem öldúngis óþenanlegt, látið niðurfalla, m. m.
4. —— frá Þínghöfðafundi, um að öllum landsbúum gefist kostur á, að kynna sèr frumvarpið o. s. frv., áður það öðlist lagagildi.
5. —— frá Hólahreppsfundi, um að mat á jörðunum í Hólahrepp verði ei löggilt, fyr en búið sè landseðlislega að endurskoða það í hreppnum sjálfum.
6. —— frá Þínghöfðafundi, um að fá skattalög eptir efnahag, og
7. Uppástúngu frá þingmanni Suður-Þingeyjarsýslu, um að matið á varpjörðum í norður- og austur-amtinu verði lækkað, og að matið á bændakirknajörðum í Þingeyjarsýslu, sem Reykjavíkurnefndin hefi hækkað, verði aptur lækkað.

Nefndin hefir leitazt við, að hugsa mál þetta sem ýtarlegast, og leyfir sèr nú að láta álit sitt um það í ljósi á þessa leið:

Þar eð aðalbreytingin frá því, sem alþingi fór fram á í allraþegnsamlegastri bænarskrá 17. ágúst 1857, er fólgin í því, að hundraðatalan í frumvarpi því, er *hans hátign* hefir látið leggja fyrir þing þetta, er reiknað út með ·1 deili fyrir allt landið, en ekki 3 deilum,

tók nefndin allrafyrst þetta atriði til íhugunar; og er nú *meiri hluti hennar* kominn að þeirri niðurstöðu, að honum beri að ráða þinginu til, að aðhyllast þessa breytíngu; því að vísu eru ástæður þær, sem þíngið 1857 hefir byggt á bæn sína um 1 deili fyrir hvert amt, álitlegur og í sumu tilliti sennilegur; en aptur á móti er það óneitanlegt, að þrídeilirinn raskar nokkuð þeim innbyrðis jöfnuði milli allra jarða í landinu, sem álítast mátti að þegar væri feinginn, einkum með því, að Reykjavíkurnefndin hafði tillit til afgjaldanna; og svo ætlum vèr það eðlilegt, að norður- og austuramtið hafi hækkað að hundraðatali, en vesturamtið aptur lækkað, sumpart vegna þess, að landbúnaði og jörðum muni hafa farið meira fram í hinu fyrnefnda amti, og sumpart þess vegna, að vörp og önnur hlunnindi, sem fylgja prestaköllunum, og áður ekki voru matin til hundraða, muni hafa hækkað hundraðatöluna meira en í vesturamtinu. Að þetta hvorttveggja einnig verði sagt um suðuramtið, í samanburði við vesturamtið, er vafasamara; en aptur er á það að líta, að margar jarðir hafa þar hækkað mikið af sèrstaklegum orsökum, t. a. m. Reykjavík um 136 hndr., Eingey 60, Nes 56, Viðey 141, Bessastaðir 36, Keflavík 36, Hafnarfjörður (áður ómatinn) 35 hndr. Líka lýsa bænarskrár þær, sem nú hafa verið sendar þinginu, um frestun á löggildíngu jarðabókarinnar, því, að það er einmitt þrídeilirinn, sem ekki hefir geðjast mönnum, sízt í vesturamtinu. Að því, er áhrærir sèrstakan sýsludeili fyrir Rángárvallasýslu, sem Rángvellíngar hafa sent um allraþegnsamlegasta bænarskrá 24. júní f. á., þá er bæn þessi bundin við amtadeilinn; virðist því, þegar vikið er frá honum, því síður vera ástæða til að gjöra undantekníngu frá aðalreglunni fyrir eina sýslu.

Aptur álítur *minni hluti nefndarinnar (Arnljótur Ólafsson og Guðmundur Brandsson)*, að eigi sè ástæða til, að þíngið breyti skoðun alþíngis 1857, og fallist nú á einn deili í stað þriggja, því enn þótt það sè satt, að hinn eini deilir sè reiknínglegri, eptir að Reykjavíkurnefndin hafði jafnað jarðamatið í hverri sýslu eptir afgjaldsupphæðinni, þá finnst okkur eingin ástæða sè til, að hundraðatalan í suðurumdæminu skuli í hinu nýja jarðamati hækka um 1172 hndr., í norður- og austurumdæminu um 766 hndr., en í vesturumdæminu lækka um 1938 hndr. Ástæður okkar eru þessar: Menn verða að álíta, að hið forna jarðamat hafi á fyrri tímum verið, að öllu samtöldu, jafnt, að minnsta kosti í umdæmi hverju; og margt dregur til þess, að það hafi orðið hærra í suður- og norður- og austurumdæmunum,

en í vesturumdæminu; því fyrst er það, að flestallar stólsjarðir og klaustrajarðir hafa legið í umdæmum þessum, og þær hafa verið smátt og smátt færðar upp vegna tíundarfrelsisins, sem náttúrlegt var, því landskuld var bundin að lögum við hundraðatöluna, en nú varð landskuldin að hækka á þeim í notum tíundarfrelsisins. Sést þetta glöggt, ef stólsjarðabækurnar eru bornar saman við aðrar jarðabækur, en þó einkum við jarðamatið nýja. Þá er það önnur ástæða, að suðuramtið hefir geingið svo ákaflega mikið úr sèr frá því að jarðabók Árna Magnússonar var gjörð 1702—1714, — sem þó er eingin ný jarðabók eða nýtt jarðamat, heldur byggir hún að mestu leyti á hundraðatali því, er þá var, -- að nú eru enda heil hèruð síðan lögð í auðn af eldgosum og landbrotum, bæði af vatnsföllum og sjáfargángi, svo að óhætt má fullyrða, að þótt ýmsar jarðir hafi nokkuð batnað, einkum í grennd við Reykjavík, þá geti það eingan vegin jafnazt við halla þann, sem suðuramtið hefir beðið. Aptur á mót hafa margar jarðir á Vesturlandi tekið miklum framförum, einkum á Breiðafirði og þar um kríng, þar sem dúnjarðir allar hafa hækkað svo geysilega mikið í verði, sakir þess, að nú er dúnn orðinn fjarskalega dýr vara, en fyrrum var hann lítilsvirði, er sjá má af Búalögum. Reynslan ber hèr og um ljósan vott, þar sem það verður sèð, að árin 1836—1857 hefir lausafjártíundin hækkað í vesturumdæminu um 55.4 af hundraði, en í suðurumdæminu að eins um 39,5 af hundraði, verður þessi munur einkum að vera að þakka gæðum jarðanna, því álhöld munu vera um búmennsku Vestfirðínga og Sunnlendínga. Þess skal og getið, að miklu meiri selveiði og hákallaveiði er á Vesturlandi en Suðurlandi, svo að það vinnur hæglega upp það, sem þorskafli kann að vera meiri hèr á Suðurlandi. Um norðuramtið skal þess getið, að þar verða opt alþaktir allir firðir af hafís, nema í Strandasýslu og litlum hluta Ísafjarðarsýslu, þótt annarstaðar sè eingínn hafís.

Af þessum ástæðum verður *minni hlutinn* að ráða til þess, að amtsdeilarnir verði við hafðir, það er að skilja 30.5 í suðurumdæminu, 26.5 í vesturumdæminu, og 29.5 í norður- og austurumdæminu, og jarðamatið nýja löggilt með því hundraðatali, er jarðirnar fá með þessum hætti.

Því næst tók nefndin það atriði til íhugunar hvert þær ójöfnur milli einstakra jarða muni eiga sèr stað í hinu nýja jarðabókarfrumvarpi, að það verði að álítast óhafandi, eins og það er. Þessu getur nefndin ekki verið samþykk; þvert á móti er það *eindregið*

álit vort, að mikið sè unnið við hið leiðrètta matsverð í tilliti til þess innbyrðis ójafnaðar, sem eptir hinu forna hundraðatali átti sèr stað; enda eru ekki fram komnar neinar uppástúngur með ástæðum um breytíngu á mati einstakra jarða, og þetta atriði er að eins lítið, og mest óbeiulínis álirært í bænarskránum, og má álíta, að þess konar ójöfnur hafi, eins og til var ætlazt, lagazt við yfirmatið í sýslunum. Að vísu erum vèr þeirrar meiníngar, að æðarvörpin yfir höfuð að tala kunni við jarðamatið 1848 – 49 að hafa verið hærra matin í norður- og austurumdæminu en vesturumdæminu; en þetta má yfir höfuð álítast að vera jafnað við aðgjörðir Reykjavíkurnefndarinnar, svo vèr getum ekki haldið, að verulegar ójöfnur eigi sèr nú stað í því tilliti. Það getur hèr og komið til álita, að flestar jarðir í norður- og austurumdæminu, sem varp fylgir, eru undan þegnar tíund nú sem stendur.

Að því er álirærir uppástúngu þíngmannsins fyrir Suður-Þíngeyjarsýslu, um að lækkað verði matið á bændakirknaeignum í þessari sýslu, að þeirri tilltölu við aðrar jarðir, sem Reykjavíkurnefndin hefir hækkað það, þá getum vèr ekki betur sèð, en nefnd þessi hafi byggt hækkun jarða þessara á gildum rökum, úr því það ekki var aðalregla, að draga allstaðar prestsmötuna frá. Hitt er sjálfsagt, eins og Reykjavíkurnefndin hefir tekið fram, að hafa ætti tillit til prestsmötunnar, þegar nýjir skattir yrði lagðir á jarðirnar.

Ekki álítum vèr heldur, að þíngið geti nú tekið til greina bænarskrána frá Hólahrepp, eða að hún megi verða löggildíngu jarðabókarinnar til fyrirstöðu; jarðir þar eru af Reykjavíkurnefndinni að eins hækkaðar að tiltölu við aðrar jarðir sýslunnar, en það álítum vèr sjálfsagt, að þegar jarðir leggjast í auðn, eða sæta stórkostlegum áföllum, og það er löglega sannað, að mati þeirra þá fáist breytt.

Þó bænarskráin frá Barðastrandar- og Dalasýslum sè í mörgu tilliti merkileg og vel hugsuð, getum vèr þó ekki ráðið þínginu til, að falla nú frá jarðamatinu, sem svo miklu er búið til að kosta, er hèðan af ekki verður sparað. Vèr þykjumst líka sjá, að sú tíundartaka af jörðum, sem stúngið er upp á í þessari bænarskrá, mundi baka hreppstjórum ókljúfandi örðugleika, og margs vegna reynast óhafandi; 4. atriðið í bænarskránni viðvíkur ekki heldur eiginlega jarðamatinu.

Viðvíkjandi bænarskránni frá Þínghöfðafundi um skattgjald eptir efnahag, þá getur hún ekki nú þegar tekizt til greina; enda er löggildíng jarðamatsins þessum skattgjaldsmáta til eingrar fyrirstöðu,

því 2. grein frumvarpsins talar að eins um þá skatta, tolla og gjöld, sem eptir þetta kynni að verða lögð á jarðir á Íslandi.

Að svo mæltu snúum vèr oss að hinum einstöku greinum hins konúnglega frumvarps:

1 grein: Nefndin ræður til, að jarðabókin öðlist lagagildi 6. júní 1861, svoleiðis að tíundir verði fyrsta sinn heimtar og goldnar eptir henni í fardögum 1862, ef þær ekki verða, eptir sem áður, heimtar og goldnar eptir hinum forna jarðadýrleika. En það er um þetta atriði í

2. grein, sem nefndin varð ekki á einu máli. *Meiri hlutinn* fellst á þá ákvörðun frumvarpsins, að jarðartíundir verði yfir höfuð greiddar eptir hinni nýju jarðabók, frá því hún öðlast lagagildi, og byggir álit sitt á því, að hið nýja hundraðatal sè miklu jafnara innbyrðis en hið gamla, að almenníngur búist við breytíngu á tíundinni með nýju jarðamati, og hafi einmitt í þessu skyni æskt eptir því, en muni ekki svo mikið hafa haft tillit til nýrra skatta, sem eingin vissa var fyrir, hvort og að hve miklu leyti mundi verða lagðir á jarðeign, að þíngið hafi áður farið þessu fram og stjórnin fallizt á það, og að mönnum mundi finnast hin nýja jarðabók þýðíngarlaus, ef þessi eina nytsemi hennar, nú sem stendur, fèlli burt. Að því leyti offur til presta er að nokkru leyti miðað við jarðeign, álítum vèr, að einnig ætti í þessu tilliti að fara eptir hinni nýju jarðabók.

Minni hluti nefndarinnar (*Vilhjálmur Finsen* og *Arnljótur Ólafsson*) álítur, að hina nýju jarðabók beri að eins að löggilda sem stofn fyrir sköttum og gjöldum, er kunna að verða lögð á jarðirnar hèr eptir; en getur ekki fallizt á, að tíundir sè þegar teknar eptir jarðabókinni, þar sem tíundin á mörgum jörðum verður hærri eptir hinni nýju hundraðatölu, heldur en eptir hinni fyrri; en með því að taka tíundir á þann veg, er í raun rèttri rýrð eignin í samanburði við aðrar jarðir, þar eð sá, sem keypt hefir jörðina, má álítast að hafa gefið þeim mun meira fyrir jörðina sem tíundin var minni; eins og einnig má gjöra ráð fyrir, að hún verði eigi byggð á eptir með eins háum leigumála, þegar tíundin er hækkuð; og álítum vèr, að ef taka ætti tíundir eptir hinni nýju jarðabók, þá ætti það að vera jafnframt því, að ný almenn skattalög væri gefin, og tíundinni sjálfri breytt, og þá einnig ákvarðanir teknar um, hvort undanþágur þær frá henni, sem nú eru, skuli haldast, og yfir höfuð

öll þau vandkvæði tekin til greina, sem eiga sèr stað, þegar breyta skal gjöldum, sem hafa staðið um lángan tíma; og eru menn í öðrum löndum mjög varkárir með að löggilda nýjar skuldsetníngar með tilliti til slíkra gjalda, eins og t. a. m. á sèr stað í Danmörku, þar sem hin forna skuldsetníng hefir verið látin gilda sem stofn fyrir nokkrum hluta af sköttunum, en nýi dýrleikinn fyrir hinum hlutanum. Þess ber og að geta, að bæði álit skattanefndarinnar 1846 og ástæður stjórnarinnar 1847 fyrir frumvarpinu um hið nýja jarðamat bera það með sèr, að ástæðan eða tilefnið til þess, að jarðamatið var gjört, var frá upphafi það, að hinn forni dýrleiki var frá upphafi álitinn óhafandi sem undirstaða fyrir nýjum sköttum, er ætti að komast á, en þar á móti var ekki þá ráðgjört, að tíundir skyldi taka þegar eptir nýja dýrleikanum, eða að hans þyrfti vegna þeirra. Vèr álítum einnig, að óánægja sú, sem að nokkru leyti ætíð hlýtur hjá allmörgum gjaldþegnum að koma fram, þegar farið er að taka gjöld eptir nýrri skuldsetníngu, mundi, ef til vill, verða að tiltölu meiri, ef jarðabókin væri smámsaman löggilt, fyrst sem stofn fyrir tíundum, og svo síðan fyrir nýjum jarðasköttum, heldur en ef frestað væri að fara eptir henni, þángað til skattalögunum yfir höfuð væri breytt í einu lagi. Loksins skal þess getið, ef tíundir eru þegar teknar eptir jarðabókinni, þá lækka tíundir til allra tíundartakanda (ɔ: konúngs, kirkju, prests og fátækra) hèr um bil í annari hverri sýslu, sókn, prestakalli og hreppi í öllu landinu, og ef bæta skyldi sýslumönnum og prestum, og ef til vill kirkjum þann missi, sem eigi virðist verða hjá komizt, þá virðast veruleg vandkvæði á því, að útvega fè til slíks endurgjalds.

Samkvæmt þessu stíngur *minni hlutinn* upp á því, að seinni hluti annarar greinar í frumvarpinu, frá orðunum: „einnig skal upp frá þeim degi“ sè sleppt úr.

En fallist þíngið ekki á þetta, hefir *minni hlutinn,* ásamt *meiri hlutanum* hugleitt, hvort ekki mundi mega komast hjá þeim ójöfnuði milli gjaldþegna, sem eptir þessari grein frumvarpsins um stund yrði að eiga sèr stað, viðvíkjandi preststíundinni. Vèr höfum leitazt við, að komast sem næst því, hvað mikið prestar mundi missa tilsamans, og eins hver einstakur þeirra, í preststíundinni, ef farið væri eptir hinni nýju jarðabók; mundi það verða til samans milli 3 og 400 rd., en hjá

hverjum einstökum frá 1 rd. eða minna til c. 15 rd. Að vísu mundi nú aðrir prestar vinna í tíundum nálægt því eins mikið; ei að síður getum vèr ekki ráðið til, að taka hjá þeim mismuninn til að bæta hinum hallann, því þetta mundi valda ærnum umsvifum. Líka þykir oss ísjárvert, þó ekki sè um mikið að gjöra, og það smáminnki við prestaskipti, að fara því á flot, að það borgist af ríkissjóðnum. Ekki getur oss heldur þótt ráðlegt, að stínga upp á, að prestar megi reikna kirkjum sínum mismuninn, því þær missa sjálfar nokkurs í, og eru í ábyrgð prestanna, svo yrði þá líka að grípa til annara ráða, til að bæta hallann prestum í þingabrauðum og klaustra. Álítur nefndin því, að ekki sè nema tveir vegir fyrir hendi, annar, að fella hinn umtalaða kafla greinarinnar, og hinn, að halda honum óbreyttum, og þar sem miklu minni ósanngirni er í hinu síðara, og hallinn skiptist eptir því í hverri sókn á marga fyrir einn, og nemur hvern einstakan svo sem eingu, verðum vèr heldur að ráða til, að velja þenna veg.

Með tilliti til kóngstíundarinnar hefir stjórnin sjálf sagt í ástæðum frumvarpsins, að breytíngin sè eingum vandkvæðum bundin. Ei að síður áleit nefndin það hlýða, að útvega skýrslur um, hvað mikið sýslumenn þeir, sem hafa alla kóngstíundina, og eins hinir, sem hafa sjöttúng hennar, mundi missa; og telst til eptir skýrslum þeim, sem vèr höfum þar yfir látið semja, að það verði tilsamans hèr um bil 110 rd.; en aptur fær kóngssjóðurinn af $^5/_6$ tíundarinnar, þar sem hún hækkar c. 216 rd., en missir, þar sem hún lækkar, c. 160 rd.; svo það, sem kóngssjóðurinn mundi verða að skjóta til, að öllu aðgættu, ef bæta skyldi sýslumönnum, eins og venja er til, það sem þeir mundi missa í tíundum, svarar hèr um bil 54 rd.

3. grein. Nefndin verður að ráða þínginu frá, að aðhyllast fyrra hluta þessarar greinar; af bænarskrá þeirri, sem komið hefir til þíngsins viðvíkjandi skattatöku af lausafè og fasteign samanlögðu, og af umræðum þíngmanna um þetta efni, hefir það orðið ljóst, að þessi skattheimtumáti er á seinni árum farinn að smeygja sèr allvíða inn, og hefir valdið ágreiníngi og deilum, þar menn hafa þótzt í vafa um, á hve gildum rökum hann væri byggður; og því óvinsælla hefir þetta orðið, sem fènaðarfækkunin í suðurumdæminu á þessum árum hefir verið orsök þess, að þessi skattheimturegla hefir víðar komið í ljós, en meðan vel

lèt í ári. Ætlum vèr bezt henta, að lagaboð um nýjan jarðadýrleika snerti ekki þetta atriði, enda mundi það standa á sama, hvort í þessu efni væri farið eptir hinu gamla eða nýja hundraðatali.

Seinni hluti greinarinnar finnst nefndinni einnig mega falla burt, þar sem alþingisgjaldið er ákveðið með lagaboði, eins og það nú er tekið. Um þetta atriði hafa eingar bænarskrár komið til þingsins, og vèr vitum ekki til, að þessi gjaldmáti hafi vakið neina óánægju. Að vísu hafa sumir nefndarmenn haldið því fram, að alþingiskostnaðurinn yrði þegar lagður á hið nýja hundraðatal í stað afgjaldanna, en hafa þó ekki viljað gjöra þetta atriði að ágreiningsefni í nefndinni.

4. grein frumvarpsins aðhyllumst vèr óbreytta.

Að svo fyrir mæltu *ræður nefndin til, að þingið samþykki hið konúnglega frumvarp, þannig:*

1. grein: að hún verði samþykkt óbreytt og eyðurnar fylltar með „6. júní — 61“.

Minni hlutinn: *þó því að eins, að hundraðatalan sè reiknuð út með þeim amtadeilum, sem þingið stakk upp á 1857.*

2. grein:

Meiri hlutinn: *að hún löggildist óbreytt.*

Minni hlutinn: *að einúngis fyrsti kafli hennar verði löggiltur, þessi nefnilega: „Eptir þessari hinni nýju jarðabók skulu greiddir skattar, tollar og gjöld þau til almenníngsþarfa, er eptir þetta kunna að verða lögð á jarðir á Íslandi.*

3. grein: að hún falli burt.

4. grein: að hún löggildist óbreytt sem 3. gr.

Reykjavík 30. dag júlím. 1859.

Arnljótur Ólafsson. Guðmundur Brandsson. Vilhjálmur Finsen.
formaður.

Ásgeir Einarsson. Halldór Jónsson. Ólafur Jónsson.
framsögumaður.

Benedikt Þórðarson“.

Framsögumaður (Halldór Jónsson): Þó að málefni þetta hafi frá upphafi verið mjög vandasamt og margbrotið, finnst mèr þó iðjusvið alþingis nú þar að lútandi vera orðið nokkuð takmarkað og þreingra en áður, þar sem hið konúnglega frumvarp er að eins í einu aðalatriði frábrugðið því, sem þingið fór fram á 1857. Málið hefir líka gegnumgeingið svo marga hreinsunarelda, og það með heppni, og að áliti

mínu, sèr til bóta, svo eg get ekki annað en vonað þess, að það fái nú góðar viðtökur á þinginu; og skal eg ekki gefa tilefni til, að umræðurnar verði löngar.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skal ekki neita því, að nefndarálit þetta er mjög greinilegt; en það er óhappalegt, hvað það er marghöfðað og margbreytilegt, og það getur ekki annað, en vakið hjá manni nokkra tortryggni við nefndarálitið, og það er víst mjög erfitt að segja, hvað bezt er eða verst hjá nefndinni. Eg segi nú fyrir mig, að eg vildi gjarnan styðja að því, að jarðamatið næði lagagildi, ef ekki væri á því svo margir og verulegir gallar; en eg skal nú ekki fara um það mörgum orðum að sinni, og ekki áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá átt, fyrri en eg heyri á umræður þíngmanna, heldur einúngis snúa mèr að annari grein frumvarpsins, og fara nokkrum orðum um síðari hluta hennar, sem mèr finnst öldúngis óhafandi. Þar er nefnilega gjört ráð fyrir því, að prestar taki tíundir sínar eptir gamla matinu, þar sem jarðirnar lækka, en eptir nýja matinu, þegar þær hækka; þetta sjá nú allir að er hinn mesti ójöfnuður við gjaldþegnana, og getur ekki annað en valdið óánægju og ágreiníngi; auk þess sem það er nokkuð skrítilegt, að gjöra prestum hærra undir höfði en öðrum tíundatakendum, svo sem kirkjum og fátækum. Eg verð því að segja það, að þó mèr eingan veginn geðjist að uppástúngu minna hluta nefndarinnar, þeirri nefnilega, að tíundir greiðist eptir gamla matinu, þá líklegast neyðist eg þó til, að gefa atkvæði mitt fyrir því; því af tvennu illu tekur maður það minna. En til að reyna að fá hèr á ráðna bót, ætla eg þó að áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá átt, að seinni hluti 2. greinar falli í burtu. Eg sagði áðan, að mèr líkaði eingan veginn uppástúnga minna hluta nefndarinnar, um að taka allar tíundir eptir gamla matinu, en einúngis þá skatta og gjöld, sem hèr eptir verða á lögð eptir þessu nýja, já, eg ítreka þetta aptur; menn hafa víst vonað eptir jarðamatinu svo úr garði gjörðu, að tíundirnar yrði teknar eptir því, og þetta held eg hafi verið hið helzta, sem hvatti alnenníng til að óska jarðamatsins; það er því tilfinnanlegt, að það er nú svo stórgallað, að varla verða teknar eptir því tíundir. Um alþíngiskostnaðinn, sem minnzt er á í 3. grein ætla eg fátt að tala; eg álít bezt til fallið, að hann greiðist á sama hátt og áður, að svo vöxnu máli. Um 4. greinina skal eg ekki heldur vera margorður, nema mèr finnst, að ef jarðamatið nær eingu gildi svona eins og það nú liggur fyrir, þá sè þessi 20 ára tími allt of löngur, og ætla

eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði um það, að hann styttist til helmínga.

Framsögumaður: Sem nefndarmaður skal eg taka því með mestu þökkum, ef einhver þíngmaður getur komið fram með heppilegt breytíngaratkvæði til að ráða bót á þeim skorti á jafnrètti meðal gjaldþegna viðvíkjandi preststíundinni, sem fyrst um sinn verður eptir 2. grein. Nefndin kunni mjög illa við, að ekki yrði þegar fylgt einni og sömu reglu í þessu tilliti, og stakk uppá ýmsum úrræðum, eins og nefndarálitið sýnir, en gat ekki aðhyllzt neitt þeirra. Hèr er og um hið mesta lítilræði að gjöra, og svo má hèr til heimfæra, að einn má ekki vera rángeygður, þó annar sè góðgjarn, þ. e., þegar konúngur lögleiðir hið nýja jarðabókarfrumvarp, getur hann vel sagt, að allir geti ekki strax orðið aðnjótandi þess hags, sem hin nýja jarðabók veiti sumum, en þeir skuli verða það jafnótt og kríngumstæður leyfi. Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þíngmaður Suður-Þíngeyjarsýslu hafði mót áliti meira hluta nefndarinnar á 2. grein, þá er það ekki rètt hermt, að nefndina hafi eiginlega greint á um þetta. Eptir aðalskoðun minni hlutans, að láta tíundina fylgja gamla hundraðatalinu, fellur spurníngin um preststíundina að vísu burt; en það er öll nefndin sem hugleiddi, hver úrræði væri tiltækilegust, ef tíundir skyldi þegar taka eptir nýja hundraðatalinu. Nefndin tók og vel eptir því, að út úr annari grein geta risið spurníngar um, hvert sami prestur megi fylgja bæði nýja og gamla hundraðatalinu, eptir því, sem honum er haganlegast; en hún hèlt, að þetta atriði mundi eingum ágreiníngi valda milli hlutaðeiganda, og prestum, sem hèr ræðir um, mundi skiljast, að þeir ekki ætti að fylgja 2 jarðabókum, heldur mætti fylgja þeirri gömlu, þegar tíundin (þ. e. til samans tekin í öllu prestakallinu) yrði á þann hátt rífari, en meiníngin væri ekki, að þeir skyldi fá meir en áður, með því að við hafa 2 reglur. Aðfinníng sama þíngmanns viðvíkjandi alþíngiskostnaðargjaldinu þarf eg ekki að svara, fyrst hann sjálfur sansaði sig á því, að hún væri sprottin af misskilníngi.

Páll Sigurðsson: Þetta jarðamat er nú búið að gánga gegnum marga hreinsunarelda; eg skal nú láta það ósagt, hvað mönnum hefir tekizt vel að hreinsa það, eða hvort það stundum ekki hafi sviðnað. Eg held það hafa tekizt líkt og þá kol eru svo illa sviðin, að sum eru brennd til ösku og því ónýt, en einstaka kurl innan um ósviðið. Nefndin hefir nú komizt til þeirrar niðurstöðu, að hafa einn deili, eins og er í frumvarpinu. Þetta þótti nú þínginu 1857 eigi gjör-

legt, því að ójöfnurnar mundi á þenna hátt verða svo miklar, að þær væri óhafandi, en væri einn deilir óhafandi, þá er hann það eins nú, og er furða, að nefndin skuli nú í blindri hlýðni hnýta sèr aptan í stjórnina, og vilja ráða mönnum, að gefa atkvæði sitt fyrir þvílíkri ómynd, og demba því svo yfir landa sína. Þingið komst 1857 út úr vanðræðum til þeirrar niðurstöðu, að hafa amtadeilir, með því á þann hátt hyrfi mesti hroðinn af þeim stóru ójöfnum, er væri milli amtanna, ef hafðnr væri einn deilir; en þegar nú litið var til sýslnanna, eða þær bornar saman innbyrðis, þá var eins og menn hefði ekkert tillit haft til annara sýslna, og ójöfnurnar voru svo stórar milli þeirra, að þær voru óþolandi; til að ráða bót á þessum ójöfnuði, sem var milli sýslna og amta, var hin konúnglega jarðamatsnefnd sett hèr í Reykjavík um árið; en hvernig fór? Af því hún tók afgjöld jarða til undirstöðu, þá skekktist verk þetta að nýju sem og von var, því nú er Mýrasýsla t. a. m., sem að mörgum þótti áður vera metin næst sanni af vesturamtinu, orðin með allt öðru mati, svo það er eins og aðrar sýslur hafi svelgt hana í sig; og svo er um þær sýslur, er eg þekki til, að það er svo fjærri, að þær standi nærri hver annari i rèttu hlutfalli; og því sè eg nú ekki fært, að bjarga þessari ómynd leingur við, hvernig sem að er farið, heldur að fella það sem öldúngis óhafandi; því hèr er komin skekkja á skekkju ofan, og allt orðinn tómur ójafnaðargrautur; en verði það ekki fellt, þá sýnist mèr helzt reynandi, að bjarga því við með sýsludeili; mig minnir líka, að ráðherrabrèfið í hitt eð fyrra benti mönnum til að hafa hann, því þó ójöfnur þær hinar geysilegu, sem að nú eru á verki þessu, verði ekki með því af numdar, eg játa það, þá held eg, að þær gæti orðið nokkru minni. Eg ætla því að áskilja mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að þetta jarðamat verði, sem öldúngis óhafandi, látið niðurfalla, eða þá, að því sè enn frestað, og til vara, að við hafður sè einúngis sýsludeilir. Hvað 4. gr. frumvarpsins snertir, þá vil eg ekki, að líði meira en 10 ár, þángað til ný endurskoðun fram fer.

Framsögumaður: Eg get þó ekki verið samdóma hinum heiðraða þíngmanni Rángvellínga, um að jarðamatið hafi sviðnað, en ekki hreinsazt í hreinsunareldi undir- og yfirmatsins, Reykjavíkurnefndarinnar og alþíngis. Matið átti að fara fram eptir einni og sömu reglu og lagast í sýslunum við yfirmatið; jöfnuður milli sýslna og amta átti að fást fyrir störf Reykjavíkurnefndarinnar, og þar eð hún byggði breytíngar sínar á afgjaldaupphæð hverrar sýslu í samanburði við

matsverðsupphæðina, er mèr ekki skiljanlegt, að þetta hafi spillt. Og fyrst nú Rángárvallasýsla ekki hækkaði við þetta, er það vottur þess, að þessi sýsla hafi ekki verið hærra metin en aðrar. Og af því þetta gat ekki haft sömu þýðingu sem yfirmatið, var ekki skynsamlegt að búast við sýsludeilum. Mèr dettur ekki í hug að segja, að nýja matið sè gallalaust og fullkomið, því það er mannaverk, og sèrhvert jarðamat verður mannaverk; en eg þykist sannfærður um, að hinar gömlu ójöfnur hafi lagazt næsta mikið við hið nýja jarðamat.

Jón Hjaltalín: Eg verð nú að játa það, að eg er ekki heima í málinu; en eg veit samt, hvernig gángurinn í því hefir verið, og eg vil ekki bera á móti, að ýmsar misfellur kunni að vera á jarðamatinu; þegar eg nú heyri hinar mörgu mótbárur, sem menn eru að koma með, þá koma mèr í hug orð þau, er einn maður í fornöld sagði: „að sá, sem ætlar að búa til bók, er eingar misfellur hafi, hann ætlar sèr að búa það til, sem eingum hefir tekizt undir sólinni, og eingum mun takast". Á manna verkum munu ávallt vera ójöfnur, og þó nú svo kunni að vera um jarðamatið, þá ætla eg samt að gefa atkvæði mitt með því, sem hefir verið rætt og hugsað um svo lángan tíma; eða ætti nú að fara að ónýta það, sem búið er að kosta svo miklu upp á, og fleygja þannig öllu út í sjóinn? Eg veit, að stjórnin vill jarðamatið eins og það nú er, og því ætla eg að gefa atkvæði mitt með því, enda eru eingin líkindi til, að betra fáist.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Dæmið, sem hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður tók sèr af því, ef einn ætlaði sèr að búa til svo góða bók, að einginn setti út á, hefði átt bezt við, þá fyrst var verið að bollaleggja, að jarðamat skyldi hèr fram fara, og hefði eg verið á því þíngi, mundi eg hafa fylgt honum að því, að ráða frá þessu algjörlega jarðamati á hverri jörð landsins, því það var eins og hann sagði, að ætla sèr að gjöra það, sem aldrei hefir verið gjört, og aldrei mun verða gjört svo öllum líki; að öðru leyti bæði þurfti og mátti laga margar misfellur, þær sem orðnar voru á hundraðatölu ýmsra jarða í sýslum og sveitum með öðru móti, en að raska öllu frá rótum, en það er nú komið, sem komið er með þetta; jarðamatið er búið að fram fara, og búið að leggja upp á það ærna fyrirhöfn og kostnað í 10 ár, og kann nú að þykja viðurhlutamikið, að forkasta öllu þessu verki; ef það ætti nú að gjöra nokkurn jöfnuð eða vit úr því, þá vita nú margir mína meiníngu, sem er og verið hefir strax, þegar þetta nýgjörða jarðamat kom hèr fyrst til skoðunar á þíngi; því þá var eg á því þíngi; sagðist eg ekki sjá

önnur ráð, en að það yrði að hafa við sinn deili í hverri sýslu, og binda þær hèr um bil við sitt gamla hundraðatal, nema hvað aukast mætti við hundraðatölu þeirra jarða, sem áður höfðu verið hundraðatalslausar; þá hefði af tekizt ójöfnur ýmissa jarða, ef jafnt hefði verið matið innan sýslu, en hverrar sýslu mat feingið að njóta þess máta, er þar hafði verið við hafður; þá var mèr nú prèdikað, að þetta þyrfti ekki, og þetta væri allt hægt að laga á pappírnum með reikníngsdæmi upp og niður milli sýslnanna; eg varð að láta mèr sagt með þetta, og þetta framkvæmdist; þriggja manna nefnd var sett, og í hana valdir þeir, sem mestan áhuga og vit höfðu á þessu verki, og eg neita því ekki, að þeir löguðu mikið, en samt hvergi nærri eins og þurfti; því þess var ekki von; nú tók alþíngi 1857 þetta verk fyrir á ný, og varði til þess mestu alúð og árvekni, og fannst nú loksins, að það mætti bjargast við það, ef amtadeilir væri við hafður; *hana nú,* stjórnin sendir það nú híngað aptur, og vill ekki þetta, heldur hafa 1 deili yfir land allt; nú er annaðhvort að gjöra, að fella nú allt saman, eða játa því, sem stjórnin vill, eða bjarga því með þeim deili, sem mönnum þykir hentugastur, og þá vil eg eins nú, sem fyrst, helzt sýsludeilinn; því hann gjörir helzt gagn, og fellst eg því á meiníngu þíngmanns Rángvellínga í því efni.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skal þó benda hinum heiðraða þíngmanni, sem nú settist niður á það, að það er aldrei um smámuni að gjöra, þegar er að ræða um jafnrètti manna og það eins verulegt, eins og það, sem hèr er um að ræða. Hinn heiðraði *framsögumaður* skýrði það nú fyrir mèr, að prestar ætti ekki að taka tíundirnar eptir gamla matinu, nema þegar svo stæði á, að þær allar samanlagðar í einu prestakalli yrði lægri eptir því nýja, en því gamla, en þetta sèst nú eigi af niðurlagsatriðum nefndarinnar. Eg tek það upp aptur, hvað prestana snertir, sem eg sagði áðan, að eg vil þeim sè gjört jafnt undir höfði og öðrum tíundatakendum, og eg ætla sannarlega suma presta svo göfuglynda, að þeir ekki kunni þínginu miklar þakkir, þó það fari að gjöra þeim hærra undir höfði, en kónginum eða kirkjunum, sem víst þurfa sinna muna með, eins og prestarnir. Það hefir nú verið talað um amtadeila og jafnvel sýsludeila; en eg hefi nú ávallt haft þá skoðun, að ef fleiri en einn deilir er hafður, þá sè hinum rètta undirstöðulega grundvelli jarðamatsins alveg raskað, og að því eigi að við hafa einúngis einn deili; menn hafa líka verið að tala um gallana á jarðamatinu, og viljað gjöra sem minnst úr þeim, eins og þeir væri ekki svo miklir; en þeir eru

sannarlega miklir og margir, þegar litið er á jarðamatið yfir höfuð; þetta er líka að vonum; þegar jarðamatið fram fór, þá hokraði hver í sínu horni, án þess að vita, hvað aðrir gjörðu, og þó Reykjavíkurnefndin ætti nú að jafna allar þær ójöfnur, sem hèr af leiddi í jarðamatinu, þá verð eg að halda henni hafi ekki tekizt það, sem ekki var heldur von, því hana mun hafa vantað þann hæfilegleikann, sem mest á reið, sem var nægur kunnugleiki um allt land, og þegar hún þá ekki gat feingið tækifæri til, að tala við kunnuga og skynsama menn heiman úr hèrnðum, upplýsínga hefir hún kann ske leitað sèr hjá embættismönnum, og eg efast ekki um, að þeir hafi gefið henni þær; en að þær hafi allar verið áreiðanlegar eða merkilegar, þar um vil eg heldur efast. Menn hafa verið að tala um það, að ekki sè nema tveir vegir fyrir hendi, nefnilega, að löggilda jarðamatið eins og það er, eða fella það með öllu; en eg sè ekki betur, en hèr liggi þriðji vegurinn opinn fyrir, og sem nefndin hefði átt að gánga; það er að fresta löggildíngu jarðamatsins enn um tíma, og reyna til að fá enn lagaða á því mestu gallana. Þetta ætla eg sè vel vinnandi vegur, og ef þíngið geingi hann, held eg það gæti vel forsvarað gjörðir sínar fyrir þjóðinni, en annars ekki.

Framsögumaður: Ekki get eg haft mikið traust á því, að fresta löggildíngu jarðamatsins í því skyni, að fá gallana lagaða. Það kynni í einstöku tilfellum geta leitt til góðs; t. a. m. mundi, ef til vill, mega fá meiri jöfnuð í matið á varpjörðum. En margir fleiri mundi þykjast hafa eitthvað að kæra, sem opt mundi óverulegt, og ekki hægt að laga,

Guðmundur Brandsson: Þegar byrjað var á þessu jarðamatsmáli 1848—1849, þá var nú þessi vegur valinn eptir vilja alþíngis, og það má því heita, að jarðamatið sè þjóðarinnar eigið verk, því að mönnum var gefinn kostur á, milli undir- og yfirmats, að koma fram með kvartanir yfir ójöfnum þeim, er menn fyndi á jarðamatinu; þannig lá það nú í salti nokkra stund, eptir að yfirmatið var um garð geingið, og eingar kvartanir heyrðust. Það var satt, að mönnum gafst ekki kostur á, að vita ójöfnuðinn á milli sýslna og amta, nema ef þeir hefði lesið alþíngistíðindin 1853. Eg get því ekki sèð, að þíngið hafi brugðizt þjóðinni, auk þess, sem nefnd var sett í Reykjavík 1855, sem átti að jafna matið milli sýslna og amta, og hafði þenna starfa um lángan tíma á hendi, svo að mönnum gafst kostur á, að láta henni umkvartanir sínar í ljósi.

Hvað nú það snertir, að binda hverja sýslu við sitt forna hundr-

aðatal, eins og þingmaður Mýramanna hefir upp á stúngið, þá held eg, að einginn jöfnuður fáist á þann hátt, þó sýslurnar sè bornar saman, og sýsla hækkuð þannig eða lækkuð í samanburði við aðra; þannig var nú í Múlasýslunum, að við hið nýja mat urðu jarðir þar miklu hundraðafleiri, en þær höfðu áður verið, og þó er það hundraðatal lítið hærra, en í Eyjafjarðarsýslu. Þykir mèr þó mikið, ef báðar Múlasýslurnar eru ekki talsvert betri en Eyjafjarðarsýsla ein; samt hefir þar ekki verið kvartað yfir of háu mati, og ekki heldur í Skagafjarðarsýslu, sem þó er æði hundraðamörg, en sem þó áður var miklu hundraða-hærri en hún er nú; svo af þessu ætla eg auðsætt, að það hefði valdið mesta ójöfnuði, að binda sýslur þessar við sitt forna hundraðatal, og svo mundi hafa orðið um margar aðrar, sem eg ekki gef um að nefna.

Þingmaðurinn úr Norður-Múlasýslu gat þess, að jarðamatsnefndin hefði þurft að ferðast um allt land, til að skoða sjálf jarðirnar; en eg skal segja honum, að þetta var nú gjört um aldamótin, og varð þó sú jarðabók, er þá var samin, að eingu liði. Mun þó mat það, sem þá var gjört á jörðunum, hafa kostað ærið fè, já miklu meira, en matið núna hefir kostað. Hvað nú það snertir, hvern deili sè bezt að hafa, þá hefir nú nefndin, eða meiri hluti hennar, stúngið upp á einum deili yfir allt land, og er það samkvæmt frumvarpi því, er stjórnin lagði fyrir þingið; en á hann get eg nú ekki fallizt, því stjórnin hefir eingar sönnur fært fyrir því, að hann væri rèttari en amtadeilirinn, sem þingið eptir miklar umræður samþykkti 1857, og eru ástæður þær, sem það þá færði fyrir honum, enn þá óhraktar.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það er nú að vísu örðugt fyrir mig og óþægilegt, að verða að tala í sömu stefnu í þessu máli, og eg hefi áður gjört, af því svo er búið um allt þetta mál sem búið er. Þó vil eg enn reyna til að vara menn við, að láta ekki ginna sig á þeirri von, sem eigi verður uppfyllt. Það hefir verið leingi sagt, að nauðsyn væri að fá jarðabók löggilta fyrir landið, en eg bið menn að gæta að því, að þegar jarðabók þessi er á komin, þá verður ekki svo gott að breyta henni, þó einhverjar ójöfnur sè á henni, heldur verða menn að láta standa við það, sem þá er búið að gjöra. Allar hinar fornu ójöfnur, sem eru orðnar jafnaðar í kaupum og sölum, hverfa, en nýjar koma í ljós og verða ekki jafnaðar, fyr en með tímanum; og þessar nýju villur eru miklu verri, en hinar gömlu, einmitt af því þær eru nýjar. Það er kunnugt, að stjórnin hefir opt reynt að breyta jarðabókinni, sem hefir

verið gildandi frá því á 11. öld, og vita menn, hvernig það hefir tekizt; þessi viðleitni stjórnarinnar hefir misheppnazt hvað eptir annað, og út úr því hefir ekki komið annað en jarðalýsingar, nema ef telja skal jarðabók 1802, sem var reyndar regluleg jarðabók, en ekkert varð úr henni heldur; nú var farið að hugsa til nýrrar tilraunar 1847, því að stjórnin hugsaði, að á nýrri jarðabók þyrfti að halda, sem grundvelli fyrir nýjum skattalögum, og til þess að taka tekjur eptir. Alþíngi 1847 fèllst á uppástúngu stjórnarinnar. Síðan kom, eins og kunnugt er, tilskipunin 27. maí 1848, og eptir henni átti að semja jarðabók á þann hátt, að jarðirnar yrði metnar til peníngaverðs eptir gæðum. Eg held nú að það muni vera augljóst flestum, að ekki geti vel orðið sem áreiðanlegast það mat, sem þannig er byggt á tómum reikníngsdæmum. Það kom til orða, að hafa nefnd um allt land og í hverjum hreppi; eg hèlt með nefnd um allt land, af því eg bjóst við, að einíng á þann hátt helzt feingist, sem eigi væri unnt að ná með hreppanefndunum, sem einúngis eða helzt gæti haft tillit til jarða í sínum hreppi, án þess að geta haft samanburð við hreppanefndir annarstaðar um landið. En þessu varð ekki framgeingt, og allt matið var feingið í hendur hreppa- og sýslunefndum án alls þess, sem gæti samteingt matið, og sett það í eitt og hið sama horf um allt land. Ójöfnur þær, er urðu eptir mati hreppanefndanna á jörðum um allt landið, þegar samanburður var við hafður, lýstu sèr nú brátt, svo að ekki þótti tiltækilegt, að lögleiða það jarðamat, er þannig varð til. Menn tóku þá eptir, að mat jarðanna svaraði alls ekki til afgjaldanna, svo dýrleiki og afgjöld jarðanna stóðust öldúngis skakkt á. Þetta fann alþíngi 1853, og nú lá við, að allt verkið yrði ónýtt, og að farið yrði að meta allt á ný eptir afgjöldum. Þetta varð reyndar ekki, en menn þóttust vera sannfærðir um, að nauðsyn væri að laga nokkuð eptir afgjaldinu, og gáðu ekki að því, að þetta var í rauninni að raska jarðamatinu frá rótum, og því var nú sett hin konúnglega jarðamatsnefnd í Reykjavík, til þess að jafna þessar ójöfnur. Þessi nefnd hefir nú breytt öllu jarðamatinu, og fært upp og niður í öllum sýslum eptir reglum sínum. Hún hefir ekki hlífzt við því, því nú stendur eptir hana eingin sýsla óbreytt, nema eg trúi ein, og það sú, sem köllub var einna verst metin 1853, eg trúi það væri Húnavatnssýsla — hún ein slapp óskemmd gegnum hreinsunareldinn. Þessi nefnd gekk svona út frá því, að fara eptir afgjaldinu, og með því er reyndar komið fram spánýtt mat. Nú er þetta jarðamat komið fram, og sjá menn miklar ójöfnur á því, ef

ætti að fylgja því, og niðurstaðan verður, að mönnum þykir það óhafandi, af því það hafi einn deili um allt land; sumir vilja hafa amtadeili, sumir sýsludeili, og hver veit, nema bezt væri að hafa hreppadeili; þetta er sá dómur, sem jarðamatið nú fær.

Það er einkennilegt, hvað jarðamatsmönnum hefir þótt vænt um dún; þannig eru Hólmar metnir 3 hundruð hundraða, og svona er að því skapi um allar varpjarðir; þar á móti er ekki sýnilegt, að önnur hlynnindi hafi verið metin að sama skapi. Ein varpjörð er með þessu móti orðin nærri því eins mikil og heilir hreppar annarstaðar. Þó lýsa sèr ekki að síður ójöfnur í þessu á þann hátt, að jarðirnar eru víða metnar miklu lægra, en þær gánga að kaupum og sölum. Ef vèr tökum Eyjahrepp á Breiðafirði, og skoðum þar jarðamatið, þá vitum vèr, að hvert jarðarhundrað geingur þar að kaupum og sölum á 100 spesíur, þá verður 40 hundraða jörð þar 8,000 dala virði, og það fæst fyrir hana hvern dag, sem vera skal; en í jarðamatinu nýja eru þessar jarðir ekki metnar meira en á 3 – 4,000 dala, og hlaupa þó upp í dýrleika meira en til helmínga. Í þessu lýsir sèr þá annar ójöfnuðurinn. Þegar vèr rannsökum þetta jarðamat, finnum vèr á því alls konar ójöfnur, og niðurstaðan verður, að tilgángi stjórnarinnar verður fyrst og fremst ekki náð með þessu jarðamati, að skattarnir verði hækkaðir eptir því. Jarðaskattarnir eptir þessu mati verða minni en áður, að vísu ekki miklu minni, en þó nokkuð. Það er tómur kostnaður, sem hefir leitt af jarðamatinu, og ekkert annað, því að ójöfnurnar eru eins miklar og áður voru þær, nema hvað hinar nýju ójöfnur eru verri, en hinar gömlu. Þar að auki er það nú, að ef þetta jarðamat væri tekið, þá stæði það í vegi fyrir að breyta skattalögunum, að minnsta kosti að nokkru leyti með því, hvað opinber góz hafa stígið upp; því það, sem bændagózið hefir lækkað, það hefir kirkjugózið hækkað, og þetta gjörir, að dýrleikaupphæðin er ekki minni en áður, en þó tekjur hins opinbera minni. Yrði nú nauðsyn, að jafna sköttum og leggja á allt góz, holt og bolt, þá yrði þetta ómögulegt sökum ójafnaðarins, og er þá einmitt sá útvegur lokaður með þessu nýja jarðamati, og er það þá að því leyti skaðlegt og stendur umbótum í vegi. Enn er eitt, sem er mjög ísjárvert, hvað 4. gr. snertir, að endurskoðun eigi að fara fram eptir 20 ár; í því liggur bendíng um, að jarðamatinu sè svo ábótavant, að það geti ekki staðið leingi. Þessi bendíng finnst mèr að öllu leyti óþörf, því vilji stjórnin eða alþíngi fara að hreifa því, að endurskoða jarðamatið, þá er ekkert því til fyrirstöðu, og er þá

óþarfi að fara fram á það hèr. En það er skaðlegt að því leyti, að það vekur von um endurskoðun jarðabókarinnar, og spillir með því jarðamatinu. En þar að auki finnst mèr eingin nauðsyn á þessu jarðamati, þegar ekki er kostur á að fá betra; þurfi á sköttum að halda, þá er bezt að halda sèr til þess, sem jarðirnar gefa af sèr; í afgjaldi jarðanna hafa menn hinn bezta mælikvarða fyrir sköttunum, því þá geta menn lagt á tekjuskatt, og þá vita menn, að goldið verður af því, sem til er. Þar sem hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það væri ekki að búast við öðru, en misfellum á þessu jarðamati, og þær væri enda meiri en á hinu forna, en að menn ætti ekki að láta það aptra sèr frá að taka það, þá sè eg ekki, að það sè betra að taka það, sem nýtt er, og þó eptir hans sögn verra en hitt, en að halda hinu gamla, sem minni ójöfnur eru á. Eg verð því fyrir mitt leyti að ráða frá frumvarpinu, en til vara, ef það geingi ekki fram, þá vilda eg að því væri frestað, því eg vil, að þjóðinni gefist kostur á, að sjá það, og það er nauðsyn, vegna þess jarðamatið er enn ókunnugt, af því það er nú orðið öðruvísi en það, sem prentað sar í landshagsskýrslum Bókmenntafèlagsins í fyrra, þó munurinn sè ekki mikill. Það sem er í safni Bókmenntafèlagsins er nefnilega eptir uppástúngum alþíngis frá því í hitt eð fyrra, með þremur deilum, en þetta, sem hèr er fram lagt, er eptir einum deili.

Framsögumaður: Eg skal nú að eins svara fáu í ræðu hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga, þó eg verði að játa, að eg í sumum ástæðum hans fyndi litla sönnun fyrir því, að jarðamat sè óþarft, og það nýja jarðamat óhafandi. Til að gjöra jarðamat óþarft, þarf að benda á eitthvað í staðinn; já, hann bendir á gamla matið í því skyni, og telur það kost á ójöfnum þess, að þær eru svo gamlar; en eg skil ekki að gamlar villur sè betri en nýjar; eg held menn vari sig jafnvel heldur á þeim nýju og veiti þeim betri eptirtekt, og ójöfnurnar á nýja matinu eru án efa lángtum minni, en á því gamla. Hann talaði um ýmsar tilraunir til að laga jarðamatið; en hvað sýna þessar tilraunir, nema einmitt það, að þörf var á lagfæríng, og að menn hafa fundið til hennar. Hann sagði, að jarðamatið hefði átt að byggjast á landkostum og hlynnindum jarðanna til lands og sjávar, en ekki peníngaverði þeirra; en munu menn ekki, þegar þeir möttu jarðirnar til peníngaverðs, hafa matið eptir gæðum og hlynnindum? Að miklar breytíngar hafa orðið á dýrleika jarðanna, sýnir einmitt, hvað mikil þörf var á að meta þær. Ekki veit eg,

hvort Hólma helzt bæri að taka til dæmis um ójöfnur á varpjörðum; sú jörðin mun að minnsta kosti ekki vera hærra matin að tiltölu, en aðrar varpjarðir á Austurlandi, og eg vil spyrja, hvort matsverðið muni koma nærri því, sem hún feingist seld fyrir. Þó Flatey (eg trúi þingmaðurinn tæki hana eða Eyjahrepp til dæmis) hafi hækkað um helming, er hún sízt vottur á móti því, að jarðamatið hafi verið nauðsynlegt og matið verið hóflegt á henni, fyrst þingmaðurinn bætti hinu við, að hún mundi í kaupum og sölum gánga hálfu hærra, en hún var matin. Fyrir stjórnina, eða með tilliti til nýrra skatta, finnst mèr standa á sama, hvort matið var hátt eður lágt, enda hefir hundraðatalið lítið minnkað; allt ríður á því, að jöfnuður sè milli jarðanna, þegar þær eiga að vera gjaldstofn.

Arnljótur Ólafsson: Eg verð að leyfa mèr að fara nokkrum orðum um jarðamatsfrumvarpið. Eg hefi nú reyndar aldrei verið mikill vinur hins nýja jarðamats, en eg er þó svo mikill vinur þess, að þótt eg viti, að á því kunni að vera einhverjar ójöfnur, þá þykir mèr ekki full ástæða til að ráða frá því; en hitt vil eg, að mönnum eigi að gefast kostur á, að bera sig upp undan breytíngum Reykjavíkurnefndarinnar, eins og fyrrum undan undirmatinu, því þótt nefndin hafi eigi breytt matinu á neinni jörð með jafnaðartölum sínum sýslna á milli, þá er þó tiltölunni milli sýslnanna mjög mikið breytt. Það er annars líklega ekki rètt hugsað, að Reykjavíkurnefndin skyldi að eins koma jöfnuði á milli sýslna, eður í sýslu hverri, sem er hið sama, og taka afgjöldin til þess, því að á þann hátt tók hún af ójöfnuð milli sýslnanna, en ekki ójöfnuð á neinni jörð í sýslunum. Á þann hátt er afgjaldsmat á hverri sýslu, en jarðamat á hverri jörð í sýslunni. En þó nú ójöfnur kunni að vera á jörðum eða mati þeirra, þá vildi eg samt gefa atkvæði með, að jarðamat þetta væri samþykkt, af því eg byggi á því, og er líka sannfærður um, að ójöfnurnar sè minni á hinu nýja mati, en á hinu forna hundraðatali. Eg vil nú samt geta þess, að ójöfnur þær, sem orðnar eru á hinni fornu hundraðatölu, eru fram komnar á tvennan hátt, það er af náttúrunnar- og mannavöldum; það er nú rètt, að taka af ójöfnur, þar sem náttúran hefir valdið þeim; en ójöfnur þær, sem af trassaskap eru komnar, finnst mèr eingin ástæða að taka til greina. En þetta er nú reyndar ekki gott að finna; en þó finnst mèr það stór galli á jarðamatinu, að þessi munur hefir alls ekki verið tekinn til greina. Um breytíngaratkvæðið um amtadeilinn, þá ætla eg nú ekki að verja hann fram yfir það, sem gjört var á þíngi 1857. Þar sem stjórnin segir,

að þingið hafi ekki komið með neina ástæðu fyrir honum, þá verð eg að segja, að þingið byggði á því, að hann væri beztur. Það er kunnugt, að í norður- og suðurumdæminu hækkuðu jarðir kringum biskupsstólana, bæði vegna tíundarfrelsis stólsjarðanna, og fyrir sakir ágeingni biskupanna; aptur á mót er það almennt viðurkennt, að á Vesturlandi hafi jarðir hækkað í verði fyrir ýmsar sakir. Það liggur það orð á, að tíund á lausafé sè vottur um, hvað jörðin gefi af sèr, eða um gæði hennar, og þar sem lausafjártíundin hefir geingið upp, þá sè það betri jörð en hin, þar sem hún hefir lækkað. Sama er að segja um dúnjarðirnar, því dúninn er nú margfalt dýrari en fyrrum. Þar sem minni hluti nefndarinnar aðhylltist fyrri hluta 2. greinar, og vildi fá löggilta hina nýju jarðabók, einúngis fyrir komandi skatta, þá var það af því, að vèr álítum jarðamatið nauðsynlegt að eins vegna hinna nýju skatta, er á kynni að verða lagðir, en aptur á móti órètt, að breyta gömlum álögum á jörðunum eptir því; því það er aðgætandi, að öll þau gjöld, sem á jörðinni liggja, eru komin undir því, hvað mörg hundruð jörðin er, og því meiri sem tíundin er, því minna verður afgjaldið. Svo vildum við heldur ekki að einni grein af skattalögum vorum yrði nú breytt, heldur álitum vèr rèttast, að láta það bíða, þar til skattalögunum yrði breytt. Menn hafa fundið að því, að preststíundin yrði tekin bæði eptir hinni nýju og fornu hundraðatölu, og eg álít það líka ófært; en hitt álít eg rèttast, að yrði tíundinni breytt, þá skyldi ríkissjóðurinn bera mismuninn. Um 4. gr. skal eg eingum orðum eyða; mèr stendur á sama, þó hún sè felld.

Jón Pètursson: Eg skal ekki tala neitt um jarðamatið sjálft. Hvað 2. gr. snertir, þá aðhyllist eg minna hluta nefndarinnar, sem ekki vill, að tíundunum sè breytt eptir þessari nýju jarðamatsbók, heldur að eins skuli eptir henni verða greiddir þeir skattar, er eptir þetta kunna verða lagðir á jarðirnar, verði þeir annars nokkrir. Að breyta tíundunum eptir þessari jarðabók, væri að grípa misjafnt inn í eignarrètt manna, gefa sumum gjafir fyrir ekkert, en leggja nýjar álögur á aðra óverðskuldað. Eg skal leyfa mèr að koma með eitt dæmi, sem sýnir þetta; það skyldi vera 2 menn, annar eiga 60 hndr. jörð, en hinn 10 hndr. jörð, báðar skyldi leigjast sem 20 hndr. jarðir, með svo sem 32 rd. afgjaldi hver jörð, og því hver geta selzt svo sem fyrir 800 rd.; eigendurnir hefði nú jarðaskipti, og hvorngur gæfi hinum nokkuð á milli, því þeim þætti jarðirnar jafngóðar, og hvorugur áliti, að hann hefði nokkurn ábata við skiptin. Á eptir skyldi nú

60 hndr. jörðin verða felld ofan í 20 hndr., en 10 hndr. jörðin hækkuð upp í 20 hndr., og tíundirnar eiga að takast þar eptir. Af 60 hndr. jörðinni var áður svarað í tíund 72 álnum, sem samsvarar 12 rd., ef alinin er reiknuð 16 sk.; en ef hún væri nú lækkuð í tíundinni ofan í 20 hndr., þá yrði tíundin af henni að eins 24 álnir eður 4 rd., og þannig lækkaði hún um 8 rd.; við ný leiguliðaskipti byggðist því jörð þessi 8 rd. meira en fyr, og hefir þá nýi eigandinn ábatazt um 200 rd., því jörðin verður nú 1,000 rd. virði. Sá, sem þar á móti fèkk 10 hndr. jörðina, á nú að fara að svara í tíund af henni 24 álnum, í stað þess, að fyr voru ekki goldnar af henni nema 12 álnir í tíund, svo tíundin er nú hækkuð um 2 rd.; en við þetta byggist jörðin ekki lengur með 32 rd. afgjaldi, heldur 30 rd.; kaupverð þessara jarða verður þá eptirleiðis 750 rd.; þannig hefir hann tapað 250 rd. en hinn grætt 250 rd. á skiptunum, báðir aldeilis óafvitandi, einúngis vegna löggjafarinnar. Mèr sýnist það nú ógjörníngur, að bylta svona við eigum manna með löggjöfinni; nýir skattar verða þar á móti að fara eptir þeim jöfnuði, sem á sèr stað milli jarðanna, og hafi þetta nýja jarðamat heppnazt, þá eiga þeir að takast eptir því.

H. Kr. Friðriksson: Eg held að við þetta mál eigi að fullu og öllu orðtækið gamla: *summum jus, summa injuria,* það er með öðrum orðum, að hinn strángasti rèttur verði að hinum mesta órètti. Það hefir verið svo opt sagt, að jarðamatið hafi verið gjört vegna ójafna á því gamla, til þess að nema af ójöfnur þær, sem eigi sèr stað á jarðagjöldunum eptir gæðum þeirra; en þessar ójöfnur hefir mönnum nú ekki tekizt að jafna; það þarf ekki annað, en að gæta að því, að árlega koma til þíngsins umkvartanir yfir jarðamatinu, og þó þíngmanninum frá Gullbríngusýslu þyki þessar bænarskrár lítilsverðar og fáar, þá eru þær þó vissulega ekki svo fáar, þar sem þær eru 6 nú komnar til þíngsins; en það þarf ekki þessara umkvartana við til að sjá, að á jarðamati þessu eru svo miklar ójöfnur, að það ætti ekki að lögleiða það. Það er auðsèð, að það eru eingin rèttindi í því, að önnur jörðin er sett niður til helmínga, en hin hækkuð til helmínga, því að hvað er þetta annað, en að annar eigandinn fær helmíngi hærri skatt, en hinn helmíngi lægri; það er í rauninni hið sama, og taka helmíng jarðarinnar frá einum og gefa öðrum, því að það er það sama, að taka helmíng afgjaldsins frá einhverjum, og að taka helmíng innstæðunnar; þetta er að taka frá einum, til að gefa öðrum, og það sýnist þó ekki vera nein

rèttindi í því; að þetta eigi sèr stað í jarðamatsbókinni nýju, geta menn sèð þegar á 1. blaðsíðunni. Til þess að sjá, að þetta jarðamat er ekki svo fullkomið, og það ætti að vera, þurfa menn eigi annars, en að gæta í einhverja þá bók, sem talar um þess konar efni; því að þeim ber öllum saman um, að jarðamat skuli fara fram sem sjaldnast unnt er; það verður nákvæmlega að mæla upp land það, er meta skal, og íhuga vandlega gæði og frjóvsemi jarðarinnar; þetta hlýtur að kosta ærna peninga, og miklu meir, en jarðamat þetta hefir kostað. Eg vil taka til dæmis, að jarðamatskostnaðurinn í Frakklandi, sem er rúmlega fimm sinnum stærra en Ísland, var talinn 1808 að mundi verða framt að 40 millíónir dala; og stórhertogadæmið Meklenborg, sem er 270 □ mílur, eður hèr um bil $^1/_7$ af öllu Íslandi, kostaði 800,000 rd. upp á jarðamat sitt um sama leyti. Hvað skyldi þá slíkt jarðamat kosta hèr á Íslandi? Þetta sýnir þó það, að það er annað að biðja um jarðamat, og annað að gjöra það; það sýnir það, að það þarf meira fè til jarðamats, en varið hefir verið til þess hèr á Íslandi, eigi það að vera í því lagi, sem óskandi væri, og það þarf að vera, eigi nokkuð á því að byggja. Þar sem eg gat um það áðan, að jarðamatsmenn þyrfti að hafa nákvæmt tillit til gæða jarðanna, þar eð allur eignarskattur leggst á *„Grundrenten“*, eða á þá leigu, sem jörðin á af sèr að gefa, þá hefir þetta ekki verið tekið til greina hèr á landi, og gat eigi orðið, því til þess þurfti líka allt aðra menn, en hêr var kostur á; því þó bændur þeir, sem að jarðamatinu unnu í fyrstunni, sè greindir og skynsamir, vantar þá þó þá þekkíngu, sem þarf til þess, að jarðamatið hefði getað orðið svo áreiðanlegt og nákvæmt, sem það hefði þurft að vera, ef nokkuð skyldi á því byggja. Mèr þykir það því ljóst, að jarðamatið er ekki nægilega undir búið; en það hefir líka verið tekið fram, hvílík breytíng á því hefir verið gjörð frá árinu 1849 til þess nú 1859; það er með öðrum orðum, að hinum fyrsta grundvelli þess hefir öldúngis verið sleppt, en þó ekki lagður annar; það hefir verið kákað við hið upphaflega mat; verð jarðanna, sem reiknað var til peninga í kaupum og sölum, hefir átt að lagfæra eptir afgjaldinu, og eiga því lagfæríngarnar við allt annan grundvöll að styðjast, en hið upphaflega mat. Ef Íslendíngar vilja halda þessu mati, þá skal eg ekki banna þeim það, en eg er sannfærður um, að það verða ekki minni kvartanir yfir því, en áður hefir verið yfir því, sem er. Þegar eg lít á frumvarp stjórnarinnar, þá er þegar búið að tala um gallana á því, en eg get ekki verið samdóma hin-

um heiðraða fulltrúa Borgfirðínga um 4. gr., því mèr finnst hún eigi að falla burt; ef hún stendur, þá fellur öll festa í allri jarðeign, svo enginn veit, hvað hann á, enginn veit, hvað hann selur, og enginn veit, hvað hann kaupir. Sú jörð, sem nú er 2,000 rd. virði, er, ef til vill, á næsta ári helmíngi minna virði. Ef farið yrði nú líka að leggja skatta á menn, eptir því, sem menn verði meiru fè til að endurbæta jarðir sínar, svo álögurnar yrði þýngri, eptir því, sem menn reyndi til að koma upp jörð sinni, þá held eg það yrði einmitt til að hamla mönnum frá, að bæta jarðir sínar, og tilefni til, að margir legði alveg árar í bát, og gjörði eingar jarðabætur, því að þeir mundi hugsa sem svo: „Hvers vegna skyldi eg vera að gjöra jarðabætur; því að auk þess, sem eg legg fè til jarðabótanna, sem óvíst er, hvern ávöxt eg fæ af, verður lagður á mig nýr skattur sökum þeirra“. Eg vil taka til dæmis, að einn kaupi jörð fyrir 800 rd., og ver svo öðrum 800 dölum til að endurbæta hana í 10 ár, þá kostar hún hann orðið 1,600 rd. Fyrir þetta er nú lagður á hann helmíngi meiri skattur. Nú kemur sonur hans á eptir hann að jörðinni, og nýðir jörðina niður í 10 ár um 800 rd., og, ef til vill, 200 rd. til. Þegar þessi 20 ár eru liðin, þá verða jarðargjöld sett niður fyrir trassaskap hans. Það sjá allir, hvað af þessu leiðir, að slóðinn nýtur slóðaskaps síns, en dugnaðarmaðurinn geldur dugnaðar síns. Mèr finnst auk þess jarðamatið alveg óþarft, og það má víst leggja skatta á, þó ekki sè tekið frá einum til að gefa öðrum; það er víst ekki örðugt að segja að jarðeigandi skuli gjalda svo eða svo mikinn hluta afgjaldsins. Eg er því á sama máli og hinn háttvirti fulltrúi Ísfirðínga, að jarðabók þessari sè alveg kastað.

Jón Hjaltalín: Eg er hræddur um, að hèr ætli að fara eins og *Voltaire* segir í einu riti sínu: „að það sè vanalegt á þess konar þíngum, að menn sjái alla gallana, en bæti þó úr eingum“. Það er slæmt, að þetta skuli eiga við þetta þíng í þeim anda, sem hann sagði það, og þykir mèr, sem menn ætli að verða allt of vandvirkir á þessu þíngi. Eg segi það enn, að það eru gallar á þessari jarðabók, en það kannast eg ekki við, að eg hafi sagt, að þeir væri fleiri en á hinni gömlu, einkum þegar eg hefi feingið upplýsíngar um, að hún er byggð á mati, sem gjört var fyrir 700 árum síðan. Ef jarðirnar eru nú öldúngis í sama gildi og á 11., 12. og 13. öld, þá þykir mèr það skrítið, því eg sè hvervetna, að eyðileggíng hefir geisað hèr um land og geingur landið af sèr, svo miklu munar á hverjum mannsaldri. Eg held, ef hinir fornu menn, sem gjörðu fyrra

jarðamatið, liti upp úr gröfum sínum, að þeim gæfi á að líta, þar sem áður voru skógar og fegurstu grasivaxnar brekkur, það er nú holt; þar sem áður voru akrar og grænar grundir, þar er nú víða sandur, hrjóstur og öræfi; það er ekki meira en mánuður síðan að eg sá á Suðurnesjum 4 jarðir, sem áður voru höfuðból metnar 60 hndr. og þar yfir, og eingum heilvita manni mundi detta í hug, að meta þær nú meir en 10 hndr.; það sagði einn þingmanna áðan, að það hefði verið ein sýsla, sem hefði verið eins dýr að hundraðatali í nýja jarðamatinu og í því gamla, þá hafa þeir, er matið sömdu, sannarlega verið æði samvizkusamir, því það er varla nokkur sýsla, sem ekki geingur af sèr svo miklu munar á hverri öld. Eg hefi talað við gamla menn, sem allir ljúka upp sama munni um þetta; það getum vèr líka sèð, ef við lesum kvæði *Eggerts Ólafssonar, Þagnarmál* o. fl.; það er víst og satt, að manna hendur geta miklu til leiðar komið og mikið lagað, en þó hèr sè nú þegar kominn til þess góður vísir, þá er það ónóg móti þeim kröptum náttúrunnar, sem hèr er við að stríða. Það er sagt, að það vanti, að almenníngur hafi kynnt sèr þetta jarðamat, en eg held það sè öðru nær; það eru víst margir, sem hafa gjört sèr það vel kunnugt, og hver getur sagt, að þeir, sem ekki hafa nú þegar kynnt sèr það, gjöri það framvegis, þó það væri látið bíða. Sú eina mótbára, sem eg sè er á nokkrum rökum byggð, er við 4 gr., sem þingmaður Ísfirðínga og þingmaðurinn frá Reykjavík komu fram með, en það er aðgætandi, að þar er ei talað um annað, en að „það komi til yfirvegunar". Eg vil að eins óska þess þingsins vegna, að það ekki felldi þetta nefndarálit, því það er á svo góðum rökum byggt, að eg er alls eigi viss um, nær við fáum annað betra. Það er nú þegar búið að eyða miklum tíma og miklum peníngum upp á það, og það lítur því sannarlega aumlega út, ef það skyldi nú fellt verða. Við vitum og, að ef þíngið nú kastar því, þá mun stjórnin að vonum verða leið á þessu máli, því hvað á hún að hugsa, þegar menn þíng eptir þíng eru að bollaleggja og biðja um hluti, er menn síðan kasta frá sèr?

Stefán Eiríksson: Það hefir verið á orði, að Skaptafellssýsla muni hafa orðið hvað bezt út undan í þessu jarðamati; en þegar eg nú skoða frumvarp það, er liggur hèr fyrir mèr, koma mèr fljótt fyrir sjónir ekki allfáir gallar, og heldur ekki alllítilfjörlegir, svo ef nú maður bæri saman hina nýju galla við þá gömlu, mundi maður komast að þeirri niðurstöðu, að þetta frumvarp væri þó ekki

betra, en hið gamla hundraðatal; en það er nú um þessi mannaverk eins og mörg önnur, að maður getur ekki ætlazt til neinnar alfullkomnunar í þessu efni, og því ætla eg ekki að fara leingra út í það. Eg vildi með tölu minni einúngis benda þínginu á hina óhafandi galla, til dæmis á nokkrum jörðum, sem eru með sèrskildri virðíngu, en eru þó að öllu leyti með óskiptum högum, skógi og rekum, t. a. m. Hvammur, Valasel og Þorgeirsstaðir; þetta er allt ein jörð, og voru eptir gömlum eignarrètti sín 5 hndr. hvers einstaks manns eign, eins og sjá má af frumvarpinu; nú eru jarðir þessar Hvammur 10 hndr., Valasel 9 hndr., Þorgeirstaðir 7 hndr., og ef nú ætti að fara eptir þessu nýja jarðamati með notkun hins óskipta sameignarlands, þá vil eg ekkert með það hafa; eins stendur á með Krossbæ og Stórulág; það er og ein jörð, en þó með sèrskildri virðíngu; sama er að segja um Vindbarð og Vindbarðsel. Það var áður $^1/_3$ af jörðunni Vindbarði, en nú er það hart nær helmíngur; svo eru enn jarðirnar Eskey og Heinaberg; Eskey var áður 6 hndr. nú er hún 9 hndr.; Heinaberg áður 9 hndr., nú 6 hndr.; ef nú segi eg að eigendur jarða þessara færi að nota hver sína jörð eptir þessu nýja jarðamati og þar með svipti sameignarmenn sína hinum upprunalega eignarrètti á því óskipta landi, þá hefði eg nú víst orðið einn í þeirra tölu, sem vilja fella þetta jarðamat, en eg þykist nú vita, að löggjöfin hafi aldrei ætlazt til, að með þessu nýja jarðamati yrði raskað innbyrðis eignarrètti manna, með því líka að jarðamatsreglurnar sögðu svo fyrir, að virða skyldi allar þær jarðir saman, er ekki hefði sèrskild landamerki, og af því, segi eg, svona hefir nú tekizt til með virðíngu þessara jarða, þá áskil eg, að það sè tekið skýrt fram í álitsskjali til konúngs (af því eg sè ekki fært, að gjöra það að breytíngaratkvæði), að þær jarðir, sem eiga óskipta haga, skóg, reka og önnur hlynnindi, njóti þess óskipta lands að tiltölu eptir hinu gamla hundraðatali.

Sveinn Skúlason: Eg stend nú ekki upp til þess, að halda snjalla ræðu á móti nefndarálitinu, því eg fellst á það í flestum greinum. En mèr þykir það lýsa einhverri óhlýðni hjá nefndinni við kvartanir þær, sem komið hafa til þíngsins frá þjóðinni, þar sem hún hefir ekki tekið til greina, nema þær, sem komu og voru með frumvarpi stjórnarinnar; en það þykir mèr ekki vera alls kostar rètt. Þar á móti er eg á móti eindeilinum, sem stjórnin fer fram á, en verð að vera meðmæltur amtadeilinum. Eg sè, að vesturamtið er nokkuð lágt metið eptir hlunnindum jarðanna, í samanburði við

Norðurland, og sýnist mèr því ekki vera þörf á að minnka hundraðatöluna þar; og suðuramtið er að tiltölu við vesturamtið of hátt metið. Eg get ekki verið á sama máli og minni hluti nefndarinnar, um að löggilda skuli þetta jarðamat, en ekki greiða neinar tíundir eptir því, því jarðamatið á einmitt að verða undirstaðan undir skattajöfnuðinum. Ef hinn heiðraði þingmaður frá Borgarfjarðarsýslu ekki tekur sèr breytingaratkvæði um það, að prestarnir ekki missi í, þó þetta nýja jarðamat komist á, þá áskil eg mèr breytingaratkvæði um, að þeir fái þann halla borgaðan af ríkissjóðnum. Eg er einnig með síðari hluta 3 gr. frumvarpsins, því eg sè ekkert á móti því, að alþingiskostnaðurinn verði goldinn eptir þeirri reglu, sem þar er gjöt ráð fyrir. Hinn háttvirti þingmaður Ísfirðinga og fulltrúi Reykjavíkur töluðu lángt og snjallt móti þessari nýju jarðabók; en það sem hinn síðar nefndi var að tala um stjórnarvísindi, og um kostnaðinn við jarðamatið í Frakklandi 1808, var svo ósköp mikið á eptir tímanum, rètt eins og landafræðin hans hèr um árið. Hann vildi telja þetta sem ástæðu fyrir því, að fella jarðamatið, en mèr finnst það þvert á móti vera ástæða fyrir því, hve mjög ódýrt það hefði orðið fyrir land þetta í samanburði við jarðamat í öðrum löndum; en þess konar mælíngar munu ekki geta komizt hèr að eptir okkar efnahag. Hann hefir líka misskilið töluvert jarðabæturnar, þegar hann segir, að við það verði bætt svo miklu af sköttum á þá, sem jarðabót gjöri, að þeim þyki það ekki svara kostnaði; en eg er viss um, að þegar búið er að endurbæta jörðina töluvert, þá muni eigandinn á 20 árunum vera eins fær, og færari, til að borga þýngra afgjaldið, en hann var áður, meðan það var minna.

Stefán Jónsson: Eptir ræðum þíngmanna sè eg, að það eru til 3 vegir að fara með þetta jarðabókarfrumvarp, að kasta því alveg, að halda því alveg, eða að rugla því upp á nýtt. Ef þíngið vildi nú fella það með öllu, þá er að eingu orðinn allur sá kostnaður, sem út af því er risinn, og get eg ekki ráðið til þess, og enda þó eg hefði ekkert tillit til kostnaðarins, nema því að eins, að ekkert jarðamat sè framar stofnað; því eg er sannfærður um, að þó farið væri að meta jarðir á ný, mundi það ekki fara betur; en ekki get eg skilið það, að ójöfnurnar fjúki af jarðamatinu eins og fys fyrir vindi eptir því, sem leingra er liðið frá því, að jarðirnar voru metnar, því vèr höfum ótal dæmi upp á það gagnstæða, að stórar jarðir hafa orðið að kotum á 50—60 árum vegna ýmsra áfalla, eða þá ekki orðið notaðar til annars en beitilands. En að fara að breyta

frumvarpinu nú, og skjóta því á frest, getur mèr ekki litizt á, því úr því verður aldrei annað, en sífelldur ruglíngur. Við byrjun mats þessa höfðu menn leyfi til að kvarta, en gjörðu það allfáir; því ætti þeir þá að gjöra það hèr eptir? Það getur verið satt, að það sè talsverður ójöfnuður á millum sýslnanna og amtanna; en flestir eru þó á því, að það sè eingir stórgallar í sumum sveitum, og þó einstakur kvarti, þá álít eg ekki gilda ástæðu til að fresta löggildíngu jarðabókarinnar fyrir það. Annað mál er það, eins og hinn heiðraði þíngmaður frá Austur-Skaptafellssýslu sagði, að þessir stórkostlegu gallar væri leiðrèttir; því eg neita ekki, að má ske hafi stundum verið lagt heldur mikið í hlunnindi ýmsra jarða, t. d. dúntekju. Menn hafa sagt, að jarðirnar væri orðnar svo breyttar, en það sannar einúngis það, að þörf hafi verið á, að fá nýtt mat á jörðum. Eg þori að segja, að þó menn færi hèr að meta jarðir eptir álnatali, og kanna jarðveginn, eins og hinn háttvirti þíngmaður frá Reykjavík sagði að gjöra þyrfti, þó það væri mögulegt, segi eg, þá mundi það ekki verða að miklu gagni; þá kæmi víst líka raddir, sem mælti á móti því, að það væri rètt, og segði það óhafandi. Þá færi líklega eins og um tómthúsin, og rúm það, sem þau standa á, að það mundi koma einhver reikníngsvillan við þá aðferð; enda mun það verða lángt að bíða, þángað til að menn gjöra það jarðamat, sem öllum líkar. Eg skildi ekki alveg ræðu hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns, þegar hann tók dæmið af jörðunum, önnur 10 hndr., en hin 60 hndr., sem skyldi vera jafnar; eg sè ekki annað, en að þegar þær eru jafnar, þá eru þær jafnar; og sá, sem kaupir 60 hndr. jörðina, hann ætti þá að tapa, en eg skil ei í, að hundraðatalan komi til umtals í kaupum og sölum, heldur jarðargæðin. Eg veit dæmi til að 5 og 6 hndr. kot hafa verið seld eins og 20 hndr. jörð, því það er að eins litið á jarðargæðin, en ekki hundraðatöluna.

Gísli Brynjúlfsson: Eg held eg verði að fallast á það, sem hinn háttvirti þíngmaður Eyfirðínga sagði, að hèr væri ei nema um þrennt að gjöra, annaðhvort að taka jarðamatið, eins og það nú liggur fyrir, taka það með breytíngum, eða þá alveg fella það. Og er eg því að mörgu leyti fúsastur á, að fara hinn síðasta veginn, því ef það er satt, sem sagt hefur verið, að þetta hið nýja jarðamat væri ei nema eintómt kák, þá er eg hræddur um, að þær breytíngar, sem menn hèr nú vildu fara að gjöra, yrði ekki nema kák ofan á kák, og það væri hálfu verra; en að samþykkja nú þegar þetta nýja jarða-

mat, eins og það hèr liggur fyrir, í þeim tilgángi, að gjalda síðan einnig hinar fornu álögur eptir því, það get eg með eingu móti fallizt á. Eg er sannfærður um, að það hefir frá upphafi verið mikill misskilníngur, að vilja á nokkurn hátt reyna til að koma hinu nýja jarðamati saman við hið forna, hvað hundraðatöluna snertir, eða byggja alla matsaðferð sína á slíkri tilraun; því fyrst og fremst vita menn ei með nokkurri vissu, hver hin forna hundraðatala var um land allt, og verða því strax í upphafi að byggja á tómri getgátu, og svo er það líka auðsjáanlegt að eins til að ónýta allt, sem menn áður hafa gjört, að breyta með misjöfnum því peníngaverði jarðanna, sem menn nú einu sinni þykjast vera búnir að fá út með nýju mati, og það í þeim eina tilgángi, að fá aptur út hundraðatölu, sem komi nær hinni fornu. Þetta getur að eins orðið til þess, að menn þá á endanum fái eitthvað út, sem hvorki í raun og veru er fornt nè nýtt, og það sem vest er, heldur ekki satt eptir þeim grundvelli, sem menn sjálfir höfðu lagt; og verð eg því, hvernig sem fer, æfinlega að vera á móti amtadeilinum, með því eg álít, að hann í raun og veru sè að eins á sama misskilníngnum byggður, sem amtaskiptíngin sjálf, og er þess utan ei sannfærður um, að honum hafi æfinlega verið rèttilega beitt af Reykjavíkurnefndinni; því þó það nú væri satt, sem menn vilja byggja allt á, að eðli fjórðúnganna hefði verið og sè enn svo ólíkt, að á slíkum deili væri þörf, þá ber þess að gæta, að ömtin svara nú ei til fjórðúnganna, og Borgarfjarðarsýsla t. a. m., sem áður var í Vestfirðíngafjórðúngi, og að eins helmíngur af einu þíngi þar, yrði nú þá að hafa breytt eðli sínu, ef annan deili skyldi hafa við í henni en í Mýrasýslu. En til þessa veit eg ei hvort nefndin hefir tekið nokkurt tillit, auk þess, að eg verð að segja, að mèr þætti þá sýsludeilir yfir höfuð miklu eðlilegri, ef menn vildi byggja nokkuð á slíkum hèraðamismun, því það er þó í augum uppi, að hver sýsla fyrir sig er miklu samkynjaðri að öllu eðli, heldur en hin svo kölluðu ömt, er stjórnin í Danmörku að eins hefir skapað um síðustu aldamót. En eg verð þess utan að vera hreint á móti því, að þetta nýja jarðamat verði notað til þess, að byggja á því annað en nýja skatta, því eg álít það ójöfnuð við landsbúa, að taka einnig hina fornu eptir því, og sè þess utan einga ástæðu til þess. Þegar forfeður vorir flúðu úr Noregi fyrir ofríki Haralds konúngs hárfagra, þá kom það einkum af því, að þeir vildu ei gjalda þann jarðskatt, sem hann lagði á hvern þegna sinna, þar sem þeir sögðu, að hann á þann hátt gjörði hvern mann að leiguliða

sínum eða þræl; Ísland er því enn í dag hið einasta land í heimi, þar sem enginn jarðartollur (*„Grundskat“*), sem fornmenn því með fullum rètti kölluðu „landskyldu“ konúnga, nokkurn tíma hefir komizt á; því skattur sá, sem við enn með rètti köllum svo, er í raun og veru ekki annað en „þegngildi“ eður þingfararkaup, er hver maður, sem til þess þótti hæfur, einnig áður átti að gjalda til viðurkenníngar þess, að hann væri þegn konúngs eða þíngmaður höfðíngja, og hefir það því æfinlega verið rètt, sem enn er, eptir eðli hans, að hann sè jafn fyrir hvern þann, sem á annað borð geldur hann. En þó eg nú fúslega viðurkenni, að þessi skattur sè því á engan hátt nægur eða viðurkvæmilegur til annara landsgjalda. Þá sè eg enga nauðsyn á þess vegna að breyta þeim stofni, sem hann og tíundin híngað til hafa verið goldin eptir; því eg sè ekkert á móti því, þó menn hafi fleiri en einn gjaldstofn á landi hverju, og þess vegna vildi eg því heldur benda stjórninni til, að hún fyndi nýjan gjaldstofn fyrir hinum nýju gjöldum, heldur en fallast á það, að setja nú hið nýja jarðamat alveg í stað hins forna. Eg held, að hina nýju jarðabók megi vel brúka sem undirstöðu til þess, að byggja á nýja skatta, og þó eg nú verði að ráða frá að löggilda hana eins og hún liggur fyrir í þeim tilgángi, þá skal eg þó ei verða hinu mótfallinn þegar til kemur, að stjórnin láti endurskoða hana, til þess síðan að byggja á henni lög um þá hina nýju skatta, sem nauðsyn krefur.

Að öðru leyti skal eg að eins geta þess með tilliti til þess, sem hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður sagði um apturfarir þessa lands að gæðum og jarðkostum, að mèr fannst hann þar að eins tala í Krukkspár anda, því eg er sannfærður um, að það er miklu fremur mönnunum, en landinu að kenna, að margt er nú miklu aumara hèr en í fornöld var. En þessa sömu vísu heyra menn æfinlega kveðna, hvar sem menn koma, að landið sè að gánga af sèr, og því sè allt svo illa á sig komið, sem það nú því miður er of víða; en þeir gá ei að því, að búskapur mannanna er nú allur með miklu minna þreki, en í fornöld var, svo að heita má, að við stöndum enn að eins á fornum merg, eða lifum af þeim leifum, er fornmenn lètu eptir sig, því það er eðlilegt, að jörðin falli í vanrækt, þegar enginn hirðir um hana leingur. Lítum t. a. m. á holtin hèr í kríngum Reykjavík; hver veit nema allt hafi verið svona eintómt grjót og melar, þegar Íngólfur fyrst festi hèr bú, og hann að eins hafi látið græða út þau hin elztu tún hèr, er Reykvíkíngar

enn lifa á? En hverjum dettur nú slíkt í hug? Og vona eg þó allt muni fara að fara batnandi, en því minni ástæða finnst mèr þá til að flýta nú svo mjög fyrir nýrri jarðabók, meðan öll jarðarrækt enn er í því ástandi hèr í landi, að menn geta varla matið jarðir sínar sem stendur, þar sem það er auðsjáanlegt, að einhver breytíng er að verða á öllu, en ekkert útkljáð um, hvernig hún muni ráðast.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg stend nú helzt upp til að reyna að leiðrètta þann misskilníng, sem er milli mín og annara þíngmanna, ef svo kynni að vera, að mèr gæti tekizt að gjöra mig skiljanlegan. Það eru sumir þíngmenn, sem álíta allt undir því komið, að jöfnuður geti verið á hundraðatölunni, en það er að minni meiníngu ekkert nema orðin ein. Hundraðatalan er ekki nema nafnið eitt, afgjald jarðanna og skattar og skyldur af þeim er það, sem allt er undir komið. Hvað kemur til, að ein jörðin er, sem vèr köllum, skuldadýrari en önnur? Það er auðvitað, að það eru landgæðin, sem gera allt um þetta. Það er auðsèð, hvað af því leiðir, ef 60hndr jörð er ekki betri að landgæðum, en 30 hndr. jörð, eða þó það væri 6 hndr. kot, þá gefur maður jafnt að tiltölu fyrir þær allar. Það er það, sem menn segja, að hundraðið í þeirri eða þeirri jörð sè svo og svo dýrt, af því menn taka þá tillit til bæði afgjalds og skatta. Þannig fellur hundraðatalan í reyndinni með öllu, og verður þýðíngarlaus, og furðar mig á því, að þíngmenn skuli villast á og blanda þessu saman. Ef að nú hundraðatalan væri jöfn, en jarðagæðin misjöfn, þá er auðsætt, að þýðíng hundraðatölunnar hverfur með öllu, því það verður ómögulegt, að gefa hið sama fyrir góða jörð, sem væri t. d. 30 hndr., og aðra landgæðalausa, sem líka væri 30 hndr. Það er auðvitað, að kaupandi og seljandi meta betur jarðirnar, en þó væri þrír beztu bændur í hrepp. Þetta er það sem eg kalla, að ójöfnur hins forna jarðamats hafi öldúngis jafnað sig í kaupum og sölum, svo að ójöfnurnar sè reyndar ekki nema í hundraðatölunni einni. Ef eitthvert víst takmark verður nú sett með nýju jarðamati, svo að breytt verði hundraðatölunni allt í einu, þá er annaðhvort, að menn geta látið hina gömlu skatta standa eins eptir sem áður, eða að menn vilja fara að eins og hèr, að láta taka skattgjaldið eptir þessu nýja mati. Ef að eins hundraðatölunni er breytt, og allt stendur annars við sama, þá yrði einginn órèttur gjörður, því hin nýja hundraðatala kæmi þá að eins fram við hinar nýju skattaálögur; en yrði breytíngin á hundraðatölunni samfara breytíng af jarðartíundinni, þá verð-

ur eins og settur tappi í allt það, sem við geingst, og hefir við geingizt manna á milli. Eg vil taka til dæmis, að eg ætti að borga af 60 hndr. jörð, eptir gamla matinu, en þegar nýja matið er komið, þá væri jörð mín sett niður í 30 hundruð, og eg ætti þá einúngis að borga af 30 hundruðum, þá slyppi eg fyrir helmíngnum af gjaldi því, sem eg er vanur að greiða, og sem eg hefi verið búinn að greiða frá því eg keypti jörð mína. Eins er það, ef jörð mín hefir verið hækkuð í nýja jarðamatinu, þá hækkar líka gjald mitt, t. d., ef eg ætti Flatey, sem er eptir forna matinu 40 hndr., en eptir því nýja yfir 100 hundraða. En þessi hækkun yrði á mèr öldúngis nýr skattur, sem væri lagður á mig með beinasta gjörræði. Í þessu liggur það, sem eg hefi sagt, að gamlar villur eru betri en nýjar, því þær hafa jafnað sig, og þetta er ekki nýtt, heldur er það gamalt og almennt viðurkennt. Hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður kom með hinn gamla barlóm frá 17. og 18. öld, og úr Aldarhætti, o. s. frv. Ef lýsíngin er rètt, þá ætti það að leiða til þess, að hinn háttvirti þíngmaður ætti að búa til áætlun um, hvað kosta mundi að flytja fólkið af landinu hið fljótasta, eins og stjórnin gjörði á öldinni sem leið, því þá væri ekkert við að gjöra hèr á landi, nema ef allir legði sig fyrir að sofa, og ef það leggst í menn, þá er ekki furða, þó þeim hafi þótt vænt um dúninn, þegar verið var að meta jarðirnar. Eg held hinn háttvirti þíngmaður hljóti að játa, að hèr hefir árferðið áður ekki verið betra en nú á þessum tímum, og landið ekki heldur betra; því þó sumstaðar hafi verið blómlegra áður, þá er líka víða töluvert í viðreisn, sem getur vel orðið meira, og það er skylda, að telja ekki kjark úr mönnum, til að geta komið þessu í sem bezt horf. Eg vil enn fremur leyfa mèr að fara fáeinum orðum um breytíngaratkvæði nínna hluta nefndarinnar við 2. gr. frumvarpsins, um preststúndina, að það falli burt. Mèr finnst þetta í alla staði rèttvíst, til þess að hið nýja jarðamat gjörði sem minnstan órètt, en eg veit, að þetta er ekki samkvæmt því, sem menn vænta sèr af jarðamatinu, því þeir vilja einmitt, að öllu skuli breyta eptir því, og hins gamla skuli síðan að eingu getið. En yrði þetta, þá finnst mèr, að sá halli, sem prestar liði, ætti að bætast upp úr almennum sjóði, eins og vant er í slíkum tilfellum, svo það yrði einn af þeim kostnaði, sem leiddi af jarðamati þessu fyrir hið opinbera, og vil eg því áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, að þetta hvíli á jarðabókarsjóðnum eða ríkissjóðnum. Að öðru leyti skal eg lítið eitt minnast á afgjaldsskattinn, og held eg það væri fullkomiu

bót fyrir jarðamatið, að sannfæra menn um, að þess þyrfti ekki við, heldur væri betra, að láta allt standa við sama um jarðamatið, og áð ef þyrfti að leggja á fasteignarskatta, þá væri bezt, að leggja á afgjaldsskatt. Afgjaldsskatturinn er sanngjarn, því hann er goldinn af því, sem til er; þar er goldið eptir því, sem menn taka inn, afgjaldið hækkar, ef meira er til, en lækkar, þegar eigurnar minnka; menn halda sèr þá einúngis til þess, sem er fyrir hendi; hvernig sem hundraðatalan er, þá er skatturinn lagður á það, sem árlega kemur inn.

Þórður Jónassen: Eg stend ekki upp í því skyni, að fara mörgum orðum að svo komnu um þetta mál; umræðurnar eru orðnar allt of lángar um það til þess, að eg vilji leingja þær; það er einúngis eitt atriði, sem eg vildi minnast lítið eitt á, út af ræðu hins 5. konúngkjörna þíngmanns, sem laut að því, að hann vildi ekki, að tíundin yrði greidd eptirleiðis eptir því nýja jarðamati, þó það yrði löggilt, heldur vildi hann, að allt stæði við sama og áður eptir gamla jarðamatinu, hvað tínndina snertir.

Við þessa skoðun hins háttvirta þíngmanns get eg með eingu móti fellt mig, því hann veit þó, og það vita allir, að undirrótin til hins nýja mats voru þær almennu umkvartanir, að tíundargjaldið lægi svo ójafnt á jörðunum eptir núverandi gæðum þeirra, og að brýn nauðsyn væri að bæta úr þessum ójöfnuði, og það var ætlað nýja jarðamatinu, að bæta úr þessu, og það er vilji stjórnarinnar, eins og líka má sjá af ástæðum frumvarpsins.

Eg er því sannfærður um, að almenníngur muni una því mjög illa, og ekki þykjast að neinu bættari við nýja matið, ef þessi ójöfnuður í tíundar-afgreiðslunni verður hinn sami eptir sem áður. Hinn sami heiðraði fulltrúi talaði um það, að það væri að skerða eignarrèttindi manna, að breyta gömlu tíundinni á jörðunum, og greiða hana eptir nýja matinu, þetta get eg ekki skilið að sè rètt skoðað. Allt jarðamat hlýtur að hafa meiri eður minni áhrif í þessu tilliti, að því leyti afgreiðslan af eigninni annaðhvort vex eða minnkar, og það er líka yfir höfuð að tala öldúngis rètt, ef eignin annars er rètt metin, og því er það líka rètt, hvað tíundina snertir.

Eigi því þessi tíundar-ójöfnuður, sem nú á sèr stað, að haldast eins eptir og áður, þá er nýja matið að mínu áliti, þó það sè einúngis skoðað frá þessari hlið, óhafandi, og eg get líka fullyrt, að það fullnægir þá með eingu móti óskum og vonum almennings, og skal eg svo ekki fara hèr um fleirum orðum.

Guðmundur Brandsson: Þíngmaður Ísfirðínga sagði, að í kaupum og sölum jarða væri ekkert tillit tekið til hundraðatölunnar, hvort jörðin væri 60 hndr. eða 10 hndr.; en þetta er ekki satt; eg þekki nokkuð til jarðakaupa, og veit, að optast er spurt um hundraðatöluna, og opt meir en skyldi, miðað við hana jarðarverðið, svo hundraðamarga jörðin hefir orðið dýrari, en sú hundraðafáa í samanburði við gæði hverrar þeirra fyrir sig. Hann hélt þetta jafnaðist með tímanum, en eg held, að það geti borið út af því; fyrst er jörðin keypt og geingur mann frá manni, svo í erfðir, og þó það verði bærilegt í fyrstu, verður þó sú niðurstaðan, þegar tíundin af henni er lögð saman fyrir mörg ár, að eigendur hennar líða töluverðan skaða. Hann sagði, að afgjaldsskatturinn yrði sá sanngjarnasti, það er svo í fljótu áliti; en ef menn vita það, að skatturinn hækkar, ef jörðin batnar af því afgjald hennar hækkar þá líka, þá má gánga að því vísu, að það minnkar hvöt til jarðabóta, því þetta er sama sem að leggja skatt á dugnað manna og því er afgjaldsskatturinn sprottinn af misskilníngi í þessu efni. Eg veit ekki hvort eg hefi skilið rètt það, sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sagði um tíundina, eg held það þó; en eg vil spyrja hann og nefndarmennina, er tóku það breytíngaratkvæði, sem stendur í 2. grein: „að jarðamat þetta verði lagt til grundvallar fyrir nýjum skattgjaldslögum“, hvort þeir hafa hugsað sèr það svo, að aldrei skuli breyta tíund á jörðunum, þeirri sem nú er á þeim? Ef nú tíund þannig væri óbreytt og skattalögin nýju ætti lángt í land, sem vel getur verið, þá gæti verið komið nýtt jarðamat á undan þeim, og að þá yrði stúngið upp á, að eingin tíund skyldi metin í því jarðamati. Eg verð því að vera hinum 1. konúngkjörna þíngmanni samdóma í því, að jarðamatið mundi verða mjög óvinsælt, ef tíundinni ekki yrði breytt eptir því. Aðalástæðan til, að jarðamatið komst á gáng, var ójöfnuðurinn á tíundinni, bæði þar sem hún þótti of há, og líka þar sem hún var of lág. Þíngmaðurinn úr Reykjavík vildi annaðhvort kasta þessu jarðamati eða fresta því, svo kvartanir manna yfir því geti komið fram; en eigi að fresta því, þángað til eingar kvartanir kæmi leingur, eða breyta því, þángað til allir væri ánægðir, þá held eg leingi mætti bíða og leingi breyta því, þá held eg yrði eilíft jarðamat, því þegar lokið væri við seinustu breytínguna, kæmi ný umkvörtun yfir þeirri fyrstu, og svo koll af kolli, og það yrði kann ske ný ástæða til að rugla við öllu; ein jörð hefir geingið úr sèr önnur batnað. Eg ætla að eg hafi heyrt, að jarða-

matlð í Danmörku hafi staðið yfir í 100 ár, og svo hafi verið öllu kastað. Eg held nú þó menn feingi jarðfróða menn frá búnaðarskólanum, sem var verið að bollaleggja hèrna í gærkveldi, með jarðnafra og alls konar tilfæri, til að skoða og meta jarðveginn alstaðar á landinu, þá mundi það kosta nokkuð, og ef svo mæla ætti hverja jörð með úthögum og afrèttum í eintómu ferhyrníngsfaðma eða álnir, þá held eg, að það yrði að lokunum dýrt jarðamat; kunnugur og lærður maður hèr í Reykjavík hefir sagt mèr, að það á að gizka mundi kosta 200 rd., að mæla lóðina undir kotunum hèrna í Reykjavík, og eptir því mundi verða kostnaðarsamt að mæla út allt landið, og það yrði lítið gleðiefni fyrir alþýðu. Menn hafa misskilið 4. gr. nefndarálitsins, en hinn 6. konúngkjörni þíngmaður leiðrètti það, og tók fram, að það skyldi leyft að taka til yfirvegunar, hvort ástæða væri til eptir 20 ár að leggja jarðabókina undir almenna endurskoðun; en hvort ástæða verður til þess eptir 20 ár, er komið undir þeim umkvörtunum, sem koma til þíngsins á þessu tímabili, og hvað mikilsverðar þær álítast. Það hefir verið sagt, að hlunnindajarðirnar væri hærra metnar en aðrar, í samanburði við gæði þeirra; eg skal nú láta ósagt um það; en hitt veit eg, að það kemur ekki af því, að mönnum hèr þyki svo gott að sofa á dún eins og þíngmaður Ísfirðínga hèlt; hann flyzt mestmegnis út úr landinu, svo af því má ráða, að fleirum þyki sætt að sofa á dún, en Íslendíngum einum; en þegar hálfur fimmti rd. er gefinn fyrir pundið af honum eins og núna, er ekki úr vegi, þó tekið sè tillit til þess. Þíngmaður Skagfirðínga hèlt, að hollast væri að búa að gjörðum forfeðra vorra bæði í þessu og öðru; þetta kann nú í sumum greinum satt að vera; þó eg haldi þær sè í ýmsu farnar að gánga úr sèr; en hann gætir þess ekki, að þeir stóðu öðruvísi að verki en vèr; því eg vil ekki ætla honum að vilja, að menn kaupi og selji þræla eins og þá; eg held það verði leit á þeim bónda núna, sem hefir 100 hjóna og nokkur hundruð nautpenings, og svo fram eptir götunum. Hann hèlt í dag, að það mundi vera Íngólfi gamla að þakka þessir túnblettir hèrna í kríng um Reykjavík; en ef hann talar við gamla menn, sem þekkja hèr til, mun hann komast að raun um, að svo er þó ekki; fyrir fáum árum síðan mun hèr hafa verið hraun og hrjóstur, þar sem nú eru ræktaðir túnblettir, en af sögunum veit hann, að þegar Íngólfur byggði hèr, þá var landið skógi vaxið milli fjalls og fjöru.

Forseti: Eg verð að biðja þingmenn að halda sig sem bezt við efnið, sem er til umræðu.

Guðmundur Brandsson: Þetta á við ræðu annars þingmanns; en að því slepptu sé eg ekki, hvað unnið sé, þó þetta jarðamat yrði ónýtt, nema að það yrði alltaf það sama og aldrei feingist neitt nýtt, eða áreiðanlegt.

Jón Pèturssón: Það var slæmt, að þingmaður Eyfirðinga misskildi mig svo hraparlega; í dæminu, sem eg tók, gjörði eg einmitt ráð fyrir, að jarðir seldist eptir því, hvernig þær sanngjarnlegast leigðust, sem að nokkru leyti fer eptir gæðum þeirra, en ekki eptir hundraðatalinu gamla. Eg setti tvær jarðir, aðra 60 hndr, eptir gamla matinu, en sem ekki leigist með meira afgjaldi, en 20. hndr. jörð, og annað 10. hndr. kot, sem leigist eins á við 20 hndr. jörð; síðan sýndi eg, að ef tíundinni á þessum jörðum yrði breytt, hefði sá, sem 60 hndr. jörðina fèkk fyrir 10 hndr. kotið, 200 rd. ábata við það, að þessi jörð hans er sett niður í 20., og sleppur við það 50 rd. tap, er hann hefði liðið, hefði hann haldið áfram með að eiga 10 hndr. kotið, eður að hann við skiptin hefði haft svo gott sem 250 rd. ábata, og hinn sem lèt 60 hndr. jörðina fyrir 10 hndr. kotið á sama hátt, svo gott sem 250 rd. skaða. Það, sem tíund lækkar, þeim mun hærra verður afgjaldið; og við það vex jörðin í verði, og aptur hið gagnstæða, því meir sem tíundin hækkar, því minna verður afgjaldið, og því meir fellur jörðin í verði; eg hefi ljóslega sýnt það með dæminu áður; þess vegna var eg líka með minni hlutanum; því jarðabókin nýja á auðsjáanlega ekki að gilda í tilliti til tíundar, heldur á þar að fylgja hinni gömlu reglu. Hinn 1. konúngkjörni þingmaður sagði, að ekkert jarðamat gæti verið án þess að hafa áhrif á eignarrèttinn; það er að vísu satt; en það er mismunur á, hvernig það á að vera, svo að það gángi jafnt yfir alla að tillölu, en ekki skeinkja einum, og aptur taka frá öðrum; eg álít, að jarðamatið eigi að vera grundvöllur fyrir nýjum sköttum, ef þeir kæmist á; því þá yrði álagan sami tiltöluhluti af fasteigninni, og geingi jafnt yfir alla að rèttri tiltölu; en það væri ekki að taka frá einum og leggja til hins, eins og ef tíund yrði breytt eptir þessu nýja jarðamati. Menn segja, að almenníngur hafi ætlazt til, að breyta ætti jarðamatinu, til þess að tíundinni yrði breytt þar eptir; það held eg nú ekki; því í sveitum hefir ekkert tillit verið haft til þess við matið á bændakirkjum. Bændakirkjur eiga, eins og kunnugt er, opt vissan part af heimalandi, og líka eiga þær ítak og hlynn-

indi hingað og þángað út um landið. Ef matsmennirnir hefði nú haft fyrir augum, að breyta ætti tíundinni eptir nýja matinu, þá hefði þeir matið kirkjuhlutann og hlunnindi kirkjunnar sèr í einu lagi, og bændahlutann sèr; því kirkjueignir eru, eins og allir vita, tíundarfríar; en þetta hafa þeir hvergi gjört, heldur matið allt í einu lagi, bændahlutann og kirkjueignina, svo það er nú ómögulegt að vita, hvað kirkjueignin er matin og hvað bændaeignin, eður hvað háa tíund ætti að lúka af bændaeigninni, ef hún ætti að gjaldast eptir nýja matinu; þeir hafa hlotið að gánga út frá því, að nýja matið einga breytíngu ætti að gjöra í tíundinni; það kostaði nýja rannsókn um allt land, hvað koma skyldi á bændahlutann, ef taka ætti tíund af honum eptir nýja matinu, fyrst það ekki var aðgreint við matið, og nýja matið getur ekki lagzt til grundvallar fyrir breytíng á tíund þeirri, sem nú er á áminnztum eignum.

Páll Sigurðsson: Það hefir nú, sem fyr, mikið verið rætt um þetta jarðamat bæði með og mót, svo eg held það megi segja það sè eins og útsteypt kláðarolla, sem sumir ekki vilja vinna til að lækna, og aptur aðrir káka við, til að halda í lurginn á henni. Eg er hèr kallaður niðurskurðarmaður, og er það satt, að eg hefi þá skoðun, að hann sè okkur hollastur, til að útrýma sem fyrst hèðan af fjársýkinni; hún er nú nóg búin að kvelja okkur, og sama er með þetta jarðamat, að eg held það sè nú skárst af ráðið, að skera það, áður en það leggur á okkur nýjar kvalir með ránglátum tíundum, er nú á sèr stað, og þykja þó þær ójöfnur miklar. Þíngmaður Ísfirðínga hefir nú sagt margt um það, og sagt að sitt þætti hverjum og öllum nokkuð að því; en eg skal vera fáorður um það, að skattur yrði byggður á þessum nýju hundruðum, því þá verður hann fyrst fullkomlega ránglátur. Menn mega nú ekki furða sig á því, þó þeir menn, sem hafa feingizt við það, vilji halda í því lífinu. Þíngmaður Húnvetníinga sagði, að Reykjavíkurnefndin hefði fundið upp á þessum sýsludeili sem lagfæríngu; því fer nú svo fjærri; hún var allt af að rembast við, að koma þeim jöfnuði í verk þetta, að hafður yrði 1 landdeilir, en þíngið 1857 sýndi ljóslega, hvað vel henni hefði tekizt það; það voru sönn og merkileg orð, sem einn konúngkjörinn þíngmaður, sem nú er fallinn frá, sagði um það skarpt og hyggilega, eins og vænta mátti af honum, „að undir eins og maður tæki afgjöld jarðanna fyrir mælikvarða, til að leiðrètta með jarðamatið, þá steypti maður óbeinlínis allri undirstöðu þess jarðamats, sem komið væri“. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði,

að menn í Danmörk, þegar þeir seint og síðar meir voru búnir að meta jarðirnar, fyrst hafi fundið ástæðu til, að ónýta allt saman. Eg vil nú binda skattinn við eitthvað verulegt, en ekki ímyndað, nefnilega afgjöldin. Það hefir verið sagt, að við ábúaskipti hækkaði og lækkaði jörðin í verði, eptir því, hvort trassi væri ábúandi eða ekki, en það er frjáls samníngur milli landsdrottins og leiguliða, að ákveða afgjaldið. Það væri líklegt, að hunraðatal gæti myndazt af afgjöldum jarðanna eins og í fornöld, því það er sami tíundargrundvöllur af föstu og lausu, og því eins mikið gjald til hins opinbera. Það er því nógur grundvöllur fyrir sköttum, þó ekki sè byggt á því, sem er ránglátt og óhafandi, og þess vegna vil eg fella þetta algjörlega.

H. Kr. Friðriksson: Það hefir verið talað mikið með þessu jarðamati, en ræður þær hafa þó ekki getað sannfært mig um, að það sè tveggja skildínga virði. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að landið geingi úr sèr, ekki einúngis á hverri öld, heldur á hverjum mannsaldri, og jafnvel hverju ári, og því sè nauðsynlegt, að lækka hundraðatölu jarðanna; en það er vissulega nokkur misskilníngur hjá þíngmanninum; það eru eigi allar jarðir, sem lækka, heldur að eins nokkrar, og það sem þessar jarðir lækka, það hækka aðrar; hundraðatalan á landinu lækkar ekki, heldur miklu fremur hækkar hún yfir höfuð með þessu nýja mati. Ef þær jarðir væri teknar og lækkaðar, sem náttúran hefir spillt, það væri eðlilegt; en hèr er talað um, að lækka þær og hækka aptur hinar, sem standa í stað. Þíngmaður Norður-Þíngeyínga sagði, að eg hefði haldið snjalla ræðu móti jarðamatinu, en mèr fannst hin ósnjalla ræða hans ekki á marga fiska; mèr fannst hún lýsa því, að sá segir mest af Ólafi konúngi, sem hvorki hefir heyrt hann nè sèð; hann var svo langt á undan tímanum, að eg efast um, að tíminn nái honum nokkurn tíma; því það, að byggja eigi jarðamat á Íslandi á allt öðrum grundvelli og öðrum reglum, en allar aðrar siðaðar þjóðir gjöra, að því takmarki kemst ekki tíminn. Eg sýndi, hvað talið hefði verið, að jarðamat mundi kosta á Frakklandi 1808, og eg sýndi, hvað það kostaði í Meklenborg, og sýndi með því fram á, hvað það mundi kosta hèr á Íslandi, ef það ætti að vera í því lagi, sem þyrfti að vera, og ætti að gjöra það eptir sömu grundvallarreglum og aðrar þjóðir hefði við haft; eg sýndi, að 8,000 rd. þá ekki mundi ná lángt.

Forseti: Hèr á ekki að ræða um, hvaða grundvallarregla fyrir jarðamati sè sú rèttasta, heldur hvort eða að hve miklu leyti samþykkja skal eptir stjórnarfrumvarpinu það jarðamat, sem hèr liggur fyrir.

H. Kr. Friðriksson: Mèr finnst þetta þó eigi vera óviðkomandi, þegar spurníng er um, hvort samþykkja skuli jarðamatið eða ekki. Þíngmaður Norður-Þíngeyínga hèlt, að 20 ára fresturinn mundi bæta eigandanum upp kostnaðinn við jarðabæturnar, en maður má ekki blanda saman „*Grundrente*“, leigunni af sjálfri jörðinni eptir sínum eiginlegu jarðargæðum, og „*Capitalrente*“. Þíngmennirnir úr Suður-Þíngeyjar- og Gullbríngusýslu sögðu, að eg vildi mæla allt landið; það er ránghermt; eg sagði, að það þyrfti að mæla landið, en það væri ekki auðið; það er ekki rètt, að snúa svona út úr orðum manna; það spillir einúngis málinu. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að eg vildi fresta löggildíngu jarðabókarinnar; en eg vil eigi fresta því; eg vil fleygja því; hann sagði, að hvað leingi, sem því yrði frestað, kæmi nýjar umkvartanir; en það sýnir, hversu varkárir menn eiga að vera með þetta jarðamat, og að það er varlega gjörandi, að meta jarðir að nýju, þegar eigi er auðið, að gjöra það svo, að ekki verði ljósar ójöfnur á því. Ástæður hans með jarðamatinu eru ljósar ástæður á móti því, en eg vil ekki að gamni mínu vera að sýna, hvað fljótur eg sè að skrifa eitthvað nýtt upp, einúngis til að setja nýjar villur í staðinn fyrir hinar gömlu. Ef á að endurskoða jarðabókina eptir 20 ár, þá veit eg ekki til hvers það er, ef ekki á að taka tillit til þeirra umkvartana, sem koma frá þjóðinni, og jafna þær ójöfnur, sem á eru; og þíngmenn skýrskota þó svo opt til þessa þjóðvilja. Þíngmaður Ísfirðínga hefir sýnt fram á, að hægast væri að leggja skattana á afgjald jarðanna, og einmitt fram á hið sama fer ein af bænarskrám þeim, sem til þíngsins eru komnar um þetta mál, og það úr þremur sýslum landsins; en til hennar hefir nefndin ekkert tillit haft. Nefndin viðurkennir ójöfnurnar, en hvaða ástæðu hefir hún til að halda því, aðra en þá, að það sè búið að gánga í gegn um þessa mörgu hreinsunarelda, og komið of lángt, til að sleppa því; en er það nokkur ástæða, að vilja ekki sleppa því, sem hver getur sèð að ekki getur blessazt, og ekkert gagn er í? Eg segi, að þrídeilirinn sè óhafandi; það er merkilegt, að þíngmaður Gullbríngusýslu, sem aldrei hefir sèð Vesturland, er fastastur á honum; hann segir, að allar jarðir fyrir vestan sè rángt metnar, en hèr rètt; þetta er þó sannarlega nokkuð hart. Hver getur sagt, að jarðamatsmennirnir á Vesturlandi hafi metið jarðirnar rángt? Að minnsta kosti vantar alla sönnun fyrir því. Hinni upphaflegu grundvallarreglu fyrir jarðamatinu er steypt með þessum þremur deilum og lagfæríngu Reykjavíkurnefndarinnar; það var ljóslega sýnt 1857, að eigi sè ástæða til þrídeilisins,

og eg sè því ekki, hvaða ástæða er til, að halda honum nú. Það var ljóslega sýnt 1857, að landstærð, fólksfjöldi og lausafè á Vesturlandi væri í sama hlutfalli við landstærð, fólksfjölda og lausafè í hinum umdæmunum, og virðíng jarðanna; eg skil því ekki, hvaða ástæður eru fyrir þessum þrídeili.

Framsögumaður: Eg þarf nú ekki að tefja mikið tímann. Margar af mótbárum þeim, sem hreift hefir verið móti löggildíngu jarðamatsins, hafa mèr fundizt lèttvægar og lítið sannfærandi, og jafnvel því fremur, sem ræðurnar voru leingri og snjallari. Eitt af þeim breytíngaratkvæðum, sem ráðgjörð hafa verið, mun eg aðhyllast, nl. það, sem hinn háttvirti þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu áskildi sèr, um að leggja á hina nýju hundraðatölu þann hluta alþíngiskostnaðarins, sem nú hvílir á afgjöldunum. Nefndarálitið sýnir, að þessu var hreift í nefndinni; og eg fyrir mitt leyti álít það rèttara, og áliti nefndarinnar (að minnsta kosti meira hlutans) yfir höfuð samkvæmara; og það er margt, sem með því mælir; miklu minni ójöfnuður mun vera milli hinna nýju jarðahundraða, en afgjaldanna; þær árlegu skýrslur hreppstjóranna eru æði margbrotnar og baka þeim töluverða fyrirhöfn, sem hèðan af má virðast óþörf, þegar sanngjarnari gjaldstofn verður feinginn, og margt dregur til þess, að þær geta ekki ætíð verið sem áreiðanlegastar og nákvæmastar. Jarðarhundruðin eru líka fastur og óbreytanlegur gjaldstofn, svo eingin óvissa eður vafi eða tortryggni getur átt sèr stað, viðvíkjandi þessari heimtíngu alþíngiskostnaðarins; en afgjöldin voru valin sem annað neyðarúrræði. Eg er að vísu fullkomlega samdóma hinum háttvirta þíngmanni Ísfirðínga um það, að jarðaafgjöldin væri sanngjarnasti gjaldstofn, ef ekki væri ótal annmarkar og ókljúfandi umsvif og örðugleikar á því, að nota hann; en fyrir utan öll undanbrögð m. m., sem við þenna gjaldmáta geta átt sèr stað, þá verður hèr að við hafa nokkurs konar framhaldandi jarðamat; því margir bændur búa á sínum eigin jörðum, og verður að meta þessar jarðir til afgjalds í samanburði við aðrar, sem leigumáli iðulega breytist á, og er þetta ekki altènd vandalaust eða þægilegt; það hefir ekki heldur verið stúngið upp á, hvernig því mætti bezt við koma, að taka skatta af afgjöldum jarða. Það gleður mig, að hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður er — eg vil ekki segja, eins skilníngslaus og eg, heldur að hann er eins og eg í því, að hann skildi ekki röksemdir og reiknínngsdæmi hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns, sem átti að sanna, að hið nýja jarðamat, ef það öðlaðist lagagildi, skerti eignarrètt manna. Hvað er þó sann-

gjarnara, en að eigandinn fái sitt og hið opinbera sitt? Tíundin er nl. partur af afgjaldinu, og þegar jörðin er mjög hátt metin, missir eigandinn ósanngjarnlega mikinn part af ágóða eignar sinnar, og aptur of lítið, ef hún er mjög lágt metin. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkínga hèlt, að löggildíng jarðamatsins mundi hepta jarðabætur; það skil eg nú ekki. Það er ekki trúlegt, að menn vilji ekki græða nema því að eins, að þeir ekkert þurfi að láta burt af gróðanum; það er eins og ef einhver ekki vildi auka neinu við fènað sinn sökum þess, að útgjöld hans yrði að aukast við það. Eg held líka, að sú grundvallarregla sè rètt, að hver eigi að bera sameiginlega byrði fèlagsins eptir rèttu hlutfalli við efni sín. En þetta á sèr ekki síður stað, þó skattar væri teknir eptir afgjöldum, þegar þau hækka má ske fyrir það, að jörðin hafi batnað fyrir jarðabætur, þá hækkar þó líka skatturinn.

Jón Hjaltalín: Mèr þykir nú illt að verða að leingja þíngræðurnar, en eg álít það þó skyldu mína, til að svara 2 mönnum upp á nokkuð, sem þeir beindu að mèr; það er þá fyrst, að þíngmaður Skagfirðínga hèlt eg væri að spá, þegar eg sagði, að landið væri að gánga úr sèr; en eg segi aptur við hann, að ef hann heldur, að landið sè nú eins og það var í landnámstíð, þá dreymir hann; hann er að vísu lesinn í gömlum sögum og skinnbókum, en hann er illa lesinn, ef hann ekki hefir komizt að raun um þetta, og sèð það af bókum; það er ekki allur vísdómur í þessum góðu og fornu skinnbókum; það eru aðrar bækur, sem eru miklu fróðlegri og áreiðanlegri, einkum ein, það er náttúrunnar stóra bók; hún er með stóru og skýru letri, og henni hlýtur þíngmaður Skagfirðínga að vera aldeilis ókunnugur; annars hefði hann ekki misskilið gömlu skinnbækurnar sínar svo hraparlega (*Forseti:* Til efnisins!). Það er svo sem ljóst, að landið hefir geingið úr sèr. Það er kunnugt meðal allra náttúrufróðra manna, að löndin eru almennt öll skógi vaxin, þegar þau byggjast; þegar þeir eyðast, þá kemur akuryrkja í öðrum löndum; en hèr hafa skógarnir verið eyddir, án þess landið á hinn bóginn hafi verið nægilega ræktað, og með því er landið líka eyðilagt; ef við hefðum, eins og áður, skógana aptur, sem forfeður vorir eyðilögðu, og þó þeir kann ske hafi gjört margt annað vel, hafa þeir eigi gjört vel í þessu. Eg skal gánga hèr upp í holtin með mönnum og sýna þeim kolviðin, sem eru menjarnar eptir. (*Forseti:* Þíngmaðurinn verður að halda sèr við efnið). Það er nú ekki lángt frá efninu, þó maður sýni, að landið geingur úr sèr; og ef þessi

grundvöllur er rifinn niður, þá má fara með öll ósannindi; þetta hefi eg ekki lært af gömlum skinnbókum, heldur af því, sem eg hefi lesið í nátturunnar stóru bók. Eg hefi ekki sagt þetta, til að draga hug úr mönnum, til að stríða mót náttúrunnur óblíðu; nei, eg skal miklu heldur hvetja menn til þess, eins og eg lèt í ljósi í gærkveldi, þegar var verið að tala um búnaðarskólann; eg álít grundvöllinn vera annan, svo breyta þurfi jaðamatinu, þegar aldir líða fram. Mèr þykir ískyggilegt, að leggja skatta á afgjaldið; það er hèr um bil það sama og lokka menn til nýrra tíundarsvika; það verður að hvíla á jarðabókum eða sögusögn hvers einstaks. En það eru nú ekki allir svo ráðvandir; það fyndist líklega þeir landsdrottnar, sem segði: svona og svona mikið áttu að gjalda eptir jörðina; en eg vil ekki skrifa nema helmíng af því í byggíngarbrèfið þitt, því þá slepp eg við að gjalda skatt af helmíngnum; þetta kalla eg að lögin lokki menn til svika, og þess vegna er eg því mótfallinn.

Magnús Andrèsson: Eg skal nú ekki tala lángt; eg skal eingan hnýfla, og enn síður fara suður um alla Danmörku, Þýzkaland og Frakkland, því þar er eg ókunnugur; en þegar eg heyri talað um þetta, heyri eg, að fyrir ýmsum vakir sama og fyrir mèr; sumir álíta, að jarðamatið sè aldeilis óbrúkandi, og vilja því fella það, en það vil eg nú ekki; og er það ekki af því, að eg álíti það svo gallalaust, að það sè nokkur dýrgripur, heldur vil eg halda í hemilinn á því, af því eg ímynda mèr, að stjórnin líði ekki annað, en að láta reisa það á ný, ef fellt verður, með reisandi nefnd um allt land; en eins og jarðamatið um aldamótin, sem gjört var með þeim hætti, hraparlega misheppnaðist, þá mundi svo fara optar, þar sem það ætti að gjörast af þeim mönnum, sem á flestum stöðum væri ókunnugir, sem yrði að fara eptir sögusögn, sem ekki er áreiðanleg, því einn lofar það, sem annar níðir, o. s. frv.; eg man hvernig það gekk þá. Mèr fèll nú að nokkru leyti vel í geð, það sem þíngmaðurinn úr Ísafjarðarsýslu sagði, að leggja ætti öll gjöld, sem á fasteigninni eiga að hvíla, á afgjöldin, en eingu að síður er það anmörkum undirorpið, eins og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður benti á, og hefi eg allt af álitið, að margir mundi fara í kríng um það eins og lausafjártíundina; en ef eg sannfærðist um, að hèr við yrði látið lenda, og þó ný skattgjaldslög kæmi út, væri þau byggð á afgjöldunum, þá skyldi eg nú ekki halda svo mikið í þetta jarðamat; en ef ei er von á öðru, en að farið verði að arka upp á nýjan stofn, þá kalla eg bæði skömm og skaða, að fara að kasta þessu

jarðamati; en geti annaðhvort hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi,* eða þíngmaður Ísfirðínga samfært mig um, að það verði ei gjört, þá er kann ske öðru máli að gegna. Það liggur í augum uppi, að Árnessýsla verður harðara úti, en aðrar sýslur við breytíngu þá, sem Reykjavíkurnefndin gjörði á matinu, og sem hún byggði á afgjöldunum, því hún gætti ekki jarðartíundanna, sem eru líka jarðargjöld; en jarðartíundir eru minni í Árnessýslu, en hverri annari vegna þess, að þar liggur meginhluti af því forna Skálholtsgózi, sem hefir tíundarfrelsi, og svo eru þar einnig margar kirkjujarðir, sem ekki eru tíundaðar; af þessu flýtur, að hundraðatal í henni verður hèr um bil 270 hndr. meira, en annars hefði verið, ef tíundin hefði verið tekin til greina bæði þar og annarstaðar. Helzt held eg halli mèr að þrídeilinum, ef frumvarpið verður að nokkru leyti samþykkt; með honum er þó skárri jöfnuður en það, að hafa einn deili yfir allt land; en eg veit nú ekki, hvað eg get aðhyllzt af hinu, því það er ofmikil grautargjörð, til dæmis um tíundarbreytínguna; hvað preststíundina snertir, þá vil eg helzt, að hún sè reiknuð eptir því nýja mati.

Forseti: Eg vil leiða athuga þíngmanna að því, hvort menn ekki vilja einkum taka til greina í umræðum sínum niðurlagsatriði nefndarinnar um frumvarp stjórnarinnar og sjálfar uppástúngur frumvarpsins, eins og hann gjörði nú, hinn heiðraði þíngmaður, er nú settist.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Það verður ekki til neins, að lofa mèr að standa upp, og vildi eg þó feginn, þó fyrri hefði verið, láta ræðu mína miða til þess, að stytta umræðurnar. Eg tek einúngis fram, það sem hinn heiðarlegi þíngmaður Skagfirðínga sagði, að það er nú annaðhvort að gjöra, að kasta öllu jarðamatinu, eður reyna að laga það, og taka einhvern deilinn, sem nefndur hefir verið; eindeilinn er fljótlegast að taka, stjórnin vill hann; þá er allt búið; þrídeilinn má reyna að taka aptur, eins og alþíngi vildi í hitt eð fyrra; samt er nú búið að reyna sig á því; sýsludeilinn má nú líka reyna að fallast á; það fer aldrei ver. Eg vil þíngið skeri úr þessu með atkvæðum sínum, svo þessi jarðamatstala endi einhvern tíma; að vera að tala um ýmsa smágalla, og stöku jarðir, geingur út í þær óendanlegu umræður; eg held það sè búið að þreyta þær nóg á hinum fyrri þíngum; það hafa sumir sagt, að það væri kann ske bezt, að hafa ekkert jaraðmat, og eg held það líka kann ske það hefði ekkert þurft; það átti að vera til þess, að taka af ójöfnur

þær, sem voru orðnar á hinu gamla hundraðatali, og til að byggja á því skattalögin; en eg held það hefði, eins og eg hefi sagt, mátt miklu betur og fljótara laga þessar ójöfnur á stöku jörðum með því, að sýslumenn með kunnugustu manna ráði, hefði sett þær upp og niður eptir því, sem þær hefði batnað eður vesnað í samanburði við hinn mesta þorra jarðanna, sem hefði staðið í stað; en að leggja skattgjaldið á fasteigina, það held eg aldrei ætti að vera, og það hefir aldrei verið hèr í landi; skattgjaldið til stèttanna verður að vera af þeim árlega ágóða, sem hver lifir af sjálfur, eptir því, sem í ári lætur, nema hæfilegur tekjuskattur af jarðeigendum; það var það eina atriði, sem eg felldi mig við af skattamálsnefndinni, er sett var 1845. Jarðamatið hefir nú ekki gjört annað, enn sem komið er, en teíja skattamálið nú í 12 ár, hvað sem leingur verður, og eg held það hafi verið, eins og hinu háttvirti fulltrúi Ísafjarðarsýslu sagði, að hefði líka stundum þótt í öðrum löndum „óíyrirsynju gjört“, og þó því væri nú kastað, held eg ekki þyrfti neina reisandi nefnd, heldur mætti laga mestu gallana á því gamla, eins og eg hefi til bent; en það er von menn horfi í, að ónýta allt þetta stóra verk, því það er líka víst og satt, að það er prýði fyrir landið, að eiga eina vissa jarðabók, ef hún gæti komizt á, en eg vildi hún væri þá látin standa óumbreytt fyrst um sinn, en ekki að það væri verið að klaga hana eða dæma um hana á hverju þíngi, því slíkar kvartanir og umræður enduðu þá aldrei, ef því mætti fram fara.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil reyna til með sem fæstum orðum mögulegt er, að sýna mönnum tilgáng jarðamatsins, því eg er hræddur um, að mönnum sè hann ekki ljós. Tilgángurinn er sá, að fá *fastan* og *jafnan stofn* fyrir sköttum í landinu. Eptir þeim tilgángi eiga menn því að segja, hvort jarðamatið sè þarft eða óþarft, hafandi eða óhafandi, en það dugir ekki, að slá um sig með því, hvernig farið sè að meta jarðir þar og þar í öðrum löndum, allra sízt, þegar það er gjört með svo lítilli kunnáttu, heldur til hvers jarðamatið á að vera. Allir eru nú samdóma í því, að þetta jarðamat sè betra en það gamla sem skattstofn, og enginn hefir þorað að segja, að það væri verra en hitt sem skattstofn, nefnilega að það væri nær hinu sanna verði jarðanna, en hið gamla, og því verður skattur sá, sem á það er lagður, *jafnari,* en ef hann væri lagður á hina fornu hundraðatölu. En að skatturinn verði *fastari,* er augljóst, því hèr er engin löggilt jarðabók til, og þó jarðabók Skúla Magnússonar sè aðalreglan, er þó hèr og hvar brugðið frá henni, og það eigi svo lítið, enda

er hún ekki löggilt; það er því jafnan los á öllu, sem manntalsbækur sýslumanna bera um ljósastan vottinn. Ef menn nú spyrja, hvort réttara sé afgjaldskattur eða hundraðaskattur, þá er svarið, að ef afgjaldsskattur er við hafður, þá er jarðabókin sama sem (numer 0) ekkert, og þar með eingin föst regla fyrir skattgjaldinu, auk þeirrar freistni, sem hinn 6. konúngkjörni benti á, og þegar svo er komið, þá getur hvorki sá sjóður, sem gjaldanna á að njóta, vitað nokkru sinni, hvað hann fær, né heldur sá, sem krefja á, hvað hann á að krefja, og í annan stað heldur eigi sá, sem gjalda á; að minnsta kosti veit hann ekki við ábúandaskipti, hvað hann á að borga af jörðinni. Þetta verður hvikult fyrir alla. En auk þessa hlýtur skatturinn á afgjaldinu að standa landbúnaði fyrir þrifum. Eg skal taka dæmi: maður á jörð, og að auk 500 rd.; hann ver nú þeim til jarðabóta, og til að fá endurgjald fyrir kostnað sinn, setur hann upp landskuldina á jörðinni, en þó verður hann að gjalda af því; hann neyðist því til að gjalda af fé sínu einmitt sökum þess, að hann varði því til þessa, en eigi meðan það lá á kistubotninum; en það er jafnan illt, að leggja svo skatt á dugnað manna, að menn eins og leggi hverja dugnaðartilraun í einelti. Menn kunna að segja: eptir tíundarreglug. 1782 eiga menn að tíunda peninga, en það tjáir ekki, því menn tíunda eigi peninga sína, hvort sem það er nú löglegt eður ekki. En nú er líka mikill ágreiningur um, hvort þetta nýja hundraðatal skuli gilda einúngis fyrir komandi skatta, eður fyrir alla, því eg kalla tíund líka landskatt; því hún er nú enda miklu meiri en $^1/_{10}$ partur af afgjaldi jarðarinnar. Þíngmaður Ísfirðínga sagði, að hundraðatalan væri ekki til neins; það er satt, að hún er ekki til neins í viðskiptum manna á milli, og hún er heldur ekki til þess, að taka eptir henni tíundina eður þá skatta, er liggja á jörðunum; en þegar nýjan skatt skal á leggja, þá verður jarðamatið til nokkurs, og þá kemur nytsemi þess fram. En nú er jarðamatið einmitt gjört í þessum tilgángi, og þess vegna hefir hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga eigi rétt fyrir sér, að segja að jarðamatið sé eigi til neins. Annars skal eg eigi fara leingra fram í þetta mál, fyrst svo margir hafa sagt, að almenníngur finni eigi til þess ójafnaðar, að taka tíundina eptir nýja matinu, og að hann skilji eigi þessa skattakenníngu mína.

Þíngmaður Árnesínga sagði, að rétt hefði verið, að taka tíundina til greina við jarðamatið. Eg skil það svo, að leggja hefði átt tíundina saman við afgjaldið, svo að tíundarfrjálsu jarðirnar yrði eigi

of hátt matnar, og er þetta öldúngis rètt, og álít eg, að þetta muni verða gjört, ef skattar komast á. Sè nú tekinn skattur af 30 hndr. og 60 hndr. jörðum, þá er það 36 álna afgjaldsmunur, eður 7 rd. 3 mrk. gjaldamunur til hins opinbera. Eg vil bæta sýslumönnum við breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Ísafjarðarsýslu um prestana, því fáist það, þá er líklegt, að sýslumenn fái það líka. Það er, að mig minnir, 4 sýslur í vesturumdæminu, og tvær hèr, þar sem sýslumenn hafa konúngstíundina í tekjur sínar. Sýslumenn þessir mega heldur ekkert missa, og heldur ekki þeir, sem hafa $^1/_6$ í umboðslaun, og vil eg líka fá borgaðan af ríkissjóðnum halla þann, er þeir verða fyrir. Það er líka, ef til vill, ástæða til breytíngaratkvæðis um rèttindi eiganda og leiguliða, ef jarðabókin kemst á, líkt og gjört var um alþíngiskostnaðinn, en hèr verður það að vera gjört á báðar hliðar, eptir því, sem á stendur.

Forseti: Eg sè að undirbuníngsumræðu þessari er enn þá ekki nærri því lokið, þar eð 10 eru þegar innskrifaðir, er hafa beðið sèr hljóðs; held eg því bezt, að menn hvíli sig, og vil eg því fresta fundi þángað til kl. 6 í dag; en af því mèr er mál þetta kunnugra frá fyrstu upptökum þess, en flestum öðrum, því eg hefi feingizt við jarðamatið, bæði heima í hèraði, verið *framsögumaður* málsins hèr á þíngi í öll þau skipti, er alþíngi hefir haft það til meðferðar, og var einn þeirra þriggja í Reykjavíkurnefndinni, sem var falið að leiðrètta jarðamatið, þá get eg ímyndað mèr, að margir landsmanna ætlist til, að eg láti ekki þetta mál verða alrætt hèr á þíngi, svo að eg tæki eingan þátt í umræðunum; og finn mèr því óumflyjanlega skylt, að taka til orðs í þessu máli, og jafnframt svara nokkrum þeim þíngmönnum, er hafa mest talað á móti jarðamatinu og frumvarpi stjórnarinnar, og hrekja ástæður þeirra, en það finnst mèr eigi eiga við að eg gjöri frá forsetastólnum. Eg skal því leyfa mèr að biðja hinn háttvirta *varaforseta* að taka forsæti og stjórna kvöldfundinum í dag.

Áður en menn gánga af fundi, skal eg láta lesa upp tvö álitsskjöl.

Voru síðan lesin upp og samþykkt:

1. Frumvarp til bænarskrár alþíngis til konúngs í málinu *um sektir fyrir illa meðferð á skepnum.*
2. Frumvarp til bænarskrár alþíngis til konúngs í málinu um *betri stjórn og afnot kristfjárjarða,* og var eingra breytínga óskað. Þau hljóða þannig:

Til konúngs.

Frá þínghöfðafundi í Norður-Múlasýslu hefir alþíngi í ár feingið bænarskrá um, að bera fram fyrir yðar hátign þá bæn, að þèr lètuð leggja fyrir næsta alþíngi eptir þetta lagafrumvarp, er ákveði hegníngu eða sektir fyrir vísvitandi illa meðferð á kvikfènaði.

Til að íhuga máleíni þetta kaus þíngið 3 manna nefnd, og þar eð eitt af þeim lagaboðum fyrir Danmörku, sem stjórn yðar í þetta sinn hefir lagt fyrir þíngið til álita, er gefið einmitt um sama efni, var nefndinni feingið það til meðferðar. Og leyfir nú þíngið sèr allraþegnsamlegast að láta álit sitt um mál þetta, sem rætt hefir verið á 2 aðalfundum, í ljósi á þessa leið:

Þíngið er samhuga í því, að lagaboð um meðferð á skepnum sè nauðsynlegt, ekki síður á Íslandi en í Danmörku, og hljóti jafnvel að vera nokkuð yfirgripsmeira hèr, þar sem ásigkomulag landsins er svo frábrugðið, og meðferð og viðurgjörníngi skepna hagar hèr allt öðruvísi en í Danmörku. Ei að síður er það álit þíngsins, að ekki geti átt við, að taka inn í lagaboð um þetta efni nákvæmar og sèrstaklegar ákvarðanir um þau margbreyttu tilfelli, sem í því geta fyrir komið, heldur hljóti lagaboðið, eins og það danska, að vera samið í almennum og yfirgripsmiklum orðatiltækjum. Og þar eð nú þíngið hefir haft til meðferðar hið danska lagaboð um meðferð skepna, þykir ekki við eiga og ekki vera nauðsynlegt, að biðja um, að yðar hátign láti leggja fyrir næsta þíng frumvarp um svo einfalt máleíni.

Leyfir því þíngið sèr allraþegnsamlegast með 22 atkvæðum að fram bera þá bæn fyrir yðar hátign, að þèr gefið Íslandi lagaboð viðvíkjandi illri meðferð á skepnum, þannig orðað:

> *(með 19 atkvæðum gegn 4) „Hver sem verður uppvís að því, að hafa viljandi mispyrmt skepnum, (með 16 gegn 4) hvort heldur sínum eigin eður annara, (með 19 gegn 4), eður beitt við þær, einkum kvikfènað og önnur húsdýr, í meðferð eður viðurgjörníngi miskunarlausri harðýðgi að nauðsynjalausu, á að sæta sektum til hlutaðeiganda sveitarsjóðs, allt að 50 rd., eða líkamlegri hegníngu eptir málavöxtum, og sèr í lagi með tiliti til þess, hvort brotið er framið í fyrsta sinn eður ítrekað“.*

Reykjavík, 4. dag ágústm. 1859.

allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Halldór Jónsson.

Til konúngs.

„Frá Þínghöfðafundi var alþíngi í ár send bænarskrá um, að það vildi fram bera fyrir yðar hátign allraþegnsamlegasta bæn um hagkvæmari afnot og stjórn kristfjárjarða hèr á landi, en híngað til hefir átt sèr stað.

Til að íhuga málefni þetta, kaus alþíngi 3 manna nefnd, og leyfir sèr nú, eptir að hafa rætt málið á 2 aðalfundum, allraþegnsamlegast að bera upp álit sitt á því fyrir yðar hátign svo látandi:

Í hinni nefndu bænarskrá eru kristfjárjarðir aðgreindar frá fátækrajörðum, og með þeim meintar, eins og venjulegt er, einkum þær jarðir, þar sem, í stað jarðarafgjalds, er haldinn einn ómagi, sem kallast kristfjármaður, og eru þær eptir því, sem sjá má af skýrslum þeim um gjafir *„að usus pios & publicos*, sem að konúngs boði safnað hefir verið, samkvæmt kancellíbrèfi 30. septb. 1820, þessar:

a. í Norður-Múlasýslu.

1. Ketilstaðir í Jökulsárhlíð, með hjáleigunum Eyjaseli og Bakkagerði.
2. Fossvellir í Jökulsárhlíð.
3. Kóreksstaðir, með hjáleigunum Kóreksstaðagerði og Hjalla.
4. $^3/_4$ Arnheiðarstaða, hverri jörð að fylgja 2 hjáleigur, nl. Geitagerði og Merki (á Jökuldal).

b. í Suður-Múlasýslu.

5. Sómastaðir, með hjáleigunni Sómastaðagerði.
6. Búlandsnes, með hjáleigunum Bjargarrètt og Borgargerði.

c. í Vestur-Skaptafellssýslu.

7. Keldugnúpur á Síðu og

d. í Árnessýslu.

8. $^1/_2$ Kolsholt, hverri jörð að fylgja hjáleigurnar Kolsholthellir og Jaðarkot.

Þíngið hefir feingið nægar upplýsíngar um það, að flestar, ef ekki allar jarðir þessar hafa svo mikil gæði til að bera, að það er lángt frá því, að það geti svarað hæfilegu afgjaldi, þó á hverri þeirra sè haldinn einn ómagi eða kristfjármaður. Eins er það víst, að tèð ómagahald hefir átt sèr stað á öllum þessum jörðum frá ómunatíð. Þar á móti er ekki fyrir hendi og líklega ekki fáanleg upplýsíng um, að til sè gjafabrèf nema fyrir einni þeirra, Keldugnúpi, líklega frá 12. öld (Dipl. Isl. I. bls. 200–201), og eru í því taldar margar kvaðir, auk ómagahaldsins, sem nú ekki framar eiga sèr stað. Að vísu víðurkennir þíngið, eins og af sumum þíngmönnum var tekið fram, að alla varúð bæri við að hafa, þegar talað er um að breyta

meðferð og afnotum þvílíkra gjafa *ad usus pios et publicos*, og að tilgángur gjafaranna sè helgur og órjúfanlegur. En aptur verður þíngið að álíta, að full heimild sè til þeirrar breytíngar, sem grundvölluð sè í breyttu ásigkomulagi tímanna, og haldi fast því sama augnamiði, sem gjafararnir megi álítast að hafa haft, og stuðli til þess, að tilgángi þeirra verði sem fullkomlegast framgeingt, eða að gjafir þeirra gjöri sem mest gagn í sömu stefnu og þeir til ætluðust. Og þar eð nú meðferð þeirra fátæku er á þessum tímum svoleiðis háttað í andlegu og líkamlegu tilliti, að ekki verður ætlazt til hennar betri hjá bændunum á kristfjárjörðunum, en öðrum bændum, álítur þíngið, að betur eigi nú við, að jarðirnar sè byggðar fyrir ákveðið afgjald, sem gángi í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Sömuleiðis verður þíngið að álíta, að sú tilhögun, sem, ef til vill, fremur hefir rót sína í ásigkomulagi fyrri tíma, en ákvörðunum gjafabrèfanna, að biskup hafi umsjón og byggíngarráð tèðra jarða á hendi, sè nú á tímum ekki eins hagkvæm og eðlileg, eins og að umsjónin og byggíngarráðin sè í höndum hlutaðeigandi sveitarstjóra undir yfirumsjón sýslumanns og amtmanns, eins og á sèr stað um aðrar fátækra jarðir.

Það álítur og þíngið, að rèttindi þau, er nú sem stendur fylgja jörðum þessum eptir venju og byggíngarbrèfum, samt konúngsbrèfi 21. febr. 1766, verði, eins og venja er til, að haldast í tíð þeirra, sem hlut eiga að máli, þegar breytíngin skeður.

Af framantöldum ástæðum leyfir þíngið sèr (með 15 atkv.: 5) að fram bera fyrir yðar hátign þá allraþegnsamlegustu bæn, að þèr ákveðið með lagaboði.

1. með 15 atkv. gegn 4:
   Að þær hèr að framan nefndu kristfjárjarðir nr. 1.—8. skuli við leiguliðaskipti byggjast eins og aðrar jarðir fyrir ákveðið gjald, er gángi í hlutaðeigandi sveitarsjóð; en ómagahaldið, sem á þeim hefir hvílt, sè með öllu af tekið, þó svo, að presturinn, sem er í Hólmabrauði, þegar breytíngin skeður, megi taka afgjaldið af Sómastöðum og hjáleigunni Sómastaðagerði móti því, að ala ómaga svo púngan, sem landskuldinni svarar; og að ekkjan, sem þá verða kynni í Valþjófsstaðarbrauði, eða presturinn, sem þá er þar, missi ekki rètt þann, sem þeim er gefinn í konúngsbrèfi 21. febr. 1766.
2. með 18 atkv. gegn 4:
   Að umsjón og byggíngarráð þeirra nefndu kristfjárjarða

skuli felast hlutaðeigandi sveitarstjórum, undir yfirumsjón sýslumanns og amtmanns.

Reykjavík, 4. dag. ágústm. 1859.

allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Halldór Jónsson.

Fundi slitið.

---

4. ágúst — tuttugasti og fimmti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Eptir dagskránni, og því sem ákveðið var í lok hins fyrra fundar í dag, verður nú fram haldið undirbuníngsumræðunni *um löggildíng nýrrar jarðabókar*. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður frá Norður-Múlasýslu.

Ólafur Jónsson: Eg skal nú ekki fara eins lángt út fyrir efnið eins og sumir þíngmenn hafa gjört, því eg veit vel, að þess háttar umræður, eins og aðrar, kosta landið marga peninga; það hafa nú nokkrir þíngmenn talað mikið móti jarðamatinu og viljað fella það gjörsamlega. Eg vona, að allir þíngmenn verði nú að játa, að þeir, sem vilja ávíta jarðamatið, hljóti að sanna eitt af tvennu, nl., annaðhvort að jarðamatið sè svo ójafnt, að það sè óbrúkandi, eður þá að ekki þurfi neitt jarðamat; hvað hinu fyrra viðvíkur, þá hafa þeir ekki komið fram með hina minnstu sönnun fyrir því, að jarðamatið sè svo ójafnt, að það þess vegna sè óbrúkandi, því þó ræður þeirra hafi verið vel glymjandi í eyrum manna, þá hafa þær verið með öllu ástæðulausar. Það hafa líka allir viðurkennt, að jarðamatið innbyrðis í hverri sýslu sè lángtum jafnara, en það áður var; það má líka geta því nærri, að svo sè, því með hverri aðferð gæti menn vonazt eptir jafnmiklum jöfnuði í virðíngu jarðanna í hverri sýslu út af fyrir sig, eins og með þeirri, sem við höfð var, að 5 kunnugustu og greindustu bændur metti jarðirnar í hverjum hrepp, og þegar nú þar á eptir að yfirmatsmenn í hverri sýslu, einnig þeir kunnugustu, rannsökuðu allt matið í sýslunni, og lagfærðu það, sem þeim þótti hafa mistekizt, þá get eg ekki ímyndað mèr nokkra aðferð jafnhentuga sem þessa, til að ná innbyrðis jöfnuði milli jarðanna; því þó jarðirnar væri metnar til peninga, eins og hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga talaði um í

dag, þá held eg, að allir matsmenn hafi eins fyrir það haft tillit til allra kosta og ókosta þeirra. Þegar nú þessi innbyrðis jöfnuður var feinginn í hverri sýslunni fyrir sig, þá fundu menn nú samt, að mikill ójöfnuður var millum sýslnanna, og þurfti því að fá hann af numinn; hver aðferð hagfelldust væri til þessa, varð þá leingi umræðuefni, og svo lauk, að þriggja manna nefnd var til kvödd, til að ná aptur innbyrðis-jöfnuði millum sýslnanna; það er nú auðvitað, að nefnd þessi ekki gat náð þessu augnamiði, nema með því, að færa niður sumar sýslurnar í virðíngu, og sumar upp, eptir einhverjum mælikvarða; hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga talaði um, að það hefði átt að hafa eindeilinn fyrir hverja sýslu, en kemur ekki allt í sama stað niður, hvort eindeilirinn var hafður fyrir hverja sýslu, eður sýslurnar voru jafnaðar fyrst, og svo brúkaður einn deilir? Hann talaði einnig um, að Reykjavíkurnefndin hefði haft mest tillit til afgjaldanna í hverri sýslu, þegar hún var að finna innbyrðis-jöfnuðinn milli þeirra; hann hefir nú ekki bent á aðra betri aðferð en þessa.

Hvað nú hið síðara atriðið áhrærir, að ekkert jarðamat þurfi, þá hefur nú hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga, og fleiri leitazt við að sanna það, og haldið, að bezt mundi að miða alla þá skatta, sem kunni að leggjast á jarðirnar hèr eptir, einúngis við afgjöldin, eins og alþíngistollurinn nú er tekinn; þetta lýsir nú ókunnugleika þeirra manna, því ef þeir að gætti nákvæmlega, hvílíkum annmörkum þessi aðferð er bundin, þá mundi þeir varla halda þessari skoðun leingi fram; eg gæti líka sannfært þá um það, að alþíngiskostnaðartöflurnar eru eingan veginn áreiðanlegar, og mèr er nær að halda, að þær sè lángtum fjær því rètta afgjaldi jarðanna, heldur en hið nýja jarðamat er fjærri rèttum jöfnuði; eg ætla ekki að tala um orsakirnar til þessa, og ekki heldur um það, hve allur þessi gjaldstofn er hvikull, þar þetta væri svo gott sem árlegt jarðamat, heldur lýsa því yfir, að eg kallaði það þau aumustu úrræði, sem þíngið gæti tekið, ef það færi að ráða til þessa.

Hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður vildi láta löggilda jarðamatið nýja, en áleit rángt, að taka tíundirnar eptir því, heldur hlyti þær að takast eptir gamla hundraðatalinu, og var hann að reyna að sanna þetta með reikníngsdæmi; eg get nú ekki skilið þetta, því ef 20 hundraða jörðin og 60 hundraða jörðin, sem hann til færði, eru jafnar að gæðum, þá get eg ekki betur sèð, en eigendur beggja jarðanna eigi að borga jafnt af þeim; hitt væri sama sem að segja

við þann, sem á 60 hundraða jörðina, af því þú hefir að undanförnu orðið fyrir því ránglæti, að verða að borga of mikið af jörð þinni, þá verður þú líka að gjöra það framvegis. Þess ber nú líka að gæta, að það eru nú 10 ár liðin, síðan jarðamatið byrjaði, og hafa ekki allfáar jarðir geingið að kaupum og sölum síðan; nú er það víst, að sú von er ríkjandi hjá þjóðinni, að með löggildíngu jarðamatsins verði af numinn sá ójöfnuður, sem að undanförnu hefir við geingizt í tíundargreiðslunni vegna þess ójafna hundraðatals; ef nú það gamla hundraðatal verður látið haldast framvegis, sem gjaldstofn fyrir tíundinni, þá er öllum þeim gjört rángt til, sem hafa keypt eða selt jarðir, síðan jarðamatið fyrst byrjaði, eður nú upp í 10 ár; því allir þessir hafa vonazt eptir breytíngu á tíundinni með nýju jarðmati; þá fylgir þessu líka sá ókostur, að ef jarðamatið nýja verður löggilt einúngis til að taka eptir því nýja skatta, sem hèr eptir kynni að verða lagðir á jarðirnar, en það gamla hundraðatal ætti að haldast í tilliti til tíundargreiðslunnar, þá yrði við hafðar tvær jarðabækur, til að taka eptir opinber gjöld, og mundi það þykja óviðurkvæmilegt. Þá talaði einn þíngmaðurinn um það, að það væri ógjörlegt, ef jarðamatið yrði löggilt, að leyfa prestum þeim, sem hefði halla af löggildíngunni, að taka tíundina eptir hinu gamla hundraðatali, meðan þeir eru í því sama kalli; eg skal nú fúslega játa, að það hefði verið æskilegast, að allir hefði strax mátt greiða tíundina eptir hinu nýja hundraðatali, og var margrætt um þetta í nefndinni; en af því nefndinni þótti ósanngjarnt, að svipta þá presta, sem verða í hverju kalli, þegar jarðamatið verður löggilt, nokkru af þeim tekjum, sem þeir hafa haft, en hún sá ekki ráð til, að bæta þeim hallann upp á annan máta, þá fèllst hún á frumvarp stjórnarinnar í þessari grein. Eg get ekki heldur ætlað, að þetta valdi mikilli óánægju meðal gjaldanda, og eingan veginn, að það ætti að verða löggildíngu jarðamatsins til fyrirstöðu, því þess ber að gæta, að af hverri jörð, sem tíundir eru goldnar af, eru annaðhvort tvær eða fjórar tíundir; sè nú að eins tvær tíundir, þá verður þó önnur þeirra strax goldin eptir því nýja hundraðatali, en sè fjórar tíundir af jörðinni, þá verða þrjár af þeim strax borgaðar svona; því það er að eins preststíundin, sem eptir frumvarpinu ætti að borgast eptir gömlu hundraðatölunni, meðan sá sami prestur er í kallinu. Þar fyrir utan er eg viss um, að fæstir prestar mundi færa sèr í nyt þessa undantekníngu, því í mörgum prestaköllum

nemur mismunurinn svo litlu, og mundi flestir prestar strax gjöra sig ánægða með, að taka tíundina eptir því nýja hundraðatali.

Þá minntist hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga á amtadeilinn, og hèlt honum mjög fram; það getur nú vel verið, að eitthvað mæli fram með honum; en sú ástæða, sem hann til færði, að menn yrði að álíta, að eptir gamla matinu hefði verið fullkominn jöfnuður millum amtanna, finnst mèr heldur lèttvæg og á eingum rökum byggð; því ef menn eru nú í vafa um, hvað sè rèttur jöfnuður millum amtanna, þá get eg ekki treyst því gamla mati þeim mun betur, að ekki geti eins skeð, að þá hafi orðið misjafnt hlutfallið millum amtanna. Það hefir verið talað um, að eptirgjaldið eptir jarðirnar í vesturamtinu væri svo lágt, vegna þess þar væri víða vanalegt, að taka spesíuna á 60 fiska, og því hafi verið rángt, að leggja afgjöldin til grundvallar við jöfnuðinn millum amtanna; en er ekki þetta lága eptirgjald vottur þess, að jarðirnar svari ekki til þess hundraðatals, sem á þeim er? Það mun líka víða á Vesturlandi vera meiri kúgildaþúngi á jörðum, en í hinum ömtunum, í hið minnsta fyrir norðan; eg er því ekki viss um, að amtadeilirinn sè sanngjarnari, en einn deilir.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það verða ekki nema fá orð, sem eg tala, einkum viðvíkjandi því, sem þingmaður Borgfirðinga sagði í dag, og hefir hann víst misskilið mig, að svo miklu leyti, sem hann hermdi upp á mig, að eg vildi hafa afgjaldsskatt, eins og fyrir þá skatta, sem nú liggja á, en það var ekki mín meining. Eg sagði, að jarðamatið hefði misheppnazt, og að með því hefði hvorki náðst augnamið stjórnarinnar nè þjóðarinnar; og því álít eg rèttara, að láta hèr við lenda, þegar það ekki leiðir til annars, en ójafnaðar og óánægju á allar hliðar, og eg benti til, að þar sem væri að gjöra um nýja skatta, sem gæti orðið spursmál um, þá þyrfti ekki nýtt jarðamat þeirra vegna, því það mætti leggja skattana á afgjöldin. Hinn sami þingmaður sagði, að þessi nýja jarðabók væri betri en sú gamla, en eg held, þegar öllu er á botninn hvolft, að hún sè ekkert betri. Það er annars aðgætandi, og eg vil biðja hina háttvirtu þingmenn að gefa því nákvæmlega gaum, að þingmaðurinn talar ekki um nýju jarðabókina í sama skilníngi eins og aðrir, sem og auðsèð er á ágreiníngsatriði hans, eða minna hluta nefndarinnar; því það er auðsèð, að hans meining er, að þessi nýja jarðabók ekki skuli gilda hèr, nè að neitt skuli greiðast eptir henni, fyr en nýir skattar verði lagðir á, en þetta er

öldúngis móthverft því, sem menn hafa hèr almennt ætlazt til, því það hefir verið tilgángur landsmanna og ósk, að því leyti sem þeir hafa viljað jarðamat, að hin nýja jarðabók skyldi verða gild í öllum greinum, og allt breytast eptir henni í tíundum og annari greiðslu af fasteigninni, en undir öðrum kríngumstæðum vilja þessir menn ekki hafa hana; en eg er sannfærður um, eins og hann og hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður, að mörgum yrði gerður mikill órèttur, ef þessi nýja jarðabók feingi strax gildi; það yrði þá tekið frá sumum, en gefið öðrum, eins og eg hefi áður sýnt, þegar allt í einu er settur eins og tappi í allt það, sem byggist á eðlilegum eignaráðum og eignaskiptum manna, og sett allt í einu ný regla, sem allt skuli sniðið eptir. En sá er munurinn, að flestir, sem nýja jarðabók vilja hafa, heimta þenna ójöfnuð, og þykir allt ónýtt ella, en þíngmaður Borgfirðínga vill hafa jarðabókina í skúffu sinni, þángað til nýir skattar koma, og er eg honum samdóma reyndar í því, að þetta væri rètt, ef ný jarðabók ætti að koma, eða ef hennar þyrfti, eða ef hún væri svo úr garði gjörð, sem hún ætti að vera; en það er einmitt öldúngis móti ósk þjóðarinnar, að eg held, að jarðabókin væri geymd í skúffunni, og ekki tekin til framkvæmdar jafnskjótt og hún væri lögtekin; því hún vill einmitt fá henni fylgt í öllu, ef hún skal gilda. Þíngmaðurinn hafði það á móti afgjaldsskattinum, að hann væri svo hvikull; en eg sè ekki, að meiri hvikulleiki geti verið á honum, en á öðrum sköttum; hann er víst ekki fremur bundinn við svik, nè stendur meir fyrir jarðabótum en aðrir skattar. Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður sýndi í ljósu og sláandi dæmi ójöfnuð þann, sem leiddi af þessari nýju jarðabók, ef henni yrði fylgt takmarkalaust, og vil eg enn fremur vekja athygli manna að því. Enn það er annað, sem einnig er mikilsvert, að þetta nýja mat til peníngaverðs hefir svipt marga menn jafnvel allt að helmíngi af eignum þeirra í peníngaverði. Það er t. d. ein eyjajörð, sem er 40 hndr. eður 8,000 rd. virði eptir gamla matinu, en nú er hún metin 3—4,000 rd., eða hálfvirði; ef eg á nú þessa jörð, og vil fara til einhverra opinberra sjóða, að fá mèr lán, þá fæ eg ekki meira lán upp á hana, en eptir því, sem hún er metin til peninga við nýja jarðamatið, því eptir því hlýtur að vera farið, þar eð þessi virðíng er gjörð að stjórnarinnar tilhlutun af eiðsvörnum mönnum, og af nefnd stjórnarinnar; það er þá farið svo með mig við mat þetta, að það er tekið af mèr hálft verð eignar minnar, hálfur minn kapítal. Þetta kann nú að jafna sig með tímanum, en það hlýtur þó að hafa skaðlegar verkanir meðan

það er nýtt. Hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að nýja matið væri grundvallað á því, að landið geingi úr sèr; en það er þó ekki að sjá á matinu, því hundraðatalan er jafnvel hærri, en eptir gamla matinu. Hinn virðulegi þíngmaður Húnvetníinga vildi, að menn sönnuðu annaðhvort, að jarðabókin nýja væri óhafandi, eða að menn þyrfti ekki jarðabókar með. Eg held nú að það sè sannað, að einn hlutur sè óhafandi, þegar hann ekki svarar til síns augnamiðs. Nú er hvorki náð tilgángi stjórnarinnar nè þjóðarinnar með þessari nýju jarðabók, og þá hlýtur hún líka að vera óhafandi, eg vil nú ekki tala um, þegar koma aðra reins verulegar ákærur, og þíngmaðurinn frá Rángárvallasýslu kom með móti henni, og ef ein sýsla skyldi verða fyrir öðrum eins búsifjum, og hann segir að Rángárvallasýsla hafi orðið fyrir, þá sýnist það liggja í augum uppi, að hún sè öldúngis óhafandi. Sama er að segja um það, að hennar þurfi ekki með, því það er ekki vandasamara með afgjaldsskattinn, en með aðra skatta, vegna þess að undanbrögð megi hafa við framtöluna, en það er þá eins með alla óbeinlínis skatta, sem þó eru almennt taldir beztir allra skatta, og mun vera eins hèr á landi hinir ábatamestu skattar, því eg tel ekkert sèrlegt upp á þær tekjur, sem sjáanlega geta feingizt hèr af fasteignarsköttum hvort sem er. Ef byggja á afgjaldsskattinn á hundraðatölunni, sem ekki er annað en nafn, þá er það svipað eins og menn vildi helzt hafa nefskatt, af því einginn getur dregið undan nef sitt, eða sjálfan sig. Þetta held eg sè nú ekki talað af ókunnugleika fyrir mèr, þó eg vilji ekki hæla mèr af neinum sèrlegum kunnugleika. Það hefur verið sagt, að það yrði óvinsælt, ef ekki yrði tekin tíund eptir nýja matinu, því þjóðin búist við því; en ef það væri gjört, þá yrði margir menn fyrir miklum órètti, og ef því væri frestað, þá er það gagnstætt því, sem þjóðin ætlast til. Þegar þetta er nú svona, þá virðist mèr það fullgild ástæða til að kasta þessari nýju jarðabók, eða að minnsta kosti fresta henni til næsta þings.

Stefán Jónsson: Það er nú þegar búið að tala það, sem eg eg ætlaði mèr að segja, þegar eg beiddi um orðið. Mèr varð ekki nógu ljóst dæmi hins háttvirta þíngmanns frá Ísafjarðarsýslu um jörðina; hann sagði, að hún væri ekki metin nema 4,000 rd. eptir nýja matinu, og gæti eigandinn því ekki feingið lánaða 8,000 rd. upp á hana. Eg vil þá spyrja, hvar getur maður sèð þá rèttu virðíng á gamla matinu? Því ef farið er að taka lán upp á jarðirnar, þá er gamla matið víst eins óáreiðanlegt; það er satt, að það má margt finna að þessu

nýja mati, en þó er það mörgum pörtum betra, en hið gamla, og ef menn sjá, að jarðamats þurfi með, þá þykir mèr ekki gjörlegt að kasta þessu nýja. Þíngmaður Húnvetníngа tók það fram, sem eg ætlaði að drepa á út af ránglætinu, sem talað var um áðan af þeim 5. konúngkjörna þíngmanni, þegar 2 jarðir væri jafnar að gæðum, önnur 60 hndr., en hin 30 hndr. Eg ætla nú að taka 20 hndr. og 10 hndr. jarðir, sem jafnar eru að gæðum, og eru virtar jafnt í nýja matinu; nú hefir tíundin verið meiri á 20 hndr. jörðinni áður, eins og auðvitað er, en við jarðmatið nýja verður það jafnt af þeim báðum; þá er hvor fyrir sig 15 hndr., og þá er ránglæti því, sem ábúandi á 20 hndr. jörðinni hefir mátt sæta, lètt af honum, og jafnað við hinn, því áður galt hann meira, en hann átti að gjalda. Dæmið um Hólma í Reyðarfirði sýnist má ske lýsa hvað mestu ránglætinu, en þó er eg ekki viss um, að það sè rèttara, sem áður hefir verið, að meta þá jörð 12 hndr.; mèr virðist því ekki nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að taka þetta jarðamat eins og það nú er, eða hafa aldrei jarðamat, eins og eg hefi áður sagt.

Ásgeir Einarsson: Eg hefi ekki staðið fyr upp í dag, enda mun það nægja, sem aðrir þíngmenn hafa talað í þessu máli. Eptir þeim umræðum, sem nú hafa farið um þetta nýja jarðamat, get eg ekki annað, en tekið mèr Hannibals orð í munn: „nú sè eg fyrir forlög Kartagóborgar“, þó mèr sè nú ekki eins sárt um jarðamatið, og honum um Kartagó; en ef það er svo slæmt, sem sumir segja, þá vil eg heldur gefa atkvæði mitt fyrir, að það verði fellt, en að menn geri það verra með því, að fara að káka við það aptur. Eg vildi breyta einu atriði í nefndarálitinu, en þótti það ekki þess vert, að gjöra ágreiníngsatkvæði, nl. um tíund prestanna, og tók hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga sèr breytíngaratkvæði í þá átt, sem eg fellst á. Eg sá að vísu, að það gjörði ei bændum mikinn skaða, og það mundi ekki þykja nema smámunasemi; en ef það er rèttarröskun, þá ætti alþíngi ekki að láta það sjást eptir sig, þó smáu nemi. Ef að stjórnin ekki vill hlíðra svo mikið til, að sjá um að embættismennirnir hafi ekki halla, og jöfnuður geti geingið yfir gjaldþegnana, þá kalla eg ekki von á, að til neins sè að biðja hana um meira. Þrídeilirinn hefir verið mikið þrætuepli hèr á þínginu, og það svall mest í Vestfirðíngum, að þeim þótti ástæðunum með þrídeilinum á seinasta þíngi vera of mjög fylgt fram; það eru nú nokkrar bænarskrár komnar að vestan, og eru þær allar á móti þrídeilinum, og ástæðurnar með honum, sem nú eru bornar fram, eru

sumar hvorki sannar, nè sannaðar. Það er nú fyrst, að sagt er, að á Vesturlandi sè goldið eptir jarðirnar eptir forngildu, en þetta er nú ekki satt; því þó það sè í Mýrasýslu, og á einstöku stað annarstaðar, þá er það fjærri, að það sè víða, enn síður alstaðar í vesturamtinu. Þar sem sagt er, að þegar jarðamatsnefndin hafi byggt á afgjalsskattinum, þá hafi sjálfseignarbændurnir verið dómarar í sjálfs sín sök; en þetta er ekki satt, því hreppstjórarnir og aðrir þekkja vel reglur fyrir að taka alþingistoll, og að það var órètt, að láta menn meta sjálfa afgjöldin, og hefir eingin umkvörtun heyrzt í þá átt; það er og sagt, að gildar ástæður hafi verið fyrir þrídeilinum, en hvers vegna fèllst stjórnin þá ekki á þessar gildu ástæður? Skyldi hún þá heldur fallast á þær, ef þær koma ógildar? Það er og sagt, að stjórnin hafi fundið að því, að alþingi hafi ekki reynt til að sanna, að jarðir væri lægri í vesturamtinu, en annarstaðar; en ef alþingi gæti sannað, hvar jarðirnar væri hæstar og lægstar, þá yrði fljótt teknar af ójöfnurnar. Það er og sagt, að lausafjártínnd hafi stigið upp í vesturamtinu, og það væri eðlilegt, að lausafjártíund hækkaði í góðum árum í því harðindaplássi, en orsökin til þess er líka, að hreppstjórar og sýslumenn hafa lagað framtalið; það hefir ekki verið sú heppni yfir Vesturlandi, eins og fyrir einni sýslunni hèr í suðurumdæminu, þar sem fjárkláðinn hafði verið um haustið, og skorið mikið af fènu, þá var eptir skýrslunum fleira fè þar árið eptir, og getur þetta varla verið því til sönnunar, að vesturamtið eigi að vera hærra metið en Suðurland. Allir, sem þekkja Vesturland, munu líka játa, að það hefir ekki geingið minna af sèr, en aðrir hlutar landsins, bæði af skriðuáföllum og fl. Uppástúngunni um, að leggja strax alþingistollinn á hið nýja hundraðatal jarðamatsins ætla eg að mótmæla. Þetta komst líka í tal í nefndinni, og þá var ráðið frá því. Það hafa ekki heldur komið umkvartanir um það, síðan rifizt var um það á þinginu, að alþingistollurinn væri ósanngjarnlega lagður á, eins og nú stendur. Ef það kæmist nú á, sem stúngið er upp á, þá slyppi allir kaupstaðarbúar, því ekki er enn þá komið mat á húsin eptir hundraðatali. Það er líka öldúngis heimildarlaust fyrir þíngið frá þjóðarinnar hálfu, að breyta þessu gjaldi, fyr en þjóðin hefir sagt sína meiníngu um það; það væri annað mál, ef að kvartanir kæmi yfir, að ránglega væri tekið gjald þetta og undanskot höfð í frammi; en það er nú ekki upplýst enn þá með einu dæmi; en ef þessi uppástúnga fær framgáng, þá vil eg heldur, að alþingisskatturinn verði lagður á allar jarðir, því það hefir allt af verið þjóðvilji, að allir greiddi þetta gjald að til-

tölu, því allir ætti að hafa not af þinginu. Um tíundina hefir hèr líka verið mikið þráttað, og margt sagt bæði með og mót, og það er líka satt, að breytíngin getur fyrst í stað valdið ójöfnuði milli landseta og eiganda; en það var einmitt beðið um jarðamatið, til þess að tíundin geti breyzt við hundraðatölubreytínguna, og þetta var í fyrstu mesti tilgángur þjóðarinnar, að því leyti sem hún bað um jarðamatið. Afgjaldsskatturinn held eg geti orðið vel brúkanlegur og sanngjarn; en eg er á móti því, að honum sè breytt strax, því ef hann væri lagður strax á, þá mundi margir komast undan. Eg get ekki verið á því, að vert sè að fella þetta nýja jarðamat með öllu, nema það vesni því meir við meðferð þíngsins núna, því það er þó skárra, en hið gamla, og vel brúkanlegt; en að fara að rugla í því á ný, held eg verði bæði seinunnið og ekki til vinnandi.

Gísli Brynjúlfsson: Eg ætla mèr að eins að bæta því við það, sem eg sagði í dag, að eg verð að taka mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, að stjórnin láti endurskoða hið nýja jarðamat, og þó að eins í þeim tilgángi, að byggja á því nýja skatta. Eg verð að vera fastur á því, að það sè með öllu ófært, að vilja nú alveg útrýma þeim hinum forna gjaldstofni, er menn hafa byggt á hèr í landi, frá því við vitum fyrst til; og eg held enn fremur, að mestur hluti þeirrar óeiníngar, sem hèr hefir komið fram á þíngi um hið nýja jarðamat, sè einmitt af því sprottinn, að menn hafa viljað sameina nýjan gjaldstofn við hið forna jarðamat, er menn þess vegna að eins hafa ætlað sèr að endurbæta. En eg er sannfærður um, að til þessa hefði menn þá átt að hafa allt aðra aðferð, og að eins smátt og smátt bæta svo úr misfellunum á hinum forna dýrleika á jörðunum, að sanngjarnara yrði framvegis að taka tíund og skatt eptir honum; þá hefði menn heldur ei komizt í öll þessi vandræði með að koma nýju og fornu jarðamati saman, þar sem mönnum þá alls ekki hefði getað komið til hugar, að byggja annað, en nýja skatta á nýju jarðamati. Slíka aðferð verð eg æfinlega að álíta hina rèttustu, og þess vegna get eg ei heldur verið á því, sem hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga stakk upp á, að fresta málinu, því eg vil með eingu móti tálma því, að tekjurnar af Íslandi megi komast í betra horf til þess, sem nauðsynlegt er; og það er eg fús á að játa, að eg sè ei enn nokkurt betra ráð til þessa, en að leggja nýja skatta á eptir nýju jarðamati; því þó afleiðíngarnar þá yrði, að við framvegis hefðum tvær jarðabækur að fara eptir í stað einnar, þá get eg ei sèð nokkuð háskalegt í því. Menn sjá því, að eg í raun og

veru hefi ekki nokkuð á móti nýju jarðamati í sjálfu sèr, ef því að eins mætti verða rèttilega beitt, nè óska því frestað um lángan tíma, þó eg trúi því vel, þar sem svo margar umkvartanir hafa komið fram yfir hinni nýju jarðabók, að nauðsyn sè, að endurskoða hana enn nokkuð, áður en hún verði löggild, þó að eins sè í þeim tilgángi, að taka eptir henni nýja skatta; og þess vegna ætla eg að taka mèr það breytíngaratkvæði, sem eg hefi nefnt, svo það sjáist, að eg er eingan veginn á nokkurri algjörðri frestan á málinu í þeirri veru, að eg vilji eyða því, þó eg sem stendur geti ei gefið atkvæði mitt fyrir uppástúngu stjórnarinnar, nè fallizt á það, hvernig hún ætlar sèr að hafa hina nýju jarðabók. En fái nú ei breytíngaratkvæði mitt framgáng, þá hefi eg síðar tækifæri til að segja, hvernig eg þá mun haga atkvæðagreiðslu minni.

Með tillit til þess, sem hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður svaraði mèr fyr í dag, skal eg nú að eins geta þess, að eg sagði ei hann væri að spá, heldur hitt, að hann talaði alveg í Krukkspáranda, þar sem hann væri að telja mönnum trú um, að landið geingi svo af sèr. Eg veit það vel, að þetta er satt á sumum stöðum, en því verð eg fastlega að neita, að menn hafi nokkrar fullgildar sannanir fyrir því, að landið sè nú yfir höfuð verra, en þegar menn fóru fyrst að byggja það, og það álít eg háskalega kenníngu, að afsaka ódugnað manna nú á þann hátt, þar sem sú afsökun gildir í raun og veru ekki meir en hin alkunna, að „árinni kennir illur ræðari“. Og viðvikjandi því, sem hinn háttvirti þíngmaður fyrir Gullbríngusýslu sagði um hið sama mál, verð eg þó að svara honum því, að menn áður einnig höfðu nóga þræla í öðrum löndum, þar sem vinnudugnaðurinn er þó ei minni nú, þó þrælarnir sè orðnir frjálsir; og þar sem hann vísaði mèr á gamla menn, er gæti sagt mèr um uppruna túnanna í Reykjavík, þá efast eg þó um, að hann geti vísað mèr á *svo* gamla menn, að þeir geti sagt mèr, hve nær Hólavöllur t. a. m. fyrst var græddur út, eða fullvissað oss um, að allt hafi hèr ei verið eintómir melar og grjót, þegar Íngólfur festi bú í fyrstu í Reykjavík, rètt eins og við enn sjáum það í Þíngholtinu hèrna fyrir ofan og víðar annarstaðar.

Þá vèk *forsetinn, Jón Guðmundsson* úr sæti, og gekk til þíngmanna bekkjanna, eins og hann ráðgjörði í fundarlok í dag, en *varaforseti, Pètur Pètursson*, settist í forsetastólinn.

Ásgeir Einarsson: Þetta kemur ekki því við, hvort jarðamatið á að gilda eða ekki. Það er ætlunarverk þíngsins, og var jarða-

matsnefndarinnar, að innbyrðis-jöfnuður sè á jarðamatinu. Þetta hefir nú tekizt í hverri sýslu fyrir sig, en ójöfnuðurinn, sè hann nokkur, er helzt milli sýslnanna, og það er hann, sem einkum veitir átyllu til að hnýta við jarðamatinu.

Jón Guðmundsson: Eg hefi óskað að tala í þessu máli, af því eg hefi mikið feingizt við það frá fyrstu upptökum þess, þegar frumvarp jarðamatstilskipunarinnar var rætt hèr á þingi 1847, frá fyrstu byrjun verksins, þegar jarðamatið sjálft fór fram heima í hèruðum, síðan á öllum undanförnum þingum, 1853, 1855 og 1857, og í Reykjavíkurnefndinni; eg er því í sannleika nákunnugur þessu máli, og sè eg bær um að taka til umræðu í nokkru máli, og sè áliti mínu og tillögum gaumur gefandi um nokkurt málefni, þá er það í þessu máli. Eg þykist því eins geta talað um það, eins og aðrir, og verð að álíta tillögur mínar um það eins merkar og sumra, sem eru í móti; og vil eg strax taka fram, að eg ætla að styðja þetta mál, en ei fella það. Eg ætla ekki að elta þá, sem talað hafa í móti þessu máli, eða alla útúrdúra þeirra manna, er vissulega hafa of litla þekkingu bæði til jarðamatsins sjálfs, til landsins og sveitabúnaðarins, til þess, að þeir geti sagt það, sem þeir hafa sagt hèr í dag, eða að því sè nokkur gaumur gefandi. Eg held ei með jarðamatinu af því eg hefi unnið að því, heldur af því eg hefi allt af verið sannfærður um brýna þörf á nýju jarðamati; þetta jarðamat, sem nú liggur fyrir, hefir tekizt vel yfir höfuð að tala; það þori eg að fullyrða, og það get eg sannað, þó það ekki sè alfullkomið; og þeir, sem mest mæla á móti því, eru alls ekki færir um, það þori eg að fullyrða, að gjöra það fullkomnara. Í dag hafa verið haldnar ræður bæði með og mót þessu máli, og hafa ræður þær, sem á móti því hafa verið haldnar innan um verið áheyrilegar, en ástæðurnar óheyrandi; þetta verður ekki sagt um ræður þingmannsins úr Reykjavík, sízt þá fyrstu, er hann flutti; hún var ekki snjöll, eins og sumir kölluðu hana; hún var *hvell,* og þá var búið, og er það undarlegt með þenna þingmann, sem þó er svo góður að lesa prófarkir, eins og allir vita, að hann ekki skuli hafa getað lesið 4. greinina í frumvarpinu; og nú vil eg spyrja: hvaða rètt hafa þeir menn, sem ekkert þekkja til út um landið, og ekki vilja svo mikið sem kynna sèr eða hafa fyrir að lesa þær uppástúngur, sem fyrir liggja til umræðu — hvaða rètt hafa þeir til þess, að dæma um jarðamatið og fordæma það? Það var nú að mínu áliti miður heppilegt fyrir hinn háttvirta þingmann Ísfirðinga, og hans miklu og áheyrilegu ræður, þegar þing-

maður Reykvíkínga var sá eini, er varð til að hæla og hrópa *„bravo“* yfir ræðu þíngmanns Ísfirðínga; það var ekki góðs viti, segi eg, að hann skyldi ekki fá lof fyrir hana úr annari átt en þessari. Eg skal játa, að ástæður þíngmanns Ísfirðínga hafa verið *áheyrilegar* í þessu máli, eins og ætíð í öðrum, er hann ræðir, og eg skal enn sleppa því, að hann frá upphafi hefir verið á móti jarðamatinu, og er því eðlilegt, að hann sè enn í móti því; því hann er kappsmaður, eins og menn vita; en eg ætla nú ekki að fara út í það, heldur skoða svona einstöku ástæður hans, er hann bar fyrir sig í dag; þær voru ekki svo hálar, að ei mætti höndla þær. Hann sagði fyrst, að nýja jarðamatið væri ekki betra, en það gamla; en hann sýndi ekki, hvert þetta gamla jarðamat væri, eða hvar það væri að finna. Hann játaði, að jarðabókarverk hinnar umreisandi nefndar um byrjun 18. aldar, Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, væri ekki neitt jarðamat, heldur jarðalýsíng; hann hefir og sagt það víðar en á einum stað í ritum sínum, að jarðabókin frá 1760, sem þó er nú víðast fylgt, að því er áhrærir dýrleika jarðanna, sè ekki annað, en eins konar registur eða uppteiknun, til þess að krefja eptir tugthústollinn; og um jarðamatsverk nefndarinnar, er fór hèr um land eptir síðustu aldamót, viðurkenndi hann, að það verk væri ónýtt; hann skýrskotaði aptur og aptur til hins forna jarðamats frá 12. eða 13. öld, en það jarðamat þekki eg ekki; eg veit ekki til að neitt af þessu jarðamati eða jarðabókum sè löggilt jarðamat eða eptir neinu af því farið alstaðar sem almennt gildandi. Embættismannanefndin, sem kom saman 1846, til þess að gjöra uppástúngur um ný skattalög, sagði, að brýnasta nauðsyn væri á nýju jarðamati, því hèr á landi væri ekkert gildandi jarðamat, og í þeirri nefnd sátu merkir menn og reyndir, og munum vèr hverjir þeir voru, svo eg þarf ekki að nefna þá; en vèr vitum, að þeir menn þekktu vel til hèr á landi, og er þá hèr með sú ástæða hrakin, að bezt sè að halda gamla matinu, úr því það nú er sýnt, að það í rauninni ekki sè til neitt gamalt mat. Eg ætla ei að fylgja þíngmanni Ísfirðínga í öllu því, sem hann fann sèr til móti nýja jarðamatinu; sumt var þarft, sumt vil eg ei tala um, en eg vil fullvissa hann um, að eitt að minnsta kosti var ósatt í því, er hann sagði, þó það væri áheyrilegt. Hann sagði, að Reykjavíkurnefndin hefði lagt þá sýslu til grundvallar fyrir matinu, sem vest var matin; þetta er ekki satt; Reykjavíkurnefndin lagði einga sýslu til grundvallar, heldur tók jarðaafgjöldin í öllu landinu, eptir það hún var búin að finna og sem nákvæmast að rannsaka þau í

hverri sýslu, bar þessi jarðagjöld í öllu landinu saman við matsverð jarðanna í öllu landinu, og jarðagjöldin í hverri sýslu saman við matsverðið í hverri sýslu, og þá vildi svo til, eða varð sú niðurstaðan, að Húnavatnssýsla var sú eina sýsla, sem hvorki þurfti að hækka nè lækka að matsverði, heldur var hún eptir þenna samanburð með sama mati sem áður; þetta sannar ekki, að hún hafi verið vest matin, heldur þvert á móti það, að mat hennar hafi verið nærri sanni; matsbækurnar úr Húnavatnssýslu sýna það og sjálfar; matið þar í sýslu reyndist jafnt og gott, því mjög fáir kvörtuðu yfir undirmatinu til yfirmatsins, og undirmatið látið svo að segja óbreytt við yfirmatið. Hvað hefir þá hinn háttvirti þingmaður fyrir sèr í því, að Húnavatnssýsla, — þessi eina sýsla, sem stóð með óhaggaðri matsupphæð hjá Reykjavíkurnefndinni, hafi verið lakast matin? Þar næst fann hann það til, að bændajarðir væri lágt metnar, en prestajarðir hátt. Það er satt, að svo sýnist eptir landshagsskýrslunum, sem Bókmenntafèlagið gefur út, en þær skýrslur eru ekki áreiðanlegar í öllu, það skal eg sanna, þó þær ekki sè alveg skakkar í þessu eða hermi í því efni alveg rángt; en það má hver sem vill fara yfir og gagnskoða yfirmatið allt saman, og þá vona eg að menn sjái, að mjög fáir prestar hafa kvartað yfir matinu á stöðunum eða öðrum lènskirkjujörðum, vart fleiri en 6—10 prestar yfir land allt. Ef nú bændur, hinir eiðsvörnu matsmenn, hefði verið vilhallir í mati sínu, eins og þingmaðurinn gaf í skyn, og matið prestajarðirnar hærra en bændajarðirnar, þá get eg ekki trúað því, að allir prestar, nema þessir 6—10 yfir allt land, hefði unað því, og látið það ókært. Reyndar hreifði hann eingum beinum mótmælum móti því, að matið í sýslunum sè jafnt hreppa í milli innan sýslna, og eg held líka, að það sè svo jafnt, að hvað margar umreisandi konúnglegar nefndir, sem væri settar, til að búa til nýtt jarðamat, þá mundi það aldrei geta orðið jafnara, og það er líka bezta sönnunin fyrir því, að matið sè jafnt innan sýslna, að nálega allar umkvartanirnar yfir undirmatinu undir yfirmatið, voru svo óverulegar, að þær geingu almennt ekki út á annað, en að sú og sú jörðin væri metin 25—50 rd. hærra að tiltölu, heldur en hin. Þegar nú hinir kunnugustu menn, sem á annað borð vildu finna að matinu, ekki geta fundið meiri mismun en þetta, þá er það sönnun fyrir því, að matið hafi frá upphafi tekizt einkarvel innan hèraða. Hitt verð eg að játa, að jarðamatið var ekki eins jafnt sýslna á milli, en eg verð að neita því, að grundvelli jarðamatsins hafi verið að neinu raskað með aðgjörðum Reekjavíkurnefnd-

arinnar; það er alveg ástæðulaust, og byggt á vanþekkíngu, sem tveir þíngmenn sögðu, að fyrir aðgjörðir nefndarinnar hefði ekki komið annað, en kák í staðinn, og þetta verða þeir að kannast við, að sé ósannindi, ef þeir þekkja þríliðu; því hlutfallinu milli matsverðs jarðanna er ekki raskað meir, en hlutföllum tveggja stærða, sem eru stækkaðar eða minnkaðar eptir réttu hlutfalli; hlutfallið verður ávallt hið sama; það hefir verið talað um, að varpjarðir og eyjajarðir sé fjarska-hátt metnar, og þó fann þíngmaður Ísfirðínga það að jarðamatinu, að varpjörð, sem væri 8,000 rd. virði, eigi væri metin nema 4,000 rd.; en það er aðgætandi, að allar jarðir eru metnar vægar, en gánga í kaupum og sölum; en matinu er ekki fyrir það kastandi, því þó þetta lága mat kunni að vera lakara fyrir eigendurna, ef þeir vildi taka lán upp á jarðir sínar, en það er þeim sjálfum að kenna, því að allir jarðeigendur vildi sjálfir, að jarðirnar væri svona lágt metnar, þá er það ekki komið undir því, að jarðirnar sé metnar of hátt eða of lágt, hvort jarðamatið er brúkandi eður ekki, heldur undir hinu, að þær sé *jafnt metnar* í samanburði hver við aðra eptir gæðum og göllum. Það er komið fram í nefndarálitinu og umræðum þessa máls nýr flokkur manna, sem er svona „beggja blands“, eins og menn segja, við jarðamatið, og stefna þeirra er sú, að mjög erfitt er að ráða það af tillögum þeirra og uppástúngum, hvort þeir fremur vilji styðja jarðamatið eða fella það, og svo eg taki mèr í munn orð eins gamals klerks í gamalli guðsorðabók, þá „flensa þeir í kríngum jarðamatið, eins og köttur kríngum heitan mat“; mèr hefir virzt, sem hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga sé helzti oddviti þessa flokks, því hvar sem hefir komið fram í nefndinni eða umræðunum ágreiníngsuppástúnga eða minni hluti, þá hefir hann æfinlega verið þar með; það er eins og hann hafi haft aflögum sína ögnina eða til huggnunar handa hverjum minna hluta, sem væri, til þess að þóknast þeim öllum dálítið; — þessum flokknum þykir ísjárvert, og er hræddur um, að lagður muni verða á almennur skattur eptir þessu nýja jarðamati; en eg vil spyrja, hvaðan hafa þeir það? Hvar er það ráðgjört, að alla skatta skuli ákveða og leggja á landsmenn eptir hinu nýja jarðamati? ef ræða skal um almenna landskatta, sem hèr á ekki við og alls eigi liggur fyrir, þá væri nær, að koma á hinum svo kölluðu óbeinlínis sköttum, sem þíngmaður Ísfirðínga talaði um og taldi hina vinsælustu, og þá skatta getur nefndin, sem sett verður um skattalögin, tekið til greina; en þeir skattar eru ekki miðaðir við tekjur af fasteigninni, nè dýrleika þeirra.

Það er næsta áheyrilegt, þegar menn segja: „varið ykkur á að gjöra jarðamatið að lögum, því að skattur verður lagður á landið eptir þessu jarðamati“; en þetta er ástæðulaus fyrirburður, hafður af sumum í vandræðum, til þess að gjöra jarðamatið óvinsælt; en þeir, sem veifa þessu, hafa ekkert fyrir sér annað en það, að embættismannanefndin 1846 stakk upp á því, að $^1/_5$ af skattinum yrði lagður á fasteignir eptir hundraðatali; en þetta er ekki nema uppástúnga; og þó að skattar yrði meðfram lagðir á fasteign, þá mundi það vart verða að meiri tiltölu en þetta, og varla það. Eg er búinn að taka fram, að eg hefi ekki enn þá heyrt hèr í dag neina ástæðu, er í raun og veru geti afsakað það, auk heldur rèttlætt, að ónýta nú jarðamatið eða fresta því; að því er eg þekki til þess, og fæstir hafa haft jafnmikið færi á að kynna sèr það eins nákvæmlega og eg, frá fyrstu upptökum þess og fram á þenna dag, þá er það, eins og það er nú, að vísu ekki alveg gallalaust, heldur en önnur mannaverk, en það er í alla staði og mun reynast brúkanlegt og viðunandi, og bætir stórum úr þeim hraparlega ójöfnuði, sem orðinn er á gamla dýrleikanum, sem þar til er hvergi heimilaður með lögum, eða byggður á löglegu og reglulegu mati, heldur er dýrleikinn af sumum jörðum stundum talinn, og tíund þar af tekin eptir jarðabók Árna Magnússonar, stundum eptir venju, stundum eptir jarðabókinni frá 1760, og stundum eptir gamalli venju í þeim og þeim hrepp; og það er kunnugt, að Grímur Jónsson amtmaður gjörði sèr mikið far um, að breyta venjunni, og láta fylgja jarðabókinni frá 1760. Þarna er nú komið *hið forna jarðamat,* sem menn segja sè svo margfalt betra en hið nýja, svo fornt og ágætt, að við því megi með engu móti hagga. Eg felli mig betur við uppástúngur meira hlutans, heldur en minna hlutans nefndarinnar um tíundargjaldið; um þrídeilinn skal eg dálítið tala síðar; en eg get ekki sèð, til hvers menn vilja hafa jarðamatið, til þess að hafa það fyrir undirstöðu fyrir sköttum, er *kunni* að verða ákveðnir, en sem ekki er víst, að verði lagðir á það, en þó ekki til lagfæringar á jarðadýrleikanum, sem er lögákveðinn gjaldstofn tíundarinnar, og á öllum þeim ójöfnum og ránglæti, sem þessi gjaldstofn með hinum forna dýrleika hefir í för með sèr; það er einginn bagi að því, að jarðamatið sè búið og löggilt, áður en farið verður að endurskoða og umbæta skattalögin, því þó eigi verði lagðir skattar á fasteignirnar, sem vonandi er að ekki verði að neinu ráði, þá er það nauðsynlegt, að hafa þá jarðamatið albúið og löggilt, eins og annan aðalgjald-

stofn í landinu, sem miða megi við skattaálögurnar á hvað, sem þær verða lagðar; það er nauðsynlegt, að hafa það til hliðsjónar; og hinir merkustu og vitrustu menn þessa lands, eins og stjórnin sjálf, hafa fyr og síðar verið á því, að skattalögin verði ekki löguð eða endurbætt, fyr en nýtt jarðamat væri búið, og er það þannig jafnnauðsynlegt, bæði fyrir stjórnina og þjóðina; því verð eg að vera á því, að tíundin verði framvegis tekin og goldin eptir nýja jarðamatinu, ef það verður lögleitt, en ekki úr því eptir hinum forna dýrleika, og eg sè ekki, til hvers þetta nýja jarðamat ætti að vera, ef þingið ekki þorir að stínga upp á, að fasteignartíundin sè tekin eptir því. Um þrídeilinn verð eg að játa, að eg hefi áður verið í vandræðum; en eptir að eg hefi aðgætt hvoratveggja deilana, þá verð eg að segja það, að þrídeilirinn er sanngjarnastur, því hann framleiðir hinn sama jöfnuð í hundraðatölunni milli amtanna, sem áður var; en eigi munu verða færð óræk rök að því, að hann hafi í raun og veru raskazt, þó eg verði jafnframt að játa hitt, að í forminu sè einn deilir rèttastur; en af því þessum ójöfnum milli amtanna, sem eindeilirinn virtist að hafa í för með sèr, varð eg með þrídeilinum 1857 og fylgdi honum þá fram hèr á þingi; en eg verð að játa, að þessar ójöfnur eru í sjálfu sèr ekki verulegar, allra-sízt þegar farið er að heimfæra deilana hvern um sig á dýrleika hverrar einstakrar jarðar, og of óverulegar til þess, að gjörandi sè kappsmál út úr þrídeilinum, er gæti fellt málið, úr því stjórnin hefir nú aðhyllzt eindeilinn, og flestar bænarskrárnar um málið að þessu sinni fylgja honum fast fram. Eg get því ekki skilið í minnsta hluta allra minni hlutanna, hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga, sem vill þrídeilinn, en þó eigi, að tíundin sè tekin eptir þessu nýja jarðamati; til hvers er þá þrídeilirinn?

Þingið 1857 bar upp í álitsskjali sínu til konúngs hina sömu uppástúngu, sem stjórnin hefir nú tekið inn í 2. gr. frumvarpsins um preststíundina, og gekk það þá ekki orðalaust af. að hafa hana fram, hvorki í nefndinni, nè á þinginu. Mèr var aldrei um hana, en gat þó eigi fundið rèttlátari undirstöðu; varð eg því að vera á máli meðnefndarmanna minna um það, að af tvennu illu bæri að taka hið skárra. Af ástæðum stjórnarinnar má sjá, að hún hefur skoðað málið álíka. Menn mega eigi ætíð hafna því, sem ekki er í alla staði aðgeingilegt, þegar hið betra eigi getur feingizt, þegar þá eigi er um mikið að tala, og ekki nema um stundar sakir, og eingum er verulegur órèttur gjör; því eins og konúngur getur sagt: Eg vil ekki

löggilda jarðabókina með því skilyrði, að nein fasteignartíund sè eptir henni goldin", eins getur hann líka sagt: „Eg vil ekki láta linunina í tíundinni eptir hinni nýju jarðabók koma þeim og þeim mönnum til góða, fyr en að ákveðnum tíma liðnum". Það hefir verið stúngið upp á því breytíngaratkvæði, að taka alþíngistollinn eptir hinu nýja hundraðatali, og þá uppástúngu vil eg styðja; því hún á að styðjast við margar og verulegar röksemdir, eins og einnig virðist að hafa vakað fyrir stjórninni; því fyrst er það, að ef tíund yrði tekin eptir hinu nýja jarðamati, og tíundin hvílir á leiguliðunum, þá er eg hræddur um, að ekki muni mælast vel fyrir jarðamatinu, þegar menn sjá, að jarðeigendurnir hèr á þínginu hafa viljað láta taka tíundina, sem þeir ekki gjalda, eptir nýja jarðamatinu, en ekki alþíngistollinu, sem þeir eiga sjálfir að borga. En ef eptir hinni nýju jarðabók á að fara í nokkru að því, er snertir þær álögur, sem *nú* hvíla á fasteignunum að lögum, þá ætti eins að taka eptir henni þær álögurnar, sem hvíla á landsdrottnum (alþíngiskostnaðargjaldið), eins og hinar, sem á leiguliðunum hvíla (fasteignartíundina); en stórmikið er áunnið með því, að taka alþíngistollinn eptir hinu nýja hundraðatali, því það er mjög einfalt og óhaggandi, að taka hann eptir því, og þó alþíngistollurinn sè nú byggður á næsta sanngjörnum grundvelli, þar sem eru jarðagjöldin, þá er ekki með ljósum lýst að því, hve jafnt komi niður á hvern einn, þegar til heimtunnar kemur og greiðslunnar, því margfalt erfiðari og umsvifameira er að útreikna og krefja alþíngiskostnaðargjaldið eptir jarðaafgjöldunum, heldur en eptir nýja jarðamatinu. Eg veit, að menn munu koma með þá mótbáru, að það verði næsta erfitt að byggja þessa greiðslu á jarðamatinu sakir bændakirkjujarðanna, þar sem prestsmatan af þeim sè undanþegin gjaldinu; en ef menn híngað til hafa getað feingið að vita, hvað prestsmatan er mikil, þá munu menn líka geta feingið að vita það hèr eptir, og viti menn bæði prestsmötuna og afgjaldið af bændakirkjujörðinni, — en sè það eigi fastákveðið með byggíngarbrèfi, þá má meta það eins og af hverri annari jörð, þar sem eigandinn býr sjálfur, — þá geta menn einnig fljótt sèð og ákveðið, í hvaða hlutfalli bæði allt afgjaldið og svo einnig ákveðinn hluti þess, eins og prestsmatan er, sè við jarðardýrleikann, og má þá undan taka jafnmikinn hluta dýrleikans frá alþíngistollsgjaldinu, eins og prestsmötunni svarar. Þetta þarf því í rauninni eingum erfiðleik að valda eða vandræðum, en það yrði margfalt svifaminna, og á miklu fastari undirstöðu byggt, að taka alþíngistollinn eptir nýja hundraðatalinu, en það hefir verið híngað til.

Eg hefi neyðzt til þess, að yfirfara hinar svonefndu alþingistollsskýrslur um allt land, og það yfir ýms ár, og eg segi yður það satt, það eru ljótu blöðin. Það er að vísu ekki nema aukaástæða, en hún er veruleg, að ef alþingiskostnaðurinn væri lagður á dýrleika jarðanna, þá ætti alþingi, eins og allir aðrir, kost á að sjá, hve *miklu* eða *hverri upphæð* væri jafnað niður árlega, og hve mikið kæmi inn til lúkníngar alþingiskostnaðinum, því ekkert hefir að undanförnu verið auglýst þar um og ekki feingizt, svo allir hafa verið og verða, á meðan þetta fyrirkomulag helzt, í óvissu um, hvort ekki sé of mikils krafizt í þessu efni.

Sumir hafa verið að færa rök fyrir því, að ójöfnur leiði af því og ósanngirni, ef fasteignartíundirnar væri framvegis teknar eptir hinni nýju jarðabók; en það kemur víst til af því, að eg er ekki jarðeigandi, að eg skildi ekki dæmi hins 5. konúngkjörna þíngmanns. Eg get ei skilið, að í því dæmi, sem hann færði til, liggi neinn ójöfnuður eða ósanngirni; hann tók til 60 hndr. jörð og 10 hndr. jörð eptir gamla matinu og setti, að þær væri nú eptir nýja matinu orðnar jafnar, 20 hndr. hvor, og svo sagði hann, að sú tíund, sem nú jykist á þeirri jörðinni, sem hækkar, henni væri í raun réttri lètt af þeirri jörðinni, sem hefði lækkað; en eg sé ekki, að þetta sé svo, eða að það verði þýngt tíundargjaldið á einni jörðinni, til þess að lètta því af annari; heldur er því svo varið, að sú jörð, sem hefir batnað, hefir og aukizt að verði og leigumála, og þess vegna einnig hækkað að hundraðatali, en hin jörðin hefir rýrnað og geingið af sèr, eða orðið fyrir áföllum, og hefir þess vegna verið sett niður að dýrleika; mèr sýnist nú þetta vera bæði eðlilegt og sanngjarnt; því eg set, að eg sé jarðeigandi og jörð minni bætist varp um mörg hundruð dala virði árlega, og þá vil eg spyrja: Get eg ætlazt til þess, að eg sleppi frí fyrir að gjalda af þessum arði, af því eg hefi ekki goldið af honum áður, á meðan hann ekki var til? Og svo að eg hverfi aptur til hins gagnstæða, er nokkur sanngirni fyrir því eða réttlæti, að jarðeigandi allt af gjaldi tíund af þeirri jörð, sem allt af hefir verið að rýrna öld eptir öld, og má ske hefir lagzt í eyði? Eins og það væri óheyrilegt, að taka tíund og önnur skyldugjöld af föllnum fènaði, þó maður hafi átt hann svo og svo mikinn, eins er það ósanngjarnt, að sama tíundargjald hvíli á jörð einni, hversu sem hún hefir geingið af sèr eða spillzt, þó að hún hafi t. d. einhvern tíma í fornöld verið rètt metin 60 hndr. jörð, ef hún nú byggist ekki betur, en hvert óvalið 5 hndr. kot, eins og mörg dæmi eru til; það er

til, að eg ætla, alþingisdómur, sem ákveður, að eyðijarðir skuli alls eigi tíunda, og hvaða réttlætisástæða væri þá fyrir hinu, að tíunda um aldur og æfi fullri tíund þann hluta af jörðunni, má ske $^9/_{10}$ hluta hennar, sem fyrir laungu eru komnir alveg í auðn og kaldakol, t. d. þar sem eldhraun hafa gjöreytt túni og eingjum, eða sandur hefir eyðilagt meira og minna af landinu, eða sjór brotið það? Hvaða réttlæti væri fyrir þessu, einúngis ef jörðin hýmdi í einhverri kotúngsbyggíngu og yrði ekki kölluð eyðijörð í fyllsta skilníngi. Eg get því ekki fundið ástæður hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns sannfærandi; þvert í móti, nauðsyn hins nýja jarðamats er hvað mest þar í fólgin, eins og farið hefir verið fram í ótal bænarskrám til alþíngis, að þar með af létti ójöfnuði þeim, sem á sér stað í heimtu í fasteignartíundinni eptir gamla dýrleikanum, og er þar í fólgið það ránglæti, sem eg get ekki álitið ábyrgðarlaust fyrir þíngmenn að mæla bót. En því síður get eg séð neina ástæðu til, að vilja fella allt hið nýja jarðamat, þó litlar ójöfnur kunni á því að vera; skattur sá, sem þeir eru hræddir við að á verði lagður eptir því, er ekki kominn enn, og er að svo komnu máli ekki nema hugarburður; en ef tíundin væri látin haldast eptir gamla dýrleikanum, og það eins og sumir leggja til, um aldur og æfi, óraskanlega, þá væri og bersýnilegu ránglæti þar með gefið lagagildi um aldur og æfi. Og samt hafa nokkrir sagt það hér í dag, að eingi þörf, eingi nauðsyn væri á nýju jarðamati eða nýrri löggiltri jarðabók hér á landi. Fá munu þau lönd í heimi albyggð fyrir mörgum öldum, eins og Ísland er, að jarðeignir sé undirorpnar eins stórkostlegum breytíngum og áföllum, sem hér á landi af völdum höfuðskepnanna. Í flestum öðrum löndum hafa menn jarðir matnar að fornu, hér hafa menn ekkert reglulegt jarðamat, fyr en nú; menn hafa hér fornan dýrleika á jörðum, í einu héraðinu byggðan á þessu jarðaregistrinu, í öðru héraðinu á hinu, í hinu 3. á einhverri venju, en fornt eða ýngra *jarðamat* hafa menn hér ekki. En þó menn hafi fornt jarðamat í flestum löndum öðrum, þar sem jarðirnar eru undirorpnar svo litlum breytíngum af völdum náttúrunnar, þá hafa menn víðast fundið óumflýjanlegt, að gjöra nýtt jarðamat. En hér, þar sem ekkert eldra jarðamat er til hér, ætti þetta jarðamat, sem í alla staði er viðunandi, að vera ónauðsynlegt? Eg vil biðja menn að gæta þess vel, hvort slík röksemdaleiðsla sé alveg óyggjandi.

Páll Melsteð: Eg verð að tala hér nokkur orð, en ekki ætla eg að tala leingi. Svo stóð á, að eg hafði bænarskrá frá kjördæmi

mínu, og fór hún fram á það, að fresta löggildíngu jarðamatsins. Eg er nú reyndar einn af þeim mönnum, sem er lítið kunnugur máli þessu, og hefði því helzt átt að fylgja heilræðum þess heiðraða þíngmanns, er nú settist niður, ekki að tala neitt; en úr því eg nú er staðinn upp, ætla eg að geta þess, að þegar eg lít á frumvarpið til nýrrar jarðabókar, þá sýnist mèr fleiri vegir vera fyrir hendi, og þeir eru þessir. Einn er sá, að taka jarðamatið óbreytt, eins og það nú er; annar sá, að taka það með nokkrum breytíngum, hinn þriðji, að kasta því að öllu; allt þetta hefir líka komið hèr til umræðu. En ekki get eg fallizt á það, að jarðamat þetta sè lögleitt óbreytt; því meir, sem eg skoða það, og því betur, sem eg kynnist því, því fleiri verða fyrir mèr gallarnir á því; en þær breytíngar, sem nú eru hèr fram komnar á þíngi, og gjörðar kynni verða hèr að þessu sinni á því, þær er eg hræddur um, að ekki muni geta bætt úr öllum þessum göllum; ekki vil eg heldur kasta því með öllu, því það finnst mèr ófært; mèr þykir það þó vera komið nokkuð áleiðis til hins betra, og að það, sem búið er, hafi nokkuð bætt hina fornu bresti, og að byggja megi á þessu jarðamati grundvöll til annars betra; en hitt held eg, og sannfærist daglega um meir og meir, að það sè ekki kominn tími til, að löggilda það nú fyrir fullt og allt. Eg vil því slá því á frest, og auk þess, sem eg hefi sagt, einnig af þeirri ástæðu, að nú fyrst fer jarðamatið að verða almenníngi kunnugt, nú fyrst síðan hið konúnglega frumvarp birtist mönnum; og þó vitrir menn sè hèr á þíngi, þá eru líka vitrir menn heima í hèruðum, sem nú fara að kynna sèr það, og nú geta komið með upplýsíngar til bóta jarðamatinu. Eg vil því ekki, að menn hraði sèr að því, að löggilda jarðamatið; því þegar það er komið á, þá vil eg, að það skuli leingi standa; en ef það væri löggilt, eins og það er nú, þá mundi menn verða mjög óánægðir með það, því að gallar eru miklir á því, og eg veit með vissu, að víða eru menn óánægðir með það, það verður ekki varið; eg vil því taka það skýrt fram, að eg áskil mèr breytíngaratkvæði í þá átt, að löggildíngu jarðamatsbókarinnar sè fyrst um sinn frestað.

Arnljótur Ólafsson: Eg tek það að mèr, sem hinn háttvirti þíngmaður Vestur-Skaptfellínga sagði um þann minnsta allra postulanna í jarðamatsnefndinni, af því eg er á tveimur stöðum í minni hluta nefndarinnar; hann hèlt nú lánga hegníngarræðu yfir þeim, sem hefði fundið að Reykjavíkurnefndinni; en það á ekki við mig; eg væri ekki heldur fær að bera það svo lítill sem eg er. Hann

sagði, að eg hefði sagt, að ei væri löggild jarðabók til; eg stend við það, og bæti því við, að eg hefi sagt, að jarðabókin frá 1760 sè regla, sem farið sè eptir, en ekki sú regla, sem ekki sè frávíkjandi, og er það mikill munur. Þetta getur hinn háttvirti þingmaður bezt sjálfur sèð, ef hann ber saman hina fornu hundraðatölu í jarðamatinu við jarðabók Skúla. Hann talaði líka um hið forna jarðamat sem grundvöll fyrir tíundinni; en jarðamatið er þannig á komið, að jarðirnar voru taldar fram til tíundar eptir tíundarstatútunni, eius og lausafè á sinn hátt; þannig varð hundraðatalan smátt og smátt hálfföst, án þess nokkur löggild jarðabók hafi orðið til, eður sè enn til. Þar sem hinn háttvirti þingmaður sagði, að kirkjueignir hefði hakkað meir en bændaeignir nú í hinu nýja jarðamati, þá er það satt, og það vil eg heldur eigi fortaka, að í landshagsskýrslunum kunni eigi að finnast talvillur, eins og hinn háttvirti þingmaður hefir sagzt hafa fundið, en þær eru og óáreiðanlegar, af því að margar kirkju- eða staðajarðir voru áður með eingri hundraðatölu; og þegar nú koma yfir 4,400 fundinna hundraða, er allt lendir á kirkjujörðum, þá er ekki að undra, þó hundraðatal þeirra stígi, og það þótt þær væri sanngjarnt metnar, og hljóta þær samt að stíga lángtum meira, en aðrir jarðaflokkar, þegar þetta hundraðatal allt kemur í staðinn fyrir það, sem áður var ekki neitt. Hann talaði einnig mikið um það, hvers vegna menn vildi löggilda jarðamatið vegna komandi skatta, sem hann segir ekki sè á leiðinni. Eg hefi nú reyndar heldur eigi sèð nýja skatta á leiðinni, og það veit eg, að það eru þó meiri líkindi fyrir því, að skattar verði lagðir á jarðirnar, en að þeir skattar, sem á jörðunum liggja, verði færðir niður. Hinn háttvirti þingmaður þóttist ekki skilja dæmi hins 5. konúngkjörna þingmanns, og þykir mèr það mikið, því eg skildi það þegar, og hefi skilið það laungu áður, og hefir það víst verið af heppni, en ekki af því, að eg sè fljótari að skilja en hann. Eg tók það fram í dag, að öll gjöld á jörðunum, landskuldir og leigur, tíundir og hver helzt önnur gjöld eigi að takast saman og öll þessi gjöld til samans tekin eigi að vera jöfn á jafngóðum jörðum. Nú set eg, að 2 jarðir sè jafnar að gæðum, en ójafnar að hundraðatali, en gjöldin eiga til samans að vera jöfn af þeim báðum; afgjaldið allt fer nú í tvo staði: til hins opinbera og til eigandans; á þeirri jörðinni, sem hundraðatalan er meiri, verður stærri hluturinn, sem hið opinbera fær, en eigandi fær minni hlutann; en á þeirri jörðinni, sem hundraðatalan er lægri, fær eigandi stærri hluta afgjaldsins, en hið opinbera hinn minni. Þingmað-

urinn úr Vestur-Skaptafellssýslu veit það eins vel og eg, að af 60 hndr. jörð eru goldnar 72 álnir í tíund, en af 10 hndr. jörð 12 álnir; þegar afgjald þessara jarða til samans er jafnt, verður hluti hins opinbera að vera 60 álnum stærri á annari jörðinni en á hinni; aptur á mót verður hluti eigandans 50 áln. minni á 60 hndr. jörðinni; það er 10 rd. minna. Þetta rýrir jörðina um 250 rd.; enda vita menn, að það er ekki lítill ókostur á einni jörð, að hún sè skuldaþúng, einkum skuli það rýra hana um 250 rd; en þegar nú jörðin er seld, er auðvitað, að kaupandi, nema hann sè því heimskari, gefur 250 rd. minna fyrir þvílíka jörð, en hann hefði annars gefið; og því er nú, eins og menn segja, búið að gjöra hinn gamla ójöfnuð góðan. Þetta nýja jarðamat er sanngjarnt fyrir alla nýja skatta, og eins þegar jörðin geingur til næstu erfíngja; en þegar jörðin er búin að gánga marga mannsaldra að kaupum og sölum, þá verður aptur ósanngjarnt, að breyta því, eins og nú er með jarðamatið forna og fasteignartíundina. Eg vil ei fara leingra út í þetta mál; en að eins vil eg geta þess, að fleiri agnúar munu finnast á nýja jarðamatinu, en sem snerta tíundina; því það verður að breyta öllum byggíngarskilmálum jarðanna; því þó eg ekki hafi sèð mörg byggíngarbrèf, þá hefi eg þó sèð nokkur, og í þeim hefir staðið, að landseti skuli halda uppi öllum lögskilum og gjalda landskuld og leigur. Ef jörð nú hækkar að hundraðatali, þá færist tíundin upp, og eptir því ætti leiguliði að borga minna afgjald; ætti hann því að eiga aðgáng til landeiganda, eins og nú er með alþíngistollinn, sem er heimtaður af ábúanda, að þá vísa lögin honum til eiganda til endurgjalds. En þegar nú jörð færist niður, og tíund verður minni, þá biður eigandi landseta sinn um meira eptirgjald eptir jörðina, og það getur hann þó eigi feingið eptir byggíngarbrèfinu, svo að hèr kemur ójöfnuður fram á báða bóga. Menn hafa sagt, að vandræði verði með prestana; það er satt, en það verða líka vandræði með sýslumennina, því þeir fá einn $^1/_6$ af kóngstíundinni í umboðslaun, og sumstaðar hafa þeir tíundina alla í tekjur sínar; og vil eg því taka mèr breytíngaratkvæði um sýslumennina, því eg vona þó, að sýslumennirnir megi vera með, og eg get ei sèð neitt sanngjarnara, en að þeim sè bætt það úr ríkissjóðnum, sem þeir missa í. Það dugar ekki, þó þíngmaðurinn hristi höfuðið, ekkert er samt eins tiltækilegt, eins og ríkissjóðurinn. Danir hafa bætt úr ríkissjóðnum *hartkorns*gjaldið hjá sèr, þegar það var af tekið, og líkt stendur hèr á með tíundarfrelsi eða afgjaldsfrelsi. Eg er samdóma þíngmanninn-

um um alþingistollinn, og það er sú eina álaga, sem eg vil að þingið samþykki að sè greidd eptir nýja jarðamatinu. Um prestmötuna vil eg að eins segja, að eg álít hægt að draga hana frá, eins og jarðamatsnefndin í Reykjavík hefir bætt henni við; en annað mál er með ítök og reka, þar sem þeir eru matnir með jörðunum en ekki sèrstaklega, og verða einkum vandræði, þar sem jarðir, svo sem margar kirkjujarðir, eiga rekaítök fyrir annara landi, sem er bændaeign.

H. Kr. Friðriksson: Eg ætla ekki að vera lángorður, eg þarf þess ei heldur með. Mèr skildist á þingmanni Árnesínga, að hann væri fúsastur á, að gefa atkvæði sitt fyrir því, að þetta jarðamat yrði ekki lögleitt, ef hann ætti það víst, að stjórnin færi ekki að hugsa upp á nýtt jarðamat; en eg held, að hann þurfi ekki að vera hræddur við það; því þótt henni dytti það í hug, þá mundi það verða borið undir þingið að minnsta kosti, áður en það yrði löggilt. Þingmaður Borgfirðínga sagði í dag, að það væri hið sama, að leggja skatt á jarðaafgjöldin og að hamla jarðabótum, af því að skatturinn hækkaði, þegar jarðabætur væri gjörðar; en eg segi, að sama verði upp á, þótt skattur sè lagður á jarðirnar sjálfar; og þar sem hann hefir skrifað undir það, að 4. grein verði löggilt, þá hefir hann með því játað því, að skattur yrði lagður á jarðabæturnar; en slíkur skattur verður að hamla eins jarðabótum, og þótt hann sè lagður á jarðarafgjöldin. En það þarf eigi 4. grein til, því að hafi einhver t. a. m. keypt jörð fyrir 4 árum, og í þessi 4 ár gjört jarðabætur, og hún því er metin hærra en annars, þá er skattur lagður á það fè, sem lagt var í jarðirnar með jarðabótunum. Þar sem *forseti* benti ræðu sinni að mèr, þá voru ástæður hans á móti því, er eg áður hefi talað í þessu máli, að eins drembileg orð um það, að eg þekkti ekki jarðamatið; þessu vil eg ekki anza, því að reyndar get eg gefið honum aptur drembileg orð, en eg vil samt ekki hafa mig til þess; en þar sem honum þótti það undarlegt, að eg, sem gæti lesið svo vel prófarkir, skyldi ekki geta lesið 4. greinina, þá vil eg segja honum það, að eg get sannarlega lesið hana, og skal eg nú sýna honum það: „Þegar 20 ár eru liðin frá því, að hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, skal það tekið til yfirvegunar, hvort ástæða sè til, að leggja hana undir almenna endurskoðun“. Ef ástæða er til þess, að breyta þessu jarðamati að 20 árum liðnum, er það þá ekki sjálfsagt að það sè gjört? Eg held að það sè auðskilið; annaðhvort er, að gefinn er kostur á að breyta því, eða greinin er þýðingarlaus; (*Arnljótur Ólafsson:* Stjórnin), hvort heldur stjórnin eða þingið á

að endurskoða hana, þá má samt breyta henni þá, úr því kostur er gefinn á því. Ef jarðamatið er að eins til skemmtunar, þá er ekki til neins að löggilda það; en jarðamatið er til þess, að eptir því verði skattar lagðir á, og þótt það ekki sè nema $^1/_5$ partur af skattinum, þá er það samt skattur; en eg hefi aldrei sagt, að *alla skatta* ætti að leggja á landsmenn eptir því; að öðru leyti voru ástæður hans fyrir breytíngunni á tíundinni þannig, að hann hefði ekki átt að koma með þær sem lögfróður maður; þær voru svo lausar, og mèr sýnist, að það hefði sæmt honum betur sem lögfræðíngi, að hann heldur hefði reynt, að halda uppi rètti eigandanna, heldur en að rýra hann eða ónýta.

Jón Pètursson: Þíngmaður Vestur-Skaptfellínga sagði, að eg vildi ekki, að nýja jarðamatið skyldi gilda um tíundina, af því eg væri jarðeigandi; eg á eina jörð, sem bændakirkja er á, og er hún eptir gamla matinu metin 57 hndr.; hún á nokkur ítök, bæði reka og skógarítök og part í heimalandinu, og auk þess er önnur jörð lögð til eignarinnar, sem kirkjan á ekkert í. Það er nú alveg ómögulegt að vita, hvað mikinn part að kirkjan á af þessum 98 hndr., og hvað mörg hundruð bændaeignin eigi að vera; maður getur því ekki sèð, hvað stór tíundin af bændahlutanum verður, af öðru verður tíundin ekki tekin, því kirkjunnar hluti á þó að vera tíundarfrí; öllu er sleingt saman, svo ómögulegt er að segja eptir nýja jarðamatinu, hvað kirkjan eigi og hvað hún ekki eigi. Meðan því að tíundartakendurnir ekki geta sagt, hvað stór tíund sèr beri af áminnztri jörðu, og það geta þeir eigi, ef hún á að greiðast eptir nýja jarðamatinu, geta þeir eingri tíund náð af henni, svo það væri einginn skaði fyrir mig, þó nýja jarðamatið væri látið ná til tíundarinnar. Það er hægt að segja, að það sè rángt að borga tíund af jörðum, eins og hún nú sè goldin, en það er verra, að sanna það; þegar jörð, eg set 60 hndr. jörð, er seld, þá gefur kaupandi því minna fyrir hana, sem meira af afgjaldinu geingur til hins opinbera. Ef nú þessi jörð yrði sett niður í 20 hndr., þá feingi sá, sem á hana, við það 200 rd. uppgjöf af þeim höfuðstól, er jörðin forrentaði fyrir hið opinbera, því hún kæmi nú ekki til að forrenta meira, en $^1/_3$ af því, sem hún áður forrentaði. En hvernig getur nú eigandinn, sem einmitt gaf þeim mun minna fyrir jörðina, sem það fè var meira, er það opinbera átti á vöxtum í henni, með nokkrum rètti eður sanngirni heimtað uppgjafar á þessu fè, þó jörðin sè nú ekki orðin góð? Það er rètt, að jafnar jarðir að gæðum ætti að metast jafnt; ef nú væri

byrjað að meta, og eingar álögur hvíldi á þeim, en menn mega ei meta jarðir jafnar nú, nema það vinnist svo til, að tíund og gæði jarðanna sè jafnt á báðum. Það er enn eitt, sem ekki hefir verið talað um enn, sumsè, að stólsgózin voru seld með tíundarfrelsi, en það var til tekið um leið, hvað mörg hundruð hver þessara jarða væri. Nú vil eg spyrja, hefir þvílík jörð, sem hundraðatalið hefir verið hækkað á, eg tek til frá 50 hndr. upp í 60 hndr., einnig tíundarfrelsi fyrir þau 10 hndr., sem hundraðatalan var hækkuð um? Á þetta geta menn litið ýmislega, og er mèr næst að halda, að þau sè ekki tíundarfrí. Aðrir kunna að vera á gagnstæðu máli, og geta auðsjáanlega út úr þessu og mörgum öðrum vafa, er upp kæmi, ef nýja jarðamatið næði til tíundarinnar, risið þrætur og málaferli; það er opinbert, að af jörðu, sem tíund svarast af, og nú er sett 50 hndr., en sem við ábúð batnar svo, að hún verður 60 hndr., ætti, ef tíundinni verður breytt eptir nýja jarðamatinu, að taka tíund af þeim 10 hndr., er hún hefir batnað um, því mætti þá ekki taka tíund af þeim 10 hndr., sem hin jörðin hefir batnað við ábúðina, þó tíundarfrelsi væri heitið af henni, sem 5 hndr. jörðu? Þingmenn ætti að vara sig á því, að spana menn upp í málaferli, er ekki geta orðið til góðs, þó sumum kunni þykja þau æskileg.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg þóttist nú sleppa vel hjá hinum háttvirta *forseta*; því þegar hann stè ofan úr forsetastólnum, og eg sá, að hann ætlaði að taka til máls í þessu máli, bjóst eg við hann mundi stíga niður í eldíngum og reiðarþrumum, en það varð ekki af því, svo eg er harðánægður, og get þess vegna verið mjög fáorður. Hann byrjaði með því að lýsa gleði sinni yfir því, hvað matið hefði tekizt vel. Það er gleðilegt, að hann er ánægður með það, hvað það tókst vel, en það vantaði sönnunina fyrir því, þegar til kom, og ef hann sannaði nokkuð, þá sannaði hann hið mótsetta. Fyrst sagði hann, að matið hefði tekizt vel í hreppunum, og litlar klaganir hefði komið undir yfirmatið; prestar klöguðu ekki, og allt fór fram í beztu reglu. Hann segir, að matið hafi verið öldúngis rètt í hreppum og sýslum; en hvers vegna stóð þá ekki allt við þessa góðu reglu, sem komin var? Hvers vegna stakk alþíngi þá upp á því 1853, að fylgja annari grundvallarreglu, af því það mat, sem þá var komið, væri rángt, og vildi jafnvel kasta öllu og meta eptir afgjöldum? Hvers vegna hefir þá Reykjavíkurnefndin raskað allri þessari reglu í hreppum og sýslum frá rótum, svo ekki stendur steinn yfir steini eptir af fyrsta matinu? Á þínginu 1853 voru menn í mestu

vandræðum og lá við sjálft, að öllu væri kastað, ef mönnum hefði ekki þótt minnkun að því, af því málið var komið svo langt. Menn hættu þá ekki við málið; en þingið skýrði stjórninni frá, hvernig komið væri, og gjörði uppástúngur; stjórnin tók tillit til þessa álits alþingis, viðurkenndi að jarðamatið væri skakkt, og áleit nauðsynlegt, að leiðrètta það eptir afgjöldum; þá sèr nú hver maður, að hèr átti að skeyta saman tvær gagnstæðar grundvallarreglur, og í rauninni fara að búa til annað nýtt jarðamat. Reykjavíkurnefndin breytti nú frá rótum öllu matinu með tilliti til afgjaldanna, færði allar sýslur upp og niður, sumar um meira en helming, svo eingin sýsla stóðst þenna hreinsunareld nema Húnavatnssýsla ein, sú sýslan, sem átti að hafa verið verst metin eptir áliti alþingismanna 1853. Ef matið hefði verið eins ágætt, og þingmaðurinn úr Vestur-Skaptafellssýslu sagði, því fór þá Reykjavíkurnefndin að breyta því heima í stofu sinni, ef ekki af því, að hún hefir álitið það ófært? Þingmaðurinn játaði reyndar, að það hefði verið ójafnara sýslna á milli; en hvað gjörir Reykjavíkurnefndin nú, til þess að jafna ójöfnurnar? Hún ferðast ekki í kring í sýslunum, til þess að gæta að ójöfnunum, heldur tekur hún reikningsbókina og jafnar allt með þriggjaliðareglu; hún breytir í stofu sinni eptir þriggjaliðareglu því verki, sem 1,000 eiðsvarnir menn höfðu gjört; eg veit ekki hvað gjörræði er, ef það er ekki þetta, að færa eignir manna upp og niður eptir geðþótta sínum heima í stofu sinni. En ekki er það síður augljóst, að þetta stendur fullkomlega í mótsögn við það, að matið hafi verið gott áður. Hinn sami þingmaður færði það til, og vildi sýna með því nauðsyn hins nýja jarðamats, að ekkert eldra jarðamat væri til, má ske af því eg sagði, að sá dýrleiki, sem nú væri á jörðunum, væri eldgamall eða frá 11. öld; en þegar vaninn er orðinn svona gamall, þá held eg það sè einmitt hin gildasta meðmælíng með honum; hann sýnir ljóslega, að hið forna jarðamat sè betra, en hið nýja jarðamat, og ef þessi gamli vani er rèttur, þá er rángt að breyta honum og allraverst að breyta honum eptir slæmum grundvallarreglum. Þingmaðurinn hafði eptir mèr, að eg hefði sagt, að Reykjavíkurnefndin hefði lagt Húnavatnssýslu, sem var verst metin, til grundvallar; það sagði eg reyndar ekki; en eg sagði, að það hefði viljað svo til, að Húnavatnssýsla breyttist ekkert hjá Reykjavíkurnefndinni, og hefir það víst verið eins tilviljun, að hún fekk verst orð á þinginu 1853; en hann gleymdi nokkru, og það var að sýna, að nú væri jöfnuður kominn á með þessu jarðamati, eptir umsköpun Reykjavíkurnefndarinnar; hann hefir jafnvel sannað,

að jöfnuðurinn sè allur raskaður frá rótum, þegar hann játar, að jöfnuður hafi verið í hreppum og sýslum, áður en Reykjavíkurnefndin byrjaði störf sín. Það er ekki nóg að segja það, að jöfnuður sè kominn á; eg get líka sagt það mótsetta. Hann sagði, að þrídeilirinn væri sanngjarnastur, en eindeilirinn formlegastur, og það er eingin efi á því, að tilgánginum gat ekki orðið framgeingt, nema með því að hafa einn deili yfir allt land; þar á móti er það ósanngjarnt og móthverft öllu formi, að búa til gjörræðislegan amtadeili, í stað þess að segja: ef jarðamatið þolir ekki einn deili, þá er það orðið ónýtt, það þolir sig þá ekki sjálft. Eg sagði ekki, að jarðamatinu hefði þurft að breyta vegna nýrra skattaálaga, en stjórnin hefir sjálf sagt það í ástæðunum fyrir frumvarpi til tilskipunar um nýjan jarðadýrleika (27. maí 1848): „Allir nefndarmenn (í Reykjavíkurnefndinni) höfðu samt verið á eitt sáttir um það, að nokkur hluti af skattgjaldi því, sem nú er, ætti, þó skattgjaldslögunum yrði breytt, að leggja á jarðirnar. Þar á móti kom þeim ekki öllum ásamt um, hversu stór sá hluti skattgjaldsins skyldi vera. Auk þessa kom þeim öllum saman um, að ef þetta ætti að framkvæma, þyrfti nýtt jarðamat á Íslandi. Rentukammerið er einnig samdóma þessu, og var því samið lagafrumvarp, til að leggja fyrir alþíngi er nú skal halda“. Af þessu má og sjá, að undirstaðan til nýja jarðamatsins er sú, að stjórnin vildi fá jarðamat sem stofn fyrir nýjum skatti, er gæti orðið til uppbótar á þeim halla, er stjórnin áleit, að Danir liði við rýmkun verzlunarfrelsisins. Þíngmaður Eyfirðínga gat þess, að eg hefði sagt, að ef jörð væri að eins virt fyrir hálfvirði, þá feingi maður ekki meira lán upp á jörðina, en hún væri virt til og spurði hann svo: „Hvað ætli það verði eptir gamla matinu“? En eg vil segja honum það, að það er munur á nýja og gamla matinu. Nýja matið er matið í peníngum, en hið gamla til hundraða. Þess vegna geta menn farið og fara eptir gángverði á jarðarhundraðinu, þegar seld er jörð eptir forna matinu; en eptir nýja matinu er það eðlilegt, að maður fari eptir eiðsvarinna manna mati til peníngaverðs. Eg skil varla annað, en að embættismenn, er standa fyrir opinberum sjóðum, muni segja við þá, sem óska láns úr sjóðum þessum, að þeir haldi sèr til nýja jarðamatsins, og láni þeim ekki meir, en sem svarar virðíngarverði jarðanna eptir því. Eru því mótmæli mín alveg óhögguð og sýnt, að nauðsyn er að hrapa ekki að því, að gjöra þetta jarðamat að lögum, og meðan þíngmaður Vestur-Skaptfellínga eigi getur komið með betri og gildari ástæður með jarða-

matinu, en hann tilfærði áðan, þá styrkist eg miklu heldur í, að jarðamatið sè ónýtt, og að það eigi að ónýtast.

Ásgeir Einarsson: Það er einasta eitt atriði úr ræðu þingmannsins úr Vestur-Skaptafellssýslu, sem eg vildi svara, viðvíkjandi uppástúngunni um það, að leggja alþíngiskostnaðinn á hundraðatalið nú strax; hann sagði: það er hægt, að ota því að manni, að skattar verði lagðir á eptir þessu nýja mati; en ef mönnum ekki líkar jarðamatið, þá getur það orðið að þeirri grílu, er ekki er betri en grílan í gær, og er þá eingu til spillt, þó það bíði. Það er ekki sannað, hvort hlutaðeigandi sjálfseignarbændur hafa skaða eða ábata af því, að alþíngistollinum sè þannig jafnað niður; en það er sannað, að þeir, er í kaupstað búa, hafa ábata af því, og eg vil bæta því við, að þó ekki muni um þenna skatt, að ef jarðamatskostnaðinum er bætt þar ofan á, þá getur það orðið talsvert meira, og margir skattar koma ójafnar niður eins og lausafjárskatturinn; en eg vil, að þíngið ei fari þessu fram, fyr en matið kemur fyrir augu þjóðarinnar og það er fullbúið, og vil eg því fresta þessu máli og bíða eptir umkvörtunum um alþíngistollsgjaldið, svo að þegar jarðamatið verður löggilt, gefist ei tilefni til nýrra bænarskráa, fyr en lagður er aðalskattur á allt hundraðatalið, ef það virðist hentugt. Þegar þíngmaðurinn fór að tala um þrídeilinn, þá viðurkenndi hann, að hann hefði verðið í vandræðum stundum með hann, en hefði þó álitið hann þann sanngjarnasta; eg sè ekki, hvernig hann kemst úr þeim vandræðum; eg held hann hefði ekki komizt í nein vandræði, þó hann hefði haldið eindeilinum, eins og hann gjörði, þegar hann var í Reykjavíkurnefndinni og bjó hann til. Mestur er ójöfnuðurinn sagður sýslna á milli, en hann jafnast ekki með þrídeili. Vilji þíngið slá máli þessu á frest, verður það að sjá góð ráð til þess, að bæta galla jarðamatsins.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Ræður þær, sem haldnar hafa verið með og mót þessu máli, hafa ekki breytt sannfæríngu minni, og því meir, sem um það hefir verið talað, því berari hafa gallarnir orðið á jarðamatinu; sumir hafa má ske gjört of mikið og sumir of lítið úr þeim, sumir vilja fella allt jarðamatið, og sumir vilja halda í það og vinna það til, að sætta sig við gallana á því, en eingir vilja aptur á móti fara þann meðalveg, sem eg benti á í dag að farandi væri, og sem þíngmaður Snæfellínga hefir aðhyllzt, þann nefnilega, að fresta löggildíngu jarðamatsins, og reyna að lagfæra það; og eg verð að segja það, að eg álít það ekki ómögulegt, að

lagfæra það, eins og eg held að nú sè einmitt kominn hentugasti tíminn til þess, því nú hið fyrsta, eða hèr eptir fer jarðamatið að verða almenníngi kunnugt. Eg ætla því að halda mèr að breytíngaratkvæði þíngmanns Snæfellínga. Eg vil, að alþýðu gefist kostur á að bera upp umkvartanir sínar yfir göllunum á jarðamatinu og fá lagfæríngu á þeim, ef ástæða finnst til þess; það kann vel að vera, að sumar þessar umkvartanir verði ástæðulausar, eins og sagt hefir verið, og þá er auðvitað, að þær verða ekki teknar til greina; en það skulu menn ekki ætla, að allar slíkar umkvartanir verði ástæðulausar. Sumir hafa nú gjört ráð fyrir, að umkvartanir og aðfinníngar við jarðamatið verði sendar til hvers þíngs; en það finnst mèr nú ekki svo ákjósanlegt, því eg held þíngið gjöri þá ekki svo mikið annað, en vefjast í slíkum umkvörtunum svona fyrst nokkur ár. Það sem mest hvetur mig til að aðhyllast frestun jarðamatsins er þetta tvennt, frestur er á illu bestur; og í annan stað finnst mèr það svo tilfinnanlega órèttvíst, að deingja jarðamatinu svona ásigkomnu á almenníng, án þess honum gefist kostur á að bera sig upp undan því, og fá þá herfilegu galla, sem á því eru, að einhverju leyti lagfærða, sem eg alls ekki get álitið óvinnandi verk. Það hafa verið taldir upp margir gallar á jarðamatinu og þar á meðal, að varpjarðir og hlunninda í Norðurlandi sè of hátt metnar í samanburði við varpjarðir í vesturamtinu, og hefir einginn mótmælt því; menn hafa einkum tekið Hólma til dæmis svo sem eitthvert hið stórfeldasta dæmi ójafnaðarins; en ef aðgætt er, þá held eg að Hólmar sè ekki hærra metnir, en aðrar varpjarðir í norðuramtinu, og eru þó Hólmar jafnhátt metnir, og nærfellt hálfur Eyjahreppur á Breiðafirði. Þetta, að varp og hlunnindajarðirnar voru svo misjafnt metnar í norður- og vesturamtinu, held eg hafi gjört Reykjavíkurnefndinni mikinn óleik, þegar hún fór að bera saman virðínguna og jarðaafgjöldin í hvoru amtinu fyrir sig, þá er auðsætt, að jarðaafgjöldin í norður- og austuramtinu hafa svo miklu miður svarað til virðíngarupphæðarinnar þar, en í vesturamtinu, sökum hins ólíka mats á varpjörðunum, og þetta hefir víst gjört mikinn skakka milli amtanna; því ef varpjarðirnar hefði verið metnar í báðum ömtum eptir sama mælikvarða, þá hefði sá ójöfnuður, sem nú er á jarðamatinu milli neíndra amta, mikið til horfið; því eptir ímyndun minni, og þeim kunnugleika, sem eg hefi leitazt við að afla mèr á landjörðum í vesturamtinu, þá er ekki stórvægileg ósamkvæmni í matinu á þeim og landjörðum í norður- og austuramtinu. Eg sè því ekki betur, en það sè miklu sæmri og færi-

legri vegur fyrir þingið, að fá nú lagfæring á matinu á varpjörðum í norðuramtinu, og koma þeim í samhljóðun við matið á varpjörðum í vesturamtinu, en að fara að grípa til þrídeilisins, sem er mesta óyndisúrræði, og kollvarpa öllum grundvelli jarðamatsins. Þingmaður Ísfirðinga og þingmaður Reykvíkinga vildu alveg af nema 4. greinina, sem hljóðar um það, að jarðamatið skyldi endurskoða eptir 20 ár; en ef nú jarðamatið er önnur eins ófreskja og þeir láta, og sem mikið er tilhæft í, og ef þingið skyldi nú mót von minni fallast á, að það næði lagagildi svona óbreytt, þá skil eg ekki, hvað þeim geingur til þess, að vilja leggja þenna kross á landsmenn, sem aldrei verði tekinn af þeim aptur; þess vegna vil eg, ef hin breytíngaratkvæðin mín skyldi falla, áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að það ekki skuli líða nema 10 ár, þángað til jarðamatið verður endurskoðað og lagað; en ef breytíngaratkvæðin mín falla ekki, þá tek eg þetta aptur; því nái jarðamatið þeirri lagfæríngu, sem eg vildi óska, og sem eg álít mögulega, þá vil eg að jarðamatið standi sem leingst; það sem hinn 6. konúngkjörni þingmaður sagði, að landið væri geingið úr sèr, og væri að ganga það ár frá ári og öld eptir öld, og hafði það sem ástæðu með jarðamatinu, þá er þetta því háskalegri villukenníng, sem margir hafa orðið til að trúa henni á undan, og viljað kenna þessari apturför landsins um búskaparbasl vort; en þetta er ástæðu- og tilhæfulaust, því ef vèr búum nú ver en áður, þá er það sjálfum oss að kenna, en ekki landinu.

Guðmundur Brandsson: Eg held það sè ekki ofsögum sagt, að það ætli að verða örðugt með að komast að einhverri niðurstöðu með þetta jarðamat; 1857 þótti mönnum ekki ófært að hafa þenna þrídeili, nú vilja menn aptur ekki hafa hann, heldur fella; ætla sama verði ekki, þó menn fresti því. Menn hafa í dag sagt, að það væri svo ísjárvert, að löggilda þetta jarðamat nú, sökum þeirrar óánægju um það, sem væri meðal þjóðarinnar; en á hverju byggja menn þetta hèr á þingi? Það eru að eins komnar 3 bænarskrár þar að lútandi, 2 um að fresta því, 1 um að fella það, 2 úr vesturamtinu, 1 úr austuramtinu; þetta kalla eg nú ekki mikið úr 19 sýslum, og þykir skrítið að fara eptir þessum 3 bænarskrám, þegar samvizka og sannfæring veit ekki, hvort forsvarað verður. Tvær af þessum bænarskám eru sprottnar af amtadeilinum, og sú að norðaustan af varpjörðunum. Mèr þykir nú menn lítilsigldir, ef þeir láta þessar bænarskrár hræða sig, og það svo koll af kolli, hvað leingi

sem nýjar umkvartanir koma; eg býst líka við, að þó því verði frestað, muni þykja agnúar á því samt; það tjáir ekki að bíða þángað til einginn kvartar; eg sè ekki, að hverju það rekur. Sjá menn ekki á hverju ári umkvartanir út af sveitargjöldum? Ef svona ætti að fara að, yrði það til þess, að jarðamati yrði hèr aldrei á komið. Menn hafa talað um, að tíund skyldi ekki taka af jörðum eptir hinu nýja mati, og þó er mestmegnis tilgángurinn með því sá, að fá tíundinni breytt eptir því, og þetta er einmitt sagt í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, og að tíundartakan eptir hinu gamla væri orðin óvinsæl, og ef það því feingist strax, væri það ekki nema til ills eins, ef ekki yrði tíund tekin eptir því. Menn hafa verið að ota þessum skattalögum, en mèr er nú sagt, en ekki sýnt, að þau sè svo nálægt; eg man eptir því hèrna 1849, að þá þótti ekki þörf að hreifa við rekalöggjöfinni, af því nýr rekabálkur væri rètt í landsteinunum, en hann er ókominn enn þá. Í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu er sagt, að það sè sumstaðar venja, að taka skatt af samlagðri tíund af lausafè og fasteign, og í sjálfu frumvarpinu er ætlazt til, að þessi venja haldist eptir hinu nýja jarðamati; af þessu ætla eg nú auðsèð, að stjórnin er ekki hlaupin strax upp til handa og fóta að umbreyta skattalögunum, þó þetta mat verði löggilt; því eins og eg sagði fyrir skemmstu, gæti verið orðin þörf á nýju mati, þegar svona lángt væri komið fyrir henni. Þíngmaður Strandasýslu færði margt fyrir um þrídeilinn; það hafði eg nú allt heyrt áður. Eins og erfitt mun verða að sanna, að rètt hafi verið metið og jafnt, eins mun verða örðugt að sanna, að það hafi verið ójafnt. Hafi ekkert reglulegt jarðamat fram farið síðan á 11. öld, þá held eg tími hafi verið kominn til að hreifa við því núna; en hvaða ástæða er til að halda, að vesturamtið hafi geingið meira úr sèr en hin ömtin? Eg held, að nú sè ekki meiri ástæða til að breyta þar en annarstaðar, eða að hið forna hundraðatal þar hafi verið ósanngjarnara, en í hinum ömtunum. Þíngmaður Skagfirðínga hèlt, að menn mundi villast og ekki vita vel, hvað í hverju amti verið hefði af hinu forna hundraðatali, því áður hefði fjórðúngarnir verið 4, og þá hefði Borgarfjarðarsýsla, sem nú er, heyrt til Vestfirðíngafjórðúngi; nei, hèr er eingin villa; menn vita mikið vel, hvað hver sýsla heitir, og hverjar eru í hverju amti. Menn hafa sagt, að jarðamatið þyldi ekki sjálft sig og miðað það við amtadeilinn. Jarðamatsnefndina vantaði skýrslur úr vesturamtinu; var þá rètt að halda fast við 1 deili, þegar þrídeilirinn þótti sanngjarn? Eg held ekki. Viðvíkjandi því, sem

þingmaður Strandasýslu sagði gegn þingmanni Borgfirðinga um tíundartöflurnar og kláðaskýrslurnar, þá gáði hann ekki að því, að jarðarkúgildin ekki eru tilgreind í tíundartöflunum, en þar á móti í kláðaskýrslunum, svo ályktan hans af því er villa ein. Ef bornar eru saman hlunnindajarðir í vestur- og norðuramtinu, þá gæti þeir, sem kunnugir eru á báðum stöðum sagt, hvort ei sè hærra matið í norðuramtinu. Eg þekki nú til hèr í suðuramtinu, og dálítið í vesturamtinu. Flatey á Breiðafirði er eptir nýja matinu 119 hndr., Viðey 261 hndr.; eptir því, sem mèr hefir nú verið sagt af Flatey, þá þykir mèr mikið, ef hún er þeim mun verri en hin, að meir en tvær Ftateyjar yrði að gefa fyrir Viðey eina? Hrappsey er metin 47 hndr., Eingey 90 hndr.; skyldi nú Eingey vera nærfellt helmíngi betri en hin? Mèr þykir það mjög ólíklegt, og það eru nóg dæmi fleiri; en hvort rèttara er hèr eða þar, þegar á þetta er litið og margt fleira, þá held eg kunnugir menn geti sèð, hvort amtadeilirinn verður ekki sanngjarnari en hinn eini.

Benedikt Þórðarson: Það er ekki nema ofurlítið, sem eg ætla að segja, því mèr sýnist hèr við eiga máltækið, að „það eru brek, að bera í bakkafullan lækinn“. Það er þrídeilirinn, er eg vildi minnast á; mèr þykir undravert, hvað sumir halda honum fram, beint á móti rèttu formi og ljósum vilja stjórnarinnar; þegar menn gæta þess, að allar jarðir um land allt voru þó matnar eptir reglu þeirri, sem stjórnin gaf bæði við undir- og yfirmat, og svo að Reykjavíkurnefndin á eptir muni hafa við haft einn, en ekki fleiri mælikvarðana í störfum sínum, þá mætti það skiljast, að ekki væri að nefna nema einn deili, en það, að hafa þá 3 eða fleiri má ske 19 eða 20, ekki nái neinni átt. Vesturumdæmið er nú hjá þríeiníngunni olbogabarnið; en má eg spyrja, hvað hefir strákur til unnið? Ekki er svaranna vant; þar hefir lækkað hundraðatalið um of eptir nýja matinu, en í suðurumdæminu hefir það hækkað um of eptir sama mati; er nú nokkurt vit í ástæðu þessari? Eg get þó ekki ætlað, að Vestfirðíngar standi neitt á baki Sunnlendínga að viti og rèttsýni; hver trúir því, að allir matsmenn í vesturumdæminu hafi matið jarðirnar of lágt, en allir í suðurumdæminu of hátt? Eg held einginn trúi því; eg held það sè öldúngis rètt, og hafi orðið að vera, að vesturumdæmið lækkaði mikið við hið nýja jarðamat, og að í því felist einginn ójöfnuður, þó svo yrði. Þeir segja hèr bezt frá Ólafi konúngi, sem aldrei hafa heyrt hann eða sèð; þeir halda þessu fram, sem ekkert eða lítið þekkja Vestfirði, og dæma svo blindir um lit.

Eg er búinn að vera þar yfir 20 ár, og get sagt það með sönnu, að land hefir þar margvíða mjög spillzt og eyðzt; þar eru fjöll há og brattlendi mikið, en undirlendi lítið og sumstaðar ekkert; grænar grashlíðar, sem áður voru upp í klettabrúnir, eru nú svartar skriður í sjó niður. Þar hafa skóglendi eyðilagzt meir af völdum náttúrunnar, en mannaverknaði; landið hefir þar almennt sætt meiri hrörnun, en í öðrum landsfjórðúngum. Þar eru nú á sumum stöðum orðin holt og hrjóstur, hvar áður voru blómleg beitilönd; eg þekki þar jarðir, og í þeirra tölu er Brjámslækur sjálfur, á hverjum fram yfir næstliðin aldamót ekki var neitt hey ætlað sauðfènaði til vetrarforða, en á hverjum nú má ætla honum fullt fóður, ef duga skal; þess ber einnig að gæta, að fyrrum voru fyrir vestan höfuðból þau, sem nú eru fallin, eg tek til dæmis Sauðafell og Snóksdal, og svo er um fleiri jarðir; hvað eru þær nú móti því, sem áður voru þær? Menn klífast á því, að jarðamatið nýja sè einkum misjafnt sýslna millum, en ekki svo millum hreppanna; þetta held eg of mjög ýkt; eg hefi borið saman nokkrar jarðir, sem eg þekki á Norður- Vestur- og Suðurlandi, sem nú hafa jafnan dýrleika, og tek eg eitt dæmi af þremur 12 hundraða jörðum: Bakka í Fnjóskadal; þar ólst eg upp á næsta bæ, og man eg eptir þeirri jörð. Önnur jörðin er Háafell í Skoradal; þá jörð hefi eg sèð og að gætt; þriðja er Suðurhamar í sókn minni við Barðaströnd. Ætti eg nú að velja eina af þremur þessum jörðum, þá mundi eg helzt taka Háafell. Mætti nú dæma um hið meira eptir hinu minna, þá held eg jarðamatið nýja sè þó yfir land allt samkvæmara sjálfu sèr en látið er; eg neita því ekki, að á því sè talsverðar misfellur, en þær verða jafnan, hvað leingi sem verið er að meta jarðir, og víst ætla eg þetta nýja jarðamat töluvert sanngjarnara hinu gamla, sem við höfum, og að við því heldur eigum að aðhyllast það, en hafna því; þó nokkrar jarðir til að mynda varpjarðirnar eystra kunni að vera of hátt matnar, finnst mèr ekki eiga í að ríkja, því kostur mun gegnum alþíngið, að fá þær lagaðar seinna, þegar þess er leitað með sönnum röksemdum. Niðurlagsatriðið undir tölulið 2. ætla eg fátt að ræða um, þó held eg jarðamatið þyki þýðingarlítið, nema tíundir greiðist eptir því; hvað preststíundina snertir, er mèr fyrir mitt leyti sama, hvað um hana verðnr; en það fellst eg á, sem hèr hefir verið hreift, að stjórnin bæti prestum upp af sínu, það sem þeir missa við lækkun tíundanna; það er hvorki mikið og verður heldur ekki leingi, að á því þurfi að halda.

Ekki fellst eg á það, að alþingistollur leggist strax á; eg held bezt að bíða þess, að menn biðji um það, og láta slíkt bíða næsta þings; þá óreglu í greiðslu alþingistollsins, sem hinn heiðraði *forseti* var svo drjúgmæltur um, þekki eg ekki, og hefi eg þó árlega samið afgjaldaskýrsluna í minni sveit.

Varaforseti: Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, þíngmenn Reykjavíkur og Árnessýslu hafa tjáð, að þeir yrði að gánga af fundi.

Jón Guðmundsson: Eg skal nú ekki vera margorður, því ræður þíngmanna hafa ekki getað sannfært mig, eða snúið mèr hughvarf, og eins mundi eg sannfæra þá að litlu, þó verið væri að þessum ræðum svona í marga daga; eg skal að eins svara fáu af því, sem hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga sagði, þó fátt af því væri vernlegt; hann hjó nú enn í sama steininn um það, að Reykjavíkurnefndin hefði raskað öllu matinu og grundvelli þess; en staðfestíng hans um það, án allra röksemda eða sannana, er eingu betri eða merkari, en mín neitun. Hann álítur kann ske betra, að halda þessu gamla mati frá 11. öld, af því það stendur í einhverri gamalli skinnbók, en hann er mikill skinnbókavinur; en fyrst þetta er nú svona gott og blessað, af því það er gamalt, þá hefði hann átt að sjá um, að það kæmi út þetta hans forna jarðamat í fornbrèfasafninu, sem komið er út lángt fram yfir þann tíma, án þess að þessi kjörgripur hans hafi sèzt í því; en eg get líka sagt honum það, að þetta getur verið orðið gott að 800 árum liðnum, að minnsta kosti verður það þá búið að fá aldurinn fyrir þá, sem meta allt því betra og áreiðanlegra sem það er eldra; hann tók það fram, að jarðamatið hefði frá upphafi verið byggt á verðlagi, en ekki á gæðum jarðanna. Þetta getur má ske verið fyrir vestan; en víðast hvar annarstaðar var matið byggt á gæðum, þ. e. menn höfðu með fram hliðsjón af leigumála jarðanna, en leigumálinn fer eins og allir vita eptir gæðum þeirra yfir höfuð að tala; en ógæfan var, að þessu var ekki alstaðar fylgt, og af því komu ójöfnurnar, eg neita því ekki; *þetta* átti Reykjavíkurnefndin að lagfæra, ekki breyta matinu, og það gjörði hún ekki; en sú lagfæríng gjörir jarðamatið að eingu ógildara, því hún raskaði því að eingu. Kunnugir menn í öllum ömtunum, t. a. m. hinn heiðraði þíngmaður, sem seinast talaði og fleiri, ljúka allir upp sama munni um það, að ójöfnurnar sè ekki eins miklar eins og hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga vill gjöra úr þeim. Eg skal ekki neita, að tilgángur stjórnarinnar hafi má ske upprunalega verið

sá, að leggja á skatta eptir þessu nýja mati; en hinu neita eg, að þetta sè fast ákveðið, og liggur alls ekki í þeim orðum, er hann nú las upp úr ástæðum tilskipunarinnar; enda getur stjórnin ekki af ráðið eða ákveðið slíkt, án þess að bera það áður undir alþingi. Þessir skattar liggja því ekki fyrir enn þá, og er ekki til neins, að vera að veifa þeim aptur og aptur. Þingmaður Ísfirðínga sagði reyndar ekki, og það bar eg honum heldur ekki á brýn, að matið í Húnavatnssýslu hefði tekizt verst, heldur sagði hann „hvað lakast"; en fyrir því hefir hann einga ástæðu, og eg get ekki munað, að matið þar í sýslu væri lastað hèr á þingi 1853. Þingmaður Borgfirðínga skýrskotaði til byggíngarbrèfanna fyrir því, að þær breytíngar, sem yrði á gjöldum af fasteignum eptir hinu nýja jarðamati, lenti ekki á leiguliða; eg hefi sèð mörg byggíngarbrèf, og eg held öllu fleiri en hann, og er í flestum gjört leiguliða að skyldu, að borga þá skatta og tíundir, sem nú liggi eða verði lagðar á jarðirnar. Viðvíkjandi preststíundinni og endurgjaldi til sýslumanna, þá skal eg ekki fara lángt út í það; það var ýtarlega rætt á þíngi 1857, og þar var sýnt, að konúngstíundin stæði í stað, þegar yfir allt land væri litið, og yrði heldur rísari, og því þyrfti ekki að bæta sýslumönnum upp; en þeir eiga aðgáng að sínum lánardrottni, konúngi eða ríkissjóðnum. Hvað því viðvíkur, sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, þá vil eg nú ekki fara í neinn orðaleik, en eg sagði ekki, að móthárur hans kæmi af því hann væri jarðeigandi, heldur sagði eg, að eg skildi þær kann ske ekki, af því eg væri ekki jarðeigandi, en hitt sagði eg ekki. Hann hefir ekki sannfært mig með dæmi sínu, því ef gjaldstofn eykst, þá aukast gjöldin; falli hann eða rírni, þá verða einnig að hverfa eða rírna gjöldin, er á honum hvíldu. Hvað viðvíkur spurníngum hans um hið selda Skálholtsgóz, hvort af því eigi þá að gjalda tíund eptir þessu nýja jarðamati, að því leyti þær jarðir yrði nú hærri að hundraðatali heldur en þær voru áður eptir eldri dýrleikanum, þá segi eg nei við því; jörðin er sem jörð undanþegin tíund með konúngsúrskurði (eða lagaboði, hvað maður á að kalla það); jörðin sjálf og öll er undanþegin því að vera tíundargjaldstofn, og þessarar undanþágu nýtur hún, þó hún svo yrði hundraðföld að dýrleika. Menn hafa beitt ýmsum ráðum, til að fá þetta jarðamat ónýtt og þýðíngarlaust, ýmist með því, að fá því frestað, ýmist með því, að tíundin verði ekki tekin eptir því, og þetta frameptir götunum; eg hefi nú verið að hlusta eptir ástæðum fyrir öllum þessum bollaleggíngum, en eg hefi

eingar ástæður heyrt fyrir frestuninni, heldur en hinu, og ekki snefil af ástæðum, nema að því, sem fyrir er borið, til þess að fá lagaða gallana. En til hvers á að fresta því? Hvað vinnst með að fresta því? eða hvað vinnst, þó að alþýða sjái það? Er það til þess, að menn fái rètt einstöku galla á einstöku sveitum eða sýslum, eða að eins á einstökum jörðum? Já, það getur alþýða kann ske; að minnsta kosti komið með ástæðulausar kvartanir, hver yfir matinu á sinni jörð, en ef það á að vera til þess, að bera saman matið á milli sýslna og amta, og til þess, að fá þær ójöfnur lagfærðar, sem þar á kynni að vera, — ætli almenníngur hafi þá svo miklar mætur eða áhuga á þessu atriði málsins, að menn geti vænt með nokkrum sanni, að hinir sönnu og verulegri gallar yrði leiddir í ljós, bornir fram með skynsamlegum og skipulegum ástæðum, er gæti orðið teknar til greina. Eg get ekki sèð, hvað áunnið yrði með að fresta matinu, annað en það eina, að gefa tilefni til ýmissa kvartana um þessa og þessa jörðina, án þess að ávinna neinar ástæður eða áreiðanlegar bendíngar, til þess að geta lagað, ef ójöfnuður væri sýslna á milli; þetta sjá allir, að alþýðumönnum er með öllu ofvaxið, eins þó jarðamatið yrði auglýst fyrir fram um 1 eða 2 ár; til þessa þarf fleiri ára reynslu, sem einúngis vinnst með því, að jarðamatið sè löggilt og knýi menn þar með til þess, að taka eptir misfellunum og þekkja í hverju þær eru fólgnar, og hvernig verði á þeim bót ráðin; þess vegna verð eg að álíta, að 4. grein stjórnarfrumvarpsins stefni að þeim einu lagfæríngum á jarðamatinu, sem geta orðið verulegar og að nokkru liði, nefnilega, þegar reynslan um 20 ára tíma er búin að leiða gallana í ljós. Hvers vegna taka menn sèr ekki breytíngaratkvæði um þessar varpjarðir, ef þær eru of hátt metnar? Eg held nú, eins og þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu, að matið fyrir vestan hafi farið fram eptir töluvert öðrum mælikvarða, en fyrir norðan og sunnan; enda voru ljós rök færð til fyrir því í umræðum þessa máls hèr á þínginu 1857.

Að endaði þessari ræðu gekk *forsetinn* aptur til sætis síns.

Framsögumaður: Hinn háttvirti *forseti,* sem nú er á þíngmannabekknum, hefir nú svarað þeim mótbárum, sem komið hafa fram móti jarðamatinu, miklu betur og nákvæmar, en mèr hefði verið unnt. Að fresta löggildíng jarðamatsins, er, að ætlun minni, í raun og veru ekki annað, en að leggjar nýjar álögur á landið, og það að öllum líkindum til einkis. Að við hafa einn deili fyrir hvert amt, er svo fjarstætt þess vegna, að það er byggt á tómum getgát-

um; og mætti koma með margar jafnlíklegar getgátur, t. a. m. að öll afgjöldin tilsamans tekin í hverri sýslu muni standa hèr um bil í sama hlutfalli við gæði jarðanna, og þessi getgáta er byggð á talsverðum líkum; því menn hafa þó víst vit á, að meta eign sína eins í einni sýslu sem öðrum. Þegar 1 deilir er við hafður fyrir allt landið, er byggt á því, sem er — já á svo föstum grundvelli, sem feingizt getur, nl. matsverði og afgjöldum jarðanna. Þó sá hluti alþíngiskostnaðarins, sem hvílt hefir á afgjöldum jarðanna, væri lagður á hundraðatölu þeirra, þyrfti ekki að raska neitt þeim hluta hans, sem á timburhúsum hefir hvílt. Það, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður talaði um áður ómatin bændakirkna-ítök, kann að vera á nokkrum rökum byggt. En víða munu þau vera mjög lágt metin, og þar sem um nokkuð er að gjöra, eru þau, ef til vill, metin sèr í lagi; og í öllu falli finnst mèr, að eingin vandræði þyrfti út úr þessu að rísa.

Ásgeir Einarsson: Til vara, ef málinu ekki verður frestað, áskil eg mèr það breytíngaratkvæði, að alþíngistollur verði lagður jafnt á allar jarðir. Þetta veit eg að mönnum er annt um.

Jón Pètursson: Eg vil leyfa mèr að taka eitt dæmi, og biðja hinn heiðraða þíngmann úr Vestur-Skaptafellssýslu að leysa úr því: Það er 30 hndr. jörð með 12 innstæðukúgildum, og eru þau nú náttúrlega tíundarfrí; nú verður þessi jörð við hið nýja mat sett niður í 20 hndr. Nú vil eg spyrja, hvort skuli þá enn nú eptir það vera tíundarfrí öll þessi 12 kúgildi, sem áður voru frí samkvæmt hinu fyrra hundraðatali, eða að eins 4; eptir gamalli venju eru þau það öll 12, og það er líka samkvæmt opnu brèfi frá 1834 um tíund innstæðukúgilda; eða er því breytt með því, að löggilda þetta nýja jarðamat? Eg held varla, og mèr virðist svo mikið á móti því, að það vel geti ollað málaferlum. Það verður sagt með sanni, að þetta jarðamat sè betra, en það gamla, að svo miklu leyti meiri jöfnuður fæst við það millum jarðanna, því er það betra sem gjaldstofn fyrir sköttum, er hèr eptir kunna verða á lagðir, en leingra á það ekki heldur að ná. Það mælir ekkert fram með því, að löggilda þetta nýja jarðamat svoleiðis, að tíund verði strax tekin eptir því; það ylli þvert á móti miklum ójöfnuði, spanaði menn í málaferli, og hið opinhera vinnur ekki við það. Eg vil gjarna trúa því, að allir þeir, sem nú þykjast borga of mikið, og hverra jarðir yrði settar niður, þeir vilja það meir en gjarna; en hvort hinir, sem fá jarðir sínar settar upp, kæra sig um það, það þykir mèr síður líklegt.

Sveinn Skúlason: Eg vil áskilja mèr breytíngaratkvæði um breytíngu á mati á hlunnindajörðum á Norðurlandi; eg skal orða það nákvæmar seinna.

Gísli Brynjúlfsson: Eg verð þó að svara hinum háttvirta þíngmanni Vestur-Skaptfellínga, er nú aptur með alvönum sóma situr í *forseta*sætinu, því, að menn þurfa alls eigi að vera vel að sèr í gömlum skinnbókum, til þess að vita, að það jarðamat, sem enn gildir hèr á landi, er mjög svo fornt, og að öllum líkindum jafnvel eldra, en frá 11. öld. Til þess að sjá, að það að minnsta kosti verði að vera svo gamalt, þarf ei nema einfalda og óbrotna skynsemi — og einginn frýr hinum háttvirta *forseta* þess, að hann hafi ei nóg af henni — ef menn að eins vilja taka tillit til þess, sem þegar er prentað og hverjum manni má vera kunnugt um sögu lands vors; því hvernig hefði tíundarlögin, sem þeir Gissur biskup og Sæmundur fróði komu á á alþíngi, annars átt að hafa nokkra þýðíngu, ef höfðíngjarnir hefði þá ei einmitt um leið talið fram dýrleika á jörðunum, hver úr sínu hèraði, og það þó að líkindum að eins miklu eldri dýrleika, er menn áður höfðu verið vanir að gjalda hoftollana eptir? Eg held, að þetta sè ei efunarmál, og eg get jafnvel bætt því við, að það sýnir beinlínis, að menn hafa þá samþykkt almennt jarðamat um allt land, einmitt af því menn þóttust þurfa að gjalda almennar álögur eptir því; og verð eg yfir höfuð að segja hinum háttvirta *forseta* það, að eg get heldur alveg ekki sèð nokkurn tilgáng með nokkurt almennt jarðamat, ef það ei einmitt á að vera til þess, að taka eptir álögur og skatta í allsherjar þarfir. Að öðru leyti hefi eg aldrei verið að finna svo mjög að hinni nýju jarðabók; en eg hefi að eins trúað því, sem eg heyri svo marga segja, er betur hafa vit á þessu einstaklega, að henni sè mjög svo ábótavant, og því hefi eg óskað, að hún yrði endurskoðuð, áður en menn biðja konúng vorn að löggilda hana; þegar slíkri endurskoðun er lokið, mun eg varla hafa svo mjög á móti henni; en það verð eg enn að taka fram, að það verður þá þó að eins með því skilyrði, að að eins hinar nýju álögur verði goldnar eptir henni. En um þetta allt skal eg nú að eins halda mèr til breytíngaratkvæðis míns.

Forseti: Þar eð nú ekki hafa fleiri beðið sèr hljóðs, þá er undirbúníngsumræðu þessa máls lokið, og þar dagur er að kveldi kominn, verða þíngsetur ekki leingri í dag, og kemur á morgun fyrst og fremst til ályktarumræðu *sveitastjórnarmálið og búnaðarskóla-*

málið, og svo undirbúningsumræða í öðrum málum, og ákveð eg fund á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

---

5. ágúst — tuttugasti og sjötti fundur.

Allir á fundi, nema þingmaðurinn frá Norður-Þingeyjarsýslu, sem hafði tilkynnt *forseta,* að hann ekki gæti komið á fund, fyr en má ske seinna.

Var þá þingbók frá fyrra fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *málið um sveitastjórnarlög á Íslandi. Framsögumaður* er hinn háttvirti *varaforseti.* Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, og vona eg, að allir þingmenn hafi hana hjá sèr.

Atkvæðaskrá

í málinu um *sveitastjórnarlög á Íslandi.*

1. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði):
   Að konúngur láti leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga hèr á landi.
2. *Sama* (2. uppástúnguatriði):
   Að frumvarpið sè byggt á þeim grundvallarreglum, er teknar voru fram í álitsskjali alþingis 1855, hvað stjórn sveitamálefna í hreppum og sýslum snertir.
3. Breytíngaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar* (samþykkt af nefndinni):
   Að í 3. uppástúngu nefndarinnar (tölul. 6.) í stað orðsins „amtmönnum“ verði sett: „hverjum amtmanni“.
4. Viðaukaatkvæði *H. Kr. Friðrikssonar:*
   Að í 3. uppástúngu nefndarinnar (tölul. 6.) eptir orðið „borgun“ verði bætt: „úr hverjum jafnaðarsjóði fyrir sig“.
5. Breytíngaratkvæði *Benedikts Þórðarsonar:*
   Að síðara hluta 3. uppástúngu nefndarinnar (tölul. 6.) frá orðunum: „2 aðstoðarmenn“ verði þannig breytt: „til ráðaneytis í umsjón þeirra yfir sjóðum þeim, er þeir hafa undir hendi, mót sanngjarnri borgun af öllum þeim sjóðum að tiltölu.
6. *Nefndin* (3. uppástúnguatriði):
   Að amtmönnum verði settir 2 aðstoðarmenn, mót sanngjarnri

borgun, til ráðaneytis í umsjón þeirra yfir sjóðum þeim, er þeir hafa undir hendi, og

7. Viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar:*
   Að aptan við 3. uppástúngu nefndarinnar (ef hún yrði ekki felld), verði bætt: „og hafi menn þessir fullan atkvæðisrètt".
8. *Nefndin* (4. uppástúnguatriði):
   Að þessir aðstoðarmenn sè kosnir af alþíngi.
9. Viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Tandraseli, við 4. uppástúngu nefndarinnar (tölul. 8.):
   „Eptir amtadeilum svoleiðis, að hvers amts fulltrúar kjósi þá 2 aðstoðarmenn, er þess amtmanni eiga að vera til ráðaneytis".
10. Varauppástúnga *Indriða Gíslasonar:*
    En fái stjórnin því ekki við komið, að leggja frumvarp til sveitastjórnarlaga fyrir næsta alþíngi, að þá samt verði lagt frumvarp fyrir næsta alþíngi, um það:
    a, Að vald amtmannanna yfir jafnaðarsjóðunum verði nákvæmar ákveðið.
    b, Að eigi sè lögð á þá önnur gjöld, en þau, sem lög heimila.
    c, Og að amtmönnum sè ákveðin takmörk sett um það, hve miklum gjöldum megi jafna árlega mestum niður á alþýðu.
11. Varaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar* (við tölul. 10, a—c):
    Að eingin gjöld megi borga úr jafnaðarsjóðum amtanna á Íslandi, nema samkvæmt gildandi lögum.
12. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu):

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Eg ætla nú ekki að leingja þíngræðurnar með að tala mikið um þau breytíngar- og viðaukaatkvæði, sem hafa verið gjörð við þetta nefndarálit. Það hafa eingin mótmæli komið gegn 1. uppástúnguatriði nefndarinnar, og svo að segja eingin gegn 2. uppástúnguatriðinu. Það var skýrt tekið fram í nefndarálitinu, að nefndin vildi láta stjórnina hafa sem frjálsastar hendur, hvað fyrirkomulag þessa máls snerti; og þess var getið við undirbúníngsumræðuna, að nefndin hefði fyrir augnamið, að stjórnin í sveitunum gæti orðið sem þjóðlegust og einföldust. Þetta misheppnaðist nú 1855 bæði fyrir stjórninni, vegna amtráðanna, og fyrir þínginu, vegna hins margbrotna fyrirkomulags á sýslunefndunum, og það varð líka ágreiníngur meðal þíngmanna um hin seinustu úrslit málanna. Það eru einkum 3. og 4. uppástúnguatriði nefndarinnar,

sem mætt hafa mótmælum; en eg held þau hafi verið komin af misskilníngi hjá sumum; því þeir munu hafa ætlað, að nefndin ætlaðist til, að stjórnin gjörði þetta að síðustu úrslitum; en það var öldúngis ekki meiníng nefndarinnar, heldur ætlaðist hún til, að það skyldi vera eins og bendíngaratriði fyrir stjórnina, sem sprottið væri af þeim umræðum, sem hèr hafa orðið um stjórn sjóðanna. Nefndin hafði tillit til bænarskránna, til ræða þíngmanna, og til frumvarps stjórnarinnar 1855. Eg segi fyrir mig sem nefndarmann, og svo munu líka fleiri nefndarmenn segja, að eg held ekki svo fast í þessi uppástúnguatriði, ef þíngið vill heldur sleppa þeim; eg sætti mig fullkomlega við 1. og 2. atriðið. Eg vil lángtum heldur sleppa þessum 3. og 4. uppástunguatriðum, en að það skyldi verða forlög þeirra, að draga öll þessi breytíngaratkvæði eptir sèr. Breytíngaratkvæðið tölul. 3. hefir nefndin aðhyllzt, því meiníngin er öldúngis hin sama, en það er einúngis til skýríngarauka.

Viðaukatkvæðið tölul. 4. er um það, „að borga úr hverjum jafnaðarsjóði fyrir sig"; en það var ekki meiníng nefndarinnar, að til taka nú, hvaðan þessa borgun skyldi taka, því henni þótti það of sèrstaklegt og lángt farið inn í málið. Breytíngaratkvæðið tölul. 5 er sama efnis, nema hvað það er yfirgripsmeira, og vildi eg heldur fallast á það en hitt, ef eg fèllist á annaðhvort. Á viðaukaatkvæðið tölul. 7. get eg ekki fallizt, því það sýnist órètt, að setja amtmennina undir eins í minni hlutann, þar sem þeir hafa þó mesta ábyrgð. Það getur verið eins fullkomin tryggíng fyrir því, að amtmennirnir ekki leyfa sèr að fara leingra, en þeir geta forsvarað, því aðstoðarmennirnir eiga hægt með að auglýsa aðgjörðir þeirra á prenti; svo þær komi fyrir dóm þjóðarinnar. Viðaukaatkvæðið tölul. 9. er víst vel meint; því það er stýlað eins og kosníngarnar skyldi fara fram á alþíngi; en formið er ekki rètt, því amtadeilirn geta ekki átt sèr stað á þíngi; því þíngið getur einga ályktun tekið, nema sè við viss tala þíngmanna, sem er lögákveðin; en ef þíngmenn ætti að vera úr hverju amti fyrir sig, þá yrði þeir ekki nema 6 eða 7, og það er of fátt. Það væri annað mál, að hinar deildirnar færi eptir þeirri einu, sem þekkti til, og það yrði víst svo. Um 10. tölulið ætla eg ekki að tala, því það er í nefndarálitinu tekið tillit til þess; og 11. tölul. fellur og stendur með tölul. 10.

Stefán Eiríksson: Mèr þótti umræðurnar um daginn vera orðnar svo lángar og því tók eg ekki til orða í þessu máli, enda felli

eg mig vel við nefndarálitið; mèr sýnist breytíngaratkvæðin ekki bæta neitt úr því heldur, nema tölul. 3., sem nefndin líka hefir fallizt á. En eg get ekki verið samþykkur hinum háttvirta *framsögumanni* um töluð. 7.; því við það viðaukaatkvæði felli eg mig bezt; en með hinum breytíngaratkvæðunum gef eg ekki atkvæði mitt, nema eg sannfærist af ræðum þíngmanna um nauðsyn þeirra.

Páll Sigurðsson: Eg á ekkert breytíngaratkvæði á þessari atkvæðaskrá, og það er heldur ekki von, því eg var samþykkur allri aðalstefnu nefndarinnar, og er eg það því fremur, þegar eg heyri, að hinn háttvirti *framsögumaður* er ekki neitt fastur á, að framfylgja nema 1. og 2. uppástúnguatriðinu, sem eru líka án efa undirstöðuatriðin. En þegar kemur að efri stjórninni, þá vil eg ekki fara lángt; það er verið að tala um nefndir, sem standi undir amtmönnunum, og við það kemur sá snúníngur á, að það verður einveldi ofan á nefndastjórn. Eg vil því alveg sleppa því, að tala um yfirstjórnina, því ef þessi breytíng yrði á, þá verður landinu þrískipt, og þá verða þessir svo kölluðu 3 nesjakóngar yfirstjórniu í sveitamálum. Eg vildi helzt, að ein yfirsveitastjórn væri yfir öllu landinu, því þannig getur fyrst komið nokkur samkvæmni í stjórn á landinu í öllum sveitamálum, svo hún fari ekki sín í hverja stefnu með ályktanir sínar, eins og híngað til hefir, því miður, of opt átt sèr stað, að sín lög hafa viðgeingizt í hverju af þessum svo nefndu 3 sveitalegu konúngsríkjum í sveitamálefnum. Það hefir áður verið talað um, að alþíngi skyldi hafa þessa yfirstjórn, en það getur ekki átt við, meðan þíngið hefir ekki framkvæmdarvald og eiginlega á ekki að hafa það. Eg álít því ráðlegast, að fara ekki leingra í þetta skipti, en gefa bendíngar um undirstöðuatriðin og um sýslustjórnirnar. Að breytíngaratkvæðunum mun eg ekki halla mèr, nema ef þíngið fellst á seinni uppástúnguatriði nefndarinnar, þá er eg með viðaukaatkvæðinu tölul. 5., því ef aðstoðarmenn eru settir handa amtmönnunum, þá vil eg að þeir hafi atkvæðisrètt, því annars væri þeir þýðíngarlitlir, eg vil ekki segja þýðíngarlausir.

Páll Melsteð: Eg sagði um daginn við undirbúníngsumræðu þessa máls, að eg mundi gefa atkvæði mitt fyrir hinu 1. og 2. uppástúnguatriði, og það segi eg enn þá, og er eg á sama máli sem þíngmaður Rángvellínga; en svo vil eg ekki fara leingra. Eg segi nú sem fyr, að bæði efast eg mjög um það, að hvaða notum aðstoðarmenn þessir verða, sem ráðgjört er að setja við hlið amtmönnunum, en svo bætist þar við, að þá er eptir minni ætlan lögð enn

fastari undirstaða fyrir þrískiptíngu þeirri á Íslandi, sem eg álít því svo skaðlega, og móti henni vil eg spyrna. Mèr finnst Íslendíngum ætti að vera um það hugað, að sameina þá litlu krapta landsins í stað þess að sundra þeim, og láta allt slitna svona í sundur; mèr finnst reynsla þessara tíma sanna þetta, og því álít eg lánghaganlegast fyrir land vort, að fá eina aðalyfirstjórn, á einn stað hèr í landi. En eg ætla nú ekki að fara fleiri orðum um þetta, einúngis vildi eg láta þíngið vita, í hverja átt eg muni gefa atkvæði mitt.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg hafði nú aldrei gjört þetta viðaukaatkvæði, sem eg setti við 4. uppástúngu nefndarinnar, í því skyni, að það væri formlegt, og ekki heldur að það yrði lánglíft, því eg vildi feginn óska því til lukku, að fá sem fyrst að gánga til hinnar værustu hvíldar með sjálfri uppástúngunni, móður þess, sem það fæddist af; en samt sýnist mèr ekki það sama, og hinum háæruverðuga *framsögumanni,* að það þurfi að falla fyrir það, að kosníngaraðferð þess sè ógild, vegna kjósandafæðar, þar aldrei sè nema 6 eða 7 menn úr hverju amti á alþíngi; það þarf líklega ekki strángari kosníngarrètt til þessarar amtssetu, en til alþíngissetu, og ráða þar flest atkvæði, hvað fámenn sem kjörþíngin hafa verið; eg heyri sagt, að á kosníngarþíng hafi komið 3 menn og fulltrúinn fèkk 2 atkvæði og kosníngin var gild og formleg, og er það færra en 6 eða 7. *Framsögumaður* sagði líka, að það hefði engin mótmæli komið móti 2. uppástúngunni. Eg þóttist þó hafa hreift þar mótmælum, og eg hafði hugsað, að þíngmenn hefði líka heyrt þau af munni hins háttvirta 6. konúngkjörna þíngmanns; mèr heyrðist hann ekki nöldra þau ofan í barminn á sèr. Um 3. uppástúnguna tók eg það fram, að eg hèlt, að þessi aðstoðarembætti svöruðu aldrei til þess kostnaðar, sem til þeirra þyrfti að leggja, og þá batnar það nú ekki fyrir mèr, þar þeir eiga ekki að hafa neinn atkvæðisrètt, nefnilega, þeir eiga þá ekki að vera til neins gagns eða þýðíngar, nema til kostnaðaraukans.

Gísli Brynjúlfsson: Af því að eg er einn af nefndarmönnum í þessu máli, þá finn eg mèr skylt að tala fáein orð, og ætla eg þá einkum að snúa mèr að 3. uppástúnguatriði nefndarinnar. Verð eg þá að segja það, að ef menn álíta, að það geti orðið til að festa þrískiptínguna á landinu, eins og eg heyri af umræðunum, að sumir heldur eru á, þá er fjærri því, að eg vilji verja þetta atriði; með því eg líka get bætt því við, að nefndinni hefði varla í upphafi komið til hugar, að taka það með, hefði ei, eins og menn að líkind-

um muna, bænarskrá í þá áttina síðan verið vísað til hennar. En sá var þó aldrei tilgángur hennar, að styðja með uppástúngum sínum að því, að viðhalda hinni háskalegu þrískiptíngu á landinu, er nú um lángan tíma hefir valdið því, að menn varla geta sagt, að Ísland sè nú leingur til, nema að nafninu einu; því í raun og veru eru nú ekki leingur nema þrír landspartar eða ömt, er sitt í hverju lagi standa beinlínis undir stjórnarráðinu í Kaupmannahöfn, en eingin yfirstjórn er til í landinu sjálfu, nema í kirkna- og skólamálefnum. Og sýnir fjárkláðamálið meðal annars berlega, hversu skaðsamlegt þetta fyrirkomulag er, því þar hefir verið svo mikil tvístríng á aðgjörðunum til að útrýma kláðanum, að ekkert hefir að kalla orðið ágeingt, og það sýnir ljóslega, hvað mikil nauðsyn er á einni yfirstjórn. En þess utan verða menn og að gá að því, að amtmennirnir heyra í rauninni til yfirstjórnarinnar, en ekki til undirstjórnarinnar, svo það á í sjálfu sèr ekki sem bezt við, að fara að tala um þá, þegar um sveitastjórnina eina er að ræða; og ætla eg með því, sem sagt, ekki að hirða svo mjög um að verja hið 3. uppástúngu-atriðið, eða hafa nokkuð á móti því, að það falli; en þá er það því fremur sjálfsagt, að eg get enn síður fallizt á þau breytíngaratkvæði við þessa uppástúngu, sem hèr eru á atkvæðaskránni, og allrasízt þá á varauppástúnguna tölul. 10., því hún sýnist mèr beinlínis miða til að festa amtmennina sem mest hèr í landinu. Mèr finnst það yfir höfuð vera aðalatriðið í öllu sveitarstjórnarmálinu, og þá finnst mèr nefndin hafa nógsamlega leyst ætlunarverk sitt, ef hún heldur því fastlega fram, að það, sem vèr einkum þurfum á að halda, sè dugleg hreppa- og sýslustjórn; og því held eg einnig, að mest sè undir því komið, að þíngið mæli einkum fram með hreppa- og sýslunefndum við stjórnina, því eg er sannfærður um, að ef þær komast hèr á, þá muni með því vera lagður grundvöllurinn til þess, að sem flest megi komast í betra lag í sveitum og hèruðum. En um amtsráðin hefi eg einga von, eða þó að eins þá, að þau muni fyr eða síðar falla um sig sjálf, ef þau nokkurn tíma komast á, eins og ömtin, og verð eg þó að segja það stjórninni til afbötunar, að fyrir henni vakti í raun og veru rètt hugmynd, þar sem hún að eins stakk upp á tvenns konar nefndum í hèruðum; en hún villtist að eins í sjálfri tilhöguninni, af ókunnugleika á landinu, þar sem hún stakk upp á amtsráðum, en ei sýslunefndum. Það er auðsjáanlegt, að hún skildi vel, að það á hvergi við, eins og það heldur ekki er siður í nokkru landi, að sveitamál eigi að gánga nema um þrjú stig

hvert fyrir ofan annað, fyrst það, sem svara mundi til hreppanefnda hjá oss, þá sýslunefndirnar eða amtsráðin í Danmörku, og loksins til landsstjórnarinnar sjálfrar; en í því fór hún skakkt, að hún tók nokkurt tillit til amtaskiptíngarinnar hèr, sem bæði er úng og á eintómum misskilníngi byggð, en hljóp aptur alveg fram hjá sýslunum, sem þó eru hin einasta yfirskiptíng á landinu. Stjórnin sá það vel, þegar hún, sem við var að búast, einkum leit til tilhögunarinnar í Danmörk, að það átti hvergi við, að skjóta nýjum lið inn á milli sýslunefndanna og þess, sem hún er vön að kalla amtsráð; en hún gleymdi því, eða vissi það ekki, að hjá oss koma, ef rètt skal vera, sýslurnar í stað amta eður yfirskiptíngar í öðrum löndum, og sleppti því af ókunnugleika því eina, sem við átti hjá oss, en tók hitt upp, sem hvergi átti við. Þetta vil eg beinlínis taka fram, svo stjórnin sjái, að menn sè fúsir á að viðurkenna það, sem rètt var í tilgángi hennar, að hafa hèraðsnefndirnar ekki nema tvær, þó menn einnig glögglega sjái, hversu henni mistókst með sjálft fyrirkomulagið, eptir því, sem til hagar hèr í landi; því það er aldrei of greinilega tekið fram, að sýslurnar hjá oss, sem á flestum stöðum svara öldúngis til hinna fornu þínga, eru hin einasta rètta yfirskiptíng á þessu landi, sem náttúran eins og sjálf á flestum stöðum hefir gjört, og á hverju mundi vera eðlilegra að byggja slíka skiptíngu, en einmitt á henni? Einginn getur neitað því, að sýslurnar í raun og veru eiga mest samnefnt um öll sveitamál, og skal eg að eins taka eitt dæmi af vegaruðníngunum, sem rètt er að menn annist um í sameiníngu í hverri sýslu, svo það er sjálfsagt, að sýslunefndirnar einmitt mundi meðal annars eiga að hafa yfirumsjón með þeim; en hver getur sagt, að nokkur nauðsyn beri til þess, að helmíngurinn af Austfirðíngafjórðúngi og Norðlendíngafjórðúngur allur annist fremur um vegaruðnínga í sameiníngu, heldur en t. a. m. Sunnlendíngafjórðúngur og Norðlendíngafjórðúngur, eða þá landið allt? Eg verð yfir höfuð að segja það, að ein af hinum illu afleiðíngum af amtaskiptíngunni er sú, að menn hafa um of gleymt, hvað sýsluskiptíngin eiginlega er eða var, svo að bæði stjórnin og sumir menn hèr á landi setja hana nú jafnvel við hliðina á hèraðaskiptíngunni í Danmörk; en sjálf fjórðúngaskiptíngin í fornöld sýnir beinlínis, að menn skoðuðu þá ei þíngin á þenna hátt; því það er alkunnugt, að fjórðúnganna gætti þá varla, nema að nafninu til, eptir að menn voru búnir að setja eitt allsherjarþíng fyrir allt landið. Þegar hin fornu fjórðúngaþíng í upphafi voru sett, þá kom það þó ei af því, að menn í raun og

veru vildi margskipta yfirstjórn alls landsins, að því leyti, sem hún þá nokkurn tíma var til, en þau voru að eins sett til bráðabyrgðar, á meðan ekkert almennt þing var til fyrir allt landið; og sèst þetta bezt á því, að þau fèllu líka undir eins niður aptur, þegar almennt allsherjarþing var komið á við Öxará. Undir því stóðu síðan beinlínis hin fornu vorþing eða hèraðsþing, og eins ætti nú sýslur og sýslunefndir, er helzt mundi koma í stað vorþinganna, að standa beinlínis undir almennri landstjórn; og finnst mèr það þá aðalatriðið, að menn nú einkum bendi stjórninni á, hve nauðsynlegt oss er að fá hreppa- og sýslunefndir, svo þessu megi verða framgeingt.

H. G. Thordersen: Eg ætlaði að tala fáein orð í þessu máli, og vil eg þá heldur gjöra það fyr en seinna. Eg þakka hinum heiðraða þingmanni Skagfirðinga fyrir þá ræðu, er hann nú hèlt, því eg álít hana í alla staði rètta, þjóðlega og á góðum grundvelli byggða; eg vil, eins og hann, ekki nú gánga út í neitt einstaklegt; heldur vil eg kannast við, að eg tek öldúngis að mèr, það sem hann sagði, og mun eg greiða atkvæði mitt samkvæmt ræðu hans.

Jón Hjaltalín: Nú held eg við Íslendíngar ekki þurfum að óttast fyrir stjórnleysi; það ætlar loksins að verða einlæg stjórn allt saman; það er verið að tala um sveitastjórn, sýslustjórn, yfirstjórn, og eg veit ekki hvað mikið; stjórnararnir virðast nú að ætla að verða svo margir, að þeir hafi nóg með að stjórna sjálfum sèr. Mèr dettur í hug, það sem hinn mesti stjórnvitríngur þessarar aldar, Napóleon gamli, sagði: „þegar menn ætla að fara að stjórna með nefndum, þá er auðsèð, að enginn maður er til, sem kann að stjórna, og þá held eg sè betra, að menn viti hvar þeir eru, sum sè í helberu stjórnleysi". Það er verið að tala um grundvallarstjórn, sem eigi að byrja neðan frá á sveitarstjórnunum; en eg hefi aldrei heyrt, að lægsta stjórnin sè grundvallarstjórn, og þeir, sem tala um slíkan grundvöll, held eg hafi ekki mikla hugmynd um, hvað grundvallarstjórn er. Að minnsta kosti ættum við í þessu máli að vera vissir um, að við feingjum betra í staðinn, áður en við fleygjum því frá okkur, sem við höfum. Hreppstjórar vorir eru margir dugandismenn; en það er það versta, að þeir eru brúkaðir eins og húðarklárar, og vildi eg vel fallast á, að finna upp ráð til að komast hjá því. En að fara að stofna nefndir í sveitunum, held eg verði árángurslaust. Nefndastjórn á illa við alstaðar hèr á landi, bæði sökum strjálbyggðarinnar og vegaleingdarinnar; hún er einúngis til að eyða tíma manna til einkis; og menn vita þar hjá, hvað nefnd-

ir eru opt sundurlyndar, þær lenda allopt í rifrildi og ósamlyndi, sem hamlar öllum framkvæmdum og setur allt í bobba. Sama er að segja um sýslunefndir, þær eru örðugar, fyrirhafnarsamar og sundurlyndar. Eg vil því ekki fara leingra, en mæla með 1. uppástúngu nefndarinnar, því hitt sýnist mèr öldúngis talað út í loptið, og ef farið verður fram á það, held eg stjórninni litist ekki á blikuna.

Framsögumaður: Það kemur nú fram sama skoðun hjá hinum háttvirta 6. konúngkjörna þíngmanni, og við ungirbúníngsumræðuna; en eg hèlt, að hann mundi ekki fara fram á það aptur, og ætlaði því ekki að svara mótbárum hans, en nú finn eg mig knúðann til að gjöra það í fám orðum. Hann segir, að ekki sè vert að gjöra neitt við sveitarstjórnina, fyr en stjórnarskipunin sè komin í annað horf. Honum þykir það óeðlilegt, að leggja grundvöllinn að neðan, hann vill sum sè ekki láta stjórnina fæðast á fótunum, og það kann nú að vísu að vera *í sumu* eins gott, að höfuðið beri fyrst að. En hèr er það ekki svo. Eg held það sè til lítils, að setja hina æðstu stjórn, ef stjórnleysi er að neðan; það er víst betra, að góð stjórn sè fyrst á heimilum, þá í sveitum og í sýslunum, því þá verður hægra fyrir æðstu stjórnina að ráða, og gánga þannig að neðan upp eptir. Hann sagðist vera ánægður með stjórnina, sem nú er í hreppum, en kvartaði yfir, að hreppstjórarnir væri brúkaðir eins og húðarklárar. En til að hlífa þessum húðarklárum, ætlum við nú að hafa 2 eða 3 til reiðar, og hvað þykir þá hinum háttvirta þíngmanni að því, þó við höfum hestaskipti? Þar sem hann sagði, að við ættum að nálgast stjórnina, þá gjörir nefndin það, þar sem hún vill, að farið verði eptir grundvallarreglum alþíngis 1855. Hann segir, að sèr sè yfir höfuð að tala illa við nefndir; hann segir, að þær sè til að koma á óstjórn, og vitnaði það til einhvers hins mesta manns; þetta þykir mèr kátlegt af honum, sem gekk svo vel fram í að fá á hreppanefndir og sýslunefndir í kláðamálinu; hann vill víst sitja að þessum nefndum einsamall, svo það er líkt og sagan um 2 bræður, annar sagði: „þegi þú, Íngjaldur, lofaðu mèr að bölva"; en ef einhverjir aðrir vilja fá nefndir, þá eiga þær að leiða til óstjórnar.

Guðmundur Brandsson: Það er undarlegt, að hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður, jafnfrjálslyndur maður, skuli hafa svo mjög á móti hrreppastjórnarnefndum, og þó hann vitnaði til Napóleons, þá held eg það þýði lítið, því menn vita ekki, í hvaða stöðu hann var, þegar hann sagði það, sem hann minntist á; má ske hann hafi verið orðinn einvaldur keisari, og þá var það eðlilegt, þó hann

segði það, úr því hann vildi láta sem flesta lúta veldi sínu. Eg hefi heldur aldrei heyrt, að alþingi væri á móti, að nefndarstjórnir kæmist á, og því síður hefi eg heyrt þjóðina á móti því. Mèr þykir þetta vera í mótsögn við það, sem hann talaði í læknamálinu, þegar hann fann að því, að stjórnin hefði farið að eins mauns ráðum, án þess að ráðfæra sig við aðra, eða þá hafa ráð af honum sjálfum, sem kunnugustum málinu. Það er auðsèð af þingræðunum, að 1. og 2. uppástúnguatriði nefndarinnar vinna samþykki þingsins; en það er eins og menn keppist um að kveða upp dauðadóm yfir amtmanna-embættunum; en menn vita má ske ekki, hverju menn sleppa, fyr en ef þau yrði af tekin, og getur vel verið, að amtmennirnir verði góðir, þegar þeir eru farnir, og menn vildi þá gjarnan hafa þá aptur; það eru ekki orðnir enn svo góðir vegir hèr á landi, að allt af verði hægt að hlaupa til þessarar einu aðalyfirstjórnar, sem menn eru að tala um. Viðvíkjandi þessum 2 aðstoðarmönnum, sem margtalað hefir verið um, þá held eg, að amtmönnunum þætti vænt um að fá þá, því þeir fá svo mörg ónot fyrir aðgjörðir sínar, að þeim er það víst ekki of gott; og ef þjóðin kýs þessa aðstoðarmenn, þá getur hún kennt sjálfri sèr um, ef eitthvað kynni að misheppnast meir en áður.

Stefán Jónsson: Eg vona, að 1. og 2. uppástúngan fái full meðmæli þingsins, og því ætla eg að sleppa að tala um þær, en um hina 3. hefir nú margt verið rætt. Eg held, eptir því, sem eg hefi heyrt á umræðunum, að stjórnin verði litlu nær, þó hún sè látin standa, og held eg því rèttast, að sleppa henni, og lofa stjórninni að ráða, upp á hverju hún stingur, þegar hún sendir síðan frumvarp til þingsins, og þá er hægt að laga það. Eg er reyndar ekki eins fastur á því, að fá þessa einu yfirstjórn, eins og hinn háttvirti fulltrúi Snæfellssýslu; og þó hinn háttvirti fulltrúi frá Skagafjarðarsýslu segði, að prídeilíngin væri óholl, og tók til dæmis kláðamálið, þá er eg á gagnstæðri skoðun um kláðamálið; því það er ósagt, hvernig farið hefði, ef öll yfirstjórnin hefði verið á einum stað, og má ske þar sem hún er hæst í því máli. En eg ætla nú ekki að fara leingra út í það, því það kemur ekki þessu máli við. Eg ætla að gefa atkvæði mitt fyrir 1. og 2. uppástúngu nefndarinnar, en ekki fyrir 3. Eg er ekki á móti tölul. 10. og 11., ekki af því að eg viti til, að amtmennirnir hafi misbrúkað vald sitt yfir jafnaðarsjóðnum, en það væri gott, að stjórnin sjálf ekki skipi þeim að borga það, sem ekki eru lög fyrir, eins og þó hefir má ske átt sèr stað.

Konúngsfulltrúi: Eg skal fara nokkrum orðum um atkvæðaskrána í þessu máli. Hvað 1. uppástúnguatriði nefndarinnar snertir, þá hefi eg fyrir mitt leyti ekki á móti því, nema mèr þykir orðið „næsta“ of ákveðið, því það er óvíst, að stjórnin geti orðið búin fyrir næsta alþíngi með það frumvarp, sem innibindi í sèr alla sveitarstjórn hèr á landi, bæði landsins, ef sá vegur verður tekinn, og amtanna og sýslnanna og hreppanna. Móti uppástúngunni í tölulið 2. hefi eg ekki, því hún er ekki takmarkaðri en svo, að stjórnin hefir frjálsar hendur að taka það, er henni þykir bezt henta. Breytíngaratkvæðið nr. 3. er ekki annað en orðabreytíng til skýríngar, og viðaukatkvæðið nr. 4. er nákvæmari útskyríng þess, sem nefndin sjálfsagt hefir meint. Þar á mót get eg ekki fallizt á breytíngaratkvæði nr. 5, því hvorki álít eg, að aðrir sjóðir, en jafnaðarsjóðirnir eigi að borga aðstoðarmönnum, ef þeir verða settir, og ekkert er heldur í þessu breytíngaratkvæði ákveðið um þá tiltölu, eptir hverri hver sjóður á að taka þátt í kostnaðinum. Eg fyrir mitt leyti skal ei vera móti uppástúngunni undir tölulið 6.; því verði settir slíkir aðstoðarmenn amtmönnunum, þá lèttir það erfiði þeirra og ábyrgð þeirri, sem á þeim hvílir, og svo get eg að hverjum amtmanni muni finnast. En eg get á hinn bóginn ekki gefið þínginu neina von um, að stjórnin muni fallast á eða álíta það nauðsynlegt, að setja amtmönnunum þvílíka tilsjónarmenn, sem hèr er stúngið upp á, fyr en fullkomin sveitastjórn er kominn á. Eigi þessir aðstoðarmenn að hafa nokkra þýðíngu, virðist það nauðsynlegt, að þeir hafi atkvæðisrètt, eins og viðaukatkvæði í tölulið 7. fer fram á; en þar af leiðir þá aptur, að ef þessir 2 menn eru á einu máli, þá gildir amtmannsins atkvæði ekkert, ef hann er þeim mótfallinn, en bæði mun það þykja ísjárvert, og stjórnin mun heldur aldrei fallast á það; amtmaðurinn yrði því að hafa vald til að ónýta *(suspendere)* upp á eigin ábyrgð ályktanir aðstoðarmannanna, þángað til úrskurður stjórnarinnar er feinginn, þegar hann álítur þær annaðhvort lögum gagnstæðar, eða mótstríðandi almenníngsgagni. Nefndarinnar uppástúngu í tölulið 8., að alþíngi skuli kjósa þessa menn, get eg ei fallizt á, og enn þá síður uppástúnguna nr. 9.; því bæði er það, að amtsbúar eiga rètt á, að kjósa í þessu tilfelli, en ekki er sagt, að alþíngi kjósi þá eptir sömu grundvallarreglum, sem amtsbúarnir mundi hafa fylgt, og svo er hitt, að þessir menn geta dáið rètt eptir að alþíngi er slitið, og þá yrði amtmennirnir aðstoðarmannalausir, þángað til næsta alþíngi verður haldið. Uppástúngurnar undir tölulið 10. og 11. ætti þíngið

að fella, því þar sem í þeim er talað um, að ekki megi borga nema eptir lögum úr jafnaðarsjóðinum, þá er allt komið undir því, hvað menn skilja við lög; því ef menn skilja við lög einúngis það, sem nú kallast lög í straungum skilníngi, þau nefnilega, sem eru samþykkt af konúngi og ríkisdeginum, þá eru flestar útgjaldagreinir jafnaðarsjóðsins, sem ekki hafa við slík lög að styðjast; skilji menn líka við lög gamlar tilskipanir og konúngsbrèf, þá hafa mörg útgjöld jafnaðarsjóðsins heimild sína í slíkum lagaboðum; en þó eru mörg gjöld, sem einúngis hafa kansellibrèf, rentukammerbrèf og ráðherrabrèf að styðjast við, og eru þau full heimild fyrir slíkum gjöldum; því reglan er, að þau gjöld, sem nauðsynleg eru til opinberra þarfa og ekki eiga að greiðast af öðrum sjóðum, skuli greiðast af jafnaðarsjóðnum; það getur því opt við borið, að amtmenn geta verið í efa um, hvort einstök gjöld skuli greiðast af jafnaðarsjóðnum eða konúngssjóði, t. a. m. ferðakostnað embættismanna í vissum erindagjörðum; en í slíkum tilfellum leita amtmenn jafnan úrskurðar.

Framsögumaður: Það gladdi mig, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* var meðmæltur því af nefndaárlitinu, sem mest er í varið, tölul. 1. og 2. Hann taldi efa á því, hvort stjórnin mundi geta lagt það fyrir „næsta“ þíng, því hún mundi ekki vilja gjöra það, fyr en hún sæi, hvernig stjórn landsins færi; en stjórnin hefir þó híngað til ekki sett það í svo náið samband; því 1855 sendi hún frumvarp til sveitastjórnarlaga án hins, og í auglýsíngunni til alþíngis 1857 var ekki getið um, að það sè því máli neitt til fyrirstöðu, svo eg skil ekki í, að henni sökum þessa sè ómögulegt, að leggja frumvarpið fyrir næsta þíng. Þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* gat um, að það yrði vandræði fyrir amtmanninn, ef annar aðstoðarmannanna dæi á milli þínga, þá vil eg leyfa mèr að geta þess, að eg ætlaðist til, að það yrði nákvæmar tekið til í frumvarpinu, um að velja skyldi varaaðstoðarmenn, og þótti nefndinni ekki þurfa að fara leingra út í það. Að öðru leyti held eg það sè nokkur misskilníngur hjá þeim þíngmönnum, sem halda að 3. atriðið verði til þess, að halda amtmannaembættunum við, en það er ekki; því ef þau verða af tekin, þá er auðvitað, að það, sem stendur í sambandi við embætti þeirra, verður líka að falla; svo eg held það sè eingin ástæða til að fælast 3. atriðið þess vegna; en annað mál er það, hvert vert sè, að taka nokkur sèrleg atriði í yfirstjórninni fram; og er eg á þeirri meiníngu, að það sè eins rètt, að sleppa því nú. Það getur verið, að það þyki eðlilegra, að amtsbúar velji þessa menn, en mèr stendur

stuggur af þessum margbrotnu amtakosníngum, því það er heldur ekki gott að koma þeim við, þó það kunni að heppnast einu sinni; það er líka mikill kostnaður, að ferðast svo lángan veg. En eins og eg gat um áðan, þá er það misskilníngur hjá hinum heiðraða þíngmanni Mýramanna að halda, að amtadeili geti átt sèr stað á þínginu, því hèr verður að vera viss tala þíngmanna til staðar, ef fundurinn á að verða lögmætur eða nokkur ákvörðun tekin eptir alþíngistilskipuninni.

Indriði Gíslason: Hvað greinina undir tölulið 1. viðvíkur, þá mun eg gefa henni atkvæði mitt, og undir tölulið 2. líka; og þá eru nú breytíngar- og viðaukaatkvæði þíngmanns Reykvíkínga; þeim mun eg líka gefa atkvæði mitt báðum, og þar af leiðir þá, að eg get ekki fallizt á breytíngaratkvæði þíngmanns Barðstrendínga; en tölulið 6. og 7. mega nú allir geta nærri, að eg muni ekki hafa óbeit á, jafnvel þótt eg heldur vildi, að varauppástúnga mín næði heldur hylli þíngsins; en það hefi eg samt fastásett mèr, að hafa eingin ummæli um hana, eða halda henni neitt fram, því það er ekki nein þörf á því, þar sem eg er fullviss um það, að allir þíngmenn hljóta að vera henni meðmæltir, og þekkja hver nauðsyn er á, að takmarka þetta takmarkalausa vald yfir jafnaðarsjóðunum eptir því, sem ótal raddir hafa hrópað, sýnt og sannað; að eins bið eg þíngmenn að gæta þess, að varauppástúngan verður borin upp, hvort heldur sem fyrri hluti atkvæðaskráarinnar verður felldur eða studdur. Þíngmaður Skagfirðínga hafði móti henni vegna þess, að hann ekki vildi halda við valdi amtmannanna; eg get nú ekkert sèð á móti því, að lögákveðnar reglur sè fyrir gjörðum þeirra, á meðan embætti þeirra eru við lýði. Þíngmanni Eyfirðínga vil eg að eins svara fám orðum; þó skal eg stilla mig um að fara lángt; hann hældi mikið þessari fylkjastjórn og skýrskotaði til kláðamálsins; eg skal nú ekki lá honum það, þegar að einn skipaði að skera, annar að lækna, og þriðji allt og ekkert, eða þá lèt reka á reiðanum, eins og verkast vildi.

Benedikt Þórðarson: Því er nú líkt varið fyrir mèr, eins og fleirum þíngmönnum, að eg fúslega aðhyllist fyrsta uppástúnguatriði nefndarinnar og eins hið annað, og mun eg gefa atkvæði fyrir þeim. Mèr sýnist lítið vit í því, að biðja stjórnina um sveitastjórnarfrumvarp handa oss, og benda henni ekki á neitt, til þess að laga það eptir; en sú bendíng er í 2. atriðinu, en 3. og 4. atriðunum ekki, og tala eg því ekkert um breytíngar- og viðaukaatkvæðin, og at-

kvæði mitt hefði eg ekki minnzt á með einu orði, væri eg nú ekki neyddur til þess, með því að það hefir verið misskilið og meiníng mín í því færð afvega; eg veit nú ekki, hvernig það gat leitt nokkurn á þá stefnu; eg held þó að orðin: „er þeir hafa undir hendi“, sè ekki vandskilin; eg get ekki ætlað það, til dæmis að taka, að amtmaðurinn í vesturumdæminu meti sig hafa undir höndum sjóði hinna amtanna, sem honum koma ekkert við, sem hann hefur ekkert ómak fyrir, og af hverjum hann eingu getur miðlað; mig minnir, að hinn heiðraði *varaforseti* kvartaði ekkert um það, að sèr ekki skyldist atkvæðið; nokkuð var það, ef eg man rètt, þá fórust honum þau orð um það, að hann mundi heldur hallast að því, en hinum vara-atkvæðunum.

H. Kr. Friðriksson: Eg lèt það í ljósi við undirbúníngsumræðu þessa máls, að eg mundi gefa atkvæði mitt fyrir 1. uppástúnguatriði nefndarinnar, að herða á stjórninni, að leggja fyrir þíngið frumvarp til sveitastjórnarlaga, og þá jafnframt, að þíngið benti stjórninni á þann grundvöll, sem það vildi að stjórnin legði fyrir frumvarpinu, og því vil eg líka halda öðru atriðinu aptur að orðunum: „hvað stjórn“, o. s. frv., en svo finnst mèr ekki eiga að bæta meiru við, og vil eg því biðja hinn háttvirta *forseta* að skipta töluliðnum í tvennt, þegar til atkvæða kemur, og láta fyrri hlutann enda á „1855“, og leita atkvæða um hvern hlutann fyrir sig; því að eg vil láta stjórnina vera sjálfráða um, hvort hún tekur að eins í neðri deildunum eða í öllu tillit til grundvallarreglanna í álitsskjali þíngsins 1855. Um 3. uppástúnguatriði nefndarinnar er það að segja, að það lítur svo út, sem nefndin hafi verið í skák við þíngið, og ætlað að setja það í mát; en mèr finnst hún hafa linazt síðar, eptir því sem *framsögumanni* fórust orð, og hún hafi sèð, að hún var því nær sjálf orðin peðríísmát. Eg held líka, að það eigi alls ekki við, að til taka nokkuð um yfirstjórnina einmitt á sama þíngi, og verið er að biðja stjórnina um frumvarp til stjórnarfyrirkomulags, og held eg, að það sè að öllu leyti óþarfi, að takmarka hana í uppástúngunum, og held eg því, að bezt sè að sleppa 3. atriðinu; en ef það verður tekið, þá ætla eg breytíngaratkvæði mín ekki óþörf, enda hefir nefndin samþykkt það undir tölul. 3.; sömuleiðis sýndi hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ljóslega fram á, að það væri eigi óþarft, að bæta hinum 4. tölul. við, því það er eðlilegt, og eg sè ekkert á móti því, að hvert amt borgi kostnaðinn fyrir að stjórna þeim sjóðum, sem þar eru, án þess að skipta honum niður á ýmsa sjóði. Breytíngarat-

kvæðið undir tölul. 5. gjörir þetta allt svo margbrotið, auk þess, sem eigi er talað um, eptir hvaða tiltölu kostnaðinum skuli jafna niður á sjóðina. Hver er sú tiltala? Það er líka misskilníngur hjá þeim fáu, sem vilja mæla fram með 3. uppástúnguatriðinu, er þeir gjöra það sökum þess, að þeir vilja halda amtmannastjórninni, því mèr sýnist það liggja öldúngis fyrir utan málið, hvort amtmennirnir eigi að vera eða ekki; það á hèr ekki við, að hæla þeim eða lasta þá. Þíngmaðurinn frá Dalasýslu bar það upp á mig, að eg hefði hrósað amtastjórninni, en það er ekki satt; hann hefir víst meint það til þíngmannsins frá Eyjafjarðarsýslu; en mèr finnst það ekki eiga við, að hæla amtastjórninni á einum stað, en lasta hana á hinum; mèr finnast það óþarfaslettur, að vera að koma með það, að illa hefði farið, ef fylgt hefði verið alstaðar um landið atkvæði eins amtmannsins. Það eru nú 2 skoðanir um það, hvað heppilegast hafi verið í kláðamálinu, svo mèr þykir, að þess konar slettur hafi ekkert átt skylt við þetta mál. Þar sem hinn heiðraði þíngmaður frá Gullbríngusýslu sagði, að menn í málinu um bæjarstjórn á Akureyri hefði verið að biðja um, að allt yrði lagt undir amtmennina, og þannig viljað festa amtmannaembættin, þá er það hreinn misskilníngur; það verður þó að gjöra ráð fyrir amtmönnunum meðan þeir eru; en það er ekki þar með sagt, að menn haldi með amtmönnunum; enda er í niðurlagi ástæðnanna fyrir Akureyrarfrumvarpinu með berum orðum, að atkvæði amtmannsins verði feingið í hendur hinni æðri sveitastjórn, þegar hún kemst á. Það getur vel verið, að þegar stjórnin leggur frumvarp fyrir þíngið um yfirstjórn landsins, þá vilji hún halda amtmönnunum, annaðhvort með sama valdi og nú, eða þá allt öðru valdi, eða líka alls ekki hafa þá; en meðan stefna stjórnarinnar er óviss í því máli, og hún er að búa sig undir frumvarpið, þá þykir mèr ekki þörf á, að binda hendur þíngsins og stjórnarinnar við neina vissa stefnu. Þetta er ekki svo að skilja, að eg sè á móti, að aðstoðarmenn verði settir, ef amtmönnunum á að halda, en mèr þykir ekki tími til þess nú að taka það fram. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sýndi líka fram á, hvaða ókostir væri við kosníngar þessara manna o. fl., og svo eg ekki orðleingi þetta mál, þá ætla eg að enda ræðu mína, í þeirri von, að þíngmenn flasi ekki að, að gefa atkvæði sín fyrir 3. og 4. uppástúnguatriðum nefndarinnar.

Ásgeir Einarsson: Það er skaði, að hinn háttvirti þíngmaður Reykjavíkur skuli hafa misskilið þíngmanninn úr Dalasýslu; eg kalla

það skaða, því þjóðin borgar eins hinar óþörfu ræðurnar eins og hinar nytsamari. Eg ætla nú ekki að fara að tyggja upp það, sem er margtuggið í þessu máli, en gef samþykki mitt fyrir 1. og 2. tölul.; einúngis vil eg geta þess, að orðið „*næsta* þíng“ í tölul. 1. er verulegt atriði, og er mjög hæpið, að stjórnin geti komið því við. Mig furðaði á því, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skyldi mæla fram með tölul. 7. að nokkru leyti; en mèr finnst, að aðstoðarmennirnir verði þýðíngarlausir, ef þeir hafa ekki fullan atkvæðisrètt, og fannst mèr þyrfti að taka það fram, ef 3. uppástúnga nefndarinnar yrði samþykkt; en hann sagði, að það ætti ekki við að taka atriði það fram nú, og er eg á því líka.

Ólafur Jónsson: Mèr liggur nú við að segja um uppástúngu hins heiðraða þíngmanns úr Reykjavík, eins og maðurinn sagði, eptir að hann var búinn að brúka meðal, sem hann hafði feingið hjá lækni: „dálítið versnaði eg“; hann vill taka í burtu seinni partinn af öðru niðurlagsatriðinu; en það sjá allir, að það væri þá til að binda hendur stjórnarinnar enn meir, ef hún annars vildi fara nokkuð eptir tillögum þíngsins; því þá ætti hún að byggja á þeim grundvallarreglum, sem þíngið talaði um 1855, ekki einúngis hvað hreppa- og sýslustjórn áhrærir, heldur einnig í allri byggíngu þíngsins um hin síðustu úrslit málanna, og get eg ekki fallizt á þetta; eg vil því halda greininni óbreyttri, og fella ekkert aptan af henni.

Framsögumaður: Eg græddi þó það á ræðu hins háttvirta þíngmanns frá Reykjavík, að eg sá, að hann er allra-bezti skákmaður; hann hèlt að nefndin yrði mát; en það er undarlegt, að þar sem hann kallaði 3. og 4. uppástúnguatriðin „peð“, þá hèlt hann þyrfti svoddan skelfíng til að fella þau. Það eru undarleg forlög þessara atriða; það er eins og þau geti ekki fallið, þó nefndin vilji, því það koma nýjar og nýjar umræður, sem miða til að halda þeim við, og er það sannarlega öðruvísi, en að vana lætur. Eg get ekki verið mótfallinn því, sem hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga stakk upp á, að skipta 2. tölul. við atkvæðagreiðsluna, því eg þori að leggja það undir þíngið, og skil eg ekki í, að svo til tækist, að seinni hlutinn verði felldur, þó hann sè borinn upp sèr í lagi.

Brynjólfur Jónsson: Eg álít öldúngis óhæfilegt, að kljúfa tölul. 2. í sundur, því þá hefir stjórnin alveg lausar hendur, og getur tekið frumvarpið í hvaða átt, sem henni líkar, þegar ekki er til tekið, hverju þær grundvallarreglur eiga að viðvíkja, sem frumvarpið á að styðjast við. Sömuleiðis vil eg samþykkja, að beðið verði um, að

frumvarpið komi fyrir næsta þing, því eg veit af reynslu, að hreppstjórar ekki geta ráðið úr vandamálum, nè þora að framkvæma, án þess að taka sèr menn til ráðaneytis, og út af því hafa komið upp nokkurs konar hreppanefndir, án þess þær hafi verið byggðar á nokkrum vissum grundvelli. Þetta bendir á, að þörf sè á nýju fyrirkomulagi svo fljótt, sem verða mætti; sama er að segja um sýslunefndirnar, og svo upp eptir, og því vil eg ekki sleppa 3. uppástúnguatriðinu; því eins og eg álít, að einn maður ekki sè fær um að stjórna öllu, svo vel fari í einum hrepp, svo álít eg líka, að ef sýslunefndir eiga sèr stað, þá verði málefnum sýslunnar betur stjórnað, heldur en ef ei væri nema sýslumaðurinn einn; þessu samkvæmt álít eg nauðsynlegt, að hver amtmaður hefði sèr aðstoðarmenn, að minnsta kosti fyrst um sinn, þar til á yrði komið einni aðalyfirstjórn, sem gæti sameinað í sèr stjórn allra þriggja amtanna.

Magnús Andrèsson: Eg ætla að eins að gjöra grein fyrir, hvernig atkvæði mín muni falla; og er það sjálfsagt, að eg vil 1. og 2. atriðið, þó hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* talaði um, að frumvarpið mundi ekki geta komið fyrir næsta þing; þó held eg það ætti ekki að gjöra nein áhrif á þetta atriði, því stjórnin gjörir það ekki, nema hún geti. Sömuleiðis hneigist eg að 10. og 11. tölul., því mèr finnst ekkert að því, þó í bráðina verði einhver takmörk sett fyrir stjórn amtmanna yfir sjóðunum, því það er nú farið að tala svo margt um það; eg held það væri líka þægilegra, bæði fyrir amtmennina sjálfa og hina, sem tortryggja, úr því að tilfinníngin er farin að vakna svo hjá mönnum, til að vilja sjá, hvernig sjóðunum er varið. Eg er líka með tölul. 3. og 4.; en um tölul. 5. veit eg varla, hvað eg á að segja, því það er ekki getið um, hve margir sjóðir það sè, en síður um tiltöluna. Eg felli mig bezt við tölul. 4. í því efni; sömuleiðis gef eg atkvæði mitt með tölul. 6., en við tölul. 7. þykir mèr ísjárvert, að þeir 2 aðstoðarmenn hafi atkvæðisrètt, því þeir þurfa ekki að vera þýðíngarlausir fyrir það; þeir geta látið sitt álit koma fyrir almenníngs augu, og það er strax mikið í það varið; en ef þeir hafa atkvæðisrètt, þá verða amtmennirnir þýðíngarlausir, þeir verða þá minni hlutinn, og getur það gefið tilefni til óþægilegs frests á málefnunum; því amtmaðurinn mun þó leita liðs hjá æðra valdi. En um það, að ekki sè vert að fara nú þegar fram á þetta með aðstoðarmennina, því yfirstjórn sè í vændum, þá læt eg það svona vera; það er lángt síðan farið var að tala um það, og þó er ekki orðið af því enn þá; en hvort það er gott, eða gott ekki, að

amtmennirnir sè, eins og þingmaður Eyfirðinga fór fram á, þá er ekki víst, hvað bezt hefði orðið í fjárkláðamálinu, þó yfirstjórnin hefði verið ein, og það er illt, að svo mikill málfræðingur, sem þingmaðurinn frá Reykjavík er, skyldi kalla það slettu hjá þingmanni Eyfirðinga, sem hann talaði í þá stefnu; eg gat ekki tekið það svo.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þingmaðurinn frá Strandasýslu bað mig að skila því, að það hefði öldúngis ekki verið hans meiníng, að gefa atkvæði sitt fyrir 3. uppástúnguatriði nefndarinnar.

Forseti: Þar eð einginn tekur framar til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið. Vil eg þá biðja hina heiðruðu þingmenn að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði), samþykkt með 24 atkvæðum.
2. *Sama* (2. uppástúnguatriði):
   a) Að frumvarpið sè byggt á þeim grundvallarreglum, er teknar voru fram í álitsskjali alþíngis 1855, samþykkt með 20 atkvæðum gegn 5.
   b) Hvað stjórn sveitamálefna í hreppum og sýslum snertir, samþykkt með 19 atkvæðum gegn 5.
3. Breytíngaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar* samþykkt með 14 atkvæðum gegn 7.
4. Viðaukaatkvæði *H. Kr. Friðrikssonar* samþykkt með 13 atkvæðum gegn 7.
5. Breytíngaratkvæði *Benedikts Þórðarsonar* fallið með atkvæðagreiðslunni við tölul. 4.
6. *Nefndin* (3. uppástúnguatriði).

Þar eð óskað var nafnakalls, var það við haft, og fór það þannig fram:

já (sögðu):	nei (sögðu):
Brynjólfur Jónsson.	Páll Melsteð.
Arnljótur Ólafsson.	Ásgeir Einarsson.
Guðmundur Brandsson.	Benidikt Þórðarson.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum:	H. Kr. Friðriksson.
Magnús Andrèsson.	Halldór Jónsson.
Pètur Pètursson.	H. G. Thordersen.
Stefán Eiríksson.	Indriði Gíslason.
Sveinn Skúlason.	Jón Hjaltalín.
	Jón Sigurðsson frá Kaupmannah.
	Jón Sigurðsson frá Tandraseli.

(nei sögðu):
Ólafur Jónsson.
Páll Sigurðsson.
Stefán Jónsson.
Vilhjálmur Finsen.
Þórður Jónassen.

(Gísli Brynjúlfsson og Jón Pètursson greiddu ekki atkvæði). Þannig sögðu 8 já og 15 nei, og var þannig uppástúnguatriðið fellt með 15 atkvæðum gegn 8, og þar með aptur fallinn tölul. 3. og 4.

7. Viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar* fallið með atkvæðagreiðslunni við tölul. 6.
8. *Nefndin* (4. uppástúnguatriði) fallið við tölul. 6.
9. Viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Tandraseli, fallið við tölul. 6.
10. Varauppástúnga *Indriða Gíslasonar*:
    En fái stjórnin því ekki við komið, að leggja frumvarp til sveitastjórnarlaga fyrir næsta alþíngi, að þá samt verði lagt frumvarp fyrir næsta alþíngi, um það:
    a) Að vald amtmannanna yfir jafnaðarsjóðunum verði nákvæmar ákveðið, samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11.
    b) Að eigi sè lögð á þá önnur gjöld en þau, sem lög heimila, fellt með 12 atkvæðum gegn 8.
    c) Og að amtmönnum sè ákveðin takmörk sett um það, hve miklum gjöldum megi jafna árlega mestum niður á alþýðu, fallið með 11 atkvæðum gegn 6.
11. Varaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar*, fallið með atkvæðagreiðslunni við tölul. 10, *b* og *c*.
12. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá, samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? samþykkt með 21 atkvæði gegn 4.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá næst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu, *málið um stofnun búnaðarskóla á Íslandi. Framsögumaður* í málinu er hinn heiðraði þíngmaður úr Suður-Þíngeyjarsýslu. Atkvæðaskrá í málinu hefir verið prentuð, og eg vona, að þíngmenn hafi hana við hendina.

Atkvæðaskrá
í málinu *um stofnun búnaðarskóla.*

A. Uppástúnga *Guðmundar Brandssonar:*
Að máli þessu sè frestað fyrst um sinn.

B. 1. Viðauki *nefndarinnar:*

Að inn í 1. uppástúnguatriði (tölul· 3) á eptir orðið: „veiti“, verði bætt: „að gjöf“.

2. Viðauki *Benedikts Þórðarsonar:*

Að aptan við viðaukann tölul. 1 verði bætt: *„eða leigulaust“.*

3. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði):

Að hans hátign veiti sem allrafyrst eina jörð í hverju amti til búnaðarlegra menntunar hèr á landi.

4. *Sama* (2. uppástúnguatriði):

Að stjórnin hlutist til um það við amtmenn, að þeir velji jörðina, hver í sínu amti, og kveðji sèr til ráðaneytis í því 2 þjóðkjörna þíngmenn, og 2 jarðfróða menn.

5. *Sama* (3. uppástúnguatriði):

Að stjórnin hlutist til um það, að á þessum jörðum verði sem fyrst komið á fót búnaðarlegum menntastofnunum, sem bæði geti verið fyrirmynd í búnaði, jarðyrkju og kvikfjárrækt, og líka veitt hæfilega kennslu í þessum greinum.

6. Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar:*

Í stað 4. uppástúngu nefndarinnar:

Að allur kostnaður til skóla þessa verði greiddur úr ríkissjóðnum.

7. *Nefndin* (4. uppástúnguatriði):

Að því fè, sem þurfa þætti, til að koma stofnunum þessum í þetta horf, megi jafna á landsmenn þannig, að helmíngurinn hvíli á fasteign og helmíngurinn á tíundbæru lausafè.

8. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.)

Framsögumaður (*Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum): Eg þarf nú því síður að fara mörgum orðum um þetta mál, sem það var vandlega rætt við undirbúníngsumræðuna; helztu mótbárur, sem menn hafa komið fram með gegn því, eru það, að stofnanir þær, sem nefndin hefir stúngið upp á, hafi svo mikinn kostnað í för með sèr, og að það þess vegna sè óvinnandi verk, að koma skólanum á. Eg veit nú ekki, hvort mèr tekst að telja mönnum trú um, að svo sè ekki, og að sumir þíngmenn beri að óþörfu kvíðboga fyrir slíkum álögum. Um nauðsyn skólanna efast menn nú ekki, og því verð eg og ætla, að öllum landsmönnum mundi þykja æskilegt, að þeir kæmist á fót, og þeir mundi kunna því vel, þó það nú altènd þyrfti

að verja til þeirra dálitlu fè; það var nú greinilega fram tekið við undirbúningsumræðuna og sèst hvað ljósast af nefndarálitinu, að það er eingan veginn þessu þingi ætlað að segja, hvað miklu fè þyrfti að verja til þessara stofnana, heldur vildi nefndin einúngis, að þingið gjörði sitt til, að koma máli þessu í gáng, með því að útvega jarðirnar hjá stjórninni; því hún gat ekki verið í efa um, að þá mundi landsmenn taka við málinu og leggja til, það sem nauðsyn krefði stofnunum þessum til fullkomnunar. Það var tekið fram við fyrri umræðu málsins, og eg tek það upp aptur, að ef menn kæmist að þeirri niðurstöðu, að verja nokkru fè til að koma skólum á fót á jörðum þessum, þá er það fè lagt í sjóð, sem landsmenn eiga sjálfir, og sem mundi koma í góðar þarfir seinna meir. Eg skal þá snúa mèr að atkvæðaskránni, og þeim einstöku breytíngaratkvæðum, sem fram eru komin í málinu; og þá fyrst að breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Gullbríngusýslu undir stafl. A. Þar er farið fram á, að fresta málinu, en ekki sagt hvað leingi. Eg held nú, að undir þessu breytíngaratkvæði felist það, að fresta málinu til fulls og alls, eða með öðrum orðum, að fella það, og sè eg ekki, hvaða ávinníngur það er fyrir þingið og þjóðina; því þó svo kunni nú að standa á sumstaðar, að kríngumstæðurnar og efnaleysið hamli því, að stofnanir þessar komist í það horf, sem nefndin áleit nauðsynlegt, og sem æskilegt væri, að þær kæmist í, þá sè eg ekki, hvað mönnum getur þótt að því, að nú strax sè byrjað á, að leggja grundvöllinn til þeirrar byggíngar, sem allir þó viðurkenna að brýn nauðsyn beri til að upp komist, og þegar það þá, eins og eg tók fyr fram, á að vera undir almenníngs eigin vilja og kjörum komið, hvernig þessu er hagað, og hvað lángt farið er í þessu efni.

Nendin hefir tekið sèr það breytíngaratkvæði við 1. niðurlagsatriðið, að inn í það sè bætt orðinu „að gjöf", því það var tekið fram við undirbúníngsumræðuna, að það gjörði uppástúnguna ljósari; annars áleit nefndin, að það gæti ekki valdið misskilníngi, og væri enda samkvæmara almennum orðatiltækjum, þegar talað er um, að fá eitthvað úr almennum sjóði, að konúngur *veiti* það, en gefi ekki. Á viðaukaatkvæðið undir tölul. 2. gat nefndin ekki fallizt; því hún fær ekki betur sèð, en að ef það yrði tekið, þá sè raskað þeim grundvelli, sem nefndin vildi að lagður yrði til búnaðarlegrar menntunar hèr landi; það er svo sem auðvitað, að ef stjórnin ætti þessar jarðir sjálf og mætti taka þær aptur, hve nær sem henni sýndist, þá mundi enginn maður fást til, að leggja fè til þeirrar stofnunar, sem,

þegar minnst vonum varði, yrði kippt undan fótunum; þar sem það á hinn bóginn væri sú mesta hvöt fyrir landsmenn, að leggja *nokkuð* að sèr í þessu tilliti, þegar þeir sæi, að allt væri þeirra eigin eign, og undir þeirra frjálsu forræði. Eg tek það því upp aptur, að ef þetta viðaukaatkvæði verður samþykkt af þínginu, þá sè eg ekki, að við höfum stigið feti framar en áður, í tilliti til búnaðarlegrar menntunar hèr á landi.

Hvað breytíngaratkvæðið undir tölulið 6. áhrærir, þá kann nú mikið að tala fyrir því, að stjórnin greiði fè það, sem þarf til að koma skólanum á fót, úr ríkissjóðnum, meðan hún hefir ekki aðskilið fjárhag Íslands og Danmerkur, eins og líka nefndin hefir í ljósi látið í nefndarálitinu; en menn verða að gæta þess, að það er svo margt, sem við biðjum hana nú um í einu, að þess er varla að vænta, að hún veiti það allt; og þá veit eg ekki, hvað það er, sem okkur væri nær að greiða, og sem okkur ætti að vera kærara að greiða, en fè það, sem hèr ræðir um. Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um málið að sinni, fyr en eg heyri, hvað þíngmenn leggja til.

Benidikt Þórðarson: Framsögumaðurinn hefir nú skýrt og skorinort lýst banni yfir breytíngaratkvæði mínu undir tölulið 2. á atkvæðaskránni, og vona eg þíngmönnum hafi skilizt orð hans; en honum láðist eptir, góða manni, að geta þess, að hin heiðraða nefnd hefir tekið fyrri hlutann af atkvæði mínu og gjört hann að sínu atkvæði, því eg orðaði atkvæði mitt þannig: „að gjöf eða leigulaust“; hèr stendur því að eins aptari hluti atkvæðisins eptir, og hafi eg skilið *framsögumanninn* rètt, þá þykir honum sárlítið í hann varið, og vill ekki nýta hann; það getur líka verið að eg bjóði honum hann ekki, því hægt á eg með, að taka hann aptur, ef vill, svo hann velti ekki fyrir neinum. (*Pètur Pètursson:* Eg tek þá síðari hlutann að mèr). Eg vil nú samt gjöra þínginu grein fyrir því, hvers vegna eg setti hann í atkvæðið; eg gat ímyndað mèr, að svo kynni fara, að stjórninni litist bænarorðið „að gjöf“ heldur heimtufrekt svona fyrst í bráð, meðan hún sæi ekki, að þó hún færi að gefa jarðirnar, hvort og nær skólarnir yrði reistir á þeim, og mundi, ef til vildi, neita bæninni; þótti mèr því varlegra að við hafa nokkurn vara með orðunum „eða leigulaust“, og satt að segja þykir mèr líkara, að stjórnin mundi fljótt og vel fallast á það, að ljá jarðirnar undir skólana fyrir ekkert, en að hún gefi þær svona undir eins; það er gott, ef gjöfin fæst en ekki ætla eg að fagna henni fyrri, en hún er feingin.

Forseti: Það var satt, sem þíngmaðurinn úr Barðastrandasýslu

sagði, að í breytíngaratkvæði hans stóð „að gjöf“, en mèr þótti ó-þarft, að taka þessi orð upp aptur, þar sem nefndin sjálf kom milli funda með viðaukaatkvæðið í næsta tölulið á undan, þar sem tekið var inn í þessi sömu orð: „að gjöf“.

Stefán Eiríksson: Eg er enn á því, að skóli þessi muni hafa mikinn kostnað í för með sèr. Eg ætla að gánga inn á fyrsta uppástúnguatriði nefndarinnar, svo að það sè ekki til fyrirstöðu, að skóli þessi komist á í þeim ömtum, hvar nóg fè er til stofnunarinnar; en hvað tölul. 7. snertir, þá veit eg nú ekki, hvort það er rètt af þíngmönnum, að leggja álögur á kjósendur sína; eg get ekki annað en verið fastur á því, að þíngið eigi þó að fara varlega í, að leggja miklar álögur á menn út um landið, þegar maður ekki veit um neinn vilja landsbúa í því, nema frá 1 kjördæmi; því þó nefndin hafi gjört áætlun að eins um 1,000 rd. í hverju amti um skólann, þá held eg, að þessi áætlun sè nú ekki svo traust, að á henni megi reisa skóla; eg gæti miklu heldur trúað, að skóli þessi mundi geta kostað allt að 2,000 rd., þegar nú maður skoðar, að amtmenn og jarðfróðir menn eiga að ferðast um til að útvega jörðina; eg verð að játa það um mig, að eg er ekki fyrir þessar loptkastalabygg-íngar, sem koma hèr fram á þíngsalnum, nema því að eins, að eg viti hèr um bil vilja landsmanna.

Guðmundur Brandsson: Það hefir nú orðið fyrir hörðum dómi, breytíngaratkvæði mitt; en dómurinn, sem það fèkk, var ekki á rök-um byggður. Það var sagt, að eg með þessu vildi eyða málinu; en eg verð öldúngis að bera á móti því, þó eg vilji ekki hrapa að, að fá það fram núna strax; það getur heldur verið, að sumum, sem mæla með þessu, þyki eg vera of nærsýnn, og að þeir sjái leingra fram í veginn en eg. Eg get nú ekki sèð, að það sè neinn skaði, að fresta málinu; því að það er nú beðið um svo margt, sem mikinn kostnað þarf til að leggja, að stjórnin hlýtur að verða í vafa um, hvað hún eigi að veita; að því má gánga vísu, að hún muni neita einhverju, og get-ur hún heldur, því meira sem beðið er um, barið fèskorti við. Hinn heiðraði þíngmaður úr Austur-Skaptafellssýslu tók það fram, að eingin bendíng væri komin frá þjóðinni um, að þessi skóli verði stofnaður, og hún látin bera kostnaðinn; eg er nú á sama máli, að það er ekki vert, að leggja neinar nýjar álögur á landsmenn, sem menn ekki vita hvernig þeim er um; hin heiðraða nefnd minnti mig á, að taka mèr breytíngaratkvæðið, sem stendur undir tölulið 6., að það væri rèttast að taka kostnaðinn úr ríkissjóðnum, því það-an

væri hann rèttast goldinn, úr því Danir hefði fè það undir höndum, sem við ættum tilkall til, en sem þeir hèldi fyrir okkur; en af því eg er hræddur um, að þessi kostnaður fáist ekki, og ekki sè tiltækilegt, að leggja hann á landið, eins og nú er á statt eða lítur út fyrir, þá vil eg að málinu sè frestað. Eg er ekki á móti málinu þar fyrir, þegar kríngumstæðurnar verða því meðmæltar, en eg álít, að nógur tími sè enn fyrir höndum, til að hafa það áfram, þó það dragist í þetta sinn.

Framsögumaður: Það kann vel að vera, að eg hafi lagt of stránga þýðíngu í breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns, sem nú settist, en eg er samt hræddur um, að ef það feingi framgáng, þá mundi málið dragast of leingi. Menn hafa verið að tala um skattaálögu, og að þeir þættist einga heimild hafa frá kjósendum sínum, til að samþykkja slíkt; en eg veit ekki til þess, að hèr sè verið að ráðgjöra neinar skattaálögur í eiginlegum skilníngi. Skattar eru almennt álitnir að vera árleg og lögákveðin gjöld, en ekki fjártillag, sem greitt er eitt skipti fyrir öll, eins og hèr ræðir um. Vilji nú þessir heiðruðu þíngmenn, sem mest hafa talað hèr um, gjöra hreint fyrir sínum dyrum, og frelsa sálu sína og kjósanda sinna af þessum voða, þá er þeim bezt að spreita sig, þegar mál þetta kemur til umræðu á amtsfundum þeim, sem stúngið er upp á í nefndarálitinu, en verji ekki talsgáfu sinni til að spilla fyrir málinu, eður fella það hèr á þíngi.

H. G. Thordersen: Eg hefi nú ekki ætlað mèr að taka til máls í þessu máli, því eg bjóst við, að bændur mundi helzt verða til að ræða það, því að þeim liggur það næst, og eru vel færir til þess; en knúður af anda sjálfs mín stóð eg upp, til þess að mæla fáein orð um þenna skóla, því að hèr er að ræða um skóla. Eg hefi nú ávallt látið það í ljósi, að eg vilji hlynna að allri menntun, því mundi það þykja ósamkvæmni hjá mèr, að mæla móti þessum skóla; en til þess verð eg að svara, að það er munur á skólum; það er talað bæði um lagaskóla og læknaskóla hèr á þíngi; og það, sem mælir fram með þeim, er, að koma upp embættismönnum, og með slíkum skólum verð eg einkum að mæla; en þegar verið er að tala um búnaðarskóla, þá held eg, að heimiliskennsla í því tilliti, eins og hvar sem henni verður við komið, sè hin hollasta, og eg vil leyfa mèr að spyrja bændur, hvort svo sè ekki, eða er ekki ástæða að búast við nægri tilsögn í búnaði heima í sveitunum, þar sem góðir búmenn eru, einkum þar eð reynslan sýnir, að búnaðarháttum manna fer fram á seinni árum? Eg vil, að vèr varðveitum sóma heimil-

anna, en það er þeirra sómi, að únga fólkið sè vanið við vinnu; því iðjuleysis er upphaf allra hörmúnga, og því sè kennt að vinna með hagsýni. Þetta tala eg nú með mestu rósemi og af sannfæríngu minni, og hugur fylgir máli; það er hugmynd mín, að það sè eingin brýn nauðsyn að stofna þenna skóla, sízt í bráð, meðan eins lítur út, og nú gjörir. Eg vil því fallast á breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns úr Gullbríngusýslu, að málinu sè frestað. Þetta var nú það, sem eg ætlaði að segja; það var ekki meira, því að eg er ekki vanur, að halda lángar ræður.

Gísli Brynjúlfsson: Svo ásáttur sem eg yfirhöfuð verð að vera við hinn háæruverðuga þíngmann, er nú settist niður, um öll aðalatriðin í ræðu hans, og einkum um það, sem hann sagði um heimiliskennsluna hèr í landi, þá get eg þó ei annað sèð, enn að nokkur misskilníngur sè á hjá honum, þar sem hann beitti henni móti uppástúngum nefndarinnar. Eg er honum alveg samdóma um það, að skóla eiga menn ei að stofna, nema svo að eins, að kennsla í þeim greinum fáist hvergi annarstaðar, og eg er eins á því, að rètta búskaparaðferð alla læri menn bezt hver á sínu heimili hjá bændum, *úr því hún einu sinni er komin á,* en þetta hið síðasta atriði, að aðferðin sè komin á, er þá einnig mjög svo aríðandi, og því bið eg og hinn háæruverðuga 2. konúngkjörna þíngmann að gæta þess, að uppástúngur nefndarinnar miklu fremur miða að því, að jarðir fáist á ýmsum stöðum í landinu, sem orðið geti til fyrirmyndar um allan sveitabúskap, heldur en hinu, að stofna reglulega skóla, og vorum við því eins fúsir á, að kalla stofnanir þessar *kjörbú* eins og skóla. Eg skal nú víst vera manna fúsastur á að játa, að allt væri í sjálfu sèr miklu betra, ef menn gæti feingið einstaka menn í sveitum, er bæði hefði afl og vilja til að setja slík kjörbú á jörðum sjálfra sín og á eigin kostnað; því eg treysti æfinlega betur aðgjörðum einstakra dugandismanna í slíkum efnum, heldur en landstjórnanna; en því miður er nú ei, sem vèr allir vitum, þeim fögnuði að flasa, að við sem stendur eigum slíka menn í landi hèr, og eg get því ei sèð, að menn að svo stöddu hafi nokkur önnur úrræði en þau, sem nefndin hefir stúngið upp á. Eg held því og, að mótbárum hins háttvirta 2. konúngkjörna þíngmanns sè nógsamlega svarað á þenna hátt, og skaði getur heldur aldrei að því orðið, þó þíngið nú að minnsta kosti biðji konúng vorn um jarðirnar í þeim tilgángi, sem upp á er stúngið; en hinu öðru, sem haft hefir verið móti uppástúngum nefndarinnar, þarf eg ei að svara, þar sem *framsögumaður* þegar hefir

gjört það svo vel, og um sjálfan mig er það að öðru leyti sjálfsagt, að eg verð að vera þeim meðmæltur, þar sem eg var einn í nefndinni.

Jón Hjaltalín Það, sem menn verða fyrst og fremst að líta á, er það, hvort þessi skóli sè nauðsynlegur eða eigi; eg held nú, að einginn efist um, að hann sè nauðsynlegur, til að kenna mönnum það, sem til er ætlazt, og tel eg þá fyrsta jarðyrkjuna, sem miðar til að bæta jarðveginn, og sem mönnum er mjög ábótavant í. Menn eru svo fráleitlega ókunnir grundvallarreglum allrar jarðarræktar hèr á landi, að furðu gegnir; menn hafa nú í mörg hundruð ár allt af verið að rista og stínga upp jarðveginn, án þess mönnum detti það í hug, að við það er jarðvegurinn ár eptir ár, mannsaldur eptir mannsaldur, og öld eptir öld, allt af að gánga úr sèr, og eyðileggjast; því þó einstaka af þessum flögum grói, þá verða þau flestu að moldarflögum; moldin fýkur burt, og holt og grjót standa eptir. Þetta sýnir nú, hve vankunnandi menn eru í þessu tilliti. Hvað það snertir, að heimakennsla sè hentugust, þá get eg nú ekki fallizt á það; eg vil spyrja: hvernig á sá að kenna nokkuð, sem ekki hefir lært það sjálfur? það er eingin minnkun fyrir oss, að kannast við það, að vèr sèum skammt komnir í þessu efni; það hefir og verið sá tími fyrir hinum þjóðunum. Svíar hafa allt til þessa staðið á baki Dana og Þjóðverja; hvaða furða er það þá, þó vèr gjörum það? Það þyrfti ekki að standa fyrir, að menn mundi vanta til að kenna, því að menn mundi geta feingið menn hèr upp; eg þekki 2 menn, sem bera góða þekkíng á jarðarækt, og eru duglegir menn, sem hèr eru nú, og má segja um, að sè á áralausum bát. Því hefir verið hreift, að það væri sama, að leita til stjórnarinnar í þessu efni, og fella málið, en það get eg nú ekki ímyndað mèr, heldur mundi hún styðja að því, með því hún hlýtur að kannast við, að það sè landinu til bráðnauðsynlegrar uppbyggíngar. Enn hafa aðrir stúngið upp á, að fresta málinu; það sè eg nú ekki að sè vert eða rètt gjört; tíminn er mikilsvirði, og tíma þarf til bænheyrslu. Þegar þess konar skólar væri komnir, þá hefi eg beztu von um, að stjórn Dana eða aðrir góðir menn í Danmörku mundi styrkja oss, eins og hefir verið gjört annarstaðar. Það sem farið var fram á, að vèr mundum eingar þakkir fá hjá þjóðinni, þá ættum vèr ekki að láta það hræða oss; vèr ættum að vara oss á því, að þrælbinda oss ei um of við þann títtnefnda þjóðarvilja, heldur eigum vèr að fylgja sannfæríngu

vorri. Eg vil styðja að þessu máli, og gefa atkvæði með gjaldi úr ríkissjóðnum.

Pètur Pètursson: Nytsemi búnaðarskólans er nú bæði viðurkennd af þjóðinni og stjórninni, því að stjórnin hefir heitið að styrkja slíka stofnun, ef landsmenn gjörði nokkuð til að koma henni á. Eg get nú ekki betur sèð, en að þetta mál sè stigið einu feti leingra en áður, og sè á framfaravegi; því áður var talað um, að fá styrk af ríkissjóðnum, en nú vilja menn jafna kostnaðinum af þessum stofnunum á landsmenn.

Eg tók upp viðaukaatkvæðið undir tölulið 2, af því eg ímynda mèr betra að biðja um, að jarðirnar sè leigðar leigulaust, en veittar að gjöf, því ef ekkert skyldi verða úr neinu, þá getur stjórnin tekið þær undir sig aptur, ef þær eru leigðar; að öðru leyti skal eg láta það ósagt, að stjórnin hafi vald, að gefa jarðir burtu; af þessum ástæðum fèllst eg heldur á þetta viðaukaatkvæði, en viðauka nefndarinnar. Einn af hinum háttvirtu konúngkjörnu þíngmönnum tók fram mína meiníngu um tölulið 5. Eg held það þyrfti fè til þessarar stofnunar optar en í eitt skipti, því að henni mundi verða árleg útgipt samfara, og eins og nú stendur á efnahag manna, þá held eg að verði erfitt, að fá fè til þessarar stofnunar nú þegar, og því þyrfti, ef hún ætti að komast á bráðlega, að fá lán úr ríkissjóði, og það skilst mèr vera tilgángur breytíngaratkvæðisins undir tölulið 6., nefnilega, að kostnaðurinn verði greiddur úr ríkissjóði. Hvað tölulið 7. snertir, þá er eg nú, þegar er að tala um, að leggja þýngsli á þjóðina, ávallt hugdeigur sem konúngkjörinn; hinir þjóðkjörnu hafa frjálsari hendur í því tilliti, og geta forsvarað það fyrir kjósendum sínum, eins og hinir konúngkjörnu eiga að verja gjörðir sínar fyrir stjórninni.

Hvað nú það snertir að fresta málinu, þá gef eg, fyrir mitt leyti, ekki um það, ef annars væri kostur; en eg er hræddur um, að fátæktin leyfi ekki annað, nema, ef til vill, í norður- og austurumdæminu, og munu menn þó einnig þar hafa nóg við efni sín að gjöra.

Eg hefi ávallt haft þá skoðun, að hin vísindalega kennsla ekki sè eins mikilsverð og hin verklega, og það er margt, sem hefir styrkt mig í þessari skoðun. Það hafa margir verið sendir til Danmerkur til að læra jarðarækt, og hafa eingin not orðið að þessu fyrir landið; þeir hafa lært að þekkja jarðir í Danmörku, en þegar híngað er

komið, þá verður ekki neitt úr neinu, því að alla krapta vantar til framkvæmda; hið „*practiska*“ er hið verulega; það er gamall talsháttur, „að þeir, sem tali mest um búskap, sè verstir búmenn“, og eg held það sè opt satt.

Eg er nú viss um, að talsverðan kostnað leiddi af stofnun, eins og hèr ræðir um, í hverju amti; fyrst þarf að kaupa búið, sem þarf til að geta sett sig niður á jörðinni, og fæst ekki gott bú fyrir minna en 1,000 rd.; en sá, sem nú ætlar að vera öðrum til fyrirmyndar, þyrfti víst meira fè. Þingmenn geta nú skorið úr, hvort landsmönnum sè fært að bera kostnaðinn, sem af þessu leiðir, því að hann er ekki lítill. Eg vil að eitthvað sè gjört annað, en senda menn til útlanda, því að eg ber lítið traust til þess.

Konúngsfulltrúi: Það er hinu heiðraða þingi kunnugt af þeim ræðum, er eg hefi flutt hèr fyrri á þingum, að eg hefi verið meðmæltur því, að búnaðarskólar yrði stofnaðir hèr á landi, sinn í hverju amti, með líku fyrirkomulagi sem því, er hèr er stúngið upp á; og líka er það þingmönnum kunnugt, að stjórnin einnig hefir viljað hlynna að stofnun slíkra skóla, sem hèr ræðir um. Þar á mót hefi eg ekki verið meðmæltur því, að einn einasti búnaðarskóli, í stórum stýl, væri stofnaður hèr á landi, eins og nokkrir hafa farið fram á, og stjórnin hefir ekki heldur fallizt á þess konar tillögur. Eg er þess vegna eingan veginn mótfallinn, heldur meðmæltur því, að búnaðarskólar væri stofnaðir hèr á landi sinn í hverju amti í þeirri stefnu og með þeirri tilhögun, sem hèr er bent á. En samt sem áður er eg í efa um, hvort ekki mundi vera rèttast fyrir þingið, að fylgja þeim mönnum, er ráðið hafa til að fresta þessu máleíni kringumstæðanna vegna í þetta sinn. Það liggur í augum uppi, að bæði þarf töluvert fè til þess, að stofna slíka skóla í fyrstunni, og líka þurfa þeir ekki alllitlar árlegar tekjur, ef í þeim ætti fram að fara slík kennsla í búnaðarfræði, sem að nokkru gagni ætti að vera; og þegar nú má gánga úr skugga um það, að slíkt fè ekki muni fást úr ríkissjóðnum, þá liggur ekki annað fyrir, en, eins og hèr hefir verið stúngið upp á, að jafna kostnaðinum niður á landsmenn. En hvort það sè ekki ísjárvert, að stínga upp á því, að slíkur kostnaður verði á þá lagður í þeirri nú yfirgeysandi harðinda- og bágindatíð, það vil eg yfirláta hinum heiðruðu þingmönnum að dæma um. Það kann að sönnu í sjálfu sèr að vera ekki svo illa tilfallið, að helmíngur kostnaðarins leggist á fasteign og helmíngurinn á lausafè, en það er þá aptur óákveðið, hvernig gjöld þessi skuli greiðast af fast-

eignunum, hvort heldur af hundraðatali þeirra, eður af afgjaldinu. Eg vildi heldur ráða þínginu til, að biðja stjórnina um jörð „leigulaust“, heldur en „að gjöf“. Þetta síðara kynni að verða málinu til fyrirstöðu, því eg tel það óvíst, hvort stjórnin muni verða fús á, undir nærverandi kríngumstæðum, að afhenda opinberar jarðir, og eg vil í því tilliti vísa til hinnar konúnglegu auglýsíngar til þessa árs alþíngis II, 11. Það er að sönnu satt, að kríngumstæðurnar í þessu máli færa það með sèr, að stofnun skólanna verður að dragast jafnvel um nokkur ár, þángað til bæði er búið að útvelja jarðirnar, er skólarnir ætti að stofnast á, og útvega þá menn, er hæfir væri til að veita þeim forstöðu, og kenna þar búnaðarfræði.

Páll Sigurðsson: Eg hefi velt fyrir mèr bæði stefnu málsins og ástæðum landsins nú, og hefir mèr einnig virzt það á ljósum rökum byggt, sem *konúngsfulltrúi* og eins þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu hafa sagt, að það sè áhorfsmál, að stofna skóla þenna nú; en samt verð eg að halla mèr að nefndarálitinu; því þó Sunnlendíngar sè ekki, eins og nú á stendur, færir um að stofna þenna skóla hjá sèr, vil eg samt ekki, að það sè því til fyrirstöðu, að stofnun þessi komist á í hinum ömtunum, og geta menn líka vonað, að um það mál þetta er komið í gáng, verði einhver breytíng á komin. Hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, að heimakennslan væri hin hollasta kennsla. Ef hún verður að gagni, þá vaknar búnaðarlífið og búnaðarmenntunin, og þá sjá menn bezt. hvað menn vantar, og það er einmitt hvöt fyrir menn til þess, að reyna að komast leingra áfram. Eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, mun það ekki vera til neins, að biðja um fè til skóla þessara úr ríkissjóðnum, því þó eg haldi, að hann eigi að kosta skóla þá, hvar embættismennirnir fá menntun sína, þá munum við bændurnir mega kosta menntun okkar sjálfir, og vil eg í öllu halda mèr til nefndarálitsins, en vil að eins gjöra litla athugasemd til *forseta* viðvíkjandi 7. tölulið, hvort ekki megi bera hann upp í tvennu lagi; því mèr þykir það of ákveðið, að jafna skuli að hálfu niður á fasteign og lausafè, ef stjórnin gjörir nokkurn róm að því, sem nefndin stefnir að; ef þíngið samþykkir það, þá væri undirstaðan feingin, og þá gæti menn kann ske séð fleiri ráð, til þess að koma þessu sem bezt fyrir, og gæti menn má ske jafnað því niður á fleiri stofna, svo að það yrði léttara. Menn hafa sagt, að þeir, sem hafa lært jarðyrkju, hafi lítið gjört á eptir, en bæði hefir það verið þeim til fyrirstöðu, að þeir ekki hafa átt neina jörð, til þess að beita þekkíngu sinni á, og eins hafa þeir verið

fèlausir, en fèleysið dregur dug og kjark úr mönnum til framkvæmda; ef þessar stofnanir hefði verið komnar á fót, þá hefði þeir strax farið þángað, og hefði þeir þá með kunnáttu sinni styrkt skólann með verkatilsögn og fleiru, og feingið þar vinnukaup. Að öðru leyti ætla eg að fylgja nefndinni í þessu máli.

Sveinn Skúlason: Eg talaði ekki við undirbúníngsumræðu þessa máls, og því vildi eg nú tala fátt eitt, fyrst að eg var í nefndinni. Eg þarf ekki að tala með þessu máli, þar flestir þíngmenn munu vera á því, að stofna þessa skóla. Hinn 1. og hinn 2. konúngkjörni þíngmaður hafa mælt á móti stofnunum þessum, en sumir aðrir hafa viljað fresta þeim. Hinn 2. konúngkjörni þíngmaður prèdikaði nú mikið um það, hvað heimakennslan væri góð; en eg get þó sagt honum, að hún er í þessu efni eingan veginn nægileg; því þó menn upp alist á smábýlum, þar sem búskapurinn fer í litlu lagi, geta menn ekki þar lært hina beztu búmennsku; það segir sig sjálft; betur kann það að takast hjá fyrirtaksbændum; en það verður meiri kostnaður að læra hjá þeim, þegar að eins fáir geta verið hjá þeim, heldur en þegar fleiri geta verið saman að læra hjá einum. Eg get ekki sèð, að það sè ástæða fyrir því, sem hinn 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, að þessir lærisveinar í búnaðarskólum ætti ekki að þurfa að borga neitt með sèr. Eg er þó viss um, að góð kennsla í búnaðarfræði verður miklu arðmeiri búmannsefninu, heldur en flestar handiðnir verða handiðnamanninum hèr á landi, og þó verður hann að borga mikið með sèr, áður en hann getur feingið hið svo kallaða *sveinsbrèf*, sem opt kemur honum að litlum notum, öðrum en þeim, að hann — það sem menn kalla — kemst á frakka. Eingin kennsla borgar sig heldur betur en búnaðarkennslan; því bændurnir eiga að bera embættismennina og launa þeim, og því er ekki nóg, að menn hafi embættismannaskóla, heldur verða menn einnig að hafa búnaðarskóla, svo bændur geti lært að búa svo vel, að þeir geti borgað embættismönnum sínum, og risið undir öllum álögum. Hinum 3. konúngkjörna þíngmanni þótti 2. töluliður óþarfur, og sè eg þá ekki annað, en að það sè sjálfsagt, að hann vilji, að menn biðji um jarðirnar gefins; en eg held það sè nóg, að biðja um, að þær veitist. Eg gjöri ráð fyrir, að hvert amt verði að leggja fè til handa áhöldum til jarðarræktar, og til þess að bæta jarðirnar; en eg held ekki þurfi, að leggja mikið fè til nema fyrst, því þegar jörðin batnar við jarðabæturnar, þá getur stjórn skólans feingið auknar tekjur sínar, þó höfuðstóllinn sè ekki meiri, en svo sem 3,000 rd.

í upphafi. Nefndin gjörði eigi ráð fyrir, að árleg gjöld mundi þurfa, víst ekki svo þau væri til muna, og skyldi forstöðumaður skólans ekki hafa nógan hag af því, að hafa eignir skólans undir hendi, þá þyrfti að bæta litlu við hann, er væri jafnað niður á ömtin. Eg veit, að áhugi Norðlendínga er svo mikill á þessu máli, að ef þeir að eins feingi þetta leyfi, til þess að stofna þenna skóla, og hentuga jörð gefins, þá mundi þeir verða fúsir á, að taka nærri sèr, til að gjalda kostnað þenna, og þori eg að ábyrgjast tillögur mínar í þessu máli fyrir mínu kjördæmi. *Konúngsfulltrúi* taldi tormerki á þessu vegna fátæktar landsins, og svo af því, að menn vantaði menn, er gæti kennt. Það kann nú að vera sumstaðar, en þá vantar þó ekki alstaðar; við höfum í Norðurlandi efnilegan mann, svo að okkur vantar hann ekki. Því hefir verið hreift, að þeir, sem siglt hafa til að læra búnaðarfræði, hafi opt ekki orðið að gagni; en það kemur af því, að stjórnin, sem reyndar hjálpaði þeim, til þess að vera um hríð í vinnumennsku út á landi í Danmörku, hefir allt of lítið styrkt þá, þegar þeir voru komnir híngað heim aptur. Hvað reglugjörð fyrir þessa skóla snertir, þá hugsaði nefndin sèr, að hana mætti semja seinna, þegar þetta leyfi væri feingið, en hún sá sèr ekki fært, að gjöra nú frumvarp til hennar.

Arnljótur Ólafsson: Eg þarf nú ekki að verja nefndarálitið, þar eð hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók svo vel undir það; en eg vil að eins skýra nokkur atriði. Eg held það sè einhver misskilníngur hjá hinum 1. og 2. konúngkjörna þíngmanni; en misskilníngurinn kann að vera að nokkru leyti nefndinni að kenna, og komi af því, hvernig hún hugsaði sèr veg málsins; því hún setti ekki í niðurlagsatriðin allt það, er hún tók fram í nefndarálitinu, af því hún hèlt, að málið hèr eptir ætti að gánga umboðslegan veg; hún ætlaði, að málið skyldi gánga nú fyrst til konúngs; stjórnin skrifaði síðan hverjum amtmanni um málið, og fæli honum á hendur, að velja hentuga jörð, og þegar hún nú væri feingin, og amtmaður ætlaði, að koma mætti á skólanum vegna kostnaðarins. Nú er stjórnin hefir samþykkt þetta, þá kveddi amtmaður til sín hina þjóðkjörnu þíngmenn, og ráðgaðist við þá um stofnun skólans, og skrifaði að því búnu stjórninni til, að hann áliti, að nú gæti skólinn komizt á fót, og þá yrði jörðin útlögð. Nefndin gjörði einnig ráð fyrir, að amtmaður, eður þá amtsráðið, er það er á komið, yrði yfirstjórn skólans, og að það ásamt með hinum þjóðkjörnu mönnum og tveim jarðfróðum mönnum semdi reglugjörð fyrir hann. Þannig álitum vèr,

að málið mundi gánga liðlegast, og vildum því einúngis taka það fram í niðurlagsatriðunum, sem nauðsynlega varð að heyra undir alþíngi, og það var þá bænin um, að skólarnir feingist, og hvernig álögur þær, er stofnun þeirra fylgir, skyldi leggjast á landið, ef alþíngi bæði eigi um, að þessi kostnaður yrði fyrst um sinn greiddur úr ríkissjóðnum. Eg sè ekki, að málinu þurfi að fresta, því bæði er fresturinn kominn undir högum hvers umdæmis fyrir sig, og svo er hinn umboðslegi vegur sjaldan svo greiðfær og fljótfarinn, að þörf sè á, að fresta málum, sem veg þenna eiga að gánga. Ekki get eg verið með því, að beðið sè um, að jarðirnar veitist einúngis leigulaust, því þá er fótunum kippt undan stofnuninni, ef búnaðarskólinn ekki á jörðina; þá er unnið öðrum í hag, því mestallur kostnaður skólans er jarðabóta- og jarðræktarkostnaður, sem leggst saman við verð jarðarinnar, og jarðabæturnar verða æfinlega meira virði, en svari landskuld jarðarinnar. Menn hafa sagt, að kostnaðurinn við skóla þenna verði árlegur, og er það satt, að hann verður það í fyrstunni. En kostnaði þessum er þó eigi svo varið, að hann þurfi að vaxa mönnum í augum, því menn verða að sníða sèr stakk eptir vexti; ef menn sjá sèr fært, að koma skólanum á með litlum kostnaði, þá geta menn gjört það eptir uppástúngum nefndarinnar, og ef menn sjá sèr fært, að koma honum á með miklum kostnaði, þá mega menn líka það. Vèr nefndarmenn vildum bæði, að stofnun skólanna væri komin undir kjörum amtanna, og líka, að skólarnir væri þjóðlegir, og þess vegna vildum vèr, að amtmenn skyldi kveðja sèr til ráðaneytis 2 jarðfróða menn og hina þjóðkjörnu þíngmenn í umdæmum sínum. Vèr höfum ekki lagt neinn kostnað á land allt, heldur eiga hinir þjóðkjörnu menn að gjöra það. En um það, hvort konúngur megi gefa jarðir til þessara skóla, þá sè eg ekkert móti því, þegar alþíngi mælist til þess, og er eg í þessari grein öldúngis samþykkur hinum háttvirta *konúngsfulltrúa*. Það hefir verið talað um það, að 4 uppástúnga nefndarinnar undir tölulið 7. sè of ákveðin, þar sem hún segir, að helmíngur kostnaðarins skuli hvíla á fasteign, og hinn helmíngurinn á lausafè; en af því svo hefir áður geingið, að allar tillögur hafa verið lagðar á lausafèð eingaungu, þá vildum vèr ekki, að á því skyldi vera þýngt, nema sem minnst. En hvort fè þetta skyldi taka eptir gamla eða nýja matinu, lèt nefndin liggja milli hluta, en áleit sjálfsagt, að það yrði tekið eptir nýja matinu, þegar það yrði löggilt. Þess vegna er eg á móti breytíngar- og viðaukaatkvæðunum, af því þau eru byggð á misskilníngi, sem kann

að vera nefndinni að kenna, en sem eg vona, að nú hafi orðið ljósari fyrir hinum háttvirtu þingmönnum.

Stefán Jónsson: Þegar mál þetta var síðast rætt, komu fljótt mótbárur móti því, svo eg var hræddur um, að það mundi verða fellt, en mèr er um að gjöra að styðja það; það er vorkun, þó borinn sè fyrir kostnaðurinn, og er það satt, að mikið er í þessa mótbáru varið, en þó ekki svo mikið, að eg vildi, að máli þessu yrði frestað, eða það væri fellt; þess vegna ráðgjörði eg það breytíngaratkvæði, að skólarnir yrði stofnaðir af búnaðarsjóðum amtanna að nokkru leyti; en seinna varð mèr ljóst, að skólarnir mundi þurfa árlegan styrk, og þá þótti mèr meiri nauðsyn á, að hafa þessa sjóði til þess, að geta gripið til þeirra, til þess að styrkja fátæka og efnilega únglínga í skólunum með rentum sjóðanna; þess vegna fèll eg aptur frá breytíngaratkvæði mínu; allir viðurkenna, að nauðsyn sè á þessum skólum, og þó mótbárur hafi komið móti þeim, þá eru þær ekki allar sannfærandi; einginn neitar því, að bændur geti kennt sjálfir sonum sínum marga vinnu, en þó ekki allt, sem þarf til jarðyrkju; því eins mætti segja, að embættismenn, sem eru vel að sèr, gæti sjálfir kennt sonum sínum, og þyrfti ekki að senda þá í skóla; en þeir senda þá samt í skóla, ekki af því, að þeir ekki sè nógu vel að sèr, til að kenna þeim, heldur vegna kríngumstæðanna, og líkt mun standa á fyrir bændum. Það hefir verið talað um hèr á þíngi, að innlendur laga- og læknaskóli væri hollari fyrir landið, en hin útlenda kennsla; en eg held eins megi segja og öllu heldur um búnaðarskólann, að kennsla sú, sem í honum feingist, mundi verða hollari fyrir landið, en sú kennsla, sem menn verða að sækja í önnur lönd, vegna þess, að svo margt er frábrugðið hèr á landi. Það hafa verið sýndar orsakirnar til þess, að ekki hafi orðið not að þeim, sem lært hafa í útlöndum, og sýnt, að það hafi verið fátækt og kraptleysi, er hindraði þá í framkvæmdum þeirra, og þess vegna vilja menn nú með þessu reyna til að bæta úr því, og koma fótum undir kennslu í búnaðinum.

Indriði Gíslason: Eg stend nú upp glaður í lund og í góðri von um það, að allir ættjarðarvinir hèr á þíngi muni taka vel undir þetta mál, það málið, sem með sanni má kalla hyrníngarstein í byggíngu allra vorra framfara. Um niðurlagsatriði nefndarálitsins ætla eg nú ekkert að tala, þar eg gjörði það við undirbúníngsumræðu þessa máls. En að eins vil eg svara fáeinum mótbárum, sem hèr hafa komið fram. Og er það þá fyrst uppástúnga og breytíngaratkvæði

þingmanns Gullbringusýslu; það var mikið, að hann skyldi ekki gjöra eitt úr báðum, og orða svo á þá leið, „að beðið sè um, að öllum búnaðarframförum okkar Íslendínga sè sem leingst frestað“; slíkt er heldur sorglegt af bónda; það hefði ekkert verið, hefði það komið úr hörðustu átt. Þingmaður Austur-Skaptfellínga vill nú láta jarðfróða menn fara í jarðaleit; eg held það sè nú ærið merki til þess að efast um, að jarðyrkja sè hèr möguleg; þá hèlt nú hinn 2. konúngkjörni þingmaður ekki smáræðu móti þessu, en einúngis hefði henni verið hælandi að því, að hún hefði átt vel við, hefði hún verið á tíð Ólafs biskups Rögnvaldssonar og Gottskálks grimma; má ske það hafi vakað fyrir honum, að búnaðarskóla mundi ekki þurfa, því embættismenn landsins fullnægðu augnamiði opins brèfs af 29. marz 1836; hinn 3. konúngkjörni þingmaður talaði nú eins og honum er lagið, bæði varlega og lipurlega, og taldi sèr sem konúngkjörnum ekki hæfa, að hvetja til þess, að auka álögur á landsmenn; það er nú líka mjög eðlilegt, að konúngkjörnir menn gjöri sèr dælla við ríkissjóðinn, en fè bænda. Sumir kalla þetta þúngan skatt, en eg held þvert á móti, það lèttir af, ekki einu sinni tvöföldum, heldur margföldum skatti letinnar og framtakaleysisins; fáist jörðin eða jarðirnar, þá er mikið feingið; þá kemur hin verklega kennsla, sem svo mikið meir vantar, en hina bóklegu; þá kemur og viljinn, sem eg alls ekki efa, þegar gagnið kemur í ljós, og er viljinn án efa betri, en auðurinn viljalaus; það er illa gjört, að geta þess til bænda, að þeir tími ekki að kosta það, sem þeir sjá gagnsvon að; ekki þekki eg það til bænda á Vesturlandi, það er þvert á móti; það eru mjög margir bændur svo, að þeir unna hverju því orði, er þeir geta heyrt til þess, er þeir geti bætt búnað sinn með.

Ekki get eg vanþakkað stjórninni það, sem hún hefir þó látið af hendi rakna í þeim efnum; það hefir unnizt ver að því, af því fyrst hefir kennslan verið útlend, og svo þegar piltar þeir, sem hafa siglt, hafa hingað komið, þá hefir hèr eingin stofnun sú verið, er þeir gæti hallað sèr að, og eingin staður í neinu; eg held mèr beri líka að geta þess, að eg hefi feingið verulegan og mikinn styrk, hvort sem það hefir verið að þakka landbústjórnarfèlaginu eða föðurlandsást og framtakssemi hins háttvirta *konúngsfulltrúa*, sem hèrna situr; eg vil nú heldur láta orða uppástúnguatriðið „að gjöf“, en „leigulaust“, því betri er eign en umboð.

Forseti: Eg vil geta þess, að hinn 6. konúngkjörni þingmaður er geinginn burt af þingi sökum forfalla, er kölluðu hann burtu.

Magnús Andrèsson: Hinir heiðruðu meðnefndarmenn mínir hafa tekið allt það fram, er þurfti, til þess að mæla mót mótbárum þeim, sem fram hafa komið, og sem ekki eru miklar; það gladdi mig, að hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, að búskapurinn væri í góðu lagi hjá oss, en eg hefi ekki getað sannfærzt um það af reynslunni. Það kann að vera, að eitt eða tvö heimili sè í hverri sveit, sem læra megi búskap af, en flest heimili munu vera svo, að ekki er mikið af þeim að læra, og þess vegna er eigi vanþörf á, að leita framfara í þessu efni. Um það, sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, vil eg ekki tala; það er búið að því; en eg átti sízt von á því, að fyrirtaksbóndi mundi mæla mót þessu máli; en að fá fè til þessarar stofnunar úr ríkissjóðnum, er eg hræddur um, að muni verða henni til fyrirstöðu, því að ekki fæst fè úr honum til þess, sem líklegra er, það er orðin reynsla fyrir því. Sami þíngmaður finnur það til, að beðið sè um svo margt; það er satt; en hann vill þó, að beðið sè um fè úr ríkissjóðnum, og sýnist mèr hann þá vilja, að höggvið sè ofan í sama farið; að fresta málinu, þykir mèr eigi á rökum byggt, eins og eg gat um við undirbúníngsumræðu málsins. Við vitum af reynslunni, að málefnin fljúga ekki á vængjum vindanna hjá oss. Það getur liðið nokkuð, þángað til allt er komið í kríng, og því þykir mèr næsta óhyggilegt, að fella málið nú. Eg get ekki skilið það, að stjórnin sè ekki fær um, að veita jörð að gjöf, því þegar þíngið biður um það, þá er það sama og samþykki þíngsins. Vèr biðjum ekki heldur konúng um, að taka þetta úr sjálfs síns lófa, heldur af landsins eign. Þetta verður að liði, ef jörðin fæst að gjöf; en það er mjög hæpið, að þjóðin annars vilji byrja á þessu, ef hún að eins fær jörðina að leigu; en áður en geingið er til atkvæða, vil eg biðja þíngmenn vel að athuga það, hvort það sè hyggilega gjört af tilliti til hinna amtanna, að fyrirmuna því amtinu, sem vill það og getur, að koma þessari stofnun á, með því nú að fella málið.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg hefi nú ekki tekið fyrri til máls í þessu máli, og mèr lá við að gjöra það ekki, því eg þykist sjá fyrir, að eg geti ekki gjört málinu neitt gagn, þó eg feginn vildi. Eg vildi feginn styðja málið, því það væri gleðilegt og fallegt, að geta fyrir eptirtíðina sett á stofn í landi þessu búnaðarskóla, rètt eins og líka sjómanna- og heræfíngaskóla; en það er nú orðið svo margt af þessu ágæti, að mèr er nú farið að ofbjóða; það er svo margt (eg taldi sumt af því upp í gær), sem menn nú allt í einu

á þessu sama þíngi ætla að drífa upp rètt í ósköpum, og þó er verið undir eins að kvarta yfir ískyggilegheitum, og að út líti fyrir húngurdauða og hallæri, að undir þessum kríngumsæðum skuli þetta eina og sama þíng biðja stjórnina um styrk til svona margra stofnana og fyrirtækja, held eg verði, rètt eins og þíngmaður Gullbríngursýslu sagði, til þess að ekkert fáist.. Eg vildi því feginn, að þessu máli hefði verið hleypt hjá sèr á þessu þíngi; en samt skal eg gefa atkvæði með því, fyrst það annars er komið í hámæli, og búið að taka það fyrir; því ekki sè eg eptir, ef konúngurinn vill gefa til þess þessar 3 jarðir, svo að þessir undirstöðublettir fáist, eins og *framsögumaður* sagði; en eg skal segja þíngmönnum það, að það er ekki þar með búið, það þarf meira; það þarf árlegan og mikinn kostnað, til að nota þessa bletti; það þarf að kaupa lausafè til að setja á jarðirnar; bú, sem kostar 1,000 rd., eins og hinn 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, er rètt til að fæða jarðyrkjumanninn, sem kemur þángað fátækur, konu hans og börn, og ekkert meira. Nú sagði þíngmaður Borgfirðínga, að hèr ætti mikið að gjöra, og margir að læra; þyrfti þetta þá að vera einslags stórbú eður stólsgózs; þar til þyrfti að kaupa ráðsmenn og búskaparþjónustufólk sèr, en að skólinn, og jarðyrkjustörfin yrði sèr. Kostnað til stofnunar og viðhalds alls þessa vill nú nefndin að þíngið biðji um að lagt sè á fasteign og framtalið lausafè landsmanna með lögum; þó það þyki nærsýni, þá get eg ekki að því gjört, að áhorfsmál þykir mèr, að biðja um þetta lagaboð undir þeim kríngumstæðum, sem nú eru, og vita ekkert, hvernig farið verður með þetta fè eptir okkar daga; við megum vita það, að fæstir af þeim, sem nú eru fullorðnir og legði þenna kostnað til, mundi njóta ávaxtar af þessum stofnunum; en það væri gaman að geta þetta, að geta sett þetta á stofn og búið svona vel í haginn fyrir eptirkomendurna; en eg á ekki landa mína vísa til, að vilja þetta og veitast að þessu; hinn háttvirti *framsögumaður* og þíngmaður Dalasýslu eiga vísan vilja landsmanna, og held eg þeim verði bezt, að safna öllu þessu fè með fríviljugum gjöfum; þíngmaður Dalamanna veit af Vestfirðíngum sínum nógu örlátum, og dregur það kann ske af því, hvað fúsir þeir voru til að borga Hvítárvörðin, og hvað vel þeir hafa lagt amtmanni sínum í þökk, að hann greip til fjár upp á dreingskap þeirra, til að verja líf þeirra og eignir alls Vesturlands fyrir því óttalegasta tjóni, sem komið hefir fyrir á þeirra dögum, sem nú lifa. En eg vil samt ekki reiða mig á alþýðuörlæti í þessu efni. Það er víst

mikið fagurt og ágætt, ef menn gæti komið upp þessum stiptunum og búnaðarskólum hèr í landi, en seinlegt verður nú að kenna hverjum kotúngnum út um allt landið forstandið og búskapar-útsjónina eptir vissum skólareglum, því að eptir kjörum, landslagi, tíðarfari og atvinnustundun verða kríngumstæður þær æríð margbreyttar. Eg verð að vera á máli hins háæruverðuga 2. konúngkjörna þíngmanns, að eingin skólakennsla í þessari grein jafnist við góða heimakennslu hjá reglusönum, iðnum og útsjónargóðum feðrum og húsbændum; það þarf meir að gjöra en að læra, og stofnsetja skóla; það þarf stöðugt viðhald og áframhald, svo ekki verði allt til aðhláturs, og rètt til kostnaðar landinu; en eg hefi stundum sèð, að þessir útlærðu jarðyrkjumenn hafa ekki búið betur, eða verið atorkusamari, en hinir ólærðu bændur; eg hefi líka sèð, að þó menn hafi hugsað stórt og hleypt sèr í skuld, til að kaupa plóg og slèttunarverkfæri, þá hefir þetta staðið kyrrt og ryðgað niður híngað og þángað; á hinn bóginn veit eg líka af einum manni, sem slèttaði túnið sitt með börnunum sínum, einúngis með hnífnum sínum og skóflunni sinni, hafði ekki einu sinni ljá og pál, heldur hnífinn og skófluna á veturna, þegar mátulega djúpt var á klakanum, og sagðist skyldu rista ofan af meiru með því, en að hafa 2 menn um hvert verkfæri, og hann slèttaði líka mest þar í sveit, og svona er það; iðinn og útsjónarsamur bóndi mun bezt kenna búskaparreglurnar; það var búið hèr í landi á fyrri árum, og voru ekki reistir búnaðarskólar, „og má þó Ísland sanna, það átti völ búmanna, þá allt stóð í blóma“; þá voru sánir akrar, og hundrað kúa, og hundrað hjúa á búi, þó að húskarlar kvörtuðu þá nú stundum, að árla væri risið. Eg skal samt ekki spilla fyrir þessum búnaðarskólum, og eg skal gefa atkvæði mitt fyrir uppástúngum nefndarinnar, nema þeirri seinustu.

Ólafur Jónsson: Nefndaráliti þessu hefir verið mikið hælt og væri það víst að bera í bakkafullan lækinn; ef eg færi að hæla því líka, og ætla eg því að sleppa því; eg er nú einn af þeim, sem vilja fresta þessu máli og kann mönnum að þykja það undarlegt, en eg get ei að því gjört, eg vil samt fresta því. Þegar eg nú sný mèr að bænunum, og fer að skoða þær, þá er fyrst beðið um eina jörð í hverju amti. Það er að heyra á þíngmönnum, sem þeim finnist þeir hafi himininn höndum tekið, ef þeir fá *gefins* þessa einu jörð; mèr finnst nú ofurlítið í þetta varið og varla vert, að fara að biðja um þetta að svo stöddu, því mèr finnast þetta vera tómir smámunir, það eru má ske svo sem 1,000 rd., því jörðin þarf ekki að

vera svo dýr til þess, að hún sè hentug til jarðabóta, og það er ekki sagt, að það sè fremur klausturjörð en einhver bændajörð; mèr sýnist ekki þurfa að flýta málinu svo mjög; því þó jörðin fáist gefins, þá vantar alla undirstöðu eins eptir sem áður, og það er óvíst, þegar vel er hugsað málið, hvort menn með þessu móti ná þeim bótum í búnaðinum, sem menn ætlast til; eg verð að biðja þingmenn að misskilja mig ekki svo, að þeir álíti eg sè á móti því, að búnaðurinn sè bættur hèr á landi, því eg er mjög meðmæltur málinu yfir höfuð; en eg álít alla undirstöðuna vanta, nefnilega, að menn ræði málið grandgæfilega heima í hèraði, og fái ljósa hugmynd um, hvernig málinu verði sem haganlegast fyrir komið; því eg gæti vel ímyndað mèr, að við þær umræður kæmist menn til þeirrar niðurstöðu, að hentugra væri, að reyna að koma á fót einni slíkri stofnun í hverri sýslu; því þó þær hlyti að verða smærri, gæti skeð, það ætti samt betur við. Gjaldið til skólans vill nefndin leggja á bæði fasteign og lausafè, og biður um leyfi til, að því megi jafna niður svoleiðis; en eg veit nú ekki, hvort nefndin ætlast til, að lagafrumvarp um það verði lagt fyrir þingið; ekki er heldur tekið til, hvað miklu megi jafna niður á almenníng; það er alveg ótiltekið, og meiníngin er þó víst ekki, að það megi jafna niður hversu miklu sem vill. Ef nú þætti ógjörníngur, að hafa þessa stærri skóla í hverju amti, og mönnum litist það haganlegra, að hafa einn skóla í hverri sýslu, þá mundi þeir fjarlægustu verða ófúsir á, að leggja mikið fè til þessa eina skóla; því eg get varla gjört ráð fyrir, að menn úr fjarlægustu sýslunum geti sókt skólann, ef hann er ei nema einn í amti. Búnaðarskóli er fagurt nafn, því neita eg ekki; en þegar eg skoða búskap hèr á landi, þá sè eg, að búnaðurinn með öllum sínum greinum verður ekki lærður í skóla, t. a. m. ekki fènaðarhirðíng, því hún lærist lángtum betur á annan hátt, en í einum skóla í hverju amti, og því er ei nein bót að búnaðarskóla fyrir landið í þessu tilliti; það er satt, að það kann að verða bót fyrir jarðyrkjuna, og mèr finnst líka mest þörf á, að hún taki sem mestum framförum; en hvort haganlegra sè, að hafa einn eða fleiri skóla í hverju amti, til þess að bæta hana, er ósagt, og ekki er málinu spillt fyrir það, þó því sè nú frestað. Fyrir mitt leyti hefði eg kunnað bezt við, að þetta mál hefði verið byrjað svoleiðis, að helztu menn í hverri sýslu hefði fyrst átt fund með sèr, til að ráðgast um, hvernig þvílíkri stofnun mundi verða komið á fót sem haganlegast fyrir alla, og þegar menn væri svo búnir að fá einhverja fasta skoðun á málinu

og hugsa sèr fyrirkomulagið, að menn þá hefði byrjað með því, að skjóta saman fríviljugum gjöfum, til að koma málinu í hreifingu. Ef mönnum er svo annt um þetta mál, sem sumir þingmenn hafa sagt, að þeir vissu fyrir víst, að þjóðin yrði ánægð með, þó öllum kostnaðinum, sem einginn getur sagt með vissu hvað mikill verður, verði jafnað niður á hana, þá má gánga að því vísu, að talsvert feingist með fríviljugum gjöfum, og væri það lángtum fallegra, að byrja þannig, og þó menn þá beiddi stjórnina, að styrkja fyrirtækið með nokkrum peníngastyrk, sem hún þá líklega gjörði fúslega, heldur en að byrja með því, að fara að biðja hana um þessa einu jörð, án þess nein vissa sè fyrir því, hvernig þvílíkri stofnun yrði haganlegast fyrir komið; með þessu fyrirkomulagi, eða ef byrjunin væri svona, þá gæti landsmenn líka haft lángtum frjálslegri umráð yfir stofnuninni, heldur en með því fyrirkomulagi, sem nefndin hefir ætlazt til, nefnilega, að biðja stjórnina um þessa einu jörð, sem eg, eins og áður er sagt, gjöri ofurlítið úr. Eg bið þá heiðruðu þíngmenn samt að misskilja mig ekki svo, að þeir haldi eg sè móti málinu, nei, eg er það ekki, heldur einúngis móti því, að bænarskrá sè nú send til konúngs um það.

Jón Pètursson: Eg ætla litlu við það að bæta, sem eg sagði við undirbúníngsumræðu þessa máls; en vissulega er vísindaleg þekkíng í búnaðarsökum undirstaða til sannra framfara í búnaði. Eg ætla að gefa viðaukaatkvæðinu undir 2. tölulið atkvæði mitt, nefnil., að ef jarðirnar ekki fáist að gjöf, þá megi þær fást leigulaust. Það er ekki skaði að því, að biðja þannig, því að það geta verið þær kríngumstæður, að stjórnin ekki vilji gefa jörðina eða geti það, og er þá betra að fá hana leigulaust en ekki; ef skólinn stendur sig, og verður að liði, þá þarf það ekki að vera honum til fyrirstöðu, að hann ekki á jörðina, þegar hann hefir hana leigulaust; því svo leingi, sem hann stendur, og svarar til augnamiðs síns, missir hann hana ekki, stofnanin hefði hana þá ekki leigulaust leingur; en ef skólinn fellur, þá rís spursmál um það, hvað af jörðinni skuli verða, og sýnist mèr þá bezt, að hún falli til fyrri eiganda, sem er konúngur eður landið, og það gjörir hún, ef stofnanin fær hana leigulaust; en fái hún hana að gjöf, og skólinn fèlli að svo sem 3 árum liðnum, eptir að hann væri stofnaður, hvers ætti þá jörðin að verða, hefði skólinn feingið hana að gjöf? Meiníngin í tölulið 7. mun eiga að vera sú, að fènu megi jafna niður á amtsbúa. (*Framsögumaður:* Það er tekið fram í ástæðunum í nefndarálitinu).

Framsögumaður: Það er skaði um þingmanninn úr Húnavatnssýslu, að hann getur ekki komið sèr saman við neinn þingmann, nema ef það er þingmanninn úr Gullbríngusýslu. Honum þótti nú nefndarálitið með öllu óhafandi; hann var ýmist fyrir ofan það eða neðan, eða með öðrum orðum, hann fór ýmist of lángt eða of skammt; eg sè nú ekki, að það verði auðveldara, að fá eina jörð í hverri sýslu, og stofna á þeim búnaðarskóla, því ef það er ókljúfandi kostnaður, að koma þessari stofnun á í hverju amti, þá mun það verða talsvert erfiðara í hverri sýslu. Það hefir verið sagt, að menn mundi verða fúsari, að leggja fè til skóla í hverri sýslu, heldur en hverju amti, af því að þá gefist mönnum auðveldari aðgángur að hinni búnaðarlegu menntun; þetta getur nú vel verið; en þó þekki eg ekki þá smásmuglegu misunnun hjá landsmönnum, að þeir sjái ofsjónum yfir því, þó einni sýslunni verði hægra fyrir að ná til kennslunnar en annari. Þar sem menn hafa talað um, að fresta þessu máli, til þess að menn gæti áttað sig á því heima í sýslunum, og búið það undir til næsta þings, þá þykir mèr það undarlegt, og held eg, að það muni ekki vera þörf á því í öllum sýslum, að minnsta kosti ekki í minni sýslu. Mèr þykir líka líklegt, að menn sè búnir að átta sig á þessu máli, því svo er lángt síðan að það kom fyrst til þíngsins, og svo hefir því líka verið hreift fleirum sinnum í blöðunum, svo að eg held, að það sè ekki svo sèrlega nauðsynlegt, að gefa landsbúum nýja hugvekju um það nú. Menn hafa líka misskilið nefndarálitið, þar sem menn ætlast til, að menn rígbindi uppástúngurnar í því. Nefndin stakk ekki upp á neinni vissri jörð, því hún tók það fullglöggt fram, að amtmönnunum, og hinum tveimur þjóðkjörnu þingmönnum og tveimur jarðfróðu mönnum, sem amtmaður kvæði sèr til ráðaneytis í því, væri falið það á hendur, og er það því komið undir þessum mönnum, hverjar jarðirnar verða. Það hefir opt verið tekið fram, að nefndin hefir ekki fastákveðið neitt um kostnaðinn; það er satt, að hann getur orðið mikill, ef í mikið er ráðizt og skólinn hafður stór; en nefndin gat ei gjört ráð fyrir svo miklum áhuga hjá landsmönnum, að hann mundi verða mjög stór í upphafi.

Þíngmaður Mýramanna talaði reyndar meir með málinu, þó það sýndist svo, sem hann talaði móti því, og þarf eg því ekki að svara honum mörgu; hann vildi gera einhver ósköp úr þessum stofnunum hjá nefndinni; mèr skildist hann vildi líkja þeim við biskupsstólana fornu; en eg held allir sjái, að hann gjörir úlfalda

úr mýflugu; hann sagði, að þetta þing ætlaði að koma svo fjarskalega mörgum nýjum stofnunum á fót í einu; eg held það sè ekki svo undarlegt, þó nýjar uppástúngur komi fram á þessu þingi, þar sem á því sitja svo margir nýir þingmenn, því það er gamall málsháttur, „að nýir vendir sópa bezt“; en það þykir mèr undarlegt, að þegar komið er fram með merkilega uppástúngu og sem allir viðurkenna að sè nauðsynlegt að fái framgáng, að menn skuli þá vilja skjóta henni á frest, en láta það fá framgáng, sem sjálfir þingmenn hafa viðurkennt að sè ekkert í varið; sumir halda, að stjórnin ekki vilji gefa jarðir til þessara stofnana, heldur ljá þær leigulaust; það eru undarlegar gersakir, þar sem stjórnin að undanförnu hefir látið í ljósi velþóknun sína yfir þess konar stofnunum, og heitið að styrkja þær, eins og hverri góðri stjórn sæmir; enda veit eg ekki betur, en að í flestum löndum sè þess konar búnaðarlegar menntastofnanir styrktar á einhvern hátt af stjórninni. Það er mikill munur á því, að fá jarðirnar til eignar eða að eins til leigu, því fáist þær til fullrar eignar og frjálsra umráða handa stofnunum, þá eiga stofnanirnar sjálfar allar þær endurbætur á jörðunum og búum stofnananna, sem nefndin gjörði ráð fyrir, að gæti átt sèr stað með góðri stjórn og umsjón stofnananna. Hèr við er líka enn fremur athugandi, að þegar efnahagur manna og kríngumstæður færi að lagast, þá er ekki ólíklegt, að áhugi manna á máli þessu yxi, og þörfin fyrir búnaðarlega menntun yrði enn tilfinnanlegri, svo menn þá vildi verja nokkru fè, til að koma búnaðarskólunum í betra horf. Þetta held eg nú geti því að eins orðið, að skólarnir eigi sjálfir þessar jarðir. Eg hefi líka þá skoðun, að nauðsynlegt verði, að breyta til um stjórn skólanna öðru hvoru, og fyrirkomulagið á kennslunni í þeim, eptir sem tímarnir breytast og þarfirnar fjölga. Þetta held eg nú því að eins geti átt sèr stað, að jarðirnar sè skólanna æfinleg eign. Eg tek það því fram aptur, að fáist jarðirnar ekki, nema einúngis til leigu, þá verður öll þessi byggíng grundvölluð á sandi.

H. Kr. Friðriksson: Eg var ekki viðstaddur við undirbúníngsumræðu þessa máls, og þó eg því, ef til vill, hefði viljað orða uppástúngurnar nokkuð öðruvísi, þá er ekki til neins að tala um það hèðan af, og ætla eg mèr því að fylgja nefndinni gegnum allar uppástúngurnar. Það hefir verið borið þínginu á brýn, að það bæði um of margt í einu, og hafa menn talið, að það væri illt og hættulegt fyrir málin; en eg held, að það lýsi einmitt áhuga manna á hinum almennu málum, að menn fara svo mörgu á flot, og eg held sann-

arlega, að eitthvert annað mál, sem rætt hefir verið á þessu þingi, mætti fremur missa sig en þetta; að minnsta kosti hefi eg þá reglu, að mæla fram með og styrkja af alefli allar menntunarstofnanir hèr á landi; og ef þörf er á öðrum menntunarstofnunum, þá held eg sannarlega, að sè þörf á þessari, og það fremur mörgum öðrum; því að „bóndi er bústólpi og bú er landstólpi“, því getur einginn neitað. Menn hafa sagt, að heimakennslan sè hin hollasta og bezta; en þessi heimakennsla verður þá að vera til, bóndinn verður að vera fær um, að kenna öðrum, því bóndinn getur ekki kennt það, sem hann ekki kann, og eg verð að segja það, án þess að lasta nokkuð búskap hèr á landi, að honum er í mörgu ábótavant. Þingmaður Mýramanna var áðan að segja oss frá því, hvernig forustusauðnum hans í búskapnum hefði tekizt að skafa upp þúfurnar jafnóðum og þær þiðnuðu með vasahnífnum sínum; það kann að þykja fallegt búskaparlag, og þó að honum, ef til vill, kunni að hafa tekizt vel með þessu lagi, þá er eg sannfærður um, að honum hefði tekizt miklu betur, ef hann hefði haft þau verkfæri og kunnað að beita þeim laglega, sem aðrar þjóðir hafa við jarðarækt sína. Það er undarlegt, að svo skynsamur maður skuli segja, að menn þurfi ekki að kaupa hin betri verkfæri, af því þessi maður fór þannig að; því að þó að hann hafi gjört meir verkfæraleitill en slóðarnir, sem ekkert gjöra, þá sannar það ekkert, því að hann hefði getað gjört miklu meir, ef hann hefði farið rètt að. Þingmaður Húnvetninga sagði, að fjárhirðing yrði ekki kennd í þessum skóla; en því skyldi það ekki mega? Eg held það þurfi ekki svo margt fè, til þess að sýna, hvernig fara eigi með það, og það er víst einginn óþarfi, að Íslendíngum sè kennt það; því að þótt vel sè farið með fè í hans sýslu, má þó víst margt laga í því efni. Hann sagði, að málið hefði ekki verið rætt í hèruðum, en að menn þó hefði hugsað mikið um málið; en ef svo er, þá er undarlegt, að hann skuli ekki hafa talað um þetta við sýslubúa sína, og að hann skuli ekki vera búinn að safna fríviljugum gjöfum til þessara stofnana; fríviljugar gjafir eru góðar, því neita eg ekki; en þær verða ekki ávallt svo drjúgar, þegar til þeirra á að taka, og í leingdina dregur; bændur geta staðið sig við, að leggja fè til þessa máls, og sýnist mèr ekki þörf á, að hlífa húskunum við að gjalda til þess. Það er misskilníngur, að kostnaðurinn sè mikill; því þótt hann yrði 5,000 rd., eins og nefndin hefir stúngið upp á, að hann yrði mestur, þá er það samt tilvinnandi fyrir bændur, að verja fè sínu til þess, að læra meir og auka þekkíngu sína í

búskapnum, og eg sè ekki, að nauðsynlega þurfi að hafa kostnaðinn svo fjarskalega mikinn, því að skólann verður að laga eptir þörfum og ástæðum, og eg segi, að búnaðarskóli, hversu lítill sem hann er, sè betri en ekki neitt. Það hefir verið sagt, að það bú sè eigi stórt, sem eigi sè 1,000 rd. virði; en eg er sannfærður um, að það þarf eigi svo stórt bú til þess, að sýna mönnum búnaðaraðferðina; því að það má eins vel sýna það á 50 kindum, hvernig fara eigi með fè, eins og á 200 kindum, svo að sauðfjáreignin verði sem áreiðanlegust og happasælust. Eg vil eins styðja þessa stofnun, eins og allar menntastofnanir hèr á landi, eins og eg sagði áðan, og það því fremur, sem þetta er sú stofnun, sem almenníngur ætti að sjá mesta nauðsynina á, og mesta gagnið af. Eg ætla mèr ekki að tala meira, en að eins geta þess, að eg ætla að fylgja nefndinni í öllu, og er eg sannfærður um það, að þessi stofnun sè sú, sem menn eiga að hafa allan áhuga á, og það því meiri áhuga, sem þeir eru öðrum fremri og sjá betur, hvað til gagns þessa lands heyrir, og eg ætla einnig að halla mèr að breytíngaratkvæðinu undir 3. tölulið, ekki af því, að eg sè hræddur um, að stjórnin muni ekki vilja gefa þessar jarðir, ef hún með nokkru móti getur það, heldur af því, að eg vil og álít betra, að þær fáist leigulaust, en alls ekki; sýsluskólar eru, ef til vill, góðir; en þegar einn skóli er kominn á í amtinu, þá er hægt að safna fríviljugum gjöfum til sýsluskólanna, ef mönnum skyldi þykja þörf á þeim. Eg hefi ekki á mót hinum fríviljugu gjöfum, en eg er hræddur um, að menn, þegar fram í sækir, trènist upp á þeim, og skólarnir fyrir þá sök falli, því að þannig hefir það opt geingið til með þessi fríviljugu samskot.

Ásgeir Einarsson: Það hefði, ef til vill, verið rèttast af mèr, að standa ekki upp, því eg held nærri því, að það mætti stofna búnaðarskóla fyrir það fè, sem ræðurnar um hann hafa kostað, en eg verð að sanna orðtækið, að „þeir tali mest um búskap, sem eru verztu búmennirnir“; það datt ofan yfir mig, þegar hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður talaði; eins og sagt var um Gissur biskup, að hann væri jafnlaginn til að vera konúngur, herstjóri og biskup, eins hefir mátt segja um ræður þær, sem hafa komið frá honum hèr á þíngi, að þær lýstu því, að hann væri jafnt bóndi og biskup. En þegar bændur hafa viðurkennt, að nauðsynlegt sè, að stofna hèr lagaskóla, og hafa gefið atkvæði sitt með því, eins væri það ekki sæmandi fyrir þá, að setja sig á mót búnaðarskóla, og mèr sýndist, að eins og bændur gáfu atkvæði sín með lagaskólanum, og

studdu það mál, eins hefði verið sanngjarnt, að lærðu mennirnir gæfi atkvæði sín með búnaðarskólanum, og styddi það mál, og það hafa þeir margir heiðarlega gjört, því bezt verður unnið, þegar menn vinna hver með öðrum. Það er gleðilegt, að heyra þann 2. konúngkjörna þíngmann segja, að búnaðinum fari hèr fram; en það væri gott, ef ekki ræki það í öðru árartoginu, sem geingur í hinu, og ef ráð væri til þess, væri gott, að menn reyndi að mjaka sèr áfram. Eg þekki bónda, sem hefði viljað gefa meir en 100 rd. til þess, að hann hefði haft þá þekkíngu úngur, sem hann var búinn að fá, þegar hann var fertugur, því að þá hefði hann verið búinn að vinna það upp, og hefði ekki tapað því, sem hann tapaði vegna menntunarleysis. En ef þessi menntastofnun kæmist upp, og menn gæti þar notið tilsagnar, þá yrði það miklu lèttara og affarabetra fyrir hina úngu og efnilegu, því að þeir hafa ætíð mest gagn af kennslunni, eins og menn hafa sèð, að ekki eru þeir ætíð duglegir embættismenn, sem koma frá háskólanum; en þó skólarnir verði ekki öllum að því gagni, sem til er ætlazt, þá eru þeir samt nauðsynlegir fyrir það. Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður talaði um kostnaðinn, og sagðist ekki kunna við, að kennslan væri borguð, en eg held bændur yrði fegnir að fá kennslu, þó þeir ætti að borga fyrir hana; því að eg held, að bændur sè svo gjörðir, að þeir horfi ekki í kostnaðinn, ef þeim gefst kostur á að menntast. Að landið ekki hafi haft not af þeim mönnum, sem siglt hafa, til að læra búnaðarfræði, er eingin ástæða móti þessari stofnun, því að hvers vegna urðu ekki not að þeim? Af því lærdómi þeirra var þannig háttað, að þeir voru sendir út á land, þar sem jörð var alræktuð, og þeir má ske ekki mikið fyrir, að leggja hart á sig, og lærðu þeir þá meðferð á ræktaðri jörð og hvernig stýra eigi plógi; en það er allt annað, að rækta þýfða og grýtta jörð, en plægða akra; því Danmörk og Ísland eru mjög ólík að jarðagæðum, og jarðfróðir menn hafa sjálfir sagt, að þeir ekki hafi kunnað að plægja búfu, þegar þeir komu hèr, en að plægja er ekki aðalatriðið þessa máls, heldur að eins ein grein úr búnaðarskólalærdóminum. Þíngmaður Mýramanna segist í rauninni vera með málinu, en talaði þó á móti því; hann lastaði það ekki, en sýndi að eins vandkvæði á því; hann sagði það væri fagurt fyrir hina eptirkomandi tíð að sjá, að vèr elskuðum hana, eins og sjálfa okkur; það var að eins einn maður á Ísafirði, sem lærði sjómennsku, en nú hefir hann stofnað sjómannaskóla á Ísafirði, og hefir hann orðið til mikils góðs, og hefir því þetta fræ, þó það væri lítið, borið mikla

ávexti. Þíngmaður Mýramanna sagði, að Vestfirðíngar mundi má ske ekki verða fúsari á, að gefa fríviljugar gjafir til þessa fyrirtækis, en til varðkostnaðarins. En eg held það hafi verið óþarfi fyrir hann, að beina þessu að þíngmanninum úr Dalasýslu, því Dalasýslubúar gáfu til varðarins í fyrra að meðtöldum Hrútfirðíngum 1,600 rd., og hafði því þíngmaðurinn úr Dalasýslu fulla ástæðu til að segja það, sem hann sagði, og sýnir hann það líka sjálfur í verki með jarðarrækt og öðrum dugnaði; en þar sem þíngmaður Mýramanna kom með dæmi upp á það, að meira gæti áunnizt með hníf og skóflu, en með plógnum, þá sýnir það ekki annað en það, að hann muni hafa hlaupið á sig með að kaupa plóginn, meðan menn ekki kunna að brúka hann. Hvað það snertir, sem þíngmaður Húnvetníngа mælti með, að búnaðarskóli væri í hverri sýslu, þá er eg ekki svo stórhuga, að eg ekki sé ánægður með einn skóla einhverstaðar á landinu, hvað þá heldur í amti hverju, og stendur mèr á sama, hvar skólinn er, ef hann að eins er til gagns; þíngmenn mega ekki líta svo mikið á sinn eigin hag, því þeir sitja ekki hèr til þess, að mæla með einu kjördæmi, heldur til þess, að gefa holl ráð fyrir allt landið í framtíðinni. Fyrst var einn búnaðarskóli stofnaður í Svíaríki og feingnir kennarar í hann úr Þýzkalandi; en síðan hafa búnaðarskólar dreifzt út, ekki að eins um Svíþjóð, heldur einnig um allan Noreg, og eg held, að ef menn tæki sig saman og hefði samvinnu, þegar þarf að bæta veg eða ryðja steini úr götu, heldur en að setja sinn mann á hvern vegspottann, þá væri hægra, að bisa við steininn, heldur en ef einn væri við hann. Ef samtök eru í ömtunum, er það sýnt, að koma megi á búnaðarskóla í hverju amti, og vil eg biðja þíngmenn að gæta að því, hvort ekki muni vera betra, að fá þessa stofnun einhverstaðar á fót, þó menn ekki fái það strax í hverri sýslu. Það er viðurkennt, að nú eigi ekkert amt hægra að koma búnaðarskóla á fót, en norðuramtið; en eg ann Norðlendíngum þess vel, þó vesturamtið geti ekki feingið búnaðarskóla um leið, því Norlendíngar væri vísir til, að reka ekki burt aptur dreing, er kynni að koma að vestan, og vilja fá tilsögn í búnaðarskóla þeirra. Þá ætla eg nú að tala fáein orð um atkvæðaskrána, og þá er nú fyrst að tala um það, hvort menn eiga að þiggja jörðina gefins eða leigulaust, og ef stjórnin ekki vill láta jörðina gefins, þá held eg menn ekki þyrfti að þiggja hana leigulaust; því einhver bóndinn væri vís til þess, að lána jörð með þeim kostum, og held eg sè óþarfi, að vera að nudda við stjórnina um það, og

þætti mèr betra, að hún segði hreinlega nei; en eg treysti yfirvöldunum til þess, að þau skýri málið svo vel fyrir stjórninni, að hún vilji vinna þetta til; en ef hún ekki skyldi vilja það, þá geta landsmenn sjálfir bezt gjört, hvað þeir vilja. Af því 4. töluliður kann, ef til vill, að verða misskilinn, þá væri, ef til vill, bezt að kljúfa hann, ef menn skyldi geta misskilið hann svo, sem öll ömtin ætti að leggja eina til; menn hafa sagt það væri vogun, að leggja mikla skatta á bændur; eg held það sè ekki voðalegt í þessu tilfelli, þar bænaskrár hafa komið frá þjóðinni um þetta mál opt, og eg vona, að hinir konúngkjörnu þíngmenn verði því öruggari í því, að mæla með því við stjórnina, að hún styrki þetta mál, sem þeir eru hræddir við, að leggja þenna skatt á þjóðina; en það sýndist mèr vera bændum óverðugt, að vera móti þessum skóla, þegar þeir hafa verið með öðrum skólum.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg biðja hina heiðruðu þíngmenn að gánga til atkvæða, samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

A. Uppástúnga *Guðmundar Brandssonar* felld með 18 atkv. gegn 6.

B. 1. Viðauki *nefndarinnar* samþykktur með 20 atkv. gegn. 1.
2. Viðauki *Benedikts Þórðarsonar* felldur með 11. atkv. gegn 9.
3. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði), samþykkt með 22 atkv.
4. *Sama* (2. uppástúnguatriði), borið upp í tvennu lagi.
   a, Að stjórnin hlutist til um það við amtmenn, að þeir velji jörð sinn í hverju amti, samþykkt með 23 atkv.
   b, og kveðji sèr til ráðaneytis í því 2 þjóðkjörna þíngmenn og 2 jarðfróða menn, samþykkt með 15 atkv. gegn 3.
5. *Sama* (3. uppástúnguatriði), samþykkt með 23 atkv.
6. Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar* fellt með 15 atkv. gegn 3.
7. *Nefndin* (4. uppástúnguatriði), borið upp í tvennu lagi.
   a, Að því fè, sem þurfa þætti, til að koma stofnunum þessum í þetta horf, megi jafna á landsmenn, samþykkt með 20 atkv.
   b, þannig, að helmíngurinn hvíli á fasteign og helmíngurinn á tíundarbæru lausfè, fellt með 14 atkv. gegn 8.
8. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu) samþykkt með 22 atkvæðum.

Forseti: Þar næst kemur til undirbúníngsumræðu nefndarálit

um konúnglegt frumvarp um stofnun barnaskóla í Reykjavík. Hinn heiðraði þingmaður úr Reykjavík er *framsögumaður* í málinu.

Málið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Eg vil leyfa mèr að lesa nefndarlitið.

Nefndarálitið var þá lesið svo látandi:

„Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að íhuga og kveða upp álit vort um konúnglegt „frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík", sem *konúngsfulltrúi* hefir af stjórnarinnar hálfu lagt fyrir þingið.

Vèr höfum íhugað mál þetta, og rætt það með oss á fundum, og leyfum oss nú, að kveða upp álit vort um mál þetta, sem nú skal greina.

Mál þetta hefir verið svo margrætt og af svo mörgum, og hafa flestir verið einhuga á því, að nauðsyn bæri til, að stofna hèr í Reykjavík barnaskóla, og það yrði eigi hjá því komizt, að bærinn sjálfur kostaði þenna skóla, sökum þess, að enginn einstakur væri sá, er hefði afla til, að stofna hann og halda honum við, og virðist oss því óþarft, að taka hèr fram ástæðurnar fyrir nauðsyn stofnunarinnar.

Þegar vèr nú snúum oss að frumvarpi því, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið, viljum vèr geta þess, að það er einkum 3 atriði, sem virðast koma til íhugunar, 1. hverjar skyldur leggjast á bæjarbúa við stofnun þessa skóla; 2. hvernig tekjum hans skuli háttað, og 3. hvort fyrirkomulag skólans skuli vera.

Um fyrsta atriðið er það að segja, að oss virðist einkum það athugavert, sem tekið er fram í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, *að foreldrar skuli skyldir, að láta börn sín ganga í skólann,* þegar þeir ekki á annan hátt sjá um uppfræðingu þeirra, og virðist oss þá rèttast, að taka þessa ákvörðun upp í lagaboðið um stofnun skólans; en oss þykir, að hèr geti að eins verið talað um, að skylda foreldra til, að láta börn sín nema í skólanum það, sem lögin bjóða að hver maður skuli nema, það að lesa og læra kristindóm sinn, því að foreldrar verða eigi skyldaðir til, að láta börn sín ganga í skólann, nema þegar þeir vanrækja, að kenna börnum sínum það, sem þeir eru að lögum skyldir að kenna þeim, og því viljum vèr skjóta inn í fyrri greinina þannig hljóðandi ákvörðun. En af því að eigi verður talað um annað skyldunám, en þegar var

nefnt, en slíkur skóli, þar sem það eitt væri kennt, er lög bjóða að kenna börnum, yrði næsta ónógur fyrir Reykjavík, og tilgángur skólans því hlýtur að vera, að kenna meir en þetta, virðist réttara, að orða fyrri hluta greinarinnar nokkuð öðruvísi, þar eð hún, eptir því, sem hún er orðfærð, gæti skilizt svo, að kennslan væri einúngis ætluð í því, sem lögboðið er, að hvert barn skuli nema; en það getur hvorki verið tilætlunin með skólanum, né heldur má vera eptir ástæðum Reykjavíkur, og því vill nefndin orða þann hluta greinarinnar nokkru öðruvísi, þannig, að orðunum: „er þykir nauðsynleg fyrir hvern mann“, sé sleppt.

Um það, hverjar tekjur skólans skuli vera, sést það á hinum eldri skjölum um þetta mál, er *konúngsfulltrúinn* hefir lèð nefndinni, eins og líka af ástæðum fyrir frumvarpi því, sem fyrir alþíngi er lagt „um toll af tómthúsum og óbyggðri lóð í Reykjavík“, að tekjur þær, sem ætlaðar eru skólanum, eru, auk gjafa og sekta fyrir brot gegn skólareglugjörðinni, kennslukaupið fyrir börnin, en að það, sem þá á vantar, skuli jafnað niður, eins og segir í þessu frumvarpi 1. gr., á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum. Nefndin telur nú, að eigi sé gjörandi, að jafna á bæjarbúa þessum kostnaði, nema því að eins, að tekjur þær, sem ofangreint frumvarp um tómthústolla o. s. frv. ræðir um, verði lagðar bæjarsjóði, og með þessu skilyrði ráðum vèr til, að þetta frumvarp um stofnun barnaskóla fái lagagildi. En ef frumvarpið um tèða tolla yrði eigi í aðalatriðum sínum samþykkt af þínginu, hlýtur nefndin að ráða frá, að barnaskólafrumvarpið verði samþykkt. Samkvæmt þessu verðum vèr að fara fram á, að málefnið um tolla á tómthús verði tekið til ályktarumræðu millum inngángsumræðu og ályktarumræðu þessa málefnis.

Um það, hvert fyrirkomulag skólans skuli vera, erum vèr á sama máli og stjórnin, að það væri lítil not að því og eigi rètt, að leggja frumvarp um það fyrir alþíngi, heldur sé lángrèttast, að fara með það sem stjórnarmálefni; en oss virðist rèttara, að stiptsyfirvöldin á Íslandi skipi fyrir um fyrirkomulagið með ráði bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, sem hvorirtveggja eru kunnugir öllum þörfum og ástæðum bæjarins, en að stjórnardeild kirkju- og kennslumálanna í Danmörku skuli gjöra það, sem er með öllu ókunnug öllum landshögum, og sjáum vèr einga tryggíngu í því, að fyrirkomulagið verði sem bezt, þótt hún leggi síðasta smiðshöggið á; en aptur finnst oss það mega vera, að hún samþykki og staðfesti þessa reglugjörð, sem

bæjarstjórnin og stiptyfirvöldin hafa komið sèr saman um. Þá finnst oss með öllu óþarft, að binda hendurnar á stiptsyfirvöldunum og bæjarstjórninni með nokkrum reglum, sem kunna vera í Danmörku um þess konar skóla; en hitt má telja svo sem sjálfsagt, að þeir muni kynna sèr, hverjar eru ákvarðanir fyrir slíkum skólum í Danmörku, og nota það, sem hèr á við.

Að svo mæltu viljum vèr með því skilyrði, að frumvarpið um tolla á tómthús og óbyggðar lóðir verði samþykkt í aðalatriðum sínum, ráða hinn heiðraða þingi til, allraþegnsamlegast að beiðast þess, að konúngur vilji lögleiða frumvarpið þannig orðað:

1. grein.

Í Reykjavík skal stofna barnaskóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima geti notið kennslu í; skulu foreldrar og vandamenn skyldir til, að láta börn sín gánga í skólann, ef þeir eigi á annan hátt láta kenna þeim það, sem ákveðið er í lögum að hver maður skuli nema. Svo má og fyrir hæfilega borgun taka í penna skóla önnur börn, þegar því verður við komið án þess hin missi í.

Að því leyti fè það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er á kveðið, hrökkur ekki til, skal jafna kostnaðinum niður á bæjarmenn, samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar, dagsettri 27. d. nóv. 1846, 19. gr.

2. grein.

Stiptsyfirvöldunum á Íslandi skal falið á hendur með ráði bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, að skipa fyrir um fyrirkomulag skólans eptir þörfum og ásigkomulagi bæjarins, og skal reglugjörð þessi samþykkt af stjórnardeild kirkju- og kennslumálanna.

Reykjavík, 2. dag ágústmánaðar 1859.

H. Kr. Friðriksson, Jón Pètursson. Vilhjálmur Finsen“.
formaður og framsögumaður.

Framsögumaður: Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um þetta mál, og eg vona, að það verði eigi lángar umræður um það; en eg vona, að þingmenn gjöri góðan róm að málinu og hamli ekki, að úr svo brýnni nauðsyn Reykjavíkurbúa verði bætt.

Vilhjálmur Finsen: Eg skal geta þess, að þó eg hafi undirskrifað nefndarálitið sem einn af nefndinni, áleit eg þó í nefndinni rèttara, að 2. gr. frumvarpsins væri óbreytt; en hún er öðruvísi hjá nefndinni; það er sagt í 2. gr., að stjórnarherra kirkju- og kennslu-

málanna skuli sjá um reglugjörð fyrir og fyrirkomulag á skólanum; þetta álít eg eðlilegra og venjulegra en það, sem nefndaruppástungan fer fram á; og gjörir það kann ske ekki svo mikið til; en eg kynni þó betur við það. Sömuleiðis er um 1. grein, að eg kann yfir höfuð bezt við, að hún sè óbreytt, og einkum álít eg ekki uppástúngu nefndarinnar í 1. grein, um skyldu foreldra, til að láta börn sín gánga í skóla þenna, rèttvel orðaða; því mèr finnst óviðkunnanlegt, að tala í svona almennum orðum um, hvað ákveðið er í lögum að börn skuli læra, og þætti mèr þá betra, að það væri beinlínis tekið fram, að foreldrar skyldi skyldir að senda börn sín í skólann, þegar þeir ekki kenna þeim bóklestur og kristindóm; ákvörðunin er og óþörf, ef haldið er óbreyttri 2. gr. frumvarpsins. Eg vildi ekki gjöra ágreiníng úr þessu, af því mèr þótti það miður verulegt í samanburði við málefnið sjálft, nefnilega, að barnaskólinn verði stofnaður, sem mèr er mest annt um.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það stendur hèr, að reglugjörðir fyrir skóla þenna skuli verða samþykktar af stjórnardeild kirkju- og kennslumálanna; það er nú ekki ljóst, hvað meint er með þessum orðum, þó líklegt sè, að það sè meint *Cultusministeriið* sjálft, en ekki einstök deild af því, það er að segja skóladeildin undir kirkju- og kennslustjórninni; ef nú svo er, að þetta sè meiníngin, sem eg helzt gjöri ráð fyrir, að kirkju- og kennslu-stjórnarherrann sjálfur ætti að samþykkja reglugjörðirnar, þá ætti að orða þetta öðruvísi. Það væri líklega betra að hafa þá „stjórnarherra“. Mèr þykir nú annars óþarfi, að stjórnarherrann sjálfur staðfesti þessar reglugjörðir; eg held það sè nóg, að stiptsyfirvöldin gjöri það; hvaða ástæðu hefir nefndin til að halda, að þau geti það ekki eins vel? það eru þó þau, sem eiga að skipa fyrir um þetta; þau eru fullkunnug ásigkomulaginu hèr, og eg sè ekki annað, en að þeim sè vel trúandi fyrir því.

Framsögumaður: Eg get nú huggað hinn háttvirta þíngmann Ísfirðínga með því, að nefndinni er ekki fast í hendi með þenna seinni hluta 2. greinar; því meiri hlutinn var í rauninni ekki fastur á því að hafa hann; vèr sjáum ekkert mein í því, þótt hann fari; það er ei af því, að vèr tryðum ekki stiptsyfirvöldunum til, að samþykkja reglugjörðina; oss þykja þau einmitt hið rètta vald; en af því ágreiníngur varð, vildum vèr ekki halda því fast fram; með því svo mundi þykja, sem reglugjörðin feingi tignarlegri svip, ef hún yrði staðfest af stjórnarherranum, ef þíngið vill svo. Eg fellst á það, að „stjórnarherra“ er rèttara en „stjórnardeild“, enda átti líka nefndin

við stjórnarherrann með þessu orði. Þar sem hinum 4. konúngkjörna þíngmanni finnst réttara, að taka skýrt fram í lagaboðinu, hvað menn væri skyldir að láta börn sín nema í skólanum, þá held eg ekkert sé á móti því, en mér virðist það óþarfi.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg skildi ekki, hvort það var meiníng *framsögumanns*, að nefndin vildi taka sér breytíngaratkvæði í þá stefnu, sem eg benti til; því ef það er ekki, þá áskil eg mér breytíngaratkvæði til þess.

Pétur Péturssón: Mér þykir náttúrlegra það, sem stendur í 2. gr. frumvarpsins, að stjórnarherra kirkjumálanna gefi út reglugjörðina. Það er sagt í frumvarpinu, að hann skuli gjöra það að ráði stiptsyfirvaldanna á Íslandi og annara, ekki eptir því fyrirkomulagi, sem sé á dönskum skólum, heldur með sérlegu tilliti til þarfa bæjarins, og er þetta því ástæðumeira, sem skatt á að leggja á bæjarbúa, og þeir því eiga heimtíng á, að fá sem bezta tryggíng fyrir, að fyrirkomulagið ekki verði óhentugt og margbrotið, og kostnaðurinn ekki of mikill, og þessa tryggíng fá þeir einmitt meiri, heldur en ef stiptsyfirvöldin gjörði það. Stiptsyfirvöldin hafa gjört einar 2 þess konar reglugjörðir áður, en þær misheppnuðust og urðu fremur margbrotnar; það er ekki ástæða til, að svipta ráðherrann þessu valdi, til að annast um reglugjörðina með ráði stiptsyfirvaldanna; hann mun aldrei breyta henni, nema með ráði stiptsyfirvaldanna og aldrei alveg á móti. Það er þó reglulegra, að það heyri undir úrskurð stjórnarherrans.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg meinti ekki annað, en að stiptsyfirvöldin ætti að samþykkja reglugjörðirnar. Eg skil ekki, að það sanni neitt, sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður lét í ljósi, þar sem hann sagði, að reglugjörðirnar mundi verða með ráði stiptsyfirvaldanna, og að stjórnarherrann mundi fylgja þeirra ráði; því þar af ætti að leiða, að samþykki stjórnarherrans yrði þýðíngarlaust; svo að þótt stiptsyfirvöldin gjörði hana nú flókna, þá samþykkti ráðherrann hana, svo að ef það er meiníngin, þá sé eg ekki, að annað ynnist við það, en að reglugjörðin hefði siglt, og eg skil nú ekki, að svo mikið sé í þetta varið.

Konúngsfulltrúi: Eg vil ráða þínginu til, að halda heldur frumvarpsins 2. grein, en því, sem nefndin hefir stúngið upp á; því stiptsyfirvöldunum mun þó ætíð verða falið á hendur, annaðhvort að semja reglugjörðina fyrir barnaskólann, eða þá segja álit sitt um hana, og má þá ætla, að hún hvorki verði margbrotin eða óhentug; og þegar

yfirvöldin hèr fá þau áhrif á hana, sem vera ber, get eg eigi sèð annað, en það sè rètt, að stjórnarherra kirkju- og kennslumálanna leggi á hana hina síðustu hönd.

Pètur Pètursson: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* svaraði þíngmanni Ísfirðínga öllu því, sem þurfti, svo eg þarf ekki að svara neinu.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal nú ekki velta því fyrir mèr, hvort reglugjörðin mundi betri sigld eða ósigld; en eg vil einúngis leita upplýsínga hjá nefndinni, og þá vil eg fyrst spyrja, til hvers á þessi skóli að vera, hvað á hann að gjöra, og hvað á hann að kosta? Nefndin svarar nú líklega: hann á að kenna það, sem hvert barn á að vita að lögum, það er að lesa og læra kverið. Mèr þykir nú skrítið, ef Reykjavík, „sem er sá staður landsins, sem þeinkir og ályktar", er svo illa komin, að hún þurfi slíkan skóla við, sem hvergi þarf annarstaðar hèr á landi. Nefndin hefði þurft að leggja fram andlegt fátæktarattest frá prófastinum, um að þetta væri nauðsynlegt; það er enn ekki komið. Vilji nú nefndin sýna mèr, hvað eigi að kenna í þessum skóla, því það er mèr hulinn leyndardómur, þá skal eg í þess stað sýna henni fram á, hvað skólinn muni kosta, því það er líka hulinn leyndardómur, og veit eg sannlega ekki, hvar nefndin hefir þann hulinn sjóð, sem megi við sínum hulda kostnaði; það ætti nefndin að vísa á. Eg segi, að ekki þurfi minna til skólahúss, ef það á að rúma nokkuð meira, en börn bæjarins, og nú er gjört ráð fyrir svo mikilli aðsókn úr öllum áttum, en 5,000 rd., og er leigan af þeim 200 rd. árlega. Þar næst koma skattar, ábyrgðargjald, árleg afborgun og ýmislegt annað; það vil eg gjöra verði 150 rd. Dyravörðurinn verður að hafa 200 rd. handa stúlkum, sem eiga að gjöra hreint, til eldiviðar, ljósa o. s. frv. 200 rd.; í samanburði við lærða skólann ætti efsti kennarinn að hafa, eptir því, sem hèr gjörist, 500 rd., 2. kennari 250 rd. og hinn 3. kennari 200 rd., og til óvissra útgjalda ekki minna en 50 rd., og yrði það þá samtals 1,750 rd. Þegar ætti nú að jafna kostnaði þessum á 250 búendur, er hèr voru 1855, yrði það rèttir 7 rd. á heimili. Nú er varla 7 manns á hverju heimili, svo það yrði rúmlega 1 dals nefskattur á hvern mann. Eg gjöri ekki ráð fyrir borgun fyrir kennsluna; því að þegar nú á að nauðga mönnum til að kosta skólann, og að líkindum einnig til að láta börn sín ganga í skólann, þá ætti þeir þó að hafa eitthvað fyrir þessa tvöföldu nauðgun, og það getur þá ekki verið minna, en að þeir fái kennsluna kauplaust. Eg segi því

enn, ef skólinn ekki svarar til kostnaðarins, sem af honum stendur þá er næsta ísjárvert, að stofna hann. Eg vil því biðja *framsögumann* að skýra frá, hvað kenna eigi, og ætla eg að bíða eptir upplýsíngum hans.

Framsögumaður: Eg fræddist nú sannarlega ekki annað á tölu þíngmannsins úr Borgarfjarðarsýslu, en að hann sè harðla ókunnugur þessu efni, og svo ókunnugur, að hann sè varla bær, að dæma um það. Þetta hefir verið almenn ósk og almennt þótt hèr nauðsynlegt, að hafa slíkan skóla nú upp í 30 ár, og þar sem um 30 ár hefir verið fundið til nauðsynjar á einhverju, þar held eg sè auðsèn þörf. Það er hvergi sagt í uppástúngum nefndarinnar, að þar eigi eingaungu að kenna að lesa og kristindóminn, heldur að foreldrar skuli að eins skyldir að senda börn sín í skólann, til að læra þetta, þegar þeir ekki sjálfir á annan hátt uppfylla skyldu sína í þessu; en gjöri þeir það öðruvísi, þá þarf þess ekki; en það er ætlazt til, að hverjum einum gefist kostur á, að koma börnum sínum í skóla. Reikníng þíngmanns Borgfirðínga skildi eg nú satt að segja ekki; það er sagt ljóslega í frumvarpi stjórnarinnar, um að leggja skatt á tómthús o. s. fr., að skólinn muni kosta 1,140 rd. á ári; eg held það verði ekki hrakið, og að hann þekki ekki það betur til, en þeir, sem lögðu þetta niður; en það verður aldrei óbærilegt gjald fyrir bæjarbúa, hvort sem það er nefnt nefskattur, eða öðru nafni; það má snúa út úr og kalla hvern skatt „nefskatt", undir eins og allir húsfeður eiga að gjalda eitthvað; en það er eigi 1 rd. á hvern mann hèr í bænum; því að hèr í bænum eru 1,400 manns. Hann sagði, að ekki veitti af 5,000 rd. til að gjöra skólahúsið; hann hefir nú ekki sannað það; eptir því, sem hús eru hèr, held eg megi fá góðan skóla fyrir 4,000 rd. Þó nú hèr í latínuskólanum þurfi 200 rd. fyrir ljós og eldivið, þá held eg það sè ljóst, að það þurfi ekki í barnaskólanum; því þar er ekki unnið nema part úr deginum, og svo verður skóli þessi ekki heldur eins stór og latínu skólinn, svo það bíður ekki svörum; hvers vegna skyldi menn ekki borga kennslukaup; eg skil það ekki; mèr sýnist eðlilegt, þótt foreldrar borgi fyrir börnin; eg hefi ekki heyrt, að neinn hafi hugsað sèr það öðruvísi. Hann vill vita, hvað kennt verði; því get eg ekki svarað nú, og álít mig ekki bæran til þess; það á reglugjörðin að segja til, og hún er ekki lögð fyrir þíngið; því stjórninni þótti það ekki til neins, og nefndin er því samdóma; það er því óskylt, að svara því nú. Eg get ekki sannfærzt af því, sem *konúngsfulltrúi* og hinn 3. kon-

úngkjörni þíngmaður sögðu, að nauðsyn sè til, að stjórnin búi til frumvarp til reglugjörðarinnar; því annaðhvort gjöra stiptsyfirvöldin það viðunandi, og stjórnin breytir því þá að eins til hins verra, ef hún breytir; en geti stiptsyfirvöldin ekki gjört það svo vel fari, þá hefi eg sannarlega ekki meira traust á stjórninni til að gjöra það; því stiptsyfirvöldin þekkja bæði þarfir og ástæður manna hèr, en stjórnin er því ókunnug; eg sè því ekki, að það geti bætt; því stjórnin, fari hún að breyta gjörðum stiptsyfirvaldanna, getur tekið upp ákvarðanir, sem hvergi eiga við; það er því eingin trygging í því, þótt stjórnin leggi á það smiðshöggið; auk þess má segja, að þetta skuli gjöra á bæjarins kostnað, svo það er eðlilegast, að yfirvöld bæjarins, en ekki stjórnin, ráði þar mestu.

Pètur Pètursson: *Framsögumaður* gjörir ráð fyrir, að stjórnarherrann muni taka ráðin af stiptsyfirvöldunum; en í frumvarpinu er eingin ástæða til þess; því þar stendur „eptir tillögum stiptsyfirvaldanna“. En megi ráðherrann eingu breyta í reglugjörðinni, til hvers á hann þá að samþykkja? Eg vil ekki gjöra ráð fyrir, að það sè til að fá siglda reglugjörð, eins og sagt hefir verið, því það er einginn tryggíng í því; en hitt yrði ekki til annars, en að skrifa nafn sitt undir; það er ekki til neins, að staðfesta, ef eingu má breyta. Eg hefi ekkert vantraust til stiptsyfirvaldanna, að þau mundi gjöra það vel, þó það hafi mistekizt fyrir þeim einu sinni eða tvisvar sinnum áður; en það er rángt í *principinu,* meðan stjórnarherrann hefir æðstu umsjón allra slíkra stofnana, og því er rètt, að þetta, eins og vandi hefir verið til, lúti undir hans samþykki, og ef leggja á gjöld á bæinn til þess, þá er sanngjarnt, að stjórnin hafi umsjón með slíku fyrirkomulagi, svo það verði hvorki of þúngbært nè óhentuglega fyrirkomið, og væri eg í stað stiptsyfirvaldanna, þætti mèr einmitt þægilegt, að velta af mèr ofmikilli ábyrgð, sem ætíð er gott að losast við; þau geta eins komið sínu fram fyrir það.

Framsögumaður: Eg vil einmitt, að stiptsyfirvöldin ekki skuli geta velt þessari ábyrgð af sèr; hinn 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, að stjórnarherrann mundi fylgja uppástúngum stiptsyfirvaldanna; til hvers er þá þetta leyfi til að breyta? En eigi hann ekki að hafa leyfi til að breyta neinu, þá á ákvörðunin ekki við, og þá er hún þýðíngarlaus. Eg sagði áðan, að eg sæi ekki nauðsyn til, að síðari hluta 2. gr. væri haldið, og að meiri hluti nefndarinnar mundi ekki verða fastur á honum; en það er þó alltènd það, að sjái stjórnarherrann, að reglugjörð stiptsyfirvaldanna sè óhafandi, þá getur hann

neitað um samþykki sitt; það þykir, ef til vill, tignarlegra, að hafa nafn hans undir reglugjörðinni; eg fyrir mitt leyti trúi stiptsyfirvöldunum eins vel fyrir því og stjórnarherranum.

Pètur Pètursson: *Framsögumaður* hèlt, að það væri tilgángslaust og ekki til neins, ef stjórnarherrann samþykkir; en það væri að svipta hann rètti til að breyta; en það er annað, að vera sviptur einhverjum rètti og að neyta hans; eins og t. a. m. ef stiptsyfirvöldin í málefnum latínuskólans ekki mætti gjöra annað en samsinna; það er annað, að hafa rètt til þess og þess, annað að nota hann; þetta er því ekkert áhorfsmál.

Arnljótur Ólafsson: Eg get nú ekki þakkað *framsögumanni* fyrir upplýsíngarnar; hann sagði, að það hefði verið þörf á skóla í 30 ár. Eg skal nú ekki segja neitt um það; en hitt veit eg, að um 1830 var þörf á peníngum til barnaskóla hèr, og feingu yfirvöldin síðan peníngastyrk úr Thorkellísjóðnum; en þegar það ekki fèkkst leingur, fór skólinn á höfuðið. Þetta sýnir einmitt, að barnaskóli hèr fær ekki staðizt, nema með þvíngun, og í annan stað, þar sem bæjarmenn hafa eigi sjálfkrafa stofnað neina barnaskólamynd, er það hin ljósasta sönnun þess, að mönnum þyki eigi þörf á barnaskóla eða finni eigi til þeirrar þarfar. *Framsögumaður* sagði, að reikníngur minn væri rángur. Þetta getur nú verið; en það er enn ósannað; hann talaði síðan um áætlun, sem gjörð væri í frumvarpinu um tómthúsmannaskattinn; það eru 1,140rd.; því er þessi merkilega áætlun ekki lögð hèr fram, svo menn þurfi ekki annaðhvort að fella barnaskólann, eða trúa í blindni, eður þá hugsa með sjálfum sèr, að áætlun þessi muni vera enn rángari en mín? Hvernig eiga menn annars að tala um mál, sem ekki er lagt fyrir? Vèr eigum hèr á þíngi að samþykkja kostnaðinn til skólans. Það er merkilegt, að *framsögumaður* skuli ekki geta gefið neinar upplýsíngar um, hvað kenna eigi, hann sem bæði er kennari og 1 úr bæjarstjórninni; hann stíngur upp á, að bæjarstjórnin skuli semja reglugjörð, og vill þó eingar upplýsíngar gefa. Þá hefir verið talað um, að biðja um að stjórnarherrann búi til reglugjörð; eg held það veiti varla af því, ef allir í bæjarstjórninni eru eins ófróðir um kennsluna og tilgáng skólans, sem *framsögumaður* er. Þegar svona er í garðinn búið, að hvorki er sýnt, hvað skólinn muni kosta, nè hvað þar eigi að kenna, get eg ekki gefið atkvæði fyrir honum.

Forseti: Eg skal geta þess, að annar þíngskrifarinn, hinn heiðraði þíngmaður Snæfellínga, hefir tjáð mèr, að hann yrði að

gánga af fundi, sakir embættis forfalla, og hefir hann feingið hinn heiðraða þingmann Skagfirðinga til að taka skrifarasæti sitt á meðan; eg vona einginn þingmanna hafi neitt á móti því.

Framsögumaður: Þingmaður Borgfirðinga sagði, að það sýndi, að skóli ekki væri nauðsynlegur, að hann hafi fallið, þegar hann missti fèstyrkinn; og að ekki sè rètt, að leggja álögur til slíks á menn. Það eru allir, sem viðurkenna og segja, að það sè þörf á skóla hèr í bænum, og það segja menn, sem færari eru til að dæma um það sökum kunnugleika, en þingmaður Borgfirðinga; hann kvartar yfir, að ekki hafi verið upplýst, hvað kenna eigi; en þess var aldrei að vænta, að það yrði nákvæmar upplýst hèr; því reglugjörðin er ókomin, hún er einmitt í vændum; og það er mín skoðun og sannfæring, að bæjarstjórnin og stiptsyfirvöldin geti eins vel samið hana, eins og ráðherrann; en ef hann trúir honum betur, en stiptsyfirvöldunum, hann um það; honum er þá innanhandar, að greiða atkvæði fyrir 2. gr. frumvarpsins óbreyttri; hann talaði um kostnaðinn; hann verðnr að afsaka, þó mönnum hafi ekki dottið í hug, að leggja áætlunina um kostnaðinn fyrir hann í hinum einstöku greinum, þegar stiptsyfirvöld og stjórnin ekki hafa fundið ástæðu til að reingja hana.

Þórður Jónassen: Mèr þótti hinn heiðraði *framsögumaður* vera allt of þúnghentur á þingmanni Borgfirðinga, og það því fremur, sem mèr virtist að það, sem hann fór fram á, væri á gildum og góðum rökum byggt; því það er þó vissulega í eðli sínu, að þingið fái að sjá einhverja áætlun yfir það, hvað skólinn muni kosta, og hvernig nefndin hugsar sèr viðhald hans, kennslufyrirkomulagið og annað þar að lútandi; en um þessi atriði sagðist hann ekki þurfa að gefa þingmanni Borgfirðinga nokkra skýrslu; þessa skoðun get eg með eingu móti aðhyllzt; eg held þvert á móti, að þingið eigi fulla heimtu á því, sem þingmaðurinn tók fram. Eg verð líka að vera hinum heiðraða sama þingmanni algjörlega samþykkur í því, að Reykjavíkurbúar þyrfti að leggja fram andlegt fátæktarattesti, áður en farið er að stofna hèr skóla, einúngis til þess, að börnin geti lært þar að lesa og numið barnalærdómsbókina; því eg sè einga nauðsyn á slíkum skóla; Reykjavíkurbúar eru bæði skyldir til og fullfærir um, að láta börnum sínum slíka uppfræðslu í tè, og það er því eingin ástæða til þess, að lètta þessari skyldu-fræðslu af þeim; en þetta virðist mèr þó sè nefndarinnar hugsun, þar sem hún hefir breytt 1. grein frumvarpsins, og þraungvað kennslunni innan svo

þraungra takmarka, að hún nær ekki yfir annað eða meira, en að börnin skuli læra að lesa og að læra kristindóminn. Slíkur skóli er hèr óþarfur. Eg hefi hugsað mèr, að skólinn ætti að láta annað og meira í tè, að þar yrði kennd skript, rèttritun, reikningur, landafræði, saga, danska, líkt og átti sèr stað í skólanum, sem hèrna var áður; í þann skóla geingu kaupmanna- og embættismannabörn, einnig börn tómthúsmanna, og lærðu þær lærdómsgreinir, sem nú var getið; slíkur skóli er hèr nauðsynlegur og æskilegur, og það held eg líka sè meiningin í frumvarpi stjórnarinnar í 1. gr. því þessa þekkingu þarf hver maður að hafa, og hana geta margir foreldrar ekki látið í tè. Nefndin virðist þar á móti að hafa haft fyrir sèr almúgaskóla í þreingstu merkingu, en hans er eingin þörf. Eg er líka viss um, að slíkur skóli mundi verða þunnskipaður. Það hefur opt verið sagt, að sú heimakennsla, sem hèr í landi á sèr stað frá hendi foreldranna, væri miklu betri en skólakennsla, og það eru fyllileg sannindi, og þetta staðhæfir líka merkur ferðamaður útlendur, Dr. *Schleisner*.

Þegar því nefndin vill einúngis koma upp almúgaskóla í þeim skilníngi, sem nú var tekið fram, verð eg að vera því öldúngis mótfallinn; þar til er eingu kostandi; annað mál er það, ef skólinn yrði líkur því, sem hann var hèr áður, og á þeim skóla þurfa menn hèr að halda.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður hefir víst eigi lesið uppástúngur nefndarinnar, eða lesið þær mjög fljótlega; því það er sagt í uppástúngunni, að í Reykjavík eigi að stofna skóla, sem börn geti notið kennslu í; en það er óákveðið, hvað kenna skuli; það er komið undir reglugjörðinni, sem enn þá vantar, því það er ætlazt til, að hún verði samin síðar, og þá ákveðið, hvað kenna skuli. Hann blandar saman skyldunni, að láta börn sín gánga í skólann, og því, að mönnum gefist kostur á því, að koma þeim þángað; en það er svo ólíkt, að eg skil ekki því menn geta talað, eins og sumir gjöra. Nefndin gat ekki ákveðið, hvað yfirgripsmikil kennslan skyldi vera; því að það er undir reglugjörðinni komið, sem á að ákveða kennsluna; en það fannst nefndinni nauðsynlegt að ákveða, nær menn skyldi skyldir til, að láta börn sín gánga í skólann. Eingin getur hèr betur en hann skýrt frá því, hversu kostnaðarsamt það er, að fá hèr kennslu handa börnum sínum; því eg veit hann hefir kostað miklu fè til þess, og mèr þykir því ekki ólíklegt, að hann hafi fundið til þess, að barnaskóla vant-

ar. Það getur verið, að réttara hefði verið, að leggja áætlunina fram, þó þess varla geti verið þörf; því að það hefir verið sagt, að það hafi verið ætlað á, að það þyrfti 1,140 rd. til viðurhalds skólanum, og er það þá með öðrum orðum: svona mikið kostar skólinn. Eg skal nú ekki neita því, að heimakennslan er holl, en hún er hollust í sveitum; hér í Reykjavík tálmar svo margt kennslunni, eins og í hverjum bæ, þó ekki sé stór; enda er það í hverjum bæ um allan heim, að menn hafa skóla, svo börn fái numið það, sem þau þurfa og foreldrarnir óska.

Páll Sigurðsson: Eg held það sé svo mikið ljóst af þessum umræðum, að það sé ekki vandalaust fyrir oss sveitamennina, að greiða atkvæði í þessu máli; ef ekki koma fram nægari upplýsingar, en nú eru komnar, þá held eg, að eg fylgi hinu gamla orðtæki: „sértu í vafa um, hvað þú átt að gjöra, þá láttu ógjört". Tveir þingmenn, sem eru hér úr bænum, hafa nú talað sinn í hvora áttina um nytsemi og nauðsyn þessa skóla, og það þykir mér nú tortryggilegt. Ef eg skoða málið frá grundvelli, vil eg vita, hvort allur þorri bæjarbúa óskar eptir þessum barnaskóla; mér er nú nær að halda, að svo sé ekki, heldur að allur þorri bæjarbúa, tómthúsmennirnir, mæli á móti honum, og byggi eg það á rauðu skjali, sem borið hefir fyrir menn hér á lestrasalnum. Sé svo, að ekki sé nema fáir embættismenn og borgarar og kaupmenn, sem vilja koma skóla þessum á stofn, þá þykir mér ísjárvert, að greiða atkvæði fyrir því, að þraungva tómthúsmönnum til að borga það, sem þeir ekki vilja, og mundi mönnum í sveitum þykja slíkt ísjárvert og ógjörníngur; þeir sem óska eptir skólanum, ætti þá líka að bera kostnað þann, sem af skólastofnuninni leiddi að mestum hluta. Það hefir verið sagt, að Reykjavíkurbúum ætti ekki að vera óhægra, að kenna börnum sínum til uppfræðslu í guðsorði og góðum siðum, en mönnum til sveita, og þó þeir nú væri til, sem ekki gæti eða vildi gjöra það sjálfir, þá er ástatt svo hér í bænum, að hægt mun vera að fá tilsögn. Eg veit því ekki, af hvaða rót þessi barnaskólabæn er sprottin; en 1857 kom það mál frá stjórninni, og var þá fellt, því efni vantaði; eg veit ekki, hvernig það er í garðinn búið, hvort það er að eins frá fáum, eða fjöldanum; sé það svo, að fjöldinn sé því móthverfur, þá vil eg ekki gefa atkvæði mitt fyrir þessu.

Pétur Pétursson: Það er misskilníngur hins 1. konúngkjörna þíngmanns og þíngmanns Borgfirðínga um kennsluna; en það er fyrirgefanlegt, því nefndarálitið er nokkuð ógreinilegt; það bætir klásúlu

við frumvarpsgreinina, þessu nefnilega: „skulu foreldrar“ o. s. frv.; þessi viðauki nefndarinnar átti að vera í grein sèr, eða þá að bæta því við 1. greinina: „Í Reykjavík o. s. frv“, og hefði það farið betur. En það er betra eins og það er í frumvarpinu; því þar er sagt: „sem nauðsynleg þykir fyrir hvern mann“; þetta segir, hve lángt eigi að gáuga, að allir fái þar uppfræðíngu, ef þeir vilja; þetta er betra, en „kennsla í“ sem nefdin hefir stúngið upp á. Þessi kennsla, sem nauðsynleg er fyrir hvern mann, er að minni meiníngu innifalin í því, að læra að lesa, skrifa, reikna, nema landaskipunarfræði, dönsku, o. s. frv. Þetta er nauðsynlegt að ákveða. Þetta er nú mín meiníng og vil eg taka mèr það breytíngaratkvæði, að við uppástúngu nefndarinnar: „skulu foreldrar“ verði bætt sem viðauka við 1. gr. stjórnarfrumvarpsins, en halda „kennslu“ stjórnarfrumvarpsins. Mèr þykir nú illa farið, að þíngið ekki getur sèð áætlunina um kostnaðinn; því þíngmönnum er vorkun, þó þeir hafi ekki ljósa hugmynd um fyrirkomulagið; en eg held, að ef haldið er við uppástúngur stjórnarfrumvarpsins, að kostnaðurinn verði ekki svo mikill, að bærinn geti ekki borið hann. Slíkar áætlanir eru aldrei áreiðanlegar, það verður optast meira, þegar til framkvæmdanna kemur; en þær eru þó betri en ekki, eða þó ekki sè eiginleg áætlun, þá að tiltaka vissa summu.

Þórður Jónassen: Hinn heiðraði *framsögumaður* hèlt eg kynni ekki að lesa, eða eg hefði lesið í flýti uppástúngu nefndarinnar; en eg held eg bæði hafi lesið hana rètt, og skilið hana rètt; því það stendur með berum orðum, að í skólanum skuli verða kennt, það sem ákveðið er í lögum, að hver maður skuli nema, en það er að læra að lesa og læra spurníngarnar eða barnalærdóminn. Þetta mun vera lögboðið í tilskip. Krist. 6. frá 3. júní 1746, og þegar nefndin er að tala um lögboðna uppfræðslu, hlýtur hún að hugsa sèr þá, sem nú er lögboðin, ekki þá, sem verður lögboðin, og hún segir það heldur ekki, því hún segir: „það sem ákveðið er í lögum“, það er, þeim sem nú gilda.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þíngmaður hefir það fyrir sèr, að það er sagt í uppástúngu nefndarinnar, að börnin eigi að geta notið þar kennslu; en það er eigi tekið til, hversu mikil hún skuli vera, en það getur vel verið, að betur hefði farið, að orða það nákvæmar t. a. m. í því, sem almennt er kennt í öðrum slíkum skólum; eg hefi ekkert á móti því, ef þíngið vill svo og finnur eitthvert orð, sem við á, en skylda foreldra til að láta börn sín ganga í skólann á ekkert skylt við það. Það er einúngis tekið fram, nær foreldrar skuli

skyldir til þess; hinir eiga einúngis kost á því. Það er efalaust misskilníngur, þar sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður þóttist kunna betur við orð frumvarpsins „nauðsynleg fyrir hvern mann“; því þá kemur fram spurníngin: „hvað er nauðsynlegt“. Maður getur, ef til vill, sagt, að ekkert sè nauðsyulegt, nema það sem lög bjóða; en það er ekki ávallt sagt, að allir sè samdóma í því, hvað nauðsynlegt sè; sumir kalla það nauðsynlegt, sem öðrum þykir ekki nauðsynlegt; eg býst við, að eigi allir telji t. a. m. landafræði nauðsynlega; og er hún þó mörgum nauðsynleg, og svo verður það um hvað eina. Nefndinni þókti ekki tiltækilegt, að fara að til taka neitt um það, en á hinn bóginn óljóst í frumvarpinu; því að út af því mátti leiða: einúngis að læra að lesa.

Pètur Pètursson: Nefndin hefði getað það vel, hefði hún fylgt frumvarpinu; því þar er sagt, að börnin eigi að læra í skólanum, það sem sè nauðsynlegt fyrir hvern mann.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg held eg fari nú eins og hinn heiðraði þíngmaður Rángvellínga, að eg verði í vafa um, hvernig eg á að gefa atkvæði mitt í þessu máli, eptir því, sem ræður manna stefna; en eptir þeim máta, sem þíng þetta hefir haft híngað til, með að vilja stofnsetja nýja skóla, þá virðist mèr ekki ótilhlýðilegt, þó þessi væri látinn koma upp ásamt hinum; því svo sýnist, að það sè að leggja grundvöllinn til landsheilla, að kenna úngdóminum að þekkja guð sinn og góða siði. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir tekið það glögglega fram, að hèr í Reykjavík sè hin mesta nauðsyn að fá barnaskóla, og þetta mun satt vera, og þegar það er óumflýjanleg nauðsyn, þá tjáir ekki að tala um, hvað það kosti, heldur einúngis þakka fyrir, að það fáist, og grípa tækifærið, því menn vita að dýrt er drottins orð.

Framsögumaður: Nefndin hefir ekkert á móti því, að leggja fram áætlunina um kostnaðinn, ef menn vilja það.

Vilhjálmur Finsen: Áætlun sú, sem bæjarstjórnin hefir samið um kostnaðinn til barnaskólans, er gjörð til að senda hana stjórninni; en eg get ekki álitið hana skuldbindandi, þegar á að fara að stofna skólann, heldur álít eg, að þá verði gjörð regluleg ný áætlun, og að þá megi fara eptir því, sem bæjarstjórninni lízt haganlegast og bæjarbúar óska.; það er einginn vafi um, að allar raddir, sem vilja fara varlega í málið, muni þá koma fram og að málefnið þá muni verða yfirvegað svo nákvæmlega, sem mögulegt er. Það er það verulegasta í þessu máli, að bæjarstjórnin hefir álitið bænum fært að stofna

barnaskóla og farið fram á leyfi til þess; eg held það sè eðlilegast og frjálslegast, að alþingi láti slíkt sveitarfèlag ráða að mestu sjálft sínum málefnum, og eg held því, að rèttast væri, að þingið aðhylltist uppástúngu bæjarstjórnarinnar og færi ekki að grípa fram fyrir hendur á henni, þegar ekki er fram komin nein ástæða fyrir því, að neitt ísjárvert sè í því. Eg álít fyrir mitt leyti, að hèr sè mikil nauðsyn á barnaskóla, ekki einúngis vegna uppfræðíngarinnar, heldur einnig og það ekki síður til þess, að styðja að góðri reglusemi og framförum yfir höfuð (já, rètt!).

Þórður Jónassen: Eg get þó ekki fellt mig við skoðun hins heiðraða konúngkjörna þíngmanns, sem nú settist niður, að þíngmenn eigi algjörlega að aðhyllast uppástúngu bæjarstjórnarinnar, án þess að láta sína skoðun koma eiginlega fram, því þá væri það tilgángslaust, að bera málið undir þíngið; eg held málið geti grætt á tillögum þíngmanna, og að þeir, margur hver, geti lagt eitthvað skynsamlegt til þess. Þetta verð eg að halda, þrátt fyrir það traust, sem eg hefi á hinni heiðruðu bæjarstjórn. Eg skal enn fremur leyfa mèr að taka það fram, að mèr þykir stjórnarfrumvarpsins 1. gr., betur orðuð, en hjá nefndinni, og orðin þar, hvað kennsluna snertir, yfirgripsmeiri, að því leyti þar segir, að í skólanum skuli veitt börnum sú kennsla, er þyki nauðsynleg fyrir hvern mann, og þar undir heyrir það vissulega, að kunna að skrifa og reikna, kunna dönsku, dálítið í landafræði og sögu, rèttritun og þess konar, sem ekki felst undir þeim orðum nefndarinnar: „sem í lögum er ákveðið“.

Sveinn Skúlason: Hèr eru enn eingar þær upplýsíngar komnar fram, er geti leitt mig til að greiða atkvæði mitt fyrir þessu máli, hversu gjarna sem eg vildi styrkja nefndarmenn þessa fyrir góða liðveizlu í öðru máli; því eg sè ekki, að menn hèr geti haft efni á, að stofna barnaskóla fyrir svo dýra dóma, sem þíngmanni Borgfirðínga sagðist frá; og líka er óvíst, hvort menn vilja þetta eða ekki, meðan ei er gjörð grein fyrir, hvað kennt verði.

Arnljótur Ólafsson: Mèr er skylt að hafa þá tiltrú til hinna heiðruðu nefndarmanna, að trúa því, sem þeir hafa sagt um þetta; en hvað feginn, sem eg vildi, get eg þó ekki trúað því, svo að eg gefi því atkvæði mitt. Eg veit, að bæjarmenn hafa verið kallaðir eitt sinn hèr á ráðstefnu, og verið spurðir að, hvort þeir vildi hafa barnaskóla, en þeir neituðu því (*H. Kr. Friðriksson:* nei). Eg get fært rök til þess, að þessi eina tilraun, til að fá samþykki bæjarbúa fór svo, að einginn þeirra vildi hafa skóla svona lagaðan, sem eigi

var heldur nein furða. Það er ekki von til, að menn vilji gánga að því, að leggja 1 rd. gjald á hvert nef; eg segi hvert nef, því árið 1855 var fólkstala hèr ekki meiri en 1,350 manns. Það er undarlegt, að svo samvizkusamir menn um hvert túskildíngsvirði, sem hinir háttvirtu bæjarstjórar eru, skuli vilja kosta svona miklu til, án hlutaðeiganda samþykkis eða vilja. Er það af því, að þeir sjálfir eiga svo mörg börn? Nei, bæjarstjórnin á ekkert barn, og heldur eigi sumir bæjarstjóranna. Það eina, sem þeir ætti þó að vita, er hvað kenna skyldi, en þeir segja það sè í reglugjörðinni; en eg veit nú ekki, hvað í henni kann að koma; það á að vera hið sama, sem kennt er í öðrum barnaskólum í Danmörku, segja menn. Eg veit nú, að hinn háttvirti *framsögumaður* hefir haft það gagn af Kaupmannahafnarveru sinni, að hann veit, hvernig barnaskólunum þar er háttað; þeir eru sannarlegt *malum necessarium,* eður „hið náttúrlega illa". Þar er búið við, að börnin detti út í rennisteinana, eða troðist undir vagnhjólunum, ef þau eru eigi dregin í skóla; enda hefi eg aldrei á æfi minni sèð villtara stóð, en börnin eru í þessum barnaskólum; en barnaskólans þarf varla hèr, til þess að börn geti ólátast í honum; því þau geta farið fram á mela eða upp á tún til þess; eg veit heldur ekki til, að barnaskóli sè í neinum þeim bæ, sem ekki eru fleiri í, en 11—1200 manns. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefði átt að lesa ræður þær, sem haldnar voru á Englandi nú fyrir fám árum síðan; þar var viðurkennt, að þar væri mýmörg börn, sem ekki kynni að lesa, en þó vildu þeir ekki stofna barnaskóla, því þeir voru vissir um, að sú hvöt, sem væri hjá foreldrunum, til að láta börn sín læra, mundi alveg slokkna, ef það yrði gjört að nauðúng. Eg álít, að þeir menn, sem hafa búið til þetta afkvæmi, að eg eigi segi afskræmi, hafi farið of mjög eptir útlendri fyrirmynd. Það eru helzt Rússar og Danir, sem hafa marga barnaskóla, en Englendíngar kæra sig ekkert um þá. Það væri betra að hafa hèr sjómannaskóla eða iðnaðarskóla, eða þá að líta í einhverja bók að lesa, svo sem rèttritunarbók hins háttvirta *framsögumanns,* sem mèr þykir vænt um, en fylgi þó aldrei, eða þá geógraphíuna hans, sem eg virði mikils, en hefi þó aldrei lesið; það væri þeim þarfara, segi eg, en að vera á slóri fullir um göturnar. Kennslan í þessum barnaskóla á að vera kennsla í, hún mun helzt verða kennsla *í í:* ja, eg veit ekki *í hverju.* Á hún að vera í öllu því, sem hèr er kennt í heimahúsum í Reykjavík; eg er þó ekki svo ókunnugur, að eg viti það ekki; það er sum sè gríska, latína, saga, reikníngur, skript, landa-

fræði, enska, frakkneska, o. fl.; ef kennslan á að verða í öllu þessu í barnaskólanum, þá vil eg samþykkja, að lagður sè 1 dalur á nef hvert af 1,140 manns, það er á hvern bæjarbúa nema úngbörnin, sem jafnan eru saklaus.

Halldór Jónsson: Eg verð að álíta, að hið konúnglega frumvarp, sem hèr liggur fyrir, sè til orðið af gildum ástæðum; eg get því síður efazt um nauðsyn barnaskóla í Reykjavík, og að þessi nauðsyn sè almennt viðurkennd, sem meðlimir bæjarstjórnarinnar, og fleiri bæjarmenn mæla með því, að skólinn komist á. Og þó sumir bæjarmenn og tómthúsmenn kunni nú að vera honum mótfallnir, ímynda eg mèr, að óvilji þessi mundi hverfa smátt og smátt, eptir því sem skólinn betur sýndi sínar heillaríku verkanir, og að margir mundi nota hann, sem nú láta kenna börnum sínum með miklu meiri kostnaði. Annars felli eg mig betur við frumvarpsins 1. gr., en breytíngar nefndarinnar við hana, einkum að því, er snertir nauðúngarkennsluna; það er óþarft að taka það fram hèr, sem áður er í lögum. Nú mega og eiga prestar, eptir lögum, að taka börn frá foreldrum, sem ekki láta kenna þeim kristindóminn, og koma þeim fyrir, þar sem þeim verður kennt; og þegar á þvílíku þyrfti að halda í Reykjavík, mundi barnaskólinn verða sá staður, sem þvílíkum börnum yrði komið fyrir í til kennslu.

Stefán Eiríksson: Það hefir nú margt og mikið verið rætt um þenna barnaskóla, og er það að vísu eðlilegt; því nefndarálitið gefur tilefni til þess, þar sem það í fyrra niðurlagsatriði sínu að eins talar um, að börnum verði kennt það, sem lög á kveða, og hver húsfaðir er skyldur til að kenna börnum sínum; en væri nú kennt í þessum skóla landafræði, reikníngur, skript og danska, þá þætti mèr líklegt, að hver tómthúsmaður og Reykjavíkurbúar væri ekki að vola og væla um kostnaðinn; og í 2. gr. í stjórnarfrumvarpinu er ráðgjört, að í skólanum verði að fá þá kennslu, sem vanaleg er í þesshättar skólum í Danmörk; þar sem því hefir verið hreift, að bónin um skóla þenna væri einúngis komin frá bæjarstjórninni, þá sýnist mèr nú ekki, að fremur þurfi að reingja um nauðsyn skólans fyrir það; það sèst líka af ástæðum fyrir frumvarpinu, að hver bæjarstjórnin fram af annari hefir álitið, að skólans þyrfti við. Mig furðar annars á, að hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga og þíngmaður Rángvellínga, skuli vera svo fastir á, að það þurfi að leita atkvæða um þetta mál hjá tómthúsmönnum, þar sem þeir í dag álitu það einga ábyrgð fyrir þíngið, að deingja upp á landsmenn

kostnaði til þriggja búnaðarskóla, af því að eins hefði komið um það bænarskrá úr einu kjördæmi; mèr sýnist að menn þessir komist þarna ofur laglega í mótsögn við sjálfa sig. Það hafa þó verið fram færðar gildar og góðar ástæður af *framsögumanni* um, að tómthúsmenn væri ekki mótfallnir skólanum, og látum nú vera, að það sè einn eða tveir, þeir vega þó ekki upp á móti bæjarstjórninni. Eg fyrir mitt leyti verð að gefa bæjarstjórninni, að hún hafi eins mikið vit á nauðsyn skólans og tómthúsmennirnir, og því finnst mèr, að eg ekki verði í neinum vafa um, hvernig eg skuli greiða atkvæði í þessu máli.

Forseti: Þar eð fundurinn hefir nú þegar staðið í 7 stundir, en fleiri þingmenn hafa beðið sèr hljóðs, þá vil eg ekki slíta umræðunum um þetta mál, en verð að fresta þeim til næsta fundar, sem eg ákveð á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

---

6. ágúst — tuttugasti og sjöundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg vildi minna hina heiðruðu þingmenn á það, að tíminn er nú orðinn naumur, og því ríður á að nota hann vel, og vil eg því biðja þingmenn, að koma snemma á fundi; þó *konúngsfulltrúi* sè ekki kominn, má lesa álitsskjölin á meðan.

Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst *framhald af undirbúníngsumræðunni í málinu um stofnun barnaskóla hèr í Reykjavík. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður úr Reykjavík.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Þetta mál var rætt mikið á fundi hèr í gær, og tóku flestir vel undir það, nema tveir þingmenn. Eg verð nú að játa, að mèr kom óvart, að hinn 1. konúngkjörni þingmaður skyldi mæla móti skólanum, þar sem hann áður hefir mælt með honum, og þar sem málið er nú komið eins lángt, og það er nú komið. En einkum var það hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga, sem mælti móti skólanum; það er skaði, að hann er ekki kominn, til að heyra, á hvað föstum grundvelli mótmæli hans voru byggð; hann sagði, að á bæjarsamkomunni hefði einginn mælt með skólanum; en en eg get frætt hann á því, að allir borgararnir, sem þar voru viðstaddir, gjörðu það þó, nema einn, sem var skól-

anum mótfallinn, ásamt með nokkrum tómthúsmönnum. Það er merkilegt, að koma með slík mótmæli nú, þar sem þetta mál hefir þó verið svo leingi á prjónunum; þar sem hver dómkirkjupresturinn fram af öðrum, hver bæjarstjórnin fram af annari, og hver stiptsyfirvöldin fram af öðrum hafa fundið nauðsyn skólans, og allir játa það, að hans sè þörf. Mönnum þykir nauðsynlegt, að mæla fram með öðrum stofnunum, sem einn þíngmaður ber upp; en því, sem komið er frá svo mörgum, setja menn sig í móti, sökum þess, að nokkrir mæla á móti því; menn heimta nú að sjá skýra áætlun um, hvað skólinn muni kosta á ári í hverju einu; þessa þurfti þó ekki við um búnaðarskólann, sem alls eingin áætlun var gjörð um hvað mundi kosta; og þó fèllst þíngið á stofnun hans; en hèr er nú öðru máli að gegna, þar sem kunnugir menn hafa upp á dalatal sagt, hversu mikill kostnaðurinn mundi verða. Það, sem hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga var að tala um nefskattinn, þá skjátlar honum í tölu bæjarbúa; það eru ekki 1,100 hèr í bænum, heldur 1,400 manns. Það mætti til taka nákvæmar um kennsluna, ef eitthvert það orð yrði fundið, er næði út yfir það, er kenna ætti í skólanum, og eg skal eigi verða á móti því; því að eg vil, að lagaboðið sè sem skýrast orðað, og að fyrirkomulag skólans sè sem bezt eptir þörfum bæjarins. Hèr er ekki að tala um neina nauðúngarkennslu, því að það er eingaungu nauðúngarkennsla, þegar foreldrar vanrækja að kenna börnum sínum að lesa og kristindóminn; í þessum skóla á nú að kenna annað, en það, sem lögin bjóða að kenna eigi hverju barni. Þar sem hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga var að segja þíngmönnum frá því, að það væri eingin nauðúngarkennsla á Einglandi, og því vildi hann einga nauðúngarkennslu hafa hèr, þá gleymdi hann því, að lögin bjóða nauðúngarkennslu, og því verður hann þá líka að afnema lögin. Að öðru leyti held eg slíkur skóli gæti orðið saunlega til þess, að þeir yrði færri, er þíngmaður Borgfirðínga fèlli um hèr á götunum, ef hann annars hefir oltið um svo marga. Þíngmaðurinn úr Norður-Múlasýslu vildi fallast á 1. gr. frumvarpsins óbreytta, og skal eg í því tilliti segja honum, að nefndinni er ekki svo annt um orð eða orðaskipun, þegar tilgángurinn næst; en hann hefir ekki gáð að því, að í 2. gr. frumvarpsins er sagt, að í reglugjörðinni fyrir skólann eigi að ákveða skyldur bæjarbúa við skólann; nefndin vildi taka skyldurnar fram í lagaboðinu, svo bæjarstjórnin og yfivöldin eigi gæti haft neitt gjörræði við í því efni síðar, og því má eins fallast á nefndarlitið, eins og frumvarp ð.

Konúngsfulltrúi: Eg vil biðja hinn heiðraða *framsögumann* að skýra þínginu frá, hve nær þessi borgarafundur var haldinn í Reykjavík í barnaskólamálinu, því það gæti má ske orðið þíngmönnum til skýríngar.

Framsögumaður: Þessi fundur var haldinn um vorið 1856 eða 1857.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla nú að bregða út af vana mínum, og standa upp meðal hinna fyrstu. Því hefir verið hreift, að mönnum mundi erfitt að gefa atkvæði í þessu máli vegna ókunnugleika; það kom mèr nú til, að standa upp, og biðja þá, er kunnugir væri, að gefa þær upplýsíngar, er þeir gæti.

Eg get ekki borið á móti því, er hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að nefndin færi ekki eins lángt og frumvarpið; mèr þykir vanta í niðurlagsatriði nefndarinnar þetta: „er þykir nauðsynlegt fyrir hvern mann"; mèr þykir það náttúrlegt, þó honum þætti slæmt að þetta vantaði; eg vil að meira sè kennt, en að lesa og búa menn undir fermíngu. Hvað nú það snertir, að þetta sè nauðúngarskóli fyrir tómthúsmenn, þá skil eg það nú ekki, að þeir vilji ekki að börnum sínum sè kennt, nema svo sè, að þeir óski, eins og maður nokkur forðum, að allir stafir sè teknir úr stafrófinu og ekkert kennt; ef nú svo er, að þeir ekki vilja kosta neitt til uppfræðíngar barna sinna, eða vilja losast við þá þvíngun, sem þeim þætti á sig lögð, þá er þeim það innan handar, ef þeir vilja láta kenna þeim heima, það sem lögin bjóða að kenna hverju barni, sem ekki á að heita hundheiðið.

Hvernig skólanum eigi að vera hagað, mun reglugjörð fyrir skólann ákveða á sínum tíma; en það væri betra að vita, hvað kennslan ætti að ná lángt, eða til taka nákvæmar, hvað væri álitin nauðsynleg menntun fyrir hvern mann, hvort það lýtur að því, að þessi skóli væri nokkurs konar almúgaskóli. Eg væri nú viss um, að margir í sveitum vildi láta börn sín gánga í þenna skóla, þó að þeir þyrfti að gefa með þeim, og því undarlegra þykir mèr, ef Reykvíkíngar skyldi vilja dragast aptur úr. Það er ein kennslubók í Danmörku, „Hjorts Börneven", sem er mjög hentug og fróðleg fyrir börn, sem ætti að verða menntaðir bændur síðar; og eg væri viss um, að ef hún væri útlögð á íslenzku, þá mundi alþýða kaupa hana og lesa sèr til mikils gagns, og eg held tómthúsmanna börnin þyrfti þess með.

Um það, hvort skólinn sè nauðsynlegur, úr því geta nú kunnugir menn skorið; en hvað það snertir, að hann mundi hafa kostn-

að í för með sèr, svo að það þyrfti að leggja á álögur, þá ber eg nú ekki traust til þess, að fátæklíngar eigi að hafa stjórnina eða skera úr málinu vegna skattanna, sem það kann að hafa í för með sèr; það væri sama og gefa fátækustu sveitarmönnum sveitarstjórnina í hendur. Tómthúsmenn gátu verið búnir að koma með mótbárur sínar og segja, að þeir vildi ekki skóla, nè gjalda til hans, því að þeir eru fyrir nokkru búnir að fá atkvæðisrètt.

Það er þrennt, sem hèr er að taka tillit til, hvort skólans þarf, hvort menn vilja hann, og hvort það sè unnt að koma honum á vegna efnaleysis; og þegar nú kunnugir menn segja, að ekkert af þessu þurfi að standa í vegi, þá getur þíngið gefið atkvæði með skólanum, fyr ekki, því að atkvæðagreiðslan verður að vera bundin við það.

Guðmundur Brandsson: Það lítur svo út sem barnaskólar ætli að eiga fremur erfitt uppdráttar hjá oss; hinn fyrsti mun hafa verið sá, sem stofnaður var á Hausastöðum, sem eptir nokkur ár fèll um koll; hverjar orsakir þar til hafa legið, veit eg ei með vissu, enda gjörir það lítið til í þessu máli, sem nú liggur fyrir; síðan var hann settur hèr í Reykjavík 1830, og varð þá að taka fè til hans úr Thorcheliisjóði, svo hann gæti staðizt; en þegar þenna fjárstyrk þraut, þá gat skólinn ekki staðizt, og varð að hætta við svo búið; nú er farið að tala um hann á ný. Þetta, að tilraunirnar eru ávallt að lifna aptur og aptur, sýnir, að skólans er þörf, og um það held eg nú enginn efist, því hèr er orðið svo mannmargt, einkum af tómthúsmönnum. Það hefir nú verið gjört ráð fyrir, að hann mundi árlega kosta 1,140 dali; en 1853 þegar talað var um þenna barnaskóla hèr á þíngi, þá var haldið, að ekki mundi veita af 1,500 döl-um; þá var gjört ráð fyrir, að af þeim 160 börnum, sem væri í Reykjavík frá 7 til 14 ára gömul, mundi rúmlega 100 þeirra ganga í skólann; sama er nú ráðgjört, og að þar með mundi fást 600 dalir í kennslukaup; en að hinu, sem þá vantaði, yrði að jafna niður á bæjarbúa, bæði með húsaskatti, lóðartolli og aukaútsvari. Beri menn nú vanaleg bæjargjöld Reykjavíkurbúa saman við þenna kostnað til skólans, þá verður hann $^2/_3$ partar á móts við bæjargjöldin, sem munu að meðaltali vera 6 rd. á hvern gjaldþegn; en skólakostnaðurinn eptir sama hlutfalli 4 rd., þegar kennslukaupið yrði þar með talið; sá sem því núna geldur 12 dali, yrði þegar svona væri komið að gjalda 20 dali, og væri það töluverð viðbót; en dragi maður frá kennslukaupið, sem eingaungu leggst á þá, sem börnin eiga í í skól-

anum, þá koma 2 dalir á hvern að meðaltali, eins á þá, sem börnin eiga sem aðra, og yrði þetta mörgum tilfinnanlegt. Eg hefi nú ekki séð áætlunina um, hvað margir kennarar eigi að vera; 1853 var gjört ráð fyrir 2 kennurum, og einum kvennmanni að auk, til að kenna stúlkubörnum; ef nú ætti ekki að vera nema 1 kennari, þá held eg, að honum mundi veita örðugt, að kenna 100 börnum eða fleiri, þar sem í latínuskólanum þarf marga kennendur, til að kenna 40 piltum; en ef nú kennendunum yrði fjölgað, þá væri það nýr kostnaður, og ef börnin yrði færri í skólanum, en til er ætlazt, þá þyngdi aptur aukaútsvarið á gjaldþegnunum. Eg hefi nú heyrt sagt, að framfarirnar í skóla þeim, sem hèr var frá 1830—1849, hafi ekki verið miklar, og eldri börnin hafi sagt hinum yngri til; hefir þetta líklega komið af því, að kennarinn hefir ekki komizt yfir, að segja til svo mörgum börnum, sem í skólann geingu; líkt gæti farið núna, ef kennararnir yrði of fáir í samanburði við börnin, sem kenna ætti. Það var stúngið upp á því 1853, að taka part af Thorcheliisjóði til þessa barna-skóla; þá var því mótmælt af sumum þíngmönnum, af því hann væri ætlaður til uppeldis fátækum börnum í Kjalarness-þíngi; eg vil nú spyrja: hvaða gagn er að sjóði þessum, ef hann er ekki notaður til neins? Og hvað er á móti því, að Reykjavík fái sinn hlut úr honum? En sjálfsagt ætti þar í að vera innifalinn sá styrkur, sem hún hefir áður úr honum feingið; ef að þessi skóli heppnaðist nú vel, þá kynni að lifna laungun hjá fleirum að fá barnaskóla, einkum í fjölbyggðum sjóplássum, t. d. á Álptanesi eða í Hafnarfirði, því þar er fjöldi barna. Það er ekki kennslan ein, sem er á að líta, heldur er það líka hlýðnin og reglusemin, sem börnin venjast við, og sem þeim er svo ómissandi; því það kemur meiri festa á úngdómsár þeirra; eg stíng því upp á, að hreifa við Thorcheliisjóði á þann hátt, sem eg hefi sagt, annaðhvort að brúka vextina af honum, og held eg þeir mundi þó lítið nægja; eg held það væri bezt, að skipta höfuðstólnum milli hreppanna eptir manntali, og þá ætti Reykjavík að taka undir sjálfri sèr það, sem hún hefði áður feingið, eins og eg áðan drap á, og vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu.

Þórður Jónassen: Eg tók það fram við undirbúníngsumræðuna, að eg ekki gæti orðið því meðmæltur, að kom hèr upp almúgaskóla, eins og mèr virðist nefndin vera að mæla fram með, en að það væri öðru máli að gegna, ef skólinn feingi það fyrirkomulag, að þar yrði látin í tè sú kennsla, sem vant er að veita í svo kölluðum

borgaraskólum, eða sá, sem hèr var veitt, meðan barnaskólinn, sem svo var kallaður, var hèr uppi.

Að mótmæla skóla í þessum skilníngi, dettur mèr ekki í hug; eg álít hann miklu fremur æskilegan og nauðsynlegan fyrir þenna bæ, og í þessu held eg allir verði að vera samdóma. Það hefir verið sagt, að tómthúsmennirnir vildi ekki slíkan skóla; þetta getur verið, og það eru enda færðar sannanir fyrir því, að svo sè; eg kalla það nú miður farið, ef svo er; en þar af gæti þá ekki leitt annað en það, að tómthúsmennirnir ætti að vera lausir við, að greiða nokkuð til skólans, af þeirri ástæðu, að þeir láti ekki börn sín gánga í hann; en þó mikið mæli fram með þessu, þá er þó hins að gæta, að þegar sveitarfèlagið ákveður eða stofnar eitthvað, sem öllu sveitarfèlaginu getur orðið að gagni, og öllum er gefinn kostur á, að hafa gagn af, þá virðist ekki betur, en að allir eigi að leggja til slíkrar stofnunar, það sem hún þarf með. Hinn heiðraði 4. konúngkjörni þíngmaður tók það fram, að skólinn mundi ekki verða stofnaður í stóru broti; eg held það sè líka æskilegt, að svo verði gjört; það er hægt að færa hann út, þegar þörf gjörist, og eg held, að þegar skólinn er kominn á, muni bæjarbúar og tómthúsmennirnir líka, ekki einúngis sætta sig við hann, heldur fá áhuga á honum, og þá verður allt hægra með að gjöra hann úr garði, og auka hann eptir þörfum.

H. G. Thordersen: Eg verð að standa upp og tala fáein orð í þessu máli; eg verð að lýsa því yfir, að á einstöku stöðum er mesta nauðsyn á barnaskóla, svo sem í ýmsum sjávarplássum, og þá einkum og sèr í lagi hèr í Reykjavík; þetta veit eg af reynslu, því að eg hefi hèr leingi verið prestur. Áður hafði eg fyrstur byrjað á slíkum skóla hèr í Reykjavík, því að borgarar höfðu *privat* feingið mig til að kenna börnum sínum, og eptir það eg var farinn, feingu þeir annan, þángað til stofnaður var almennur skóli, sem stjórnin tók að sèr að styrkja, og þessi skóli stóð nú þegar eg kom híngað aptur sem prestur, er eg var í 10 ár, og verð eg að gefa þeim börnum, er í hann höfðu geingið, þann vitnisburð, að þau voru bezt uppfrædd yfir höfuð, bæði að skrifa og aðdáanlegt var það, hvað vel þau voru mörg að sèr í reikníngi, þar sem jafnvel mörg stúlkubörn reiknuðu í höfði sèr erfið dæmi; og því tóku kaupmenn allmarga dreingi úr þessum skóla sèr til aðstoðar, eptir að þeir voru staðfestir; svo mörgum veitist með þessari menntun atvinnuvegur, og gafst þannig fyr en ella færi á, að verða foreldrum sínum jafnvel til nokkurs liðs. Af þessu sjá nú allir, hvað skólinn er gagnlegur og nauð-

synlegur; eg gæti sagt meira, en eg vil hlífa mèr við því, því eg vona, að þetta nægi til að sanna nauðsyn skólans; þó má bæta því við, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður talaði með fullum sanni um reglusemina, sem af því leiddi, að börnin hefði vissa tíma, sem þau væri bundin við, og ekki mætti vanrækja; þá geta líka foreldrarnir verið óhræddir um þau, meðan á þeim tímunum stendur, að þau eru ekki að ólmast út á götum, sjálfum sèr og kann ske öðrum til meins eða vansa. Eg bæti því við þessa lýsíngu mína, að hvað lestur og kristindómsþekkíngu viðvíkur, þá voru mörg bæði bænda- og tómthúsmannabörn ei síður að sèr í þessu en skólabörnin, þar sem þessi aptur báru af hinum í margri annari þekkíngu, svo sem skript, reikníngi, landafræði og sögu.

Hvað það snertir, að tómthúsmenn eru á móti skólanum, eins og eg hefi heyrt, þá þykir mèr það sorglegt að vita til þess, að þeir skuli ekki enn þá vilja þekkjast svo nytsama og góða stofnun; eg vona, að þeir sjái að sèr, þegar tímar líða, ef ei nú þegar, og þiggi skólann, ef hans er kostur, og þá vil eg að þeir fái að koma börnum sínum inn á hann; en allt ósamlyndi og óánægja er leið, og á ekki að vera milli manna, er saman eiga að búa; en þó vil eg ekki, að neinni kúgun sè við þá beitt. Eg fyrir mitt leyti vil heldur ráða til, að taka skólann sem borgaraskóla, eins og hann að mestu hefir verið híngað til, og lifa í voninni um, að tómthúsmenn, þó ei verði fyr en seinna, sjái hvað þeim sè til gagns og sóma í þessu efni, eins og eg þá líka vona, að þó skólinn sè stofnaður eptir minni mælikvarða, en nú er gjört ráð fyrir, muni á þeim tíma einhverjir útvegir finnast til að rýmka hann, og ætla eg því ekki að leingja þíngræðurnar um þetta mál, heldur fela forsjóninni að sjá fyrir þessu, eins og öðru.

Að endíngu ætla eg að geta þess, að mèr datt í hug, þegar eg heyrði talað um borgarasamkomuna, að menn hefði átt að halda samkomu aptur um þetta efni, til þess að komast eptir, hverjir væri með og móti þessum skóla, og menn hefði getað lagt það fram hèr á þíngi; þetta tel eg með undirbúníngsleysi, eins og stundum vill verða á málum hèr.

Hvað skólinn muni kosta, kemur oss helzt við, og óviðkomandi menn þurfa ekki að taka sèr það nærri, því hèr er ekki talað um byrðir á landsmenn yfir höfuð; aðrir geta sagt við oss: sjáið þèr sjálfir fyrir því. Um Thorcheliisjóð álít eg ótímabært að tala; það kemur eigi þessu máli við.

Guðmundur Brandsson: Mèr er forvitni að vita, til hvers á

að verja þessum sjóði, fyrst ekki má nefna hann hèr á nafn. Eg held þó, að kollektusjóðnum hafi verið varið ólíkara tilgángi sínum, en þó þessum sjóði væri varið til barnaskóla, og skeð gæti, að til hans yrði gripið, þegar fram liði stundir, til einhvers annars, sem má ske væri miður nauðsynlegt; að minnsta kosti get eg ekki skilið, að það sè neitt djarfmæli, að nefna það. Hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, að öðrum kæmi ekki við að tala um kostnaðinn heldur en þeim, er ætti að bera hann; það getur nú verið, að það sè satt, en hvers vegna lagði þá stjórnin frumvarp þetta fyrir þíngið, hefði það ekki átt að skipta sèr neitt af þessu? Það er ekki nóg að segja, að hèr skuli stofna barnaskóla á kostnað Reykjavíkurbúa, en sjá lítil eða eingin ráð til þess; mèr finnst, að á þíngmönnum liggi siðferðisleg ábyrgð í þessu máli, og því kom eg með uppástúngu mína, til þess skólinn kæmist á; eg var hræddur um, að hann kynni annars að kollsteypast.

Ásgeir Einarsson: Hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður sagði, að kostnaðurinn kæmi Reykvíkíngum eingaungu við, en stjórnin segir þó, að það eigi undir atkvæði alþíngis. Um skattinn á alþíngi að tala, og það kemur þíngmönnum við, fyrst þeir eiga að leggja atkvæði á það, og þess vegna þarf að skýra málið, áður en geingið er til atkvæða um það.

Pètur Pètursson: Eg verð að játa, að eg hefi aldrei getað skilið í því, hvers vegna stjórnin hefir borið það undir álit alþíngis, hvort þörf sè á barnaskóla í Reykjavík; því það er bæjarbúa að finna til hennar, og ekki líklegt, að aðrir sè færari til að dæma um það; hitt get eg betur skilið, þó hún beri undir þíngið kostnaðinn; því þó Reykjavík sè sveitarfèlag fyrir sig, þá er hèr þó að nokkru leyti að ræða um almennt málefni, þar sem er að leggja skatt á íbúa Reykjavíkur. Það var annað mál með prestaskólann, því að hann var fyrir allt land, og því var þíngið þar spurt um álit sitt, hvort hann væri nauðsynlegur eða ekki. Mèr finnst vandhæfi á fyrir þíngmenn út um landið, að segja, hvort barnaskólinn sè nauðsynlegur; því að þá yrði þeir að þekkja álit Reykjavíkurbúa og allar þar að lútandi kríngumstæður; en með því stjórnin hefir nú lagt þetta mál fyrir þíngið, þá verður það að segja álit sitt um það. Eptir því, sem eg þekki, þá væri æskilegt, að kæmist á skóli, ekki eingaungu fyrir borgarana, heldur og fyrir alþýðu, hvort sem það væri nú 2 skólar eða 2 bekkir í sama skóla, því kennslan yrði að vera nokkuð ólík, ef þörfum manna væri fullnægt. Einkum held eg al-

þýðuskóli væri nauðsynlegur, því að borgararnir geta haft ráð til, að útvega sèr mann til að kenna, sem tómthúsmennirnir geta ekki komið við, vegna þess að þá vantar hentugt húsnæði og annað fleira. En það er ekki nóg, að vèr sjálfir sjáum þörfina á þessu, ef hlutaðeigendur ekki sannfærast, og eg hefi þótzt verða var við það hèr á þinginu, að menn væri skólastofnun mótfallnir. Það kann að vera betra en ekkert, að fá borgaraskóla; því ekki er það ólíklegt, að tómthúsmenn, þegar þeir sæi gagn hans, yrði fegnir að nota hann, eins og hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður sagði; en þá þyrfti skólinn að vera í svo stórum stýl, að eg held að borgararnir gæti ekki risið undir kostnaðinum af þvílíkum skóla, án hjálpar tómthúsmannanna; og fyrst nú vilji tómthúsmanna er eins og hann er, þá held eg væri nauðsynlegt, ef stofna ætti skólann, að það sè innleidd nauðúng að sækja hann; menn verða stundum að gánga hart að mönnum, þegar þeir sýna, að þeir hafi eingan vilja eða áhuga á, að afla börnum sínum nauðsynlegrar uppfræðíngar. Að öðru leyti verð eg að vera samdóma hinum háæruverðuga 2. konúngkjörna þíngmanni, að þíngið hefði átt að vita vilja bæjarmanna, áður en það skæri úr þessu máli, og þessi óvissa gjörir, að eg fyrir mitt leyti er í nokkrum vanda staddur með að greiða atkvæði mitt.

Vilhjálmur Finsen: Það er mín skoðun, að ef frumvarpið geingur í gegnum, þá eigi menn ekki að byrja þenna skóla í stórum stýl í fyrstu, og eg álít, að áætlun sú, sem nú hefir verið gjörð og send stjórninni, geti ekki verið bindandi í því tilliti, heldur hafði eg hugsað mèr, að menn færi í fyrstu eptir efnunum; eg vil t. a. m. segja, að menn gæti byrjað með, að leigja hús handa skólanum, og taka að eins 1 kennara; það er því eingin ástæða til að hræðast áætlunina, eins og hún er nú.

Páll Sigurðsson: Það er furða, þar sem svo mikið hefi áður verið rætt um þetta mál, að það skuli enn vera svo mikil þoka yfir þíngmönnum. Eg heyri á ræðum sumra þíngmanna úr sjálfri Reykjavík, að þeim þykir margt ábótavant; það hefði átt að fást margar upplýsíngar, svo sem um það, hvort Reykjavíkurbúar vilji kosta til barnaskóla; því ef þeir ekki vilja kosta til hans, þá er hart, að þvínga þá til þess; en verið getur, að með samkomulagi hefði mátt koma lagi á þetta, og eg ímynda mèr, að ef stofnunin kemst á fót, þá muni smátt og smátt þeir fjölga, sem vilja nota stofnunina; þetta á ekki að vera nauðúngarskóli, nema fyrir þá, sem sjálfir ekki vilja mennta börn sín í kristindóminum; það er sorglegt,

hvað eitt mál fyrir eitt sveitarfèlag ætlar að kosta landsmenn. Eptir því, sem eg komst næst seinast, virðist mèr lóðarskatturinn ekki ætla að verða svo lèttbær fyrir tómthúsmennina; en það mætti umbreyta honum svo, að hann yrði lèttari á tómthúsmönnunum, og þýngri á borgurunum; kynni þeir þá heldur að gánga inn á þetta mál, því það er óíært, að þingmenn gefi atkvæði með því, að leggja skatt á menn, er geta sjálfir kennt börnum sínum kristindóminn, til þess, sem þeir ekki vilja hafa, og þegar jafnvel hinn 3. konúngkjörni þingmaður er í vafa um atkvæði sitt, þá er ekki undarlegt, þó eg sè það; því eg vil ekki vera í vegi fyrir því, að menntastofnanir komi hèr inn í landið; en hins vegar vil eg skoða, hvort komin sè sá tími, að þær geti orðið að gagni, og sýnist mèr, ef einginn vill hafa þenna skóla af tómthúsmönnum hèr, að ekki sè til neins, að fara því á flot, að stofna hann fyrir þá, heldur verði þá embættismenn og borgarar og kaupmenn að kosta hann einir.

Þórður Jónassen: Eg verð út af ræðu hins 3. konúngkjörna þingmanns, að því leyti hann var að mæla fram með nauðsyn almúgaskóla í straungum skilníngi, að ítreka það, sem eg hefi áður sagt, að eg áliti slíkan skóla hvorki nauðsynlegan nè gagnlegan; það skyldi þá einúngis vera þess vegna, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þingmaður tók fram, að varna því, að börnin væri allt af að hlaupa iðjulaus á götunum, og hafast þar að, ef til vill, ýmsan ósóma; eg tek það því upp aptur, að ef sá skóli, sem hèr ræðir um, ekki á að vera, nema blátt og beint almúgaskóli, þá er eg honum alveg mótfallinn; því eg skil ekki, að Reykjavíkurbúar þurfi hans með, og þetta hefi eg tekið, að eg ætla, ýtarlega fram við undirbúníngsumræðuna.

Jón Hjaltalín: Það er sorglegt tímans teikn, þegar menn heyra þær meiníngar koma frá menntuðum mönnum hèr á þíngi, er draga efa á það, sem er viðurkennt milli allra menntaðra þjóða í heiminum; eg hefi reyndar ekki heyrt allar þíngræðurnar um þetta mál, en eg hefi samt heyrt nóg. En það var einn bóndi hèr á þínginu, sem talaði og talaði vel; hann óskaði þess, að kunnugir menn segði sèr, hvort þörf væri á barnaskóla hèr, hvort menn vildi hann, og hvernig fyrirkomulagið ætti að vera; en það liggur ekki hèr fyrir, að tala um fyrirkomulagið, en hitt er okkar að segja álit okkar á því, hvort þörf sè á skólanum eða ekki. Þeir sem nú vita, að hèr eru 240 börn í bænum, sem gánga um göturnar án þeirrar tilsjónar, sem menn heimta fyrir börn á þeim aldri, sem eiga að fá gott

uppeldi, þeir veit eg að óska allir, að hèr kæmi barnaskóli, og það sem allrafyrst. Sumir vilja skóla að eins fyrir sum börn, en ekki fyrir sum; þeir vilja skóla fyrir embættismannabörnin og borgarabörnin; en þeir vilja ekki það, sem menn kalla almúgaskóla, heldur vilja þeir einhvern borgaraskóla; á þetta get eg ekki fallizt; því eg held, að tómthúsmannabörnum liggi enn þá meira á slíkum skóla, heldur en embættismanna- og borgarabörnunum. Þessi síðastnefndu hafa þó einhverja kennslu og eitthvert tillit, en hin fyrsttöldu hafa lítið af hvorutveggja. Ræður sumra þingmanna hafa líka lotið að því, að í þessum skóla ætti að kenna svo og svo mikið í bókum; en þegar menn aðgæta, til hvers skólinn er, þá sjá menn, að hann er ekki einúngis til þess, að menn læri hitt eða þetta í bókum, heldur og til þess, að venja börn á reglusemi, iðjusemi og hlýðni, og það er það mesta góða, sem af skólanum flýtur. Hèr sjá menn of mikið af því, hvernig börn hlaupa tilsjónarlaust svo að segja allan daginn sjálfala um göturnar; gluggar eru brotnir, steinum er kastað í hesta og stundum á menn, og um þetta er börnunum kennt, og mun stundum allt of mikið hæft í því. Það er einginn efi á því, að skortur sá á reglusemi, iðni og hlýðni, sem hèr er, er því að kenna, að hèr er einginn barnaskóli, og að það þess vegna er hin mesta þörf á slíkum skóla fyrir öll börn hèr, og ekki einúngis fyrir embættismanna- og borgarabörnin, en og svo eigi síður fyrir tómthúsmannabörnin. Þingmaður Borgfirðínga tók England til dæmis upp á það, að menn þyrfti einga barnskóla; en hann ætti að lesa það sem einhver hinn merkasti maður á Englandi segir um Englendínga í því efni; hann segir, að þar sè 4 millíónir manna á Englandi, sem hvorki sè læsar eða skrifandi, og þykir mèr því ekki vert að taka Englendínga til fyrirmyndar í því, sem þeim beztu mönnum hjá þeim þykir fara í ólagi, og sem þeir alvarlega skora á stjórnina og þjóðina að laga sem allra fyrst. Það væri betra að skoða það, hvernig Preussen, Þýzkalandi, Rússlandi og fleirum löndum fleygir áfram vegna þess, að hjá þeim eru skólarnir í svo góðu lagi. Eg skil ekki, að nokkur sè sá, sem geti efazt um, að skóli sè hèr nauðsynlegur. En hvað kostnaðinn snertir, þá er mèr það óljóst, hvort hann verði mikill eða ekki, og get eg því ei um það dæmt, hvort bærinn getur borið hann eða eigi; en þá er ráð við því, og það er, að sníða sèr stakk eptir vexti. Mèr sýnist að menn geti byrjað, þó efni sè lítil, því góð byrjun veldur góðu áframhaldi. Það hefir verið sagt, að þetta sè ekki vilji sumra bæjarmanna, og það getur verið, að einstaka tómthúsmenn

sè á móti því; en eg efa þó, að þeir sè margir. Eg var hèr fyrir 2 árum á almennum bæjarfundi, og heyrði eg þá suma þar efast um, hvort menn ætti að fara að stofna barnaskóla í Reykjavík, og voru það eingir tómthúsmenn; því eg heyrði eingan þeirra mæla í móti því, og flestir þeirra greiddu atkvæði með því. En þó nokkrir fáeinir ekki vilji barnaskóla, á það að hamla oss frá því, að halda áfram með skólann? Mèr skal það að minnsta kosti ekki hamla frá því. Ef vèr, sem sitjum hèr, til þess að gefa hin hollustu ráð, sem vèr vitum eptir beztu sannfæringu, eigum þannig að fara eptir allra vilja, þá er eg hræddur um, að vèr verðum sjálfir viljalitlir og ónýtir þjónar. Þetta ætti þingið vel að íhuga, bæði í þessu og öðrum málum; því undir því er komið álit þess, bæði í þess eigin og þjóðarinnar augum.

Gísli Brynjólfsson: Eg hefi nú í nokkura tíma verið að furða mig á þeirri deyfð, sem allt í einn sýnist að vera komin inn í umræður manna hèr á þingi um þetta mál. Eg hafði ímyndað mèr, að mjög svo litlar eða eingar mótbárur mundi rísa á móti aðalatriðinu í þeim uppástúngum, sem hèr um ræðir, og mèr brá því heldur en ekki við, þegar eg nú sè, að mönnum allt í einu er eins og dottinn allur ketill í eld um þetta mál. Það hefir verið sagt, að hèr væri flokkur manna í bænum, sem vildi ekki hafa barnaskóla, eins og það líka er með öllu víst, að hèr er þó einnig annar flokkur, sem einmitt vill hafa hann; en eg verð þó að segja það, að eg hefi ekki sèð neinar mótbárur koma hèr fram á þinginu frá þessum flokki, sem á að vera á móti barnaskólanum, og eg sè ekki, að þingið sè skylt, að hafa nokkuð tillit til þess, þó einhver komi með einhverjar sögusagnir um það. Eg held annars, að það hafi nú ætlað að sannast á þessu máli, sem sagt er, að opt kviknar mikið bál af litlum neista; því þegar hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga fyrst fór að koma fram með nokkrar mótbárur á móti barnaskólanum hèr í Reykjavík, þá fór hann í fyrstu svo hægt í allt, að eg ímyndaði mèr leingi vel, að hann væri að eins að gjöra að gamni sínu; hefði eg því og helzt viljað, að menn hefði þá strax svarað honum á sama hátt; en það hefir nú síðan komið fram, að honum var full alvara með mótmæli sín, og verður þá einnig nauðsyn, að svara honum líka á nokkuð annan hátt. Hann sagði þá fyrst, að það væri undarlegt, að menn skyldi þurfa á barnaskóla að halda hèr í Reykjavík, sjálfum höfuðstaðnum, sem þó einkum væri sá hluti landsins, „er þeinkti og ályktaði“; en eg verð þó að segja honum, að mèr þykir það ei

síður undarlegt um hann, svo reyndan mann og sem þeinkir svo vel og ályktar sjálfur, að hann skuli nú hafa gleymt því, að í lífi manna hefst sem optast fyr eða síðar það skeið, sem menn hafa kallað *„stadium reflectionis“* á illa latínu. Þetta er það æfiskeið, þegar menn fyrst fara að þeinkja og álykta, og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga veit eins vel eins og eg, að þetta skeið því miður einnig er það, þegar menn einkum fara að komast út úr því sakleysisástandi, sem honum sýnist að vera svo sárt um að missa; og vil eg því enn fremur spyrja hinn háttvirta þingmann, hvort hann, svo skarpskygn maður, geti nú ei ímyndað sèr, að það kunni að koma af því, að Reykjavík sè nú komin á þetta skeið, eður einmitt af því hún þeinkir og ályktar, að hún þarf nú á annari barnauppfræðingu að halda, heldur en meðan hún enn var í því sakleysisástandi, sem oss öllum líkar svo vel í sveitunum, og óskum að þar megi haldast sem leingst. En til þess að tala í alvöru, þá hefir það verið nógsamlega sýnt og sannað hèr á þingi, að mikill munur er í sveitum og bæjum eða fjölbyggðum sjávarplássum; því í bæjunum hafa foreldrar ekki svo tíma eða kríngumstæður, til þess að kenna börnum sínum sem í sveitum, og þess vegna þarf skóla þar. Það var svo að sjá, sem ein ástæða hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga á móti barnaskóla hèr í Reykjavík hefði einkum mikil áhrif á þingið, og var það þegar hann fór að segja þinginu frá, hvernig menn skoðuðu barnaskóla á Einglandi; en það fór þá illa, að hann skyldi fara svo herfilega skakkt í því, sem hann sagði viðvíkjandi skólunum á Einglandi; og verð eg yfir höfuð að furða mig á því, um svo fróðan mann, að sú ógæfa sýnist að fylgja honum, að villast heldur en ekki út af rèttri leið, hve nær sem hann fer að taka dæmi af útlöndum og þá einkum Einglandi. Það var nú fyrst eins og menn, ef til vill, muna enn, að hann sagði það snemma hèr á þinginu, að þjóðþingið enska væri í upptökum sínum runnið af sömu rót sem sveita- eða hreppanefndir; eg mótmælti því þá þegar, og þó hann þá ei vildi viðurkenna, að eg hefði rètt, nema með tilliti til lávarðanna, þá veit eg þó, að hann mun nú viðurkenna, með sjálfum sèr að minnsta kosti, að undirhúsið er ei í rauninni fremur runnið af þeirri rót, sem hann þá sagði. Því næst kvað hann hafa sagt, því eg var því miður ei viðstaddur á þeim fundi, að „amtsráð“ væri í öllum löndum, nema á Einglandi; en þó það nú sè víst, að amtsráð í þeim skilníngi, sem hann vill hafa þau fyrir Ísland, sè í rauninni hvergi til, þá er það þó eins víst, að amtsráð í rèttum skilníngi eru í rauninni hvergi

eins góð, eins og á Einglandi, sem eðlilegt er; því þar svarar hin svo kallaða „*Grand Jury*“ eða „stórnefnd“ fyrir hvert skíri (fylki) beinlínis til þess, sem við mættum kalla ágæta sýslunefnd eða vorþíng í fornöld; og hefi eg að eins getið þessa, til þess að sýna, að það er eigi æfinlega allt svo áreiðanlegt, sem borið er fram með miklu sjálfstrausti og spekíngssvip. En því fremur vona eg nú og, að þíngmenn muni ei um of láta það villa sjónir fyrir sèr, þó hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga sè nú í þriðja skipti að villast með tilliti til Einglands, þar sem hann vildi telja oss trú um, að þar kærði menn sig alls ekki um barnaskóla, og það því síður, sem hann nú einnig er svo óheppinn, að komast í mótsögn við sjálfan sig, þar sem hann óefað hefir viljað byggja orð sín á því, sem hann hefir sjálfur skrifað í Skírni 1857, um umræðurnar á enska þjóðþínginu um barnauppfræðínguna á Einglandi. En þar segir nú einmitt svo (bls. 50): „1851, þá er fólk var síðast talið á Einglandi, voru næstum 4 millíónir barna og únglínga á aldrinum milli 5 og 15 vetra; af þeim voru 2 millíónir, er sagt var að geingi í einhvern skóla; en ekki sóttu þó nema 1,750,000 skólana; í skólum þeim, sem voru undir umsjón stjórnarinnar, voru 500,000 barna, en í skólum landsmanna voru 1,250,000“. Ef mönnum nú ei þykir þetta sönnun á móti hinum háttvirta þíngmanni Borgfirðínga, þá veit eg eigi, hvað sönnun má kalla; því af þessum tölum er það þó að minnsta kosti auðsætt, að barnaskólar eru til á Einglandi, og að Einglendíngar eru ei svo alveg hirðulausir um þá, sem hann vildi telja mönnum trú um. Hitt er annað, og á því hefir hinn háttvirti þíngmaður óefað villzt, að menn væri mjög svo á móti því á enska þínginu, þegar „Lorð John Russel“ kom fram með uppástúngur sínar, að gefa stjórninni svo mikið vald yfir skólunum, sem hann vildi; en þetta kemur eingan veginn af því, að menn væri á móti skólunum sjálfum, heldur að eins af því, sem er svo alkunnugt og í nánu sambandi við hina sönnu frelsistilfinníngu og annað þjóðarágæti Einglendínga, að þeir vilji helzt gjöra sem mest sjálfir, án þess að stjórnin skipti sèr af fyrirtækjum þeirra, ef þau á annað borð eru lögleg. Og veit eg þó ei, nema „Lorð John Russel“ hafi einmitt haft á rèttara máli að standa hèr, en þeir, sem á móti mæltu; því bæði er hann, sem alkunnugt er, einhver hinn mesti ágætismaður meðal stjórnarmannanna á Einglandi, og svo kann það og að vera satt, að það væri ei illa fallið, þó stjórnin hefði einmitt meira tillit með barnaskólunum þar, en hún híngað til hefir haft; en þá þykir mèr

það og að eins samboðið allri annari aðferð þingmanns Borgfirðinga í þessu máli, að vilja nú einmitt vera svo lángt á eptir tímanum, að hann fari þá einkum að hrósa því eða því, þegar hinir beztu menn eru orðnir sannfærðir um, að því þó sè eitthvað ábótavant.

Ekki get eg heldur gjört meira úr því, þó hann svo færi að ögra þínginu með Rússlandi, og vildi reyna að fæla menn frá, að stofna barnaskóla hèr, með því að telja oss trú um, að slíkir skólar þrifist hvergi betur, en einmitt á Rússlandi, sem menn leingi hafa álitið fyrirmynd alls ófrelsis í norðurálfunni. Því fyrst og fremst hefi eg aldrei heyrt neinn annan, en hinn háttvirta þingmann Borgfirðinga, telja Rússland sem fyrirmynd annara landa, með tilliti til barnaskóla, og þó nú svo væri, þá sè eg því næst einga ástæðu til þess, að hafna því, sem gott er, að eins af þeirri ástæðu, að það finnist líka á Rússlandi; því það á hinn háttvirti þingmaður enn eptir ósannað, þó honum hafi farizt nógu kænlega að smeygja þeirri meiníngu óbeinlínis hèr inn á þingið, að það sè einmitt barnaskólarnir, sem sè undirrót alls ófrelsis, hvort sem svo er á Rússlandi eða annarstaðar. En eg held líka þessu fari heldur en ekki fjarri, og þarf eg þá að eins að benda mönnum á Bandaríkin í Norður-Ameríku, sem þó allir menn viðurkenna, að nú sè frjálsustu lönd í heimi; því það hefi eg bæði lesið opt í bókum og eins líka heyrt Norður-Ameríkumenn sjálfa segja: „frelsi vort kemur eingan veginn að mestu leyti af því, að Norður-Ameríka er allsherjarríki og eingum konúngi háð, heldur miklu fremur af því, að barnamenntunin er svo almenn og í svo góðu lagi hjá oss, að hún mun hvergi vera önnur eins; því það er hrós vort, að hèr er ei sem á Englandi ótölulegur múgur fátækra manna, sem ekkert kunna, heldur má miklu fremur svo að orði kveða, sem hvert mannsbarn hèr í landi sè bæði lesandi og skrifandi, og kemur þetta að eins af því, að vèr höldum á allsherjar-kostnað svo ágæta barna- og aðra skóla, ekki að eins í bæjunum, heldur og einnig í öllum sveitum“. Þetta hefi eg heyrt marga menn úr þessum hinum frjálsu löndum segja, og held eg þingið ætti þó að minnsta kosti að hafa eins mikið tillit til þessa, eins og hins, sem þingmaður Borgfirðinga var að segja um Rússland. Og eins bið eg þingmenn og að treysta því ei um of, sem hann enn sagði um barnaskólana í Danmörk, að þeir væri ei nema til að kenna börnum að ólmast í; því þó eg kunni nú ei að þekkja þá eins vel og hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga, þá veit eg þó það, að svo er ei að minnsta kosti í Kaupmannahöfn; og hitt er miklu fremur víst, að

sumir ágætir barnaskólar þar hafa einmitt átt hinn mesta þátt í, að bæta allt barnauppeldi og menntan, þar sem áður voru órar og iðjuleysi. Þykir mèr því og vænt, að það hefir einnig verið tekið fram hèr á þinginu, að ein af ástæðunum til þess, að stofna barnaskóla hèr í Reykjavík, sè einmitt sú, að venja börnin af of miklu iðjuleysi og sjálfræði, þó svo líti út, sem hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga þyki miklu eðlilegra, að láta þau ólmast allan daginn út á Skildínganesmelum, eins og hann sagði.

En meira ætla eg nú ei að svo stöddu að tala um þessa hlið á málinu, því eg vona þó, að flestir þingmenn viðurkenni, að stofnun barnaskólans hèr í Reykjavík er alveg nauðsynleg; og hvað hinni annari mótbáru þingmanns Borgfirðinga um kostnaðinn viðvíkur, þá get eg hvorki gjört svo mikið úr honum sem hann, nè heldur treyst því, að hans reikningur sè svo miklu áreiðanlegri, en hins háttvirta þingmanns Reykvíkinga. En þar sem þingmanni Borgfirðinga yfir höfuð hætti svo mjög við að lýsa barnaskólanum eins og nokkurs konar skelfilega dimmri og voðalegri plágu fyrir Reykjavík, þá get eg þó ei gjört að mèr að segja, að það var þá hið mesta mein, að honum skyldi þá ei líka teljast til, að kostnaðurinn yrði 1,755 rd. í stað 1,750 að eins; því þá hefði þó átt svo vel við fyrir hann, fyrst hann á annað borð vildi fara út í þá sálma, að snúa nú líka gömlu pláguvísunni um Kötlugosið upp á barnaskólann, og láta svo tómthúsmennina ranla þetta fyrir munni sèr:

sautján hundruð fimmtíu og fimm
dala virði voðaleg
varð sú plágan dimm.

Því þess ber enn að gæta, að það er öll ástæða til að halda, að nokkuð annað leynist bak við mótspyrnu hins háttvirta þingmanns Borgfirðinga móti barnaskólanum, heldur en í raun og veru kemur fram; og ef satt skal segja, þá held eg ei, að hann sè í rauninni svo slæmur sem hann gjörir sig, eða hafi í sjálfu sèr svo mjög á móti barnaskólanum sem hann lætur, heldur á móti einhverju öðru, sem hann lætur ei alveg koma í ljós. Eg held, að hann fari nú að eins og slægur og vitur foríngi, sem lætur ei strax á því bera, hvað hann í rauninni ætlar sèr, en ræðst að eins í fyrstu að á ýmsum stöðum, þar sem menn sízt búast við honum, áður en hann gjörir sjálft aðaláhlaupið; og ef öllu er á botninn hvolft, þá held eg reyndar, að hinum háttvirta þingmanni Borgfirðinga sè í rauninni annara um, að frýja nefin á tómthúsmönnunum við þann skatt, sem

hann segir muni verða lagður á þá, heldur en að frelsa börnin í Reykjavík undan ánauð skólanna. Eg held, að það sè eiginlega á móti tómthúslóðatollinum, sem um hefir verið talað, að hann er að berjast svo ákaft, þó hann snúi sèr að eins að barnaskólanum eða ráðist þar á garðinn, sem hann ímyndar sèr hann lægstan; en eg verð þá að minna hann á, að það er eingan veginn sagt, að það sè rètt, að setja þenna lóðartoll í samband við stofnun barnaskólans; því hann á þó að eins að leggja á, ef menn að öðru leyti álíta hann rèttvísan og nauðsynlegan, og það kemur þá ei framar honum við, úr því hann einu sinni er runninn í bæjarsjóðinn, þó barnaskóli verði síðan settur hèr í bæ á kostnað þessa hins almenna sjóðs, ef menn einnig álíta það nauðsynlegt. En þó nú svo væri, að lóðartollurinn á tómthúsin væri beinlínis bundinn við stofnun barnaskólans, þá held eg þó, að það væri hreinlegra, ef menn að eins hafa á móti honum, að snúa sèr þá einnig beinlínis að þessum tolli, þegar til kemur, og fella hann, en vera ei hans vegna að leggjast í launsátur fyrir barnaskólann, og reyna að vinna launvíg á honum, eða finna upp í þeim tilgángi ástæður á móti honum, sem hvorki eru sannar, nè eiga við; og að minnsta kosti treysti eg þingmönnum svo vel, að þeir láti nú ei framar leiða sig af því, sem sagt hefir verið um skólana á Einglandi og Rússlandi, til þess að hafa á móti svo góðri og nauðsynlegri stofnun, sem barnaskóli væri hèr í Reykjavík.

Arnljótur Ólafsson: Það var mjög óheppilegt, að eg skyldi ekki vera allt af inni, því eg hefi líklega feingið marga ókroppaða hnútu frá fleirum en einum af hinum heiðruðu þingmönnum. En það, sem eg hefi sagt, er, að kostnaður til skóla þessa sè lagður á mönnum nauðugt, að kennslan í skólanum sè gjörð mönnum að lagaskyldu, og að menn sè neyddir til að kaupa þessa nauðúngarkennslu. Þetta er það eina, sem vèr vitum um skólann, og svo að þessi skóli muni árlega kosta 1750 rd., eða 1140 rd. minnst; það er 1 rd. fyrir nef hvert *(H. Kr. Friðriksson:* Hrakið !) það er ekki hrakið; hèr eru í bænum 1,200 manns þegar börn eru undantekin, og stendur það þá heima. Eg hafði á móti þvíngaðri skólakennslu, og það, sem eg sagði um hana, er ekki hrakið. Eg sagði ekki, að skólarnir væri í góðu lagi á Einglandi, heldur einmitt að þeim væri þar ábótavant, en að menn vildi samt ekki lögþvínga kennsluna þar, af því menn ekki vildi grípa fram fyrir hendurnar á mönnum; þar er reyndar mikið af skólum og það eru allt frjálsir skólar. Eg ætla mèr ekki að fara leingra fram í það, eða elta þingmann Skagfirðínga, þar sem hann

var að berjast við sjálfan sig, þar sem hann segir, að eg hafi sagt það, sem eg aldrei hefi sagt, og er svo að hrekja það, sem hann hefir rángt eptir mèr, og heldur um það hrókaræður, sem ekki eiga við, þegar um ákveðið málefni er að gjöra. Eg hefi ekki á móti barnaskóla í sjálfu sèr; en eg vildi vita, hvað menn ætti að fá fyrir þann skatt, sem á menn á að leggja, því álagan er þúng, og því er von, þó menn vilji hafa eitthvað fyrir hana. Ef menn halda skólanum fram, þá er annaðhvort að gjöra, að gjöra hann minni og sníða sèr stakk eptir vexti, eða þá að menn spreingja sig á honum. Eg hefi eingin undirferli haft í þessu máli; þó eg ekki vilji stofnsetja það, sem eg sè að verður að hníga um sjálft sig, þá er það sannarlega eingin undirhyggja; en eg ætla mèr ekki að fara út í það, að elta menn, en segi að eins það, að eg vil vita, í hvaða skilníngi á að stofna þenna skóla, og hvort kostnaðurinu muni ekki verða of mikill fyrir bæjarmenn; því um það á þíngið að segja álit sitt, en ef þíngið álítur ekki, að hann sè svo mikill, að bæjarbúum sè ofboðið, þá verða þeir að bera sína nefbyrði sjálfir, því eg get ekki hjálpað þeim til þess.

Ásgeir Einarsson: Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að þínginu kæmi fyrirkomulag skólans ekki við; en það er þó nokkuð af fyrirkomulagi skólans í 1. greininni, sem þíngmenn eiga að greiða atkvæði um, og sem því þess vegna kemur þínginu við. Þau fáu orð, sem hinn 4. konúngkjörni þíngmaður sagði, fèllu mèr vel í geð; það skýrði málíð, og þíngið verður að hafa mikið traust á tillögum hans í þessu máli, því hann er því svo kunnugur. Skýríngar hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* voru líka svo ljósar, að eg sè ekki betur, en þíngmenn geti með góðri samvizku gefið atkvæði sitt fyrir málinu, og vil eg óska þess, að þeir þíngmenn, sem þessu máli eru kunnugastir, beri sem fyrst upp breytíngaratkvæði sín, svo að menn geti því betur áttað sig á málinu.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg hefi ætíð glaðzt yfir því að vita, að barnauppfræðíngin væri hèr á landi í góðu lagi, og það er gleðilegt að heyra útlenda menn játa það, að menntun sè hèr almennari en annarstaðar; en þegar vèr fáum þetta hól, þá megum vèr þó ekki misskilja það svo, sem meiníngin sè, að almúgi vor sè betur að sèr í öllu, en almúginn í öðrum löndum; því meiníngin er sú, að almúgi sè hèr að vísu betur að sèr, hvað bókfræði snertir, en aptur á móti ver að sèr í því, sem við kemur hinu verklega í ýmsum atvinnuvegum. Í öllu því, sem við kemur góðri reglusemi,

hlýðni og samvinnu, stöndum vèr á baki annara. Þessi skortur kemur af því, að okkur vantar skóla. Þetta kemur bæði fram meðal alþýðu uppi í sveitum, en mest þar sem þèttbýlt er, einkum í bæjum og sjóplássum; þar er eins sýnilegur skortur á bóklegri kennslu þar að auki. Það er sorglegt að sjá, hvernig börn á þessum stöðum liggja eins og dýr upp við bæjarvegginn allan daginn, eða velta sèr um bæjarhlaðið, og venjast á það sem börn, að gjöra ekkert og læra ekkert; þetta er því miður of satt, og kemur líka fram á hinum fullorðnu; því eins og Íslendíngum er hrósað fyrir bókfræði, eins er þeim almennt brugðið um óreglu, leti og óhlýðni. Þetta er fullkomin ástæða fyrir því, að þörf sè á barnaskóla, og það hefir líka alþíngi viðurkennt 1853, að fullkomin þörf væri á barnaskóla í Reykjavík, þegar hið sama frumvarp, sem hèr er nú fram lagt, var fyrir þínginu. Mèr þykir það merkilegt, að nokkur menntaður maður skuli segja, að barnaskóli sè þrældómsmerki á enni manna; eg hefði ekki búizt við, að nokkur mundi segja slíkt, eða að hvergi sè barnaskóli í eins litlum bæ eins og hèr. Eg vil að eins nefna til Þórshöfn á Færeyjum, sem er helmíngi minni en Reykjavík, og er þar þó skóli, og auk þessa hafa Færeyíngar menn, sem gánga um bæja meðal, og kenna börnum þeirra; þetta sýnir hversu þeim er annt um uppfræðíngu barna sinna, að hún sè svo góð, sem þar er unnt. Eg vil ekki tala um skólakennsluna annarstaðar, því það er óþarfi. Það er alkunnugt, að það er álitin hvers lands hin fyrsta nauðsyn, að hafa skóla og kennslu handa börnum. Það er ekki heldur nein orsök til að segja, að vèr vitum ekki neitt um fyrirkomulag skólans, því vèr vitum, að skóli þessi á að vera eins og áframhald þess skóla, sem var hèr áður, eða eins og barnaskólar í öðrum bæjum. Það hefir verið sagt, að margir sè hèr móthverfir þessum skóla, en eins og þíngmaður Skagfirðínga sagði, er ekkert það hèr fram komið, er gefi mönnum ástæðu til að álíta svo, og þarf því þíngið ekki að hafa neitt tillit til þess, þó það sè sagt svo lauslega af mótstöðumönnum skólans. Það sjáum vèr, að þörfin á skólanum sýnir sig enn meiri en 1853, því þá voru að eins 160 börn á skólaaldri í Reykjavík, nú eru þau 240. Þó einstaka tómthúsmenn kynni að vera á móti skólanum, er það eingin ástæða á móti að stofna hann; þar til geta verið margar orsakir, bæði árferði og einhverjar aðrar sèrstaklegar kríngumstæður, en vèr tölum ekki um að stofna skóla undir sèrstökum kríngumstæðum, heldur skóla, sem á að standa um lángan aldur; um þetta er ekki til neins að gánga fyrir hvers manns dyr,

og fara að leita atkvæða um, hverjir vilji hafa skóla eða ekki; það geingi næst því, að fara að spyrja börnin sjálf og leita atkvæða þeirra um, hvort þau vilji fara í skóla eða ekki. Ef nauðsyn er á barnaskóla, þá þarf ekki meira; þá er sjálfsagt að stofna skólann, og þó kostnaðurinn verði nokkur, þá verður hann samt miklu minni, en þegar foreldrar verða hvorir sèr í lagi að fá sèr mann, til að kenna börnum sínum í heimahúsum. Mèr þótti mikið, að þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu, sem sýndi hèr eins og optar, að hann er skarpur maður og eptirtektasamur, jafnaði ekki saman, hvað kennslan kosti minna í skóla, en þegar foreldrar verða að borga tímakennslu heima í húsum sínum. Hann fann það að skólanum hèr, hinum fyrra, að hin eldri börnin hefði verið látin segja hinum yngri til; en þetta var gjört með vilja; þessi kennslumáti var þá álitinn hið bezta meðal til þess, að gjöra kennsluna aðgeingilegri og láta börnunum fara fljótt fram; því menn sögðu, að eldri börnin eða þau, sem skýrust voru, væri hinir beztu kennarar handa hinum. Þessi kennslumáti var almennur í Danmörku, þegar barnaskólinn var stofnaður hèr, og hafði einn merkilegur maður, Abrahamson, gjört sèr far um að koma honum á í öllum barnaskólum, og feingið konúng og stjórnarráðin til að fylgja því fram. Þetta kennslulag komst þá einnig á hèr í skólanum til reynslu, með samþykki biskupsins og dómkirkjuprestsins, sem þá voru. Hvort þessi kennslumáti hafi misheppnazt hèr, veit eg ekki; hann hefir má ske sína galla, en hann var valinn með ásettu ráði, og þetta var ástæðan, hvers vegna hann var valinn. Breytíng sú, sem nefndin hefir stúngið upp á við fyrstu grein frumvarpsins, er að minni hyggju ekki heppileg; hún getur má ske orðið til að villa, og tilgángur skólans getur jafnvel orðið misskilinn. Í 1. grein þarf ekki annað að standa, en að stofna skólann. Mèr finnst nú reyndar eingin ástæða til að skilja greinina þannig orðaða, sem nefndin hefir stúngið upp á, öðruvísi en greinina í frumvarpinu; því eg get ekki betur skilið, en að meiníngin í grein nefndarinnar sè sú, að þessi skóli skuli vera, eins og barnaskólar eru vanir að vera, þannig, að það sè frjálst fyrir þá foreldra, sem vilja, að láta börn sín gánga í hann, en þá að eins skuli þeir þvíngaðir til þess, þegar þeir láta ekki börn sín læra heima, svo mikið að minnsta kosti, sem lögboðið er að hvert barn skuli kunna; ef þetta er rètt skilið, þá er þetta ekki meiri þvíngunarskóli og ekki meiri þvíngun hèr, en alstaðar í landinu; því prestar eru nú sem stendur skyldir að sjá um, að börn læri það, sem ákveðið er í lögum að þau skuli

kunna. Það væri því æskilegt, að nefndin skoðaði huga sinn, hvort ekki mætti orða greinina betur, eða þá taka greinina í frumvarpinu óbreytta eins og hún er. Kostnaðurinn er eingin frágángssök, því eptir áætlun þíngmanns Reykvíkínga yrði kostnaðurinn árlega 1,140 rd., og ef nú 140 börn geingi í skólann og greiddi skólapeníng, þá þyrfti að eins að jafna niður 500 rd. á bæinn, og er það ekki mikið. Þó yrði þetta líklega enn minna, ef menn hefði tillit til þess, sem hinn 4. konúngkjörni þíngmaður sagði, að byrja smærra fyrst í stað; því þó skólinn byrjaði ekki svo stórkostlega, þá gæti hann aukizt og eflzt smásaman; en að vilja ekki stofna skólann, er sama sem að segja, að það sé bezt að hafa einga kennslu, eða einn kennara einn mánuðinn og annan hinn, eins og nú geingur, og sýnist mèr að alþíngi geti ekki látið það spyrjast um sig, að það vilji halda við þessu ástandi leingur.

Pètur Pètursson: Eg vil stínga upp á viðaukaatkvæði við 1. grein frumvarpsins þannig, að eptir orðin: „Í Reykjavík skal stofna skóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima geti notið þeirrar kennslu í, er þykir nauðsynleg fyrir hvern mann“ verði bætt: „sem almennt er kallaður vel að sèr“; en eg held að það sé óþarft, sem nefndin hefir skotið inn í: „skulu foreldrar og vandamenn“, o. s. frv., því það er ákveðið í lögum, að prestarnir eigi að sjá um, að þeim börnum, sem ekkert læra, sè komið fyrir á góða staði, hvar þau geti feingið tilsögn í því, sem ákveðið er í lögum að öll börn eigi að læra, og held eg sè nóg að fylgja frumvarpsgreininni, sem eg vil halda. Í 2. grein er sagt: „að stjórnardeild kirkju- og kennslumálefnanna skuli falið á hendur með ráði stiptsyfirvaldanna á Íslandi og annara þeirra manna, sem hlut eiga að máli, að skipa fyrir um fyrirkomulag skólans, og fara í því eptir þörfum og ásigkomulagi bæjarins“; þar við vildi eg gjöra það breytíngaratkvæði, að í staðinn fyrir „stjórnardeild“ verði sett: „stjórnarherra“; en með þessu sýnist sem það sè ekki nauðsynlegt nú þegar, að biðja um *„Skoletvang“;* því fái frumvarpsgreinin að halda sèr, þá getur þetta seinna komið til yfirvegunar, og getur þá stjórnarherrann skipað svo fyrir, ef honum skyldi þykja það nauðsynlegt. Að öðru leyti verð eg að álíta barnaskólann nauðsynlegan, en vandinn er mestur að koma honum svo fyrir, að hann verði haganlegur fyrir alla. Það voru þessi breytíngaratkvæði, sem eg vildi áskilja mèr.

Arnljótur Ólafsson: Ef nefndin sleppir því eina, sem var gott í uppástúngum hennar, þar sem hún tók til hina lögskipuðu kennslu

þá tek eg það upp aptur sem mína uppástúngu, því mèr þótti það mannúðlegt af nefndinni, að vilja ekki hafa hina brennimerktu nauðúng þíngmanns Reykvíkínga; því eg get ekki betur sèð, en að honum þyki það rètt, að einkabarn móður sè tekið frá brjósti hennar og sett í þetta tukthús; það er má ske misskilníngur, en eg held það samt ekki; en eg vil að eins setja þau börn í skólann, sem foreldrarnir ekki vilja útvega þá uppfræðíngu, sem er lögákveðin. Þíngmaður Ísfirðínga sagði, að oss væri hrósað fyrir bókmenntir, en ekki fyrir þá þekkíngu, er við kemur ýmsum atvinnum; hann hefði þá heldur átt að mæla fram með atvinnuskóla, því mèr finnst einhver mótsögn vera í því, að segja, að vèr sèum vel að oss í bókmenntum, en þurfum þó skóla, til þess að verða vel að oss í hinum einföldustu bókmenntum; því mèr finnst það vera sama sem að segja, að vèr ei ættum þetta hrós skilið. Eg ætla svo ekki að tala fleira í þessu máli að sinni, en að eins geta þess, að eg kom í skólann á Færeyjum, og sá svo mikið, að eg veit, að hann er af veikum mætti gjörður; og þó viðleitni Færeyínga sè lofsverð í sjálfu sèr, þá vil eg þó ekki benda mönnum til skóla þessa svo sem fyrirmyndar fyrir aðra skóla. Vèr værum sælir, ef vèr þyrftum einkis slíks barnaskóla við; en ef skólinn er nauðsynlegur, segið mèr þá, hvort bæjarbúar vilja kosta hann, og hvað hann muni kosta.

Konúngsfulltrúi: Eg hefi heyrt á umræðum þíngmanna, einkanlega þeirra, sem eru utan úr landi, að þeir væri í miklum vafa um, hvernig þeir ætti að greiða atkvæði í þessu máli, og einn hinna heiðruðu þíngmanna hefir tekið fram 3 atriði, er hann óskaði nákvæmari skýrslu um, til þess hann gæti með góðri samvizku greitt atkvæði í þessu máli. Hið fyrsta atriði var, hvort barnaskólinn væri nauðsynlegur í Reykjavík eður ekki; hið annað atriðið var það, hvað mikill kostnaðurinn til skólans mundi verða; og hið þriðja, hvort bæjarbúar mundi verða fúsir á, að taka þenna kostnað upp á sig eða ekki. Hvað nú nauðsynina á skólanum snertir, þá held eg hinir heiðruðu þíngmenn megi vera sannfærðir um það, að barnaskóli í Reykjavík sè öldúngis nauðsynlegur; því þær ræður, sem hèr hafa verið fluttar, til að sanna þetta, hafa verið svo skýrar og skilmerkilegar, að hinir heiðruðu þíngmenn munu geta geingið úr skugga um nauðsyn barnaskólans, svo að þeir þíngmenn, er eigi þekkja hèr nákvæmlega til, munu varla vilja taka þann ábyrgðarhluta upp á sig, að greiða atkvæði móti barnaskólastofnuninni. Áhrærandi kostnaðinn til skólans, þá er það náttúrlegt, að menn utan úr landi ekki

geta haft neina skýra eða skilmerkilega hugmynd um, hversu mikill hann þurfi að vera, eða hversu léttbær eða þúngbær hann muni verða bæjarbúum; en þar er sú bót í máli, að hèr eru þeir menn á þínginu, sem nákunnugir eru hèr í bænum, hafa unnið að því, að búa til áætlunina um skólakostnaðinn, og þekkja hèr hvernig til hagar. Það eru því þessir menn, sem bæði hafa og eiga að hafa ábyrgðina á því, að þessi kostnaður ekki sè meiri, en bæjarbúar fái vel borið hann. Þessa ábyrgð eiga þeir þíngmenn, sem hèr eru ókunnugir, ekki að taka frá þeim, og það gjöra þeir ekki heldur, ef þeir fallast á frumvarpið. En þar á móti taka þeir uppá sig þá ábyrgð, að Reykjavík eingan barnaskóla fái, ef þeir fella frumvarpið, eður greiða atkvæði móti því skólakostnaðarins vegna. Hvað nú vilja bæarbúa snertir, þá er nú, síðan þetta mál kom inn á þíngið, ekkert komið frá bæjarbúum, er sýni, að þeir sè móti skólastofnuninni, og til þess hafa þeir þó haft nógan tíma, því frumvarpið kom inn á þíngið fyrsta þíngdaginn. Menn hafa að sönnu heyrt, að samkoma hafi hèr verið haldin fyrir 2 árum, og að þá hafi borgararnir eindregið verið á skólastofnuninni, en tómthúsmenn á móti henni, en það hefir líka verið sagt, að þeir hafi ekki verið móti skólastofnun yfir höfuð, heldur hafi þeir viljað fallast á annað kostnaðarminna fyrirkomulag á skólanum, en þá lá fyrir til umræðu. En síðan hafa nú kríngumstæðurnar í mörgu tilliti breytzt; enda er það einnig líklegt, að hugmyndir manna um skólastofnunina sè nú orðnar nokkuð breyttar frá því sem þá var; enda má ætla það Reykjavíkurbúum, að þeir muni stofna skólann samkvæmt efnahag sínum, eins og hinn 4. konúngkjörni þíngmaður benti til. Eg sè því eigi betur, en að hinir heiðruðu þíngmenn gjöri rèttast í því að fallast á frumvarpið.

Framsögumaður: Það er reyndar óþarfi að eg standi nú upp, þar eð svo margar ræður hafa verið haldnar með nefndarálitinu, og vona eg, að eins manns mótmæli gjöri málinu ekki mikinn hnekki, og það því síður, sem mèr sýnast þau einúngis komin af því, að hann vilji *„blære“* sig, svo að eg hafi hans eigið orðatiltæki, og hans ástæður eru ekki þær, að þær geti hrakið málið að neinu; því allir, sem til þekkja, munu viðurkenna nauðsynina á þessum skóla. Þíngið lýsti því skýrt yfir 1853, að það fyndi til þessarar nauðsynjar, en það rèð þá frá, að frumvarpið yrði gjört að lögum, af því að þá var ekki vísað á neinn gjaldstofn til að reisa þenna skóla, af því yfirvöldin ekki höfðu undir búið málið nægilega; en nú er greitt úr þessu; bæjarstjórnin og yfirvöldin hafa vísað á fè, svo það er ekki leingur

til fyrirstöðu. En mótmæli þingmanns Borgfirðinga eru líklega sprottin af því, að hann ber fyrir brjóstinu uppástúnguna frá tómthúsmönnunum, að eingum skatti verði á þá jafnað, sem líklega er samin af einhverjum mesta slóðanum hèr í Reykjavík; en eg vona samt, að þingið verði ekki á móti þessari menntunarstofnun, sem svo margir geta haft gagn af; þegar samkoman var hèr 1856, var spurningin að eins um, í hvaða formi menn ætti að stofna þenna skóla; þá vildu tómthúsmennirnir sumir ekki fallast á reglulegan skóla, en það voru að eins 10 eða 12 menn; en fyrir því, að eingan skóla skuli stofna, hefi eg einga ástæðu heyrt, og þótt tómthúsmennirnir ekki sjái nú nauðsynina, þá er eg sannfærður um, að margir mundi nota skólann, þegar hann væri kominn á, eins og þeir notuðu hann í 17 ár, eptir það hann var stofnaður 1830. Ef þingið skyldi hafa á móti skólanum, ef kostnaðinum yrði jafnað niður, eða að það sè auknar álögur á tómthúsmennina, þá get eg ekki sagt, að þótt tollur sè tekinn af tómthúslóðunum, að það sè svo ósanngjarnt, því hann er ekki annað en sanngjarnt endurgjald fyrir afnot af eign bæjarins, sem enginn sanngjarn maður getur neitað að eigi að leggjast á tómthúsmennina, og eg vona, að enginn með sanngirni geti mælt með því, að tómthúsmennirnir sè lausir við þau gjöld, sem menn gjalda á öllu landinu; bæjarstjórninni er líka kunnugast um, hvað þeir eru færir um að bera, og þó ætti að jafna niður kostnaði skólans, þá lendir ábyrgðin á bæjarstjórninni, en eigi á þinginu; því að hún hefir sagt, að jafna mætti niður allt að 600 rd., og þingmaður Borgfirðinga er ekki fær um að segja, að bæjarstjórnin fari skakkt í þessu. Eg ætla ekki að koma með neinar sannanir fyrir því, hvort menn þola aukin útgjöld; en eg vil spyrja, hvort menn, sem gjöra 6—1200 rd. reikning, auk þess fiskifángs, sem þeir hafa til heimilis síns, muni ekki þola að gjalda 2 vættir í öll gjöld til bæjarins, og þykir mèr það skrítilegt af þingmanninum úr Gullbríngusýslu að segja, að gjöldin hækkuðu um $^2/_3$ parta. Eg get heldur ekki sèð, að það sè nauðsynlegt, að safna saman tómthúsmönnum og fá mótmæli þeirra; að minnsta kosti var eingin skylda til þess fyrir nefndina, og þar sem þingmaður Borgfirðinga reiknar, að kostnaðurinn muni verða 1,750 rd., þá get eg ekki sèð, hvers vegna hans áætlun ætti að vera áreiðanlegri en sú, sem hver bæjarstjórnin hefir gjört fram af annari (*Arnljótur Ólafsson:* Mín er skýrari). Nei! Hann vildi líka atvinnuskóla, en eingan undirbúning, og þess vegna ekki barnaskóla. Um fyrirkomulagið vil eg ekki tala, því hvernig

sem með það verður farið, þá er það komið undir bæjarstjórninni og stiptsyfirvöldunum; en þar eð 1. grein hefir ollað misskilningi, vil eg skýra hana. Það hefir eins og vakað fyrir þingmönnum, að það sè óákveðið, hvers konar skóli þetta ætti að vera, og er það sjálfsagt, að menn vilja þess konar kennslu, sem annars við geingst í borgaraskólum, og að hún verði sem yfirgripsmest bæði uppeptir og niðureptir; en það er auðvitað, að menn verða að sníða sèr stakk eptir vexti, og laga skólann eptir efnunum; en því fleiri sem börnin eru, því fleiri kennara þarf, en því fleiri kennara geta menn líka feingið og borgað. Í 1. greininni ætlast nefndin til, að kennslan skuli vera fríviljug; en ef mönnum þykir það valda misskilningi, eins og það nú stendur, sem tiltekið er um skylduna, þá skal eg ekki berjast neitt fyrir því, að því sè haldið, þótt mèr þyki það eðlilegt, að það sè tekið fram, svo þess konar skylda sè ljós fyrir mönnum þegar frá upphafi, og þeir, sem reglugjörðina semja á síðan, ekkert vald hafi til að ákveða hana; en ef mönnum þykir það ljósara og betra, að hafa þessa ákvörðun í sèrstakri grein, þá stendur mèr það rètt á sama; mèr þykir að eins betur eiga við, að tekið sè fram í lagaboðinu, að hve miklu leyti það sè skylda foreldra, að láta börn sín ganga í skólann, þó eg sè ekki hræddur um, að til þessarar skyldu þurfi að koma; því hèr eru nú 244 börn frá 6—15 vetra ófermd, og eg dreg eingan efa á það, að þeir muni verða æði-margir, sem vilja nota þenna skóla, svo eg held, að það sè ei líklegt, að skyldunnar þurfi við, til þess að skólinn geti staðizt. Það er raunar satt, að þetta er lögum bundið, en það er þó ljósara hèr að taka það fram, hvaða skylda það sè, sem hvílir á mönnum; því annars mætti hugsa, að stjórnarherrann kynni að fara leingra, en nefndin hefir ætlazt til, og leingra, en lög bjóða; en þessu vildi eg komast hjá. Eg held óþarft, að svara fleiru, því að ef mèr skyldi hafa gleymzt eitthvað, þá má svara því við ályktarumræðuna.

Forseti: Þar ekki taka fleiri til máls, álít eg undirbúningsumræðu þessa máls lokið.

Vilhjálmur Finsen: Þegar þingmenn komu sèr saman um, að fresta ályktarumræðu málsins um „skatt af tómthúsum og óbyggðri lóð í Reykjavík“, þá var mèr ekki ljóst, hvort meiningin var, að það mál ætti að öllu leyti að bíða eptir þessu máli; nefndin hefir samt í nefndarálitinu fundið ástæðu til að fara fram á, að ályktarumræðan í tollamálinu færi fram milli undirbúnings- og ályktarumræðu þessa

máls, og skal eg biðja *forseta* að skjóta því undir atkvæði þingsins, að svo sè að farið.

Forseti: Eptir því, sem mig minnir, og mun vera bókað, komu menn sèr saman um, að ályktarumræðan í málinu „um skatt af tómthúsum og óbyggðri lóð í Reykjavík“ skyldi bíða eptir undirbúningsumræðu þessa máls, um stofnun barnaskólans; en eg skal gjarna haga mèr eptir ósk nefndarinnar, og með því eg hefi ætlað mèr að láta bæði málin koma til ályktarumræðu á mánudaginn, þá skal eg haga því þannig, að barnaskólamálið verði fyr á dagskránni.

Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til undirbúningsumræðu nefndarálit í málinu *um skattheimtu;* hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður er *framsögumaður* í því máli.

Var málið þá afhent *framsögumanni,* sem las upp nefndarálitið, svo hljóðandi.

„Vèr undirskrifaðir erum af því heiðraða þingi kosnir í nefnd, til þess að yfirvega og segja síðan álit vort um bænarskrá, sem komin er til þingsins frá þingmanni Árnessýslu, sem biður um, að þingið sendi konúngi vorum bænaskrá um það, að hinn gamli þegnskylduskattur Íslendínga ekki sè heimtaður af gjaldþegnunum af öðrum gjaldstofni en þeim, er lög áskilja

Eptir að vèr höfum yfirvegað þetta mál svo ýtarlega, sem kríngumstæðurnar leyfðu, skulum vèr leyfa oss að segja um það álit vort á þessa leið:

Af bænaskránni er það ljóst, að hún er sprottin af því, að það virðist vera farið að tíðkast meðal sýslumanna hèr á landi, að leggja lausafè og fasteign saman til skattgreiðslu, þegar svo er ástatt, að sá, sem skattinn á að greiða, ekki á svo mikið í tíundarbæru lausafè, að hann sè í skatti, og það er einmitt þessi samlagníng lausafjárins og fasteignarinnar, sem bænarskráin kvartar yfir, og sem hún vill fá burt numda, þar sem hún muni ekki hafa næga lagaheimild við að styðjast.

Nefndin hlýtur nú að vera bænarskránni samdóma í því, að skatttekja af samanlögðu lausafè og fasteign ekki hafi heimild í Jónsbókarlaga þegnskyldubálki 1. kap., sem í þessu efni, að hennar áliti, er það eina hèr gildandi lagaboð um skattgreiðsluna. Nefndinni er líka kunnugt, að þeirri reglu, að taka skattinn einúngis af lausafè, hefir verið og er enn víða fylgt hèr á landi; en henni er einnig kunnugt, að samlagníng lausafjárins og fasteignar til skatts aptur

geingst við á öðrum stöðum, og er, ef til vill, farin að ryðja sèr til rúms meira en áður á hinum seinni árum.

Nefndin álítur, að þessi aðferð hafi einkum feingið sína stoð og útbreiðslu með rentukammerbrèfinu frá 30. sept. 1823 (sbr. innanríkisráðherrabrèf frá 30. apr. 1855), sem leggur fullt samþykki á, að skattur sè tekinn í Gullbríngu- og Kjósarsýslu af samanlagðri fasteign og lausafè; en nefndin verður að álíta, að þetta tilvitnaða stjórnarbrèf nái að eins til Kjósar- og Gullbríngusýslu, þar sem hið sama stjórnarráð aptur hefir látið í ljósi, að ekki mætti taka skatt á þenna hátt, nema því að eins, að það væri orðið að venju í þeirri eða þeirri sýslu, og það virðist þannig viðurkennt, að orð lögbókarinnar ekki heimili slíka skatttöku, því annars mundi hafa verið skýrskotað til hennar í brèfinu, í stað þess að fyrirskipa, „að um skatttöku í Kjósar- og Gullbríngusýslu skuli fara eptir þeirri reglu, sem hingað til hafi þar verið fylgt“, það er: eptir venjunni.

Nefndin álítur nú að vísu, að hlutaðeigandi sýslumenn fylgi í skattökunni, að því leyti þeir í því ekki fara beinlínis eptir lögbókinni, því að eins hinni aðferðinni, að hún hafi sína rèttlætíngu í gamalli venju; en hún (nefndin) getur þó ekki fortekið, að út af þessu kunni ekki vera farið að bregða í einstöku sýslu eða sýslum, og, ef til vill, sè að færast í vöxt; og þar sem það í annan stað virðist að vaka fyrir öllum almenníngi, að skattur af samanlögðu lausafè og fasteign, ekki hafa lagaheimild, og skilníngur manna á því, hvað sè gömul venja eða ekki, getur verið mjög mismunandi, virðist nefndinni, að ástæða sè til þess fyrir þíngið, að biðja stjórnina að skerast í málið, helzt á þann hátt, að hún skrifi amtmönnunum hèr á landi til birtíngar fyrir sýslumönnum, að þeir því að eins megi leggja lausafè og fasteign saman til skatts, að það verði sýnt og sannað, t. a. m. með manntalsbókunum eða öðrum gögnum, að fyrir því sè orðin fullkomin og föst venja, og að amtmönnum jafnframt sè gjört að embættisskyldu, þegar þeir ferðast í umdæmum þeirra, að líta eptir og halda vörð á því, að þessa sè gætt. Nefndin ætlar, að þessi meðferð á málinu sè eptir kríngumstæðunum hin tiltækilegasta, sèr í lagi þegar litið til þess, að ný skattgjaldslög eru innan skamms í vændum.

Að vísu mætti, þegar þræta kæmi upp út af því, hvort skattur væri rèttilega heimtaður og tekinn, leggja spursmálið í hvert skipti undir dómaraúrskurð; en eins og þessi aðferð er bundin kostnaði og

umsvifum, þannig hefir hún í för með sèr ýmsa annmarka fyrir hvoratveggja hlutaðeigendur, sem æskilegt þykir, að geta komizt hjá.

Þannig er það sameiginlegt álit vort, að þingið eigi að leggja það til þessa máls og beiðast þess:

> *„Að konúngur allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að skrifað verði amtmönnum hèr í landi til birtíngar fyrir sýslumönnum, að ekki verði tekinn skattur af samanlögðu lausafè og fasteign, nema því að eins, að fyrir því sè fullkomin og föst venja.*

Reykjavík, 29. júlí 1859.

Þórður Jónassen, formaður og framsögumaður. *Magnús Andrèsson. Vilhjálmur Finsen. Jón Sigurðsson. Páll Sigurðsson“.*

Framsögumaður (Þórður Jónassen): Eg vona, að nefndarálitið nè nokkurn veginn ljóst; efnið er heldur ekki margbrotið, og eg vona því, að ræður þingmanna verði ekki lángar, því síður sem þingið nú hefir svo mörg önnur mál að ræða, og skal eg svo ekki, að svo stöddu, fara hèr um fleirum orðum, þángað til að eg heyri tillögur og álit hinna heiðruðu þingmanna.

Guðmundur Brandsson: Hvað er meiníngin með þessu „full og föst venja“? Því hefir nefndin ekki til tekið víst árabil?

Framsögumaður: Eg veit nú ekki, hvort mèr tekst að skýra þessi orð fyrir þeim heiðraða þingmanni, en eg ætlaðist til, að þau með hliðsjón af nefndarinnar augnamiði væri skilin um venju, sem leingi hefði átt sèr stað og verið algeing, án þess þó að vera óminnistíðarvenja; því nefndin vill, eins og hún hefir sagt, fara bil beggja í þessu máli. Þessi skilníngur orðanna, þó kríngum hann megi fara, útilokar þó yfir höfuð alla skammvinna og sundurlausa venju í skatttökunni, t. a. m. þó hún hafi átt sèr stað í eins sýslumanns embættistíð, þó sá næsti á undan hafi tekið skattinn öðruvísi, og það er mikið unnið við það, eins og líka það leiðir hèr af, að þessi skatttaka kemst ekki að, þar sem hún ekki er þegar komin á.

Stefán Jónsson: Eg var líka í efa, þegar eg las nefndarálitið um það, hvað meint gæti verið með þessum orðum; því eg hèlt, að ómögulegt væri að fá hèr svo lánga venju, sem eptir lögum þarf til ómunaheðar, eða 100 ár, og því vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði, af því eg óttast fyrir, að þetta geti valdið misskilníngi og vafa; en mèr þykir ísjárvert að koma því til dómstólanna; þar af leiðir ómak og kostnað. Breytíngaratkvæði mitt verður á þá leið, að á eptir

„lausafè og fasteign“ verði bætt: „heldur eptir Jónsbókarlögum“, en (síðasti) partur geinarinnar falli burt.

Guðmundur Brandsson: Eg segi enn sem áður, að eg get ekki verið ánægður með svar hins háttvirta *framsögumanns;* hèr er allt óákveðið, ekkert víst árabil tiltekið, ekki hvort venjan skuli vera laung eða stutt, nei ekkert; það má fara á allar hliðar kríngum þessa venju, og eg held, að mèr sè óhætt að fullyrða, að svo hafi verið gjört ekki sízt hèr í Gullbríngusýslu. En getur *framsögumaður* ekki sagt mèr frá, á hverju rentukammerbrèf frá 1823 muni vera byggt? Eg hefi áður við inngángsumræðuna getið þess, að líklega hefir þessi venja með samlagníngarskattinn ekki verið 1819, þegar Bjarni konferenzráð Thorsteinsson gaf út bók sína um skatta og önnur opinber gjöld á Íslandi, og mundi hann þó hafa vitað um hana, hefði hún þá átt sèr stað, og það því heldur, sem hann einmitt var í rentukammerinu um það leyti; venja þessi, sem skýrskotað er til í rentukammerbrèfinu, hefir því að líkindum ekki verið eldri, en frá 1820; um það bil mun hún hafa myndazt, og var um þær mundir hægt fyrir yfirvöldin að fá rentukammerbrèfið; alþýða vissi lítið, hvað gjörðist og sinnti því lítið; leingra nær nú þessi merkilega venja að líkindum ekki. Þessi rök eru að vísu ekki óefandi; en það veit eg fyrir víst, að hún nær tvöfalda fram á næst undanfarandi öld, og get eg sagt með vissu, að 1784 átti hún sèr ekki stað hèr; þetta dreg eg af manntalsbók Skúla Magnússonar frá því ári; þar eru tilgreind öll gjöld hèr í Gullbríngusýslu, en samt ekki þessi samlagníngarskattur. Nefndina vantar því að skýra, hversu laung þessi venja á að vera, til að geta heitið „full og föst“; en skilji nefndin það ekki eða viti ekki, hvað með því á að vera meint, þá er ekki von, að aðrir viti það. 1856 þegar menn í Rosmhvalanesshrepp tregðuðust við að borga þenna skatt, er í brèfi amtmannsins um það vitnað til þessa rentukammerbrèfs frá 1823, en þó sagt, að það nægði ekki eitt til að heimta skattinn eptir, ef ekki væri annað við að styðjast, ómunavenju. Nú vantar að vísu manntalsbækurnar, hversu leingi skattur hefir verið tekinn hèr á þennan hátt, en ómunatíð er það ekki, þesssi venja, ef hún nær ekki til 1819. Eg hefi heyrt, að gjaldhefð væri 100 ár, eg veit eigi hvort satt er, það meiga þeir lögfróðu vita. Eg skil nú ekki, að Gullbríngusýsla hafi verið undanþegin, þegar Jónsbókin var löggilt, og hafi ekki svo verið, þá er sanngjarnt, að sömu lög gildi þar sem annarstaðar.

Framsögumaður: Það er, eins og eg þegar hefi tekið fram,

að vísu undirorpið nokkurri óvissu, hvað skiljast eigi við „fasta og fullkomna venju“, þegar ekki er tekin ómunatíðarvenja; en nefndin hugsaði sèr ekki að fara hèr svo lángt; hún áleit, að það mætti kallast föst og fullkomin venja, þegar það yrði upplýst, að það hefði viðgeingizt, að taka skattinn af samanlögðu lausafè og fasteign, t. a. m. samfleytt í fleiri sýslumanna embættistíð í einni sýslu, í 20—30 ár eða leingur, eða síðan manntalsbækurnar voru löggiltar árið 1830. Af því nefndin vildi í þessu efni fara bil beggja, og bæði líta á hag sýslumanna og bændanna, þess vegna fór hún þessum orðum um venjuna, þó hún að öðru leyti játi, að ómunatíðarvenja hefði tekið af tvímælin, og hana hefði nefndin aðhyllzt, ef hún hefði ekki viljað hafa þá ofangreindu hliðsjón; en um þessa hliðsjón, það er sjálfsagt, geta nú aptur verið deildar meiníngar; yfir höfuð er í þessari skatttöku mikil óvissa, því sjálft sjórnarráðið segir í brèfinu frá 1855, að hún gángist alstaðar við hèr á landi, og það sè að eins í sumum sýslum dáltið af brugðið; en í frumvarpinu um jarðamatið segir hún aptur, að skatttekja af samanlögðu lausafè og fasteign gángist hvergi við hèr á landi, nema í Gullbríngu- og Kjósarsýslu og í Þíngeyjarsýslu; með þessu móti getur uppástúnga nefndarinnar þá komið að góðum notum, því hún varnar því, að þessi skatttaka ekki verður algeing eða breiðist út þángað, sem hún ei var áður.

Jón Pètursson: Eg ætla nú lítið að tala um málið sjálft, heldur mest um formið, eður þá stefnu, sem nefndin hefir tekið, og hún er sannarlega ekki heppileg; nefndin ræður til, að biðja konúng að láta skrifa amtmönnum, o. s. frv. Hún ræður þá ekki þínginu til, að biðja um ný lög eður reglulegt konúnlegt lagaboð, ekki heldur eiginlega til að biðja um „authentiska“ skýríngu á Jónsbókarinnar ákvörðun um skattinn, heldur um „authentiska„ skýríngu á hinum gildandi rètti yfir höfuð, hvað þetta málefni snertir. Mèr sýnist það viðurhlutamikið, að biðja beinlínis um slíkt; það er óvanalegt, að konúngur skeri svona með brèfi úr, hvað sè gildandi rèttur, og hefir ekki leingi átt sèr stað í Danmörku; slíkt heyrir beinlínis undir dómstólana, og eigi þetta konúngsbrèf að hafa nokkra þýðíngu, ef til mótþróa kemur, þá verður það að hafa fullt lagagildi fyrir dómstólunum, og því er þá ekki eins vel bedið um lagaboð? En nefndin hefir, ef til vill, ætlazt til, þó eg geti ekki skilið það, að þessi konúngsúrskurður ekki skyldi hafa lagagildi, og að dómstólarnir ekki skyldi vera bundnir við hann, en til hvers er hann þá? Ef hann hefir einga lagaþýðíngu, hvernig á þá að fara með þá sýslumenn, sem ekki gegna honum?

Á að setja þá af, og meina þeim að leita réttar síns við dómstólana? Það væri þó í sannleika hart; þeim er þó veitt embættið með öllum þeim sköttum, er löglega falla í sýslum þeirra, og þessa skatta eiga þeir að hafa í embættislaun sín. Eptir því, sem nú er, og það sýnist nógu tryggjandi, á hver frjálst á því, sem álítur, að skatturinn sé ránglega tekinn af sér, að lögsækja sýslumann, eða klaga hann fyrir yfirmönnum hans, sem sjálfsagt gegna slíku; því það liggur mikið við, ef sýslumenn taka skatta ástæðulaust; það er þó viðurhlutamikið, að biðja um slíkt konúngsbréf, er þannig fordæmi skattatekju sýlumanna, sem þó eru veitt embætti með öllum löglegum sköttum, og sem gjarnan hafa getað álitið hana löglega, einkum þar þeir hafa vitað, að stjórnin sjálf lætur krefja skattana svona af samlagðri fasteign og lausafé. Að útvega slíkt konúngsbréf, væri eigi síður hart fyrir Gullbríngusýslu innbúa, þó heimila stjórnarbréf, að hér megi taka skatt af föstu og lausu. Ef þeir nú trássast að lúka skattinn, ætti þá að dæma eptir konúngsbréfi eða lögunum, hvort skattinn skuli lúka? Eg skil ekki, að dómstólarnir gæti þar dæmt á móti konúngsbréfinu, heldur hlyti þeir að dæma þar eptir því. Að vísu veit eg ekki, hvað nefndin hefir viljað leggja í orðið *„til birtíngar“*; kann ske hún hafi ætlazt til, að einginn þyrfti að breyta eptir því? Þegar menn nú skoða málefnið sjálft, þá getur það líka verið mikið efamál, hvort þessi skatttökumáti er svo beinlínis á móti Jónsbókinni; að minnsta kosti hvað einhleypa menn snertir, geta menn ekki sagt það, því það er sagt í henni, að þeir skuli greiða skatt, ef þeir eigi 10 hndr.; en það er ekki sagt, að það skuli vera 10 hndr. í lausafé; því á þá konúngur að banna sýslumönnum að taka skatt af búlausum mönnum, þegar þeir eiga 10 hndr. í fasteign? Eg fullyrði þar fyrir ekki, að þetta sé rétt, að leggja svona saman, hvað bændaskattinn snertir; en beiðnin er að minnsta kosti raung að efninu til, hvað einhleypa menn áhrærir; eg held það sé óhætt að segja, að hvorki sá vegur, sem nefndin hefir ráðið til, né efnið í beiðninni, sé rétt, þ. e. beiðnin yrði bæði að efni og aðferð raung. Það eðlilegasta væri, ef á að styðja hlutaðeigendur nokkuð, að gefa þeim fría málssókn fyrir öllum dómstólum, eins og þegar spursmálið var um tíund af Hólastólsgózinu; þá feingu hlutaðeigendur fría málssókn fyrir öllum dómstólum, og eins ætti að vera í þessu efni, en ekki að vera biðja um konúngsbréf, er skýri hinn gildandi rétt; ef nokkuð væri, ætti menn heldur þá að biðja um nýtt lagaboð.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg veit, að hinn háttvirti

5. konúngkjörni þingmaður muni samsinna mèr í því, að það er tvennt, sem kemur til greina við slíkt mál sem þetta er; það er *lög* og *venja*, og það mun vera optast, að við slík mál verður annaðhvort af þessu, það sem ræður úrslitum. Með venju meinti nú nefndin þá venju, sem grundvalla má dóm á, þá venju, að ekki finnist önnur gagnstæð eða annað rèttarástand eldra. Eg skal leyfa mèr að til færa eitt dómsmál, sem skýrir vel, hversu slíkum málum er háttað. Það er alkunnugt, að lögskipað er að gjalda skuli fátækratíund af kirkjujörðum; en það er ekki lángt síðan mál var fyrir öllum dómstólum um það úr Norðfirði í Múlasýslu; hlutaðeigendur báru fyrir sig, að tíund hefði ekki verið borguð í ómunatíð, og þeir unnu málið; því það varð upplýst, að tíund hafði ekki verið borguð til fátækra af jörðum þessum svo lángt sem rakið varð eptir hreppsbókum; en það var eitthvað síðan 1790, og varð ekki upplýst um eldri tíma; þetta var þá álitin fullkomin og föst venja. Þegar þetta er aðgætt, sýnist mèr ekkert vafasamt í, að ákveða þessa règlu í skatttökunni, þó eg játi, að aðferð sú, sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður mælir með, kynni að liggja eins nærri. Hvað skilníng hans á orðum Jónsbókar um skatt búlausra manna snertir, þá skil eg ekki, hvar fyrir maður skal fremur taka þar orðið hundrað í annari merkíngu, en um lausafè, eins og þar sem talað er rètt á undan um fè bænda til skattgjalds. Í stuttu máli held eg, að það sem nefndin hefir stúngið upp á, sè fullt svo löglegur og formlegur vegur eins og hinir, sem bent er á.

Stefán Eiríksson: Eg vildi einúngis geta þess í tilefni af því, sem hinn háttvirti *forseti* gat um við inngángsumræðu þessa máls, að hann hefði ekki sèð það af sýslubókunum, að formenn hans í embættinu hefði lagt saman lausafè og fasteign, til að ná í skattinn; það mun þó ekki hafa verið dæmalaust, að sumir formenn hans hafi viljað byggja skattatökuna á þeim svo kallaða blandaða skatti, en bændur tregðuðust við að gjalda skattinn, og því mun það ekki hafa innleiðzt í Skaptafellssýslu; en þegar hann gegndi sýslumannsembættinu í Skaptafellssýslum, þá lýsti hann því yfir opinberlega á manntalsþíngum, að hann áliti ekki, að skattheimtan ætti að byggjast nema á lausafènu eingaungu. Hinn háttvirti þingmaður Ísfirðínga hefir tekið það flest fram, er eg vildi hafa sagt í þessu máli; mig furðar annars á skoðun hins 5. konúngkjörna þingmanns, að hann sem lagamaður skuli geta lagt þessa þýðíng í þegnskyldubálk Jónsbókar, þar sem í 1. kapítula er að eins talað um lausafè, og aptur síðar í sama

kapítula er talað um einhleypa menn og vinnumenn; þar segir að vísu, ef maður á 10 hndr.; en þetta síðara atriði í kapítulanum er byggt á hinu fyrra, og flýtur af sjálfu sèr, að það er ekki meint um fasteign, því fasteign er hvergi nefnd í þegnskyldubálki Jónsbókar, og eg vil taka það upp enn, sem eg minntist á við inngángsumræðu þessa máls, að venja þessi með skattheimtuna er að ryðja sèr til rúms út um landið, og því er nauðsyn að ákveða takmörk í þessu efni.

Guðmundur Brandsson: Ræðu hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga er eg mikið ánægðari með, en með upplýsíngar *framsögumanns,* það nefnilega, að ef venjunni verður hrundið með því að upplýsa, að önnur venja hafi áður við geingizt, eða áður hafi verið tekið eptir öðrum gjaldstofni en nú, þá skuli hin eldri regla hafa gildi; það á eg hægt með að skilja. En eg vil heldur, að það sè tiltekin viss áratala; því uppástúngur nefndarinnar má skilja svo, að það sè beðið um, að staðfesta ráðherrabrèfið frá 1855 um þá í Rosmhvalanesshreppi, nema full og föst venja sè fyrir; þetta má teygja og toga í allar æsar; brèfið frá 1855 segir, að þetta sè ekki einúngis í Gullbríngu- og Kjósarsýslum, heldur sè það meir og minna venja um allt land; hann hefir nú ekki verið kunnugri en þetta, sjálfur stjórnarherrann, eða ekki látizt vera það; svo lítur þetta út, og er bágt til þess að vita; það þarf því skýrt að taka það fram, hvað sè „full og föst venja", nefnilega, það sem þíngmaður Ísfirðínga tók fram, eða þá að minnsta kosti 100 ár.

Magnús Andrèsson: Eg saknaði eins atriðis í ræðu hins háttvirta 5. konúngkjörna þíngmanns, þess, að hann skýrði ekki frá, hvað löglegt væri í þessum skatttökumáta; hann fiðraði kríngum það, að sýslumenn má ske tæki þenna skatt eptir lögum; eg vonaðist nú eptir, að hann svo lögkænn maður mundi segja, hvað lög væri, en hann gjörði minna úr því; hann áleit betra, að gánga til dómstólanna; en eins og eg og fleiri sögðu við inngángsumræðuna, er ekki að ætlast til þess af bændum; það mundi fara svo fyrir mörgum, að þeir borgi heldur skattinn, en að fara í mál um það, þó þeir feingi gjafsókn; það er margt óþægilegt við það; enda eru fáir færir um að færa það mál upp til sveita; eg skil því ei, að það sè fært, og svona mun nefndin hafa hugsað sèr það. En hvað þessa venju snertir, þá er eg nú ekki svo fastur á róunni þeirri, en þótt þíngmaður Ísfirðínga hafi gjört svo ljósa grein fyrir henni, sem eg gat óskað. Með ómunavenju mun vera meint *föst venja,* en annars ekki,

ef þessi skattur er lagður á hvern, sem sýslumanni vel líkar. Eg veit nóg dæmi til, að sitt hefir verið við haft við hvern; eg ætla ekki að tilgreina neinn, en þetta kalla eg fasta og fulla óreglu. Eg er því fastur við veg nefndarinnar; það kemur þá til lögsóknar, ef ekki geingur með þessum hætti. Eg óttast ekki fyrir því, að konúngur gjöri rentukammerbrèf frá 1823 eða brèfið frá 1855 að lögum, þó þessi vegur sè farinn.

Framsögumaður: Nefndin vildi gæta allrar varkárni, einkum þar ný skattgjaldslög eru, eptir öllum líkindum, í vændum, og það áður en lángt líður; og þessi varkárni þykir mèr ekki vera vítaverð. Það er sjálfsagt, að hèr er farinn eins konar millivegur, og ekki tekið út fyrir allar æsar, en það er þó samt vissulega mikið unnið með uppástúngu nefndarinnar.

Hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður heldur fram þeirri aðferð, að leggja málefni þetta undir dómaraúrskurð; það er satt, að þessa aðferð má við hafa; en hún hefir marga annmarka, bæði fyrir sýslumanninn og bóndann, og leiðir til óvildar og kvitnaðar, því það þarf meðal annars að setja dómara í málið annarstaðar frá; sú aðferð, sem nefndin mælir fram með, er því að mínu áliti miklu tiltækilegri, eins og hún líka er mannúðlegri. Það er líka athugandi, að það mundi ekki nægja, að fá einn dóm í þessu máli, heldur þyrfti að fá dóm í hvert skipti, vegna þess að venjan yrði að koma til greina, og hún yrði einstakleg í hverju einstöku máli. Eg verð því að halda fram hinni aðferðinni. Hinn sami heiðraði fulltrúi vildi sanna það af Jónsbókar ákvörðun um skatt einhleypra manna, að taka mætti skatt af fasteign og lausafè samanlögðu; en hinn heiðraði meðnefndarmaður minn, fulltrúi Ísafjarðarsýslu, er búinn að svara honum, og sýna það með rökum, að þessi skoðun ekki er rètt, og skal eg því ekki ítreka það hèr, en einúngis leyfa mèr að taka það fram, að ef þíngið aðhyllist þá skoðun, að mál þetta heyri rèttilega undir dómstólana, þá er óþarfi að fara leingra út í það, því þá þarf einga bænarskrá að senda um það, það er þá algjörlega fellt af þínginu.

Jón Pètursson: Það er einkum formið, sem eg fæ mèr mest til; eg veit ekki, hvaða þýðíngu þetta konúngsbrèf, sem nefndin vill biðja um, á að hafa eptir hennar tilætlun, hvort það á að hafa sama gildi sem lagaboð, eða vera eintóm áminníng til sýslumanna. Sè ætlazt til, að það hafi sama gildi sem lagaboð, þá skil eg að vísu, að það á að liggja skynsemi í því; en þvílíkt konúnglegt boðorð á

þá ekki að koma út í þessu formi; en eigi það að vera sem eintóm áminníng til sýslumanna og ekki hafa lagagildi, þá skil eg það ekki; því þar felst þó ætíð í konúngleg tilkynníng um, hvað lög sè og rèttur, sem dómstólarnir ætíð verða að verða bundnir við. En vilji menn fá endilegt lagaboð um þetta, þá er betra að biðja um, að frumvarp um það verði lagt fyrir næsta þíng, eða um skattálögin yfir höfuð. Eg skil nú ekki, hvernig menn geta hugsað, að það reki til dóms aptur og aptur í þess háttar málum sem þessu; því ef einn hæstarèttardómur fellur um málefnið, þá mundi því ekki verða hreift optar; og er þar með girt fyrir öll þvílík málaferli í framtíðinni. Nefndin viðurkennir, að hvorugum megi gánga of nærri, hvorki sýslumönnum nè gjaldþegnunum, og þó geingur hún of nærri sýslumönnum og gjaldþegnunum líka. Þíngmaður Austur-Skaptfellínga og fleiri sögðu, að auðsèð væri, að með þessi 10 hndr. einhleypra manna í Jónsbókinni væri meint lausafjárhundruð, og að vinnumenn ætti opt 10 hndr. í lausafè, sem skattur yrði byggður á; en eg held það sè fáir vinnumenn, sem eiga 10 kýr eður 10 kúgildi, eður svo mikið af þeim öðrum hlutum, sem Jónsbókin bindur bændaskattinn við, er þessu nemi; eg þekki það að minnsta kosti ekki; hann þekkir þá má ske. Annars er það einkum formið, sem eg fæst um, og sèr í lagi vil eg fá að vita, hvaða þýðíngu konúngsbrèfið á að hafa eptir ætlun nefndarinnar, fyr en eg greiði atkvæði í málinu.

Sveinn Skúlason: Það var einúngis eitt atriði, sem hinir 1. og 5. konúngkjörnu þíngmenn minntust á viðvíkjandi því, að ekki mætti gánga of nærri sýslumönnum, sem eg vildi hreifa; þeir mega báðir vita það, þar þeir hafa verið sýslumenn, að í veitíngarbrèfum þeirra stendur, að þeir skuli skyldir að gefa sig undir alla þá breytíngu, er verða kunni á takmörkun, víðáttu og tekjum þess embættis, sem þeim er veitt; annars held eg, að ekkert lagaboð og ekkert konúngsbrèf þurfi um þetta mál; hèr gildir seinasta stjórnarbrèfið, ef það fæst; og það er líklegt, að alþíngi og þjóðin sjái þá svo um, að sýslumönnum haldist slíkt ekki uppi, nema þar sem þeir hafa nægar ástæður fyrir því. En eg vil spyrja þíngmann Ísfirðínga: ætli menn hèr í Gullbríngusýslu sleppi nú undan þessum stjórnarbrèfum, sem á undan eru komin, ef nú fæst konúngsbrèf í þá stefnu, sem nefndin fer fram á, og það upplýsist, að þessi venja ei hafi verið fyrir 1800, þó rentukammerbrèf frá 1823 segi, að það sè gömul venja? Hvað kúadæmið hins 5. konúngkjörna þíngmanns snertir, þá var öðruvísi ástatt á þeim tímum, þá Jónsbókin var samin og

löggilt en nú, jafnvel þó nú geti verið margur vinnumaður, sem á 10 hndr. í hestum og sauðfènaði, en þá gátu þeir hafa átt það bæði í kúm og öðru á leigustöðum.

Halldór Jónsson: Það mundi án efa hafa misjafnar afleiðíngar, ef það væri efa undirorpið, hvað meint væri með orðunum „fullkomin og föst venja"; ætti nú að eins sú venja að heimila skatttöku af lausafè og fasteign samanlögðu, sem haldizt hefði frá ómunatíð, þá mætti skýra þau nefndu orð með því, að bæta aptan við þau þessum viðauka: „sem ekki verði rakin að upptökum sínum"; og mun eg koma með þetta viðaukaatkvæði.

Guðmundur Brandsson: Breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Norður-Múlasýslu, bætti nú ekki úr skák; því hvernig á að fara að, þar sem manntalsbækur ekki eru til, eður þá önnur gild skilríki fyrir þessu? Þetta leiðir til óvissu og málastapps; einn segir það hafi verið svona, hinn hins vegar o. s. frv.; það hefir verið sagt, að þetta hafi verið í Árnessýslu í tíð Steindórs Finnssonar, en víst hefir það ekki varað leingi, því lángt er síðan einginn hafði þar af slíku að segja; það kom líka upp í Barðastandarsýslu hèrna um árið, en það hèlzt nú þar ekki leingi; hver veit hvar þetta stíngur sèr niður, ef allt er látið donta svona; allt er komið undir því, hversu árvakrir gjaldþegnarnir verða hèr eptir, til að veita þessu mótstöðu, og er ekki að vita, nema einhverjir þeirra sè vakandi og að fleiri má ske vakni, þegar þeir lesa ræður þær í þíngtíðundunum, sem nú fara fram um þetta mál; stjórnarbrèfið er hèr um bil það sama, og ef sagt væri við þá, sem gjöldin eiga að heimta: „farið þið sem þèr komizt, takið það, sem þèr náið"; það er merkilegt; það er því ekki af vegi þó þetta sè betur ákveðið; því þetta getur þó vakið þjóðina um síðir, svo hún sjái, að hver verður að taka til sinna ára.

Páll Melsteð: Eg verð nú að taka í streinginn með þíngmanni Gullbríngusýslu; því hann þekkir mjög vel til, hvernig þessu er varið í Kjósar- og Gullbríngusýslu; það mun nú víða vera vafi á um skatt þenna, en hvergi gætir þess eins, eins og einmitt í Gullbríngusýslu; þar stendur jafnvel svo á, að skattar eru þar sumstaðar ógoldnir fyrir 2 eða 3 ár, sýslumenn hafa svarað þeim úr sínum vasa, og hvernig sem það nú er lagað, þá hefir það híngað til geingið svona; og skal eg nú ekki fara fleiri orðum um það. Eg er því miður hvorki nógu gamall eða nógu fróður til að rekja mál þetta frá rótum, en þó hefi eg við og við feingizt við þenna skatt, bæði tekið hann sem sýslumaður og goldið hann sem bóndi; en eg held

að hingað til hafi hann óvíða komið til mála, nema í Snæfellsnessýslu og hèr í Gullbríngusýslu; því í þessum sýslum báðum er fátæktin mest, en í betri sýslunum gætir þess miklu síður. Í Snæfellsnesssýslu var skattur þessi goldinn að mestu leyti tregðulaust, menn spurðu einatt um, hvort það mundi vera lög að taka þenna samlagsskatt; eg sagði hrenskilnislega, eins og eg hugsaði, að eg hèldi að það má ske væri ekki með öllu óyggjandi lög, en víst mundi það venja sumstaðar, og vitnaði þá um leið til þess optnefnda rentukammerbèfs frá 1823. Það gekk þannig vel og vandræðalaust í Snæfellsnessýslu. Síðan eptir 1840 hefir skattur þessi að vísu verið goldinn hèr í Gullbríngusýslu, til að komast hjá óvild og málaþjarki, en þó ætíð með ummælum og óánægju. Mèr þykir nú mjög óþægilegt, meðan eg á þar embætti að gegna, að vera staddur í þessum vanda og rèttaróvissu; eg vil því að þessi óvissa hætti, að fullvissa fáist og föst stefna komist á málið; er mèr því næst gefi, að greiða atkvæði í þá átt, sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður hreifði, þar sem mig minnir hann hèldi rèttast, að málið yrði lagt undir úrslit dómstólanna. Þó eg viti, að nefndinni hafi geingið allt hið bezta til, þykist eg þó sjá fram á, að með því muni öll hin sama óvissa haldast, sem áður hefði verið; og þó menn nú færi að grennslast eptir því, hvað verið hefði venja í þessu efni, þá er sá grunur minn, að það leiði til þess, að menn geti sannað, að venja þessi sè allt annað en gömul; eg held menn komist með þeirri rannsókn, bæði af bókum og vitnisburðum gamalla manna, að þeirri niðurstöðu, að venja þessi sè ekki nema má ske í mesta lagi 40 ára gömul. Menn munu komast fyrir upptök þessarar venju, og þá standa bændur betur að en hinir, sem gjöldin eiga að heimta. Að líkindum hefir þetta ekki komizt á, fyr en um 1820, því þá voru hèr byltíngar nokkrar í sýslumönnum, eins og kunnugt er orðið, bæði með þetta og með fækkun þíngstaða. Annars var það eðlilegt, þó þessu væri farið á flot af sýslumönnum, og hlaut það helzt að koma fram í þeim sýslum, þar sem lausafjártíundin var lægst, því það sýnist ekki ósanngjarnt, að skattur sè tekinn af fasteignarhundruðum eins og af lausafjárhundruðunum, og að öllu jöfnu stendur þá sá gjaldþegn betur að, sem tíundar t. a. m. 3 hndr. í lausafè og 3—6 hndr. fasteign, og hefir 4 menn í heimili, heldur en hinn, sem tíundar að eins 5 hndr. í lausa fè, hefir 4 manns í heimili og á ekkert jarðarhundrað. Þessi síðari á þó vafalaust að gjalda skatt. Eg legg það til, að óvissa þessi verði lögð fyrir dómstóla, og vissa feingin. Svona má það ekki gánga, því síður

sem þetta breiðist út og verður almennara, eptir því sem lausafjártíundin er að falla og harðna tekur í ári. Mèr þykir líklegast, að þessi óvissa, sem nú er, leiði til þess áður langt líður, að dómendur verði í að skerast, og leiða hana til lykta með dómi.

Framsögumaður: Það stóð allt öðruvísi á með spursmálið um tíundina af Hólastólsjörðum, en það stendur með þetta mál; þar nær hæstarèttardómurinn yfir allar jarðirnar, því þar stóð eins á með þær allar; hèr er þar á móti öðru máli að gegna; hèr yrði nefnilega spursmálið ekki um það, hvort Jónsbók heimilaði skatttöku af lausafè og fasteign samanlagðri, heldur sèr í lagi um það, hvort sú venja ekki væri komin á, að taka skattinn þannig, án tillits til Jónsbókar ákvörðunar; því það er alkunnugt, að í málum þessa eðlis ræður venjan mjög miklu, og þannig rèði hún í því tilvitnaða tíundarmáli úr Múlasýslu; tíundarskyldan var viss, en um hana, sem slíka, varð ekki spursmál, heldur um venjuna, og þar sem það ekki varð rakið fyrir hana, eða sannað, að tíundin hefði verið borguð af jörðunum, þá urðu þær tíundarfríar.

Eg skal enn fremur leiða athuga að því, að sú aðferð, sem nefndin hefir mælt fram með, hefir sína stoð í því, sem áður hefir við geingizt í þessu máli. Það hefir verið borið undir stjórnina af amtmönnunum, og stjórnarráðið, nefnilega rentukammerið, skrifaði svo aptur amtmönnunum um álit sitt á málinu, hlutaðeigendum til eptirbreytnis; þetta virðist líka að vera eðlilegt.

Hinn heiðraði fulltrúi Snæfellssýslu var að tala um þá óvissu, sem hann væri í, hvað skattheimtu snerti í Gullbríngu- og Kjósarsýslu; þetta skil eg ekki, þar sem hann hefir fyrir sèr stjórnarráðabrèfin frá 1823 og 1855, sem skipa svo fyrir, að skattinn í þessari sýslu skuli taka af samanlögðu lausafè og fasteign; hann þarf því ekki að vera í neinum vafa í þessu efni; fyrir hann, sem umboðsmann, eru það lög, sem stjórnin skipar fyrir um gjaldheimturnar í sýslunni; væri svo ástatt í hinum sýslum landsins, þá væri öðru máli að gegna; sýslumennirnir þar hafa ekkert stjórnarráðabrèf fyrir sèr um samlagníngu gjaldstofnanna, lausafjárins og fasteignarinnar, og því geta þeir verið í rèttaróvissu í þessu efni; og það er einmitt það, sem nefndin vill bæta úr með uppástúngu sinni, og um leið reisa skorður við því, að í skattheimtunni ekki verði nein sú aðferð viðhöfð eptirleiðis, sem ekki hafi sinn stað í lángri venju, eins og eg er búinn að taka skýrt fram hèr að framan, og eg hèr ekki skal taka upp aptur til málaleingíngar.

Páll Sigurðsson: Það mun nú þykja nokkuð ísjárvert af mèr bónda og meðnefndarmanni, að fallast ekki á meiníngu hins háttvirta *framsögumanns.* Það er nú satt, sem þíngmaður Snæfellínga sagði, að hèr í Gullbríngusýslu væri rèttaróvissa, en það er af því það er venja á ógildum rökum byggð. Eg vil ekki tala um lög, heldur konúngleg lög, því eg kalla rentukammerbrèf og þess konar ei lög fyrir Ísland; því Jónsbók ein er lög í því efni að mínu áliti. Um venju var nú vafi í nefndinni, og þó eg hafi ekki tekið mèr breytíngaratkvæði um það, sè eg mikið vel, að venja veldur óvissu. Margt má kalla venju, t. a. m. það, sem við hefir geingizt í 3 ár, en það er þó ekki lagavenja, sem dómur verði byggður á. Eg skil ekki, að venja geti verið heimild fyrir að taka skattinn og ekki ómunavenja; því Jónsbók segir fyrir, hvernig hann skuli gjaldast, og því getur eingin venja orðið að lögum, hvernig hann skuli greiða og varla ómunavenja, en hún mun heldur ekki eiga sèr stað í þessu efni og ekki í Gullbríngusýslu. Líklega er þetta nú fyrst byrjað hèr í Gullbríngusýslu sem óvenja; en ef hún verður rakin fram á aldamót, eða leingra, þá kann það að geta skakkað leikinn, en það er ei venja, þó það megi rekja hana svona í 30 ár eða frá 1820; menn steita sig á þessari venju, og því vil eg, þó eg ekki vildi vera nefndinni fráhverfur, helzt fallast á breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Eyjafjarðarsýslu, um að Jónsbókin ein verði álitin gildandi lög í þessu efni og henni fylgt. Eg veit mikið vel, að í skattheimtunni má byggja á venju, og eg veit dæmi til þess; það er nú hundraðsfiskurinn í Vestmannaeyjum; hann er á kominn með venju, og nú er hann orðinn svo fastur, að eg efast ekki um, að dómur yrði fyrir því, og verður ei af numinn, nema með lagaboði. Hvað venju í Rángárvallasýslu snertir, þá er hún í þessu hvorki gömul og þar til slitin og tekin upp aptur; það hefir geingið svo, að hafi menn neitað að borga, hafa sýslumenn farið ofan af því aptur, en tekið hjá þeim, sem hafa látið þá ráða; þetta er ekki venja, heldur einveldi og undirokun. Það hefir verið tekið fram, að þessi venja hafi helzt smeygt sèr inn, þegar menn höfðu lítt gát á rètti sínum og haldizt við sökum óvissu manna, og því er líklegt það, sem þíngmaður Snæfellínga sagði, og það er merkilegt að styðja að ráðherrabrèfinu að taka lögtaki hjá mönnum; það var þó ekki svo góð undirstaða; það er hægt að sjá, hvernig þetta ráðherrabrèf er undir komið; því áður en rentukammerbrèf frá 1823 kom út, hefir hlutaðeigandi embættismaður skrifað amtmanni, og sagt svona væri það,

amtmaður aptur stjórninni og stjórnin svo byggt á því. Eg vona, að þó uppástúnga nefndarinnar fái ekki framgáng, muni samt þessar umræður vekja athygli bæði sýslumanna og bænda, svo að hinir fyrri fari varlega í að taka skattinn svona, og hinir síðari láti það þá reka til dóms.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það má nú vera orðið ljóst af umræðum manna, hvers vegna nefndin hefir ekki beðið um lagaboð, eða frumvarp til lagaboðs; því hún var á því, að lögin væri ljós. Það er líka vafalaust og þarf eingrar útleggíngar með, og þá þarf ekki heldur frumvarp um skýlaus lög og ekki ný lög um það sama efni. Það eru því að eins tveir vegir: annar er sá, sem hinn 5. konúngkjörni þíngmaður vill fara, til dómstólanna; hinn er sá, að bendíng komi til sýslumanna frá stjórninni um að þeir fylgi lögunum, þar sem ekki sè fullkomin og föst venja fyrir öðru. Eg held, ef menn taka vel eptir, að ekki sè efi á, hvað skilja eigi við vafalausa venju; eg játa líka, að það getur verið hart hèr í Gullbríngusýslu, að verða að búa undir skattgjaldi þessu sökum venjunnar, en það verður þó ekki álitið rángt í sjálfu sèr, og ef menn fríast frá þessu gjaldi annarstaðar, þá fríast þeir að líkindum líka, ef eins reyndist þar venjan hvikul og annarstaðar. En líklega er það orðin föst venja; því það er ekki sennilegt, að sýslumaður hefði annars sagt það 1823 eða rentukammerið trúað því, hefði vafi verið um það, en hafi það ekki verið, þá kemur það fram, ef laga-rannsókn væri gjörð og yrði það þá tekið til greina; en þá er það víst, að bendíngar nefndarinnar eru því ekki til fyrirstöðu. Nefndin vildi að eins láta benda sýslumönnum til, hvað lög væri um þetta, en væri þá nokkur vafi á, þá sýnist að bóndi geti neitað, og látið höfða mál á móti sèr. Eg skil því ekki í, að uppástúnga nefndarinnar hafi neinn vafa í för með sèr, sem gjöri hana ísjárverða.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Umræðurnar um þetta ætla að verða drjúgar og greinilegar, en eg skal láta ósagt, hvaða heill verður að þeim, því þær hafa mest lent í venju eða óvenju, en því meiri sýnist mèr óvissan hafi orðið, sem leingur er talað um það. Eg vil því taka mèr það breytíngaratkvæði, að halinn verði klipptur af uppástúngum nefndarinnar.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Það hefir jafnan hèr á landi verið lögð nokkur þýðíng í venjuna eður hefðina, sem er nokkuð það sama; en aldrei get eg að því gjört (og svo munu fleiri segja), að altènd finnst mèr eintóm venja vera einhver sú ósanngjarnasta

og lakasta aðkomst til eigna eða rèttinda; landslög okkar láta heldur aldrei hefðina gilda, ef hinn hefir lögleg vitni eða skilríki, sem sanna það gagnstæða; nú sýnist að þetta eigi hèr heima, að ef ekkert er nema venja fyrir þessum gjaldmáta, en konúngleg lög eru á móti. Það geingur annars yfir mig, að þegar yfirvöldin fyrst fóru að skrifa stjórninni fyrirspurnir um þetta og tjá henni þessa venju, sem víst hefir verið undirstaðan til þessa stjórnarráðabrèfs 1823, að stjórnin skyldi þá ekki strax vandlega grafa í kríngum þá rót, hvernig þessi venja hefði fyrst til komið, að lögunum var ekki fylgt, hvort samníngar eða kríngumstæður hefði gjört þetta nauðsynlegt, því hún mátti þó vita, að einn, sem er mikils megandi og nógu ágeingur, og lifir nokkuð leingi, getur komið nokkurra ára venju á ráng̃indin við fávísan og meinlausan almúga. Eg er hræddur um, að það verði ekki ætíð gott, að glögga sig á manntalsbókunum með þessa árlegu venju; því þessi tilfelli, að svona standi á, eru svo stök og sjaldgæf í sveitum; það sèst að sönnu, þar sem skattur hefir verið tekinn eptir þessum máta, en það er ekki víst, að það sjáist, þar sem hefir verið hlaupið fram hjá honum í sama tilfelli; því öll föst eignarhundruð manna munu varla vera skrifuð í manntalsbækur, ef maðurinn hefir ekki verið látinn gjalda neitt af þeirri eign. Eg get ekki að því gjört, að mèr þykir niðurlagsatriðið nefndarinnar einfalt og stutthalalegt í endanum, þar sem ekki er nema tóm *venja;* það getur verið rètt nokkurra ára venja, og eg er samdóma þíngmanni Gullbríngusýslu, að það hefði verið betra, að tiltaka vissra ára venju; en það mun nú ekki hafa þótt svo hægt, að hitta rètt á það; eg er því að hugsa um, hvort það mundi spilla til, að eg tæki mèr breytíngaratkvæði svoleiðis, að eptir „full og föst“ (það mun nú eiga að vera samfleytt), komi „ómunatíðarvenja“.

Ásgeir Einarsson: Eg þykist sjá, að menn eru deigir við þetta mál, og þá þykir mèr líklegast, að halda sig að lögfróðu mönnunum; á gamla alþíngi var það venja, þegar vafi var um mál n, að láta lögmann skera úr og segja hvað lög væri, en það gæti nú kann ske dregizt, eptir því sem á málinu stendur. Eg hefi aldrei haldið mikið af venju, sè hún ekki góð eða raski lögum; eg held menn verði þá of lærðir og fari að dreyma um þann tíma rómarètturinn stóð í blóma. Eg vil nú ekki fallast á skoðun hins 5. konúngkjörna þíngmanns, að neyða menn til málssóknar; eg vil heldur, að jöfnuður komist á; það er ísjárverð tíð, sem nú er, og því má ekki æsa menn upp; menn eru hèr svo vitrir, að líklegt er þeir finni eitthvað,

sem tiltækilegra er; því hitt er mjög varúðarvert; því færi svo, þá gæti skeð, að fleira komi á diskinn. Það hefir verið talað um, að meta mál þetta eptir Jónsbókarlögum, sem allir játa sè lög; en sumir vilja fara eptir lögum, sumir eptir venju. Ef vafi er á, hvort embættismenn líði halla við þetta, sem sennilegt er, þar sem þetta er tekjur þeirra, ætla það væri þá ekki alþíngi samboðið, að gjöra þann fyrirvara, að breytíngin skyldi á komast, jafnótt og embættismannaskipti yrði? Eg vildi því til vara bæta breytíngaratkvæði mínu við uppástúngu þíngmannsins úr Eyjafjarðarsýslu, til að sporna við málasóknum og sem mest við ósanngirni að verða mætti.

Jón Pètursson: Ef þíngið fellst á, að senda bænarskrá um þetta til konúngs, og ekki vill láta málið falla, þá ætla eg að halla mèr helzt að breytíngaratkvæði þíngmanns Eyfirðínga.

Framsögumaður: Mig furðar á því, að hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu skuli vilja gjöra eins lítið úr venjunni, eins og hann gjörði, því hann veit hún ræður miklu í viðskiptum manna yfir höfuð, og sèr í lagi í þeim málum, sem eru þess eðlis, sem hèr ræðir um, því þar er mikið farið eptir venjunni; svona er t. a. m. með tíundina; hún er víða goldin eptir sem venja hefir verið til, og svo er með fleiri afgreiðslur bæði hèr og annarstaðar; því skyldi þetta þá ekki gilda í skattgjaldsmálum; og það get eg sagt hinum heiðraða þíngmanni, að dómstólarnir hafa mikið tillit til venjunnar í þess konar málum.

Arnljótur Ólafsson: Mèr finnst, að aðalatriðið í þessu máli sè það, hvort sýslumenn geti unnið rètt með vana, eður hvort hefð gildi um skatt; því sè það svo, þá á að fara með það sem önnur hefðarmál; nú gildir hefð, hvað laung sem er, ekki mót fullri eignarsönnun, nema 100 ára hefð kirkna. Nú hefir skattheimtumaður ekki meiri rètt til hefðar, en hver einstakur eigandi; greiðandinn eða gjaldþegninn ber Jónsbók fyrir sig sem lög eður lögmæt skilríki, sem segja: svona og svona skal skatt greiða, og þá getur skattheimtumaður ekki heimtað skattinn eptir venju. Mèr finnst nú, að rentukammerbrèfið frá 30. sept. 1823 sè eingin lög; það gildir ekki fyrir dómstólunum og getur því ekki hnekkt rètti skattgreiðanda. Tilskip. 1705 segir, að sýslumenn megi eigi taka meiri skatt, en lög bjóða, þ. e. Jónsbók, og leggur þúnga hegníng við, ef af er brugðið; sýslumenn mega sjálfir bezt vita hvað við liggur. Eg vil því ráða frá, að vísa málinu í hèrað, það rekur til málaferla, og þau geta orðið málalok, að sýslumenn uni miklu ver, en ef þeir feingi aðvörun frá

stjórninni. Það er tilhlýðilegt að stjórnin taki í taumana, og höfði mál á opinberan kostnað milli sýslumanns og bónda; verði bóndi dæmdur frjáls, þá verða allir frjálsir, sem eru í sömu kjörum, og þá gilda lög að fullu; en verði það dómur, að bóndi skuli greiða, þá gildir hefð. Verði nú bóndi frjáls, þá er allri málaleingingu lokið, en ef hann verður dæmdur til gjalda, þá skal meta venjuna eður hversu leingi skal skatt taka af samanlögðu lausafè og fasteign, til þess að ávinna sèr rètt til þessarar gjaldheimtu. Eg vil því greiða atkvæði fyrir því fyrsta hjá nefndinni, en sleppa halanum.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Ekki má sleppa halanum; því það væri að afneita rèttu gildi venjunnar. Ályktun þingmanns Borgfirðínga frá hefð til þessa máls er skökk. Þegar um skatta ræðir, þá er það almenn grundvallarregla hèr, að byggja á venju og dæma eptir venju; en það væri ósamkvæmt, að láta venju ráða, ef bónda er dæmt í vil, en ekki á hinn bóginn. ef hún er á móti bónda. Hèr dugir ekki að fylgja öðru en því, sem er stöðug og föst regla hjá dómstólum og hjá stjórninni.

Arnljótur Ólafsson: Eg sè ekki, að svo geti verið. Þó nú svo gildi um gjaftoll og manntalsfisk, þá ber þess að gæta, að fyrir gjaftolli og manntalsfiskum eru eingin forn lög; eg veit eingin lög fyrir gjaftolli, og það voru eingin lög fyrir honum fyr, en á alþingi var dæmt, að hann skyldi greiða eptir *fornri venju,* og þá hve mikill hann skyldi vera, og hvernig skipta milli sýslumanns og prófasts. Þetta veit hinn háttvirti þingmaður Ísfirðínga. Manntalsfiskur er sprottinn af frjálsum gjöfum; þar voru ekki heldur lög fyrir. En fyrir skattinum eru brýn og skýlaus lög; hèr er því ólíku saman að jafna. Hefð gildir eptir Jónsbók móti öllu nema eign, en það á eigi við um gjaftoll og manntalsfiska.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg býst við, að þingmaður Borgfirðínga hafi ekki verið inni, þegar eg sagði áðan frá dæminu um fátækratfund af kirkjujörðum. Þar voru ljós og gild lög öðrumegin, sem gánga um allt land, og þó vannst málið í dómi sökum venju, og með því sýndu dómstólarnir, að venja gildir til undantekníngar á einstöku stöðum, þó almenn lög sè í móti.

Arnljótur Ólafsson: Já, en þá er á hinn bóginn málið um tíund af Hólastólsjörðunum og nýbýlismálið fyrir norðan.

Jón Pètursson: Á konúngsúrskurðurinn ekki að hljóða hèr um bil á þá leið: Skatt skal ei taka o. s. frv., nema þegar föst og fullgild venja o. s. frv., og yrði það þá svo gott sem lagaboð, því

konúngur segði þar með vilja sinn, og þá er nær að biðja um, að frumvarp um það verði lagt fyrir næsta þing. Eg skil ekki annað, en að konúngur eigi hèr að segja mönnum, hvað sè lög og rèttur um þetta mál, og það bindur þá dómstólana; eg sè ekki, að annað verði leitt út af þessum úrskurði.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg sè ekki, hvers vegna ætti að orða það svona, eins og hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður kvað upp; því það er ekki betra en það, sem nefndaruppástúngan fer fram á; þar sem föst venja er, þar er ljóst hvað gilda skal.

Jón Pètursson: Konúngurinn er beðinn að segja, að skattur „*verði*“ tekinn af föstu og lausu til samans, þar sem venjan er fyrir því.

Benedikt Þórðarson: Sú hèr umrædda fullkomna og fasta venja held eg verði æði þýðíngarlítil, þegar að er gætt, að hún eptir þeim skilníngi, sem í hana er lagður, nefnilega, að hún eigi að vera nokkurs konar ómunavenja, á sèr að minni ætlun óvíða eða hvergi stað á öllu landinu; því skatttökuvenja þessi er í mörgum sýslum mjög úng, og ekki nærri 20 ára gömul, og þó óvíst, að hún sè orðin þar almenn sem hún heitir að nafninu á komin; hitt er jafnvel líkara, að sumir gjaldi skattinn, en sumir ekki, eptir henni; sè nú þetta á þá leið, sem eg bendi hèr á, þá held eg atkvæði nefndarinnar „venja“ sè verra en ekkert og valdi að eins flokkadráttum og deilum, og að sýslumenn missi sitt allt eins fyrir þetta, eins og þó blátt bann hefði lagt verið við skattheimtuna, sem hefði hreinlega tekið burt allan vafa; en þetta fítl nefndarinnar er beinlínis til að auka hann, og því heldur, sem venjunni er einginn ákveðinn tími settur, og hverjum er í sjálfsvald sett, að skapa henni aldur eptir eigin geðþótta sínum. Nokkrir þíngmenn eru nú búnir að taka sèr breytíngaratkvæði við uppástúngu nefndarinnar í þá átt, sem eg vildi gjört hafa, og tek eg mèr því ekkert atkvæði, en ætla að aðhyllast það, sem mèr bezt líkar, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil ráðgjöra það breytíngaratkvæði, að konúngur hlutist til, að höfðað verði mál á opinberan kostnað, þar sem ágreiníngur er nú um skatttökuna.

Forseti: Þar eð ekki hafa fleiri beðið sèr hljóðs, álít eg undirbúníngsumræðu þessa máls lokið, og skal eg biðja þá af þíngmönnum, sem hafa áskilið sèr breytíngaratkvæði, að koma með þau sem fyrst til mín.

Þar næst var upp lesið álitsskjal í málinu *um bæjarstjórn á Akureyri,* og var það samþykkt, svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis kom að þessu sinni bænarskrá ein frá 42 íbúum Akureyrar í Eyjafjarðarsýslu, er beiddist þess, að þíngið allraþegnsamlegast bæri þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign, að þèr allramildilegast vilduð svo fyrir skipa, að Akureyrarverzlunarstað ásamt Oddeyri mætti greina frá Hrafnagilshrepp, og hann verða lögsagnarumdæmi sèr, og að yðar konúnglega hátign jafnframt vilduð löggilda frumvarp til reglugjörðar fyrir bæjarstjórn á Akureyri, það er með bænarskránni fylgdi.

Alþíngi kaus 5 menn í nefnd, til að íhuga málið, og ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, eins og lögboðið er, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að skýra yðar konúnglegu hátign frá áliti sínu, svo sem nú skal greina.

Eptir því, sem upplýst er af ýmsum skjölum, er þíngið hefir undir höndum haft um þetta mál, og skýríngum kunnugra manna, eru Akureyrarbúar fyrir laungu farnir að finna til þess, að samband það, sem bærinn er í við Hrafnagilshrepp, stæði bænum fyrir framförum; því að svo leingi sem svona stæði, yrði eingum þeim gjöldum jafnað niður á sveitarmenn, er miðuðu Akureyrarverzlunarstað til eflíngar og framfara; því að, eins og auðvitað er, yrði eigi til þess ætlazt, að aðrir hreppsbúar tæki neinn þátt í þeim gjöldum. Enda verður eingum slíkum gjöldum jafnað á bæjarbúa, nema nýmæli sè um það gjört. Sökum þessa hefir það verið, að hafi Akureyrarbúar viljað byrja á einhverju því, sem bænum mætti til framfara horfa eða prýði, hafa þeir orðið að skjóta fè saman fríviljuglega, en þau samskot hafa orðið misjafnt að gánga, eins og er eðlilegt, þar sem enginn þurfti meira að gefa, en hann sjálfur vildi.

Af þessum sökum var það, að Akureyrarbúar rituðu yðar konúnglegu hátign bænarskrá, dagsetta 8. dag októberm. 1855, og beiddust þess, að þèr allramildilegast vilduð leyfa, að greina mætti Akureyrarbæ frá Hrafnagilshrepp, og gjöra hann að lögsagnarumdæmi sèr. En þessari beiðni Akureyrarbúa svaraði stjórn yðar hátignar í brèfi 28. dag aprílm. 1856 þannig, að hún gæti eigi sagt neitt ákveðið um þetta mál, fyr en hún feingi reglulegt frumvarp til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna á Akureyri. Nú í vetur setti amtmaður nefnd manna af Akureyrarbúum, til að semja frumvarp þetta, en

það gat eigi orðið svo snemmbúið, að það yrði sent stjórn yðar hátignar, svo að hún legði það aptur fyrir þessa árs alþingi. En með því Akureyrarbúum er næsta mjög annt um, að fá aðskilnað hreppsins og bæjarins sem fyrst, og jafnframt reglugjörð um stjórn bæjarmálefnanna, en á því mundi of mikill dráttur verða, ef frumvarpið væri fyrst sent stjórninni, og það síðan lagt fyrir alþingi 1861, tóku þeir það ráðs, að senda það alþingi nú, og beiðast þess, að þingið ræddi það, og bæri síðan fram fyrir yðar konúnglegu hátign þá allraþegnsamlegnstu bæn, að þér allramildilegast vilduð löggilda það.

Með því að aðrir hreppsmenn hafa lagt samþykki sitt til þess, að bærinn verði greindur frá hreppnum, og gjörður lögsagnarumdæmi sèr, eins og sjá má af útskript þeirri úr þingbók Eyjafjarðarsýslu, 18. d. júním. þ. á., er þingið hefir haft undir höndum, virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að aðgreiningin fari fram. Enda þótt bærinn sè eigi orðinn mjög fjölmennur enn, er hann þó orðinn svo fjölmennur, að þinginu virðist full ástæða til, að hann verði lögsagnarumdæmi sèr, og það því heldur, sem bærinn hefir óðum stækkað hin síðustu árin; enda sèr þingið eingin vandkvæði á því, að hann geti orðið það, með því að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu verði bæjarfógeti í bænum. Skildaga þá, sem hreppsmenn hafa sett fyrir aðgreiningunni, verður þingið að telja svo lagaða, að nefnd sú, sem upphaflega skipti sveitarsjóðnum og sveitarþýngslunum, mundi geta jafnað þann ágreining, eins og sjálfir hreppsmenn hafa bent til, þar eð þessir skildagar eigi eru í öðrn fólgnir, en að hreppurinn feingi nokkurn þátt í fatækrahlutum þeim, er fèlli á Akureyri, og hvar þeir hreppsmenn hefði rètt til framfæris, sem síðar þyrfti styrks við.

Nefnd sú, er sett var í málinu, og þingið síðar, íhugaðu vandlega frumvarp það, er nefndin á Akureyri hafði búið til, og breytti því í ýmsum atriðum; en þingið kaus heldur, að búa til nýtt frumvarp, en að bera fram breytíngar þær, er það vildi gjört hafa, sem breytíngaratkvæði. Til grundvallar fyrir frumvarpi þessu er lögð reglugjörð um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, dags. 27 dag nóvemberm. 1846, og henni breytt sumpart eptir því, sem hið sèrstaklega ásigkomulag Akureyrar útheimtir, og sumpart eptir því, sem reynslan hefir þegar sýnt, að betur mætti fara. Að öðrn leyti leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að vísa á ástæðurnar fyrir hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Að svo mæltu leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast í einu hljóði að bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign:

Að yðar konúnglega hátign allramildilegast vilduð sem allrafyrst löggilda frumvarp það til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna á Akureyri, sem þingið hefir samþykkt, og með bænarskrá þessari fylgir.

Reykjavík, 6. d. ágústm. 1859.

Jón Guðmundsson. H. Kr. Friðriksson.

Frumvarp
til
reglugjörðar um *stjórn bæjarmálefna á Akureyri.*

1. grein.

Bærinn Akureyri ásamt Oddeyri, hvorttveggja með sínum núverandi takmörkum, skal héðan af vera skilinn við Hrafnagilshrepp, vera lögsagnarumdæmi sér, og hafa bæjarstjórn út af fyrir sig og nefnast kaupstaður; skal þar settur bæjarfógeti, og sé hann fyrst um sinn sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu; skal bæjarfógetinn og fulltrúar bæjarins hafa á hendi alla stjórn þeirra bæjarmálefna, sem eigi eru undanskilin með öðrum ákvörðunum. Skal framvegis sambandi því slitið, sem verið hefir milli fátækramálefna í kaupstaðnum Akureyri og í Hrafnagilshrepp, og skal skilnaður þessi hefjast svo fljótt, sem því verður við komið, eptir að þessi reglugjörð er birt á báðum stöðum.

Fé því, er Akureyrarbær og Hrafnagilshreppur eiga í sameiníngu, og hreppsþýngslum öllum skal svo skipt, að sami sé jöfnuður milli bæjarins og hreppsins, sem á milli 4 og 5. Þessi skipti skulu gjörð af sýslumanni í Eyjafjarðarsýslu, öllum bæjarfulltrúunum og jafnmörgum mönnum úr Hrafnagilshrepp, sem kosnir skulu með atkvæðafjöda á kjörfundi fyrir sýslumanni, af öllum þeim búendum hreppsins, sem gjalda nokkuð til sveitar.

2. grein.

Fulltrúar kaupstaðarins Akureyar skulu vera fimm; skulu þeir kosnir af bæjarbúum þeim, sem kosníngarrètt hafa samkvæmt þessari reglugjörð.

3. grein.

Kosníngarrètt hafa allir þeir menn, 25 ára sjálfs síns ráðandi, er búfastir hafa verið seinasta árið í bænum, þegar þeir að minnsta kosti borga 2 ríkisdali í bæjargjöld.

4. grein.

Kjörgeingur er hver sá, sem kosníngarrètt hefir eptir 3. gr.

5. grein.

Einginn sá getur tekið þátt í kosníngu bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosníngu, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenníngsáliti, jafnvel þótt hann hafi ekki sætt þeirri hegníngu, er samkvæmt opnu brèfi dags. 29. d. októbermánaðar 1824 og tilskipun 24. janúar 1838, 4. grein, *lit. a*, sviptir menn borgararètti. Eigi heldur sá, er lagasókn á liggur um nokkurt það verk, er svívirðilegt er að almenníngsáliti eða svipt getur borgararètti, fyr en hann með dómi, er eigi verður raskað, er dæmdur alsýkn sakar. Eigi hefir heldur sá kosníngarrètt, nè er kjörgeingur, er settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sè nokkurt það mál honum á hendi, að hann eigi hafi full ráð fjár síns að lögum.

Sá, er þegar er kjörinn fulltrúi, skal eigi víkja úr fulltrúasæti, fyr en hann hefir haft fulltrúastörf á hendi hinn lögákveðna tíma, þótt hann missi þá hæfilegleika, sem kjörgeingi er bundið við eptir 3. og 4. grein. Nú er hafin lagasókn í gegn þegar kosnum fulltrúa um eitthvert það verk, er sviptir kosníngarrètti og kjörgeingi, samkvæmt þessari grein, skal hann þegar víkja úr fulltrúasæti sínu, uns dómur sá er felldur í málinu, er eigi verður raskað, og tekur hann þá aptur að gegna fulltrúastörfum, sè hann dæmdur alsýkn saka. Þó skal sá tími, er málsóknin stóð yfir, teljast með sýslutíma hans. Bæjarfógeti og fulltrúar skera úr því, hve nær bæjarfulltrúinn á af þvílíkum ástæðum að víkja úr sæti sínu. Þó á sá fulltrúi, er hlut á að máli, frjálst að bera málið undir amtmann til úrskurðar, sè hann eigi ánægður með úrskurð bæjarstjórnarinnar.

Faðir og sonur mega eigi eiga setu meðal fulltrúa undir eins, og eigi heldur faðir eða sonur bæjarfógeta.

6. grein.

Hver fulltrúi hefir starf sitt á hendi í 5 ár, og fer hann þá frá; en af þeim 5, sem kjörnir eru í fyrsta skipti, skal einn fara frá að ári liðnu og síðan einn á ári; og skal þar ráða samkomulag eða hlutkesti, ef samkomulagi eigi verður á komið. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir, sem til þess eru, áður 5 ár eru liðin frá kosníngu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 5 ár, er frá fór. Fari einhver fulltrúa frá hina 6 síðustu mánuði ársins, má fresta kosníngu til þess á aðalkjörfundi. Kjósa má jafnan þann að nýju, er frá fer; en hafi hann gegnt full-

trúastörfum í 3 ár eða leingur, er hana eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlángan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi. Svo má og hver sextugur maður eða eldri skorast undan fulltrúakosníngu.

7. grein.

Fulltrúakosníngar skulu jafnan fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf misreitis. Hið fyrsta sinn skal kjósa bæjarfulltrúa svo fljótt sem verður, eptir að reglugjörð þessi er birt á Akureyri, en þó skal telja sýslutíma þeirra frá næsta nýári á eptir.

8. grein.

Svo skal kosníngu undirbúa, að skrá sè samin um þá, sem kosníngarrètt hafa og kjörgeingir eru; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: í fyrsta sinn bæjarfógetinn á Akureyri og 2 menn af Akureyrarbúum, er hann til þess kveður; en upp frá því eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, oddviti fulltrúanna og einn fulltrúanna, er þeir sjálfir til þess kjósa. Þegar semja skal kjörskrá, skal bæði gjaldkeri bæjarins og aðrir bæjarfulltrúar vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist. Skráin skal liggja öllum bæjarbúum til sýnis um 14 daga; þyki nokkrum, að einhver sè of talinn eða vantalinn á kjörskránni, skal hann bera mótmæli sín skriflega upp fyrir bæjarfógeta, að minnsta kosti 3 dögum fyrir kjörfund; rannsakar þá kjörstjórnin málið og kveður upp úrskurð sinn á kjörfundi samkvæmt lögum, áður en kosníng fer fram. Mótbárum þeim gegn kjörskránni, er eigi koma fram í ákveðinn tíma, skal einginn gaumur gefinn.

9. grein.

Kjörstjóri skal boða stað og stund, er kosníngar skulu fram fara, að minnsta kosti 8 dögum á undan, með auglýsíngarbrèfi; skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosníngarrèttar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa því yfir, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni eða á seðli, hvern þeir vilji kjósa.

Þegar allir þeir, er kjósa skulu, hafa gefi atkvæði sín og þau eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar upp öll atkvæðin, en hinir 2 kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman. Þann skal nefna kjörinn fulltrúa, sem hlotið hefir flest atkvæði. Nú hafa 2 eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

10. grein.

Þegar kjósa á fleiri en einn fulltrúa, skal hver þeirra kjörinn sèr í lagi á þann hátt, sem áður er fyrir mælt.

11. grein.

Ef sá, sem kjörinn er fulltrúi, ber upp afsökun nokkra, metur kjörstjórnin, hvort hún sè gild, og verði það atkvæði meiri hluta kjörstjórnarinnar, skal kjósa að nýju, og boðar þá kjörstjóri þegar til annars kjörfundar að 8 daga fresti. Nú telur kjörstjórnin afsökun hans ónóga, en hinn kosni vill þó eigi gángast undir kosníngu, skal kjörstjórnin bera málið undir amtmann, ef hinn krefst þess, og sker þá amtmaður úr.

Nú þykir einhverjum hlutaðeiganda vafi á, að kosníngin sè lögmæt, á hann rètt á, að bera slíkt upp fyrir kjörstjórninni, en hann skal hafa gjört það, áður 8 dagar sè liðnir, frá því kosníng fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun einginn gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda málið ásamt áliti sínu amtmanni til úrskurðar, og leggur amtmaður þá úrskurð á, áður hálfur mánuður sè liðinn. En hvort sem slík umkvörtun kemur fram eða eigi, skal amtmanni ávallt send skýrsla um kosníngina.

12. grein.

Sá, sem kosinn er fulltrúi, sendir bæjarfógeta skriflegt heit, og skuldbindur hann sig í því samkvæmt borgaraeiði sínum, en hafi hann eigi svarið borgaraeið, lofar hann með eiði, að gegna dyggilega öllum þeim skyldum, er staða hans leggur honum á herðar, bæði við konúng og fósturjörð sína, og einkum við fèlag það, er hefir kosið hann til að taka þátt í stjórn bæjarmálefna sinna.

13. grein.

Við byrjun hvers árs kjósa fulltrúar úr flokki sjálfra sín oddvita, og ræður þar atkvæðafjöldi. Á sama hátt kjósa þeir og varaoddvita, er geingur í stað oddvita, þegar hann eigi er viðlátinn. Fulltrúar skulu eiga með sèr fastákveðna fundi, eptir því sem þeir koma sèr saman um, hversu tíðir skuli vera; en auk þess kveður oddviti til funda endranær, er honum þykir nauðsyn til bera, eða 2 fulltrúar heimta. Oddviti skal, að því leyti unnt er, auglýsa fulltrúunum fyrir fram, hver málefni skuli rædd á fundum þeirra; en að öðru leyti á hver fulltrúi rètt á að bera upp á fundi hvert það málefni, er honum þykir nauðsyn til bera. Oddviti stýrir fundum og sèr um, að allt sè rètt bókað, er þar fer fram. Þegar svo á stendur, að jöfn eru atkvæði, skulu þeir ráða, er oddviti fylgir að.

Þrír skulu fulltrúar að minnsta kosti vera á fundi, ef nokkurt mál á að geta ráðizt til lykta. Jafnan skulu allir þeir fulltrúar, sem við staddir eru, rita nöfn sín undir fundabókina.

14. grein.

Bæjarfulltrúar skulu eiga þátt í stjórn allra þeirra málefna, sem snerta eignir og stofnanir, tekjur og gjöld bæjarins, og eigi eru með neinni annari lagaákvörðun undanskilin; má því bæjarfógeti ekkert kveða á um bæjarmál, án þeirra samþykkis. Fulltrúar mega gjöra uppástúngur um bæjarmálefni, eins og líka bæjarfógeti eða æðra yfirvald, hvort heldur er um eignir og stofnanir bæjarins, eða tekjur hans og útgjöld. Nú verður meiri hluti fulltrúa eigi á sama máli og bæjarfógeti, skal hann eiga fund við þá og ræða við þá um málið; verði þá meiri hluti fulltrúa enn eigi á sama máli og hann, má skjóta málinu undir úrskurð amtmanns. Það er sjálfsagt, að telja það álit allra fulltrúa, er meir hluti fellst á, þó er minni hlutanum heimilt að skýra brèflega frá skoðun sinni, og láta fylgja með, ef málið geingur til æðra yfirvalds.

15. grein.

Í öllum þeim málum, er snerta þurfamenn, uppeldi og uppfræðíngu barna, hefir hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum fulltrúanna, að svo miklu leyti því verður við komið.

16. grein.

Fulltrúarnir skulu kjósa 2 menn úr flokki sjálfra sín í byggíngarnefnd þá, er sett var með opnu brèfi 6. dag janúarmánaðar 1857 í stað þeirra, er bæjarmenn skyldi áður kjósa.

17. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta kjósa bæjargjaldkera; skal sá, sem settur er gjaldkeri, skyldur að hafa starf sitt á hendi um 3 ár, nema hann geti borið fyrir gildar ástæður, er aptri honum frá því, er bæjarfógeti og fulltrúar meti, eða bæjarfógeta og fulltrúum þyki ástæða til, að fá öðrum sýslu hans í hendur; nú verða bæjarfógeti og fulltrúar eigi á eitt sáttir um ákvarðanir þær, er snerta kosníngu gjaldkera o. s. frv., skal málinu skotið til amtmanns úrskurðar.

18. grein.

Reikníngsárið er frá fardögum til fardaga.

19. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta fyrir lok hvers marzmánaðar semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þykir, að bærinn muni þurfa að greiða næsta fardagaár, hvort heldur er til forlagseyris þurfamönnum bæjarins eða til annara bæjarþarfa. Í áætluninni skal

og skýrt frá fè því, sem til er, til að borga með gjöldin, án þess skattur sè lagður á bæjarbúa. Þegar allar slíkar tekjur eru taldar, skal jafna tveimur fimmtu hlutum af gjöldum þeim, sem þá eru eptir til hinna eiginlegu bæjarþarfa, á hús og lóðir bæjarmanna, þannig að fimm sjöttúngum skal jafna á húsin eptir ferhyrníngsmáli grundvallarins, en einum sjöttúng á maturtagarða og aðrar útmældar lóðir, sömleiðis eptir ferhyrníngsmáli; en þremur fimmtúngum þess fjár, sem þarf til hinna eiginlegu bæjargjalda, og því fè, sem þarf til forlagseyris þurfamönnum, skal jafna niður á alla bæjarbúa eptir efnum þeirra og ástæðum. Gjöldum þeim, sem greind eru í opnu brèfi 6. dag janúarmánaðar 1857, 5. grein *a*, skal framvegis jafna niður eins og gjöldum til annara bæjarþarfa, er að framan er getið.

Beri ekkert það að höndum, að líklegt megi þykja, að útgjöldin eða tekjur þær, sem til eru upp í þau, verði meiri eða minni en árið næst á undan, skal hvorttveggja[1] jafnhátt sett. Áætlunin skal gilda án samþykkis æðra yfirvalds, en senda skal hana amtmanni, undir eins og hún er fullgjörð.

20. grein.

Þegar áætlunarskráin er fullgjörð, skal jafna niður gjöldunum á bæjarbúa samkvæmt 18. grein. Við niðurjöfnun þessa ber þó þess að gæta, að þeim, sem að lögum eru lausir við að greiða gjaldtegund nokkra, má eigi gjöra meira gjald, en þeim ber að greiða í önnur gjöld að tiltölu við aðra. Allir fulltrúar ásamt gjaldkera bæjarins jafna niður bæjargjöldum á bæjarbúa. Niðurjöfnunin skal fullgjörð, að minnsta kosti fyrir lok maímánaðar; þvínæst skal hún, ásamt áætlunarskránni, liggja öllum til sýnis um 3 vikur, að minnsta kosti 3 stundir á degi hverjum; skal það opinberlega birt, hve nær hún sè lögð fram, og um hvert leyti dags hún sè öllum til sýnis. Öllum gjöldum skulu greiðendur hafa lokið á Mikjálsmessu.

21. grein.

Þyki einhverjum bæjarbúa eitthvað aðfinníngarvert við niðurjöfnunina, á hann frjálst með að bera sig upp um það við bæjarfógeta og færa rök að, en það skal gjört, áður sá tími sè liðinn, sem niðurjöfnunin liggur til sýnis, því að annars verður slíkri umkvörtun einginn gaumur gefinn. Bæjarfógeti leggur þá úrskurð á ásamt fulltrúunum, hvort breyta skuli niðurjöfnuninni að nokkru fyrir umkvörtunina. Sè kærandi eigi ánægður með úrskurð bæjarstjórnarinnar, er honum frjálst, að láta bæjarstjórnina bera málið undir úrskurð amtsins.

22. grein.

Ef útgjöld þau ber að hendi, sem eigi er ráð fyrir gjört í á-ætluninni, skal fara með þau að öllu eins og fyrir er mælt um aðal-áætlunarskrána í 18. grein, og jafna síðan því fé niður á bæjarbúa á sama hátt, og fyrir er mælt í 19. grein um aðalniðurjöfnunina. En sè þess konar gjöld eigi meiri en svo, að nemi 50 rd., má niður-jöfnun þeirri fresta, þar til aðalniðurjöfnunin fyrir næsta ár er gjörð.

23. grein.

Bæjarsjóðurinn skal geymdur af gjaldkera, og skal hann að minnsta kosti eitt sinn á hverjum þremur mánuðum gefa bæði bæjarfó-geta og fulltrúunum nákvæma sjóðskýrslu, er sýni nákvæmlega, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað, og til hvers. Eigi skal bæjargjaldkeri neitt greiða úr bæjarsjóði, nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni.

24. grein.

Fulltrúar ásamt bæjarfógeta skulu hafa nákvæma umsjón með fjárhag bæjarins. Þeir gæta þess, að skattar og tekjur bæjarins sè heimtaðar á réttan hátt og í tækan tíma, og þær teknar lögtaki, ef þörf gjörist, svo og, að fénu sè varið til útgjalda bæjarins. Þyki reikníngar gjaldkera eigi nógu skýrir, eða tekjur reynist óheimtar, eða gjöld ógreidd, er greidd skyldi vera, skulu fulltrúar gjöra þær ráð-stafanir, er nauðsyn ber til, til að hrinda því í lag, er áfátt þykir.

Allar ávísanir skulu fulltrúar undirskrifa á fundi.

Bæjarstjórnin skal leggja alla stund á, að öll störf þau, sem unnin eru á kostnað bæjarsjóðs, sè vel af hendi leyst, og með sem minnstum kostnaði, og hafa vakanda auga á slíkum störfum; skulu fulltrúarnir skiptast á um að gæta þeirra, eptir því sem þeim þykir hentast, og sjá um, að slík störf sè unnin sem haganlegast og í öllu samkvæmt því, sem upphaflega var kveðið á.

25. grein.

Þótt bæjarfógeti og fulltrúar eigi rètt á, eptir því sem að fram-an er fyrir mælt, að gjöra ályktanir í almennum málefnum bæjarins, mega þeir þó eigi afráða neitt eða fullgjöra, það er af sèr leiðir byrði eða þýngsli fyrir bæjarbúa til lángframa, nema þeir leiti og fái til þess samþykki hlutaðeiganda amtmanns. Bæjarstjórnin má því eigi nema með samþykki æðra yfirvalds taka fé að láni, leingja tíma þann, sem borga skal á lánsfé, eða bæta við nýjum launum eða ept-irlaunum eða hækka þau, ef meiru nemur, en 20 rd., eigi kaupa land eða hús undir bæinn nè selja fasteignir, er bærinn kann að

eignast, eigi ákveða nein byggíngarstörf, er hafa í för með sèr álögur á bæjarbúa um meir en eitt ár, eða við sættir skuldbinda bæinn til neins til lángframa, eða slaka til í rètti hans.

26. grein.

Þegar við lok hvers reikníngsárs skal gjaldkeri semja reikníng yfir allar tekjur og útgjöld bæjarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógeta innan loka júnímánaðar; skal reikníngur sá liggja öllum bæjarbúum til sýnis um 3 vikur, þrjár stundir dag hvern, og það birt eins og fyrir er mælt um niðurjöfnunina. Því næst sè reikníngurinn feinginn til íhugunar skoðunarmanni; en hann sè kosinn af bæjarmönnum þeim, sem samkvæmt 3. gr. hafa kosníngarrètt, á sama hátt og fulltrúarnir, og skal hann hafa það starf á hendi um 5 ár, eins og þeir. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikníngnum innan mánaðar frá því hann fèkk hann; síðan skal hann senda hann aptur með athugasemdum sínum. Þegar gjaldkeri hefir feingið athugasemdir skoðunarmanns og svarað þeim, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, eða tekið þær tilhlýðilega til greina, skal reikníngurinn, ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera upp á þær, sendur amtmanni til úrskurðar, og skal hann skera úr, ef ábyrgð nokkur þykir á liggja bæjargjaldkera, er hann þykist hafa feingið nægar skýrslur um málið eða honum þykir eitthvað aðfinníngarvert. Ágrip af reikníngi gjaldkera skal prenta, svo fljótt sem verður, þar sem til sè greind sèr í lagi öll atriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

Ástæður
fyrir frumvarpi þessu.

Við 1. grein.

Lóð Akureyrarbæjar er svo lítil, að því nær ekkert rúm er þar orðið handa nýjum húsum, og auk þess aukast útgrynníngar árlega, og það svo mjög, að vel getur svo farið, að flytja þurfi verzlunarhúsin út á Oddeyri, og því hefir nefnd þeirri á Akureyri, sem hefir samið frumvarpið, þótt brýna nauðsyn til bera, að láta Oddeyri vera innan ummerkja bæjarins, með því líka, að eigandi Oddeyrar, sá sem nú er, óskar þess, og verður þíngið, eptir því sem upplýst er, að álíta þetta vel til fallið. Það getur verið, að nauðsyn væri fyrir bæinn, að geta eignazt nokkurt land fyrir utan kaupstaðarlóðina, einkum til mótaks handa bæjarbúum, og beitarlands handa stórgripum bæjarbúa og hestum ferðafólks, er að kaupstaðnum sækir, en allt fyrir það þykir eigi næg ástæða til, nú sem stendur, að gjöra

skiptínguna svo, að þetta land yrði innan ummerkja bæjarins, áður en bærinn gæti sèð nein ráð til, að kaupa það. Auk ýmissa breytínga, sem leiðir af ólíkum ástæðum Akureyrar nú, og Reyjavíkur, er hún var greind frá Seltjarnarneshrepp, leiðir það af fyrirkomulagi því, sem stúngið er upp á, að Akureyri hlýtur að hafa bæjarfógeta sèr; en með því bæriun er enn svo lítill, virðist óþarft, að skipa þar sèrstakan bæjarfógeta, heldur væri rèttast, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu væri fyrst um sinn bæjarfógeti þar, með því að störfin, sem bæjarfógetinn feingi, ekki gæti álitizt að verða svo mikil, að sèrstakan embættismann þyrfti til þeirra, eins og líka tekjur þær, sem fógeti gæti haft af bænum einum, mundi verða næsta ónógar honum til uppeldis, en ekki við að búast, að stjórnin mundi vilja greiða honum sæmileg laun úr ríkissjóðnum.

Í frumvarpi Akureyrarbúa er gjört ráð fyrir, að ekki yrði sèrstök fátækranefnd í bænum, heldur að bæjarstjórnin hefði einnig til meðferðar öll fátækra málefni, og má færa til fyrir því þá ástæðu, að bærinn er svo lítill, að æskilegt væri, að hafa sem fæstar nefndir og sveitarstjórnina sem óbrotnasta, og hefir þíngið ekki fundið ástæðu til að gjöra breytíngu á þessu. Þess skal og getið, að sóknarpresturinn hefir ekki bústað á Akureyri, eða svo nærri bænum, að hann gæti átt stöðugan þátt í fátækrastjórninni, þótt sèrstök nefnd hefði verið sett til að hafa hana á hendi, og er þetta einnig ástæða fyrir því, að hafa ekki slíka sèrstaka nefnd; sbr. að öðru leyti frumvarpsins 15. gr.

Þegar gjöra skal grein fyrir undirstöðunni fyrir skiptíngunni á hreppssjóðnum og hreppsþýngslum öllum millum Akureyrar og Hrafnagilshrepps, þá þótti rèttast, að fara eptir hlutfalli því, er verið hefir að meðaltölu hin síðustu 12 árin á millum fjárframlags Akureyrarbúa og annara hreppsmanna, og hefir það verið, sem 4 á móti 5, og hafa hreppsmenn einnig fallizt á, að skiptíngin væri gjörð eptir þessu hlutfalli.

Með því eigi er ætlast til, að nein sèrstök fátækranefnd verði sett á Akureyri, urðu fulltrúar bæjarins að taka þátt í skiptingunni og þá urðu sjálfsagt búendur í Hrafnagilshreppi að hafa rètt til að senda jafnmarga menn til þeirra skipta, en kæmi ágreiníngur upp á millum hreppsbúa og bæjarfulltrúa, þótti rèttast, að sýslumaðurinn tæki þátt í skiptunum.

Við 2. grein.

Enda þótt að Akureyri eigi sè enn orðin eins fjölmenn, og

Reykjavíkurbær var 1846, þóttu þó fulltrúar eigi mega færri vera, en 5, en aptur á móti þótti eingin ástæða til, að tómthúsmenn hefði neinn sèrstakan fulltrúa, með því þeir eru á Akureyri næsta fáir.

Við 3. grein.

Ákvarðanir þær, sem settar eru í reglugjörð 27. d. nóv. 1846, um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík fyrir kosníngarrèttinum á bæjarfulltrúum, þóttu bæði ófrjálslegar, og gæti eigi heldur við átt á Akureyri; því að eptir þeim mundi margir hinna beztu manna bæjarins verða útilokaðir frá kosníngarrèttinum, og þá líka frá kjörgeinginni samkvæmt 4. gr., en í svo litlum bæ væri næsta áríðandi, að gefa sem flestum aðgaungu, svo að bæjarbúar ætti ávallt kost á, að velja þá til bæjarfulltrúa, er hæfastir væri til þess þar í bænum, og bæjarbúar bæri mest traust til, og fann þá þíngið ekkert það skilyrði fyrir kosníngarrèttinum og kjörgeinginni, eptir ástæðum Akureyrar, er betur ætti við, en það, sem sett er í þessari grein; enda mundi þetta gjald vera fullhátt, að minnsta kosti fyrst um sinn, með því bæjargjöldin mundi verða næsta lág.

Við 4. grein.

Þessi grein er að því leyti samkvæm 2. gr. í tilsk. 6. d. janúarm. 1857, að sömu eru skildagarnir fyrir kjörgeinginni og kosníngarèttinum, og þótti það og samkvæmt hugsunarhætti Íslendínga nú, og öllum landshögum, enda ógjörlegt að binda kjörgeingina til fulltrúa á Akureyri neinum stríðari böndum.

Við 5. grein.

Þessi grein er að mestu samhljóða 5. gr. í tilsk. 27. d. nóvemberm. 1846, nema hvað þar er dreginn saman við fyrri hluti 14. gr. nefndrar tilskipunar, um það, hvenær sá, sem kosinn er fulltrúi, skuli víkja úr fulltrúasæti, og nokkru ljósar kveðið á um það.

Sökum þess, að ekki er um mjög marga menn að velja í bæjarstjórnina í svo litlum bæ, sem Akureyri, þótti það ísjárvert, að banna bræðrum 2 eða námágum setu í bæjarstjórninni undir eins, enda mundi lítil hætta búin af því, og því er einúngis föður og syni bannað að eiga þar setu í senn, og þá líka föður og syni bæjarfógetans, er gæti haft eigi alllítil áhrif á bæjarstjórnina.

Við 6. grein.

Þessi grein er samhljóða 7. gr. í tilsk. 27. dag nóvemberm. 1846; en með því eigi er ætlazt til, að bæjarfulltrúar á Akureyri sè fleiri en 5, þá er og sýslutíminn að eins 5 ár. Þá þótti og

rèttast, að setja í þessa grein ákvörðunina í 8. gr. í Reykjavíkurreglugjörðinni, um það, eptir hvaða röð fulltrúar skyldi sleppa fulltrúastörfum. Svo er og tekin upp í þessa grein ákvörðunin í síðari hluta 14. greinar í Reykjavíkurreglugjörðinni, um misreitiskosníngar; því að þar þótti sú ákvörðun eiga bezt við.

Við 7. grein.

Þessi grein er samhljóða upphafi 9. greinar í Reykjavíkurreglugjörðinni, en ákveðið að eins, að kjósa skuli í fyrsta sinn, undir eins og tilskipun þessi er birt á Akureyri, þar sem í tilsk. 27. nóv. 1846, 8. gr. var svo fyrirskipað, að þær kosníngar skuli bíða næsta nýárs.

Við 8. grein.

Þessi grein er að öllu samhljóða, að efninu til, 9. gr. í tilsk. 27. nóv. 1846, nema hvað sleppt er ákvörðuninni um kosníngu tómthúsmannafulltrúa, með því eigi er ætlazt til, að þeir hafi neinn sèrstaklegan fulltrúa. Með því Akureyri ekkert þínghús hefir enn, þótti rèttast að láta það óákveðið, hvar kjörskráin skyldi liggja mönnum til sýnis, heldur fela það bæjarfógeta á hendur, hvort hann vildi láta hana liggja á skrifstofu sinni, eða fá til þess einhvern annan hentugan stað.

Við 9. grein.

Þessi grein er að öllu samhljóða 10. gr. í tilsk. 27. nóv. 1846, nema hvað sleppt er úr ákvörðuninni um, hvar kosníngarstaðurinn skuli vera, þar sem ekkert þínghús er á Akureyri, og verður bæjarfógeti að útvega til þess stað, eptir því, sem hann kemur sèr við.

Við 10. grein.

Þessi grein er óbreytt 11. gr. í Reyjavíkurreglugjörðinni.

Við 11. grein.

Efni og ákvarðanir þessarar greinar eru að mestu hinar sömu, sem í 12. gr. tilsk. 27. nóv. 1846; en það þótti rèttast, ef sá, sem kosinn er, afsakar sig á sjálfum kjörfundinum, og afsökunin er tekin gild af kjörstjórninni, að þá skuli halda nýjan kjörfund aptur; því að það virðist geta leitt óreglu af því, ef einhver bæri fram afsökun sína þegar á kjörfundinum, að þá væri þegar geingið til nýrra kosninga; með því móti gæti svo farið, að sá yrði kosinn með fáum atkvæðum, er almenníngur bæjarbúa eigi vildi fela fulltrúastörf á hendur. Það þótti og nóg, að tilkynna amtmanni kosníngunа, án þess hans samþykkis þyrfti við, til þess að kosníngin væri gild.

Við 12. grein.

Þessi grein er að öllu leyti samhljóða 13. gr. tilsk. 27. nóv. 1846.

Við 13. grein.

Þessi grein er tekin eptir 15. gr. í tilsk. 27. nóv. 1846, en að eins vikið lítið við, að orðunum til, eptir því, sem betur þótti fara. Það þótti þó réttast, að bæta nokkrum nákvæmari ákvörðunum við, svo að oddviti gæti sem minnstu gjörræði við komið, og er því bætt við þeirri ákvörðun, að fulltrúar skuli ákveða, þegar við byrjun ársins, hversu tíðir fundir skuli vera, því að annars er það að öllu leyti undir oddvita komið, hvenær fundir eru haldnir; en vel getur svo farið, að hann vanræki skyldu sína í því efni. Það þótti og nauðsynlegt, að tveir fulltrúar mættu heimta, að oddviti kallaði til fundar, er þeim þætti eitthvert það mál liggja fyrir, er fljótt þyrfti úr að ráða. Til þess að fulltrúunum gæfist sem bezt færi á, að íhuga málin, er og þeirri ákvörðun bætt við, að oddviti skuli skýra fulltrúunum á undan hverjum fundi frá því, hver mál ræða eigi á næsta fundi, að svo miklu leyti, því yrði við komið.

Við 14. grein.

Þessi grein er búin til úr 16. og 17. gr. tilsk. 27. d. nóvemberm. 1846, og að efninu til samhljóða þeim; en réttast þótti, að efni þessara tveggja greina væri sett í eina, eða að ákvarðanirnar um það, hver skyldi úrslit mála, væri í einni grein. En í enda greinarinnar er bætt við ákvörðun um það, að minni hluta fulltrúa skyldi heimilt, að skýra frá sinni skoðun, ef málinu væri skotið undir úrskurð æðra yfirvalds.

Við 15. grein.

Úr því bæjarstjórnin á að hafa á hendi stjórn fátækramálefna, eins og annara bæjarmálefna, þótti nauðsyn á, að gefa prestinum rétt til setu og atkvæðis á fundum fulltrúanna, er slík mál væri rædd. En hitt er auðvitað, að hann getur sleppt atkvæðisrétti sínum í þess konar málum, þegar hann vill, eins og fulltrúarnir verða að hafa fullan rétt til, að skera úr slíkum málum, án hans atkvæðis, ef nauðsyn ber til.

Við 16. grein.

Þessi grein er löguð eptir 18. gr. tilsk. 27. d. nóv. 1846, því að ef sérstök bæjarstjórn kemst á á Akureyri, virðist það réttast, að fulltrúarnir kjósi menn í byggíngarnefndina fyrir hönd bæjarmanna, eins og er í Reykjavík.

Við 17. grein.

Þessi grein er að öllu samhljóða 23. gr. í tilsk. 27. d. nóv. 1846, en þótti rèttar sett hèr, en síðar.

Við 18. grein.

Þar sem í Reykjavíkurreglugjörðinni svo er kveðið á, að reikningsárið sè frá nýári til nýárs, þá hefir það sýnt sig, að sú ákvörðun er óhagkvæm, því að vetrartíminn er meginhluta greiðandanna óhagkvæmastur til allra útgjalda, en sumartíminn og hausttíminn hinn hagkvæmasti, því að á þeim tíma verzla menn varníngi sínum og hafa því þá helzt peníngaráð; en af því, að landsbúum veitir flestum örðugt, að greiða nokkur gjöld fyrri hluta ársins, mundi leiða eins á Akureyri, eins og hèr hefir átt sèr stað í Reykjavík, að ekkert fè yrði fyrir hendi til nauðsynja-útgjalda bæjarins fyrri hluta ársins, nè heldur til neinna þeirra verka, er gjöra skyldi á vorum, og yrði þá bærinn að taka fè að láni, sem opt og einatt gæti örðugt veitt. Auk þess eru útgjöldin til fátækra hèr á landi alstaðar reiknuð frá fardögum til fardaga, og virðist því rèttast, að reikníngsárið yrði hið sama í bæjunum, sem hreppsárið og fardagaárið í sveitunum.

Við 19. grein.

Í þessari grein er svo fyrir mælt, að áætlunin skuli gjörð fullum 2 mánuðum fyrir byrjun næsta reikníngsskaparárs, og er það sökum þess, að það er næsta óeðlilegt, að niðurjöfnun bæjargjaldanna skuli fyrst gjörð, eptir að reikníngsskaparárið er byrjað, og óákveðið, hvenær hún skuli gjörð; því að af því leiðir, að eingin gjöld verða greidd í bæjarsjóð, fyr en, ef til vill, helmíngur er liðinn reikníngsskaparársins, en slíkt yrði til mikils baga öllum framkvæmdum bæjarstjórninnar. Rèttast virðist, að niðurjöfnunin sè fullgjörð, að minnsta kosti, rètt áður en hið nýja reikníngsskaparár byrjar, en þá verður áætlunin og að vera gjörð svo miklu fyr, svo að nægur tími sè til fyrir hlutaðeigendur að íhuga hana.

Í þessari grein er svo fyrir mælt, að $^2/_5$ af hinum eiginlegu bæjargjöldum skuli jafnað á hússtæðin og útmældar lóðir, og verður sökum þess gjaldið nokkru hærra, en er hèr í Reykjavík, þar sem það er að eins þriðjúngur.

Það þótti svo sem sjálfsagt, að fulltrúarnir skyldi jafna niður gjöldum þeim, sem greind eru í opnu brèfi 6. d. janúarm. 1857, 5. gr, A, ásamt öðrum gjöldum bæjarins, og því yrði ákvörðunin í áminnztu opnu brèfi að missa lagagildi sitt.

Þar sem í enda greinar þessarar er svo kveðið á, að áætlunin skuli gild, án samþykkis æðra yfirvalds, þá er sú ákvörðun samkvæm tilsk. 4. marz 1857, 16. gr. *„Om Bestyrelsen af Kjöbenhavns communale Anliggender“;* enda virðist það bæði óþarft og ófrjálslegt, að bæjarbúar þurfi samþykki yfirvaldsins, til að leggja fram það fè, sem þeir vilja sjálfir leggja til, og sem eigi hefir neinn byrðarauka í för með sèr fyrir aðra, en þá, sem eru það árið búsettir í bænum. En hitt er auðvitað, að amtmanni er frjálst, að benda bæjarstjórninni á, þyki honum eitthvert fyrirtæki miður haganlega eða forsjállega stofnað.

Við 20. grein.

Ástæðurnar fyrir því, að niðurjöfnunin skuli gjörð, að minnsta kosti fyrir lok maímánaðar, eru þegar teknar fram. En af ákvörðuninni, að reikningsskaparárið skuli vera frá fardögum til fardaga, leiðir það beint, að mönnum verður að gefast gjaldfrestur fram eptir sumrinu, og þótti þá hæfilegur frestur til Mikjálsmessu, einkum eptir því, sem þeir af nefndarmönnum, sem kunnugir eru á Akureyri, hafa frá skýrt.

Við 21. grein.

Þessi grein er samhljóða 21. gr. í tilsk. 27. nóvbr. 1846.

Við 22. grein.

Þessi grein er samkvæm síðari hluta 19. gr. í Reykjavíkurreglugjörðinni, með þeim breytingum, sem beinlínis leiðir af ákvörðuninni í 19. gr., þeirri, að eigi þurfi samþykkis æðra yfirvalds, til þess að áætlunin sè gild.

Við 23. grein.

Í þessari grein eru greindar skyldur bæjargjaldkera, og þótti miður rètt að taka þar aðrar ákvarðanir, sem taldar eru í 22. gr. reglugjörðar 27. dag nóvemberm. 1846. Sumar ákvarðanir þeirrar greinar þóttu og óþarfar með öllu, t. a. m., að bæjarsjóðurinn skyldi geymdur í þrílæstri kistu, því að bæjarstjórnin mundi velja þann einn til bæjargjaldkera, er alkunnur væri að ráðvendni og reglusemi, auk þess mundi hann sjaldan hafa svo mikið fè undir höndum í einu af bæjarsjóði, að nein hætta væri búin, því að það fè, sem greitt yrði í sjóðinn, yrði hann að borga því nær jafnóðum út aptur, og þótti því nóg, að hann gæfi nákvæma sjóðskýrslu einu sinni á hverjum 3 mánuðum. Eins þótti óþarft að taka nokkuð fram um kvittunarbækur. Af ákvörðun þeirri í 24. grein, að fulltrúar skyldi undirskrifa allar ávísanir á fundi, leiðir það, að eigi verður ákveðið,

hversu margir fulltrúar skyldi undirskrifa, því að fundur er lögmætur, ef 3 fulltrúar eru á fundi, og má þá hugsa sèr, að einn þeirra vilji eigi undirskrifa einhverja ávísun, en hún verður að vera gild, ef meiri hluti þeirra, sem á fundinum eru, undirskrifa, eins og hver önnur ályktun fulltrúanna.

Við 24. grein.

Í þessa grein eru teknar ákvarðanirnar úr 22. gr. tilsk. 27. d. nóv. 1846, um umsjón þá með fjárhag bæjarins, og verkum þeim, sem unnin eru á kostnað hans, sem við þótti eiga. En það þótti rèttara, að fulltrúar undirskrifuðu allar ávísanir einúngis á fundi, en að fela einum eða fleirum úr sínum flokki að undirskrifa þær.

Við 25. grein.

Þessi grein er að því leyti samhljóða 24. gr. í tilsk. 27. d. nóvemberm. 1846, að bæjarstjórnin eigi má upp á sitt eindæmi gjöra neinar þær ályktanir fyrir hönd bæjarmanna, sem af sèr leiða byrðarauka fyrir bæjarmenn um leingri tíma, og þarf hún til alls slíks samþykki æðra yfirvalds, og er þá auðvitað, að vilji amtmaður eigi fallast á þess konar uppástúngur bæjarstjórnarinnar, á hún frjálst með að skjóta málinu til úrskurðar stjórnarinnar.

Við 26. grein.

Þessi grein er tekin eptir 25. gr. í tilsk. 27. nóv. 1846, með þeim breytíngum, sem leiðir af því, að reikníngskaparárið hefst í fardögum. Svo þótti og rèttast, að kveða nákvæmar á um það, hversu leingi skoðunarmaður reikníngs bæjargjaldkera mætti halda honum, og virðist mánuður nægur tími til þeirrar skoðunar, og hálfur mánuður fyrir gjaldkera, til að svara athugasemdum skoðunarmannsins. Síðari hluti 25. gr. í tilsk. 27. nóv. 1846, er sleppt, með því á Akureyri eingin sèrstakleg stjórn er um sum bæjarmálefni, er nokkurt fè hafi undir höndum, og síðasti liður greinarinnar virðist óþarfur í lögum.

Að síðustu skal þess getið, að þar sem í þessu frumvarpi er á ýmsum stöðum gjört ráð fyrir, að bæjarmálefni verði borin undir amtmann eða stjórnarráð, þá álítur þíngið sjálfsagt, að á þessu verði breytíng gjörð, þegar æðri sveitarstjórnarlög komast á hèr á landi, þannig að úrskurður þeirra mála verði undir þau lögð.

Þegar upplestri þessum var lokið, var enn eitt mál órætt á dagskránni, og afrèð *forseti* að fresta umræðum til kvöldfundar, er hann ákvað að skyldi byrja kl. 7.

Fundi slitið.

6. ágúst — tuttugasti og áttundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Áður en geingið er til dagskráarinnar, vil eg geta þess, að í *læknarskipunarmáls*nefndinni eru kosnir, hinn 6. konúngkjörni þingmaður til formanns, og þingmaðurinn frá Ísafjarðarsýslu til skrifara. Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúníngsumræðu: *málið um breytíngu á hjúskaparlögunum. Framsögumaður* er hinn háttvirti *varaforseti.*

Var þá nefndarálitið afhent *framsögumanni,* er las það upp svo hljóðandi:

„Alþíngi hefir kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um tvær bænarskrár, aðra frá Suður-Þíngeyjarsýslu, hina frá Þínghöfðafundi í Norður-Múlasýslu, þess efnis, að takmarkaðar verði giptíngar öreiga og slíkra óreglumanna, er auðsjáanlega verða sveitunum til þýngsla og vandræða, og það þegar á hinum fyrstu hjúkskaparárum þeirra, og biðja þær þíngið um, að gjöra þær uppástúngur í þessu efni, sem þækti bezt fallnar til að ráða bót á áminnztri óreglu með lagaboði.

Vèr höfum að boði þíngsins tekið mál þetta til íhugunar, og skulum nú leyfa oss að skýra frá áliti voru um það þannig.

Vèr hljótum að játa, að þessar bænarskrár hafa mikið til síns máls, eins og vèr líka vitum til þess, að það er almenn umkvörtun yfir því hèr á landi, að þær skorður, sem löggjöfin, einkum tilskip. 30. apríl 1824, setur við öreigjagiptíngum, og sem sèr í lagi eru innifaldar í því, að banna þeim að giptast, sem eiga óendurgoldinn sveitarstyrk, sè með öllu ónógar, með því reynslan sýni, að sveitarþýngslin nálega hvervetna komi til af því, að óráðnir únglíngar og óreglumenn giptast, undir eins og þeir ná lögaldri, hlaði síðan niður börnum, er þeir geti ekki staðið straum af, og fari með hyski sínu á sveitina að fám árum liðnum. Sömuleiðis er almennt kvartað yfir því, að þessar giptíngar sè hin helzta orsök í þeim hjúaskorti, sem alstaðar gjörir vart við sig, með því flestir vilja eiga með sig sjálfir, undir eins og þeir komast í hjónaband, og reyna til að kotra sèr einhverstaðar niður, annaðhvort á fáeinum jarðarhundruðum eða í tómthúsum hjá kaupstöðum, eða í veiðistöðum, hvar við sveitirnar missi vinnukrapta, jarðirnar verði ekki ræktaðar til hlítar, þar eð bændur geti ekki aðdugað þeim, sökum hjúaleysis, eða að þær verði

svo stykkjaðar sundur í mörg smábýli, að einginn geti á þeim lifað sèr eða sveitarfèlaginu til uppbyggíngar; og sè þetta fyrirkomulag landbúnaðinum til hins mesta hnekkis, eins og það líka stofni sjóplássunum í hin mestu vandræði, þegar öreiga fjölskyldumenn flykkjist þángað.

Þó vèr verðum að viðurkenna, að þessar umkvartanir sè á góðum rökum byggðar, finnum vèr þó að hinu leytinu, að það er mikið vandhæfi á, að stínga upp á nokkrum þeim takmörkunum í þessu efni, sem kynni um of að þraungva náttúrlegu frelsi manna, og því getum vèr ekki lagt það til, að öreigagiptíngar verði beinlínis takmarkaðar með nýju lagaboði fram yfir það, sem gjört er í tilsk. 30. apr. 1824, þar eð það virðist óeðlilegt, að gjöra ákveðinn fjárstofn að skilyrði fyrir giptíngarleyfi; með því líka reynslan hefir sýnt, að fátækir menn hafa auðgazt og opt orðið sveitarfèlagi sínu til uppbyggíngar, þegar það hafa verið ráðsettir reglumenn. Þar á mót skulum vèr vekja athygli þíngsins á giptíngum alþekktra óráðs- og óreglumanna og ónytjúnga, og ætlum, að það sè hinn eini rètti vegur til að ráða bót á fyrtöldum vandkvæðum, að leitast við, að reisa nokkrar, þó ei sè nema óbeinlínis skorður við ótakmörkuðum giptíngum slíkra manna. Það sem oss þá fyrst og fremst virðist nauðsynlegt, er, að gefa hlutaðeigandi sveitarstjórn nokkurn atkvæðisrètt í þessu máli, en þó ekki svo mikinn, að hún geti beinlínis lagt forboð á slíkar giptíngar eða beitt nokkru gjörræði gegn þeim, heldur að hún einúngis fái nokkra tryggíngu fyrir því, að sveitarfèlaginu sè ekki búin bersýnileg þýngsli af þvílíkum giptíngum, að minnsta kosti í bráð, og sýnist oss þessi tryggíng hæfilegast til tekin með því, að svaramönnum sè gjört að skyldu að ábyrgjast, að ekki skuli standa sveitarvandræði af þeim í hin næstu 3 ár, og að það jafnframt sè ákveðið, að svaramenn eigi að vera fullveðja menn, svo að ábyrgðin verði ekki þýðíngarlaus. En sökum þessarar ákvörðunar, og af því svo getur að borið, að annarhvor þessara svaramanna eða þeir báðir deyi eða flytji í fjarlæga sveit á hinum tiltekna þriggja ára tíma, þykir oss enn fremur við eiga, að þeir sè ekki færri en 4, nær sveitarstjórnin óskar þess; með því það líka verður örðugra fyrir hlutaðeigandi óreglumenn og ónytjúnga, og þannig meir tryggjandi, að hafa þá fleiri en færri.

Það er ekki án orsaka kvartað yfir því, að það víða sè tilefni til sveitarþýngsla, að óráðnir únglíngar tvítugir, og stúlkur að eins 16 vetra, eru, sökum þeirra nú gildandi giptíngarlaga, viðstöðulaust gefin í hjónaband. Þegar þess er gætt, að fólk hèr á landi yfir höfuð að tala er mjög seinþroska, eins og víðast í hinum kaldari löndum,

og að margir þeirra, sem þannig á únga aldri hlaupa í hjónaband, naumast hafa lært lil hlítar alla bændavinnu, og eru hvorki í andlegu nè líkamlegu tilliti svo þroskaðir, að þeir geti sèð ráð fyrir sèr eða staðið straum af þeirri ómegð, sem á þá hleðst, þá virðist öll nauðsyn til bera, að takmarka nokkuð giptíngaraldurinn. Hèr við bætist það nú líka, að eins og það virðist nokkuð óeðlilegt, að leyfa mönnum að giptast, þar sem eins er ástatt og hèr, áður en þeir fá fullkomin fjárforráð, þannig er það og sannreynt, að börn þeirra, sem giptast hálfþroskaðir og á únga aldri, optast nær verða veikbyggð, og er það ekki ólíklegt, að þetta sè með fram ein af orsökunum til hins mikla barnadauða hjá oss. Þar að auki er enn þá einn anmarki á giptíngu fólks á únga aldri hjá oss, en það er *holdsveikin,* sem sjaldan kemur í ljós, fyr en eptir tvítugsaldur, og verður með því ómögulegt, að lagaboð það, er bannar holdsveikum að giptast, geti haft nokkra þýðíngu, þegar annaðhvort hjónaefnið er á únga aldri og hefir ei náð fullum þroska. Af þessum ástæðum virðist oss það hæfilegt, að giptíngaraldur karlmanna væri yfir höfuð að tala bundinn við 25 ár, en kvenna við tvítugsaldur. En vegna þess, að opt getur svo á staðið, að það verði ísjárvert, að binda þannig aldurinn við þær skorður, sem ekki megi yfir stíga, álítum vèr nauðsynlegt, að í þessu efni gefist undanþágur, og að hjónaefni geti feingið aldursleyfi hjá hlutaðeigandi sýslumanni, en ætlum það rèttast, að slíkt leyfi fáist ekki ókeypis, því annars yrði takmörkun á aldrinum þýðíngarlaus og þeim eiginlega tilgángi yrði ekki náð. Borgun fyrir þess háttar leyfi þykir oss hæfilega á kveðið 10 rd., sem ætti að falla í fátækra-sjóð þeirrar sveitar, hvar hjónaefnið ætti lögheimili. Hvað aldrinum viðvíkur, skulum vèr loksins bæta við þeirri athugasemd, að það er mikill munur á þeirri lífsreynslu, sem únglíngar fyrir innan og um tvítugt hafa í útlöndum og hèr, sem í sambandi við hinn seina þroska gjörir ásigkomulagið í þessu efni hèr á landi frábrugðið og sèrstaklegt. Í tilliti til þessa máls yfir höfuð og samkvæmt því, sem áður er sagt, leyfum vèr oss að endíngu að láta þá meiníngu vora í ljósi, að það virðist nauðsynlegt fyrir löggjöfina, að hafa tillit til hinna fáu og enn þá ófullkomnu atvinnuvega, er finnast hèr á landi; því eins og fólksfjölguninni er lítil bót í því, að það fæðist fjöldi barna, sem deyja þegar aptur, eða verða heilsulaus af skorti á fæðu og annari nauðsynlegri aðhjúkrun, eins er og landinu sjálfu og framförum þess mesta hætta búin af hinum mikla kotúngsskap, er nú tíðkast og fer í vöxt hèr

á landi og sem veldur því, að mörg höfuðból landsins eru úr sèr geingin, eða því nær komin í auðn.

Af framantöldum ástæðum viljum vèr ráða þínginu til að rita konúngi bænarskrá, og biðja hann að gefa út nýtt lagaboð, þess efnis:

1. *Að óráðs- og óreglumenn og ónytjúnga megi ekki gefa í hjónaband hèr á landi, ef hlutaðeigandi sveitarstjórn er því mótfallin, nema svaramenn þeirra vilji ábyrgjast, að ekki standi af þeim sveitarvandræði í hin næstu þrjú ár; og skuli svaramennirnir vera fullveðja menn og að öðru leyti þeim kostum búnir, sem tilsk. 30. apríl 1824 til tekur.*
2. *að nær hlutaðeigandi sveitarstjórn óskar þess, skuli hjónaefni skyldug til að útvega sèr 4 svaramenn.*
3. *að hèr eptir megi, yfir höfuð að tala, einginn karlmaður giptast, fyr en hann hefir fimm um tvítugt, og einginn kvennmaður fyrir innan tvítugt, nema til þess sè feingið leyfi hjá hlutaðeigandi sýslumanni, og skuli slíkt leyfi kosta 10 rd., er falli í fátækrasjóð þeirrar sveitar, hvar hjónaefnið á lögheimili.*

Reykjavík 3. ágúst 1859.

Jón Hjaltalín, formaður. *H. G. Thordersen.* *Pètur Pètursson,* framsögumaður.

Ólafur Jónsson. *Guðmundur Brandsson*".

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Eg ætla nú ekki að leingja þíngræðurnar í þetta sinn, því að þær munu verða nógu lángar samt; þær hafa verið lángar í þeim málum, sem menn síðar skyldi hafa ætlað. Eg hefi það traust til þíngsins, að það hafi nærgætni á því, hvílíkt vandaverk þetta mál var, og sjái hvílíkt vandhæfi hafi verið á því, að hitta hinn rètta meðalveg. Eg vona, að þíngið styðji nefndina, og leiðrètti hana, þar sem það sèr, að hún hefir farið of lángt eða of skammt, en gjöri sèr ekki far um að fella nefndarálitið með öllu; og eg vona líka, að það gefi ekki tilefni til þess. Þínginu þótti þetta mál svo mikilvægt, að það tók það í nefnd, og nefndin hefir reynt til að ráða bót á óreglu þeirri, sem kvartað er yfir, og sem svo víða við geingst, án þess að þraungva frelsi hvers einstaks manns með því.

H. G. Thordersen: Það var ekki ásetníngur minn að verða lángorður í þessu máli; en af því eg var svo heppinn eða óheppinn, að rita nafn mitt undir þetta nefndarálit, þá neyðist eg til að fara

um það fáeinum orðum; þar eð eg hefi áður talað hèr á þíngi viðvíkjandi þessu máli í allt aðra átt, mætti þíngmenn furða á því, hversu fljótt mèr hefði snúizt hugur; eg finn mèr því skylt, að gjöra fyrir þínginu eins konar afsökun út af þessu. Eg segi, að eg hafi áður talað svo, að það gæti eigi þótt náttúrlegt, að eg ritaði nafn mitt, að minnsta kosti, undir 3. niðurlagsatriðið. Nefndarálitið kom til mín nú fyrir skömmu, til þess að eg skrifaði undir það, án þess að eg hafi nokkurn tíma sèð það áður, eður lesið það, eður verið kvaddur á fund í því. Mèr er það ekki lagið, að setja mig í stríð móti öðrum mönnum, og þegar nafni mínu var ætlað rúm undir nefndarálitið, þá þótti mèr rètt, að láta það skokka með; en allt fyrir það hèlt eg mèr væri þó leyfilegt, seinna að taka mèr breytíngaratkvæði, einkum við 3. atriðið, og þess vegna beiddi eg mèr hljóðs svona snemma. Viðvíkjandi aldrinum til að mega ganga í hjónaband, þá áleit eg að þau lög, sem nú eru, sè hin hentugustu. Eg þarf ekki að rèttlæta þessa meiníng mína, því að þessi lög eru innrætt í meðvitund alls landslýðsins, og það mundi ekki verða áheyrilegt út um landið, ef þeim væri breytt, þar sem eingin sú ástæða er fram færð í nefndarálitinu fyrir slíkri breytíngu, sem sè á nokkrum rökum byggð; en eg ætla nú ekki að fara leingra út í það; það mega hinir gjöra, sem betra vit hafa á því; en eg dæmi eptir reynslu og minni hjartans sannfæríngu. Mèr skilst, að það eigi að vera tilgángur þessarar uppástúngu nefndarinar, að sveitirnar gæti orðið fríari fyrir ómegð eptir en áður; en mèr þætti gaman að vita, hvort sveitirnar muni geta gefið fyrir fram vissu fyrir því, að ómegð ekki hlaðist á þær af mönnum frá 20 til 25 ára; eg fyrir mitt leyti er hræddur um, að þetta gefi tilefni til þess, sem nefndin ætlar að hindra, og það er þó sannarlegt ólag, að búa til þau lög, sem spilla því, sem á að vinna með þeim; en eg ætla nú ekki að gánga í berhögg við nefndina, úr því eg á annað borð klíndi nafninu mínu undir nefndarálitið, þó mèr eingan veginn líki það; eg ætla mèr þó ekki að svo komnu að gánga nær fyrsta og öðrum tölulið.

Framsögumaður: Eg finn mèr skylt, að þakka hinum háæruverðuga 2. konúngkjörna þíngmanni fyrir það, að hann lèt strax í ljósi meiníngu sína í þessu máli, og mèr væri það kært að vita, hvort fleiri nefndarmenn ætla að tala í sömu stefnu. Það er satt, sem hann sagði, að það var einginn nefndarfundur haldinn í þessu máli við seinustu umræðu, en honum stóð frítt fyrir, að rita ágrein-

íngsatkvæði við nefndarálitið, eða þá að áskilja sèr breytíngaratkvæði, eins og hann líka gjörði nú. Við hèldum, að hann mundi ekki verða samdóma nefndinni, eptir því sem honum fórust orð við inngángsumræðuna, og þess vegna sendum við honum nefndarálitið. Viðvíkjandi 3. atriðinu, þá vil eg geta þess strax, að nefndinni gat ekki fundizt annað, en að það væri rètt, að taka þetta fram. Allir vita, að karlmenn eru ekki fullmyndugir fyr en þeir eru 25 ára, og þá vil eg spyrja alla þíngmenn að, hvort meira sè í varið að vera fjár síns ráðandi, eða vera húsfaðir og faðir, og gegna öllum þeim skyldum, sem á hverjum húsföður liggja, eða að vera fullveðja fyrir að ráðstafa einhverjum jarðarskrokk, eða nokkrum skildíngum, sem hann kynni að eiga. Ætla hið fyrra sè ekki miklu ábyrgðarmeira? En af því þessi giptíngaraldur einu sinni stendur nú í löggjöfinni, er það þá svo hræðilegt, að breyta honum, eins og það gegni fádæmi? Nefndin vildi ekki setja þau takmörk fyrir hjónabandinu, sem ekki yrði yfirstígin. Leyfið kostar ekki nema eina 10 rd., og þessar skorður áttu einúngis að vera fyrir þá, sem sveitarfèlagið sèr, að ekki eru líklegir til að vinna nokkurt gagn sem húsfeðir, og til að hindra, að þess konar menn gángi í hjónaband, sem ekki gjöra annað, en auka vandræði fyrir sveitirnar. Það verða eingin vandræði fyrir almennilega menn, að giptast, þó að þessi ákvörðun væri tekin, því það eru sannarlega ekki mikil fjárútlát, og þetta fè geingur þar að auki í sveitarsjóðinn. Þegar gætt er að þessu, og því, hversu nefndin hefir gjört það mögulegt fyrir alla, að fá þetta leyfi, þá sè eg ekki, hvað getur verið hræðilegt við það, og eg er ekki svo hörundssár, að eg geti verið að kvíða fyrir því, að nefndin muni verða að aðhlægi fyrir það.

Jón Hjaltalín: Eg ætla nú að taka mèr í munn orð gamla Pílatusar: „Hvað eg hefi skrifað, það hefi eg skrifað“. Eg ætla að láta mig þá fyrst sannfæra, þegar eg heyri nokkrar verulegar ástæður móti þessu nefndaráliti.

Sveinn Skúlason: Eg ætla með mestu ánægju að halda kapitula í þessu máli. Það eru álitlegar ástæður færðar til í nefndarálitinu fyrir svona lèlegum niðurlagsatriðum, og það er auðsèð, að þeir menn, sem hafa samið þetta, kunna að búa til nefndarálit; en niðurlagsatriðin, verð eg að segja, eru óhafandi, og það geta menn strax sèð af því, þegar biskupinn varð fyrstur til að gánga af trúnni. Það getur nú verið rètt, eins og stendur í 1. niðurlagsatriðinu, að óráðs-, óreglumenn og ónytjúnga megi ekki gefa í hjónaband; en hver á

að segja, hverjir sè óráðsmenn; þeir fara þá líklega þegar til prestsins og biðja hann að lýsa með sèr; presturinn segir: „bíddu dálítið góðurinn minn; eg verð að spyrja sveitarstjórnina fyrst um leyfi“; svo eg held, að með þessu móti geti orðið æði lángt að bíða, þángað til þeir fá að vita af eða á, og þetta verði komið í kríng. Svaramennirnir eiga ekki að ábyrgjast nema 3 fyrstu árin, einmitt meðan eingin ómegð er komin, en svo hverfur ábyrgðin, einmitt þegar á henni þarf mest að halda. 2. niðurlagsatriðið er nú ofur skemmtilegt; það er vanalegt, að ekki sè nema 2 svaramenn, og þeir eiga nú að vera fullveðja, en hèr stendur, að þeir skuli vera 4, ef sveitarstjórnin vill; það er mikið, að nefndin stakk ekki upp á, að heimta þar að auki 2 svaramenn fyrir hvert barn, jafnóðum og þau kæmi, svo að við fyrsta barnið væri þeir orðnir 6, og við annað 8, o. s. frv.; annars skil eg ekki, hvers vegna þeir eiga að vera 4 í fyrstunni. 3. atriðið er nú sjálfsagt höfuðstykkið í þessu sakramenti; því þar verður nefndin fyrst tvöföld í roðinu; það er gaman að sjá, hvernig hún vill hækka aldurinn frá 20 til 25 ára, en þó um leið láta sýslumennina hafa leyfi til að veita 10 og 12 ára gömlum börnum giptíngarleyfi, ef þau að eins eiga 10 rd. til að gefa fyrir það; það er álitlegt, að peníngarnir eiga að falla í sveitarsjóð; en þegar útlátin eru ekki meiri, þá munu flest hjónaefni ekki vilja bíða, og það yrði þá óendanlegar undantekníngar og mikill giptíngaskattur, ef aldurinn verður fluttur upp, eins og nefndin hefir stúngið upp á. Allar þær ástæður og *theoríur*, sem taldar eru í nefndarálitinu fyrir því, að þetta sè naudsynlegt vegna þess, að fólk sè hèr svo óhraust, eru eintómar bollaleggíngar og heilaspuni. Eg veit ekki til þess, að fólk sè hèr óhraustara en annarstaðar, og sè eg því einga ástæðu til, að breyta eldri lögum þess vegna.

H. Kr. Friðriksson: Mèr virðist óþarfi, að elta nefndina í gegnum allar hennar ástæður, þær eru ekki meira virði en svo, að þær sýna, hvað við þetta mál er að gjöra, nefnilega, að fella það með öllu. Eptir 1. niðurlagsatriðinu hefir sveitarstjórnin ein vald til að dæma um, hvort menn sè óráðsmenn og ónytjúngar, og eigi einúngis það, heldur líka, hvort þeir *verða* óráðsmenn, sem aldrei hafa átt með sig sjáfir nè sýnt sig í neinu, t. d. sonur bónda, sem ávallt hefir verið hjá foreldrum sínum; um hann á sveitarstjórnin að dæma, hvort hann verður ónytjúngur. Þó eg haldi upp á hreppstjórana, þá vil eg ekki gefa þeim vald yfir persónulegu frelsi manna. Þetta kemur líka í bága við giptíngarleyfi stiptamtmannsins, því hann má þá

ekki veita giptíngarleyfi, fyr en hann hefir ráðfært sig við sveitarstjórnina, eða ef hann gjörir það eigi, þá á hreppstjórinn að ónýta leyfi amtmannsins. Svaramennirnir eiga að standa í ábyrgðinni í 3 ár. Úr því það á annað borð er bundið við nokkra áratölu, þá var skaði, að það var ekki bundið við 10 ár, eður þann tíma, sem þarf til að ávinna sèr sveit; eg held það væri næstum ástæða til að áskilja sèr breytíngaratkvæði í þá átt. Að hafa svaramennina 4, veit eg ekki hvað á að þýða, nema til að hindra giptíngar sem mest. Svo kemur nú 3. gr., þar sem aldurinn er tiltekinn. Það hefði verið vissara, að stínga upp á, að karlmenn skyldi vera 60 og kvennfólk að minnsta kosti 50 ára, svo menn hefði verið óhræddir um, að þau hlæði ekki niður ómegð; og væri eigi ástæða að áskilja sèr breytíngaratkvæði í þessa átt? Það er merkilegt, fyrst nefndin vildi takmarka giptíngarleyfið, að hún ekki til tók, hvað úngir karlmenn mætti vera til að mega eiga krakka; ætli það væri ekki örðugt, að setja lög fyrir því? Það er merkilegt að halda, að ómegðin komi helzt af giptíngunum; það er eigi orsökin; ómegðin kemur af annari óreglu; og það að banna mönnum að giptast, eins og er í uppástúngunum, spillir einmitt tilfinníng fyrir velsæmi, svo það er furða, að hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður skuli vera með því. Yfir höfuð að tala eru allar uppástúngurnar svo úr garði gjörðar, að eg get ekki aðhyllzt einn bókstaf í nokkurri þeirra, því þær leiða til þess, að koma af stað óreglu í stað þess að minnka hana.

Þórður Jónassen: Það þarf ekki að segja um nefndarálitið í þessu máli, að það sè myrkt í máli sínu; því það tekur vissulega af tvímælin; þetta hefir það líka eitt til síns ágætis, því að því leyti, hvað það er ófrjálslegt og óeðlilegt, stendur það eitt sèr, og mig furðar á því, að svo ágætir menn, sem í nefndinni eru, skuli hafa getað aðhyllzt svo ófrjálsa skoðun, eins og í nefndarálitinu er haldið fram. Það var víst um það, að bænarskrárnar, sem nefndarálitið hnígur að, voru mjög ófrjálslegar, og það er búið að leiða rök að því; en það má með sanni segja, að nefndinni hafi orðið matur úr því; því hún hefir talsvert bætt sig á uppástúngum þeim, sem gjörðar eru í bænarskránum, og þær eru því ekki fallnar meðal þyrna. Það lítur svo út, eins og nefndin hafi haft fyrir sèr Grágásarlaga ákvarðanir í festuþætti, því eptir þeim varðaði það fjörbaugsgarð, ef sá maður gipti sig, sem ekki átti hundrað lögaura, auk hvers dags klæðnaðar, og sama lá við því, að fastna konuna; en það eru enda fleiri ákvarðanir í lögbók þessari, sem nefndin hefði haft gott af að

kynna sèr, og hafa hliðsjón af í þessu máli, t. a. m. þeirri, um gángandi menn, en eg skal nú ekki fara leingra út í það. Eg skal einúngis leyfa mèr að benda á það, hvað nefndin í þessu máli hefir átt örðugt með röksemdir, og þess vegna hefir hún talið allt til, fast og laust; hún segir, að öreigagiptíngarnar, því þær meinar hún, þó hún ekki segi það með berum orðum, hafi leitt af sèr sveitarþýngsli, og það lætur sig heyra, eyðileggíng jarðanna í sveitinni, vinnufólkseklu, barnadauða, holdsveiki, og eg man ekki hvað meira; það er með öðrum orðum, öll vandkvæði og allar ógæfur þessa lands, eru, að nefndarinnar áliti, runnin af þessari rót. Það liggur nú beint við, hvílíkar ýkjur þetta eru; en allt er hvað öðru samboðið, og það ætti því að prenta þetta nefndarálit með stórum bókstöfum, svo það gæti þess betur tekið sig út í tíðindunum; en það er þó eitt, sem hèr er unnið, það er nú búið að uppgötva orsakirnar til barnadauðans hèrna, og einnig til holdsveikinnar; þetta er mikill vinníngur, því áður var þetta miklum efa bundið. Nú er þetta búið, og má það þakka því, að svo ágætir menn sátu í nefndinni, og þaðan er sú uppástúnga nefndarinnar einnig runnin, sem snertir giptíngaraldurinn, að hann er færður upp úr því, sem hann nú er; því þar til mega vera einhverjar læknislegar ástæður, sem girnilegt væri að heyra. Um uppástúnguatriðin sjálf skal eg ekki tala, því þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu hefir tekið það skýrt fram, að þau eru, eitt með öðru, óhafandi; eg skal einúngis minnast á 3. atriðið, um aldursleyfið, sem sýslumenn eiga nú að veita, því það vottar, að mèr virðist, að nefndina hefir ránkað við sèr, og farið að iðrast þess, hvað hún hafði verið ófrjálseg í þeim undangeingnu uppástúngum sínum, og úr þessu vill hún þá bæta með því, að gefa sýslumönnum heimild til fyrir 10 ríkisdali, að leysa frá öllu því undangeingna, því ráðleysíngjar og ónytjúngar eru einnig undir reglunni í 3. grein, og skal eg svo ekki orðleingja um þetta mál meir, en eg er búinn.

Ólafur Jónsson: Þetta nefndarálit hefir nú orðið fyrir nokkuð þúngum áfellisdómi hjá sumum þeim heiðruðu þíngmönnum, sem um það hafa talað; þeir hafa álitið, að það þraungvaði svo rètti manna, að það væri með öllu óþolandi; en eg held þeir hafi ekki áttað sig vel á niðurlagsatriðunum. Ef þíngið fellir nú nefndarálitið fyrir þá sök, að nefndin hafi farið of hart í þetta mál, þá hefði það sannarlega verið miklu forsjállegra, að taka málið aldrei til meðferðar, og kjósa einga nefnd í það; því eg get ekki skilið, hvernig nefndin hefði

getað geingið lempilegar til verka, heldur en hún hefir gjört, og það vona eg þíngmenn sjái, þegar þeir fara með rósemi að yfirvega niðurlagsatriðin. Það er einúngis farið fram á, „að óráðs- og óreglumenn og ónytjúnga megi ekki gefa í hjónaband, ef sveitarstjórnin er því mótfallin, nema svaramenn þeirra vilji 'ábyrgjast, að ekki standi af þeim sveitarvandræði í næstu þrjú ár"; þetta eru nú öll ósköpin, og sèr er nú hvað. Ætli frelsi manna sè nú mikið misboðið með þessu? Eg held ekki, því eg held að allir sjái, að ef maðurinn er ráðvandur, sparsamur og efnilegur, þó hann sè fátækur, þá verða honum eingin vandræði úr því, að fá svaramenn, sem vilja taka upp á sig þessa ábyrgð; það skyldi þá einúngis vera þeir óráðs- og óreglumenn, sem hèr eru nefndir, sem ætti bágara með að fá hjónaband eptir en áður, og ef einginn þorir eða vill taka upp á sig þessa ábyrgð, og verða svaramaður þeirra, þá held eg sannarlega, að þeir hafi ekkert að gjöra í hjónaband. Þá hefir nú 3. niðurlagsatriðið valdið laungum umræðum, og hafa menn haldið, að nefndin hafi stúngið upp á þessari breytíngu á giptíngaraldrinum, einúngis til að fyrirbyggja sveitarþýngsli; en þetta var eingan veginn aðaltilgángur nefndarinnar, eins og sjá má af því, að það er ekki bundið, hvorki við fátækt nè annað, heldur er það almennt. Nefndinni fannst það nokkuð óviðkunnanlegt, að sá, sem ekki er álitinn fær um að hafa á hendi fjárforráð sjálfs sín, án tilsjónarmanns, skyldi vera álitinn fær til, að gánga í hjónabandsstèttina, því það vita allir, að það er mikill munur á þeirri lífsreynslu, sem únglíngurinn hefir feingið um tvítugsaldur, eður hinn, sem orðinn er 25 ára, og úr því lögin hafa eitthvað til tekið um aldurinn, þá held eg það sè ekkert ódæði, að biðja um breytíngu á því, því það er eingan veginn sagt, að sá aldur, sem lögin til taka, sè sá rètti. Mèr er það líka kunnugt, að það er álit margra lækna, að það sè mjög skaðlegt fyrir mannkynið, að hjón giptist mjög úng, og einhvers vegna er aldurinn til tekinn í lögunum, þegar nú hverjum einum, sem einhverra kríngumstæða vegna þarf að giptast fyrri, er heimilt að leysa leyfisbrèf, þá get eg ekki sèð, að þetta sè mjög óttalegt; það hafa sumir hneykslazt á þessum 10 rd. útlátum; það kom nú til umtals í nefndinni, hvort ekki væri rèttast, að hver sem vildi, gæti feingið leyfisbrèfið án borgunar, en nefndin óttaðist, að úr því yrði óregla, og fann heldur ekkert á móti því, þó leyfisbrèfið kostaði fáeina dali; það er nú á þíngsins valdi, hvað það gjörir við uppástúngur nefndarinnar, mèr er ekkert sárt um þetta seinasta atriði; en hin álít eg ómissandi, svo framt

þingið vill gefa bænarskránum nokkurn gaum, og það hefir það gjört, með því að kjósa nefnd í málið.

Guðmundur Brandsson: „Á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir aptur“. Hinum háttvirtu þingmönnum, 1. konúngkjörna og þingmanninum frá Reykjavík kom ekki of vel saman í dag í barnaskólamálinu, en þetta nefndarálit, sem þeir eru að reyna til að rífa niður, gat komið sáttum á milli þeirra. Mótbárur þær, sem þeir komu með, voru þannig, að flestar þeirra bíða ekki svara, og það er sannarlega ekki vani hins háttvirta 1. konúngkjörna þingmanns, að tala eins í háði og nú. Þeir rángfærðu einnig orð nefndarinnar, að þetta, sem hún hefir stúngið upp á, kæmi einkum fram á fátæklíngunum; en það er ekki með einu orði talað um fátæklíngana í nefndarálitinu. Þar sem þeir sögðu, að leyfið feingist ótakmarkað niður eptir, hvað úngir sem menn væri, þá ætlaði eg þeim að vita, að slíkt er bundið við eldri lög. Hinn háttvirti *framsögumaður* tók það fram, hvílík ósamkvæmni það væri í löggjöfinni, að 20 ára gamall maður má giptast, en er þó ekki myndugur fyrir fé sínu, fyr en hann er 25 ára. Þingmaðurinn frá Reykjavík fann að nefndinni fyrir það, hversu hún væri ófrjálsleg, en þó vill hann láta ábyrgðina hvíla í 10 ár á svaramönnunum; í þessu er víst töluverð mótsögn hjá honum. Þar sem hann talaði um, að menn væri lítt sèðir, þegar þeir giptast, þá vil eg segja honum, að það má fljótt sjá, hvernig þeir fara með það, sem þeir hafa undir höndum, meðan þeir eru í vistum, þó í litlu sè. Hann fór um það mörgum orðum, hve órètt það væri, að takmarka giptíngarleyfið, og um kostnaðinn fyrir því, þegar kríngumstæðurnar gjörði, að menn þurfi þess; honum þótti þó ekki þúngt, að leggja tollinn á tómthúsmennina hèrna nýlega, ekki nema fyrir ímynduð rèttindi (heyr!). Það er má ske ekki þýngra að kaupa giptíngarbrèf hjá amtmanninum, til þess að þurfa ekki að koma í guðshús, til þess að láta gefa sig í hjónaband? Eða er það betra að skjótast þannig má ske með einhverjum annmörkum í hjónabandið, en fá leyfið hjá sýslumanni, eins eg nefndin hefir stúngið upp á? Þetta væri fagurt frjálsræði, sem hann er að tala um, eða miklu fremur sjálfræði. Hann sagði, að nefndin hefði átt að til taka, hvað gamlir menn yrði að vera, til að eiga fyrst barn, en það eru gömul lög fyrir því, sem banna að eiga börn utan hjónabands, en ef hann heldur að lausaleiksbörnin fjölgi eptir þessu nefndaráliti, þá kemur það sèr víst vel fyrir hann, því þá fær hann fleiri börn í barnaskólann sinn. Hinn háttvirti 1. kon-

úngkjörni þíngmaður var víst nokkuð áttaviltur, þegar hann var kominn í Grágás, en hann mundi eptir gamla fjöruegginu sínu í Danmörk, þar sem hann vitnaði til Dönskulaga; en hvort stóð nú betur hagur vor Íslendínga á Grágásartímum eða nú, þegar við höfum Dönskulögin? Það er víst einginn efi á, að hann stóð betur þá; og eins er það, þó við förum í önnur lönd, þar sem hjónabandið var bundið við nokkuð háan aldur. Eg vil til taka Saxa, sem Karlamagnús átti við, og við fáum víst aldrei harðfeingari kynslóð eptir þeim giptíngarlögum, sem nú gilda hjá oss, en þeir voru. Sumu af því, sem hinn sami háttvirti þíngmaður kom með, er nú öldúngis ósvarandi; það var líka auðheyrt, að honum var slíkt ekki eiginlegt, en svo lítur út sem tilfinníngarnar hafi kitlað hann meir en skynsemi og sanngirni, til að kreista fram þessari meiníngu sinni, en eg verð að játa það, að slík ræða hefir alls eingin áhrif á mig.

Framsögumaður: Eg vil ekki kasta þúngum steini á hinn heiðraða þíngmann frá Norður-Þíngeyjarsýslu, þó hann hafi mælt á móti þessu nefndaráliti; hann ætlar má ske að fá únga stúlku fyrir innan tvítugt, og þykir honum þá óþarfi, að kasta út fyrir það 10 dölum. Mig furðar heldur ekkert á því, þó þíngmaðurinn frá Reykjavík tæki djúpt í árinni; hann er vanur því, þegar honum ekki líkar, og eg vona, að þíngmenn sè orðnir svo vanir þessum skáldlegu orðatiltækjum hjá honum, að þau slái þá ekki rothögg; hann var hygginn í því, að hann kvaðst ekki ætla að elta ástæðurnar fyrir nefndarálitinu, því þær hefði verið nógu fallegur snoppúngur á hann, ef hann hefði gjört það; hann var ekki heldur góðfús lesari, svo tamt sem honum annars er að lesa rètt. Það stendur sum sè ekki í nefndarálitinu, að sveitarstjórnin eigi „fyrir fram“ að segja, hvort þeir muni verða óráðsmenn; en það stendur *„alþekktir“* óráðsmenn í nefndarálitinu, þó það standi ekki í niðurlagsatriðunum. Hann hèlt það spillti fegurðartilfinníngunni, ef menn ekki feingi að giptast snemma; en það get eg nú ekki skilið. Honum tekur líka sárt til konúngssjóðsins, þegar hann er hræddur um, að leyfisbrèfin verði færri, sem keypt verða hjá stiptamtmanninum; það getur vel verið, að stiptamtmaðurinn veiti þá leyfisbrèfin með nokkrum skilyrðum. Hann nefndi ekki hina amtmennina til þessa, og það lái eg honum reyndar ekki. Yfir höfuð að tala, þá álít eg það flest spaug, sem hann sagði. Mest dáðist eg að ræðu hins háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanns, að því æskufjöri, og mèr liggur við að segja, únggæðisbrag, sem lýsti sèr í henni; það má sjá af henni, að margir Íslend-

íngar eldast vel, þó þeir sè seinþroska. Honum er illa við nefndina, af því hún hefði farið svo nærri því, sem fyrir er mælt í Grágás, og það er nú ofur eðlilegt, því eg held honum sè illa við alla fornöld og fornmenjar Íslendínga. Hann sagði, að nefndin væri ekki myrk í máli sínu, og það er öldúngis satt; hún sagði hreint og beint meiníngu sína, og hún gekk ekki grunlandi að því, að hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sæti á þíngi. En það gjörði hann ekki rètt, að bera nefndarálitið saman við Grágásarlög, þar sem til teknir eru 100 aurar, sem takmark fyrir að giptíng fáist, því nefndin galt varhuga við, að leggja minnstu tálmanir fyrir öreigagiptíngum, það voru einúngis óreglumannagiptíngar, sem hún vildi hindra. Eg vil nú vona, að þegar fleiri þíngmenn tala, að þeir komi með skynsamlegar ástæður, og leikur þessi fari af þínginu, þó eg að hinu leytinu ekkert geti haft á móti þessum leik, og haldi, að menn hafi gott af því, að taka sèr hressíngu á milli með gamanræðum.

Jón Hjaltalín: Eg verð feginn að þessum ógna-stormi linnti, sem geisaði í salnum, þegar þeir hèldu tölur sínar, hinn háttvirti þíngmaður frá Norður-Þíngeyjarsýslu, hinn háttvirti þíngmaður frá Reykjavík, og hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður. Eg hèlt það ætlaði að koma til minna kosta, því eg hèlt, að þeir væri búnir að fá hina verstu *„hysteriske Vapeurer“* (móðursýkisropa). Ef 16 ára gamlar stúlkur hefðu setið á bekknum, þá hefði það verið skiljanlegt, en að skynsamir og ráðnir menn skuli vera svo *„nerveuse“* (viðkvæmir og taugaveikir) við þetta, lýsir einhverjum sjúkdómi. Eg vildi óska, að þessi hjartveiki ekki færi að verða hèr almenn, því eg feingi þá nóg að gjöra. Eg skal lofa því, að vera rólegur, og „hysteriskur“ vonar mig eg verði aldrei, því eg er ekki vitund taugaveikur. Þetta mál, sem nú liggur fyrir, er mikið einfalt, þó menn vilji gjöra það svo afskræmislegt, flókið og margbrotið. Það hafa komið til þíngsins bænarskrár, sem hafa kvartað yfir því stjórnleysi, sem eigi sèr stað í sveitunum í þessu efni, menn gjöra þar ekki mun á sjálfræði og frjálsræði, og er þessu víða herfilega blandað saman. Önnur bænarskráin segir, að öll hjú flýti sèr svo sem unnt er að giptast, svo það sè orðið ómögulegt, að fá þar vinnufólk, og þannig er giptíngin höfð eins og skálkaskjól fyrir sjálfræðinu og letinni. Þetta er eins og allir sjá merki upp á hið argasta stjórnleysi í sveitunum, og það lítur svo út, sem þær ætli að gugna og eyðast undir því, ef eigi er að gjört hið allra bráðasta. Mèr þykir það ljós skylda alþíngis, að ráða úr þessu með lagaboði hið allra-

bráðasta að faung eru á. Eg vil spyrja þá hreppstjóra og bændur, sem hèr eru, hvort þetta sè ekki víða svona; og eg þekki svo margar illar afleiðíngar af þessari óreglu, að við ættum að varast að hafa slíkt að háði. Það er ekkert hlátursefni, að sjá kornúng hjón vera í hinum mestu bágindum, einúngis af ódugnaði, eða ráðleysi; en þessi hjón hafa þó einúngis sókzt svo mikið eptir að giptast, til að komast í þetta hættulega og skaðlega sjálfræði. Mig furðar ekki á því, þó dugandismenn í sveitunum kvarti yfir þessu, þegar þeir eru skattaðir af þessari sjálfræðis og ráðleysis ómegð, og geta ekki feingið hjú til að yrkja jarðir sínar, svo þeim liggur við að leggjast í auðn. En þegar nú á að fara að reisa skorður við þess konar vandræðagiptíngum, þá gellur við gamla bjallan, að þetta sè að skerða frjálsræði manna. Ef ónytjúngar mega ekki skatta duglega menn, þá er það ófrelsi?! Er það rètt, að þíngið gefi ekki slíkum bænarskrám gaum? Eða erum vèr Íslendíngar fremri þeim þjóðum. sem takmarka giptíngarnar bæði við vissan aldur, gott ráðlag og sæmilegan efnahag? Eptir fyrirkomulagi í öðrum löndum eru margar takmarkanir fyrir giptíngum; mèr þykir það því skrítið, að menn skuli vera hèr eins og hálfærðir, og eins og utan við sig, þegar talað er um að reisa skorður fyrir þetta. Það fèll hèr á 16. öld á alþíngi dómur, sem bannaði með öllu öreigagiptíngar, og eg veit ekki, nema eg geti sýnt hann hinum háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanni, ef hann þykist ekki þekkja hann. Það er víst, að það má margt finna að þessum uppástúngum nefndarinnar, en það á þá betur við að gjöra það með fullum ástæðum, en að koma með það í háði; mèr er ekki um það, þó eg sè ekkert hræddur við að brúka háðsvopn, þar sem um eitthvað skoplegt er að ræða; en mèr þykir það ekki eiga hèr við, og allarasízt í svo alvarlegu máli sem þessu.

Brynjólfur Jónsson: Eg ætla mèr hvorki að hafa lángan inngáng nè útleggíngar. Eg er ekki alveg á móti 1. uppástúnguatriðinu, því það er satt, að þörf er á, að takmarka giptíngar ónytjúnga, og þykir mèr vel til fallið, að þeim sè settir gildir svaramenn; en eg tel óvissu á því, að nokkrir vildi taka að sèr að ábyrgjast, að þeir yrði ekki til sveitarþýngsla í næstu 3 ár, og eg er ekki viss í, að þeir gæti það með sínum bezta vilja, en þó að menn nú vildi halda þessari ákvörðun, þá held eg ætti vel við, að bæta því við, að þeir, sem ætluðu að giptast, yrði fyrir fram að hafa feingið jarðnæði eða húsnæði, og vil eg því áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu. Að svaramennirnir sè fullveðja, álít eg sjálfsagt. Í 2. nið-

urlagsatriðinu eru til teknir 4 svaramenn, og virðist mèr ekki vera neitt að því, því það er enn betri tryggíng, og er gott að hafa þá til vara, ef einn fellur frá; en ef sveitarstjórnin er giptíngunni mótfallin, þá er hangur á; því það getur borið við, að maðurinn, sem vill giptast, komi til prestsins, og biðji hann að lýsa með sèr daginn áður en lýsíngin á að fram fara; presturinn, sem nú er einn í sveitarstjórninni, verður að ráðfæra sig við hreppstjórann áður, og þá verður hann annaðhvort að fresta lýsíngum, eða láta sveitarstjórnina koma með mótmæli. Að 3. atriðinu geðjast mèr alls ekki, því mèr þykir ísjárvert, að takmarka hjónaefnin við 25 og 20 ára aldur; eg held það þurfi ekki að breyta hinni gömlu ákvörðun, að kvennmaður skuli vera 16 ára og karlmenn 20; og eg er hræddur um, að takmörk þau, sem nefndin hefir stúngið upp á í þessu tilliti, gæti gefið tilefni til annarar óreglu, og fleiri óskilgetin börn kæmi, þegar ekkert er takmarkað um barneignir. Nefndin hefir eptir mínu áliti ætlað að forðast eitt sker, en við það lendir hún á öðru skeri, sem ekki er betra. Eptir Landshagsskýrslunum er hèr á landi 7. hvert barn óskilgetið, og þar eru nefnd 20 lönd, og eru óskilgetin börn flest að tiltöku hèr á landi, að fráteknu einu landi, sem þar er til greint, og þó eru varla nokkurstaðar færri hjón og fleiri fæðíngar en hèr á landi, svo það bendir til, að menn ætti að varast að takmarka hjónabandið með þessum aldurstakmörkum. Eg held líka, að það sè ekki næg tryggíng fyrir útbreiðslu holdsveikinnar, og get eg leitt dæmi til þess; það kom einu sinni maður til mín, og bað mig að lýsa með sèr, en konuefnið var sögð holdsveik, og því gipti eg þau ekki, af því lögin bönnuðu það, svo ekkert varð úr hjónabandinu, en árið eptir átti stúlkan samt barn, og fram kom þannig afkvæmi af holdsveiku foreldri, og þannig varð ekki komið í veg fyrir það, sem menn ætluðu að fyrirbyggja, og eg ætla ei heldur, að þessi aldurstakmörk bæti úr því, sem þau eiga að bæta í þessu tilliti.

Indriði Gíslason: Eg ætla nú ekki að standa upp, til þess að fara í leik við nefndina, heldur einúngis til þess, að snúa huga mínum til orsakanna, hvar af bænarskrárnar eru sprottnar; aðalorsakirnar eru þær skaðlegu öreigagiptíngar, sem við gángast, þannig að hvert sveitarfèlagið giptir öðru í óhag, eins og til að mynda, að í einum hreppnum er kvennmaður, sem annaðhvort er óuppbyggileg, á börn eða hvað annað, svo sveitarstjórninni kynni að þykja það lètta á sínu fèlagi, að gipta hana manni þeim, sem annarstaðar á sveit, og þar að auki er ónytjúngur. Þetta er nú það mest skaðlega í

málinu, og vil eg því eingan veginn að málið sè fellt; en þó get eg ekki fellt mig við niðurlagsatriðin, sízt það seinasta, heldur vil eg að þau 2 fyrstu sè löguð, og áskil eg mèr breytíngaratkvæði við 1. niðurlagsatriðið í þá stefnu, er þá yrði svona t. a. m. orðað: „Að óráðs- og óreglumenn og ónytjúngar, megi ekki gefast í hjónaband hèr á landi, þar sem þeir ekki eiga framfærisrètt, nema þeir hafi feingið og framvísi samþykki til þess þeirrar sveitarstjórnar, hvar þeirra framfærissveit er". Það verður að synda hèr á milli skers og báru, að öðru leytinu að reyna til að afstýra þessum skaðlegu ónytjúngagiptíngum, en hins vegar skerða þó ekki frelsi og rèttindi annara reglusamra manna að raunalausu. Hvað 3. greinina snertir, þá skal eg fara um hana sem fæstum orðum, en ómögulega get eg fellt mig við hana hvað feginn sem eg vildi; eg ætla þá ekkert meira um hana að tala, og lofa því, að gjöra henni ekkert illt í orði kveðnu, en atkvæði mitt gef eg ekki fyrir henni.

Stefán Jónsson: Eg ætla nú ekki að fara í neitt spaug, því eg er aldrei mikill glaðværðarmaður. Eg ætla ekki heldur að álasa nefndinni, því eg er hræddur um, að hver sem hefði feingið þetta mál til að semja álitsskjal um það, þá mundi þó eitthvað hafa orðið að því fundið. Eg get þó ekki að öllu leyti fellt mig við allt, sem er í niðurlagsatriðunum. Hið 1. læt eg nú vera, eg er því ekki mjög mótfallinn, það er víst ekki gott að finna annað betra takmark. Það hefði varla þótt gott, ef nefndin hefði skilað málinu aptur, og sagzt ekki geta gjört neitt við það, og þau neyðarúrræði hafa menn heldur ekki brúkað hèr á þínginu; því þá er betra að fella málefnin við fyrstu inngángsumræðu. 2. niðurlagsatriðið gjörir ekki mikið til; eg held það sè mesta tálmunin fyrir óráðsmennina, að fá svaramenn; en eg held það sè ekki örðugra að fá 4 en 2; því 2 verða ófúsari á, að taka það að sèr, en ef 4 eru; en satt er það, að 4 standa betur að verki, ef til vandræða kemur. Viðvíkjandi 3. niðurlagsatriðinu, þá eru þær ástæður færðar í nefndarálitinu, að það sè til að fyrirbyggja sjúkdóma í mannkyninu, holdsveiki, o. fl.; en þegar að giptíngarleyfið getur feingizt fyrir 10 rd., þá held eg það verði lítið fyrirbyggt með því; þegar hjónabandið kemst á, hvort sem það er ókeypis eða ekki, kemur mannfjölgunin, en það eru ekki mjög margir, sem giptast frá 20—25 ára, heldur draga fleiri það fram á myndugsaldurinn; nú er þetta eins fyrir ríka og fátæka, en fleiri ríkir giptast á þeim aldri en fátækir, svo þessi takmörkun mundi þá bitna meir á þeim efnilegu mönnum, en hinum. Það má líka eiga

það víst, að menn sjá ekki svo mjög í þessa 10 rd., ef þeim er alvara að giptast; þetta kann að vísu að útvega sveitarsjóðunum dálitlar tekjur, en það gjörir líka hlutaðeigandi 10 rdölum fátækari, en hann var áður, og heldur ófærari til búskapar, þó lítið sè. Ástæðan um þessa kynsjölgunarumbót fellur því með öllu af sjálfu sèr, nema þær skorður sè reistar, að menn fái alls ekki að gipta sig, hvorki fyrir borgun nè borgun ekki, á því tímabili. Það getur líka bætt mönnum töluvert ómak, að verða að fara til sýslumanns, sem opt getur verið að sè langt í burtu. Eg vona að allir sjái, að þessi sýslumannaleyfisbrèf eingan veginn geta upphafið leyfisbrèfin hjá amtmönnunum, því þau verða sjálfsagt eins feingin fyrir því eptir sem áður.

Arnljótur Ólafsson: Það er komið logn á þingið, síðan storminnm slotaði, sem á því var, meðan hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður, og fulltrúi Reykjavíkur hèldu tölur sínar, og eg held, að menn sè nú orðnir sáttari við nefndarálitið, en menn voru þá. Ræður þær, sem haldnar hafa verið á móti því, voru í eina stefnu, og byggðu menn mótbárur sínar á frjálsræði manna. Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður byggði á náttúrurèttinum til að giptast, en þingmaðurinn frá Reykjavík hafði tillit til þess, sem af giptíngunni flýtur, og sem síðan geingur í barnaskólann. En menn verða líka að gæta rèttar sveitarfèlagsins, og eg skoða sveitarfèlagið sem ábyrgðarfèlag fyrir fátæka, að þeir ekki deyi úr húngri, og þessi skylda liggur á hverju sveitarfèlagi, og þó er svo að heyra sem lagamennirnir vilji ekki styrkja rètt þessa fèlags, og álíta hann einkis metandi móti náttúrurèttinum. Hèr í 1. og 2. atriðinu eru eingin takmörk sett nema óreglumönnum og ónytjúngum; og ef sveitarstjórnin er mótfallin því, að einn giptist, þá heimtar hún að eins, að svaramennirnir ábyrgist, að hann verði ekki að sveitarvandræðum í 3 fyrstu árin, og þetta er þó ekki mikil takmörkun, og í raun rèttri eigi annað, en að óreglumaðurinn hafi svo mikið traust á sèr í mannlegu fèlagi, að 2 eður 4 fullveðja menn vilji ábyrgjast hann í 3 ár. Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þingmaður þekkir víst hvað við var lagt í Grágás, ef einhver giptist sá, sem ekki átti 100 aura, og er þessi takmörkun, sem hèr er farið fram á, ekki mikil hjá fjörbaugssekt, því hèr eru heimtaðir að eins fullveðja svaramenn, og minna má þó ekki gjöra úr rètti sveitarstjórnarinnar. Viðvíkjandi 2. atriðinu var fundið að því, að svaramennirnir ætti að vera 4; en þegar menn lesa ástæður nefndarinnar, sjá menn, að það er eðlilegt; því annar svaramannanna getur dáið og sveitarstjórnin heimtar ekki

4 svaramenn, nema hún treysti ekki hinum 2. Það er líka allt annað, að vera fullveðja, og að geta ekki dáið. Viðvíkjandi 3. atriðinu, þá efast eg um, að slík takmörkun sè nokkurstaðar í lögum; en það er því betra, ef það er íslenzkulegt og þjóðlegt, og niðurlagsatriðin bera það með sèr, að þau eru öll af íslenzkri rót. Hinn heiðraði fulltrúi Eyfirðinga hèlt, að það mundi ekki margir gipta sig á þeim aldri; en eptir meðaltali í 4 næstundanfarin ár hafa árlega giptzt 32 stúlkur fyrir innan tvítugt, og 120 karlmenn ýngri en 25 ára, það eru 152 menn; og ef þau kaupa leyfisbrèf fyrir 10 rd., þá yrði það 1,520 rd. árlega, sem fèlli í sveitarsjóð, og það er þó töluvert fè. Þar sem getið er um, að börnin verði óhraust, þegar svona úngir menn giptast, þá getur læknirinn sagt um það; en eg segi það sem hagfræðíngur, að það er alstaðar álitið merki um fátækt, þar sem mörg úng hjónabönd eru, og er það náttúrlegt, því þeim fylgir óráðsemi, af því menn hugsa meira um að giptast, en að hafa fyrirhyggju fyrir konu og börnum. Í Belgíu, þar sem er suðrænt þjóðerni, giptast þó færri menn ýngri, en 25 ára en hèr, þó hèr sè norrænt þjóðerni; en sumstaðar í Svíþjóð giptast menn að vísu úngir, því það hagar svo til uppi í Dölunum, að þar komast menn af á litlum jarðarskika líkt og er á Frakklandi. Mèr finnst því vera ástæða til, að hamla úngum hjónaböndum, bæði frá búnaðarlegu og hagfræðislegu sjónarmiði, og ætla eg því að vera einnig fremur með 3. atriðinu.

Ólafur Jónsson: Það er bágt, að þeir heiðruðu þíngmenn úr Ísafjarðarsýslu og úr Reykjavík eru of ókunnugir, hvernig til geingur hèr á landi; þeir segja, að eingir þurfi sveitarstyrk í næstu þrjú árin eptir að þeir giptast. Eg veit þó til þess, að sumir hafa þurft sveitarstyrks við á þessu tímabili. Þeir álitu þess vegna þessa ábyrgð svaramannanna þýðíngarlausa; en þetta er eingan veginn; því auk þess, sem þessi ábyrgð getur nokkuð komið í veg fyrir þá óreglu, sem víða við geingst, að hver hreppurinn keppist við annan með að koma persónum í hjónaband, til að koma þeim af sinni sveit á annan hrepp, þá hefði þessi ábyrgð svaramannanna fleira gott í för með sèr. Þegar svaramennirnir sæi, að maðurinn væri einhver óráðs- eður óreglumaður, þá reyndi þeir til, að lagfæra hjá honum þessa bresti, og hvetja hann til reglusemi, ráðvendni og dugnaðar, svo þeir ekki sjálfir þyrfti að líða skaða af því, að hafa gjörzt svaramenn hans; og einkis ráðleggíngum tæki hann betur en þeirra, sem hefði þannig hjálpað honum til að komast í hjónabandið.

Guðmundur Brandsson: Það var nokkuð mishermt hjá hinum háttvirta þingmanni frá Vestmannaeyjum, að hvergi væri færri hjónabönd en hèr; því eg mun hafa litið í sömu bók og hann hefir tekið þetta úr, og þar eru talin, Toskana og Preussen, Belgía, Frakkland, sem færri hjónabönd sè; það er líka öðru máli að gegna hèr og í útlöndum, þar sem atvinnuvegirnir eru svo margir, og margir daglaunamenn, sem þar geta haft ofan af fyrir sèr og hyski sínu, en sem hèr yrði ómögulegt að mestu. Hann hèlt, að óskilgetin börn mundi fjölga við takmörkunina; en það væri þá ráð, að hækka sektirnar fyrir lausaleiksbrot; þær eru má ske of vægar, og það er þó nóg ósiðsemi í því falli hèr á landi, og margir kvarta yfir stjórnleysi í því, sem öðru. Þar sem hann vill til taka, að þeir hafi víst húsnæði, sem giptast vilja, þá var það meiníng nefndarinnar, að svaramennirnir ætti að ábyrgjast það, og það ætti að geta enn fremur heimtazt af svaramönnunum, ef þeir væri 4, sem sveitarstjórnin varla mundi ófyrirsynju krefjast, að væri svo margir. Viðvíkjandi reikníngi hins heiðraða þingmanns Borgfirðínga um leyfispeníngana, þá gæti það nú skakkað nokkuð; því þegar þessi takmörkun væri á, þá mundi ekki verða svo margir, sem giptist, fyr en þeir væri 25 ára, og við það, að menn giptist svo seint, gæti menn má ske feingið hraustari kynslóð, en hèr er nú, og gæti þá skeð, að menníng og framfarir yrði henni samfara.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skal nú ekki vera margorður um þetta mál, og hvorki fara með spaug nè ertíngar, eins og sumir þíngmenn hafa gjört sig seka í. Það hefir verið skorað á oss bændurna, að segja álit vort um þetta mál, og hvernig geingi til heima í hèruðum með giptíngarnar; eg get nú vitnað um það, að það er satt, sem sagt er í bænarskrá þeirri, er eg flutti til þíngsins, að mikil vandræði standa einatt af þessum takmarkalausu giptíngum heima í sveitum, og að hreppstjórar eiga einatt í stríði hver við annan út af þeim. Eg er nú úngur í hreppstjórninni, en hefi þó feingið að kenna á slíku; annars er eg altènd linur í þess konar stríðum; því eg ber altènd mikla virðíngu fyrir hinu persónulega frelsi, og er tregur til að skerða það til leingstra laga. Þó hefi eg altènd hugsað mèr eina takmörkun á giptíngunum mögulega, og sem mèr finnst ekki skerða í neinu verulegu persónulegt frelsi, heldur geti verið aðhald og hvöt fyrir óráðsmenn og ónytjúnga, til að vanda ráð sitt og sjá að sèr; það er einmitt sú ákvörðun, sem nefndin hefir tekið upp í 1. og 2. uppástúnguatriði sitt um svaramennina, og að

skyldur þeirra verði gjörðar þýðingarmeiri, en átt hefir sèr stað á undan. Eg tek nú til dæmis, að það er einhver, sem er bláfátækur, og á eingan að, en er þar hjá duglegur, trúr og sparsamur; hversu auðvelt mun nú ekki slíkum manni verða, að útvega sèr svaramenn, ef þá sveitarstjórnin heimtar það? Eg veit þess mörg dæmi, að vinnuhjú, sem leingi hafa verið í sömu vistinni og áunnið sèr hylli húsbóndans, hafa að lyktum giptzt frá honum, og feingið hann fyrir svaramann; hefir slíkt sem optast gefizt vel. Þegar þessar áminnztu takmarkanir færi að gjöra sig gildandi í mannlegu lífi, mundi þær verka það, að hver skynsamur maður færi, um leið og hann fer að hugsa sèr fyrir kvonfángi, að hugsa sèr fyrir svaramönnum, og um það, að ávinna sèr hylli og álit sveitarfèlagsins, sem eg ætla, að sèrhverjum mundi verða auðveldast, með því að kynna sig að dugnaði, ráðvendni og sparsemi. Það sjá því allir, að þessi takmörkun á giptíngunum hlýtur að verða hin sterkasta hvöt fyrir hvern og einn, sem vill giptast, að kynna sig sem bezt, og vanda ráð sitt sem mest. Það verður ekki orðum að því komið, hvað hin svo nefnda svaramennska hefir verið þýðingarlaus; eg veit þess mörg dæmi, að svaramenn hafa verið mikið síður fullveðja menn en brúðarparið, og að svaramennskunni hefir verið lokið, þegar brúðkaupsdagurinn hefir verið liðinn; sjá allir, hve þýðingarlaust og jafnvel hneykslanlegt þetta er í sjálfu sèr. Á 3. niðurlagsatriði nefndarinnar get eg með eingu móti fallizt, og hefi ekki heyrt eina einustu skynsamlega ástæðu færða fyrir því; það hefir verið sagt, að af giptíngum íngs fólks leiddi heilsubrest, holdsveiki og rýrð í mannkyninu; en þetta held eg sè móthverft reynslunni; enda held eg, að í þessari uppástúngu nefndarinnar sè eingin tryggíng fyrir þessari óskynsamlegu ákvörðun; því fæstir, sem giptast, munu svo armir, að þeir ekki geti lagt út þessa 10 rd., sem nefndin ætlast til, að þeir leggi út, sem vilja giptast ýngri, en 20 og 25 ára; og mundi þá sèrhver, sem vill giptast á annað borð, ekki horfa í, að snara út þessum 10 dölum. Eg held því, að helzti árángurinn af þessari takmörkun, sem stúngið er upp á í 3. niðurlagsatriðinu, verði sá, að sveitarsjóðirnir auðgast um nokkra dali, sem gánga úr sjóði sumra þeirra, sem ekki mega missa af fjármunum sínum; en með giptíngarnar geingur eins og geingið hefir. Eg ætla svo ekki að tala meira um málið að sinni; eg vona þíngmenn sjái af þessu, hverrar meiníngar eg er um mál þetta.

Magnús Andrèsson: Ef einhver maður, sem er fæddur í Þíng-

eyjarsýslu, en er kominn vestur í Mýrasýslu og vill giptast þar, án þess þó að hafa verið þar svo leingi, að hann sè sveitlægur, hvar á hann að fá samþykki sveitarstjórnarinnar? Hvort meinti nefndin, að menn skyldi fá leyfið hjá þeirri sveitarstjórn, sem þeir eru sveitlægir í, eða þar sem hann ætlar að giptast?

Framsögumaður: Líklega þar sem hann ætlar að giptast.

Magnús Andrèsson: Þá hefi eg hugsað mèr breytíngaratkvæði í þá átt, að sá, sem vill giptast, hljóti að fá samþykki sveitarstjónarinnar í þeim hrepp, hvar hann á framfærisrètt, og mun eg orða það nákvæmar síðar; því það getur vel skeð, að ein sveitarstjórn vilji gjarnan losast við einhvern kvennmann hjá sèr, og gipti hana með einhverjum anmörkum manni, sem er sveitlægur í öðrum hreppum. Hvað því viðvíkur, að hafa 4 svaramenn, þá er eg nú ekki á því; því ef sveitarstjórnin vill ekki giptínguna, þá er eg hræddur um, að það verði eingir fullvèðja menn, sem vilja ábyrgjast, að ekki verði sveitarvandræði út af giptíngunni. Hver getur sèð það fyrir, að hin nýgiptu hjón komist af án sveitarstyrks í 3 ár? Það geta ýmisleg ófyrirsjáanleg tilfelli gjört það að verkum, enda þótt persónurnar sè eingir óráðsmenn; hver vill taka á sig slíka ábyrgð? 3. atriðinu er eg mótfallinn, og álít eg það alveg óhafandi.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Svo eg sè sanngjarn við nefndina, þá skal eg viðurkenna það, að það var vandi að fara með þessar bænarskrár, og leggja ráð við því, sem þær kvarta um, svo að dygði. Það er gömul umkvörtun um þessi efni bæði hèr á landi og annarstaðar, en það þarf nákvæmrar aðgæzlu, að reisa meiri skorður við þessu, en eru í lögum vorum, ef maður á ekki fremur að spilla en bæta. Nefndin hefir, eptir minni hyggju, ekki verið sem heppilegust í uppástúngum sínum, þar sem hún leggur undir sveitarstjórnina að ráða giptíngunum. Eg veit nú fyrst ekki rètt, hvað meint er með sveitarstjórn; það er líklega bæði hreppstjórar og prestar, eða þá hreppstjórinn einn; en hvernig geta menn átt undir þessara manna dómi, hvort einn sè óráðsmaður, óreglumaður eða ónytjúngur? Eru menn vissir um, að allir hreppstjórar sè sjálfir svo að sèr gjörfir, að þeirra dómur geti gilt um það mál? Menn vita, að þó margir hreppstjórar sè dugnaðarmenn og merkir menn, þá geta þeir gefizt líka, sem eru óreglumenn, svo það getur ekki verið nein tryggíng, þó svona sè tiltekið, fyrir dómi eða áliti um slíkt mál. Nefndin hefir jafnvel sleppt þeirri einu tryggíngunni í þessu, sem önnur bænarskráin fór fram á, nefnilega að sá, sem neitað væri, skyldi geta

heimtað skriflega neitun frá sveitarstjórninni með ástæðum, og svo gæti þeir farið til amtmanns, ef þeir vildi, og skyldi hann ákveða, hvort neitunin skyldi gilda eða ekki. Mèr er öldúngis óskiljanlegt, hvers vegna hin háttvirta nefnd hefir fellt þetta úr. Mèr finnst það eingin tryggíng, þó svaramennirnir eigi að ábyrgjast, að ekki verði vandræði af hjónabandinu í 3 fyrstu árin, því þá verða optast minnst vandræðin, ef ekki geingur því ver. 2. atriðið um 4 svaramenn er ekki til annars, en auka mönnum fyrirhöfn og ómak, án þess meiri tryggíng fáist við það. Að fara að áreita 3. atriðið, væri að sparka í dautt ljón, og það á maður ekki að gjöra. Mèr heyrist, að eingínn sè þessari uppástúngu mečmæltur nema nefndin, og, ef til vill, þíngmaður Borgfirðínga. Það er svo augljóst, að þessi ákvörðun nær eingri átt; það eina, sem af henni leiddi, væri, að hver, sem væri á þessu tiltekna aldursskeiði, yrði að gjalda 10 rd. meira en nú, til að mega giptast. Til þessarar álögu verður eingin skynsamleg ástæða leidd. Hin háttvirta nefnd hefir haft fyrir augum að bæta kyníð eptir því sem hún segir; en þetta er heldur eingin tryggíng til þess, því þá hefði nefndin þurft fullt bann, en nú getur maður skemmt kyníð með því, að borga 10 rd. til fátækra. Á uppástúngum nefndarinnar finnst mèr þá yfir höfuð að tala þeir gallar, að þeir sè óhafandi; en til þess, að mál þetta gæti komið fram til ítarlegri skoðunar, vil eg stínga upp á, að ef nokkurt atriði í uppástúngum nefndarinnar verður samþykkt, þá verði beðið um, að þetta verði tekið til greina í frumvarpinu um hússtjórnarlögin, sem er líklega í tilbúníngi, og verður án efa lagt fyrir alþíngi á sínum tíma.

H. Kr. Friðriksson: Það, sem nefndarmennirnir híngað til hafa sagt, finnst mèr eingan veginn hafa hrakið þær mótbárur, sem komið hafa móti nefndarálitinu. Hinn heiðraði þíngmaður frá Gullbríngusýslu sagði, að eg hefði komizt í mótsögn við sjálfan mig, þar sem eg hefði stúngið upp á, að ábyrgð svaramannanna skyldi vara í 10 ár; en eg stakk ekki upp á því, heldur sagði eg, að það hefði verið líklegra, að stínga upp á 10 árum en 3, því að ómegðin kemur ekki fyrstu 3 árin, og það yrði eins sveitarþýngsli af þeim, sem giptist, þótt það væri 20 svaramenn; því að svaramenn mundi þó aldrei ábyrgjast, að maðurinn eigi dæi frá ómegð sinni, og þá yrði þó sveitin að taka hana að sèr. Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að sveitastjórnin, þar sem maðurinn giptist, ætti að sjá um, að hann sè ekki ónytjúngur; en hvaða tryggíng er það fyrir sveit mannsins? því einn getur kallað þann óráðsmann, sem annar kallar

ekki, og álít eg slíkar ákvarðanir þýðingarlausar; þær eru auk þess svo ófrjálslegar og óeðlilegar, sem menn geta framast ímyndað sèr, og undarlegt, að hreppstjórar skuli hafa það vald, að ráða frelsi manna í þessu efni, og óeðlilegt, að þeir menn, sem eru að æskja frelsis sem mests, að þeir, segi eg, skuli nú koma með bænarskrá um, að leggja óeðlileg bönd á hið náttúrlegasta frelsi manna. Í niðurlagsatriðunum stendur hvergi „alþekktir“, og þá er auðsèð, að sveitarstjórnin verður að dæma um líka, hvort þeir *verði* óráðsmenn. Það, sem hinn háttvirti þingmaður frá Vestmannaeyjum stakk upp á, að giptíngin skyldi verða bundin við jarðnæði, þá sýnir slík uppástúnga, hversu örðugt er, að setja reglur um slíkt; því að ekki fara allir, sem giptast undir eins að búa; þegar eg þekkti til á Vesturlandi, voru mörg hjú, sem giptust og bjuggu aldrei alla sína æfi. Eða á þá að fara að bjóða hverjum, sem giptist, að fara undir eins að búa? (*Brynjólfur Jónsson:* Eg hefi áskilið mèr breytíngaratkvæði). Þegar þingmaðurinn frá Borgarfjarðarsýslu talaði um, að sveitarfèlagið væri ábyrgðarfèlag, og yrði því að hafa einhverja ábyrgð fyrir því, að sveitarþyngsli yrði eigi af giptíngunum, þá verður það að vera byggt á því, sem verður að liði, en ekki því, sem gjört er öldúngis út í bláinn. Þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, að mikill munur væri á giptíngarleyfi sýslumannanna og amtmanna, og þegar svo margir keypti leyfisbrèf hjá amtmanni til að giptast, án þess að láta lýsa með sèr í kirkjunni, þá gæti þeir eins keypt leyfisbrèf hjá sýslumanninum; mèr þykir ekki vert, að lýsíngarnar minnki, því mèr þykir það fallegur siður; en eg sè ekki ástæðu til, að banna myndugum mönnum að gefa fè sitt fyrir það, sem þeir vilja, og það er munur á óþarfa-böndum, að *neyða* menn til, að gefa út fè sitt fyrir óþarfa, og að gefa út penínga fyrir óþarfa sjálfviljuglega. Sveitarstjórnin getur ekki ábyrgzt, að menn verði ekki til þýngsla, þó menn ekki fái að giptast, því það geta eins komið börn utan hjónabands, og þar sem hinum háttvirta *framsögumanni* þótti það eins og orðskrípi að tala um, að það spillti fegurðartilfinníngunni, þá get eg nú ekki verið á því, því að það er almennt mál, að segja „fagurt og gott“. Eg held það sè ekki ástæða fyrir þíngið að fara fram í þetta mál leingra, en ef þíngmenn vilja aðhyllast breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga, þá er eg því ekki mótfallinn. En eg er sannfærður um, að þó að bænarskrá verði rituð til konúngs um þetta, þá verður einginn árángurinn af henni.

Framsögumaður: Eg finn mèr skylt að þakka hinum hátt-

virta þingmanni Ísfirðinga fyrir það, að hann talaði með alvöru og lèk sèr ekki að nefndarálitinu, eins og köttur að mús, eins og sumir hafa gjört; hann spurði, hvað meint væri með sveitarstjórn; það er sjálfsagt hreppstjórar og prestur; það hugði nefndin væri ljóst, því það er almennt kallað svo; með þessu er þá líka svarað þingmanninum úr Vestmannaeyjum; hann hèlt, að prestur mundi komast í vandræði, ef hann feingi ekki strax skýrteini frá sveitarstjórninni, þegar einhver beiddi hann að lýsa með sèr; en hann hefir líklega einhvern tíma orðið að fresta lýsingum, til að fá nægari upplýsingar, hafi hann gætt alls vel, sem boðið er í tilsk. 30. apr. 1824, og þá hefði hann á meðan getað ráðfært sig við hreppstjóra og komið sèr saman við þá; þingmaður Ísfirðinga hèlt, að það yrði örðugt að segja, hver væri ónytjúngur, óráðsmaður, o. s. frv., og spurði, hver ætti að dæma um það, hvort hreppstjórinn, sem ef til vildi, sjálfur væri óreglumaður, ætti að gjöra það. Það er sjálfsagt komið undir dómi sveitarstjórnarinnar, prests og hreppstjóra; það stendur ekki í niðurlagsatriðunum, eins og þingmaðurinn úr Reykjavík vildi, að það skyldi vera „alþekktir“ óreglumenn, en það stendur á undan í nefndarálitinu. Þingmaður Ísfirðinga áfelldi nefndina fyrir það, að hún hefði sleppt því, sem bænarskrárnar fóru fram á, um að færðar væri ástæður fyrir neituninni, og að sveitarstjórnin skyldi gefa þessa neitun skriflega; en nefndin valdi heldur hinn veginn, að láta samsveitarmenn gjöra út um það, en að fara gefa manni skriflegan vitnisburð um, að hann sè ónytjúngur og óreglumaður; það er mildari vegur að láta það lúta undir sveitarmenn; hann áleit einga tryggíngu í þessari 3 ára ábyrgð svaramannanna; en þegar gætt er að, að þetta er einúngis um óráðs- og óreglumenn, o. s. frv., þá má búast við, að það strax á 1. ári sýni sig, hvort hann muni verða til vandræða eða ekki, og þar sem hann áleit það hefði átt að vera 10 ár, þá er það ljóst, að ef það er hart, að ábyrgjast í 3 ár, þá er það harðara um leingri tíma og ófrjálslegra, en uppástúnga nefndarinnar. Hvað aldurinn snertir, þá sagðist hann ekki ætla að sparka í dautt ljón; en eg held það sè fullt lífsmark með því enn þá, svo það þarf einkra brjóstgæða við. Eg vona hann finni ekki að því, þó nefndin hafi viljað bæta mannkynið, eins og menn nú gjöra sèr far um að bæta fjárkynið. Þingmaðurinn úr Reykjavík stóð enn upp, til að gjöra nefndarálitinu eina skorpu, og var það heppilegt, að þingmaður Árnesínga gaf honum hugvekju um, hvað hann ætti nú að segja, þar sem hann spurði, hvað hlutaðeigandi sveitarstjórn ætti að merkja, því annars hefði hann komizt

í standandi vandræði. Eg skal nú svara þingmanni Árnesinga því, að eg held, að sveitarfèlögunum sè nægileg tryggíng í svaramönnunum; þingmaðurinn sagði þetta væri óeðlilegt ófrelsi, og skerðíng á rèttindum manna; en ætla það sè þá ekki óeðlilegt ófrelsi líka í tilskipuninni af 1824, t. a. m. þar sem tiltekið er, að öll brúðhjón skuli vera bólusett? ef menn þekkti bólusetníng ekki áður, þá þætti það eflaust ódæði, ef ætti að koma því á, og þó vita allir, hve nauðsynlegt þetta er. Það, sem stendur í 2. atriðinu, er líka kallað óeðlilegt ófrelsi, af því það er nýtt; því það er margt kallað óeðlilegt af þessari orsök, sem með tímanum þykir eðlilegt.

Benedikt Þórðarson: Eg skal nú ekki leingi tefja þíngið, og stend eg eigi upp til þess, að skripta nefndinni; það hafa nokkrir sýnzt við það, en á henni sjást þó lítil iðrunarmerkin; eg ætla nú einúngis að geta þess, að 1. og 2. atriði nefndaruppástúngunnar geðjast mèr allvel; margir, sem hnjátað hafa í þau, hefði ekki gjört þau betri; þau hafa nú verið kappsamlega rædd og til þrautar, svo litlu þarf við að bæta; hvað fyrsta atriðið snertir, þá er sú takmörkun, sem það setur, ef takmörkun mætti heita, að mínu áliti hvorki hættuleg nè skaðleg, heldur þvert á móti; menn ætti þó að glöggva sig á því, sem hèr er farið fram á; hèr eru að eins nefndir óráðsmenn, óreglumenn og ónytjúngar; og hvað eiga nú gullmenni þessi að gjöra með öldúngis tálmunarlaust að hlaupa í hjónastèttina, og svo í bændastèttina? Ekkert, nema verða báðum þeim til skammar og skaða. Þetta er nú önnur hlið málsins, og það sú hin ófríðari; hin hliðin lítur betur út, og á hana hefir hèr þó eingin litið; en af henni vil eg ekki hafa augun; hún er það siðferðislega aðhald, sem þessir piltar kynni að fá til þess, að hætta að vera óráðsmenn, óreglumenn og ónytjúngar, en bæta svo ráð sitt, að þeir fái að gipta sig; mèr þykir slíkt mikilsvert, ef lög feingist, sem að slíku gæti stutt; hvað 2. niðurlagsatriðinu viðvíkur, þá lítzt mèr það vel hugað; það sjá þó allir, að meiri tryggíng er að 4 en 2, og fjórir duga betur en tveir. Eg veit dæmi þess, að fátækur gamall maður vildi giptast úngri stúlku og fèkkst það á þann hátt, að ábyrgðarmenn væri fyrir því, ef honum bættist ómegð, að hvorki hann nè hans þyrfti til sveitar að koma; tóku sig þá saman nokkrir menn og ekki fáir og geingu undir vanda þann; en sá vandi er þeim en þá eingin byrði. Þriðja atriðið geðjast mèr ekki; eg ætla hvorki að leggja því lof nè last, því hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður hefir gjört því þau skil, sem mèr virðast því vera hæfilegust.

Arnljótur Ólafsson: Eg vil áskilja mèr það breytíngaratkvæði við 1. atriðið, að 3 ár verði breytt í 5 ár. Þíngmaður Ísfirðínga kom mèr til þess, með því að tala um tryggínguna; þó gjöri eg þetta breytíngaratkvæði ekki til þess að tryggja þann, sem vill giptast, heldur til að tryggja sveitarfèlögin; eg segi þetta vegna þess, að hinum háttvirta þíngmanni var svo annt um tryggínguna, að hann vildi einnig tryggja þann, er giptast vill, þó það hafi ekki verið tilgángur nefndarinnar. Eg lofaði, að sýna þíngmanni Reykvíkínga fram á það, að það væri minni von á sveitarþýngslum af ógiptum mönnum, en af giptum, að því leyti sveitarþýngslin kæmi af barneign, og skal eg þá segja honum frá því, að það er eins og 1 móti 10. Margra ára reynsla hefur sýnt þetta.

Ólafur Jónsson: Það gleður mig, að þíngmenn verða að sjá, að nefndin var ekki svo óírjálslynd, sem sumir þíngmenn hafa álitið. Mèr skildist á ræðu hins heiðraða þíngmanns frá Vestmannaeyjum, að hann áliti, að nefndin hefði heldur átt að binda giptíngarleyfið við það, að maðurinn hefði víst jarðnæði. Nefndin hafði nú sett sèr það, að láta ekki fátæktina eingaungu geta aptrað nokkrum manni frá því, að fá hjónabandið; en það vita allir, að til þess að taka jarðarpart, og fara að búa, þurfa talsverð efni, og þess vegna vildi nefndin ekki binda giptíngarleyfið við þetta. Sami þíngmaðnr hèlt, að svaramennirnir ekki mundi vilja taka upp á sig þessa ábyrgð; eg held það sè nú ástæðulaust, að óttast það, ef hjónaefnin eru ráðvönd og efnileg; en sè þau það ekki, og fái því ekki svaramenn, þá er þeim það hvöt, til að bæta ráð sitt.

Indriði Gíslason: Það var einúngis það, sem vakti fyrir mèr, þessi ógreinilegu orð: „hlutaðeigandi sveitarstjórn“, þegar eg áskildi mèr breytíngaratkvæðið; en þar eð þíngmaður Árnesínga hefir nú bæði tekið þetta fram, og tekur sèr breytíngaratkvæði í sömu stefnu og eg vildi gjört hafa, þá líklega sleppi eg mínu, ef eg felli mig við, hvernig breytíngaratkvæðin eru löguð.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg held það hafi ekki verið neitt óíyrirsynju, að þessar bænarskrár voru sendar híngað til þíngsins, og ekkert óíyrirsynju, að nefndin hefir farið í sömu stefnu, því það eru fleiri dæmi, en vitni þurfi til að leiða, að ráðlausra öreiga giptíngar hafa bakað þau mestu sveitarvandræði, og mèr sýnist, að þó nefndin hafi þótzt ætla að stíga hèr nægilega lángt, þá hafi hún stígið lángt ofskammt; hún talar hèr um óráðs- og óreglumenn, og ónytjúnga; þessir karlar held eg nú að aldrei ætti að fá hjóna-

band, meðan þeir heita þetta; eg held þeir ætti fyrst að láta af villu síns vegar, og ávinna sèr betra mannorð, áður prestur mætti leiða þá inn í þá heilögu stètt, hjónabandið; og mig heilfurðar, að nokkur ærlegur maður, eins og þingmaður Reykvíkinga, skuli ota því fram, að fá þessum törturum konur og börn til ábyrgðar. Slíkt er rètt til að auka nóg af vondum kjörum og kvalastöðum, og fjölga ólukkulegri kynslóð í landinu; þeir ekki einúngis halda hyski sínu í vesöld og volæði, meðan þeir lifa, heldur alla þess lífstíð þar á eptir, þar það vegna vonds uppeldis, sem einhvern veginn kreistir það fram, (sem ekki deyr af trassadómi) verður aldrei að manni, eða fært til að geta verið í mannlegu fèlagi, vegna vankunnáttu, ómennsku eða heilsuleysis; því held eg, að það sè ekki að gjöra gott verk, að vilja grundvalla í landinu þessara tilnefndu manna sjálfræðisráðleysu, heldur virðist mèr, að fulltrúaþing landsins mætti finna fulla nauðsyn, að reyna að koma í veg fyrir, að hver ráðleysínginn geti aðgæzlulaust ganað til slíks fyrirtækis, sem hjónabandið er, án þess að skynsamra hlutaðeiganda ráð megi við hafa; fyrsta niðurlagsgrein nefndarinnar þykir mèr ekki vel eða glögglega orðuð, þar hún segir, að þessa menn megi ekki gefa í hjónaband, ef hlutaðeigandi sveitarstjórn sè því mótfallin; kann ske að hún viti ekkert af því, og geti ekki komið neinum mótmælum við; því maðurinn getur verið í fjarlægu hèraði frá sínum sveitarátthögum, þá hann vill gipta sig; en hèr er eingin skylda lögð á neinn, að aðvara hlutaðeigandi sveitarstjórn. Líka vil eg láta taka skýrt fram, að það sè sú sveitarstjórn, hvar maðurinn á sveit; því það er samkvæmt lagaandanum, eins og tilskip. 30. apríl 1824 til nefnir það um þá, er standa í sveitarskuld; þingmaður Árnesínga tók sèr breytíngaratkvæði um þetta, og styð eg það; eptir nefndarálitinu þurfa þessir menn ekki nema annaðhvort að fá tillátssemi sveitarstjóra síns, eður svaramenn, sem lofa ábyrgð í 3 ár; þetta líkar mèr heldur ekki; eg vil að svoddan fólk verði bæði að hafa þriggja ára ábyrgðarmenn og samþykki sinnar sveitarstjórnar, til að geta komizt í hjónaband, og því tek eg mèr rètt til þeirrar breytíngar, að ekki megi gefa þessa óráðsöreiga í hjónaband, nema með samþykki þeirrar sveitarstjórnar, hvar maðurinn á sveit, og að svaramenn þeirra vilji ábyrgjast, að ekki standi af þeim sveitarvandræði í hin næstu 3 ár. 3. atriðið um aldurinn kann að verða óvinsælt fyrst, af því það þykir óvanalegt; en víst er lögaldurinn til giptínga, sem er, nógu snemma settur, en það er líka kann ske nógu lángt stigið hèr frá 16—20 og frá 20—25; mitt á milli kynni

að vera mátulegra, en lítil þvíngunarlög virðast mèr þó þetta, sem nefndin hefur sett, og reyndin er sú, að fæst dugandis- eður heldrafólk giptist fyr en á þeim aldri; þeir, sem hugsa nokkuð fram í veginn, þykjast varla vera búnir að búa sig undir að inngánga stöðu þessa fyrri, nema rètt í einstöku tilfellum.

Jón Hjaltalín: Þíngmaður Reykvíkínga sagði, að þær hindranir á hjónbandinu, sem stúngið er upp á í 1. og 2. grein, væri til þess, að fyrirbyggja það, sem fagurt er og gott; en má eg spyrja: er það fagurt og gott, þegar hálfþroskaðir ráðleysíngjar hlaupa saman við einhverja stelpuna, sem hvorki er fær um að vera húsmóðir eða móðir, til þess að fríast úr þeirri vist, hvar þau gæti betur lært búskap og hjúskap? Það er mikið bágt, ef þessi þeinkíngarháttur skyldi vera almennur, og bænarskráin frá Þínghöfðafundi segir, að hann sè svo almennur, að til vandræða horfi, og ýmsir þíngmenn kvarta yfir þessu í sínum sýslum, og því sýnist mèr, að þeir, sem kvarta yfir tálmunum á slíkum hjónaböndum hlynni fremur að því, sem ekki er fagurt og gott; því þessi þeinkíngarháttur hjá úngum er hvorki fagur nè góður; hann er þvert á mót merki upp á skeytíngarleysi, sjálfræði, og fyrirhyggjuleysi. Þar sem þessi hjónabönd í öðrum löndum ekki eru hindruð með lögum, þá kemur það víst af því, að þau ekki tíðkast, og ei á þann hátt sem hèr; margt er og á móti því frá gamalli reynslu og landsvenju, að eingir menn giptist fyr, en þeir eru 25 ára, þó þetta í sumra augum eigi nú að vera einhver fjarskaleg synd á móti persónulegu frelsi manna, og þó hefir nefndin verið harðla miskunsöm, svo eg vona, að hún mæti ekki mótbáru í þessu. Það, sem þíngmaður Borgfirðínga sagði, er ekki satt; það er margt kvennfólk, sem giptist fyrir innan tvítugt. Sumir skilja ekki, að það geti gjört mannfèlaginu illt, að menn giptist úngir; en það er annað fèlag, sem hefir haft þetta mál til meðferðar; það er Academíið í Paris, sem hefir sýnt, hvað flyti af giptíngu úngra persóna og náskyldra, og það stakk upp á, að fyrirbyggja slíkt með lögum, og það held eg að þætti ekki frjálslegt hèrna hjá oss, en það eru nóg dæmi á Íslandi til þess, að þessar úngu giptíngar geta verið lífsfárlegar, bæði fyrir móðurina og fóstrið; hvað giptíngar holdsveikra viðvíkur, þá verður að vísu ekki girt fyrir þær með þessu; en vèr ætlum þó heldur að styðja að þeim lögum, sem vèr höfum, og það gæti verið spursmál um, hvort þeir, sem eru að kalla barnúngir, ætti að hafa læknisattest eða eigi, ef aldurinn er bundin við 16 og 20 ár; því holdsveikin kemur sjaldan fram, fyr en eptir

tvítugt. Þessi sjúkdómur byrjar sjaldan hèr, svo það sjáist, innan tvítugsaldursins, en það fer optast nær að brydda á honum frá 20. —25. ársins; eg þekki einga orsök, þegar eg undan tek óþrifnað og illt viðurværi, já eg þekki einga verri orsök, en giptíngar úngra í því tilliti; þetta er ekki einúngis sagt af minni eigin reynslu, heldur er það staðhæfð reynsla tveggja nafnkenndra norskra lækna, sem mikið hafa feingizt við holdsveiki; það er ekki svo gleðilegt ástandið hèr á Suðurlandi í þessu efni, að það sè líklegt, að þíngið vilji ekki hlusta á þær ástæður, sem stuðla til að aptra útbreiðslu þessa aumkunarverða sjúkdóms. Það eru nú 68 holdsveikir í suðuramtinu, það er nú kann ske ekki eins mikið í hinum ömtunum; en það er þó að líkindum fleiri, en menn vita og getur komið fram; því það er líka reynsla fyrir því, að veiki þessi stundum kemur fram í ættum, sem aldrei hefir orðið vart við hana áður í undangángandi kynslóðum, og hefir þetta mjög farið í vöxt á hinum seinustu 20 árum. Þó þetta nú kann ske þyki „ófagurt", er það þó ekki ástæðulaust, og það má þó finna þessu grundvöll, sem vert væri að íhuga, áður en því er kastað. Eg gjöri skyldu mína, að benda á þetta, þó eg megi sjá, að það muni koma að litlu liði, þegar menn hafa nú einu sinni feingið það hugfast, að þetta sè óhafandi, af því það niðurbrýtur það sjálfræði, sem sumir hèr kalla „frjálsræði". Það er í þessu máli ekki auðvelt að snúa hugum manna eða sannfæra þá, og allrasízt með ástæðum, sem ekki er að búast við, að hver maður eigi hægt með að skilja.

Stefán Eiríksson: Það eru nú svo margir búnir að kveða upp dauðadóm yfir þessu nefndaráliti, að eg held það sè nú tómt mál fyrir mig, að fara að halda í því lífinu. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður skoraði á okkur hreppstjórana að segja álit okkar á málinu, og get eg þá ekki annað en verið honum samdóma, að málefnið sè yfir höfuð nauðsynlegt; eg er nú búinn að vera hreppstjóri í 16 ár, og í hrepp mínum hafa verið frá 10 til 14 ómagar, og helmíngur þessara ómaga hafa verið ektaborin börn þeirra, sem nefndin kallar óráðs- og óreglumenn og ónytjúnga, og eg vil bæta við letíngja; af þessu vona eg nú að þíngmenn sjái, að það er þó nauðsyn á einhverjum takmörkunum í þessu, sem öðru, og því ætla eg að gefa atkvæði mitt fyrir 1. og 2. uppástúnguatriði nefndarinnar; það hefir verið færð til sú ástæða, að hreppstjórinn ekki vissi, hverjir þessir óreglu eða ónitjúngar væri; en sú ástæða hefir ekki neitt við að styðjast; enda hefir hún komið fram frá þeim mönnum, sem hvorki

hafa verið hreppstjórar, eða haldið hjú; því maður getur strax hèr um bil sagt það víst, ef maðurinn, sem fær allbærilegt kaup, leggur aldrei upp neinn skildíng, þá sè eg ekki, til hvers er að gefa slíkan mann í hjónaband, nema því að eins, að hann feingi ráðdeildarsama konu, og það er ekki sveitarstjórninni vorkun að þekkja; þá hafa nú hárómaðar raddir komið fram um 3. uppástúnguna, að hún væri óhafandi, og mèr sjálfsagt geðjast sízt að henni, enda þó færðar hafi verið með henni þær ástæður, sem svo eru sennilegar, að þeim verður ekki neitað; því að trúa einum fyrir konu og börnum og allri heimilisstjórn, á meðan hann má þó ekki ráða yfir 20—30 rd., þá sýnist, að slíkt ekki eigi að vera takmarkalaust; en af því mèr þykir nefndin hafa sett skilyrðið fyrir giptíngarleyfinu of hátt, þá ætla eg að taka mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að settir verði 5 rd. í staðinn fyrir 10 rd. Hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga hefir tekið sèr breytíngaratkvæði á þá leið, sem eg ætlaði að gjöra við 1. atriðið. Það eru annars merkilegar mótbárur, sem hèr hafa komið fram um þetta mál, að eingin takmörk skuli mega hafa um þetta sem annað; það er eins og menn skyldi segja, að bezt væri, að hafa eingin lög um neitt; en það er þó gamalt máltak: „með lögum skal land byggja, en ólögum eyða“.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg vona hinn háttvirti *framsögumaður* muni eptir því, að eg lastaði ekki nefndina fyrir það hún vildi bæta kynið, heldur þótti mèr henni hafa miður tekizt í því, að vilja lofa hverjum og einum að gjöra það, sem hún kallar að skemma kynið, fyrir 10 dali.

Brynjólfur Jónsson: Eg vil að eins skýra breytíngaratkvæði mitt betur. Eg gekk út frá því, að flestallir ætla að verða sjálfs sín ráðandi, og þetta mun vera það almennasta, þó einstöku undantekníngar kunni að finnast, og því þótti mèr það við eiga, að þeir, sem ætla sèr að giptast, hafi hugsað sèr fyrir einhverju jarðnæði, eða að minnsta kosti vissu húsnæði; en þó vil eg bæta því við: „að hlutaðeigandi prestur finni ástæðu til þess“.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg undirbúníngsumræðu þessa máls um síðir lokið, og skal eg biðja hina heiðruðu þíngmenn, sem hafa áskilið sèr breytíngaratkvæði í *barnaskólamálinu,* að koma með þau ekki seinna, en kl. 9 á morgun. Ákveð eg því næst fund á mánudaginn hinn 8. þ. m. kl 12, og til tek fyrirfram til dagskráar þess fundar, að þá komi til ályktarumræðu:

jarðamatsmálið, barnaskólamálið, og málið um *toll af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík.*

Fundi slitið.

---

8. ágúst — tuttugasti og níundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni verður þá fyrst tekið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *jarðamatsmálið,* sem er konúnglegt frumvarp.

Hinn háttvirti þingmaður úr Norður-Múlasýslu er *framsögumaður* í málinu.

Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona eg, að allir þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í jarðamatsmálinu.

1. Uppástúnga *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn, *Páls Sigurðssonar* og *H. Kr. Friðrikssonar:*
   a, Að alþingi ráði konúngi frá, að löggilda frumvarpið. — Eða til vara:
   b, að *löggildingunni verði frestað.*
2. *Gísli Brynjólfsson:*
   Að hið nýja jarðamat verði *eigi* löggilt *í stað* hins forna, heldur láti stjórnin endurskoða það, og þó að eins í þeim tilgángi, að byggja á því *nýjar* álögur eða skatta.
3. Breytíngaratkvæði *Páls Melsteðs* og *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum:
   a, Að hin nýja jarðabók öðlist ekki lagagildi, fyr en 6. júní 1863.
   b, Viðaukaatkvæði *hinna sömu* við *a:*
   Að stjórnin hlutist til, að hið nýja jarðabókarfrumvarp verði sem fyrst gjört þjóðinni kunnugt, að þjóðinni gefist kostur á, að benda á þá helztu galla, sem þykja vera á jarðamatinu, og að stjórnin síðar á haganlegasta hátt lagfæri þá, þar sem ástæða þykir til vera.
4. Breytíngaratkvæði *Páls Sigurðssonar:*

a, Að þingið ákveði mælikvarða til þess, að settur verði dýrleiki eða hundraðatala á allar jarðeignir á Íslandi eptir því leiðrètta matsverði, sem hver jörð hefir í frumvarpinu, svo að ákveðið dalatal hins leiðrètta matsverðs gángi í nýtt jarðarhundrað, þannig:

í Skaptafellssýslu	29 rd.
- Rángárvallasýslu	34 —
- Árnessýslu	30 —
- Gullbríngu- og Kjósarsýslu . . .	31 —
- Borgarfjarðarsýslu	28 —
- Vestmannaeyjasýslu	26 —
- Reykjavík	32 —
- Mýra- og Hnappadalssýslu . . .	29 —
- Snæfellsnessýslu	30 —
- Dalasýslu	25 —
- Barðastrandarsýslu	30 —
- Ísafjarðasýslu	25 —
- Strandasýslu	25 —
- Húnavatnssýslu	25 —
- Skagafjarðarsýslu	22 —
- Eyjafjarðarsýslu	27 —
- Þíngeyarsýslu	34 —
- Norður-Múlasýslu	50 —
- Suður-Múlasýslu	50 —

b, *Minni hluti nefndarinnar (Arnljótur Ólafsson* og *Guðmundur Brandsson):*

Að hundraðatalan sè reiknuð út með amtadeilum, sem þíngið stakk upp á 1857.

c, Frumvarpsins 1. grein, (með ákveðnum tíma eptir 1. uppástúnguatriði nefndarinnar):

Hin nýja jarðabók fyrir Ísland, er samin hefir verið samkvæmt tilskipun 27. maí 1848, 1. gr., skal öðlast lagagildi 6. dag júnímánaðar 1861.

5. Frumvarpsins 2. gr.

a, *Minni hluti nefndarinnar (Arnljótur Ólafsson* og *Vilhjálmur Finsen):*

Að síðari hluti 2. gr., frumvarpsins: „einnig skal upp frá þeim degi — eptir hinni nýju jarðabók“, falli burt.

b, Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum:

Að seinni hluti 2. greinar: „Þó áskilst þeim — prestum eptir hinni nýju jarðabók“, falli burt.

c, Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við 2 gr.:
að í stað seinasta liðs: „Þó áskilst þeim prestum — jarðabók“, verði sett:
„Þó áskilst þeim prestum og sýslumönnum, sem eru í embætti, þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, að fá endurgoldið af ríkissjóði, það sem þeir missa í við breytínguna á tíundargjaldinu.

d, Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn, við 2. gr. frumvarpsins:
Að í stað orðanna: „Þó áskilst þeim prestum o. s. frv. — eptir hinni nýju jarðabók“, komi þetta:
Sá halli, sem prestar verða fyrir í tíundartöku sinni fyrir breytíng á dýrleika jarðanna, verður þeim bættur úr jarðabókarjóðnum (ríkissjóðnum)“.

e. Sjálf 2. gr. frumvarpsins (samþykkt af meiri hluta nefndarinnar)*:*
Eptir þessari hinni nýju jarðabók skulu greiddir skattar, tollar og gjöld þau til almennings þarfa, er eptir þetta kunna að verða lögð á jarðir á Íslandi; einnig skal upp frá þeim degi, sem að ofan er nefndur, heimta og greiða allar tíundir af jörðum á Íslandi eptir þeim dýrleika, sem á hverja jörð er settur í hinni nýju jarðabók; þó áskilst þeim prestum, sem eru í kallinu, þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, rèttur til að taka preststíund sína af jörðunum eptir hinum eldri dýrleika jarðanna, á meðan þeir eru í því sama kalli, svo framt jarðartíundin er á þann hátt rílari, en ef hún væri reiknuð eptir hinni nýju jarðabók.

6. Frumvarpsins 3. gr. (Nefndin hefir stúngið upp á, að þetta atriði falli burt).

a, Fyrra atriði:
Enn fremur skal farið eptir hinni nýju jarðabók, þá er ákveða skal hinn svo nefnda skatt, að því leyti, sem það er sumstaðar venja, að leggja saman, þegar svo stendur á, fasteign og lausafé til þess að reikna út skattinn.

b. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar:*
Að í stað seinni hluta greinarinnar komi þessi grein:
„Eptir þessari hinni nýju jarðabók skal enn fremur greiða

þann hluta alþingiskostnaðarins, sem samkvæmt opnu brèfi 18. júlí 1848 er jafnað niður á jarðir eptir afgjöldum þeirra".

c, Varaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar,* að ef þessi grein (*b*) verður samþykkt, verði við bætt: „og að gjald þetta takist af öllum jörðum í landinu".

d, Síðara atriði:

Þar á móti skal þeim hluta alþingiskostnaðarins, sem lagður er á jarðirnar, jafna niður á sama hátt og að undanförnu, þángað til öðruvísi verður ákveðið.

(Nefndin hefir stúngið upp á, að þetta atriði falli burt).

7. Frumvarpsins 4. gr.:

(*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn stíngur upp á, að þessi grein falli burt).

a, Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum: Að í staðinn fyrir „20 ár" (í 4. gr.), setjist „10 ár".

b, Sjálf 4 gr. frumvarpsins (samþykkt af nefndinni):

Þegar 20 ár eru liðin frá því, að hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, skal það tekið til yfirvegunar, hvort ástæða sè til, að leggja hana undir almenna endurskoðun.

c, Viðaukaatkvæði *Sveins Skúlasonar:*

Þó skal hverjum, sem getur fært ljós rök fyrir því, að jörð sín sè rángt metin, 5 fyrstu árin eptir löggildíngu jarðabókarinnar heimilt, að bera fram ástæður sínar fyrir stjórnina, til þess að fá matinu breytt.

d, Viðauka- og vara-atkvæði *hins sama* við sömu gr. (ef stafl. *c* fellur):

„Þó skal að því, er áhrærir varpjarðir í norð-austur og suðurumdæminu, að tilhlutun stjórnarinnar endurskoðun fram fara eptir 5 ár, að því leyti þar að lútandi kvartanir með ástæðum verða þá fram komnar".

8. Hvort biðja skuli konúng að gjöra frumvarp þetta (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu) að lögum.

Var málið síðan afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Halldór Jónsson): Um þessa laungu atkvæðaskrá skal eg nú ekki vera lángorður; það er vonandi og óskandi, að atkvæðagreiðslan heppnist svo, að þínginu ekki verði til ámælis og áríðandi málefnum vorum til tálmunar. Um einstöku breytíngaratkvæði verð eg að fara nokkrum orðum. Eg segi það

verði til ámælis fyrir þingið, fyrir merkilega ósamkvæmni við sjálft sig, ef það fellir frumvarpið, eptir allt, sem undan er geingið; og eg efast ekki um, að það yrði til skaða fyrir skattamálið, af því ekki er nè verður vísað á þann gjaldstofn, er betri sè; þar á ofan mundi flestum landsmönnum þykja áráugurinn verða lèlegur, já sorglegur af þeim bænarskrám, sem dundu að úr öllu landinu fyrir 14 árum síðan, og af öllum þeim kostnaðarsama tíma, sem búið er til þess að verja; já, eg er því miður hræddur um, að hinn eiginlegi jarðamatskostnaður yrði borgaður með hinni mestu óánægju. Að fresta löggildíngunni út í tóma óvissu (nr. 1. *b*), er því ískyggilegra, sem ekki er stúngið upp á, í hverju skyni það eigi að vera. Ekki veit eg heldur, hvernig sú endurskoðun, sem stúngið er upp á undir 2. tölul. ætti að fram fara, eða hvernig hún kynni að heppnast; og í öllu falli yrði hún að tálma skattamálinu, má ske um mörg ár. Að því er snertir 3. breytíngaratkvæðið, finnst mèr ekki hægt, að rýma saman staflið *a* og *b;* í fyrra liðnum finnst mèr liggja, að jarðamatið, eins og það nú fer frá þínginu, skuli löggildast 6. júní 63; og falli síðari liðurinn (ɔ: viðaukaatkvæðið), hlýtur þetta að vera meiníngin, og hvaða gagn er þá að drættinum? Þó eg fyrir kjördæmi mitt gæti verið ánægður með sýsludeili, eptir því, sem stúngið er upp á honum í breytíngaratkvæði nr. 4, verð eg þó að vera þessu breytíngaratkvæði með öllu mótfallinn; því það miðar auðsjáanlega til að halda þeim gamla ójöfnuði sýslna á milli. Yfir höfuð verð eg að vera bæði amtadeilum og sýsludeilum mótfallinn fyrir það, að þeir eru byggðir á eintómum líkum og getgátum. — Staflið *c* eða *d,* undir tölulið 5. gæti eg því að eins aðhyllzt, að þíngið vildi til vara aðhyllast staflið *c,* þ. e. 2. gr. frumvarpsins óbreytta. Breytíngaratkvæði 6. *b* lýsti eg yfir við undirbúníngsumræðuna að eg fèllist á; en varaatkvæðinu 6. *c* verð eg að vera með öllu mótfallinn, því það breytir aðalundirstöðunni undir þessum skatti, þ. e. alþíngistollinum; en breytíngaratkvæðið 6. *b* setur að eins hundraðatalið í stað afgjaldanna. Í 4. grein frumvarpsins finnst mèr vera til tekinn hæfilegur reynslutími fyrir jarðamatið, og er eingin vissa fyrir því, að endurskoðun verði þá álitin nauðsynleg; en 10 ár þykja mèr of stuttur reynslutími. Af viðaukaatkvæðinu 7. *c* er eg hræddur um að mundi leiða margar tilefnislitlar umkvartanir, sem vandræðasamt mundi verða um að dæma, og felli eg mig betur við staflið *d* viðvíkjandi varpjörðunum; því það er að ætlan minni sá verulegasti galli á jarðamatinu, að þær munu yfir höfuð hærra matn-

ar í norð-austur og suðurumdæmunum, en í vesturumdæminu, og finnst mèr þetta mætti laga án mikilla umsvifa og kostnaðar, og þá kæmi meiri jöfnuður fram milli amtanna, svo því síður er tilefni til að fara fram á amtadeila. Skal eg svo ekki fara fleiri orðum hèr um að sinni.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg gat þess strax við undirbúníngsumræðu þessa máls, að eg mundi ekki hafa verið meðmæltur því, að þetta verk væri sett á stofn í fyrstu, hefði eg þá verið á þíngi; en að ónýta það nú, það er þó sannarlega ísjárvert; því ætti menn þó enn að reyna til, að laga það; það er nú búið að margskoða og sjá það, að einn deilir yfir allt land verður ómögulega hafður; það voru strax í fyrstunni reglurnar til jarðamatsins, sem gefnar voru í svo lausu lopti, að sinn mátinn varð hafður við í hverju landshèraðinu; þetta varð líka að vera eptir máta og kríngumstæðum, sem hver hafði fyrir sèr; því það hæfir ekki í öllum byggðarlögum á einn veg, segja líka okkar gömlu lög; því hefir verið mestur gallinn á jarðamatinu sá stóri mismunur á millum sýslnanna, en minni innan sýslu, sem von var; því þar var verk þetta strax betur sameinað, þar sem einn sýslumaður fylgdi eptir öllu verkinu, og jarðamatsmenn voru einatt úr næstu sveit í hinni; þessi sameiníng var eingin brúkuð milli sýslnanna, sem þó hefði þurft, því varð allt sundurleitt. Alþíngi sá það líka strax, þegar jarðamatið kom fyrir sjónir, að einn deili væri ómögulegt við að hafa; það hefir svo verið reynt á ýmsar síður á þremur alþíngum, og með sitjandi nefnd í Reykjavík á milli þínga, að koma þessu verki saman, og á síðasta þíngi 1857 varð það sigrinum næst, að þá hèldu menn, að það yrði nú notað með því móti, að hafa nú amtadeili; nú fór ver, að stjórnin skyldi nú ekki geta þýðzt þetta; það vita nú allir, að ekki er eindeilirinn hentugri nú, en hann var á næsta þíngi, og þegar hann var óhafandi þá, þá er hann óhafandi enn; taki menn nú sýsludeili, og reynum nú til, að laga jarðamatið með honum í þetta sinn, heldur en að kasta öllu verkinu; fari stjórnin þá eins að enn, og kasti þeim máta, þá er það ekki meira, það er þá eins og vant er; geti hún þá aldrei komið sèr saman við alþíngi eða þýðzt ráð þess, og röksemdafærslu hyggnustu og kunnugustu manna í landinu sjálfu, þá held eg hún stuðli sjálf til, að ónýta allt saman, og er þá bágt fyrir alþíngi, að bjarga því við, þegar ástæður þess eru ekki heyrðar.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg verð nú fyrst að

geta þess, að mèr finnst vandamál að greiða atkvæði, ef fara á eptir atkvæðaskrá þessari, sem hèr er. Það er nú 1. gr., sem er mín uppástúnga, og svo er það 2., sem er lík; eg sè ekki, að maður geti greitt atkvæði um það svona í röð, fyr en maður sèr hverju fram vindur, eða hvernig frumvarpið verður; þannig hugsa eg margur þíngmanna vildi sjá, hvernig frumvarpið yrði lagað. En eigi að greiða atkvæði um það svona, þá er ekki nema tvennt fyrir, sem svörum býður; það er annaðhvort að fallast á 1. uppástúnguna, annaðhvort að ráða frá, að löggilda frumvarpið, eða ráða til að fresta því. Mèr finnst ekki verða úr þessu ráðið, nema hinn háttvirti *forseti* vildi bera fyrst upp 4. tölulið, o. s. frv., en í 4. *c* bíði árstalið þángað til sèst, hvað kemst í gegnum, og verða þá þíngmenn síður í vafa um, hvernig þeir skuli greiða atkvæði sín. Hvað efnið sjálft snertir, þá hefi eg litlu að bæta við það, sem eg sagði við undirbúníngsumræðuna, viðvíkjandi meiníngu minni um málið. Eg skal einúngis geta þess af því, sem hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að eptir hinu gamla jarðamati væri einginn gjaldstofn til, sem stæði, þá haldast þau gjöld, sem nú eru, óröskuð, og þó leggja ætti á nýja skatta, þá yrði það eingin vandræði; það mætti leggja þá á afgjaldið, eins og sagt hefir verið, eða þá öðruvísi. Gæti maður að, hvernig hèr á stendur með skatta, getur maður ekki búizt við miklum tekjum af jarðasköttum; það er lítið við þá unnið og stendur ekki í neinni tiltölu við þann kostnað, sem af því leiddi, ef gjöra skyldi nýtt jarðamat 10. eða 20. hvert ár. Eg finn ekki nauðsyn á neinu jarðamati, en eigi það nú endilega að vera, og ef það verður lögleitt, þá er það auðsætt, að minni hluti nefndarinnar, hinn 4. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaður Borgfirðínga hafa á rèttu að standa; því það er ekki órètt, þó þetta nýja jarðamat einúngis gildi fyrir komandi skatta, en hitt fyrir þá, sem nú eru; þetta er líka aldeilis samkvæmt því, sem var í Danmörku, þegar þar var sett ný jarðabók; því gömlu skattarnir stóðu eptir því, sem áður var. En það bið eg þíngmenn aðgæti vel, að vilji þeir það ekki, en vilji jarðamatið innleitt, og jafnskjótt því breytt, sem afgamalt er, og staðið hefir um lángan aldur, þá er þar með gjörður hinn mesti órèttur; því það er tekið frá einum og lagt til hins, hvorttveggja ástæðulaust. Hvað jöfnuðinn yfir höfuð snertir, þá hefir það verið sýnt, að það er mikill ójöfnuður milli hinna einstöku sýslna, að það hafi verið jöfnuður milli hreppanna, en að honum sè öldúngis raskað. Hvað amtsdeilinn snertir, þá halda sumir, að hann gjöri allt gott, aðrir

vilja hafa sýsludeili; en því þá ekki heldur að kasta öllu, allt fram að yfirmati, og hafa svo hreppadeili? Að vilja sýsludeili, það er hèr um bil það sama og að segja: það má ekki kasta jarðamatinu, en látum stjórnina kasta því, þar vèr vitum með vissu, að fyrst hún ekki vill hafa amtsdeilinn, þá vill hún því síður hafa sýsludeili. En það er sá harðasti dómur, sem kveðinn verður upp yfir jarðamatinu, ef sagt er, að það þoli ekki einn deili yfir allt land; því þetta er grundvallaratriði fyrir jarðamatinu frá upphafi. Viðvíkjandi endurskoðuninni, þá er það það háskalegasta, sem menn gæti gjört, að gefa von um hana eptir 20 ár, og vil eg vera því í mesta máta mótfallinn. Það er óþarft, að gefa slíka von; stjórn og þing geta eins án þess yfirvegað, hvort endurskoðunar þarf við, en maður á ekki nú fyrir fram að skuldbinda sig til, að taka upp á þess konar, sem ætti að vera sem sjaldnast gjört.

Forseti: Hvað atkvæðaskránni viðvíkur, þá get eg eptir nákvæma yfirvegun og samanburð bæði við *framsögumann* og skrifara þingsins, ekki sèð betur, en að atkvæðunum sè rètt niðurskipað. 1. uppástúnga vill algjörlega ráða frá, að frumvarp stjórnarinnar verði löggilt; uppástúngan tölul. 2., sem er beinlínis sett í samband við tölul. 1. með orðinu „*eða*“, fer fram á, að löggildíngunni verði frestað um óákveðinn tíma; þessar 2 breytíngaruppástúngur verða því að vera á undan hinni 3., sem ræður til, að fresta löggildíngunni um vissan ákveðinn tíma fram yfir það, sem upp á er stúngið í frumvarpi stjórnarinnar (tölul. 4. *c*). Eg sè því ekki betur, en að allar þessar uppástúngur, tölul. 1.—3., fari fram á breytíngu á uppástúngunni í frumvarpi stjórnarinnar 1. gr.: „að jarðabókin verði löggilt 1861“, sem nefndin hefir samþykkt, og eigi því að vera allar og koma allar til atkvæða á undan þessari uppruna-uppástúngu, og það í þeirri röð, sem þær standa fjær eða nær henni. Þetta virðist mèr verða að ráða meiru, en það sem hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga benti til, „að það væri þægilegra fyrir þíngmenn, að þurfa eigi að greiða atkvæði um, hvort fresta eigi löggildíngunni, fyr en sèð væri fyrir endann á atkvæðagreiðslunni um hin önnur atriði frumvarpsins og um hinar fram komnu breytíngaruppástúngur við þau. Enda hafa uppástúngumennirnir að tölul. 1. og 2. sjálfir orðið að játa, að þeir ráðgerðu ekki nè tóku sèr þessi breytíngaratkvæði í því skyni, því þau voru ekki borin upp til vara, heldur skilyrðalaust, áður en atkvæðaskráin kom í ljós. Og þó að nú uppástúngurnar tölul. 1. og 2. yrði felldur, en flest eða öll atriði frumvarpsins yrði samþykkt

þar á eptir með meiri hluta atkvæða, þá sè eg ekki þetur, en að allir þeir, sem þar eptir yrði óánægðir með þá atkvæðagreiðslu, geti greitt atkvæði á móti tölul. 8., er einmitt fer fram á, hvort biðja skuli konúng að löggilda frumvarpið, samkvæmt þeirri atkvæðagreiðslu, sem þá verður af geingin.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Aðalspursmálið er: vill þíngið byggja dóm sinn á rökum? Því það má bæði þjóð og stjórn vera um að gjöra, að hann sè byggður á rökum, og fái að heyra það; en þíngmenn geta ekki byggt dóm sinn á rökum, fyr en þeir sjá frumvarpið sjálft, hvernig það verður; ella koma menn til að greiða tvisvar atkvæði um það sama, og annaðhvort að neita því fyrsta, af því þeir vita ekki atkvæðagreiðsluna, eða þá neita því seinasta, sem er þá að greiða atkvæði um það sama og undir 1., en það gæti þó farið svo, að niðurstaðan þá yrði það mótsetta, svo menn játuðu því seinast, sem menn neituðu fyrst.

Vilhjálmur Finsen: Mèr finnst það vera með öllu rètt eins og það er á atkvæðaskránni; meiningin hlýtur að vera sú, að þeir greiða atkvæði fyrir 1., sem ekki vilja löggilda frumvarpið, hvernig sem atkvæði svo falla, en það er ekki það sama og undir 8., því þá er borið upp: hvort menn vilji það verði löggilt eins og atkvæðagreiðslan þá er fallin.

Konúngsfulltrúi: Þegar mál þetta kom fyrir til undirbúníngsumræðu hèr á þíngi, og eg hafði lesið nefndarálitið, hèlt eg, að því mundi verða greiður vegur gegnum þíngið, og það því fremur, sem nefndin í öllum aðalatriðum hafði fallizt á frumvarp stjórnarinnar. Eg tók þess vegna ekki til orða við undirbúníngsumræðuna, og líka af því, að þó að nokkrar efasemdir kæmi fram hjá þeim þíngmönnum, er fyrst töluðu, komu þó hin eiginlegu mótmæli gegn löggildíngu jarðabókarinnar ekki fram, fyr en svo seint, að mèr þótti eigi hent, að leingja mikið undirbúníngsumræðuna, og ásetti mèr því að geyma athugasemdir mínar til ályktarumræðu. Það voru eiginlega 2 ágreiníngsatriði frá minni hlutum nefndarinnar, sem einnig stóðu í nefndarálitinu, sem eg ekki var samþykkur, og sem eg þess vegna nú þarf að fara nokkrum orðum um. Hið fyrsta ágreiníngsatriðið, sem eiginlega heyrði til fyrstu greinar frumvarpsins, fór fram á það, að hundraðatalan skyldi reiknast út með þeim 3 sèrstaklegu amtadeilum, er þíngið stakk upp á 1857. Eg sýndi fram á það á síðasta þíngi, og það eptir því, sem eg ætla, bæði greinilega og skorinort, að þetta væri að raska frá grundvelli öllu jarðamatinu og

öllum þeim leiðréttíngum, sem fram við það hefði komið, og þess vegna ónýta allt það, er gjört hefði verið til að koma jarðmatinu á fót bæði heima í héruðum og hér á þíngum. Á þessa skoðun mína hefir nú stjórnin fallizt, eins og hinu heiðraða þíngi er kunnugt, og þessari skoðun hefi eg enn þá ekki getað breytt, og það því síður, sem margir hinna heiðruðu þíngmanna, bæði þeir, sem eru móti jarðamatinu, og eins hinir, sem með því eru, en áður hafa viljað þrídeilinn, nú á þessu þíngi hafa styrkt skoðun mína og stjórnarinnar með mörgum og skilmerkilegum röksemdum. Stjórnin mun heldur ekki hafa breytt, og mun ekki breyta meiníngu sinni í þessu tilliti, svo það getur ekki orðið nema annaðhvort til ónýtis eða til að fella málið að öllu, ef þíngið enn þá á ný skyldi fara að taka upp aptur amtadeilinn. Ástæður minna hlutans fyrir amtadeilinum í nefndarálitinu eru öldúngis ónógar og þýðíngarlausar. Sú einasta af þeim, er í fyrsta áliti sýnist að geta þýtt nokkuð, er sú, að ef einn deilir er við hafður yfir land allt, þá lækkar hin gamla hundraðatala í vesturamtinu, en hækkar dálítið í hinum ömtunum. Þetta styðst nú við þá skoðun, að gamla hundraðatalið hafi verið rétt, og með réttum innbyrðis jöfnuði í hverju amti fyrir sig. En fyrir þessari skoðun er eingin röksemd færð, og verður ekki heldur færð; því þegar það er almennt viðurkennt, að gamla hundraðatalið var með tímanum orðið svo órétt, að það var öldúngis óhæfilegt til að vera stofn fyrir nokkrar álögur, þá flýtur þar af, að það hefir eins verið órétt og ójafnt í ömtunum innbyrðis; því það er óhugsandi, að það hafi verið ójafnt og órétt í hverju amti fyrir sig, en þó jafnt og réttlátt innbyrðis millum amtanna. Það er og góð ástæða til þess, þó hundraðatalan hafi hækkað í norður- og austuramtinu, því þar var hundraðatalan í 2 sýslum, nl. Múlasýslunum, svo lág, að hún í samanburði við aðrar sýslur landsins var yfir höfuð að tala í sama hlutfalli sem 12: 20 eða 6: 10. og sama á sér, ef til vill, að nokkru leyti stað með Skaptafellssýslu í suðuramtinu, og því er það edlilegt eg rétt, þó hundraðatalan hækkaði nokkuð í þessum ömtunum. En slíkt á sér, hvað heilar sýslur snertir, eingan veginn stað í vesturamtinu.

Annað ágreiníngsatriði minna hlutans er við 2. grein frumvarpsins, og fer því á flot, að síðari hluti 2. greinar frumvarpsins skuli falla burtu, svo að tíundir skuli gjalda framvegis eptir hinu gamla hundraðatali, en ekki eptir því nýja. Eg vil nú játa, að slík ákvörðun, sem ágreiníngsuppástúngan

fer fram á, hefir töluverðar ástæður að styðjast við; en þó get eg ekki ráðið hinu heiðraða þingi til þess, að aðhyllast þessa uppástúngu; því bæði hefir þing þetta áður farið því á flot, að tíundin skyldi greiðast eptir hinu nýja jarðamati frá þeim tíma, það væri löggilt, og líka hefir stjórnin aðhyllzt þessar tillögur alþingis; líka hafa margar raddir bæði á þinginu og út um landið látið það í ljósi, að þjóðin mundi kunna því bezt, og það mundi vera vilji hennar, að tíundin gyldist eptir því nýja hundraðatali, er sett verður á jarðirnar frá þeim tíma, að það verður löggilt, og eptir þessu mun stjórnin fara.

Auk þess, sem eg þannig ekki get fallizt á uppástúnguatriði minna hlutans, get eg eigi heldur fallizt á uppástúngu nefndarinnar, eptir hverri 3. grein frumvarpsins skyldi falla burtu. Fyrri partur téðrar greinar um það, að hin nýja jarðabók skuli leggjast til grundvallar, þegar spurníng er um hinn samanlagða skatt, er að sönnu ekki mikilsverður, og mun sjaldan hafa nein veruleg áhrif á upphæð skattsins. En seinni parti greinarinnar ætti menn að halda, því eg álít það ófært nú undir meðferð þessa máls, að fara að breyta ákvörðuninni um greiðslu alþingistollsins, því ef upp á því væri stúngið, þá ætti að fara með það sem sérstakt málefni á þinginu.

Eg skal enn nú gjöra fáeinar athugasemdir við það, er fram komið hefir í umræðum þingmanna í þessu máli. Einn af hinum heiðruðu þingmönnum talaði um það *„privilegeraða Hartkorn“* í Danmörku, og leiddi út af því, hvernig farið var með það, að tíundina ætti að greiða eptir þeim eldri dýrleika jarðanna, en ekki eptir því nýja jarðamati. En þetta á alls ekki við. Hið *„privilegeraða Hartkorn“* í Danmörku hafði skattafrelsi, en af því stjórnin og ríkisþing Dana vildi láta þetta skattfrelsi af nema, var upphæð skattafrelsisins *„kapitaliseruð“* og elgendum hins *„privilegeraða Hartkorns“* borgað þetta skattafrelsi með rentuberandi skuldabréfum. En með því að kaupa skattfrelsið af eigendunum upp á þenna máta, öðlaðist stjórnin rétt til þess, að leggja eins mikla skatta á hið áður *„privilegeraða Hartkorn“* eins og á hið *„óprivilegeraða“*, svo þar við tapaðist ekkert fyrir ríkissjóðnum. Einn heiðraður þingmaður lét þá meiníngu í ljósi, að tíund ætti að borga af þeim hundruðum í þeim gömlu Skálholtsjörðum, sem þær við hið nýja mat hefði hækkað um; svo að t. a. m. eigandi þeirrar Skálholtsjarðar, er áður hefði verið 50 hundruð, en nú væri metin 60 hundruð, nú ætti að borga tíund af þeim 10 hundruðum, um hver jörðin hefði verið hækkuð; hvar af

þá aptur virðist að leiða, að sá, hvers jörð hefði verið lækkuð um 10 hundruð, ætti að fá endurgjald fyrir tíund af þessum hundruðum. En þessi kenníng er eintóm villa. Allt Skálholtsgózið, og hver þess einstök jörð fyrir sig, hafði tíundafrelsi frá gamalli tíð, og hinu sama tíundarfrelsi hèldu þær eptir sölnskilmálunum, þegar þær voru seldar og urðu eign einstakra manna.

Hvað nú uppástúnguatriðin á atkvæðaskránni snertir, þá skal eg eingan veginn rekja þau öll, en minnast einúngis á nokkur þeirra. Eg verð að ráða þínginu frá, að aðhyllast fyrsta uppástúnguatriðið, eptir hverju beðið er um, að jarðamatsfrumvarpið ekki fái lagagildi, því eg ætla, að ef þíngið samþykkti slíkt, þá yrði það mjög óvinsælt bæði hjá þjóðinni og eins hjá stjórninni. Hèr hafa á fyrri þíngum frá öllum pörtum landsins komið margar bænarskrár, er beðið hafa um jarðamatið. Þíngið hefir í fyrstunni aðhyllzt þessar raddir, og síðan með áhyggju, elju og heppni leitazt við, að beina því leið, til að koma því á sem beztan fót, og þíngið hefir átt því að fagna, að stjórnin í öllum aðalatriðum hefir fallizt á tillögur þess í jarðamatsmálinu. Ef nú þíngið eptir allt þetta skyldi fella jarðamatsmálið, fæ eg eigi betur sèð, en að það skytist undan skyldu sinni, bæði við stjórnina og þjóðina, gjörði sjálfu sèr vansæmi og gjörði árángurslausan allan þann kostnað og erfiði, sem híngað til hefir verið haft fyrir jarðamatinu. Og hvað ætti nú að taka til bragðs, ef þessu jarðamati væri kastað? Þar er ekki nema tvennt fyrir höndum: annaðhvort að láta gamla hundraðatalið halda sèr, en um það játa allir, að það sè öldúngis óhafandi, til að leggja á það nokkur ný gjöld, ellegar þá að fara að byrja aptur nýtt jarðamat með nýrri aðferð. Það yrði þá líklegast, að menn tæki til þess, sem upp á hefir verið stúngið, að láta nokkra menn ferðast hèr um land allt, til að meta jarðagózið, líkt eins og farið var að eptir hin síðustu aldamót. Eptir því, sem nú er ástatt, veitti ekki af því, að hver þessara manna hefði allt að 2,000 rd. laun um árið, auk fæðispeninga og ferðakostnaðar, og þar eð nú slíkum jarðamatsmönnum ekki mundi veita af 4—8 árum, til þess að fá af lokið jarðamatinu, yrði þetta allt óbærilegur kostnaður landinu. Og hvað mundi vinnast við allt þetta? Alls ekkert; því þess konar jarðamat yrði nauðsynlega að byggjast á sögusögn bændanna, og yrði þess vegna ekkert áreiðanlegra en það, sem fram fór eptir hin síðustu aldamót, og miklu ófullkomnara en það, sem nú er ráðið til að kasta. Sömu ókostum er það líka bundið, að fresta jarðamatinu; því mèr virðist, að ef uppástúngan 1. *b* yrði samþykkt, og jarðamatinu yrði frestað

öldúngis óákveðið og um óákveðna tíð, þá væri það hið sama, sem að fella jarðamatið öldúngis, en aðferðin miður sæmandi. Sá eini skynsami máti, til að fresta nokkuð jarðamatinu, er sá, sem farið er fram á í breytíngaratkvæðinu undir tölulið 3., nl. að láta jarðamatið ekki gánga í gildi, fyr en 6. júní 1863, í því skyni, að mönnum á tímabilinu þángað til gæfist kostur á, að laga þær stórkostlegustu misfellur, er vera kunna á jarðamatinu. Þessi aðferð styðst einnig við það, að líkur framgángsmáti var við hafður í Danmörku við síðasta jarðamat. Þar stóð nú jarðamatið ekki yfir í 100 ár, eins og einn heiðraður þíngmaður sagði, heldur var það fyrst fyrir skipað með tilsk. 1. okt. 1802; en löggilt var það með tilsk. 24. júní 1840, en þó svoleiðis, að það fyrst skyldi gánga í gildi 1. jan. 1844, og á þeim tíma var mönnum eptir vissum reglum gefinn kostur á, að fá lagaðar þær stórkostlegustu misfellur á jarðamatinu. Þá var og fyrirskipað, að jarðabókin eða réttara útdrættir af henni skyldi verða auglýstir í hverju héraði, svo að menn því betur gæti áttað sig á ójöfnum þeim, er á voru jarðamatinu. Sýsludeilinn vil eg ekki tala um, en yfirláta þínginu að fella hann, eins og það áður hefir gjört; eg vil einúngis geta þess, að ef breytíngaratkvæðið nr. 3 verður samþykkt, þá á viðaukaatkvæðið 7. *c* ekki við. Eg vil nú yfirláta mál þetta atkvæðagreiðslu þíngsins, en bið hvern þann, sem annt er um sóma þess, að fella ekki jarðamatsmálið; því eg er viss um, að ef því verður kastað, rýrnar álit þíngsins hjá stjórninni, og hylli þess hjá þjóðinni.

Páll Melsteð: Eg ætla nú að eins að tala fáein orð um breytíngaratkvæði það, sem eg á þátt í á atkvæðaskránni. Þíngið heyrði um daginn, að það er fjarri mèr, að vilja kasta jarðamatinu; það væri, að eg taki svo til orða, bæði synd og skömm; en þar eð mèr þykir það ekki eins fullkomið, og óskandi og vonandi væri, vildi eg fresta löggildíng þess til 1863, og því tók eg mèr þetta 3. breytíngaratkvæði, og vona eg, að það ekki sè óskynsamlega ráðið; eg hygg og, að það sè skylda þíngsins við þjóðina, að gefa henni kost á, að koma fram með umkvartanir sínar um misfellurnar, sem vonandi er, að ekki verði svo margar, að það verði sèrlegur kostnaðarauki. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* benti á það, að þessu gæti orðið þannig framgeingt, að nefnd manna yrði sett í hverja sýslu eða amt, til þess að laga jarðamatið þar, og held eg það væri mjög vel til fallið; en eg held það sè nú nokkurn veginn gott í hverri sýslu út af fyrir sig; en þegar sýslurnar aptur eru bornar saman hver við aðra, þá koma

fram miklar ójöfnur. Eg held þetta gæti nú lagazt, ef menn færi þannig að, að nokkrir af þeim nefndarmönnum, sem hefði starfað að matinu í annari sýslunni, færi í hina næstu, og tæki þar þátt í lagfæringunum, og svo gengi það koll af kolli, sýslu úr sýslu, og yrði það þá sama fyrirkomulag og haft var innbyrðis milli hreppanna 1849; eg set í fyrstu sýslunni sè 4 lagfæringamenn, svo færi 2 af þeim í næstu sýslu, og starfi þar með, o. s frv, og þar eð hreppárnir eru nokkurn veginn jafnir sín á milli, þá er líklegt þannig komizt jöfnuður á milli sýslnanna innbyrðis. Þingmanni Barðstrendínga þótti jarðamatið gott í alla staði, og kom með dæmi því til sönnunar, að ekki væri þær ójöfnur á, sem menn léti, og færði hann eina jörð til úr hverjum fjórðungi, sem hann sagði sèr stæði á sama hver væri, en þetta sannar ekki nærri því nóg. Eg get komið með mörg dæmi, bæði úr vesturamti og suðuramti því til styrkíngar, sem hann sagði, að jöfnuður þessi á sèr stað sumstaðar; því jarðamatið segi eg sè víða gott. En eg skal á hinn bóginn koma með fáein dæmi, sem sanna það gagnstæða, en mikln fleiri hefi eg þó til, sem eg vil ekki tefja menn á að koma með. Eg tek til dæmis Bessastaði í Gullbríngusýslu; þeir eru eptir hinu nýja jarðamati 48 hndr.; Grenjaðarstaður er 48 hndr., Svignaskarð 48 hndr. og Fjall á Skeiðum 48 hndr. Þetta virðist mèr nú vera, og þetta eru svo ólíkar jarðir að kostum, að einginn, sem til þekkir, getur verið í vafa um, að hèr er ekki jöfnuður á, Þá tek eg til dæmis Rauðkollsstaði í Hnappadalssýslu, 12 hndr. jörð, afbragðsvel endurbætta og einstaklega vel setna, en svo ber eg saman við þessa jörð, aðrar 12 — 13 hndr. jarðir t. a. m. Kljá og Gríshól í Helgafellsveit, vesaldarjarðir, Ølkeldu í Staðarsveit. *Konúngsfulltrúi* og hinn 3. konúngkjörni þíngmaður þekkja þessar jarðir og vita, að það er satt. Sama er að segja um Fjarðarhorn í Helgafellssveit, mestu rýrðarjörð. Þessar jarðir eru 13 og 12 hndr., og á þeim verður þó ekki framfleytt meira, en þetta 3—4 kýr, í stað þess, að á Rauðkollsstöðum má hafa helmíngi fleiri. Eg gæti komið með mörg slík dæmi, til að sýna gallana, en eg skal ekki tefja þíngið leingur. Þar að auki er breytíngin orðin nauðsynleg, sökum þeirrar breytíngar, sem er orðin á jörðunum sjálfum, og skal eg til færa eitt dæmi, að Nes hèr við Seltjörn var áður 40 hndr. með Akurey; eptir hinu nýja mati er það 97 hndr., og þar er Akurey talin í, en síðan hefir sú breytíng á orðið, að eyjan er orðin annars manns eign, og jörðin Nes annara eign, sinn er nú eigandi að hvoru, og því getur ekki hundraðatalan á Nesi verið rètt; enda kemur þá eyjan hvergi til mats, og svona

mun það víða vera. Þetta þarf að laga, og þetta má laga, það bætir jarðamatið og gjörir það miklu viðunanlegra, það þarf ekki að verða mjög kostnaðarsamt, og því er betra að fresta því, eins og eg hefi ráðið til.

Jón Hjaltalín: Eg hefi enn þá sem komið er ekki breytt meiníngu minni um jarðamatið, hversu ófullkomið sem það á að vera. Það eru sorgleg tímanna teikn, ef nú væri farið að kasta þessu jarðamati, sem svo leingi hefir verið unnið að, eg held fram undir ½ mannsaldur; menn ætti að gá að því, að þó gallar sè á því, þá eiga menn hèr ekki að láta sèr verða á stærsta gallann, að skjóta slíku máli frá sèr ár eptir ár, því að af því leiðir, að ekkert verður gjört. Eg held við höfum líka nóg vandamálin, þó vèr kæmumst til einhverar niðurstöðu í þessu; og höfum vèr nú fyrst um sinn sveitarstjórnarmálið og vegabótamálið, svo vèr þurfum ekki að óttast fyrir, að sitja iðjulausir. Mèr virðist nauðsyn til bera, að koma því af, sem komið verður, bæði í þessu og öðrum málum; til þess ætlast stjórnin, og Íslendíngar hafa rèttláta kröfu á því, að oss miði eitthvað áfram. Eg er sannfærður um, að jarðamatið hefir marga galla; en það hefir þó altènd nokkuð gott við sig, og hrekur margar ójöfnur og ósanngirni, sem nú er. Menn hafa leingi fundið, að gamla jarðamatið er óhafandi, og finna það ávallt betur og betur. Hvað breytíngaratkvæðið undir tölulið 3. snertir, þá veit eg satt að segja ekki, hvað það á að þýða; eg er eingan veginn viss um, að það verði betra 1863 en 1859; en um það vil eg vera viss, áður en eg greiði atkvæði fyrir, að sjóða þenna graut leingur; því mèr þykir ólíklegt, að mönnum bætist öll vizka á einum 4 árum; það er ósköp að heyra það, þegar skynsamir menn láta eins og þeir búist við að *þá* verði allt fullkomið. Mèr þætti gott, ef það væri nokkur líkindi til, að það yrði bætt að nokkru eptir 20 ára umhugsun og bollaleggíngar. Eg get því ekki fallizt á það; eg held það sè ekki nema tómur hugarburður, að halda að menn muni nokkurn tíma fríast við allar misfellur, sem verða kunna. Það er svo margt, sem getur spillt gæðum jarða hèr hjá oss, og þarf ekki mörg ár, til þess að færa úr lagi, og eptir því ætti menn ekkert jarðamat að hafa, því að við slíku er ómögulegt að gjöra; og vildi menn kasta jarðamatinu sökum þess, þá er það hèr um bil hið sama og að segja, „það á ekkert jarðamat að vera hèr á landi“; og það kann nú að vera, að það sè rètt; en það hefði menn þá átt að hugsa sèr fyrri, og ekki eyða tímanum og ærna-peníngum ár eptir ár svona út í

bláinn til einkis. Sumir ætla nú að bæta gallana með einhverjum deili; en eg er nú svo skilníngslaus, að eg sè eigi, hvernig þetta verður; eg held það sè ekki nema til að gjöra allt verra, því fari menn að hafa sýsludeili, þá koma hreppadeilar, og loks kotadeilar. Eg efast því um, að þetta hafi nokkurn góðan árángur. Eg hefi einga sannfæríng um það, að þessir deilar gefi neina tryggíngu móti misfellunum, sem menn eru svo hræddir um. Eg ætla nú ekki að tala um þetta leingur; eg hefi enn þá hina sömu meiníng við þetta mál, og við undirbúníngsumræðuna. Eg vil taka jarðamatið eins og það er, og öldúngis sleppa þessum þriðja tölulið; um hin breytíngaratkvæðin skal eg ekkert tala; eg held það sè lítið gagn að sumum af þeim.

Forseti: Eptir ósk innanþíngsskrifaranna, sem er sanngjörn og eðlileg, skal eg biðja hina heiðruðu þíngmenn, þegar þeir tala um hin einstöku atriði á atkvæðaskránni, að til greina þau með tölulið og staflið, því það er annars ómögulegt fyrir þá, að átta sig á því, um hvaða atriði menn eru helzt að ræða.

Guðmundur Brandsson: Eg gat þess við undirbúníngsumræðuna, að þó að menn nú færi að fresta jarðamatinu, þá mundi ávinníngurinn verða sá, að menn mundi fá endalaust jarðamat; því að þegar menn skoða þetta mál frá rótum, þá yrði lángt að leita; hèr er ekkert jarðamat áður, nema það, sem gjört var eptir aldamótin, sem ekki er fylgt. Af bók þeirri eptir konferenzráð B. Thorsteinson, sem eg hefi nokkrum sinnum minnzt á í öðru máli en þessu, sèr maður, að fyrst hefir verið farið að telja upp jarðir í Hólastipti 1525, eða hið svo kallaða stólsjarðaregistur, sem ekkert er annað, en upptalníng þessara jarða með afgjöldum þeirra og rekarèttindum; síðan 1550 yfir klausturjarðirnar í Hólastipti, 1597 yfir konúngsgózið; aptur 1639 og 1660; 1681 yfir bændaeignirnar; það er allt svo 6 sinnum á 140 árum, eða hèr um bil einusinni á 23 árum; en þetta er ekkert mat, heldur er það tínt upp og flokkað eptir eigendum, þángað til 1695, að þessu fyrst hefir verið safnað í eitt; svo hefir þetta aptur verið ítrekað 3 sinnum á 65 árum, eða hèr um bil einu sinni á 22 árum. En fyrst 1760 var nú þessu safnað saman í eitt, en það var ekki löggilt jarðabók, sem þá var samin, heldur var það ein heild af öllu hinu, sem búið var áður. Þarna er nú grundvöllurinn, sem menn nú ómögulega vilja sleppa, þó það virðist að mega vera ljóst, að hægt sè að ímynda sèr, hvernig byggt verði á slíku, og hvort þörf sè á jarðamati. Þegar þessu máli var fyrst hreift 1847, þá þótti þörfin brýn fyrir nýtt jarðamat, og þó nú þyki ójöfn-

ur á því, þá verða þær ávallt nokkrar; en það er ekki rètt að kasta steini á Reykjavíkurnefndina fyrir ójöfnurnar; þær eru öðrum að kenna, þeim sem gáfu og gefa áttu henni skýrslur; því menn vita t. d., að eingin sekt verður lögð á dómarann fyrir það, þó hann dæmi rángan dóm eptir fölsku vitni. Eg skil ekki, að neitt vinnist með drættinum, hversu lángur, sem hann ætti að verða. Eg veit ekki, hvort eg skildi þíngmann Snæfellínga rètt; hvort þessar nefndir, sem hann talaði um, hafa átt að vera amtsnefndir, sýslunefndir, hreppanefndir, hvort einúngis ætti að jafna milli sýslnanna, en ekki amtanna; en það held eg gjöri ekki nema rugl; þó eg verði að játa mèr væri óljóst, hvernig hann vildi koma því fyrir. Eg skal játa, að í Gullbríngusýslu og Kjósarsýslu eru ekki verulegar ójöfnur; því þeim, sem voru, hafi þær nokkrar verið, var breytt af Reykjavíkurnefndinni, sem lítið var; ef ekki er verra annarstaðar, sem líklegt er, þar sami mátinn hefir verið við hafður yfir allt, þá má það heita gott. Þessi amtadeilir, sem margrætt hefir orðið um, hefir nú orðið fyrir hörðum dómi; en það eru áður færðar ástæður fyrir honum, bæði skýrt í nefndarálitinu og eins á þínginu 1857, og svo líka núna í umræðunum. En aðalorsökin er ójöfnur á undirmatinu, og hvar þá helzt? Í vesturamtinu; og það er því ekki ástæðulaust, þó það væri fært fram í vesturamtinu, því þaðan eru að miklu leyti sprottnar tálmanir þær, sem jarðamatið hefir orðið fyrir, og sá kostnaður, sem þar við hefir verið bundinn, síðan yfirmatið var um garð geingið. Eg sagði um daginn, að það væri sá ójöfnuður á, að 2 Flateyjar ekki hrykki til fyrir einni Viðey, og að tvær Hrappseyjar væri rúmlega eins og ein Eingey. Um Hólma í Reyðarfirði er sagt, að þeir sè of háir; þeir verða 307 hndr.; en það er þó ekki svo ljóst, að það sè of hátt; það hefir verið sagt, að þar feingizt 300 pund af dún, svo eg minnist einu sinni á dúninn, og þegar 4 rd. fást fyrir hvert pund, þá er það sama og renta af 30,000 rd. að öllu öðru slepptu; en rúm 9,000 trú jeg þeir sè metnir; þetta held eg sè lángt frá að sè ósanngjarnt, því þó menn dragi frá helmíng dúnverðsins fyrir tilkostnaði hans, þá verða þó eptir 15,000 dalir. En þegar Hólmar ern bornir saman við Eyjahrepp á Breiðafirði, þá er þessi eina jörð lítið meira, en helmíngi meira metin, og það munu þó allir, sem nokkuð þekkja til, geta dæmt um, hvert hann sè ekki betri en 3 Hólmar. Hjörtsey á Mýrum er 53 hndr., Nes á Seltjarnarnesi er með Akurey matið 97 hndr., og beri menn það saman, þá er ólíku saman að jafna. Staf-

holt í Mýrasýslu er nú 39 hndr., Reynivellir í Kjós 47 hndr., og hefi eg talað við þann, sem hefir búið á báðum þessum jörðum, það er dómkirkjupresturinn hèrna, og segist hann taka Stafholt lángt fram yfir hina jörðina. Eg ætla nú ekki að til færa fleiri dæmi, en það er nóg til að sjá, að vesturamtið stendur í litlu hlutfalli við hin ömtin, og mundi það sannast, ef rannsakað væri betur. Eg skal nú ekki tala meira um amtadeilinn, en leggja hann á þingsins vald; þó hann falli hèr á þinginu, þá vil eg þó heldur taka jarðamatið, eins og það er með einum deili, en að því verði nú alveg kastað, þó ójöfnur sè á því; þó er þetta verulegt atriði, því það munar hèr um 1,100 hndr. í suðuramtinu, og rúmum 700 hndr. í norður- og austuramtinu. Um breytíngaratkvæðin skal eg nú ekki fást; hinn háttvirti *framsögumaður* hefir gjört það. Hvað 5. *c* áhrærir, þá hefir það það við að styðjast, að það er fallegra á pappírnum, eins og eindeilirinn, en jöfnuðurinn er þó betri í því, sem nefndin fer fram á. Því það er þó meiri ójöfnuður fyrir prestinn, en fyrir bændurna, sem liggur undir breytíngaratkvæðinu, ef ekki fæst það, sem það fer fram á; því það er hægra fyrir marga, að bæta einum upp, heldur en fyrir einn, að líða halla þann, sem verða kynni í þessu; það ætti því ekki að standa í vegi, því það er ójöfnuður, sem kemur niður á einum, hitt á mörgum, og þetta er ekki nema $^1/_4$ partur af tíundinni, sem verið er að tala um, og ekki leingur en meðan þeir, sem nú eru í embættinu, eru þar; það ætti því ekki að hindra löggildínguna, þó það feingist ekki, sem þetta breytíngaratkvæði fer fram á; því eg vil ekki kaupa fegurð á pappírnum fyrir ójöfnuð á einstöku mönnum. Um sýsludeilinn skal eg nú ekki vera margorður, það saxar í sama farið með hann; en hann nær naumast samþykki þíngsins, eptir sem ræður hafa fallið um hann hèr. Eg lái nú ekki þíngmanninum úr Rángárvallasýslu, þó hann beri hana fyrir brjósti, því hún hækkar við eindeilinn í samanburði við það, sem hún var áður, og mun hún þá hafa þótt fullhá; en þó eru 3 sýslur hærri, sem mèr þykir óvíst að allar sè betri ; það er Árnessýsla, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslur, og hafa þó ekki komið kvartanir þaðan yfir of háu mati á þeim; en eg skal ekki dæma neitt um þær sín í milli, af því eg er of ókunnugur til þess.

H. Kr. Friðriksson: Eg sýndi fram á það og aðrir fleiri í undirbúníngsumræðunni, að jarðamatið er óþarft, og þar að auki ótækt; óþarft sökum þess, að án þess má ná öllum sköttum, sem á þarf að leggja, og ætlazt er til að lagðir verði á jarðirnar, með öðru

fyrirkomulagi, og það megi leggja þá á á annan hátt; þetta er ljóst fyrir mèr, að eg hugsa mig ekki leingi um að greiða atkvæði fyrir töluliö 1. Þar sem *konúngsfulltrúi* sagði, að þíngið missti traust þjóðarinnar með því, að fella jarðamatið, þá get eg ekki verið því samdóma; því það er ljóst af umkvörtunum, eigi einúngis frá einstöku mönnum, heldur frá heilum sýslum, og það mörgum sýslum, að mönnum er eigi svo annt um löggildíngu þessa jarðamats, að það fái vantraust á þínginu fyrir það, þótt það felli matið. Eg held þvert á móti, að þjóðin hefði miklu fremur ástæðu til vantrausts á þínginu, ef það rèði til að löggilda það, sem það hefir margjátað að miklar ójöfnur sè á, eins og það hefir gjört. Ef þíngið samþykkir jarðabókina, þá hefir þjóðin ástæðu til að halda, að menn fari hèr ekki í öllu eptir sannfæríngu sinni, og því sè því eigi treystandi, og því vil eg halda, að þíngið gjörði rèttast í, að ráða frá löggildíngunni, eða að minnsta kosti til að fresta henni, þángað til ekki væri neinar verulegar orsakir til umkvartana. Það er ekki rèttur tími til að löggilda jarðamat nú sem stendur; því að það er næsta óheppilegt, einmitt núna, þegar hugsun manna er farin að vakna um jarðabætur, en þær leiða með sèr breytíngar á stuttum tíma og sýna fram á, hvað í jörðunum liggur. Þegar búið er bæta jarðirnar og maður sèr, hvað þær gefa af sèr og hverju þær geta fram fleytt, þá er miklu fremur tími til þess, ef nokkurt jarðamat á að gjöra. Eg býst nú ekki við, að þíngið taki þessar ástæður á móti jarðamatinu sem gildar, fremur í þessu máli en öðrum; en eg hefi leyst hendur mínar, og talað eptir sannfæríngu minni, því að henni hefi eg ávallt fylgt, og henni mun eg ávallt fylgja. Það eru einkum tvö atriði í þessu máli, sem um þarf að tala, það er breytíngin á tíundinni og 20 ára endurskoðunin; en eg sè ekki, að það sè hrakið, sem sagt hefir verið um það, að órètt sè, að breyta tíundinni, en *konúngsfulltrúi* vildi bæta úr því með því, að stjórnin bæti upp þeim, sem fyrir hallanum yrði; en þar af leiðir nýjan toll og nýjar skattaálögur á alla, í staðinn fyrir einn lítinn gjaldstofn. Eins er eg á móti því, að nokkuð sè ákveðið um endurskoðun; því þegar menn vita fyrir fram, að þessi endurskoðun á að fara fram, þá koma óendanlegar umkvartanir og jarðeignir missa svo alla festu, að enginn getur vitað, hvers jörðin er verð, hverjir skattar, eða hversu miklir verða á hana lagðir, eptir því, hvers virði jörðin þá verður metin sökum jarðabótanna. Þar næst kemur nú 3. atriðið í þessu máli, það eru deilarnir, hvort heldur skuli vera 1 deilir eða 3 deil-

ar. Það hefir verið sagt, að menn hafi álasað Reykjavíkurnefndinni fyrir aðgjörðir hennar við jarðamatið; en það er misskilníngur, því það hefir einginn gjört; eg er sannfærður um, að hún hefir gjört allar sínar lagfæríngar eins vel og henni var auðið, eptir þeim reglum, sem fyrir hana voru lagðar; hún gat ekki leingra farið, en henni var boðið. Menn hafa sagt, að Reykjavíkurnefndin hafi umsteypt öllum grundvelli jarðamatsins, en það var henni sagt að gjöra, svo hún getur þvegið hendur sínar fyrir ójöfnunum, og einginn af þeim þíngmönnum, sem hafa sagt, að Reykjavíkurnefndin hafi breytt jarðamatinu, hafa sagt það í þeim skilníngi, að álasa henni; því það var afleiðíngin af þeim reglum, sem henni voru settar, og eg er sannfærður um, að hún hefir gjört það svo vel, sem henni var auðið. En því verður alls eigi neitað, að við endurskoðunina breyttist málið frá grundvelli og verð jarðanna; því nefndin lagfærði ekki eptir verðinu, eins og jarðirnar voru metnar upphaflega 1849 og 1850, heldur eptir eptirgjaldinu; en það er nú sitt hvað; því jarðirnar geta verið óttalega misjafnar, þó afgjaldið sè hið sama. Hèr næst kemur nú til þrídeilisins, sem þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu er að berja fram, en hann hefir enn þá ekki komið með neinar þær sannanir, er sýni, að það sè nein nauðsyn á honum, og hann kom einúngis með eitt dæmi, sem hann sagði að sýndi, að vesturamtið væri oflágt metið, það, að 2 Flateyjar yrði á við eina Viðey; eg vil nú ekki segja, að Eyjahreppur kunni eigi að vera nokkuð lágt metinn í samanburði við aðrar jarðir eða landjarðir. En þó eg væri sá, sem ætti að velja um 2 Flateyjar og 1 Viðey, þá er eg með öllu óviss, hvort eg tæki heldur tvær Flateyjar, og mèr þykir ekki ólíklegt, að það rynni á mig 2 grímur, að taka heldur Viðey; það er munur að hafa öll hlunnindin, og allar nauðsynjar sínar rètt í kríngum húsið, á eyjunni sjálfri, eins og er í Viðey, eða að verða að sækja öll hlunnindin í ýmsar eyjar, og það sumar lángt í burtu, og margar nauðsynjar sínar upp á land 3, 4, 5 vikur sjávar; það eru fleiri nauðsynjar en það, sem í kaupstaðinn er sótt; eg skal færa til eitt dæmi; menn verða að sækja í Flatey allan eldivið upp á land, dún út um eyjar 1 - 2 vikur sjávar, og er það munur; en í Viðey er það allt á eyjunni sjálfri; á hinum staðnum þarf að halda skip og fólk til þess. Í Viðey má hafa allan fènað á eynni sumar og vetur, en í Flatey verður að flytja allt fè á land á vorin (*Forseti:* Það á hèr ekki við, að vera að meta Viðey og Flatey). Það á við til að sýna, að þrídeilirinn er ekki órækur; til að sýna, að dæmi þíngmannsins úr Gullbríngusýslu

er eingin sönnun fyrir því, að vesturumdæmið sè lægra metið, en hin umdæmin, úr því hann tók það til. Það má ekki meta eptir hlunnindunum einum, heldur verður líka að taka tillit til kostnaðarins. Þá mætti líka meta Landakot á Vatnsleysuströnd hærra, en það er metið, af því bóndinn þar hefir nú aflað um 100 skⱷ af fiski, og sýnist það þá ekki á rökum byggt, að færa það niður í 5 hndr. úr 12 hndr., eins og gjört hefir verið. Eigi þetta jarðamat að komast í gegnum, þá er þrídeilirinn ótækur; heldur verður að vera 1 deilir. Eg held því, að ekki sè annað fyrir, ef ekki á algjörlega að ráða frá að löggilda þetta mat, þá að fresta því, svo mönnum gefist færi á, að rannsaka það og lagfæra.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal nú eigi leggja krók á hala minn, og verða hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga samferða vestur í Flatey, og eigi einu sinni út í Viðey, enda þykir mèr óþarft, að leggja leingra land undir fót, en atkvæðaskráin er, því hún er æði sporadrjúg; eg skal þá snúa mèr að atkvæðaskránni. Eg verð nú að vera öldúngis mótfallinn 1. breytíngaratkvæðinu, sem þeir þremenníngarnir eiga, og er fer því fram, að annaðhvort sè frumvarpið alls ekki löggilt, eður þá löggildíng þess sè skotið á frest um óákveðinn tíma. Hinn háttvirti þíngmaður, sem á þriðjúng í breytíngaratkvæðinu, hefir að vísu reynt, að sínum hluta, að verja það; en eg er fullviss um, að eingum mun þykja, að honum hafi tekizt að hrekja það, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði um löggildíng jarðamatsins. Eg vil einúngis bæta því við það, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að mèr þykir, þótt eg sè nýr þíngmaður, virðíng þíngsins við liggja, að það samþykki nú jarðamatið, sem það hefir svo leingi verið að velkjast með. Breytíngaratkvæðið undir 3. tölulið stafl. *a* fer fram á frestun löggildíngarinnar um ákveðinn tíma, og er það að því leyti frá brugðið breytíngaratkvæðinu undir 1. tölulið staflið *b*, og finnst mèr því, að það sè þess vegna miklu tiltækilegra. Mèr þykir og frestur sá, sem þar er til tekinn, hæfilega lángur, og því vil eg aðhyllast það, með því og, að eg fæ eigi betur sèð, en að endurskoðun sú og leiðrèttíngar á matinu, sem farið er fram á undir 7. tölulið stafl. *a* —*d*, geti innifalizt í breytíngaratkvæðinu undir tölulið 3. stafl. *a*, og megi því fella þessi breytíngaratkvæði, af því þau verða þá óþörf; því þótt í viðaukaatkvæðinu undir 7. tölulið *c*, sè farið fram á 5 ára frest, en í 3. tölulið *a* einúngis fram á 4 ára frest, þá gjörir það hvorki til nè frá, og 4 ára tíminn er þó, að minni ætlun, öldúngis nógur. Mèr þykir og það enn mæla

fram með 3. tölulið *a*, að þar er gjört ráð fyrir, að leiðréttíngarnar fari fram *áður* en jarðabókin nær lagagildi; en í 7. tölulið *a* - *d* á það að verða *eptir* að hún er orðin löggilt, er eg kann miklu lakar við bæði í sjálfu sèr, og svo er eg sannfærður um, að það leiðir af sèr mikla óvissu um gildi jarðabókarinnar, og tálmar jarðabótum, að eiga von á „almennri endurskoðun“ eptir nokkurn tíma, og því mun eg gefa atkvæði mitt líka á móti 4. grein frumvarpsins undir tölulið 7. stafl. *b*. Um 4. breytíngaratkvæðið, undir 4. tölulið stafl. *a*, ætla eg mèr eigi að tala, og heldur eigi ætla eg mèr að fara að verja ágreiníngsatkvæði minna hlutaus þar undir stafl. *b*; enda þykist eg nú sjá fyrir forlög Kartagó-borgar, fyrst hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir tekið því svo púnglega; eg gæti heldur eigi með orðum mínum aukið neinu á hina ágætu vörn, er hinn háttvirti samnefndarmaður minn, þíngmaður Gullbríngusýslu, sem er hèr í sömu fordæmíngu og eg, hefir svo dreingilega flutt fyrir þessari uppástúngu okkar og alþíngis 1857. Eg sný mèr þá í betri von til ágreiníngsatkvæðis míns hins annars, undir 5. tölulið staflið *a*. Hinn háttvirti *framsögumaður* og fleiri hinna háttvirtu þíngmanna hafa fært það fram í móti skattakenníngu minni, og míns háttvirta samnefndarmanns, að alþýða mundi una lángtum betur við, að tíundin yrði nú þegar tekin eptir hinu nýja jarðamati, því hún hafi álitið það sjálfsagðan árángur af jarðamatinu. Það er nú að vísu svo, að eg finn eigi mikla ástæðu til að halda fram bláberri kenníngu, sem alþýða eigi skilur, og ef henni finnst það vera hinn mesti jöfnuður, sem mèr finnst vera hinn mesti ójöfnuður, og aptur á mót hinn mesti ójöfnuður, er mèr finnst vera hinn mesti jöfnuður, þá vil eg eigi þrátta um það við hana. En hins vil eg geta, að það vakti líka annað mikilvægt atriði fyrir mèr, þá er eg gjörði ágreiníngsatkvæði þetta. Eg gekk að því vísu, að skattalögunum yrði breytt svo fljótt sem verða má, og það er víst einginn, er efar, að það sè hin brýnasta nauðsyn til þess; en þá koma allar hinar tíundarfrjálsu jarðir til sögunnar. Ef nú tíundin er felld burt, eða rèttara sagt tekin upp í almennan jarðaskatt, og þessi skattur yrði hærri, en tíundin er nú, þá er einginn efi á því, að skattur þessi verður að leggjast á stóla-jarðirnar, að því leyti sem hann er hærri, en tíundin áður var; því tíundarfrelsið getur þó eigi gilt nema fyrir þær álögur, sem jarðirnar voru undanþegnar, þá er þær voru seldar; en eingan veginn fyrir nýja skatta. Eg ætla óhætt að gjöra ráð fyrir, að jarðaskatturinn yrði helmíngi hærri, en jarðatíundin nú er, því að nú er þrefalt meira

goldið af tíundbæru lausafè en fasteign, sem er öldúngis ófært, og ætti aldrei að vera meira, en jafnt við fasteignina, sem þó er eins mikils virði sem lausafèð að meðaltali hvert hundrað. Eptir þessu ætti nú að leggja að eins hálfan jarðaskatt á tíundarfrjálsu jarðirnar; en ef nú tíundin væri látin standa eptir hinni fornu hundraðatölu, þángað til sköttunum yrði breytt, þá get eg eigi sèð neinn eiginlegan ójöfnuð í því, þótt jafnhár skattur væri lagður á tíundarfrjálsu jarðirnar sem allar hinar, því að þá breytist jafnframt skattgjaldið á jörð hverri í landinu. Eg tek til dæmis tvær jarðir, aðra tíundbæra og hina tíundfrjálsa; hin tíundfrjálsa jörð set eg að sè 10 hndr. að dýrleika, og að hin hafi verið færð upp um 10 hndr., eður svo mikið sem hiu er metin, og þá get eg eigi fundið, að sá geti fremur kvartað undan nýjum álögum, er átti tíundarfrjálsu jörðina, en hinn maðurinn, fyrst álagan leggst jafnþúngt á þá báða tvo. Menn verða að gæta að því, að það er svo miklu hægra, að koma þessu svona fyrir, ef bæði skattstofninum og skatthæðinni er breytt í einu, en ef skattstofninum er fyrst breytt sèr í lagi; því það er aðgætandi, að hversu mikið sem tíundinni er breytt á hverri tíundbærri jörð í landinu, þá breytist eigi tíundarskyldan, því hún breytist fyrst við nýja skatta, eður rèttara sagt, nær eigi til þeirra. En sè nú tíund tekin nú þegar eptir hinu nýja mati, þá sè eg eigi annað ráð fyrir hendi, en að kaupa verði tíundarfrelsið síðar meir af þeim, er það eiga, ef menn annars vilja nokkurn tíma koma jöfnum landskatti á, sem í mörgum greinum er öldúngis nauðsynlegt, og þá verður að fara líkt að, og farið var að í Danmörku árið 1850, þá er hið *„privilegerada Hartkorn“*, er svarar til hinna tíundarfrjálsu hundraða hjá oss, var gjört jafnt öðru *hartkorni;* þá var eigendunum borgað sumum fimmtán, en öðrum tuttugu sinnum svo mikið fè, sem skattaálagan um eitt ár nam miklu. Þótt þetta mundi eigi nema sèrlega miklu fè hèr, þá mundi þó landsjóðurinn verða feginn að komast hjá, að greiða það. En verði nú stafliður *a* undir 5. tölulið eigi samþykktur, þá vil eg halla mèr að stafliðunum *b* og *c,* því eg byggi á þeirri reglu, að embættismenn skuli eigi missa af tekjum sínum, meðan þeir eru í embættunum, og þá þykir mèr rèttast og enda sjálfsagt, að ríkissjóðurinn borgi hallann. Jarðamatið verður og lángtum vinsælla, ef ein regla er látin gilda um allar jarðir; en hitt er hin mesta óregla, að í einni sóku og sýslu sè tíund tekin eptir hinu forna hundraðatali, en í hinni við hliðina á eptir hinu nýja. Eg fyrir mitt leyti er og fús á, að gefa atkvæði mitt fyrir

staflið *b* undir 6. tölulið, því bæði er alþingistollurinn svo nýr tollur, og svo yrði svo miklu umsvifaminna og vandaminna, að taka hann á þenna hátt, en eins og hann er nú tekinn; gjaldheimtan yrði og miklu vissari og ákveðnari. En verði þetta breytíngaratkvæði eigi samþykkt, þá vil eg fella 3. grein frumvarpsins, eins og nefndin hefir líka stúngið upp á.

Áður en eg skil við þetta mál, þá verð eg að geta þess, að það er enn einkum eitt atriði, sem eg hefði tekið fram, ef eg hefði annars fallizt á, að taka tíund eptir hinu nýja mati. Þetta atriði er það, að tugabrotin í jarðabókinni hefði verið gjörð að álnum, og það þannig, að $^{8}/_{10}$ og $^{9}/_{10}$ væri gjört að heilu hundraði, en $^{7}/_{10}$ og $^{6}/_{10}$ og eins $^{3}/_{10}$ og $^{4}/_{10}$ að hálfu hundraði, en $^{1}/_{10}$ og $^{2}/_{10}$ felldir úr, svo að eigi hefði verið nema hálft hundrað; því bæði er það hið minnsta, er tíund er skylt að lúka af að lögum, og þó svo kunni að vera, að tekin sè tíund af minna fè, ef maður á meira en hálft hundrað, þá er samt ómögulegt að taka skiptitíund af 12 álnum, því það verður að eins $^{3}/_{10}$ sk., ef alinin er á 20 sk. Annars hefir það verið slæm regla, sem við hefir verið höfð í tugabrotareikníngunum, þar sem öðrum tugabrotsstafnum hefir verið jafnan sleppt; því við þetta hefir hundraðatalan eigi rýrnað alllítið; því eptir jarðabókarfrumvarpinu nýja verður hundraðatalan 233 hundruðum minni, en hin forna var, þegar þau 4,429 fundnu hundruð eru dregin frá. Þetta er á móti því sem til ætlazt var, og er mjög að kenna aðferð þeirri, sem við var höfð í tugabrotsreikníngunum.

Vilhjálmur Finsen: Eg get fyrir mitt leyti eingan veginn fallizt á uppástúnguna undir 3. tölulið, um að jarðamatið skuli ei fá gildi, fyr en 6. júní 1863, og að stjórnin skuli gjöra jarðabókarfrumvarpið þjóðinni kunnugt áður, og þjóðinni gefast kostur á, að senda inn umkvartanir yfir matinu. Menn geta í þessu tilliti eingan veginn farið eptir því, sem hefir átt sèr stað með hina nýju skuldsetníngu í Danmörku, því þar sem frestað var þar löggildíngu skuldsetníngarinnar, þángað til búið væri að auglýsa hana, og gefa öllum kost á, að benda á galla á henni, þá er þess að gæta, að þetta var einhvers konar yfirmat, sem ekki hafði átt sèr stað þar áður, en þar á móti hefir hèr á landi 1849—50 farið fram fyrst undirmat, og því næst hverjum einum verið gefinn kostur á, að heimta yfirmat þá strax, svo slíkt yfirmat hefir þegar farið fram hèr. Enn fremur mun skuldsetníngin í Danmörku ekki hafa verið gjörð mönnum kunnug, og ekki getað verið þjóðinni kunnug, fyr en eptir 1840, þegar hún var aug-

lýst; því það munu hafa verið teknir til að búa til matið vissir menn fyrir allt landið, eða ýmsa parta þess; en þar á móti má jarðamatið hèr á landi álítast frá fyrstu að hafa verið þjóðinni kunnugt; það er fyrir tekið af bændum sjálfum, hefir legið til sýnis í hèruðunum milli undir- og yfirmatsins, hefir verið meðhöndlað á alþingi, eptir að það var búið, á 3 þingum, 1853, 1855 og 1857, fyrir utan núna, og loksins hefir það komið prentað fyrir almenníngssjónir í fyrra í skýrslum Bókmentafèlagsins. Þannig finnst mèr ekki vera rètt, að jafna saman aðferðinni í Danmörku og hèr. Þetta breytíngaratkvæði er einnig svo óákveðið, að það er óhafandi líka fyrir þá sök. Það er sagt, að stjórnin skuli *á haganlegastan hátt* lagfæra gallana; stjórnin yrði þá að líkindum að leggja frumvarp fyrir alþíngi aptur um aðferðina við lagfæríngunа, og fyrst þar á eptir gæti lagfæríngin átt sèr stað, svo af þessu mundi leiða fjarska mikinn drátt Þá er líka aðgætandi, hvers kyns gallar hèr er meint til að lagfæra ætti; það getur verið spursmál um ójöfnur milli einstakra jarða í hverjum hrepp eða sýslu, og um ójöfnur á mati sýslnanna sín á milli. Hvað ójöfnur á matinu á einstökum jörðum innan sömu sýslu snertir, þá eiga þær umkvartanir ekki að geta tekizt til greina framar; stjórnin hefir í ástæðum sínum, er fyrir alþíngi voru lagðar 1855 um jarðamatsmálið, tekið það fram, að slíkar umkvartanir yfir mati einstakra jarða, geti eigi leingur tekizt til greina, því það er þegar búið 1849—1850 að gefa mönnum kost á slíkum umkvörtunum, með því að menn gátu heimtað yfirmat, og þar með eiga slíkar umkvartanir að vera á enda, og þessa skoðun aðhylltist alþíngi einnig í álitsskjali sínu 1855. Hvað nú þar á móti ójöfnur snertir, er kynni að eiga sèr stað millum sýslnanna innbyrðis, þannig, að ein sýslan kynni að álítast hærra metin en önnur, þá sè eg nú ekki, að lagfæríng á því gæti átt sèr stað, nema með nýju mati á þeim sýslum, eða jafnvel nýju mati á öllu landinu, og er þetta sama og steypa þessu jarðamati öldúngis. Það sem er líka öldúngis ófært við þessa uppástúngu er það, að hún geingur út á, að bjóða hverjum einum að koma með umkvartanir yfir jarðabókinni, sem náttúrlega leiddi til, að hver maður kæmi með umkvörtun, og sè eg ekki, hvernig fara ætti með þær allar. Þetta, sem eg hefi sagt um uppástúnguna undir tölulið 3., gildir í því verulega eins um uppástúngurnar undir tölulið 7. *c* og *d;* í stafliðnum *d* er farið fram á, að *endurskoðun* fari fram á þeim þar umræddu jörðum, en slík endurskoðun *hefir* þegar átt sèr stað; hún er fram farin með yfirmatinu í hverri sýslu; eg get annars fyrir

mitt leyti ekki álitið sannað, að varpjarðir t. a. m. í norður- og austuramtinu sè að tiltölu hærra metnar í jarðabókinni, en varpjarðir í vesturamtinu; það er satt, að þær voru 1849—50 metnar hærra; en hlutfallið hefir lagazt með aðgjörðum Reykjavíkurnefndarinnar, einkum með því, að ýmsir hreppar í vesturamtinu voru færðir upp og ýmsar sýslur upp eða niður. En þó nú misfellur kynni enn að vera á mati nokkurra einstakra jarða, þá get eg eingan veginn álitið það nauðsynlegt, að bjóða mönnum fyrir þá sök til að koma öllum og senda inn umkvartanir; því eg get ekki álitið annað, en að það sè sjálfsagt, að slíkum misfellum megi fá breytt á annan hátt, eins eptir að jarðabókin er út komin, í öllu falli með því, að menn gæti sent alþingi bænarskrá um breytíngu á matinu á slíkri einstakri jörð, og að lagaboð kæmi út um það, eða hvernig sem menn nú vildi haga lagfæríngunni. Menn hafa talað mikið um, að Reykjavíkurnefndin hafi raskað öllu matinu frá 1849—50 og breytt því í þeim einstöku hreppum; en þetta er, eins og flestum þíngmanna, þeim sem þekkja til, er kunnugt, tómur misskilníngur. Það, sem er verulegt við jarðamat, er, að jöfnuður sè millum hinna einstöku eigna, að matið á einni jörð standi í hlutfalli við matið á hinum öðrum. Það hefir nú af öllum kunnugum mönnum, og meðal annars, í hvert sinn af alþíngi verið viðurkennt, að á milli jarða innbyrðis í hverri sýslu hafi náðst jöfnuður með matinu 1849—50, með þeirri aðferð, sem til þess var við höfð, nefnilega, að kunnugir menn möttu jarðirnar í hverjum hrepp, að 2 menn af þeim, sem höfðu matið fyrsta hreppinn, tóku þátt í matinu á þeim næsta, og með því að sömu menn fyrir tóku yfirmatið í allri sýslunni. Þar á móti var matið í hinum einstöku sýslum ójafnt, og til þess að jafna það, gaf alþíngi 1855 Reykjavíkurnefndinni þá reglu, að reikna út upphæð allra afgjaldanna í hverri sýslu, að skoða þessa upphæð sem rentu af höfuðstól og setja þann höfuðstól í stað hins samanlagða matsverðs í sýslunni, og að laga aptur samkvæmt því matið á hverri jörðu í sýslunni. Það er nú auðsèð, að með þessu er alls ekki raskað jöfnuðinum, sem áður var á matinu á hinum einstöku jörðum í sýslunum; því þegar allar jarðir í einni sýslu hækka allar eða lækka allar að jafnri tiltölu, þá verður sama hlutfall hverrar einstakrar jarðar við allar aðrar jarðir í sýslunni, eptir sem áður. Hvað ágreiníngsatkvæði mitt í nefndinni ásamt þíngmanninum frá Borgarfjarðarsýslu (töluliður 5, *a*) snertir, nefnilega, að ekki skuli byrja strax að taka tíundir eptir hinni nýju jarðabók, þá er þetta

meðal annars byggt á því, að eg álít mjög áríðandi, að breytíng komist sem fyrst á um hina núverandi skatta, skatt, gjaftoll og jafnvel tíundina með, og fannst mèr eðlilegast, að byrja ekki að heimta tíundir eptir jarðabókinni, fyr en um leið og þessi almenna breytíng yrði, og hefi eg ímyndað mèr, að þetta mundi einnig flýta fyrir breytíngunni. Eg hefi líka ímyndað mèr, að ef farið væri að taka tíundir strax eptir jarðabókinni, mundi óánægjan, sem kæmi fram yfir matinu hjá öllum þeim, er hundraðatalan er hækkuð hjá, verða meira til fyrirstöðu breytíngu á skattalögunum síðar meir, heldur en ef þetta væri gjört í einu lagi; eg vil að öðru leyti ekki með þessu segja, að ástæða sè til, að búast við svo mikilli óánægju, því þar á móti talar það, hvað sárfáar umkvartanir eða mótmæli gegn jarðabókinni eru komnar til þessa þings yfir matinu, eg trúi 2 eða 3, þegar þær, sem eru bygðar á þrideilinum, reiknast frá, eins og einnig voru svo sárfáar umkvartanir, sem komu til Reykjavíkurnefndarinnar. Að öðru leyti eru líka veruleg vandkvæði við, að taka strax tíundir eptir jarðabókinni, meðal annars ef endurgjalda ætti prestum og sjálfsagt þá líka sýslumönnum þann tekjumissi, sem þeir hafa; eg hefi ekki mikla von um, að það fè fáist úr ríkissjóðnum; enda vantar nákvæmar skýrslur um, hvað mikill sá tekjumissir mundi verða. Að öðru leyti skal eg um þetta ágreiníngsatkvæði mitt geta þess, að eg hefi tekið mèr það, af því eg áleit það rèttast, en álít þetta þó ekki eins mikilsvert og það, að jarðabókin komist á og fái lagagildi sem fyrst. Um breytíngaratkvæðið undir tölulið 6, *b*, um að alþíngiskostnaðinn skuli greiða eptir jarðabókinni, skal eg geta þess, að hinn háttvirti *forseti* hefir þegar við undirbúníngsumræðuna bent til þeirra vandkvæða, sem í því tilliti eru, hvað snertir bændakirkjujarðir; sá hluti afgjaldsins, sem svarar til prestsmötunnar, er nefnilega undan þeginn gjaldinu, og þessi prestsmata þarf ekki ætíð að hvíla stöðugt á sömu jörð, heldur getur kirkjueigandinn látið prestsmötuna gánga þetta árið af einni af kirkjujörðunum, annað árið af annari, og þyrfti þá ákvörðun um, hvernig haga ætti alþíngistollsgreiðslunni eptir jarðabókinni, þegar svo stæði á; en í uppástúngunni er ekki á það minnzt, og stjórnin mundi því að líkindum, ef uppástúngan yrði við tekin, verða að leggja frumvarp fyrir þíngið síðar um þetta atriði. Eg skal nú ekki fara fleirum orðum um þetta málefni, en skal einúngis að endíngu láta í ljósi þá ósk mína, að jarðabókin megi nú fá lagagildi, án þess að nein frestun verði á því, og einkum án þess, að mönnum sè boðið að koma, hver sem vilji, með umkvartanir yfir henni, sem nærri yrði sama og að fella hana algjörlega.

Forseti: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga hreifði, að ef tölul. 3. *a* væri samþykktur, þá fèlli 7. *a—d*, þá get eg eingan veginn sèð, að svo verði, sízt tölul. 7. *a* og *b;* en það gæti verið spursmál um tölul. 7. *c* og *d*, því að í 3. *a* er farið fram á, að fresta löggildíngunni um til tekinn tíma, og í 3. *b* að gefa mönnum kost á, að kynna sèr jarðabókina, *áður en* hún verður löggilt, og *á þeim tíma* einmitt leita leiðrèttínga hjá stjórninni á því, sem þætti ábótavant í málinu; þetta er allt annað en það, sem stúngið er upp á í 4. gr. frumvarpsins, er nefndin hefir samþykkt; því þar er stúngið upp á, að almenn lagfæríng jarðamatsins eigi sèr stað 20 árum *eptir* löggildínguna. Mèr virðist því, að 4. gr. frumvarpsins verði að gánga til atkvæða eins eptir sem áður, þó að tölul. 3. *a* yrði samþykktur.

Konúngsfulltrúi: Af því mèr virðist sem nokkrir þíngmenn hafi misskilið tilgáng hins 3. breytíngaratkvæðis, skal eg geta þess, að meiníng þess er, að misfellurnar á jarðamatinu skuli verða búið að laga, áður en jarðabókin geingur í gildi þann 6. júní 1863. Gángi breytíngaratkvæðið í gegnum, og stjórnin fallist á það, yrði misfellurnar lagaðar á umboðslegan hátt, eptir þeim reglum, sem stjórnin setur á líkan hátt, og til skipað var fyrir Danmörku með opnu brèfi 24. júní 1840.

Arnljótur Ólafsson: Með leyfi hins háttvirta *forseta* vil eg geta þess, að mín meiníng var ekki sú, að 7. töluliður stæði eigi á rèttum stað á atkvæðaskránni, heldur hitt, að samkvæmt breytíngaratkvæðinu undir 3. tölulið staflið *a,* fannst mèr ei þörf á endurskoðuninni, og þess vegna vildi eg gefa atkvæði móti honum.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skil ekki, hvers vegna þíngmenn ei vilja fallast á breytíngaratkvæðið tölul. 3., nema ef það skyldi vera af því þeim þyki það of frjálslegt og of mikil sanngirni við þjóðina. Hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður hèlt einna mest á móti því, og það er honum nú má ske nokkur vorkun, því hann var einn í Reykjavíkurnefndinni, og getur því rætzt á honum málshátturinn, „að hverjum þykir sinn fugl fagur"; en þó Reykjavíkurnefndin hafi gjört allt sitt bezta til með að laga jarðamatið, þá eru þó verk hennar, eins og annara, mannaverk, sem svo opt reynast ófullkomin. Eg játa það, að hún hafi bætt jarðamatið töluvert, og það hefir óneitanlega batnað við hvern hreinsunareldinn, sem það hefir geingið í gegnum, og því held eg það sè skiljanlegt, að það geti þó batnað enn, ef menn vildi hafa þolinmæði við, og reyna

enn til að bæta það. Eða er það ekki sanngjörn krafa þjóðarinnar, að reynt sè að bæta jarðamatið sem mest, fyrst það á að verða grundvöllur nýrra skattgjaldslaga hèr á landi? Hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður sagði, að menn hefði híngað til haft tíma til, að bera sig upp undan jarðamatinu; en þessu verð eg öldúngis að mótmæla; því síðan yfirmatið fór fram, hefir það verið eins og hulinn helgidómur fyrir almenníngi, og þó það hafi verið rætt hèr á þínginu 1857, þá eru þíngtíðindin, eins og fyr hefir verið tekið fram hèr á þínginu, ekki í hvers manns höndum, og það eru margar sveitir, sem ekkert hafa af þeim að segja; og það veit einginn, hvað í því hefir gjört verið, fyr en þessar góðu Landshagsskýrslur komu, og þar er þó farið eptir þrídeilinum. Eg segi fyrir mitt kjördæmi, að það hamlaði mýmörgum að senda kvartanir til þíngsins yfir jarðamatinu, að þeir ekki vissu, hvað lángt málið var komið, eða hvort það kæmi fyrir á þíngi fár. Það er líka öðruvísi hèr að farið, en í Danmörku, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ljóslega tók fram; því þar var skipað, að auglýsa jarðamatið fyrir almenníngi, svo hann feingi kost á að koma með kvartanir sínar, áður en það næði lagagildi, og því skyldi menn ekki vilja taka sèr slíkt dæmi til eptirbreytni. Það er þegar búið að telja marga galla á jarðamatinu, og eg get talið enn fleiri, og það hjá Reykjavíkurnefndinni sjálfri; en eg er samt einlægur móti því, að fella það alveg, því það álít eg óvirðíng fyrir þíngið; mèr finnst jarðamat vera hèr ómissandi, og það svo íslenzkulegt og eðlilegt í alla staði, að hafa það, ef það yrði ekki annar eins vanskapnaður og þetta, sem hèr liggur fyrir. Þíngmaðurinn frá Gullbríngusýslu skildi ekki þíngmann Snæfellínga og útleggíng hans á breytíngaratkvæðinu tölul. 3. *b*, og eg veit ekki, hvort mèr tekst að koma honum í skilníng um það. Eg ætla þó það sè auðskilið, að meiníngin er sú, að stjórnin hlutist til um, að þjóðin fái kost á, að koma með kvartanir sínar yfir jarðamatinu, en við uppástúngumennirnir ætluðum ekki að setja neinar reglur fyrir því, en vildum láta stjórnina vera sjálfráða, hvort, og á hvern hátt hún tæki slíkar umkvartanir til greina; eða með hverjum ráðum hún lèti laga þá galla, sem enn eru á jarðamatinu. Hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður gjörði ráð fyrir, að menn mætti bera sig upp undan jarðamatinu við þíngið; eg held að það væri nú að vísu nóg, og að þá sè það feingið, sem við óskum eptir, er viljum láta fresta löggildíng jarðamatsins, en hann verður að gá að því, að þá munu koma svo margar bænarskrár til næsta þíngs, að eg spái, að þá fái

hann nóg að gjöra; eg held það væri því skárst af illu til, að taka hreinlega fyrir hálsinn á þjóðinni um nokkurt árabil, því þá hefði þó þingið frið. Eg ætla nú ekki að ræða margt um breytíngaratkvæði mitt tölul. 7. *b*, því eg tek það aptur, ef tölul. 3. verður tekinn.

Jón Pètursson: Það er munur á, hvort jarðamatið á að verða gjaldstofn fyrir hina ókomnu skatta einúngis, eða þá líka fyrir þau afgjöld, sem nú eru á jörðunum. Eg er á því fyrra, en á móti hinu seinna, nefnilega, eg vil ekki að það hafi tilbakaverkandi krapt, einkum hvað tíundina snertir. Það er sagt margt til að styrkja það, að tíundin eigi að svarast eptir hinu nýja mati; eitt er, að jarðamatið gamla sè nú orðið svo gamalt, að jarðirnar sè svo umbreyttar frá því, sem þær voru fyr, er það var gjört, að nú sè misjöfn tíund goldin af jöfnum jörðum að gæðum og jöfn tíund af misjöfnum jörðum. Eg álít nú þar á móti, að gamla matið sè einmitt rèttur mælikvarði fyrir tíundinni, og einmitt af því það er svo gamalt; því það er líkt með það eins og annað, að gömul venja heimilar opt rèttindi, en tíundin er eins konar kvöð á jarðagózinu, sem hefir legið á því frá elztu tímum. Það hefir verið sagt, að gamla jarðamatið hafi ekki verið löggilt og það er öldúngis satt, því það er of gamalt til þess, að þess þyrfti með, en það hafa opt verið gjörðar skrár yfir dýrleika jarðanna eptir því, og það eru jarðabækurnar, sem vèr höfum, og menn sjá af ótal gömlum kaupbrèfum og máldögum, að hin sama tíund var tekin af jörðunum á elztu tímum sem nú, og þessi dýrleiki á jörðunum fyrir tíundargjaldinu, sem nú er, hefir líklega komið upp í tíð Gissurar biskups Ísleifssonar; því þá lagði hver jarðeigandi þá kvöð á sína jörð, að af hverjum 5 hndr. í jörðum skyldi lúkast í tíund 6 ál. o. s. frv., eður $^1/_{10}$ af öllu afgjaldinu. Upphæð kvaðar þessarar hefir þá strax verið einskorðuð við mat það, er þá var sett á jarðirnar, er aptur fór eptir afgjaldi því, er þá var svarað af þeim, og breyttist því ekkert, þó afgjaldið síðar meir breyttist; menn finna því aldrei dæmi til úr því, að menn hafi talið afgjald jarða sinna fram, er þeir áttu að reikna upp eigur sínar til tíundar, heldur þvert á móti; það eru dæmi upp á það, að jarðir voru taldar meira eður minna til arfaskipta og konumundar, en til tíundar, eptir því, hvort jörðin hefir batnað eður geingið úr sèr. Þetta var sú kvöð, sem jarðeigendurnir sjálfir lögðu á jarðirnar, og því sè eg einga ástæðu til, að breyta kvöðinni, þó jörðin breytist. Það eru fleiri kvaðir til hins opinbera en tíundin, er hvíla á jörðunum. Það er t. d. fóðrað prestslamb á hverri jörð; er það ekki

órèttvíst, að hver bóndi skuli fóðra eitt lamb, án tillits til þess, hvað mikil jarðarnot hann hefir? Væri þá ekki rètt, að fá nýtt lagaboð um, að prestslamb skuli fóðra á hverjum 10 hndr. eptir hinu nýja jarðamati? Og það væri jafnvel nær, að breyta þessu en tíundinni, því prestslambið hefir þó aldrei verið sjálfviljugur skattur í fyrstu; sama er að segja um prestsmötuna. Þetta má líka skoða á annan veg. Menn hafa sagt það og sýnt, að ef jarðamatið nýja yrði lagt til grundvallar fyrir tíundina, þá lækkaði og hækkaði upp og niður verð jarðanna, og eg held sumum þingmönnunum hafi skilizt þetta; það hafa líka allir viðurkennt annarstaðar, að þó jarðamat breytist, þá gæti það ekki haft áhrif á gamla skatta. Það má skoða tíundina eins og leigu af höfuðstól, sem eigandinn hefir á vöxtum fyrir hið opinbera; því minni sem þessi höfuðstóll er, því meiri er eign eiganda í jörðinni. Í kaupum og sölum hafa menn ávallt tillit til þess, hvort jörðin er tíundarskrokkur, og ef hún er það, þá er minna gefið fyrir hana, af því hið opinbera á því meira í henni. Eg skil nú ekki, hvernig sá, sem á 60 hndr. jörð, sem að gæðum er ekki betri en 20 hndr. jörð, getur sagt með rökum við hið opinbera, að þetta sè ráng indi, að hann skuli gjalda tíund af 60 hndr., því jörðin sè ei nema 20 hndr. virði, þar sem eigandinn þó hefir haft tillit til tíundarþýngslanna, þegar hann keypti jörðina og gefið þeim mun minna fyrir hana, og að hann samt skuli vilja, að hið opinbera þess vegna gefi sèr nokkuð af þess höfuðstól í jörðinni. Það er sagt, að það sè vilji þjóðarinnar, að tíundin verði tekin eptir nýja matinu, og það getur vel verið, að þeir vilji það, þar sem hundraðatalan hefir lækkað; en hinir munu varla óska þess, sem jarðarhundruðin hafa stigið upp hjá, og þeir munu verða fleiri; en af því þetta hefir verið prèdikað fyrir stjórninni, að það mundi verða óvinsælt, ef tíundin yrði tekin eptir gamla matinu, þá hefir hún án efa fallizt á, að hana skyldi taka eptir því nýja, til að gjöra það ekki móti landsmönnum; en það er auðsjáanlegur óhagnaður fyrir stjórnina og alla tíundatakendur, og eg veit, að þá koma fram mörg spursmál, sem orsaka málaferli. Við þetta getur heldur ekki feingizt neinn jöfnuður með tilliti til innstæðukúgildanna; á 60 hndr. jörð eru venjulega 12 innstæðukúgildi tíundarfrí, nú er hún felld ofan í 20 hndr.; en 20 hndr. jörð fylgja 4 innstæðukúgildi almennt; það verður þá miklu þýngslaminni jörðin, sem niður var sett, vegna þess, að innstæðukúgildin voru með henni fleiri, og sem halda áfram að vera tíundarfrí, en sú jörð, sem er 20 hndr. áður, og er eins

metin aptur, og þó var 60 hndr. jörðin áður þýngslameiri. Eg get ekki heldur skilið, að þó jarðabókin verði löggilt, að hún geti gilt fyrir allar jarðir, því þar sem bændakirkjur eru, eiga þær optast part í heimalandi, og að auk önnur hlunnindi; þar verður ei eptir nýja matinu til tekið, hvað mörg hundruð bændahlutinn sè af eigninni, þar eð bóndaeignin og kirkjueignin er matið í einu lagi, og þá geta menn ekki heldur sagt, hvað mikil tíund eigi að lúkast af jörðinni, því kirkjuhlutinn er tíundarfrí. Eg mun þannig gefa atkvæði mitt fyrir því, að jarðamatið nýja nái að eins til hinna ókomnu skatta, en ekki til tíundarinnar; að öðru leyti vil eg fylgja frumvarpinu og nefndinni.

Þórður Jónassen: Mig furðar nú ekki á því, þó þingið vilji halda lífinu í jarðamatinu, og ekki kasta því, eptir allan þann kostnað og tíma, sem búið er að verja til þess; en finnist það þó, að misfellurnar á því sè yfirgnæfandi, þá get eg ekki skilið í því, að þinginu geti verið nokkur óvirðing í því, að hafna því, eða að þingið fyrir þá skuld þurfi að missa, eins og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, traust sitt hjá stjórninni; eg held, að þingið ætti það eins vel skilið, ef það samþykkti jarðamatið með yfirgnæfandi göllum. Hvorttveggja er sannarlega jafnmikið áhorfsmál. Eg segi þetta ekki í þeirri veru, að eg vilji ráða til, að jarðamatinu sè kastað, en hitt sýnist mèr eðlilegt og sanngjarnt, að þjóðinni gefist, eins og atkvæðið undir nr. 3 á atkvæðaskránni ætlast til, kostur á, að kynna sèr jarðamatið, og að fá lagfært helztu misfellurnar á því, áður en það er algjörlega löggilt. Þetta sýnist mèr sanngjörn krafa, og að þjóðin eigi heimtu á henni; eg held líka, að með þessari aðferð megi taka af mestu misfellurnar.

Það getur vel verið rètt og lagaleg skoðun, að nýja jarðamatið einúngis skuli vera undirstaða fyrir sköttum, sem hèr eptir kynni að verða lagðir á landið; eg skal ekki fara út í það, en hitt skal eg leyfa mèr að segja, að ef eingin lagfæríng kemst á tíundina eptir nýja matinu, þá fær jarðamatið hvorki þá rèttarverkun, nè þá þýðíngu, sem landsmenn upphaflega ætluðust til, en hún var sú, að fá afmáðan tíundarójöfnuðinn, sem nú er eptir gömlu hundraðatölunni; það eru t. a. m. jarðir í Gullbríngusýslu, sem ekki gefa meira afgjald af sèr, en sem svarar tíundinni eptir gamla matinu, svo eru þær nú úr sèr geingnar, og þó á ekkert að bæta úr þessum ójöfnuði, en allt að standa við sama eptir og áður; er þetta sanngjarnt? Eg get að minnsta kosti ekki haldið það, og stjórnin hefir ekki heldur aðhyllzt

þá skoðun; hún ætlast til, að tíundin verði borguð eptir nýja matinu, og ef nýja matið getur verið rètt undirstaða fyrir nýjum sköttum, þá getur það líka verið það í tilliti til tíundarinnar; hvorttveggja er náskylt.

Það hefir verið talað um, hvað þrídeilirinn, sem þingið aðhylltist á seinasta þingi, ætti illa við; þetta kann svo að sýnast, en það get eg fullyrt, að nefndinni, sem þá var í málinu, þótti full ástæða til þess, að mæla fram með honum; hann þótti nauðverja, eins og á stóð, og hann bætti þó mikið úr misfellunum, sem virtust að vera á jarðamatinu í vesturamtinu (hinn heiðraði fulltrúi Snæfellssýslu benti í ræðu sinni á nokkrar af þeim), og þingið var og þessu samþykkt; en sjálfsagt var það, að þessi þrídeilir hafði veruleg áhrif á aðgjörðir jarðamatsnefndarinnar, sem hèrna var, en nefndin hafði aptur fyrir sitt leyti raskað jarðamatsgrundvellinum frá því, sem hann var upphaflega; því hún lagfærði matið að nokkru leyti eptir afgjaldi jarðanna, og byggði þannig á nýrri undirstöðu; mèr þykir það því ósamkvæmni af þinginu, að kasta nú þrídeilinum, þar sem þó ekkert nýtt er komið fram í málinu, síðan þinginu þótti hann rèttur og góður. En eg skal ekki orðleingja um málið meir, en eg er búinn; eg ætla að halla mèr að 3. breytíngaratkvæðinu, því það fer í eðlilega stefnu, í þá stefnu, sem eg þori að fullyrða, að landsmenn æskja, og sem eg því vona að geti haft góð og gagnleg áhrif á þetta mál, sem að vísu er mjög miklu varðandi fyrir þetta land, og því óskandi, að það sem fyrst gæti leiðzt til fullra lykta.

Ólafur Jónsson: Hefði eg ekki vitað, að hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu er meðmæltur jarðamatinu nýja, þá hefði eg ekki vitað, hvort ræða hans áðan, þegar hann var að verja þrídeilinn, átti heldur að vera sókn eða vörn móti jarðamatinu. Hann fór að bera saman Viðey og Flatey, og sagði að Flatey væri næstum eins góð og Viðey, og þó væri hún virt meir en helmingi lægra. Hann minntist líka á Hólma, sem svo margir hafa tekið til fyrirmyndar, til að sanna með, að jarðamatið væri óbrúkandi; þessi jörð sagði hann að væri ekkert of hátt metin; en nú kom hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga til sögunnar, sem mælir svo fastlega móti jarðamatinu, og álítur það óbrúkandi. Hann fór nú líka að tala um Viðey og Flatey, og sagði, að Viðey væri ekkert ofhátt metin í samanburði við Flatey, því hann efaðist um, að hann vildi skipta Viðey fyrir tvær Flateyjar; nú vil eg spyrja hina heiðruðu þíngmenn, hvort þeir geta nú ekki samnfærzt af þessu og öðru eins um það,

hvað óáreiðanlegir dómar sumra manna eru um jarðamatið, og hvað lítið er á því að byggja, þó sumir segi, að á því sè stórkostlegir gallar; hèr eru nú tveir menn, einhverjir hinir greindustu, og tala einúngis um tvær jarðir, sem þeir bera saman, og þó eru þeir á svona gagnstæðri skoðun um þær; eg er viss um, að hvað vel sem jarðamatið hefði tekizt, hefði samt ætíð margir orðið til að segja: það eru á því óþolandi ójöfnur. Þetta er líka náttúrlegt, því skoðanir manna eru svo misjafnar um sama hlutinn. Það er líka lángtum hægra að segja um jarðamatið, að á því sè stórkostlegir gallar, heldur en að sanna að svo sè. Eg fyrir mitt leyti er ekkert hræddur um, að á því sè svo stórkostlegir gallar, að það sè með öllu óbrúkandi, eins og sumir hafa sagt; hitt er annað, hvort ekki má finna á því ýmsa smágalla, en svo mun nú leingst af verða, hver aðferð sem brúkuð verður. Að svo mæltu ætla eg nú að snúa mèr að atatkvæðaskránni, og tala fáein orð um breytíngaratkvæðið nr. 3 staflið *a* og *b*, eg get nú ómögulega hælt þessu breytíngaratkvæði eins mikið, eins og hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður hefir gjört; því eg get ekki betur sèð, en greinarnar undir *a* og *b* reki sig svo hvor á aðra, að báðar hljóti að falla. Undir staflið *a* er beðið um, að jarðamatið verði löggilt 6. júní 1863, en undir staflið *b* er beðið um, „að stjórnin hlutist til, að hið nýja jarðabókarfrumvarp verði sem fyrst gjört þjóðinni kunnugt, að þjóðinni gefizt kostur á, að benda á þá helztu galla, sem þykja vera á jarðamatinu, og að stjórnin síðan á haganlegasta hátt lagfæri þá, þar sem ástæða þykir til vera". Þetta breytíngaratkvæði á nú auðsjáanlega að miða til þess, að þeir, sem eru óánægðir með jarðamatið, geti komið fram með ástæður sínar, og feingið matinu breytt, og þetta á nú allt að vera af geingið 6. júní 1863. Það sjá nú allir, að stjórninni er þetta hreint ómögulegt, ef margar umkvartanir kæmi fram, sem vel gæti skeð; því hèr er öllum gefinn kostur á að koma fram með umkvartanir. Þó stjórnin færi að senda jarðabókina híngað, svona ólöggilta, til þess að þjóðin gæti kynnt sèr hana, þá gæti það ekki orðið fyr, en að sumri komanda, og þá held eg nokkuð stuttur tími yrði til að taka móti öllum þeim umkvörtunum, sem koma kynni, og leggja úrskurð á þær, það er ekki heldur neitt talað um, hver ætti að taka móti þessum umkvörtunum, eður upp á hvern máta stjórnin ætti að láta lagfæra gallana, en hvernin sem sú tilhögun ætti að vera, þá mundi tíminn verða nokkuð stuttur; ekki er heldur neinn tími til tekinn, innan hvers þessar umkvartanir skyldi vera

komnar til þeirra, sem ætti að lagfæra gallana, eður til stjórnarinnar, ef ætlazt er til, að þær geingi þángað, og yrði þá bágt að taka til greina þær kvartanir, sem kæmi fram seinasta veturinn, eður um vorið 1863. Eg held það væri því lángtum rèttara, að löggilda jarðabókina 1861, eins og nefndin hefir ráðið til, og aðhyllast þá heldur viðaukaatkvæði þíngmannsins fyrir Norður-Þíngeyjarsýslu, undir tölulið 7. staflið *c*, eða þó heldur varaatkvæði hans undir staflið *d*; því það eru einúngis þær jarðir, sem þar eru nefndar, sem margir eru hræddir um að matið hafi misheppnazt á, ef til vill; um hin breytíngaratkvæðin ætla eg ekki að tala, því það er búið að svara þeim af öðrum.

Stefán Jónsson: Þíngmenn vita það, að eg hefi heldur verið hlynntur máli þessu að undanförnu, og svo er það enn, að eg vil að það ekki deyi nú út, með því mèr sýnist líka, að margar mótbárur þær, sem komið hafa á móti því á litlum rökum byggðar, og sumar hver í móti annari. Hvað frestunina snertir, þá eru sumir á móti henni, af því þeir álíta, að ef jarðamatinu yrði frestað, yrði jarðabótum hætt, svo að hundraðatala jarðanna ekki hækkaði, en mèr finnst, að ef nokkuð væri hæft í þessu, þá sè ástæða til, að löggilda jarðamatið sem allrafyrst, en hvort sem útfallið verður, þá sjá þó allir, að það er eingin ástæða til að hætta jarðabótum, hvort sem frestað væri að löggilda þetta jarðamatið eða ekki; því það væri rètt eins og einhver bóndi ekki vildi ala upp kálf, af því, að þegar hann er orðinn kýr, þarf hann að gjalda útgjöld sín einu hundraði meir en áður, en svo eru þó ekki bændur grunnhyggnir. Það hefir verið talað um galla á nýja jarðamatinu, en eigi sýnt, hverjir þeir væri; hið helzta, sem menn hafa fundið að, er það, að hlunnindajarðir væri of hátt metnar, og eg skal ekki neita, að það kunni að vera. Menn hafa nú sagt, að þetta jarðamat hafi gegnumgeingið marga hreinsunarelda, og muni heldur hafa batnað við hvern; ef nú svo er, þá held eg það sè ástæða til, að löggilda jarðamatið sem fyrst; því eg held það hafi ekki verið svo óvandað frá fyrstu hendi, að það sè ástæða til að grauta því til enn; það hafa heldur ekki komið svo margar umkvartanir frá landsmönnum við hið fyrsta mat. Að Reykjavíkurnefndin hafi skemmt jarðamatið, get eg nú ekki skilið, því að henni var það ætlað, að taka af þann galla, sem á þótti þá vera; en það var ójöfnuðurinn milli sýslnanna, og í þeim starfa fór hún eptir afgjaldi jarðanna, eins og ályktað var af þínginu og stjórninni, án þess í nokkru að raska grundvelli þeim, sem búið var að leggja.

Því það sèr þó hver maður, að grundvöllurinn er óhaggaður í sjálfu sèr, þó allt jarðamatið í einni sýslu hafi stigið upp eða niður, t. a. m. jörð, sem virt var á 500 rd., er hækkuð um 30 rd.; önnur, sem virt var á 1,000 rd. er hækkuð um 60 rd., og hin þriðja, sem var virt á 1,500 rd., er hækkuð um 90 rd., og þetta er þó rètt hlutfall, og raskar ekki jöfnuði í hreppum og sýslum. Menn hafa nú verið að tala um, hvort leggja ætti tíund á eptir hinu gamla eða nýja mati; eg þori að fullyrða, að það er bæði vilji stjórnarinnar og þjóðarinnar, yfir höfuð að tala, að fara í því tilliti eptir hinu nýja; þó að á því kunni að vera smá-ójöfnur, þá mun það leingst verða. Eg álít því helzta ráðið, að löggilda þetta jarðamat sem fyrst, og fara sem næst því, sem nefndin hefir stúngið upp á.

Benidikt Þórðarson: Eg verð að leyfa mèr að svara fáeinum orðum hinum heiðraða fulltrúa Snæfellínga; hann tók áðan fram dæmi það, sem eg við undirbúníngsumræðu máls þessa dró af mati jarða, er nú hafa jafna virðíngu eptir nýja matinu; jarðir þessar liggja, eins og eg þá sagði, sín í hverju amti, og í fjarska hver frá annari, ein í Þíngeyjarsýslu, önnur í Borgarfjarðarsýslu og hin þriðja í Barðastrandarsýslu; eg vildi sýna með dæmi þessu, eins og eg tók þá fram, að jarðamatið mundi ekki vera eins misjafnt milli hèraðanna, eins og menn segja; en þíngmanninum finnst dæmið sanna lítið, ef annars nokkuð í því efni; það getur nú verið, að meiníng hans um það sè rètt; eg efa þó, að hún sè rètt; þvíþað verður að líkum ekki hrakið, að þessar jarðir, sem eg nefndi, hafi hver fyrir sig verið matnar á líkan og sama hátt, og beinlínis eptir sömu reglum og aðrar jarðir þar í sveit og sýslu, sem þær eru, og þá held eg ráða megi, að mat annara jarða í hverri sýslunni fyrir sig geti haft, og jafnvel hljóti að hafa talsverða samhljóðun við matið í hinum sýslunum; hann tók sèr nú gagnstætt dæmi, til að sanna með ójöfnuðinn á matinu; ekki fór hann samt lángt yfir með það, að eins í tvær sveitir, sem skammt er á milli; það dæmi hans sannar ekki, að eg hafi rángt haft í skoðun minni; en það sannar þó býsnamikið, já svo mikið sannar það, að við enn þá getum feingið nýtt jarðamat, því jafnsmásmuglegur matníngur, sem hann benti á, getur orðið endalaus, því ætíð verður svo um jarðamatið, að eitthvað má að því finna. En eg vil nú spyrja: þurfum vèr nokkurt jarðamat? Menn getur nú greint á um það; þó ætla eg fleiri verði með því en móti, að við þurfum það; nú höfum vèr gamalt samtíníngsjarðamat, og er það margsannað og sýnt, að það er á mörgum stöðum óhafandi, svo

ósanngjarnt sem það er nú orðið; nú höfum vèr feingið þetta nýja jarðamat, sem efalaust er sanngjarnara og minni misfellum búið en hitt; margir smágallar munu samt á því vera, en svo verður ætíð, þó allt af sè verið að meta upp jarðirnar. Nú þegar um tvennt er að velja, þá held eg við eigum þó að taka hið betra, og taka það strax, taka nýja matið; eg get ekki sèð, að það muni, úr því sem nú er komið, bíða sèr mikið til batnaðar; en hitt get eg sèð, hvað af því mundi leiða, að neita nú um það, að jarðamatið verði löggilt og fara að stofna sveita-, sýslna- og amtanefndir, til þess að grauta í því öllu, og hvað á síðan að gjöra við þann graut? Eg held þingmenn sè orðnir nú þegar saddir af honum og vilji senn ekki meira, en ætti nú að senda allar aðfinnslurnar, sem samandrægist, beint til stjórnarinnar, hvað mundi hún geta gjört, þegar hún feingi öll þau ósköp í lúkurnar? Líklegast það, að senda allt þínginu heim aptur, og mundi alþingi þá fá ærinn starfa, og óvíst, að menn yrði hyggnari þá, en þeir hafa verið; óvíst, segi eg, að þá kæmi fram betra en það, sem nú er á boðstólum; eg er ekki að berja það fram, að jarðamati þessu sè í eingu ábótavant; eg er sannfærður um, að margir smágallar finnast á því, eins og hitt, að þeir eru lángtum færri stórgallarnir á því, en hinu eldra matinu. Það verður ærs manns óður að ætla, að nokkurn tíma verði af numdir allir smágallarnir; en hina stærri má allt eins fá af numda, þó jarðamatið nái löggildíngu áður lángir tímar líða. Því þó einstakar kvartanir kæmi til alþíngis, þá mundi þíngið, væri þær á ljósum rökum byggðar, mæla svo fram með þeim við stjórnina, að þær feingist heyrðar og bænheyrðar. Og þegar kostur er gefinn á, að 20 árum liðnum, að fá bætt matið, þar sem þörf bæri til, þá held eg hægt sè að þreyja, sem menn segja, þorrann og góuna, og bíða þeirra bóta; menn væri þá líka búnir að reyna matið, og gæti þá byggt álit sitt á sannari ástæðum, en þeir geta nú, meðan allar sannanirnar eru hjá þeim í lausu lopti, og þeir margir hverjir vita ekki, hvað þeir eiga að segja, og segja því út í bláinn eitthvað og helzt þetta: „mèr líkar það ekki, það er margt og mikið að því“; en nær mundi sá tími koma, að þeir þættist geta sagt: það er ekkert að því. Mín skoðun á máli þessu er sú, að menn eigi hèðan af að halda sem fastast við það, sem nýtilegt feingið er í máli þessu, og stofna því ekki í nýja hættu, og, ef til vill, eyðileggíngu; bezta ráðið álít eg því, að samþykkjast vilja stjórnarinnar og nefndaruppástúnguna í

því, að biðja um, að jarðamatið verði löggilt, eins og það kemur nú fyrir í hinni nýju jarðabók.

Magnús Andrèsson: Allir vita, sem verið hafa með mèr á hinum fyrri þíngum, að eg vil styðja þetta mál, ekki af því, að eg viti ekki, að jarðamat þetta hafi sína galla, heldur af því, að eg geing að því vísu, að ekkert það jarðamat verður búið til, sem ekki hafi galla, og að þó alvizkan sjálf kæmi til, þá mundi hennar jarðamat verða álitið ránglátt eptir 3 ár. Hvað nú þetta jarðamat, er hèr ræðir um, snertir, þá getur mèr eigi betur sýnzt, en að það sè gjört of mikið úr misfellunum, þó að töluvert kunni að bera á mismuni í fjarlægum sýslum, þá held eg það sè ekki tilfellið í hverjum hreppi og sýslu fyrir sig. Hinn heiðraði þíngmaður úr Ísafjarðarsýslu hneykslaðist á því, að við breytíngu Reykjavíkurnefndarinnar hefði raskazt matið á jörðum sín á milli, ekki eingaungu í hverjum hreppi, heldur og í hverri sýslu; þessu verð eg nú að neita, því að hún hefir einmitt gjört jöfnuð í öllum og sýslum. Að eg vil nú heldur styðja, en fella þetta mál, kemur af því, að eg er hræddur um, að nefnd verði sett, sem eigi að ferðast um allt land, og meta jarðirnar; en það veit eg, að það fer ekki vel. Menn hafa verið að tala um, að þetta væri óhentugur tími, að löggilda jarðamatið á, því nú væri jarðabætur sem óðast að koma á fót, en eg vil spyrja: hve nær ætli þær stansi, ef þær eru nú í mestu framförum?

Svo eg nú snúi mèr að atkvæðaskránni, þá skal eg lýsa því yfir, að eg ætla að halla mèr að tölulið 3. *a* og *b;* því eg vil, að málinu sè frestað nokkuð, svo að þjóðinni gefist færi á, að kynna sèr það, og geti borið upp umkvartanir sínar um það.

Hvað nú deilana snertir, þá vil eg helzt, eins og þíngið stakk upp á 1857, amtsdeili; því að á þann hátt yrði jöfnuðurinn mestur að mínu áliti í suðuramtinu; eingu að síður er eg samt á sama máli og hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu, að eg vil heldur einn deili, en að málið sè fellt. Hinn heiðraði þíngmaður úr Rángárvallasýslu hefir haldið fram sýsludeili, af því honum þykir sem Rángárvallasýsla verði einna harðast úti á annan hátt; en eg er nú á því, að Arnessýsla verði eins hart úti og Rángárvallasýsla, í hið minnsta mun ekki munurinn verða stór.

Hvað nú snertir tíundargreiðsluna, þá held eg, að eg halli mèr að breytíngaratkvæðinu við tölulið 5. *c;* því að eg get ómögulega fellt mig við, að taka tíund með tvennum hætti; við þá grautargjörð kann eg ekki; ef jarðamatið verður lögleitt, þá vil eg láta

taka tíund eptir því. Þannig mun eg nú greiða atkvæði; en ef *a* og *b* undir tölulið 3. verður fellt, mun eg fara eptir því, sem mèr þá hugkvæmist, þegar þar að kemur.

H. G. Thordersen: Eg óska þess, að þingmönnum verði ekki bilt við, að eg fer að standa upp, sem aldrei hefi talað áður í þessu máli, þó það hafi verið rætt hèr á þingi; það hefir ávallt vakað fyrir mèr viðurkenníngin um ókunnugleika minn á því. En það get eg vitnað um, að allir hafa álitið mál þetta mjög svo mikils umvarðandi, og með því svo er, þá þætti mèr það í sannleika merkilegt, ef það skyldi falla.

Hvað frestinn undir tölul. 3. snertir, þá er eg honum alveg mótfallinn; eg sè ekki, að hann bati neitt, því að þetta jarðamat er búið að vera svo leingi á prjónunum, og þar að auki er það skýrt tekið fram í frumvarpinu, að það eigi ekki að standa óbreytt um aldur og æfi, heldur megi endurskoða það eptir 20 ár, svo að þannig er mönnum gefinn 20 ára tími, til að hugsa um jarðamatið og lagfæra það sem ýtrast er unnt. Þessi tími finnst mèr mjög svo hæfilega til tekinn og hvorki mega vera styttri nè leingri; því hann er einmitt svo mátulega lángur, að menn ætti á honum geta komizt að skynsamlegri niðurstöðu á þeim breytíngum, sem álítast mætti óumflýjanlega nauðsynlegar. Það mun nú ætíð sannast, að einhver gallinn verði á sèrhverju jarðamati, en eg hefi þekkt þá menn, sem átt hafa við málið, að það eru skynsamir menn, sem allir hafa tekið verkið með tilhlýðilegri alvörugefni, ástundun og alúð; þessir menn hafa stutt að því almenníngsáliti, sem þíngmenn sjálfir hafa flutt inn á þíngið, að vèr þyrftum við nýrrar jarðabókar. Eg vil nú feginn styðjast við þessara manna dóma, því að eg er svo lítillátur, að þiggja góðra manna ráð; en eg ætla ekki að fylgja einstöku röddum, sem mæla móti jarðamatinu. Eigi nokkurt jarðamat að vera, og fyrst öllum kemur saman um, að þetta jarðamat sè betra, en hið eldra, þá verð eg að vera á því, að taka það, og það þó menn finni nokkrar ójöfnur á því; því að einginn þarf, eg endurtek það enn, að búast við alfullkomnu jarðamati; eg verð því að gefa atkvæði með þessu jarðamati, þó að eg gæti ímyndað mèr annað betra, en þetta er; hið bezta kann að fást með tímanum; hann kann bezt að bæta úr brestum þess, og eptir frumvarpinu er hann gefinn oss nægur.

Eg ætla nú ekki að gánga neitt inn á breytíngaratkvæðin, en eg vona, að þíngmenn sjái af þessu, hvernig eg ætla að haga at-

kvæðagreiðslu minni, og ætla eg svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál.

Páll Sigurðsson: Það er nú búið að ræða svo mikið um þetta jarðabókarfrumvarp, sem liggur hèr framni fyrir okkur, að eg held það eigi hèr við, sem haft var eptir karli einum forðum, sem hafði 3 fylgikonur: „sitt er að konu minni hverri, og það svo mikið, að þær eru allar óbrúkanlegar". Eg gef nú ekki um, að telja hèr upp þá galla kvenna þessara, sem hann til færði, heldur tek það sem dæmi upp á ræður manna í þessu máli. Nefnd sú, er haft hefir málið til meðferðar á þessu þingi, er sjálf sundurleit í skoðun sinni; nokkur hluti hennar vill nú taka frumvarp þetta, eins og það liggur fyrir, og gjöra að lögum; aðrir nefndarmenn álíta ófært, að hafa 1 deili fyrir land allt, því þar með komi svo miklar ójöfnur fram amta og sýslna milli, að það sè óþolandi, og hafa því enn hallað sèr að amtadeili, eins og þingið gjörði í hitt hið fyrra, til að reyna með því, að sópa burt mesta hroðanum af ójöfnunum milli amtanna. Þingið 1857 tók það skýrlega fram, að 1 deilir væri óhafandi, og tók því í óyndisúrræðum amtadeili, og reyndi með því, að bjarga frumvarpinu; eg skil því ekkert í skoðun þeirra nefndarmanna, sem vilja ráða þinginu til, að hafa 1 deili nú, utan það sè af blindri þægð við stjórnina; eg held, að henni sè lítið til vilja gjört með því, þó þingið biðji um, að sú jarðabók verði leidd í lög, sem eingin rèttvís skattheimta verði síðar byggð á.

Það hafa allir þeir þingmenn, sem þó vilja reyna að halda lífinu í þessu jarðamati, orðið að viðurkenna, að á því væri nú stórkostlegar ójöfnur, og sá háttvirti *konúngsfulltrúi* varð líka að viðurkenna þetta, þegar hann benti þinginu til að fresta því, með að aðhyllast breytíngaratkvæði þingmanns Snæfellínga. Þegar hinn háttvirti *forseti* við undirbúníngsumræðuna flaug ofan úr *forseta*stólnum, og settist á bekk með þingmönnum, þá hugði eg, að sá mundi leiða þingið í allan sannleika, þar hann hefir haft verk þetta, meira eða minna, á knè sèr sem kjöltubarn í nokkur ár, og hlýtur því að hafa þá nákvæmustu þekkíngu á málinu, bæði í heild sinni og einstökum greinum þess, þá hugði eg hann mundi framfæra svo ljósar og gildar ástæður fyrir því, að sú undirstaða væri nú góð og rètt, sem frumvarpið væri nú á sett; hann og þeir fèlagar hans í þingnefndinni hefði rètt það við, og kippt í lið, þar sem þess hefði þurft, og þetta vonaði eg hann mundi framfæra með svo kraptmiklum ástæðum og innþrykkjandi, að sú stóra Jerúsalem, er nú stönd-

um vèr í, mundi skjálfa; því menn þekkja, hversu mikill víghestur hann er, til að flytja kraptmiklar ræður, og sèður með að ná í hvern ástæðusnaga, sem til er í málunum; en nú komu eingar ástæður að gagni í allri hans laungu ræðu; hann fann einga, sem gat neitt sannfært mig; svo bæði eg, og líklega fleiri þíngmenn, græddu það á ræðu hans, að það urðu ljósari gallar þessa jarðamats en áður; honum tókst ekki að berja í brestina. Hann áleit einn deili óhafandi 1857 fyrir landið; en eins og hann var óhafandi þá, er hann það eins nú; enda færa þeir þíngmenn, sem nú vilja berja hann í gegn, einga ástæðu fyrir rèttlæti hans; svo ekki er annað að sjá, en þeir vilji lögleiða frumvarpið í einhverjum blindíngsleik, og hugsa að þóknast með því stjórninni; en eg álít, að hvorki stjórninni, og því síður þjóðinni sè nokkur þægð í, að löggilda það jarðamat, sem er svo skakkt og vitlaust, að það ekki þolir að bera sig sjálft. *Framsögumaður* sagði, að breytíngaratkvæði mitt með sýsludeili væri byggt á handahófi svona út í loptið, og rèð þínginu frá, að taka það; en eg álít það samt skársta úrræðið fyrir þá, er ekki vilja gjörfella allt verk þetta, að taka hann; því eg vil biðja menn að gæta þess, að með þeirri aðferð kemur fram það dómsatkvæði þeirra eiðsvörnu virðíngarmanna hverrar sýslu fyrir sig, eins og í öndverðu var til ætlazt við verk þetta, og þá mætti koma til álita, hvort tiltækilegast mundi vera síðar, að reyna að koma jöfnuði á milli sýslna og síðan amta, svo að jöfn jörð að gæðum yrði jafnhá að hundraðatali hvar sem væri á landinu, og þyrfti til þess mikinn kunnugleik, djúpsæja þekkíngu og lánga yfirlegu. En það er margbúið að sýna og sanna, að ójöfnur sýslna og amta á milli eru nú svo fjarskalegar, að 1 deilir fyrir allt land er óhafandi; það varð heldur ekki annað sèð, en ráðherrabrèfið, sem lagt var fram á þíngi 1857, benti helzt til, að við hafa sýsludeili; eg tók svo ljóslega fram, sem mèr var unnt, mismuninn milli einstakra sýslna hèr í suðuramtinu á þínginu 1857, og skal eg ekki taka það hèr upp aptur. Eg vil því nú einasta taka það fram, að sá háttvirti *forseti,* sem frá upphafi hefir feingizt við þetta jarðamatsverk, og þar til er svo nákunnugur Rángárvallasýslu, hefir aldrei getið þess hið minnsta, að það núverandi hundraðatal þar mundi vera oflágt móti gæðum hennar; en væri amtadeilir löggiltur, þá feingi hún til viðbótar við núverandi hundraðatal nærri 15 hundruð hundraða, eða hèr um 30 60 hundraða jarðartorfur. Tíund af 60 hndr. jörð er 72 álnir; setji eg eina alin 20 sk., þá er tíundin 15 rd.; þeir samanlagðir 30 sinnum gjöra 450 rd.; en

ef hafður er einn deilir yfir landið, þá fær Rángárvallasýsla í viðbót 3 hundruð hundraða 73 hndr., eða 7 60 hundraða jarðartorfur og 13 hndr.; þar af tíund hèr um 107 rd., alls 557 rd[1]. Þetta væri nú skárri skattur, og það árlega, nærri hálfu hærri, en nú er goldið eptir sýsluna; nú vil eg spyrja: á hverjum grundvelli er þessi tíundarskattur byggður? Eg svara aptur: á eingu, utan ef vera skyldi á koppum og kyrnum, sylgjum og skjaldaskriflum, Hekluhraunum og jökulvatna-umrótun, og held eg, að ef Loðinn leppur mætti líta yfir þessa tíundargjörð, að hann fyndi fulla ástæðu að kalla hana okur, og föðurlandsvinurinn Rafn Oddsson mundi ekki geta það afsakað. Eg sè vel, að sá virðulegi *framsögumaður* skilur betur breytíngaratkvæði mitt með sýsludeili, en hann lèt á sèr merkja; því hann sagðist geta vel aðhyllzt það fyrir hönd kjósanda sinna, en fyrir sjálfan sig gat hann þó ekki fallizt á það; þetta er rètt hugsað; því væri þar við hafður sýsludeilir, þá kæmi lík upphæð tíundar fram yfir sýsluna og áður, en jafnari innbyrðis; en ef nýr tíundarskattur dembist þar yfir bændur, líkt og í Rángárvallasýslu, aðsendur svona úr lausu lopti, þá hækkar tíund bænda, og er það nýr gróði fyrir hann sjálfan og aðra presta hans og kirkjur í prófastsdæminu, og þó eg að maklegleikum virði hann sem góðan mann, þá þykir mèr von, þó hann ekki spyrni móti ábatanum. En þá verð eg aptur að furða mig yfir þeim blessaða fulltrúa þeirra Barðstrendínga, að hann skyldi vera að klóra í þenna eindeili, og bera sig með öllu móti að halda honum, svo það er að sjá, sem hann ekki hafi verið búinn að aðgæta, að því hærri deilir, þess færri hundruð; en hvað getur verið, að hann í þetta sinn ekki hafi vitað, hvað hann gjörði; því það er víst heldur sjaldan, að menn úr þessum flokki sparki svo ábatanum frá sèr, og því, sem þeim áður með rèttu bar, að það má rètt heita eindæmi; en skeð getur, að prestsskepnan hafi skýmu, og hafi það traust á ríkissjóðnum, að hann bregðist sèr ekki með uppbótina, og þá er líka báðum borgið, honum og gjaldþegnum hans. Eg held líka, að fyrir tíundargreiðslu þeirri, sem nú á sèr stað, sè orðin full og föst venja, og þá getur það verið þýðíngarmikil spurníng, hvort full lagaheimild sè til að breyta henni, og það gjald á hverri jörð til þess opinbera ætti ekki að standa fast, en eigandi jarðar hafa skaða og ábata, hvort jörð hans batnar eða spillist, og sè eg nú ekki, hvernig í því máli yrði uppkveðið dómsorð, ef dómstólar ætti úr að skera.

Þíngmaður Árnesínga hèlt, að lítill munur væri á mati Árnes-

[1]) Þannig í handriti þíngmannsins. Ritn.

sýslu og Rángárvallasýslu; en mèr er kunnugt, að fráleit aðferð var höfð við aðferð jarðamatsins í þessum sýslum, og ekki skil eg enn, eptir hvaða ástæðu matsmenn Árnesínga hafa geingið, þegar þeir köstuðu burt $^1/_3$ af sanngjörnu kaupverði jarða, sem þeir virtu þær til, áður þeir rituðu jarðarverðið; það er mèr óljóst; en eins vildi eg óska, að fulltrúi Árnesínga og eg ættum sína sýsluna hvor, og þá væri gaman að sjá, hvað stóra summu peninga eg þyrfti að gefa milli sýslna, þar til hann þættist ánægður. Af þessu geta þíngmenn sèð, að eg vil heldur gamlar ójöfnur sè kyrrar, en fá nýjar miklu verri. Það hefir líka verið gjört að álitum, þegar aukaútsvör hafa verið metin, hvort tíundarútsvar annarar jarðar í hreppnum væri í hlutfalli við hitt eða ekki, og þá hafa menn með aukaútsvari viljað jafna aðra misjafna skatta, en þessu yrði ekki við komið við aðra sýslu, eða annað amt. En þar eg veit, að eg ekki á optar orðið í þessu máli, þá vil eg nú svara því, er eg heyri suma færa Rángárvallasýslu til ágætis, hrossasölu til útlanda. Þessi framfærsla sumra jarða með hrossauppeldi, það er áður metið með gæðum jarðanna þar; þar til er ábati þessi stopull, því nú hafa fáir komið frá útlöndum til hrossakaupa; en það gjörir þó mest til, að Ráng-æíngar komu svo fljótt á kaupmarkaði hjá sèr, þar eð Einglendíngar gátu keypt nóg hross til skipsfarms á svipstundu; en þá hafa Árnesíngar beiðzt þess, að sami jöfnuður geingi yfir sig og Borgfirðínga í þessu, og þar Ráng-æíngar hafa samþykkt það, þá hverfur sú ástæða, að önnur sýslan beri meira frá borði, en hin í þessari grein; eg vil og leyfa mèr að geta eins, þó það komi við mismunandi matsaðferð innan sýslu, að sumstaðar, og svo er í minni sýslu, möttu menn hverja hjáleigu sèr á sömu jarðartorfu; þær höfðu að sönnu útskipt tún og eingjar, en allt hagaland óskipt; þegar nú eptir þessu frumvarpi, væri það löggilt, kæmi nýtt hundraðatal á afbýli þessi, og þar með önnur tíundargreiðsla, en áður var, þá gjörði ábúandi tilkall til óskiptra haga í sama hlutfalli, en hinn segði nei, þar sem sameignarjörð mín átti áður tiltölu í óskiptum högum, samkvæmt því eldra hundraðatali, svo á eg það eins enn. Þarna er þá komið efni í óvild og úlfúð og lagaþrætur milli nábúa. Af hèr töldum ástæðum vildi eg sýna þíngmönnum fram á þá stærstu galla þessa frumvarps, til þess að þeir gætti sín vel við atkvæðagreiðsluna. Þar til get eg bent þeim á það, sem þeir annars sjá, hversu smásmuglega stjórnin hefir að farið, að setja hèr allar þær brotatölur, sem nú standa í frumvarpinu, en kasta þeim ekki burt, því væri þær samþykktar, þá

feingi hver jörð næstum á landi öllu nokkrar álnir fram yfir heil hundruð, og það gjörir þó hreppstjórum örðugra fyrir, að út reikna tíund, heldur en áður var, þar sem allur þorri jarða í hrepp hverjum var reiknaður til hundraða brotalaust; en þar eg ekki við undirbúningsumræðu tók mèr það breytíngaratkvæði, að brotar þessir væri felldir, þá dugar nú ekki leingur að tala um það, eg vona því, að þíngmenn gæti sín vel við þessa atkvæðagreiðslu, sem nú liggur hèr fyrir oss, hvort rèttvísara sè, að dæma frumvarp þetta til lífs eða dauða.

Forseti: Eg verð að fresta umræðunum, þángað til á kvöldfundi í dag, því eg sè af því, hve margir eiga ótalað og hafa þegar beðið sèr hljóðs, að málið getur ekki orðið leitt til lykta, fyr en á nýjum fundi. Eg skal geta þess, áður en þessum fundi er slitið, að eg hefi feingið tilkynníng frá hallærisnefndinni um, að hinn 2 konúngkjörni þíngmaður er valinn formaður, og til skrifara þíngmaðurinn úr Norður-Múlasýslu.

Áður en geingið er af fundi, skal eg láta lesa upp frumvarp til bænarskrár til konúngs um, að *lagt verði fyrir næsta alþíngi frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga* á Íslandi.

Var síðan þessi bænarskrá lesin upp og samþykkt svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis kom í þetta sinn ein bænarskrá, er skoraði á þíngið, að ítreka og endurnýja bæn sína til yðar hátignar um ný sveitastjórnarlög, grundvölluð á þeim höfuðatriðum, sem þíngið stakk upp á 1853 og 1855.

Til að íhuga þetta mál kaus þíngið 5 manna nefnd, og ræddi það síðan á 2 aðalfundum sínum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú þegnsamlegast, að láta um það álit sitt og þar á byggðar bæuir sínar í ljósi á þessa leið.

Árið 1853 sendi alþíngi yðar hátign bænarskrá þess efnis, að frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga hèr á landi yrði lagt fyrir hið næsta alþíngi, og benti jafnframt til nokkurra undirstöðuatriða, sem það ætlaði hagfellt fyrir landið að gaumur væri gefinn, þegar frumvarp til þessara laga yrði samið. Þessi atriði lutu einkum að því, að stjórn hinna sveitalegu málefna yrði falin á hendur nefndum í hreppum og sýslum, og að hin síðasta meðferð og úrslit þessara mála yrði á kveðin samkvæmt þessum undirstöðuatriðum, og í samhljóðun

við þá stjórnartilhögun alls konúngsveldisins, og stöðu Íslands í fyrirkomulagi þess, sem yrði að lögum.

Samkvæmt þessari bón alþíngis lèt yðar hátign 1855 bera frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga undir álit þíngsins, og voru þar í ákveðnar hreppanefndir og amtsráð, en þeim sýslunefndum sleppt, sem þíngið 1853 hafði stúngið upp á. Allt fyrir það þótti alþíngi 1855 vera yfirgnæfandi ástæður til þess, að fara því fram í breytíngum þeim, sem það vildi gjöra við frumvarpið, að hèr yrði settar sýslunefndir. Þar á mót fèllst þíngið ekki á amtsráð í þeim skilníngi, sem frumvarpið hafði ætlazt til, bæði sökum víðáttu amtanna og ýmislegra þar af leiðandi erfiðleika og sökum þess, að sú tilhögun gjörði ofmikla breytíngu frá því, sem nú er, þar eð sveitamálefni hreppanna aldrei hefði þannig beinlínis staðið undir amtmönnunum híngað til, heldur sýslumönnunum o. s. frv.

Í allrahæstri auglýsíngu til alþíngis 1857 er sagt, að breytíngar þær, sem þíngið hafi stúngið upp á að gjörðar væri við frumvarpið, hafi í mörgum aðalatriðum verið svo lagaðar, að þær hafi ekki orðið teknar til greina; en á hinn bóginn hafi yðar hátign þótt ísjárvert, að gefa frumvarpið út sem lagaboð, eins og það var í upphafi, og muni það því verða tekið til nákvæmari yfirvegunar, hvað nú sè tiltækilegast að gjöra, til að koma máli þessu fram. Í allrahæstri auglýsíngu til þessa alþíngis er þessa máls ekki getið, eins og ekki heldur varð búizt við, þar eð því var ekki hreift á hinu seinasta þíngi.

Hvað nú áhuga Íslendínga á þessu máli snertir, þá virðist hann enn þá vera víða vakandi hèr á landi, eins og þetta einnig sèst af bænarskrá þeirri, sem fyrri er getið; og þó hann, nú sem stendur, kunni að vera nokkuð minni, en að undanförnu, kemur það eflaust til af því, að önnur mál, einkum fjárkláðamálið og þar af rísandi vandræði, hafa um stund snúið áhuga landsmanna í aðra átt. Því verður ekki heldur neitað, að þó sveitastjórn kunni að fara allvel fram, þar sem hreppstjórar annaðhvort hafa beztu menn í hreppunum í ráðum með sèr, eða eru sjálfir afbragðs-duglegir menn, og gefa sig alla við þessum störfum, þá þarf þó sveitastjórnin hèr á landi, yfir höfuð að tala, umbótar við, eins og sorgleg reynsla hinna seinustu ára virðist benda til, þar eð dugleg sveitastjórn með meira framkvæmdarvaldi víða mundi hafa getað komið í veg fyrir þann peníngsfelli og bjargræðisskort, sem þessi seinustu ár hefir í mörgum sveitum átt sèr stað. Þínginu virðast því vera fullkomnar ástæð-

ur til að beiðast þess, að yðar hátign mildilegast láti leggja frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga fyrir hið næsta alþingi.

Hvað nú hinum einstöku atriðum í þessu máli viðvíkur, þá verður þingið að álíta það ísjárvert, að taka þau mjög sèrstaklega fram, þar eð það kynni að spilla fyrir málinu yfir höfuð, úr því þingið ekki fær tíma til í þetta sinn, að taka það fyrir frá rótum. Einúngis skal þingið geta þess, að það álítur slík lög því betri, því þjóðlegri og óbrotnari sem þau eru; og því verður ekki neitað, að frumvarpið 1855 hafði þetta tvennt fyrir augum, þar sem það fækkaði úrskurðarvöldunum, og vildi, að bændur gæti tekið þátt í sveitastjórninni; en amtsráð þau, sem þar var stúngið upp á, voru því til fyrirstöðu, að þessu sjónarmiði yrði náð. Í stað þessara amtsráða stakk þingið upp á sýslunefndum, og færði til þess margar og verulegar ástæður, að þær ætti betur við hèr á landi, svo það er ekki líklegt, að sýslunefndirnar, skoðaðar út af fyrir sig, hafi getað verið því til fyrirstöðu, að þær breytíngar, sem alþingi 1855 stakk upp á við frumvarpið, gæti orðið teknar til greina, heldur, ef til vill, það fyrirkomulag þeirra, sem þingið hafði farið fram á; því það verður ekki varið, að uppástúngur þingsins í þessu efni voru helzt of margbrotnar. En á þessu mundi mega ráða bót í nýju frumvarpi. Þar að auk er þess ekki getið í hinni konúnglegu aulýsíngu til alþíngis 1857, hver atriði í uppástúngum þingsins stjórninni hafa þótt óaðgeingileg, og má vera, að það hafi eingu síður verið sá mikli ágreiníngur, sem kom fram á þínginu um hina síðustu meðferð og úrslit sveitamála.

Þar eð það nú, eins og líka var tekið fram 1855, er orðin venja víða í sýslum, að nokkrir hinir beztu og skynsömustu menn þeirra eiga fund með sèr einu sinni eða optar á hverju ári, til að ráðgast um ýms málefni, er varða hagsmuni sýslunnar, og reynslan hefir nú þessi seinustu árin sýnt nauðsyn og nytsemi slíkra sýslunefnda, með því amtmenn og sýslumenn hafa ekki sèð sèr fært, að eiga við fjárkláðamálið, hvort heldur það hefir verið til fyrirskurðar eða lækníngа, án þess að skipa sýslunefndir, þá getur þingið ekki með öllu geingið fram hjá þeim í tillögum sínum, heldur verður að beiðast þess, að frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga verði byggt á þeim grundvallarreglum, sem teknar eru fram í álitskjali alþíngis 1855, hvað stjórn þessara mála snertir í hreppum og sýslum; þar á mót álítur þingið rèttast, að stjórnin hafi öldúngis óbundnar hendur í, að til taka hið nákvæmara

fyrirkomulag slíkra nefnda, og eins hvað vald og verkahríng þeirra snertir.

Ekki ætlar þíngið heldur í þetta sinn að gjöra neinar sèrstaklegar uppástúngur um hina seinustu meðferð og úrslit þessara mála, þar eð þetta hlýtur jafnan að vera komið undir skipun landstjórnarinnar hèr á landi.

Við umræður þessa máls á þínginu var sú uppástúnga borin upp af einum þíngmanna, að færist það einhverra orsaka vegna fyrir, að frumvarp til sveitastjórnarlaga yrði lagt fyrir næsta alþíngi, þá yrði þó lagt fyrir það frumvarp um það, að vald amtmanna yfir jafnaðarsjóðunum yrði nákvæmar ákveðið, og varð meiri hluti þíngmanna þessari uppástúngu með mæltur.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess (með 21 atkv. gegn 4):

1. *Að yðar hátign mildilegast láti leggja fyrir næsta alþíngi frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga hèr á landi (með 24 atkv.).*
2. *Að frumvarpið sè byggt á þeim grundvallarreglum, er teknar voru fram í álitsskjali alþíngis 1855 (með 20 atkv. gegn 5), hvað stjórn sveitamálefna í hreppum og sýslum snertir (með 19 atkv. gegn 5).*
3. *En verði því ekki við komið, að leggja frumvarp til sveitastjórnarlaga fyrir næsta alþíngi, að þá verði þó lagt frumvarp fyrir næsta alþíngi um það, að vald amtmanna yfir jafnaðarsjóðunum verði nákvæmar á kveðið (með 12 atkv. gegn 11).*

Reykjavík 8. ágúst 1860.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Pètur Pèturson.

Síðan ákvað *forseti* fund aptur í kvöld kl. 6.

Fundi slitið.

---

8. ágúst — Þrítugasti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni verður nú haldið áfram ályktarumræðunni *um löggildíngu nýrrar jarðabókar.* *Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður úr Norður-Múlasýslu.

Síðan var málið afhent *framsögumanni.*

Forseti: Þar eð *framsögumaður* finnur ekki enn þá ástæðu til þess, að taka til máls, þá hefir þingmaður Skagfirðinga orðið.

Gísli Brynjúlfsson: Það fer fyrir mèr eins og öðrum, að eg verð að viðurkenna, að eg er í vandræðum um það, hvernig eg á að gefa atkvæði mitt, þegar eg lít á atkvæðaskrána; og er eg þó fús á að viðurkenna, að það hefði ei verið svo hægt fyrir hinn háttvirta *forseta,* að raða henni öðruvísi niður. Það er einkum um breytíngaratkvæði mitt undir 2. tölulið, sem eg ætlaði mèr að fara fáeinum orðum, og hefi eg þá að eins gjört það í þeim tilgángi að sýna, að eg ætla mèr alls ei í sjálfu sèr að vera móti nýju jarðamati, ef menn fyrst geta orðið ásáttir um, til hvers eigi að nota það; því það held eg að mestur ágreiníngurinn um þetta hið nýja jarðamat vort hafi einkum risið af því, að menn hafa ei getað komið sèr saman um, í hverjum tilgángi það eiginlega er gjört. Eg fyrir mitt leyti verð þá að segja það, að eg get ekki sèð neinn skynsaman tilgáng með nokkurt jarðamat, nema hann sè sá, að eptir því eigi að leggja skatta á; og eg get bætt því við, að hið forna jarðamat hefir einmitt að eins komizt á af því, að þá átti að fara að leggja nýjar álögur á alla landsmenna tíundin sumsè, sem ekki áður höfðu verið goldnar á þann hátt, að minnsta kosti ekki eptir föstum reglum. Og þó hinn háttvirti *forseti* segði nú reyndar, þegar hann um daginn stè niður úr *forseta*sætinu og settist í sæti þíngmanns Vestur-Skaptfellínga, að tilgángurinn með því, að breyta hinu gamla jarðamati hefði að eins verið sá, að hið nýja skyldi koma í stað hins gamla, til þess að jafna á þenna hátt þær missfellur og þann ójöfnuð, sem nú væri á tíundargjaldinu, þá er eg þó ei enn alveg sannfærður um, að þetta hafi að eins verið tilgángurinn; og hefði svo verið, þá held eg að minnsta kosti, að önnur aðferð hefði þá verið miklu rèttari; því mèr finnst sú aðferð, sem nú hefir verið höfð, í mörgu tilliti að eins vera hið sama, sem ef menn vildi reyna til að láta nýtt vín á gamla belgi. En þess vegna hefi eg nú og einkum gjört mitt breytíngaratkvæði af því, að þó eg í sumu væri fús á að fallast á uppástúngu hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga undir 1. tölulið *a,* að málinu væri frestað, þá hèlt eg þó, að það mætti, ef til vill, skilja svo, sem eg væri þá á móti öllu jarðamati yfir höfuð; en það er þó ekki mín meiníng, og því vildi eg, að hún skyldi sjást; því þegar það að eins er tilgángur jarðamats að leggja á eptir því nýjar álögur, þá hefi eg ekkert á móti því í sjálfu sèr. En þar sem eg

verð að trúa mótbárum þeim, sem komnar eru úr svo mörgum áttum í móti hinu nýja jarðamati, þó eg annars sè fús á að játa, að eg sè því máli ei nógsamlega kunnugur, þá sè eg þó heldur einga ástæðu til að flýta sèr svo mjög að löggilda það, og allrasízt sè eg nokkurn háska í, að fresta því um nokkurn tíma enn, ef menn að eins láta það í ljósi um leið, að menn sè þó ei í raun og veru móti nýju jarðamati yfir höfuð. Því um það er eg miklu fúsari á að halda annað, en hinn háttvirti þingmaður Ísfirðinga, þar sem eg verð þó æfinlega að vera á því, að eitthvert jarðamat sè nauðsynlegt til þess, að taka almenn landsgjöld eptir, þó hann á hinn bóginn hafi rètt í því, að þess þarf ei með í kaupum og sölum á meðal einstakra manna; og veit eg þó líka vel, að menn eru nú almennt farnir að verða á því, að rèttara sè, þar sem því verði við komið, að taka að eins óbeinlínis-skatta, með því að leggja tolla á óþarfa- og munaðarvörur, o. s. frv., heldur en að taka beinlínis tolla af jörðunum. En hvert slík aðferð eingaungu mundi nú nægja hèr í Íslandi, þykir mèr aptur mjög efasamt; og hvernig sem það svo er, þá er eg sannfærður um, að nauðsyn verður að leggja nýja skatta á landið allt, ef stjórn þess á að geta lagazt til hlítar, og vèr alveg borið sjálfa oss; og þeir, sem segja, að tilgángurinn með hið nýja jarðamat hafi upprunalega verið annar en sá, að taka eptir því slíka skatta, gefa mönnum að minni sannfæríngu að eins vonir, sem eg er hræddur um að aldrei muni rætast. En eg held yfir höfuð ei, að menn eigi að sýna sig svo hrædda við þá tilhugsan, að nýrra skatta gjörist þörf, að menn eins og vilji leyna þeirri nauðsyn fyrir sjálfum sèr, og ef hèr væri um nokkurn háska að gjöra, þá væri þó æfinlega betra, að horfa heldur strax við honum, því „öndverðir skuli ernir klóast“, segja menn; og það vildi eg helzt, að Íslendíngar sýndu við hvert tækifæri, að þeir sè reiðubúnir til að gjöra allt sitt til þess, að stjórn þeirra geti borið sjálfa sig. Í þeim tilgángi, að menn sýndi þetta, gjörði eg því og breytíngaratkvæði mitt, og vona eg nú því og, að einginn misskilji þá frestun á löggildíngu hinnar nýju jarðabókar, sem sjálfsagt líka liggur í því, þar sem tilgángurinn með hana að eins er sá, að láta endurbæta hið nýja mat; en á því verð eg og að vera fastur, og það vildi eg þíngið fèllist á, að hin nýja jarðabók skuli aldrei koma í stað hins forna mats, til þess að taka einnig eptir henni hin eldri landsgjöld, og því vildi eg beinlínis taka þetta fram um nýja skatta að eins. En falli nú samt uppástúnga mín, þá mun eg helzt verða að gefa atkvæði mitt með breytíng-

aratkvæðinu undir 3. tölulið, þó mèr líki það eingan veginn fullkomlega, og ef menn ekki vilja alveg fresta jarðmatinu eða löggildíng þess á nokkurn hátt, þá er það sjálfsagt, að eg verð að gefa atkvæði mitt með uppástúngu minni hluta nefndarinnar undir tölulið 5. *a*, til þess þó að minnsta kosti að hindra, að hinir gömlu skattar og tíundir verði framvegis einnig teknar eptir þessu nýja jarðamati. En ef þetta nú samt verður ofan á, og menn nú á þessu þíngi vilja fallast á það alveg skilmálalaust, þá sè eg enn eingin önnur úrræði, en þó að minnsta kosti að samþykkja breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns úr Norður-Þíngeyjarsýslu undir tölulið 5. *c*, þar sem eg verð þó sjálfsagt að álíta það rètt, að mönnum gefist þó enn nokkurt tækifæri á, að fá hinu nýja jarðamati breytt, þar sem beinlínis má sanna, að það er rángt; og get eg þess þá hèr til dæmis, að mèr var send bænarskrá úr Hólahrepp, sem eg afhenti nefndinni, þess efnis, að matið feingist breytt á nokkrum jörðum í Kolbeinsdal, sem urðu fyrir áföllum í vetur, því þetta álít eg sjálfsagðan rètt eigandanna, þar sem jarðirnar nú verða að vera miklu minna virði, en þegar hið nýja enn ólöggilta jarðamat fór fram. Og skal eg svo ei tala meira um þetta, en láta atkvæðagreiðsluna sýna, með eða móti hverju eg annars verð á atkvæðaskránni.

Pètur Pètursson: Eg ætla einúngis að láta það í ljósi, með hverju eg muni gefa atkvæði mitt af því, sem stendur á atkvæðaskránni, og ætla eg þá fyrst að gefa atkvæði mitt með breytíngaratkvæðinu undir tölulið 3., af því mèr þykir það eðlilegt, að þjóðinni gefist færi á, að koma með umkvartanir sínar fram fyrir stjórnina, áður en hin nýja jarðabók verður löggilt. Því hefir verið hreift hèr, að stjórninni mundi verða ómögulegt, að laga ójöfnurnar, en það er ekki tilfellið; það er misskilníngur, að stjórnin þurfi að bera umkvartanirnar undir þíngið, því mèr sýnist hún hèr eptir geta gjört út um málið á umboðslegan hátt, og að hún geti gjört svo mikið og lítið úr umkvörtununum, sem hún vill; með þessu sviptir maður ekki heldur þjóðina rètti sínum, og það er frjálslegra, en að biðja stjórnina að löggilda frumvarpið strax; auk þessa er það samkvæmt því, sem hefir átt sèr stað í Danmörku. En ef þessi töluliður skyldi falla, ætla eg að gefa atkvæði mitt með tölulið 7, *b.*, sem fer fram á endurskoðun varpjarðanna í norður- og austur-amtinu, því umkvartanir um jarðamatið og ójöfnur á því munu helzt vera komnar af hinu fjarskaháa mati þessara jarða. Hèr við á ekki skylt 4. gr. frumvarpsins, sem gefur kost á, að jarðamatið verði endurskoðað

að 20 árum liðnum, ef ástæða þætti til þess. Stjórnin hefir sett þetta í 4. gr., af því alþingi 1857 bað um, að jarðabókin yrði þannig endurskoðuð, og þess vegna sagt, að að 20 árum liðnum gæti tekizt til yfirvegunar, hvort hún þyrfti endurskoðunar, og er það sjálfsagt, að það verður gjört, ef þörf þykir á því. Eins og eg áður hefi verið, verð eg enn að vera með einum deili, en ekki með amta- eða sýslnadeili, sem raskar öllum grundvelli jarðamatsins, og var það heppilega sagt af þingmanni Ísfirðinga, að ef landsdeilir ekki er við hafður, þá þoli jarðamatið sig ekki sjálft. Því næst verð eg að gefa atkvæði mitt með minna hluta nefndarinnar, undir töluliðnum 5. *a*, um það, að tíundir ekki verði teknar eptir hinu nýja jarðamati; því þótt það hafi verið sagt hèr, að það sè vilji þjóðarinnar, að tíundir sè teknar eptir hinu nýja jarðamati, þá hefi eg einga sönnun fyrir því, þó eg hafi heyrt það úr ýmsum áttum, því vissulega munu þeir verða eins margir, sem missa við það, eins og hinir, sem græða, og er eðlilegt, að menn vilji heldur það, sem þeir missa ekki við, og í því tilliti fellst eg á það, sem þingmaður Rángvellínga sagði, að betri sè gamlar ójöfnur en nýjar.

Þetta eru þau 3 helztu atriði, sem eg vildi hneigjast að við atkvæðagreiðsluna, en um hin einstöku breytíngaratkvæði vil eg ekki tala; en eg er hræddur um, að ávallt muni einhverjar ójöfnur verða á jarðamatinu, hvernig sem menn fara að; því jarðir eru hèr, meir en í öðrum löndum, undirorpnar skemmdum af náttúrunnar völdum, bæði af skriðum og vatnagángi og fl.; þess vegna getur ekkert jarðamat staðið hèr til leingdar; en þegar ójöfnurnar ekki eru stórkostlegar, þá þarf ekki að gjöra neitt nýtt jarðamat, því þegar jarðir verða fyrir slíkum skemmdum, geta hlutaðeigendur komið með umkvartanir sínar, sem þá án efa verða teknar til greina.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú ekki upp, til að halda lánga tölu í þessu máli; það er nú búið að velta því fyrir sèr síðan 1849, og það er auðvitað, að það hafa verið lagfærðir margir smágallar; en það þarf líka að laga marga galla enn, og þó nú væri verið að grauta í því önnur 10 árin til, þá mundi lítið breytast til batnaðar. Eg tók fram við undirbúníngsumræðu máls þessa nokkrar jarðir, sem ætti í sameiníngu óskipt haglendi, skóg og reka, og eg ætla þá að bæta við enn Eskey og Heinabergi; þessar jarðir eiga í sameiníngu alla hagaeign og skóg, og eins og þíngmenn sjá, var Eskey áður 6 hndr., nú 9, Heinaberg áður 9 hndr., nú 7; og ef fara ætti nú að skipta þessum óskiptu högum og skógi eptir hinni nýju jarðabók,

þá vildi nú eigandi Eskeyjar eignast þriðjúngi meira, heldur en hann átti nokkurn tíma tilkall til. Eg hefi tekið þetta fram, af því eg álít, að þetta sè hinir verstu eg stærstu gallar á jarðamatinu, og eg áskil mèr rètt til, að mega bera mig saman við þá, sem skrifa álitsskjalið til konúngs um þetta atriði, að það sè skýrt til tekið, að það þó ekki hafi verið meiníng löggjafarinnar af 27. maí 1848, að umbreyta hinum forna sameignarrètti manna; með því líka, að jarðamatsreglurnar bentu á, að virða skyldi allar jarðir saman, sem ekki hefði sèrskild landamerki. Eg gæti nú að vísu bent á mörg önnur atriði um smágalla, ef eg færi að telja upp hverja einstaka jörð; það er til að mynda um Stórulá og Krossbæ, sem síðan 1849 eru nú alveg að eyðileggjast af vatnanna eyðileggjandi hraða, og þó eru jarðir þessar 6 hndr. hærri nú, en þær voru áður, að eg nú ekki tali um Hoffell, Svínafell og Setberg; þessar jarðir eru allar svo að segja gjöreyddar af vötnum. Hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga færði það til í dag, sem ástæðu fyrir því, hve sumar jarðir væri lítið metnar, að Landakot væri stigið niður í 6 hndr. úr 12; en þar gæfist þó 100 skpd. af fiski; en eg álít það nú ekki sama, að virða sjávarhlynnindi og landareign, því það er þó sannur málsháttur, að „svipul er jafnan sjávargjöf", og þetta: „dregur sjór til sín", og svona er nú t. a. m. með sumar sjávarjarðir. Hafnanes á Nesjum var áður 12 hndr., og þó lèleg eptir öðrum jörðum, en nú er það 18 hndr., í staðinn fyrir að það ætti að vera í samanburði við aðrar jarðir í Austur-Skaptafellssýslu 10—11 hndr.; eða á ekki tómthúsmaðurinn hægt með að afla sèr 100 skpd. af fiski? Mig furðar annars á þeim þíngmönnum, sem nú eru svo stíft á móti amtadeilinum, en hinir sömu menn komust þó eptir lánga yfirvegun að þeirri niðurstöðu á þínginu 1857, að við hafa þenna amtadeili, og því ætla eg mèr að gefa atkvæði mitt fyrir honum; um hin önnur uppástúnguatriði ætla eg nú lítið að tala, því þó farið væri að fresta málinu þar til 1863, þá álít eg nú lítið unnið við það; en breytíngaratkvæði þíngmanns Ránga vellínga get eg nú ekki aðhyllzt. Það hefir verið stúngið upp á af hinum háttvirta þíngmanni Ísfirðínga, að fella burt. 4. gr. í stjórnarfrumvarpinu; en það finnst mèr að þíngmenn ætti þó að gjalda varhuga við, og því ætla eg að aðhyllast viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Norður-Þíngeyjarsýslu við 4. gr.

Indriði Gíslason: Eg hefi nú ekki leingt þíngtímann með laungum ræðum í þessu máli, því það hefir vakað fyrir mèr, að þögn væri heimskum bezt, og að fæst orð hefði minnsta ábyrgð; eigi að

síður get eg ekki stillt mig um, að tala nokkur orð í þessu máli. Eg get nú ekki neitað því, að þessar hinar afarmiklu ræður voru í sumu tilliti mjög fræðandi, en það verð eg þó að segja með sanni, að einga ögn hafa þær breytt skoðun minni á máli þessu, síðan heima í hèraði, og það þvert fyrir það, sem eg þó flutti eina bænarskrána til þingsins, sem fegin vildi steindrepa þetta jarðamat. Gáum vèr nú vel að öllum mótbárunum móti þessu jarðamati, hvaðan koma nú flestar umkvartanirnar? Þær koma einmitt frá jörðunum, sem hafa stigið upp. Koma þær ekki frá hlunnindajörðunum? Og hvernig eru þær jarðir? Þær eru án efa, eins og allir vita, beztu jarðirnar; eða getur nokkur undrað sig á því, þótt þær hækki í samanburði við landjarðirnar? Við skulum nú setja okkur fyrir sjónir 2 jarðir, hlunnindajörð og hlunnindalausa landjörð; nú skulu báðar fara í eyði; hvernig fer nú með landjörðina, þegar hún er komin í eyði? Hún er þá orðin eins og annar bithagi, og má þykja gott, að eigandinn fái beitartoll; hin jörðin þar á móti heldur öllum sínum gæðum; hún er sjálfvarin, eða með öðrum orðum, hún ábyrgist sig sjálf; það þarf hvorki að kosta fólk til að verja hana, tæðja eða hirða; hún sprettur, hvernig sem með hana er farið; þó að eigari sè á öðru landshorni, eða búi ekki á henni, getur hann í fyllsta máta notað hana; hann getur leigt sín hlunnindin í hverju lagi, dúninn einum, kofnatekjuna einum, heyskapinn einum, lambagaunguna einum, vorselaveiðina einum og uppidrápið einum, og sjá nú ekki allir, hver ógnar-mismunur er á þessum tveim jörðum. Frá þessum jörðum eru nú umkvartanirnar mestar, og þeim öðrum, sem hækka þurfti; er nú þetta einmitt það, sem fælir menn frá að aðhyllast þetta jarðamat? það munu fá verk svo fullkomin, að ekkert verði út á þau sett; það getur nú eingan stað haft, að þetta geti fælt menn frá, að aðhyllast jarðamatið; það er þvert á móti sönnun fyrir því, að jarðamatið er ekki einúngis brúkanlegt, heldur gott, og eingan veginn þess að vænta, að svona lítið væri fundið að því; eða geta menn nokkurn tíma orðið þannig ánægðir með það, að landsmenn skiptist í 3 flokka, og til að mynda, að sá eini flokkurinn segði: mèr líkar jarðamat þetta mikið vel, jörðin mín hefir stigið niður nærfellt til helmínga, og fríað mig frá þessu rángláta gjaldi af þessum ímynduðu hundruðum; enn hinn annar segði: betra er þetta jarðamat, en hið gamla, sem þó reyndar ekkert var, því jörðin mín hefir þó stigið dálítið niður, og sá þriðji flokkurinn, að sèr stæði á sama, því jörðin stæði í stað, og hefði hvorki hækkað nè

lækkað. Hvernig eiga menn nú að búast við slíku jarðamati, eða hvernig gæti nokkur sönnun verið ljósari, en það, að slíkt jarðamat væri rángt og vitlaust? — Eg held mèr lægi við að kalla það ofgott jarðamat, sem væri svo fullkomið, að mannlegur breyskleiki, við þó rèttláta hækkun hundraðatalsins, kæmist hvergi þar að; það er eingin furða, þótt sá, sem hefir orðið fyrir margra ára tíundarójöfnuði, fari ekki að kvarta yfir því, þó honum lètti af; en það er fremur láandi, að þola ekki rètta hækkun hundraðatalsins, og vera þar fyrir ráng eygður, þó jarðamatið sè rètteygt og góðgjarnt.

Það er verið að tala um, að það sè svoddan háski að löggilda jarðamatið vegna skattanna; eg hugsaði þó, að það væri það eina og helzta ágætið, sem þing vort hefir í för með sèr, að skatta þyrftum við ekki að láta leggja á oss, framar en vèr vildum; þetta er nú, held eg, ekki ætíð svo skoðað hèr á þingi, heldur þvert í móti; því það er eins og mikill hluti þingsins vilji láta sinn embættismanninn hafa sitt skattkröfuvaldið, hvern eptir geðþekkni. Og þá er nú uppástúnga þingmanns Skagfirðínga á atkvæðaskránni, þar sem hann biður um það, að löggilda ekki frumvarpið, fyr en stjórnin hafi endurskoðað það, og þó að eins í þeim tilgángi, að byggja á því nýjar álögur eða skatta. Eg ætla nú að stilla mig um, að fara hèr um mörgum orðum; en það verð eg að segja, að eg hefi aldrei sèð líkara barn föður sínum; eg hugsaði, að það lægi ekki á, að fara að benda til, hvernig skatta skyldi á oss leggja, fyr en að fjárhagurinn yrði að skilinn. Það er eins, eptir því sem mönnum farast hèr orð, að ef þessi jarðabók er staðfest, þá sè það ólíkt öllum öðrum lögum, þau sè óhaggandi; eg skil nú ekki í því, að mönnum sè ekki heimilt að bera sig upp undan stórgöllunum, eins og líka með áföll og skemmdir jarða; það held eg hverjum sè innan handar, sem vill, og tekur alþíngi þá til greina slíkar umkvartanir, ef gildar ástæður þykja til vera. Þá er það nú einn ágreiníngurinn út af preststíundinni; eg get nú ekki fellt mig vel við þetta mikla misrètti; því mega þá ekki kirkjur, konúngur og fátækir láta ráng indi tíundarinnar af ímynduðu hundruðunum verða jafngömul þessum prestum, sem í brauðinu sitja líka? Eg skal þá ekki fara fleiri orðum um það, því eg veit, að þetta samþykkir þingið ekki. Þá hafa nú sumir komið með það, að þetta jarðamat stæði jarðabótunum fyrir þrifum; það er nú nærri óþarfi að gegna öðru eins; eg hefi allt af haldið, að jarðamatið hefði verið fyrir þá yfirstandandi tíð, en ekki þá, sem verða mundi að 20—30 árum liðnum; en bæði er það,

að jarðabætur fljúga ekki áfram, og svo veit eg ekki hvað eðlilegra er, en að jörðin stigi þar upp, sem hún er mikið bætt; því eptir því, sem maður bætir jörðina meira, eptir því fjölgar maður peníngnum á jörðinni, og í hverju er þá meiri búsæld og blessun, en því? og það sjá þá allir, að sú jörð hlýtur að stíga upp að hundraðatali við nýtt mat; ætli það þætti ekki t. a. m. skrítin regla í fátækraútsvörum, að þyngja allt af á arníngjanum, en hlífa atorkumanninum? eg held þó, að það megi til að láta vinnukraptana og dugnaðinn bera þúngann, sem að er undirstaða alls auðs og hagsældar; eg skal þá ekki fara hèr um fleirum orðum, þar eg gat látið skoðun mína í ljósi einúngis hèr í salnum, en hefi ekki áður, utan þíngs nè innan, strítt neitt á móti þeirri skoðun manna, er gagnstæð er minni.

Brynjólfur Jónsson: Eg verð að játa það, að eg er harðla ófróður um þetta jarðamat, svo eg get að nokkru leyti sagt, að það sè um garð geingið, áður en eg var fæddur, til að geta veitt því eptirtekt, og stóð eg að eins upp til þess, að skýra frá því í fám orðum, hvernig eg mundi greiða atkvæði í þessu máli. Hèr eru 3 vegir um að velja; fyrsti vegurinn er sá, að vísa málinu frá; annar, að fresta því, og hinn þriðji, að löggilda það. Eg hefi nú velt málinu fyrir mèr í huga mínum, og hlýtt á ræður þíngmanna, og hefir sú sannfæríng skapazt hjá mèr, að bezt sè, að fallast á hið konúnglega frumvarp, að jarðabókin sè löggilt. Eg get ekki sèð, hvað gott getur leitt af því, að löggildíng hennar dragist til leingdar, eða að ávallt sè verið að þessum ráðagjörðum, og virðist mèr, að úr því gæti orðið sú stappa, er ónýtti allt málið, og í stað þess, að færast áfram, gæti svo farið, að vèr færðumst leingra aptur á bak, og að ávallt yrði ójöfnurnar fleiri og meiri, og vil eg því, að jarðabókin verði löggilt 6. júní 1861, eins og stúngið er upp á undir 4. tölulið staflið *c* á atkvæðaskránni. Um deilinn verð eg að segja það, að þó að eg játi mig mjög ófróðan í þessu máli, þá sýnist mèr, að ef menn ekki hafa einn deili fyrir allt landið, þá sè þeirri undirstöðu kippt burtu, sem jarðamatið á að vera byggt á. Eg gjöri sem sè ráð fyrir, að í upphafi hafi öllum þeim, er áttu að meta jarðirnar, verið settar hinar sömu reglur, og að þeir hafi fylgt þeim eptir fremsta megni, og þess vegna sýnist mèr að sè sjálfsagt, að við hafa einn deili, þó það kunni að verða sumum í vil, en sumum ekki, sumum í hag, en öðrum í óhag. Eg vil þó jafnframt þessu gefa atkvæði mitt fyrir breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Norður-Þíngeyjarsýslu, að mönnum sè gefinn kostur á, 5 fyrstu árin eptir löggildíngu jarðabókar-

innar, að bera upp ástæður fyrir breytíngum, er þykja kunna nauðsynlegar, af því eg álít jarðamatið eigi *svo* fullkomið, að það eigi þurfi breytínga við. Það, sem enn fremur styrkir mig í, að gefa atkvæði mitt fyrir löggildíngu jarðabókarinnar sem allrafyrst, er það, að eg sè af 4. gr. frumvarpsins, að mönnum stendur frítt fyrir, að gjöra athugasemdir við jarðabókina að 20 árum liðnum, og er með því móti vonandi, að hún geti komizt í hið bezta horf.

Forseti: Eg finn mèr skylt, að tala fátt eitt í þessu máli, og að eins frá almennu sjónarmiði þess, áður en það er rætt til lykta, og ætla eg því ekki að svara neinu einstöku af því, sem sagt hefir verið á móti málinu, heldur að eins skoða það frá sjónarmiði landsins og þíngsins, og þegar eg held mèr þannig til hins almenna, þá ætla eg, að mèr sè leyfilegt að tala frá þessum stað. Það voru einkum 2. atriði málsins og málið sjálft yfir höfuð að tala, sem eg vildi fara um nokkrum orðum. Nokkrir af hinum merkustu þíngmönnum hafa verið meðmæltir breytíngaratkvæðinu undir tölulið 3. *b*, og hefir mig furðað á því, eptir þær ljósu ástæður, sem hinn heiðraði þíngmaður Húnvetníinga færði á móti því; 3. tölulið *a* læt eg vera, en staf. *b*, þar næst á eptir, álít eg hreint ófæran; því þar með virðist mèr að alls ekkert verði á unnið til góðs, hvorki fyrir málið sjálft, nè fyrir neinn einstakan jarðeiganda, og geti þessi uppástúnga til nokkurs leitt, þá hlýtur hún að leiða til þess, sem þó er þvert ofan í uppástúnguna 3. *a*, að fresta jarðamatinu algjörlega; því með þessari uppástúngu er opnaður vegur til þess, að kæra matið við stjórnina, og verður það þá annaðhvort til þess, að ónýta matið, ef umkvartanirnar yrði teknar til greina, eða að öðrum kosti, ef þær skyldi finnast ástæðulausar, og stjórnin sjá sèr ófært, að taka þær til greina, eins og líka mundi verða niðurstaðan, þá væri þetta að eins til þess, að vekja meiri óánægju hjá landsmönnum gegn matinu. Stjórnin og þíngið hefir gjört viturlega með því, að gefa mönnum kost á því á hinum næstu 20 árum, eptir að jarðabókin væri löggilt, að átta sig Y göllunum, og eg sè ekki, að úr þessari viturlegu ákvörðun verði að neinu bætt með töluliðnum 3. *b*. En yrði hann samþykktur, þá má hann verða ríkara tilefni, heldur en menn ætla, til þess að gjöra jarðamatið óvinsælt, og allar verulegar leiðréttíngar þess þýðíngarlausar. Meiri og minni hluta nefndarinnar greinir á um, hvort tíund skuli gjalda eptir nýja matinu, eða hinum gamla dýrleikanum, og hafa þíngmenn nú skipzt í tvo flokka um þetta atriði; en eg vil biðja minna hluta nefndarinnar og alla þá, sem honum fylgja, að þeir at-

hugi það vel hèr við, að *ekkert löggilt jarðamat er áður til,* heldur að eins venja um það, sem er álitinn dýrleiki jarðanna, venja, sem í einu hèraðinu er þessi, í öðru hèraðinu önnur, svo að hægt mun vera að sýna, að sú jörð er tíunduð í einu hèraðinu á 10 hundruð „eptir fornri venju“, sem kallað er, sem í öllum jarðabókunum er talin 15, 20, 30 hundruð; því jarðabókunum sjálfum ber óvíðast saman innbyrðis um dýrleika einnar og sömu jarðar. Þess vegna verð eg að álíta þá skoðun stjórnarinnar og meira hluta nefndarinnar rètta og á rökum byggða, að tíundina beri að taka eptir hinu nýja löggilta jarðamati. En væri til gamalt löggilt jarðamat eða jarðabók, þá væri það alveg rètt, sem minni hlutinn hefir fylgt fram, að taka hina gömlu skatta, og þá einnig fasteignartíundina eptir gamla matinu; en vèr höfum ekkert gamalt mat, sem byggt er á sömu reglum yfir allt land, einga löggilta almenna jarðabók. Þetta hafa allir hinir vitrustu og kunnugstu menn orðið að viðurkenna, hver fram af öðrum, og þetta hefir stjórnin viðurkennt aptur og aptur, bæði með endurteknum tilraunum sínum, um að hafa hèr fram almennt jarðamat, t. d. um byrjun 18. og 19. aldar, og með því, þegar eldgos hafa geingið, og jarðir hafa skemmzt, þá hefir hún látið setja niður dýrleika þeirra jarða til tíundar, og hefir stjórnin sýnt það með berum rökum, að hèr væri ekkert almennt jarðamat til í landi, sem á yrði byggt, eða eptir mætti fara. Þannig hefir í einstöku hèruðum, en þó hvergi nærri alstaðar og óvíðast, verið haft tillit til þess, þegar einstaka jarðir hafa orðið fyrir stórkostlegum áföllum eða eyðileggíngum svona í það og það skiptið; en til hins hefir sjaldan eða aldrei verið tillit haft, þó jarðir hèr og hvar á landinu hafi smámsaman verið að gánga af sèr öld eptir öld, og því síður hefir verið haft neitt tillit til, hvað aðrar jarðir hafa stórum batnað smámsaman. Þetta hvorttveggja var nauðsyn að leiða í ljós með almennu nýju jarðamati, og þess vegna knýr bæði rèttlæti og nauðsyn til, að eptir þessu jarðamati verði fasteigartíundirnar teknar framvegis, en ekki eptir því mati, sem eigi er til, og aldrei hefir til verið, svo að jarðamat eða jarðabók verði kölluð. Hvað snertir sjálft jarðamatið, þá hefir hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* leitt skýr rök að því, hvað af því mundi leiða bæði fyrir þjóðina, þíngið og stjórnina, ef þíngið nú hafnaði þessu jarðamati, sem það á 4 þíngum hefir áður samþykkt; því það hefir samþykkt það á þíngunum 1847, 1853, 1855 og 1857, og það eptir að stjórnin í þessu máli hefir alltaf í aðalatriðunum fallizt á uppástúngur þíngsins til leiðrètt-íngar á matinu; ef þíngið nú ónýtti allt saman, sè eg ekki til hvaða

álits eða hverrar auðnu það getur leitt fyrir þingið, hvort heldur er frammi fyrir stjórninni eða þjóðinni; en það mega allir sjá, að þingið hlyti að glata öllu áliti sínu og tiltrú, ef það færi nú að ónýta það verk, sem bæði stjórnin sjálf og 4 undanfarin þing hafa unnið að svo að segja í einum anda. Um hin einstöku atriði vil eg ekki tala, en bið þá heiðruðu þingmenn, sem óska að ræða um þau, áður en atkvæðagreiðslan fer fram, að taka til máls um þau atriði.

Ásgeir Einarsson: Það hefir litið svo út af umræðum þingmanna, sem meiri hluti þeirra muni gefa atkvæði sín með 3. tölulið; en eg er hræddur um, að þó það sé mjög frjálslegt, að leyfa mönnum að bera sig upp undan ójöfnuði jarðamatsins nú strax, þá muni þeir ekki bera sig upp, sem lágt er metið hjá, heldur að eins þeir, sem hátt er metið hjá, og þegar nú matið verður lækkað hjá þessum, hvað á þá að setja í staðinn fyrir það, sem það lækkar. Töluliður 7. stafl. *c* og *d* eru sömu náttúru, því þeir einir munu bera sig upp fyrstu árin eptir að jarðabókin er löggilt, sem hátt er metið hjá, og þannig getur hundraðatalan á öllu landinu hrunið niður í það óendanlega, og eru þessi breytíngaratkvæði því ekki svo aðgeingileg, þegar vel er að gáð, þó þau kunni að vera það fljótt á að líta, og þó margir hafi fundið galla á þessu jarðamati, hefir samt einginn bent á ráð til þess, að lagfæra þá. *Konúngsfulltrúi* hefir helzt bent á nefndir í sýslum og ömtum, en þær ætti þá að hafa vald til þess, að jafna svo ójöfnuðinn, að jarðamatið ekki hryndi niður yfir höfuð; en um þetta er eingin uppástúnga frá þínginu borin upp, og ekki bent til þess í frumvarpinu, svo óvíst er, hvernig leyfi þetta verður notað, þó feingist. Í sambandi við þetta stendur tíundargjaldið, og hafa sumir fallizt á það, sem sagt hefir verið frá því sjónarmiði, að ekki eigi að leggja hana strax á, eptir því nýja jarðamati, en láta það bíða, þángað til landsmenn gæti gefið álit sitt um það. Hèr held eg að verði 2 flokkar eins og um hitt, að þeir einir muni kvarta, sem skaða bíða af því, að tíund væri tekin eptir hinu nýja jarðamati, en hinir mundi þegja, og sè eg ekki, hvernig stjórnin getur lagfært matið eptir slíkum umkvörtunum. Híngað til hafa einkum komið umkvartanir yfir matinu á ýmsum hlunnindajörðum, og held eg, að mætti lagfæra matið á þessum jörðum; en eg sè ekki, að þessvegna geti verið ástæða til þess, að fresta löggildíng alls jarðamatsins; mèr hefir líka heyrzt svo af ræðum sumra þingmanna, að segja mætti: „sá talar mest um Ólaf konúng, sem hvorki hefir sèð hann eða heyrt“, og að þeir tali mest um þessar eyjajarðir, sem ekki

hafa sèð þær, hvað þá heldur þekkt. Hvað snertir þrídeilinn margrædda, þá er það ekki svo óeðlilegt, þó flestir í suðuramtinu sè með honum, og hafa nægar ástæður komið fyrir því, að aðgjörðum Reykjavíkurnefndarinnar mundi verða steypt, ef þrídeilirinn yrði tekinn. Það er líka auðvitað, hvað þeir eru óvandir að ástæðum, sem með honum mæla; hinn 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að með honum mætti lagfæra matið, einkum í vesturamtinu; en það er aðgætandi, að með honum getur það hækkað þar, en það lækkar um leið í hinum ömtunum; er þetta að lagfæra matið í vesturamtinu innbyrðis? Sannarlega ekki; en það gat heitið, að lagfæra það á öllu landinu eða milli amtanna, en ekki í einu amti. Þegar nú upplýstir menn koma með svona óvandaðar ástæður, hvernig ætli að þá verði ástæður hinna. Þíngmaður Árnesínga skýrði líka frá því, að í Árnessýslu yrði munurinn ekki nema 1 hundr. á 20 hundr. Þegar einn deilir er við hafður, þá hækkar í norðuramtinu dálítið, en allt geingi yfir á vesturamtið, en lètti mest á suðuramtinu; eg skyldi ekki hafa neitt á móti því, ef menn hefði eins gott af hafísnum þar, eins og menn hafa haft hèr gott af ísnum úr tjörninni í vetur; en það vinnur víst ekki atkvæði hèr á þíngi, að þrídeilir verði við hafður, og stjórnin mundi ekki heldur fallast á það, svo hèr um þarf ekki að eyða orðum. Eg ætla að eins að tala lítið um alþíngistollinn, því það hafa að eins verið fáar ástæður með því, að leggja hann á eptir nýja jarðamatinu; en ef þíngið samþykkir það, verður það líka að samþykkja breytíngaratkvæði mitt, þó eg ekki ætlaðist til, að það yrði samþykkt, af því mèr þykir ekki vert, að leggja fleiri skatta á eptir því nýja jarðamati, meðan menn eru í óvissu um, hvernig mönnum muni geðjast að því, og þykir mèr því nóg, að leggja tíundina á eptir því.

Framsögumaður: Eg hefi nú mestpart staðið fyrir utan leikinn við umræður máls þessa í dag; enda hafa ávallt nógir orðið til, að svara þeim mótbárum, sem fram hafa komið móti frumvarpinu og nefndarálitinu; og þarf eg því ekki að verða margorður; og það er fremur af því, að eg á að heita *framsögumaður* í málinu, en að eg búizt við, að geta haft nokkur áhrif á álit og atkvæði þíngmanna, að eg leyfi mèr að tala fáein orð, áður geingið er til atkvæða. Það hefir verið sagt, að Reykjavíkurnefndin hafi gjörraskað grundvelli jarðamatsins, en það er margbúið að sýna og sanna, að þetta sè skakkt álitið, og meðal annars í Þjóðólfi, sem öllum er kunnugt. Að grundvellinum væri raskað, mætti miklu heldur segja, ef sinn deilir væri við hafður fyrir hvert amt. Um sýsludeila er víst óþarft

að tala, þó þíngmaður Rángvellínga hafi skörulega haldið uppi svörum fyrir þeim; sè þeir ekki, eins og eg sagði í dag, valdir til að halda gamla ójöfnuðinum milli sýslna, þá hljóta þeir að vera valdir af handahófi, eða gripnir úr lausu lopti. Þó Rángárvallasýsla hækki nokkuð, þá má geta þess, auk þeirra miklu hagsmuna, sem Rángvellíngar hafa af hestasölu, að nokkrar jarðir hafa þar verið settar niður fyrir áföll af eldgosi, og eru þær nú líklega farnar að ná sèr mikið. Það hefir verið sagt, að eingum væri órèttur gjör, ef tíundir væri teknar eptir gamla matinu, og að tíundin, sem kvöð eða ískylda, hafi haldizt á jörðunum; en eg gat þess þá strax, að jarðir í Rángárvallasýslu hefði verið settar niður fyrir áföll, og svo hafa jarðir víða verið hækkaðar og lækkaðar til tíundar. Og því má ekki eins lækka jörðina, þó hún hafi smáskemmzt, eins og ef hún hefir geingið af sèr allt í einu? Það er satt, að það er byggt á vísindalegum og lagalegum skoðunum, að ekki eigi að raska gömlu tíundinni; en því hefir almenníngur ekki sömu skoðun? Af því hann hefir ekki vit á, að skoða það vísindalega. Það getur nú satt verið; en á þar fyrir að meta álit hans að eingu í þessu máli, sem honum kemur þó sjálfum mest við, að hann rekur ekki samband tímanna, heldur lítur á það, sem næst er? Það hefur þó sannarlega ekki vantað kvartanir yfir hinni ósanngjörnu tíund, og þær eru víst á góðum rökum byggðar; af því það er venja, að leiguliðar gjaldi tíund, sæta þeir víst yfir höfuð lakari kjörum, sem búa á dýrum jörðum; eigendur hafa ekki altènd nóg tillit til tíundanna, hvorki þegar þeir kaupa jarðir, nè þegar þeir byggja þær, það hefir verið sagt, að ekki væri sannað, að það væri ósk almenníngs, að þeim gamla tíundarstofni yrði breytt; en hvað er sönnun, ef ekki bænarskrár úr öllu landinu um nýtt jarðamat; og mun í mörgum þeirra hafa verið skýrt fram tekið, að það væri vegna tíundarinnar. Það er eðlilegt, að þeir, sem tíundin yrði að hækka hjá, vildi heldur borga hana eptir gamla hundraðatalinu; en hinir verða fleiri, sem hún lækkar hjá. Hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga hefir bæði í dag og optar vitnað til þeirra mörgu bænarskráa, sem komið hafi á móti jarðamatinu; já það er *ein*, sem vill ónýta það; hinar vilja fresta því, svo það verði lagað, einkum hvað amtadeilana áhrærir. En eru þá ekki hinir miklu fleiri, sem einga bænarskrá hafa sent, og hvað má marka af því? Hann sagði líka, að þessi tími væri sá óheppilegasti, til að meta jarðir, þegar áhuginn væri svo mjög vaknaður á jarðabótum. Hann hefir þó ekki viljað láta

skatta dugnaðinn; en það flýtur þó beinlínis af meiníng hans um þetta. Mèr skildist, að hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga vænti eptir bráðri breytíng á sköttum, og að hann meinti, að ef tíundin væri af tekin, mætti leggja sömu skatta á þær jarðir, sem áður voru tíundarfrían; en eptir hinni vísindalegu skoðun á tíundinni held eg það væri ekki rèttara, en að breyta nú tíundinni; og þó nú allt þetta breytist eptir fá ár, þá væri þó gott, að njóta jafnaðar þessi fáu ár. Það sem hinn háttvirti þíngmaður fyrir Austur-Skaptafellssýslu talaði um jarðatorfur, sem hefði óskipt land, nefnil., að hlutfallið hefði við hið nýja jarðamat breytzt milli jarða þessara innbyrðis, þá skilst mèr ekki, að í þessu liggi nein mótbára móti jarðamatinu, eða að þar af muni leiða nein vandkvæði eða órèttlæti; við matið hefir sjálfsagt hlutfallið breytzt fyrir það, að það, sem hver jörðin eða jarðarparturinn hefir haft sèrstaklegt, tún og eingi, hefir batnað meira sumstaðar en sumstaðar; en það, sem sameiginlegt hefir verið, hlýtur að vera sameiginlegt eptir og áður, og að sönnu tiltölu, hafi hún áður nokkur verið.

Þó eg hafi verið því meðmæltur, að alþíngisgjaldið, sem nú hvílir á afgjöldum jarðanna, yrði lagt á hið nýja hundraðatal, og þó eg ekki sjái, að það sè miklum annmörkum bundið, að því, er áhrærir prestsmötuna á bændakirknaeignum, þar sem hægt er að finna það hundraðatal, er henni svarar, þá gjöri eg ekki þetta atriði að neinu kappsmáli; en að nefndin stakk upp á, að fella úr seinni hluta 3. greinar, kom einúngis af því, að hún áleit hann óþarfan, ef einga breytíng ætti að gjöra frá því, sem nú er lögákveðið. Þegar eg í dag helzt kvaðst mundu aðhyllast vara- og viðaukaatkvæðið nr. 7. *d*, um að matið feingist lagað á varpjörðum í norð-austur og suðurumdæmunum, var það helzt vegna þess, að eg áleit helzt tilefni til þess, og að það mundi minnstum vandkvæðum bundið, að fá því framgeingt; en hefði eg ekki óttazt, að breytíngaratkvæðin nr. 3. *a* og *b*, eða nr. 7, *c* mundi leiða til ruglíngs og vandræða, hefði eg kann ske aðhyllzt annaðhvort þeirra; munurinn á þeim er mest í því fólginn, að hið fyrra miðar löggildínguna við 1863, en hið síðara við 1861, svo að heldur mætti vænta eptir hinu fyrra, að búið yrði að laga ójöfnurnar, áður en farið væri að taka tíundir eptir nýja matinu.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg biðja hina heiðruðu þíngmenn að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan geingið til atkvæða, og fór atkvæðagreiðslan þannig fram:

1. Uppástúnga *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannah., *Páls Sigurðssonar* og *H. Kr. Friðrikssonar:*
   a, felldur með 19 atkv. gegn 3.
   b, felldur með 15 atkv. gegn 9.
2. Uppástúnga *Gísla Brynjúlfssonar,* felld með 16 atkv. gegn 6.
3. Breytíngaratkvæði *Páls Melsteðs* og *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum:
   a, samþykktur með 13 atkv. gegn 10.
   b, Viðaukaatkvæði hinna sömu við *a.* Hèr var nafnakall við haft, og sögðu

já:	nei:
Páll Melsteð.	Brynjólfur Jónsson.
Ásgeir Einarsson.	Arnljótur Ólafsson.
Gísli Brynjúlfsson.	Benedikt Þórðarson.
H. Kr. Friðriksson.	Guðmundur Brandsson.
Jón Pètursson.	Halldór Jónsson.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	H. G. Thordersen.
Jón Sigurðsson frá Kaupmannah.	Indriði Gíslason.
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	Jón Hjaltalín.
Magnús Andrèsson.	Ólafur Jónsson.
Páll Sigurðsson.	Stefán Jónsson.
Pètur Pètursson.	Sveinn Skúlason.
Stefán Eiríksson.	Vilhjálmur Finsen.
Þórður Jónassen.	

   og var það þannig samþykkt með 13 atkv. gegn 12.
4. Breytíngaratkvæði *Páls Sigurðssonar:*
   a, felldur með 21 atkv. gegn 2.
   b, Uppástúnga *minni hluta nefndarinnar (Arnljóts Ólafssonar* og *Guðmundar Brandssonar):*
   Um þessa uppástúngu var nafnakall við haft, og fór það þannig fram, að

já (sögðu):	nei (sögðu):
Arnljótur Ólafsson.	Páll Melsteð.
Guðmundur Brandsson.	Brynjólfur Jónsson.
H. G. Thordersen.	Ásgeir Einarsson.
Jón Sigurðsson frá Tandras.	Benedikt Þórðarson.
Magnús Andrèsson.	Gísli Brynjúlfsson.

já (sögðu):	nei (sögðu):
Páll Sigurðsson.	H. Kr. Friðriksson.
Stefán Eiríksson.	Halldór Jónsson.
Þórður Jónassen.	Indriði Gíslason.
	Jón Hjaltalín.
	Jón Pètursson.
	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
	Jón Sigurðsson frá Kaupmannah.
	Ólafur Jónsson.
	Pètur Pètursson.
	Stefán Jónsson.
	Sveinn Skúlason.
	Vilhjálmur Finsen.

og var hún þannig felld með 17 atkvæðum gegn 8.

c, Frumvarpsins 1. grein, með ártalinu 1861 breyttu í 1863, samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 3. tölulið, samþykkt með 17 atkvæðum gegn 5.

5. Frumvarpsins 2. grein:

a, Uppástúnga *minni hluta nefndarinnar (Arnljóts Ólafssonar* og *Vilhjálms Finsens).* Hèr var og nafnakall við haft, og fór það þannig fram:

já (sögðu):	nei (sögðu):
Brynjólfur Jónsson	Páll Melsteð.
Arnljótur Ólafsson	Ásgeir Einarsson.
Gísli Brynjúlfsson	Benedikt Þórðarson.
H. Kr. Friðriksson	Guðmundur Brandsson.
Jón Pètursson.	Halldór Jónsson.
Jón Sigurðsson frá Gautl.	H. G. Thordersen.
Jón Sigurðsson frá Kaupmh.	Indriði Gíslason.
Jón Sigurðsson frá Tandras.	Jón Hjaltalín.
Magnús Andrèsson.	Ólafur Jónsson.
Páll Sigurðsson.	Stefán Eiríksson.
Pètur Pètursson.	Stefán Jónsson.
Vilhjálmur Finsen.	Sveinn Skúlason.
	Þórður Jónassen.

og var hún þannig felld með 13 atkv. gegn 12.

b. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum, fellt með 16 atkv. gegn 7.

c. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* við 2. gr., samþykkt með 17 atkv. gegn 4.

d. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn við 2. gr. frumvarpsins, fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 5. *c.*

e. Sjálf 2. gr. frumvarpsins (samþykkt af meira hluta nefndarinnar), með áorðnum breytíngum, samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 5. *c,* samþykkt með 17 atkv. gegn 6.

6. Frumvarpsins 3. grein.

a. Fyrra atriði (er nefndin hafði stúngið upp á að fèlli burt), fellt með 20 atkv. gegn 2.

b. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar,* fellt með 19 atkv. gegn 4.

c. Varaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar,* fallið við atkvæðagreiðsluna við 6. *b.*

d. Síðara atriði 3. gr. (er nefndin hafði stúngið upp á að fèlli burt), samþykkt með 18 atkv. gegn 3.

7. Frumvarpsins 4. gr.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn stíngur upp á, að þessi grein falli burt, tekið aptur.

a. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum, tekið aptur af uppástúngumanni.

b. Sjálf 4. gr. frumvarpsins (samþykkt af nefndinni), samþykkt með 17 atkv. gegn 6.

c. Viðaukaatkvæði *Sveins Skúlasonar,* samþykkt með 14 atkv. gegn 6.

d. Viðauka- og varaatkvæði hins *sama* við sömu grein (ef stafliður *c* fellur), fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 7. *c.*

8. Hvort biðja skuli konúng að gjöra frumvarp þetta, samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu að lögum, samþykkt með 19 atkv gegn 5.

Forseti: Þar næst kemur þá, samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu, málið *um skatt af tómthúsum og óbyggðri lóð í Reykjavík,* og vona eg, að hinir heiðruðu þíngmenn hafi hina prentuðu atkvæðaskrá fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í málinu (konúnglegt frumvarp) *um skatt af tómthúsum og óbyggðri lóð í Reykjavík.*

1. Frumvarpsins 1. gr.

a, Breytíngaratkvæði *H. G. Thordersens* og *Arnljóts Ólafssonar:*

Að tómthús öll á lóð jarðarinnar Sels verði undan þegin allri tollgreiðslu til bæjarsjóðsins.

b, Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar:*

Að gjald af bæjum og tómthúsum verði sett helmíngi lægra, en nefndin hefir upp á stúngið, og að einginn tollur verði lagður á kálgarða eða aðra lóð, er þeim tilheyrir.

c, Breytíngaratkvæði *Þórðar Jónassonar* og *Arnljóts Ólafssonar* (samþykkt af nefndinni).

Að 1. gr. frumvarpsins verði þannig orðuð:

Á hvert tómthús með lóð þeirri, sem því fylgir, í umdæmi Reykjavíkurbæjar, og sem eigi hefir híngað til verið goldið lóðargjald af til lóðareiganda, skal lagður lóðartollur frá 6 – 16 álna eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá þeirri, er það ár er sett í Reykjavík, og skal bæjarstjórnin ákveða upphæð lóðargjaldsins innan þessara takmarka eptir málavöxtum.

d, Nefndin:

Að greininni verði þannig breytt:

α, Fyrir „Á öll tómthús“, verði sett: *„Á alla bœi og tómthús“.*

β, Fyrir orðin: „ásamt hjöllum eða öðrum útihúsum, er fylgja“, verði sett: *„og eins á alla hjalla og önnur útihús“.*

e, Sjálf 1. gr. frumvarpsins (óbreytt):

Á öll tómthús í umdæmi Reykjavíkurbæjar, ásamt hjöllum eða öðrum útihúsum, er þeim fylgja, skal á ári hverju jafna niður hússtæðisskatti eptir sama mælikvarða, og híngað til hefir verið fylgt viðvíkjandi lóðargjaldi af kaupstaðarhúsum, samkvæmt reglugjörð 27. nóvbr. 1846, 19. gr., og einkum á þá leið, að á hverja ferhyrnda alin af stærð téðra húsa leggist sama gjald og það, sem á því ári verður jafnað á hverja ferhyrnda alin af sjálfum kaupstaðarhúsunum.

2. Frumvarpsins 2. gr.

a, Breytíngaratkvæði *H. G. Thordersens* og *Arnljóts Ólafssonar:*

Að tún jarðarinnar Sels og eins skólatúnið sè undanþegin allri tollgreiðslu til bæjarþarfa.

b, Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar:*

Að allir þeir túnblettir í umdæmi bæjarins, sem lèðir hafa

verið einstökum mönnum eða fèlögum leigulaust um víst árabil, verði þessari álögu undanskildir, þángað til það tímabil er útrunnið, sem í þessu tilliti hefir verið tiltekið.

c, Breytíngaratkvæði *Þórðar Jónassonar* og *Arnljóts Ólafssonar* (samþykkt af nefndinni).

Að greinin verði þannig orðuð:

Á allar þær lóðir, sem eigi eru undanskildar eptir 1. grein, á lóð þeirri, sem ákveðin var handa kaupstaðnum með mælíngargjörð 22. og 23. dag maímánaðar 1792, þar sem sèrstakir samníngar af hállu bæjarstjórnarinnar eru eigi því til fyrirstöðu, hvort heldur eru kálgarðar, garðsrúm, stakkstæði, eða hverju nafni sem nefnist, og hvort heldur lóðin er umgirt eða óumgirt, skal ár hvert jafna lóðarskatti eptir flatarmáli, er sè að upphæð $^1/_6$ af húsaskatti þeim, sem það ár er lagt á kaupstaðarhúsin samkvæmt 19. gr. í tilsk. 27. dag nóvembermánaðar 1846.

d, Nefndin: (uppástúnguatriði II):

Að greininni veri þannig breytt:

Á alla kálgarða, húsagarða og stakkstæði í umdæmi Reykjavíkurbæjar, hvort heldur lóðin er umgirt eða óumgirt, skal ár hvert jafna lóðarskatti eptir flatarmáli, er sè að upphæð $^1/_6$ af gjaldi því, sem rædir um í 1. gr.; sama gjald skal og greiða af túnblettum þeim, sem eru á lóð þeirri, sem ákveðin var handa kaupstaðnum með mælíngargjörð 22. og 23. dag maímán. 1792. Af túnblettum þeim, er liggja fyrir utan tèða kaupstaðarlóð, skal gjalda 3 ál. í peníngum eptir verðlagsskrá, eptir meðalverði allra meðalverða, ár hvert eptir dagsláttuna, eða að rèttri tiltölu við það.

e, Sjálf 2. gr. frumvarpsins (óbreytt):

Á allar óbyggðar lóðir í umdæmi Reykjavíkurbæjar, hvort heldur eru kálgarðar, garðsúm, stakkstæði, tún, eða hverju nafni sem heitir, og hvort heldur lóðin er umgirt eða óumgirt, skal hvert ár jafna lóðarskatti eptir flatarmáli, er sè að upphæð $^1/_6$ af gjaldi því, sem rædir um í 1. gr., þó skal að því, er snertir lóðir þær, er liggja fyrir utan sjálfa kaupstaðarlóðina, sem kölluð er, er ákveðin var með mælíngargjörð 22. og 23. maí 1792, gjald þetta að eins greiða af

allt að 1,000 ferhyrndum álnum, en af því, sem lóðin er stærri en þetta flatarmál, skal ekkert gjalda.

3. Frumvarpsins 3. gr.

Gjöld þessi, er renna í Reykjavíkur bæjarsjóð, eiga að koma upp í þann hluta af útgjöldum bæjarins, sem jafna á niður á bæjarbúa eptir efnum og ástandi samkvæmt reglugjörð 27. nóvbr. 1846, 19. gr. Að öðru leyti skal um það, að gjöld þessi sè rituð á hina árlegu niðurjöfnunarskrá, um það, hve nær þau skuli greidd og hvernig þau verði heimt, fara eptir ákvörðunum þeim, sem nú gilda um bæjargjöldin yfir höfuð.

4. Frumvarpsins 4. gr.

a, Lagaboð þetta öðlast gildi þann 1. jan. 18 . .

b, Viðauki nefndarinnar: „61“.

5. Hvort biðja skuli konúnginn að löggilda þetta frumvarp (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu).

Var málið síðan afhent *framsögumanni,* þingmanni Reykvíkinga.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Það var æði-margrætt um þetta mál við undirbúningsumræðuna, svo að eg vona, að þingmönnum sè það nú ljóst, um hvaða álögur hèr er verið að ræða, og hversu miklar þær muni verða. Hinn 1. konúngkjörni þingmaður og þingmaður Borgfirðinga hafa komið fram með breytingaratkvæði við 1. grein frumvarpsins, og stendur það undir töluliðnum 1. *c* á atkvæðaskránni; þeir eiga líka annað breytingaratkvæði við 2. grein frumvarpsins, og stendur það undir tölulið 2. *c;* bæði þessi breytingaratkvæði hefir nefndin samþykkt, og með því mun vera burtu fallið ósamlyndi það, sem nefndin átti í við þingmann Borgfirðinga og hinn 1. konúngkjörna þingmann áður. Breytingaratkvæði hins 2. konúngkjörna þingmanns og þingmanns Borgfirðinga undir 1. *a,* sýnist mèr vera fallið, ef þingið fellst á 1. *c,* og það er þá í rauninni óþarft; því að jörðin Sel er óbeinlínis undanþegin öllu gjaldi í breytingaratkvæðinu undir 1. *c.* Breytingaratkvæði þingmannsins úr Gullbringusýslu undir stafliðnum 1. *b* getur nefndin eigi samþykkt, og finnst henni rèttara, að taka hina uppástúnguna, sem mæla má þá bót, að það er auðgeingið að því, að eptir henni verður ekki hærri tollur af tómthúsum hèr, en annarstaðar á landinu, ef tómthúsmennirnir hèr verða ekki betur farnir, en aðrir tómthúsmenn hèr á landi. Breytingaratkvæði hins 2. konúngkjörna þingmanns og þingmanns Borgfirðinga við 2. gr. frumvarpsins undir stafliðnum *a* er óþarft um

jörðina Sel; en eg get ekki fallizt á, að skólatúnið sè undan þegið fremur en önnur svæði á lóð bæjarins; stjórnin hefir einnig sjálf viðurkennt, að rètt væri að gjalda hússtæðisskatt af skólanum, og því má það þá ekki eins af skólalóðinni, eins og af öðrum lóðum? Eg held líka, að gjaldið verði ekki svo hátt, að ríkissjóðurinn geti ekki borið það. Breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Gullbríngusýslu undir staflið 2. *b*, er óþarft, ef fallizt verður á breytíngaratkvæði hins 1. konúngkjörna þíngmanns og þíngmanns Borgfirðínga undir staflíðnum 2. *c*, sem nefndin hefir samþykkt. Uppástúngu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu um, að Reykjavíkurbúar feingi nokkuð af *Thorchillii*-sjóði til stofnunar barnaskólans, er eg að því leyti samdóma, að mèr finnst það sanngjarnt, að Reykvíkíngar feingi nokkuð af þessum sjóði; en eg held þíngið gjörði rèttast í, að fara eigi fram á það að þessu sinni. Nefndin hefir lagt fram á lestrarsalinn mælíngargjörð yfir Reykjavíkurbæ frá 22. og 23. maí 1792, og hafa þíngmenn átt kost á að kynna sèr hana, en eg skal nú taka fram helztu atriði hennar til skýríngar. Lóðin, sem þá var mæld út, var túnalóð jarðarinnar Reykjavíkur, og var hún öll 23,834 ferhyrníngssvæði *(Roder)*, og hvert svæði 5 ferhyrníngsálnir. Helmíngurinn af þessu, eða 11,917 ferhyrníngssvæði voru síðan lögð til kaupstaðarlóðar fyrir Reykjavíkurbæ, og nær hún að *norðanverðu* niður að sjónum; að *austanverðu* fyrst að Arnarhólslæk, og því næst að túngörðum Stöðlakots og Skálholtskots, þannig að á kaupstaðarlóðinni er öll hjáleigan Stöðlakot, og mestur hluti Skálholtskots, að undanskildum 1,470 ferhyrníngssvæðum, eptir stefnu frá túngarðinum ofan í tjörn, og er sú lína 280 álnir. Að *vestanverðu* er lína frá neðsta enda grjótgarðs nokkurs niður við sjó, og suður að þremur merkisteinum, og er sú lína 402 álnir að leingd, og úr þessum merkisteinum er dregin lína niður í tjörn $141\frac{1}{2}$ alin á leingd, en hornið, sem þessar línur mynda, þar sem þær koma saman, er 102 mælistig. Að *sunnanverðu* eru takmörkin tjörnin og hin ofangreindu ummerki. Eptir þessari útmælíngu hefir yfirkennari B. Gunnlögsson mælt út lóð bæjarins, og eptir því verður línan að austanverðu nokkuð fyrir ofan bakarahúsin, eða rèttara sagt, fyrir ofan timburhúsin, sem standa næst þeim að austan; en vestari línan liggur um Sjóbúð, fyrir ofan nýja veginn og hús Egils Jónssonar bókbindara, og svo á ská niður í tjörnina. Móti lóðartollsgjaldinu hafa komið umkvartanir frá nokkrum tómthúsmönnum, og virðist mèr mótmæli þeirra einkum vera sprottin af þeirri ástæðu, að þeir eigi vildi láta leggja skatta á lóðirnar, fyr en

skattur er lagður á allt, sem skattur verður af tekinn; en þessi á-stæða er ekki rètt, því að það er eingin bót fyrir þá, þótt skattur væri lagður á allt, heldur sýnist mèr rèttast, að leggja fyrst skatt á það, sem næst er og helzt á að leggja skatt á, sem eru lóðirnar eða jarðeignin. Eg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um þetta mál, þar eg held, að þíngmönnum sè það nú svo ljóst, að þeir þurfa ekki að vera í vafa um það, að fylgja nefndinni.

Forseti: Eg vil biðja hinn heiðraða *framsögumann* að taka við bænarskrá þeirri frá tómthúsmönnunum, er legið hefir um stund á lestrarsalnum öllum til sýnis, og hafa hana, jafnframt framsögu þessa máls, til flutnings, af því eg álít, að hann sè hinn rètti flutníngsmað-ur hennar.

Var umkvörtunin síðan afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður: Eg álít, að það sè skylda mín, að flytja þessa bænarskrá svo sem fulltrúi Reykjavíkurbæjar, það er að segja, að bera hana fram, svo að þíngmönnum gefist kostur á, að kynna sèr hana; en eg get samt ekki mælt fram með henni, því að eg er sannfærður um, að tómthúsmennirnir mæla þar sjálfum sèr í óhag.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla að eins að taka það fram, að eg ætla að gefa atkvæði með staflið 1. *c* og 2. *c*, og svo 3. og 4 gr. frum-varpsins. Nefndin hefir nú tekið breytíngaratkvæði mín og hins háttvirta 1 konúngkjörna til greina, og það var eina úrræðið fyrir hana, til þess að fella ekki allt málið. Eg játa það, að þessi skatt-ur sè ekki eptir rèttum skattgjaldsreglum, en þó má nú una við hann, því af honum eru allar lökustu ójöfnurnar.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg vildi spyrja *framsögu-mann* að því, hvað meint er með orðinu: í *umdæmi* Reykjavíkur-bæjar". Hvort meint sè með því *lóð* eða þá *lögsagnarumdæmi* Reykjavíkurbæjar.

Framsögmaður: Það er reyndar *lögsagnarumdæmi*, en það verður hèr hið sama í reyndinni og lóð Reykjavíkurbæjar, því að svo er til ætlazt, að tollur þessi skuli að eins takast af þeirri lóð, sem ekkert er goldið af til neins eiganda.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: *Framsögumaður* sèr, að orðið: „í umdæmi Reykjavíkurbæjar" er þýðíngarmikið, því und-ir skilníngnum á því er komið, af hvað mikilli lóð tollinn skuli taka, og þess vegna vildi eg, að það væri skýrt ákveðið, hvort meint væri bæjarins lóð eða bæjarins lögsagnarumdæmi, en mèr þótti ekki sú upplýsíng, sem hann gaf, að meint væri

bæjarins lóð, nógu skýr, og því vil eg spyrja hann, hvort sá maður, sem á tómthús á bæjarins lóð og einhver einstakur eigandi tekur lóðargjald eptir, eigi nú að gjalda annan lóðartollinn til af því?

Framsögumaður: Nei, ekki þegar einhver annar tekur lóðartoll eptir það.

Guðmundur Brandsson: Eg tók mèr breytíngaratkvæði það, sem stendur á atkvæðaskránni undir staflið 1. *b*, eins og þíngmenn muna, af því að nefndin hafði stúngið upp á, að sama gjald skyldi gjalda af tómthúsum eða bæjarhúsum, og timburhúsum niður í bænum, og af því mèr þótti það ósanngjarnt vegna þess, að veggirnir eru svo miklu þykkari á torfbæjunum, en á timburhúsunum, og rúmið inni í þeim miklu minna, en í timburhúsunum, einkum þeim, sem eru tvíloptuð, og svo af því, að timburhúsin eru endíngarbetri en bæirnir, og þess vegna þótti mèr það ósanngjarnt, að gjaldast skyldi jafn lóðartollur af þeim og húsunum eptir flatarmáli því, sem þau stæði á. Eg er enn þá á sömu meiníngu, að ef bærinn þarf fleiri gjöld og meiri en nú, þá gæti maður feingið þau með aukaútsvari, eins vel og með þessum lóðartolli. Það er auðsèð á ástæðum frumvarpsins, að það er ætlazt til, að tollurinn renni fyrst inn í bæjarsjóðinn, og síðan úr honum aptur til barnaskólans; það kemur nú í sama stað niður, hvort hann er lagður á, eða bæjarsjóðnum aukið fè með aukaútsvari, sem nægilegt er, til að standast kostnað þenna; nú getur vel skeð, að sumir þeir, sem búa í timburhúsunum niðri í bænum, komi til að gjalda minni lóðartoll, en sumir af þeim tómthúsmönnum, sem hann verður lagður á; en hvort sem heldur verður, þá rekur að því sama, sem eg hefi sagt; því þó nú húsaskatturinn komist á, sleppa menn ekki við aukaútsvarið fyrir það; svo verður þessi húsaskattur ekki heldur laus við gjörræði, ef hann verður lagður á eptir einhverri ágizkun. Breytíngaratkvæði mitt ætla eg ekki að tala um; það stendur og fellur sínum herra. Breytíngarkvæði hins 1. konúngkjörna þíngmanns og þíngmanns Borgfirðínga, sem nefndin hefir samþykkt kemur hèr á atkvæðaskvæðaskránni öðruvísi fram, en það var ráðgjört; það var ráðgjört, að lóðartollurinn skyldi vera frá 1 rd. til 15 marka, en hèr stendur frá 6 til 16 álna eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni; það getur nú auðsjáanlega hækkað og lækkað eptir verðlagsskránni, og getur það þá stundum orðið meir en 15 mörk; því það getur hæglega orðið allt að 4 rd., og hver veit hvað mikið? Ef á að samþykkja þetta, þá má bráka þar við

hið sama gjörræði og við aukaútsvarið, og bætir þetta ekki neitt úr uppástúngu frumvarpsins, og hún er að því leyti má ske betri, sem gjaldið þar er fastar ákveðið eptir flatarmáli; en þó er hvorugt gott, og því tók eg mèr breytíngaratkvæðið, sem eg minntist á, til að reyna að bæta nokkuð úr þessu, því 6 og 12 álna tollurinn verður lagður á af handahófi, það getur maður sèð. En mèr þykir það mjög óviðkunnanlegt, að leggja nokkurn toll á kálgarða, bæjarhlöð eða túnbletti, sem eru ræktaðir upp úr klúngróttum holtum, og sem ekki gefa þann arð af sèr, að þeir sè búnir að borga þá erfiðismuni, sem menn hafa haft með að rækta þá, og því síður, að menn geti staðið sig við að gjalda mikið eptir þá. Eg sè, að breytíngaratkvæði hins 1. konúngkjörna þíngmanns og þíngmanns Borgfirðínga undir staflið 2. *b* fer í sömu stefnu, og síðara breytíngaratkvæði mitt, sem er næst á undan þeirra, og leggur það sig sjálft, að menn ekki geta komið skatti við, þar sem ýmsir túnblettir hafa um leingri eða skemmri áratölu verið lèðir leigulaust, og veit eg, að þannig er á statt með nokkra bletti hèr; þar á meðal veit eg, að einn er lèður leigulaust upp á 80 ár; sá eða þeir, sem þann blett hafa verið að rækta, hefði ekki átt við það, ef þeir hefði átt von á þessum tolli, og mundi heldur ekki vera færir fyrir miklum álögum; eg ætla svo ekki að tala um fleira á atkvæðaskránni, en það sèst við atkvæðagreiðsluna, með hverju af hinu eg gef atkvæði.

Framsögumaður: Eins og eg sagði áðan, eru breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Gullbríngusýslu sum óþörf, því að þau eru tekin upp af nefndinni í breytíngaratkvæðin undir staflið 1. *c* og 2. *c;* en þar sem hann sagði, að það væri sama, hvort maður legði á þenna lóðartoll, eða aukaútsvari væri jafnað niður á menn eptir efnum þeirra og ástæðum, og sagði að í hvorutveggju væri hið sama gjörræði, þá er það misskilníngur. Bæjarfulltrúarnir gjöra niðurjöfnuninna eptir beztu samvizku, en það er ekki unnt að segja, að það dalatal sè það eina rètta, og menn geta ekki heimtað það; því að vandinn er ekki lítill; kvartanir þær, sem menn stundum hafa gjört yfir niðurjöfnuninni, sýna, að þeir menn, sem eru nákunnugastir högum hvors annars, hafa þó ekki verið færir um að segja: mèr er gjört of hátt gjald í samanburði við þenna og þenna; en þegar gjaldið er lagt á lóð bæjarins, þá er það gjört eptir stærð lóðarinnar, og allt gjörræði úti lokað, því að bæjarstjórnin verður að hafa mál á lóðunum, þótt það þurfi ekki eins nákvæmt, eins og eptir uppástúngu

þingmannsins og nefndarinnar, eins og hún var fyrst, en bæjarstjórnin verður samt að hafa yfirlit yfir stærð lóðanna.

Pètur Pètursson: Eins og eg lèt í ljósi við undirbúningsumræðuna, álít eg það eina rètta vera, að aðhyllast breytíngaratkvæði hins 1. konúngkjörna þíngmanns og þíngmanns Borgfirðínga, því það er bæði „praktiskt“ og sanngjarnt, þess vegna get eg ekki verið samþykkur breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Gullbríngusýslu undir staflið 1. *b;* því þó hann í því lækki gjaldið um helmíng við það, sem nefndin hafði stúngið upp á, og sem stúngið var upp á í frumvarpinu, þá er það samt sömu annmörkum bundið og það; erfiðleikarnir og kostnaðurinn við það, að mæla svo nákvæmlega allar lóðir, er svo mikill, að það getur ekki svarað kostnaði. Sú grundvallarregla þykir mèr líka alveg óhafandi, að leggja toll á túnbletti og kálgarða tómthúsmanna, því mèr þykir þeir miklu fremur eiga verðlaun skilið fyrir, að hafa ræktað þá upp úr holtunum hèrna, en ekki skatt. Það yrði líka mjög erfitt, að fást við þetta, ef tómthúsmenn afsöluðu sèr part af lóðinni, því þá yrði í hvert skipti að mæla upp aptur, eða taka lóðartollinn hjá þeim lögtaki, og þess vegna er eg með breytíngaratkvæðinu undir staflið 1. *c,* sem nefndin hefir aðhyllzt. Það er annað spursmál, hvort tollurinn verður eptir þessu breytíngaratkvæði eins hár, eins og eptir frumvarpsgreininni; eg held það ekki, og þó hann verði minni, þykir mèr hann samt betri svona, vegna þess að hinn er miklu óaðgeingilegri.

Þórður Jónassen: Eg skal út af því, sem hinn heiðraði þíngmaður Gullbríngusýslu sagði, geta þess, að hann hefir rètt í því, að eg hefi gjört litla breytíngu í atkvæði mínu frá því, er það var upphaflega; en það var eptir samkomulagi við nefndina; breytíngin er reyndar ekki mikil; hún er fólgin í því, að eg hefi nú stúngið upp á, að lóðartollurinn yrði ákveðinn í álnatali frá 6—16 álna eptir verðlagsskránni, og munar það minnstu frá minni fyrri uppástúngu, en kemur betur heim við það, sem bæjarstjórnin að öðru leyti fylgir, þegar hún leigir eitthvað út, t. a. m. tún, því þá er hún farin að á kveða leiguna í álnatali. Að láta bæjarstjórnina ákveða upphæðina eptir kríngumstæðum í hvert skipti, þykir mèr ekkert ísjárvert; þar getur ekki orðið spursmál um neitt gjörræði frá hennar hendi, þar sem um svo lítið er að gjöra, fáeinar álnir meir eða minna, og þó enda væri meira um að vera, er óhætt að treysta sanngirni bæjarstjórnarinnar, eins í því og öðru.

Vilhjálmur Finsen: Eg vil geta þess um breytíngaratkvæðið

undir staflið 1. *c*, sem nefndin hefir komið sèr saman um að orða eins og það er við uppástúngumennina, að þegar lagaboð væri komið út, ætti lóðartollurinn að ákvarðast af bæjarstjórninni eitt sinn fyrir öll, og yrði hann ekki hækkaður, úr því hann einu sinni væri á kveðinn; en þegar ný tómthús yrði byggð, þá yrði að á kveða lóðartoll af þeim í hvert skipti. Eins og sèst á atkvæðaskránni, hefir nefndin fallizt á þau aðalbreytíngaratkvæði, sem gjörð hafa verið, þó nefndin væri ekki alveg ánægð með þau, en hún gjörði það, til þess að vera vissari um, að málið skyldi komast í gegnum þíngið. Eg verð meðal annars að segja það, að eg kann ekki rètt vel við þá ákvörðun, að lóðartollurinn skuli vera fast á kveðinn frá 6—16 álna; mèr hefði þótt betra, að hann væri tekinn eptir flatarmáli, eins og í frumvarpinu var stúngið upp á, en hin skoðunin, nefnilega, að hafa ákveðið ársgjald, er víst meira samkvæm því, sem álitið er bæði hèr á þínginu og svo eins hjá almenníngi út um landið.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið, og vil eg áður en geingið er til atkvæða spyrja *framsögumann* og hina aðra nefndarmenn, hvort þeir ekki álíti, að staflíðurinn 2. *c* yfirgrípi staflíðina *b*, *d* og *e*; eg álít ekki, að hann grípi yfir meira af uppástúngugrein nefndarinnar, og frumvarpsgreininni, en aptur að „22. og 23. d. maím. 1792“, en að hann nái ekki út yfir síðari kafla greinanna.

Framsögumaður: Eg játa það, að greinin nær ekki út yfir alla greinina í frumvarpi stjórnarinnar; mætti því, ef til vill, síðari kaflinn koma til atkvæða með skilyrði um orðabreytíngu.

Forseti: Eg skal geta þess, að hinn 6. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaður Árnesínga eru sökum forfalla sinna geingnir af fundi. Skal eg svo biðja hina heiðruðu þíngmenn, að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan eptir samkomulagi fyrst borin upp:

1. Frumvarpsins 1. gr.
   c. Breytíngaratkvæði *Þórðar Jónassens* og *Arnlóts Ólafssonar* (samþykkt af nefndinni), samþykkt með 20 atkvæðum.

   Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu voru þá þessir staflíðir álitnir fallnir:

   a, Breytíngararatkvæði *H. G. Thordersens* og *Arnljóts Ólafssonar.*

   b, Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar.*

d, Uppástúnga *nefndarinnar α og* β, *og*

e, Sjálf 1. gr. frumvarpsins (óbreytt).

2. Frumvarpsins 2. gr.

a, Breytíngaratkvæði *H. G. Thordersens* og *Arnljóts Ólafssonar,* fellt með 13. atkv. gegn 4.

Var því næst einnig, eptir samkomulagi, á undan stafliðnum 2. *b,* borinn upp:

2. *c.* Breytíngaratkvæði *Þórðar Jónassonar* og *Arnljóts Ólafssonar* (samþykkt af nefndinni), samþykkt með 20 atkvæðum. Voru þá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu álitnir fallnir þessir stafliðir:

2. *b.* Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar,*

d, Nefndin (uppástúnguatriði II.) og

e, Sjálf 2. gr. frumvarpsins (óbreytt).

3. Frumvarpsins 3. grein, samþykkt í einu hljóði.

4. Frumvarpsins 4. grein.

a og *b,* borin upp í einu, samþykkt í einu hljóði.

5. Hvort biðja skuli konúnginn að löggilda þetta frumvarp (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu), samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Þó eitt mál sé enn þá eptir á dagskránni, sé eg ei fært, að halda leingur áfram, en ákveð fund á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

---

9. ágúst — Þrítugasti og fyrsti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal fyrir fram geta þess, áður en barnaskólamálið, sem er fyrst á dagskránni, kemur til umræðu, að afskript af útmælíngargjörðinni 1792 hefir í 2 daga legið á lestrarsalnum, ásamt með afskript af áætluninni um kostnað þann, er stofnun og viðhald barnaskólans í Reykjavík mundi hafa í för með sér.

Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til átyktarumræðu og atkvæðagreiðsu málið *um stofnun barnaskóla í Reykjavík. Framsögumaður* í málinu er hinn heiðraði þíngmaður úr Reykjavík.

Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona eg þíngmenn hafi hana við hendina.

Atkvæðaskrá

í málinu (kgl. frumvarp) *um stofnun barnaskóla í Reykjavík.*

1. Frumvarpsins 1. gr.

a, Breytíngar- og viðaukaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar,* við 1. uppástúnguatriði nefndarinnar (stafl. *b.*):

Að fyrir aptan orðin „kennslu í", bætist: rèttritunareglum og landafræði, í reikníngi, sögu landsins og almennri mannkynssögu, í dönsku, þýzku, ensku, frakknesku, grísku og latínu.

b, Nefndin (1. uppástúnguatriði):

Í Reykjvík skal stofna barnaskóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima, geti notið kennslu í; skulu foreldrar og vandamenn skyldir til, að láta börn sín gánga í skólann, ef þeir eigi á annan hátt láta kenna þeim það, sem ákveðið er í lögum, að hver maður skuli nema. Svo má og fyrir hæfilega borgun taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið, án þess hin missi í.

Að því leyti fé það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til, skal jafna kostnaðinum niður á bæjarmenn, samkvæmt tilsk. um stjórn Reykjavíkurbæjar dags. 27. nóv. 1846, 19. gr.

c, Sjálf frumvarpsgreinin:

α, Fyrri kaflinn:

Í Reykjavík skal stofna skóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima, geti notið þeirrar kennslu í, er þykir nauðsynleg fyrir hvern mann.

β, Viðaukaatkvæði *Péturs Pèturssonar:*

Að við enda þessa kafla greinarinnar (α) sé bætt: *„sem almennt er kallaður vel að sèr"*.

γ, Síðari kafli 1. greinar:

Svo má og fyrir hæfilega borgun taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið, án þess hin missi í. Að því leyti fé það, sem til stofnunar og viðurhalds skólans er ákveðið, hrökkur ekki til, skal jafna kostnaðinum niður á bæjarmenn, samkvæmt tilskipun um stjórn Reykjavíkurbæjar, dagsettri 27. dag nóvembermánaðar 1846, 19. gr.

2. Frumvarpsins 2. gr.

a, Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn:

Að í stað orðanna (í 2. *c*): „eptir þörfum og ásigkomulagi bæjarins“, til enda greinarinnar: — „kennslumálanna“, verði sett: *„og að samþykkja reglugjörðir þær, sem bæjarstjórnin semur handa skólanum“.*

b, Breytíngaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar:*
Að í stað orðsins: „stjórnardeild“ (í 2. *c*) verði sett: *„stjórnarherra“.*

c, Nefndin (2. uppástúnguatriði):
Stiptsyfirvöldunum á Íslandi skal falið á hendur, með ráði bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, að skipa fyrir um fyrirkomulag skólans eptir þörfum og ásigkomulagi bæjarins, og skal reglugjörð þessi samþykkt af stjórnardeild kirkju- og kennslumálanna.

d, Breytíngaratkvæði *Péturs Péturssonar* við 2. gr stjórnarfrumv. 2. *e):*
Að í staðinn fyrir „stjórdardeild“, verði sett: *„stjórnarherra“.*

e, Sjálf frumvarpsgreinin:
Stjórnardeild kirkju- og kennslu-málanna skal falið á hendur, með ráði stiptsyfirvaldanna á Íslandi og annara þeirra manna, er hlut eiga að máli, að skipa fyrir um fyrirkomulag skóla þessa og skyldur bæjarmanna við hann, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar eru um þess konar skóla í Danmörku, þó með þeirri tilhögun og breytíngum, sem eptir þörfum landsins og ásigkomulagi bæjarins eru nauðsynlegar eður ákjósandi.

3. Uppástúnga *Guðmundar Brandssonar:*
Að Reykjavík fái til stofnunar barnaskólans sinn hlut úr „Thorchillii“-sjóðnum að réttri tiltölu við aðra hreppa í Kjalarnessþíngi.

4. Hvort biðja skuli konúnginn að gjöra frumvarp þetta að lögum (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu)?

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Eg vona þess fastlega, að þíngið muni styrkja þessa menntastofnun, eins og það styrkir hverja aðra menntastofnun hér á landi, með því allir, sem nokkuð þekkja hér til, hljóta að játa, að þessi skóli er nauðsynlegur; og allir hafa líka verið sammála um það, bæði bæjarstjórnin, stiptsyfirvöldin og alþíngi 1853, og þar sem þíngmaður Borgfirðínga sagði við undirbúníngsumræðu þessa máls, að einginn hefði viljað hafa barnaskóla á bæjarsamkomunni, sem haldin var hér í bænum 29.

júlí 1856, þá get eg nú frætt þingmenn á því, að á þessari bæjarsamkomu voru allir í einu hljóði á því, að þörf væri á barnaskóla hèr í Reykjavík, og má það sjá á útskript þeirri af gjörðabók bæjarstjórnarinnar hèr í Reykjavík, sem eg hefi nú fyrir mèr.- Á þessu sjá hinir heiðruðu þingmenn, að það, sem hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga þóknaðist að segja, að margir hefði verið á móti honum, er ránghermt. Ágreiningurinn, sem fram kom, var því ekki um það, hvort skólinn væri nauðsynlegur, heldur um formið; því að sumir hèldu með minni hluta fulltrúanna, en aðrir með meiri hlutanum; en stjórnin gat eigi fallizt á skoðun meiri hluta fundarmanna, eða það form, sem hann hafði stúngið upp á. Nauðsynina hafa allir viðurkennt, sem fjallað hafa um þettað mál, og þingið sjálft viðurkenndi hana 1853, og því er eg sannfærður um, að það felli nú ekki þetta mál, þegar það hefir samþykkt uppástúngurnar um gjald á tómthús og óbyggðar lóðir hèr í bænum, og með því er öllum vandkvæðum hrundið með kostnaðinn. En svo eg snúi mèr nú að breytíngaratkvæðunum og viðaukaatkvæðunum, sem á atkvæðaskránni standa, þá er nú fyrst að fara nokkrum orðum um breytíngar- og viðauka-atkvæðið undir tölulið 1. stafl. *a;* mèr virðist svo, sem höfundur þess ekki hafi skilið fyrirsetníngunа *í,* að hún svarar til orðs á undan; viðauki hans er skrítinn, því ef menn setti *par sem* í staðinn fyrir *er í,* þá yrði allt viðaukaatkvæði hans eintóm meiníngarleysa, því að í það vantar fyrirsetníngunа *í.* Hinn heiðraði þingmaður hefir nú ætlað að taka út yfir allar æsar, þar sem hann er að tína það upp, sem hann vill láta kenna í skóla þessum; mèr þykir það undarlegt, að hann skyldi ekki koma með „semitisku“ málin, að minnsta kosti einhver þeirra, og sanskrít; það væri ekkert ólíklegra, að stínga upp á því, en það, sem hann kemur með og vill láta kenna í barnaskóla, þar sem t. d. eru dauðu málin, einkum gríska. Eg held það bæti alls eigi neitt, að til taka nokkuð um það, hvað kenna skuli, heldur að það sè rèttast, að láta það vera óákveðið, og láta bæjarstjórnina og stiptsyfirvöldin um það.

Á síðasta fundi, þegar rætt var um þetta mál, þá var því hreift, að orðaskipunin í 1. gr. nefndarinnar væri undirorpin misskilníngi, og eptir því, sem hún væri orðfærð, yrði eigi annað sèð, en að kennslan væri einúngis nauðúngarkennsla, en hún ætti eigi að eiga sèr stað; það var nú ekki ætlun nefndarinnar, að innleiða neina nauðúng *(Skoletvang).* Ef þingmönnum þætti það betur fara, þá má flytja setníngunа: „Skulu foreldrar og vandamenn o. s. frv.“, og setja hana síðast, og

orða hana svona: „Foreldrar og vandamenn skulu þá að eins skyldir til, o. s. frv.“; en eg sè nú einga nauðsyn á þessu, þó eg sè ekki á móti því. Stafliður *c*, β, sem miðaður er við 1. grein stjórnarinnar, sýnist mèr ekki bæta úr, því það getur legið ýms skilníngur í því; eg held, að það sè betra, að halda uppástúngu nefndarinnar.

Við 2. grein frumvarpsins hafa nú komið fram ýms breytíngaratkvæði við uppástúngu nefndarinnar; það er þá fyrst breytíngaratkvæðið undir staflið *c*, að í stað orðanna: „eptir þörfum og ásigkomulagi bæjarins“ til enda greinarinnar, sè sett: „að stiptsyfirvöldin skuli samþykkja reglugjörðir þær, sem bæjarstjórnin semur handa skólanum“. Á þetta breytíngaratkvæði er nefndin fús að fallast, því að hún álítur það nóga tryggíng, að stiptsyfirvöldin samþykki reglugjörðirnar, og það þurfi ekki samþykkis stjórnarherrans við. Sjálfur á eg nú breytíngaratkvæði undir tölulið 2. staflið *b;* það er nú hið sama og breytíngaratkvæðið undir stafliðnum *d*, nema hvað mitt er við uppástúngu nefndarinnar, en hið síðara við frumvarp stjórnarinnar.

Þá er nú uppástúngan undir tölulið 3.; mèr finnst það reyndar sanngjarnt, að Reykjavík feingi nokkurn hluta úr „Thorchillii-sjóðnum“, og mèr finnst Reykjavíkurbúar hafa fulla heimtíngu á því, þar sem það liggur í augum uppi, að stofnun skóla annarstaðar í Kjalarnesþíngi gæti ekki komið Reykjavíkurbúum að notum. En eg ætla samt, að það væri rèttast fyrir þíngið, að láta það liggja milli hluta í þetta sinn.

Arnljótur Ólafsson: Mönnum má nú ekki bregða í brún nè þykja það undarlegt, þótt eg sè fljótur á mèr að standa upp, fyrst breytíngaratkvæði mitt stendur hèrna í broddi fylkíngar á atkvæðaskránni. Hinn heiðraði *framsögumaður* var ófáanlegur til þess, eins og þíngmenn muna, að skýra frá því, til hvers barnaskólinn ætti að vera, eður hvað ætti að kenna í honum, svo eg gæti haft tryggíngu fyrir, að hann næði tilgángi sínum; þess vegna gjörði eg breytíngatkvæði mitt, og skal eg nú leyfa mèr að fræða hann á því, að það hefir verið fellt dálítið úr því, sem hefði orðið að vinna hylli hans og þá sjálfsagt annara, því hinn heiðraði *framsögumaður* hefir svo mikið álit á sèr; eða skyldi menn ekki vilja lesa bækur eptir hann? Það var einmitt það, sem eg stakk upp á, að kennslubækurnar skyldi vera eptir hann sjálfan. *Framsögumaður* sagði, að það væri til of mikils ætlað, ef kenna ætti allt, sem í breytíngaratkvæði mínu er tilætlazt; einkum nefndi hann gríska og latínuna. Eg veit nú ekki

betur, en að sumir foreldrar hèr í bænum láta kenna börnum sínum þessi mál, og vildi eg því, að barnaskólinn gæti veitt þá kennslu, sem veitt er í heimahúsum, enda mun allt það vera kennt, er farið er fram á í breytíngaratkvæði mínu.

Þá vil eg og hafa svo marga bekki í skóla þessum, að menn geti feingið þá menntun í honum, er þeir þurfa til þess, að geta orðið gagnlegir menn í mannlegu fèlagi, svo að það sè sannkallaður menntunarskóli fyrir alþýðu, sem hèr er einginn á landi. Í neðsta bekk vil eg láta kenna að lesa og skrifa og kristindóminn börnum þeim, sem ætla að verða sjómenn, eður stunda annan þann atvinnuveg, er eigi þarf meiri almenna bókafræði til; en svo þegar upp eptir kemur, vil eg láta kennsluna verða margbrotnari, og að þar veitist sú kennsla, sem nauðsynleg er hverjum manni, en gríska og latína í efsta bekk þeim, sem ætla að gánga í skóla, og mun hann þá verða sóttur, bæði af piltum í Reykjavík, sem vilja læra undir skóla, og eins af piltum úr sveitum, þar sem fèður þeirra eru farnir að koma þeim híngað til einstakra manna, til að kenna þeim undir skóla.

Auk þessa þykir mèr vel við eiga, að greina börn að í tvo flokka eptir kyni, eður hafa einn bekk fyrir stúlkur, en annan fyrir drengi; en hinum háttvirta *framsögumanni* kann nú að vera lítið gefið um þessa kyndeilíngu, því honum þyki það spilla fegurðartilfinníngunni, líkt og hèrna um daginn, og skal eg því ekki fara leingra út í það; en í þess stað má eg gjöra ráð fyrir þrídeilíng á börnum: í embættismanna börn, borgara börn og tómthúsmanna börn, eins og nú er hèr siður til, sem *framsögumaður* mun vera meðmæltur. Verða þá 6 flokkar eptir þessum reikníngi.

Eg hefi nú kynnt mèr áætlunina, og græddi eg sannarlega lítið á henni; en satt að segja þótti mèr það merkilegt, að ekki skuli í áætluninni neitt vera ákveðið fyrir að þvo skólann, sópa hann og hirða. Þetta væri næsta ískyggilegt, ef mönnum væri það eigi fullkunnugt, að það var hinn mesti þrifaköttur, sem var formaður í bæjarstjórninni, þegar áætlun þessi varð til. Í áætluninni er það og merkilegt, að ekkert skuli vera ákveðið til dyravarðar. Ef þessu væri nú bætt við, þá held eg, að áætlunin mín verði ekki of há. Eigi skóli að vera, segi eg, þá vil eg, að hann sè að gagni, og samboðin þessum höfuðstað landsins. Það er nú eingin þörf á skóla, til þess að kenna mönnum að lesa og skrifa og kristindóminn, því að það læra menn heima; eg get heldur ekki fallizt á það, sem hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga sagði, að hann vildi hafa skóla

í því, sem menn kunna, en eigi í því, er menn eigi kunna. Eg vil annars helzt, að stofnaður væri sjómannaskóli hèr í Reykjavík, en einginn barnaskóli; en fyrst það er nú ófáanlegt, þá vil eg setja skóla í því einu, sem sönn menntun er í fólgin.

Um önnur breytíngaratkvæði ætla eg nú ekki að tala, heldur einúngis geta þess, að eg vil eingan nauðúngarskóla hafa.

Framsögumaður: Mèr fannst hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga ekki vera á jörðunni, heldur vera að sveima einhverstaðar í skýjum himins, og fljúga þar á vængjum vindanna, svo eg gat ekki fylgt honum; þar sem hann var að tala um einhverjar bækur, sem ætti að binda kennsluna við, þá get eg nú ekki álitið, að það komi efninu við. Það eru fleiri bækur til, en eptir *framsögumann,* og það hefði þá átt að binda kennsluna í öllum greinum við til teknar bækur, því að eigi hefir *framsögumaður* búið til bækur í öllu því, sem kennt yrði í skólanum. Það var eitt, sem hann var að tala um; það var undirbúníngskennsla undir skóla, og nefndi til þess, að kenna latínu og grísku; eg veit nú einga þörf á, að nema grísku undir skóla; að minnsta kosti er það ekki heimtað, og það er ekki farið að kenna grísku í skólanum, fyr en í öðrum bekk, svo að sú undirbúníngskennsla er óþörf. Að öðru leyti sýnir breytíngaratkvæði þessa þíngmanns, hve stopult það er, að til taka nokkuð um kennsluna, svo að mèr virðist nefndin hafa tekið öldúngis rètt í málið. Þíngmaðurinn hèlt, að eg hefði ætlazt til, að einn bekkur skyldi vera í skólanum; eg veit þó ekki til, að eg hafi talað eitt orð í þá átt, eins og það að hinu leytinu er ósatt, að eg vilji ekki nema einn bekk, því að eg vil hafa þá að minnsta kosti 2 eða fleiri; en annað mál er það, hvort því verður við komið þegar í stað, en því meiri festu, sem skólinn nær, og því fleiri börn, sem sækja skólann, því fleiri verða bekkirnir og kennslan fjölhæfari, og það er einmitt vilji bæjarstjórnarinnar, að hún verði í sem flestu. Eins er nú með skiptínguna á börnunum, að þeim kann, ef til vill, að verða skipt í 6 flokka, þó eg ímyndi mèr, að það verði eptir öðrum reglum, en þíngmaður Borgfirðínga var að geta um. Þá var það eitt, að honum þótti áætlunin of lág; en eg get ekki ímyndað mèr, að þíngið álíti honum betur trúandi en þeim, sem eru í bæjarstjórninni; hann fann það að, að ekkert væri til tekið fyrir að þrífa skólann; það er þó gjört ráð fyrir 100 rd., til að við halda skólanum, og eg get eigi skilið í því, að skólanum verði við haldið, sè hann aldrei þveginn eða þrifinn; eg er hræddur um, að það færi eitthvað að fúna í hon-

um, ef öll óhreinindi eru látin liggja þar óhreifð; en auk þess er svo ætlazt til, að 1. kennari feingi bústað í skólanum, og ætlazt til, að hann annaðist um þrifnað á skólanum. Þannig finnst mèr það allt ástæðulaust, er þíngmaðurinn kom með mót skólanum.

Konúngsfulltrúi: Eg get yfirlátið hinum heiðruðu þíngmönnum að dæma um, hvort það muni ekki vera að færast ofmikið í fáng, að ætlast til þess, að barnaskóli veiti kennslu í 6 málum, eins og breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Borgarfjarðarsýslu fer fram á. Þetta breytíngaratkvæði getur heldur ekki komizt hèr að af þeirri orsök, að það á heima í reglugjörðinni fyrir skólann, í hverri tiltaka á, hvað og hve mikið kenna skuli í skólanum, en ekki í lagaboði um stofnun barnaskólans; því væri slík ákvörðun sett inn í lagaboðið, þá yrði henni ekki breytt, nema með því, að leggja um það nýtt frumvarp fyrir alþíngi, er síðan feingi lagagildi, en því, sem kemur inn í reglugjörðina, má breyta eptir stjórnarinnar ályktun.

Pètur Pètursson: Eg á eitt viðaukaatkvæði í atkvæðaskránni undir tölulið 1. staflið *c*, β; þetta viðaukaatkvæði gjörði eg til að að sýna, hvað uppástúnga nefndarinnar væri óljós; í henni er eineingaungu getið um *kennslu*, sem börnin eigi að njóta; þess vegna er betra, að fylgja frumvarpinu, sem segir, að eigi að kenna það, sem nauðsynlegt þykir fyrir hvern mann að vita, og viðaukaatkvæði mitt til tekur þetta nákvæmar; því eg gjöri ráð fyrir, að hver maður viti, hvað meint er með þeim manni, sem má kalla vel að sèr; hann verður að kunna að lesa, skrifa, reikna, kunna dönsku, og vita töluvert í landafræði og sögu; nákvæmar get eg ekki til tekið það. Það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri ófært í lagaboði að grípa fram fyrir hendurnar á reglugjörð, þá er eg nú á því, því að það heyrir undir hana, að til taka þær einstöku greinir, sem á að kenna. Eg álít því rèttast, að halda frumvarpinu, og svo ef þíngið vildi aðhyllast viðaukaatkæði mitt.

Eg gat þess við undirbúníngsumræðuna, að mèr þætti nefndarálitið ógreinilegt, þar sem það segir: „Skulu foreldrar og vandamenn, o. s. frv.“; á þessu þykir mèr fara illa, og get því ekki aðhyllzt það; ef frumvarpið verður tekið, þá er ekki nauðsyn að halda þessu, því að í frumvarpinu segir, að stjórnarherranum í Kaupmannahöfn eigi að vera falið á hendur, með ráði bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, að skipa fyrir um fyrirkomulag skólans, eptir þörfum og ásigkomulagi bæjarins“; það er því auðvitað, að ef það þætti eiga við,

að skylda bæjarmenn að senda börn sín í skóla þenna, þá mætti skipa svo fyrir af stjórninni, án þess að lagaboð þurfi til þess.

Um kostnaðinn vil eg nú ekki vera lángorður, því að það væri einúngis til að gjöra sjálfan mig hugdeigan, og, ef til vill, þíngið. Eg vildi einúngis vekja athygli á því, sem *framsögumaður* sagði, að hann vildi hafa 2 bekki; þetta er nú rètt og gott; en svo þyrfti nú að vera aðskilnaður á piltum og stúlkum, svo þannig kæmi til að þurfa hèr um bil 4 stofur; af þessu kæmi nú til að leiða talsverðan kostnað; handa prestaskólanum eru leigðar 2 stofur, og goldnir 200 rd. í húsaleigu; þannig yrði, ef sama leiga væri fyrir barnaskólann, að gjalda í húsaleigu fyrir hann 400 rd.; eg gjöri ráð fyrir, að hún fáist ekki minni, ef hún yrði ekki meiri, þar sem að eins eru fáir á prestaskólanum, en hèr er talað um 240 börn, sem eigi að gánga í þenna skóla, svo að það mundi þurfa stórt hús handa honum. Það mætti nú, ef til vill, hafa skólann í minni stýl fyrst, og er því ekki vert fyrir þíngið, að láta sig inn á kostnaðinn, heldur að yfirláta það til stjórnarinnar, í hvaða stýl skólinn kemst á gáng, þó hann sè lítill í fyrstu, kann hann með tímanum að aukast.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr þykir vænt, að ekki hefir orðið meira úr því óveðri, sem í fyrstunni var að sjá, sem ætlaði að draga upp yfir barnaskólann, þar sem eg sè nú af atkvæðaskránni, að hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga hefir þó ei gjört neina verulega tilraun til að fella hann. Hann sagði það hèr seinast, eins og menn víst muna, að Danir og Rússar væri hinir einustu, sem einkum væri mjög ákafir með þessa barnaskóla; en t. d. á Einglandi tíðkuðust þeir miklu síður, því að þar hirti menn alls ekki mjög um slíka skóla; og þó hann síðar reyndi að bæta úr þessu með því að segja, að hann hefði að eins átt við nauðúngarskóla, þá held eg nú fyrst og fremst, að hann rángminni nokkuð, og svo bætir þetta ekki heldur á nokkurn verulegan hátt úr málstað hans, þar sem mèr og að eins láðist eptir að geta þess seinast, að hèr óskar heldur einginn að fá nokkurn nauðúngarskóla á annan hátt, en híngað til. Á Einglandi er, sem alkunnugt er, almennt trúarbragðafrelsi og margir trúarbragðaflokkar, og þar getur því, sem eðlilegt er, stjórnin eða ríkið ekki einu sinni skipt sèr nokkuð af barnauppfræðslunni; og þó mèr nú þyki vænt að sjá, að hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga, þá einnig þegar til kemur, muni verða á almennu trúarbragðafrelsi hèr í landi, þá veit hann þó eins vel eins og eg, að nú sem stendur hafa prestar hèr rètt til að heimta, að börnum sè kennd trúarbrögð-

in undir fermíngu, svo barnaskóli hèr væri í því tilliti eingin ný nauðúng. En svo eg nú aptur snúi mèr að atkvæðaskránni, þá er það reyndar satt, að hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga hefir ei á henni gjört neina verulega tilraun til að fella barnaskólann; en ef menn skoða breytíngaratkvæði hans vandlega, þá má þó vera, að nokkuð meira leynist í því, en menn skyldi upphaflega halda, og held eg því enn, að hann sýni það sem optar, að hann er mjög seigur maður, þar sem hann er þó ei alveg hættur enn, að gjöra skólanum svo örðugt uppdráttar, sem hann getur; því, ef satt skal segja, þá held eg breytíngaratkvæði hans sýni það, að hann hefir nú að eins breytt aðferð sinni, þar sem hann nú auðsjáanlega ætlar að bera sig að láta fara eins fyrir barnaskólanum og dvergarnir sögðu forðum að farið hefði fyrir Kvási, að hann hefði kafnað í ofviti; því þenna tilgáng getur hann auðsjáanlega að eins haft með þeirri uppástúngu, að í þessum barnaskóla skuli kenna miklu meira, en í öllum öðrum barnaskólum, og var þá mein, að hann stakk ei einnig upp á, að kenna þar Hottentottamál, sem vitlausast kvað vera allra mála; því þá mátti hann þó hèr um bil vera viss um, að í því hefði aldrei feingizt kennari, svo skólinn hefði þá mátt deyja út af þess vegna, nema ef hinn háttvirti þíngmaður sjálfur, ef til vill, hefði viljað taka það að sèr. Eg vona, að þetta sè nóg til að sýna, að þíngmaður Borgfirðínga hefir þá enn ei alveg sleppt þeirri fyrirætlun úr huga sèr, er snemma kom í ljós, að vinna þó eitthvert launvíg á skólanum áður en lyki; en eg treysti því og, að þíngmenn muni ei heldur láta þessa síðustu tilraun hans villa sjónir fyrir sèr, því ef í alvöru skal tala, þá held eg það mundi að eins verða til að spilla fyrir barnaskólanum, ef menn vildi nú fallast á, að allt það yrði kennt í honum, sem þíngmaður Borgfirðínga stíngur upp á, og það vona eg þeir vilji ei. Og skal eg nú svo ei vera að tala leingur um þetta mál, því út í kostnaðinn ætla eg mèr nú ei heldur að fara lángt, og finnst mèr það eiga alveg heima um hann, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það mundi ei vera til nokkurs fyrir þíngið, að fara að skipta sèr mjög af honum. En hvað fyrstu uppástúngu nefndarinnar að öðru leyti viðvíkur, þá held eg verði heldur að gefa atkvæði mitt fyrir þeirri grein í frumvarpinu, og af breytíngaratkvæðunum að eins fyrir breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga; en ef það fellur, þá er eg og á því, að rètt sè að setja „stjórnarherra“, í staðinn fyrir „stjórnardeild“.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það hefir mjög óheppilega

tekizt til í þetta sinn, að eg skyldi ekki geta gjört mig skiljanlegan fyrir þingmanni Borgfirðinga; eg hèlt þó, að eg hefði talað svo greinilega, að það hefði mátt skilja mig. Eg sagði, að kennsla meðal alþýðu væri góð, einkum upp til sveita, svo að ekki mundi þar þurfa að setja skóla, til að kenna að lesa, en í fiskiplássum, þar sem fjölbýli er, væri farið að bera á lakari kennslu; það get eg því ekki skilið, að standi í neinni mótsetníngu hvað við annað, að það þurfi skóla í Reykjavík, og að alþýða hèr á landi sè almennt vel uppfrædd. Breytíngaratkvæði það, sem hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga á hèr á atkvæðaskránni, á síður en ekki við, því að það grípur inn í það, sem reglugjörðinni heyrir eingaungu til. Um 1. gr. frumvarpsins er það að segja, að mèr fellur betur við hana, en uppástúngu nefndarinnar, sem vill ákveða það í lagaboði, sem snertir fyrirkomulag skólans. Við 2. gr. gjörði eg breytíngaratkvæði í uppástúngu nefndarinnar, af því mèr finnst nóg tryggíng í stiptsyfirvöldunum; að öðru leyti vildi eg helzt fallast á sjálfa frumvarpsgreinina. Hinum heiðraða þíngmanni úr Gullbríngusýslu er eg samdóma í því, að Reykjavík á hlut í *Thorchillii*-sjóðnum; en eptir orðum stofnunarbrèfsins, sem segir, að sjóðurinn sè gefinn til uppeldis barna í Kjalarnesþíngi, er víst eingin heimild, að verja honum á þenna hátt. Eg held það sè því eigi vert að fara leingra út í þetta að sinni.

Guðmundur Brandsson: Það eru ekki mörg orð í fyrstu grein þessa frumvarps, en þau eru þýðíngarmikil; þar er talað um að stofna skuli barnaskóla í Reykjavík, og finnst mèr það mikill ábyrgðarhluti fyrir þíngið, að greiða atkvæði í þessu tilliti, án þess að vita, hvernig fer um kostnaðinn; menn verða að minnsta kosti að renna einhvern grun í hann, því þetta er skattur, sem nú er verið að tala um að leggja á Reykjavíkurbúa; hèr þyrfti þá að íhuga, hversu hár þessi skattur mundi verða, og hvað færir bæjarbúar mundi vera til að bera hann. 1853 var nú líka talað um þenna skóla, og hèldu menn þá, að hann mundi árlega kosta 1,500 rd; en þó hèlt hinn 3. konúngkjörni þíngmaður, sem nú er *varaforseti*, að það mundi verða of lítið, og sýndi með ljósu og óræku dæmi, að áætlunin um byggíngarkostnað skólahúss þess, sem þá var ráðgjört, mundi vera oflág, og nú sýndi hann einnig fram á, að áætlunin mundi verða ónóg, sem gjörð hefir verið. Eg er nú á því, að svo sè, bæði hvað byggíngarkostnaðinn snertir, sem nú er settur 1,000 dölum minni, en áður var áætlazt, og svo um laun barnakennaranna og tölu þeirra, sem hvorttveggja er lægra en fyr. Það er verið að tala um 240 börn, sem

geingi í skólann, og get eg ekki skilið, hvernig 2 kennarar eiga að komast yfir, að kenna þeim, og eg get ekki betur séð, en að það muni verða talsverður kostnaður, sem skólinn hefir í för með sèr, ef hann verður eins og ráð er gjört fyrir honum, og enda þó hann verði í nokkuð minni stýl; það var því ekki ástæðulaust, að eg bar upp uppástúngu mína, því að eg get ekki skilið, hvernig Reykjavík getur borið þenna kostnað, ef hún kemst hèr ekki að; eg held það yrði óbærilegur ábætir á útgjöld Reykjavíkurbúa, ef ætti að fara að jafna þessum kostnaði niður á þá. Eptir sem verið hefir, og gjöra má ráð fyrir að verði, þá mun hèr vera tæpum 1,800 dölum jafnað niður á bæjarbúa, bæði í húsasköttum og aukaútsvari; gjaldþegnarnir munu vera tæp 300; kemur þá á hvern að meðaltali 6 rd., eða næstum því; legðist nú skólakostnaðurinn þarna saman við, sem óhætt er að gjöra 1,200 dali árlega, þá kæmi 10 dalir á hvern að meðaltali; ef menn nú enn fremur aðgæta, að af gjaldþegnunum eru eða voru í hitt eð fyrra 115 menn, sem guldu frá 1 rd. til 3 rd., þar í þó taldir 14 húsaskattar, þá sèst þar af, að útgjöldin hafa á sumum verið talsvert há, og eins mun fara hèr eptir; því mèr er sama, hvort það eru húsaskattar, lóðartollar eða kennslukaup, það leggst á bæjarbúa hvort sem er. Þess vegna stakk eg nú upp á, að taka hluta af *Thorchillii*-sjóðnum til stofnunar skólanum, í þeirri von, að ef skólinn kæmist á, þá gæti fleiri menn, en Reykjavíkurbúar einir, haft gott af honum, má ske hann og með því að kenna nokkrum börnum úr Kjalarnesþíngi fyrir lítið eða ekkert, gæti borgað styrk þann, sem Reykjavík hefir feingið úr *Thorchillii*-sjóðnum, og sem eg hefi áður á minnzt. Þetta gæti orðið báðum hagnaður; en eg sè eingan hag fyrir Gullbríngu- og Kjósarsýslu, að hafa þetta sambú með sjóðinn leingur saman við Reykjavík; renturnar álít eg ónógar, þó það væri lítið betra en ekkert, ef ætti að fara að skipta þeim; það yrði þó hátt á annað hundrað dali, sem fèlli af þeim í Reykjavíkurhlut, ef farið yrði eptir fólkstali, því hèr mun vera nálægt $^1/_5$ hluti af mönnum, sem eru í Kjalarnesþíngi; en ef feingist hluti af höfuðstólnum, þá mætti gjöra töluvert við hann, því þá feingi Reykjavík hátt á 5. þúsund dala, og gæti það orðið góður stofn undir skólann, því þá þyrfti ekki að borga rentur af þeim peníngum. Eg er nú hræddur um, að ef ekki verður farið svona að, þá muni ekkert verða úr skólanum; en þar á móti, ef skólinn kæmist á með þessu móti og heppnaðist, þá mundi það verða hvöt, að stofna skóla annarstaðar.

Ásgeir Einarsson: Þó að eg talaði fátt eitt við undirbúningsumræðuna, þá ætla eg nú enn að standa upp, til þess eins og áður að leita mèr þeirra upplýsínga, sem unnt er. Það mun sannast á mótmælum þíngmannsins úr Borgarfjarðarsýslu, að svo eru hyggindi, sem í hag koma, því að þau skýra betur málið, og í því einu tilliti geta þau komið til gagns í því, þó þau miði optast til að eyðileggja það. Af orðum *konúngsfulltrúans* og hins 4. konúngkjörna þíngmanns, komst eg í skilníng um það, að þíngið vegna kostnaðarins gæti með góðri samvizku greitt atkvæði í þessu máli, og að ekki þyrfti að láta einstakar raddir, er mæla móti skólanum, hræða sig frá að greiða atkvæði með honum; því að það gæti fyr orðið gagn að skólanum, en 200 börn eða meira væri tekin inn í hann; þetta get eg nú vel látið mèr segjast, og held, að það sè því eigi rètt, að brúka kostnaðinn eins og grílu til að hræða menn, sem ókunnugir eru, frá að vera meðmæltir skólanum.

Hvað nú uppástúngu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu undir tölulið 3. snertir, þá þykir mèr það viðurhlutamikið, að taka af höfuðstólnum, að minnsta kosti mundi fáir búmenn vilja gjöra það; það væri líkt og skera snemmbæra kú sèr til bjargar; öðru máli er að gegna sýnist mèr, þó teknir sè ávextir sjóðsins til brúkunar skólans. Eg ætla nú ekki að tala fleira í þessu máli, en einúngis lýsa því yfir, að eg ætla að gefa atkvæði mitt með aðalatriðum málsins, því mèr þykir það óviðurkvæmilegt, að Reykjavík skuli vera eins og Auðdalur, þegar Ásvaldur kom þar, að eiga gildaskála, en ekki barnaskóla.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaður Ísfirðínga vildu halda 1. grein frumvarpsins, því að það væri vafa undirorpið, hvort það, sem nefnt er í uppástúngu nefndarinnar tölulið 1. staflið *b,* heyrði undir lagaboð; þeim þótti það heldur eiga að takast sem atriði í reglugjörð skólans; mèr finnst þó, að þess konar skylda, sem hèr ræðir um, ekki eigi að felast í reglugjörð, heldur eigi það að vera ákveðið í lagaboðinu, hverjar skyldur bæjarbúar hafi við skólann; en að öðru leyti er mèr þetta í lèttu rúmi, því að mèr þykir mest í það varið, að aðalmálið fái framgáng.

Þar sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður var að tala svo mikið um kostnaðinn, þá held eg sè nú bezt, að láta bæjarmenn um hann; það var sannarlega óheppilegt, að fara að skýra frá leigunni, sem yrði að gjalda fyrir húsnæði handa prestaskólanum; það var einginn að spyrja neitt um hann, enda mundi einginn láta sèr

detta í hug, að kaupa slíkt hús og prestaskólinn hefir, svo miklu verði, að leigan næmi 200 rd. Eg vil svara hinum heiðraða þingmanni úr Gullbríngusýslu til þess, er hann var að tala um; hann gjörði ráð fyrir, að 240 börn mundi gánga í skólann, og sagði, að því þyrfti meira en 2 kennara. Eg ætla nú ekki í þetta skipti að skýra frá því, hvað mörgum börnum hver geti kennt, og þykist eg þó geta haft atkvæði í því efni; en eg gjöri ráð fyrir, að eingin vandræði þurfi upp á að koma í því efni; því að auk tveggja kennara eru 100 rd. ætlaðir til tímakennslu, og svo er það, að ef börnin fjölga, sem í skólann geingi, svo að þau yrði 170, í stað 70, þá þykist kennslukaupið um 900 rd., þá má nokkuð gjöra við það, og þetta kennslukaup eykst eptir því, sem börnin fjölga. Þá var það hið annað, að hann hèlt, að Reykjavíkurbúum mundi verða of íþýngt með álögum, ef ætti að bæta við þá kostnaðinum af skóla þessum; það held eg sè nú ekki satt; það eru í bænum hèr um bil 300 gjaldþegnar, og var 1,600 rd. jafnað niður á þá þetta árið; og enda þótt kostnaðinum til skólans væri jafnað á þá, held eg þeir gæti staðizt fyrir það; það eru ekki nema rúmir 5 rd. á mann; hèr eru 16 eða 17 kaupmenn, margir embættismenn, og tómthúsmenn margir svo efnum búnir, að þeir gæti bætt á sig nokkru útsvari, þar sem útsvarið, sem þeim er gjört, er ekki nema frá 1 til 8 rd.; það voru að eins 3 síðasta árið, sem guldu meir en 8 rd.; það held eg hver efnamaður í sveit ætti hægt með. Um *Thorchillii*-sjóðinn vil eg nú ekki tala að sinni, enda þótt eg þykist sannfærður um, að Reykvíkíngar eigi rètta heimtíngu til nokkurs hluta í honum, eins og eg sagði áðan; það má bera þetta mál upp síðar, ef svo horfir við.

Magnús Andrèsson: Hvað þessari barnaskólastofnun í Reykjavík viðvíkur, er það álit mitt, að í eins fjölmennum bæ, og Reykjavík er orðin, sè barnaskóli nauðsynlegur, sem kennt sè í nokkuð meira, en einúngis að lesa og barnalærdómsbókin, og því felli eg mig vel við viðaukaatkvæði hins 3. konúngkjörna þíngmanns; þar á mót get eg ekki gefið atkvæði mitt fyrir breytíngar- og viðaukaatkvæði þíngmanns Borgfirðínga. Með þeirri kennslu, sem hann telur upp, held eg skólastofnun þessi mundi fremur líkjast háskóla en barnaskóla, og verða æríð kostnaðarsöm; annars virðist mèr, að það ætti mest að vera komið undir vilja og áliti sjálfra Reykjavíkurbúa, í hvað stórum eða smáum stýl þessi skóli ætti að vera.

Eg get varla annað skilið, en að þíngmaður Gullbríngusýslu ætli sèr að skipta um bústaði, og flytja sig í Reykjavík; en þá held

eg vildi kjósa mèr, að verða í hans stað bóndi í Gullbríngusýslu; hann vill troða upp á Reykjavíkurbúa nokkrum parti af Thorchilliisjóðnum; það vil eg nú ekki, jafnvel þó eg viti, að Reykjavík sè einn hluti af Kjalarnesþíngi; en það fè var gefið í nokkuð öðrum tilgángi en þeim, er barnaskólinn í Reykjavík ætti að hafa; þessi bær er líka áður fyr búinn að verða aðnjótandi nokkurs hluta af sjóði þessum, hvort sem það hefir nú verið rèttlátt eða ei. Eg gef því ekki atkvæði mitt fyrir uppástúngunni undir tölulið 3. á atkvæðaskránni.

Páll Sigurðsson: Af því eg þykist nú vera komin að raun um, að barnaskólinn sè nauðsynlegur, þá ætla eg að greiða atkvæði mitt með honum, þó eg sè enn í talsverðri óvissu, eins og áður við undirbúníngsumræðuna, um ýmislegt. Það er eitt í 1. uppástúnguatriði nefndarinnar, sem eg felli mig ekki við, nefnilega, „að foreldrar og vandamenn skuli skyldir, o. s. frv.“, af því það heyrir undir fyrirkomulag skólans, og á því inn undir reglugjörðina, sem ætlazt er til að bæjarstjórnin semji, ásamt með stiptsyfirvöldunum á Íslandi. Hinn heiðraði *framsögumaður* var að tala um tillög tómthúsmanna hèr í bænum, hvað mikil þau væri; en því skýrði hann ekkert frá tillögum embættismannanna og borgaranna, og sjálfs sín, hvað há þau væri, svo menn sæi mismuninn? Mèr sýndist hann líka hefði átt að gjöra það. Að öðru leyti þykir mèr nú þetta aukaútsvar, sem *framsögumaður* var að tala um, nokkuð ískyggilegt, ef eg t. d. ekki lèti barn mitt gánga í skólann, á eg þá að gjalda til hans? Að þessu þyrfti nú að gæta, og þætti mèr vænt að fá upplýsíngar um það efni.

Indriði Gíslason: Eg get nú ekki dulizt þess, að af ræðum þeim, sem eg hefi heyrt hèr, þá þykir mèr kostnaðurinn mjög ískyggilegur; en ekki er það fyrir það, að mèr sè svo sárt um það, þótt hann yrði svo mikill á tómthúsmönnum, að þeir hrykki allir til sveita; því það er almennt viðurkennt í ritum merkustu landsmanna vorra, að tómthúsmannafjölgunin sè til hins mesta hnekkis fyrir sveitabúskapinn. Eg hefi annars eingan veginn ásett mèr, að spilla fyrir þessu máli, heldur en öðrum málum hèr, sem stefnt hafa í sömu átt, eptir því, sem eg hefi vit á, fremur en aðrir bændur hèr á þíngi, því þar með höfum vèr aptur heimtíngu á þeim, sem mæla fram með skóla þessum, að þeir hlynni að búnaðarlegum framförum til lands og sjávar, sem að er undirstaða allra vísindalegra framfara. En í tilliti til þess, sem talað hefir verið hèr um það

að aðrir hreppar Kjalarnesþings gæti brúkað sinn skerf af Thorchilliisjóðnum til barnaskóla, þá er það bæði viðurhlutamikið, að skekkja hann af augnamiði þess upprunalega tilgángs, sem og það, að ekki væri ólíklegt, að þess yrði ekki lángt að bíða, að til hans þyrfti að grípa fátækum börnum til klæðis og fæðis, eptir því sem nú á stendur, og mætti þá þykja þakkarvert, að eiga hann óskertan, og þá er honum líka einmitt varið samkvæmt tilgángi gjafarans.

Stefán Jónsson: Eg hefi nú ekki talað fyr í þessu máli. Það eru 2 atriði, sem mèr einkum virðist spursmál um; annað er það, hvort skólinn sè nauðsynlegur, og hitt, hvort mögulegt sè, að koma honum á vegna kostnaðarins. Eg efast nú ekki um nauðsynina, því þar eru allar líkur til, að hún sè, og mig furðar á því, að menn skuli ekki hafa brotizt í það fyrri, að koma upp skóla, síðan hann hætti hèr um árið. Þetta hafa heldri menn á Akureyri ráðizt í, að safna börnum sínum á einn stað, og kosta kennslu handa þeim, og hafa ekki þurft að spyrja neina stjórn um það, af því þeir hafa gjört þetta af eigin efnum. Að öðru leyti sýnist mèr spursmálið um skólann liggja fyrir utan þingið, nema að því leyti spursmál er um, að leggja skatta á bæjarmenn. Sumum mönnum hèr þykir nú ísjárvert, að tala um kostnaðinn; en eg held þó, að menn verði að skoða hann nokkuð á undan, eins í þessu og öðru tilliti; þegar menn ætla sèr að byggja eða ráðast í eitthvað, sem fè þarf til, þá verða menn þó að gá að, hvort þau efni sè fyrir hendi, sem þar til útheimtast, svo ekki þurfi að hætta í miðju kafi. Það eru nú líkindi til, að skólanum bætist fè með tímanum fyrir kennslu barnanna; en eptir því, sem börnin verða fleiri, þarf líka fleiri kennara, svo það vinnur sig nokkuð upp. Eg verð samt að gefa atkvæði mitt fyrir, að skólinn sè reistur á fót, ef þess verður nokkur kostur.

Konúngsfulltrúi: Eg veit, að hinum heiðraða þingmanni frá Gullbríngusýslu hefir geingið gott til með uppástúngu sína undir tölulið 3., að barnaskólastofnunin í Reykjavík fái að rèttri tiltölu styrk úr Thorchillii-sjóði, og eg fyrir mitt leyti verð að játa, að eg álit það ekki fjarstætt, að barnaskólinn hèr í Reykjavík með tímanum feingi nokkurn styrk af tèðum sjóði. En eg verð að vera þingmanni Ísfirðínga samdóma í því, að það er eingan veginn tiltækilegt, að koma með uppástúngu þar um í þessu máli. Vildi menn fara slíku á flot, þyrfti þar um að gjöra sèrstaklega uppástúngu, svo að málið þá gæti orðið ítarlega rætt og yfirvegað út í allar æsar. Eg fyrir mitt leyti vil heldur ráða þínginu til, að fallast á fyrstu grein frumvarpsins, má

ske með viðaukaatkvæði hins háttvirta *varaforseta*, ef þingmönnum þykir það bæta, heldur en uppástúngu nefndarinnar. Hvað aðra grein frumvarpsins snertir, þá ræð eg þinginu heldur til, að taka hana óbreytta, heldur en uppástúngu nefndarinnar eða breytíngaratkvæði þingmannsins úr Ísafjarðarsýslu; því þó þessi grein frumvarpsins sè tekin óbreytt, þá geta stiptsyfirvöldin og bæjarstjórnin hèr haft öll þau áhrif á reglugjörðina, sem þau eiga að hafa, en ábyrgð þeirra þar á móti minnkar, og þar að auki getur það í mörgu tilliti verið æskilegt, að kirkjustjórnarráðherrann hafi hönd í tafli með.

Framsögumaður: Þingmaður Rángvellínga var að tala um aukníng gjaldanna á bæjarbúa; en hèr eru eingin aukaútsvör, sem á að leggja á, heldur er ætlazt til, að þau útsvör, sem eru, þegar því er bætt við, sem þingið samþykkti í gær, að leggja skatt á óbyggðar lóðir og tómthús í Reykjavík, munu nægja í bæjarins þarfir, og þannig muni fást fè til skólans, sem verði nægilegt, þegar kennslukaupinu er bætt við.

Þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* var að mæla móti 1. uppástúnguatriði nefndarinnar, þá verð eg að segja, að eg ætla mèr ekki að halda henni fram með neinu kappi; mèr er ekki svo fast í hendi með hana. En það, sem hann sagði um 2. gr., þá er eg honum ekki samdóma í því. Eg álít betri uppástúngu nefndarinnar, heldur en grein frumvarpsins; eg gæti ímyndað mèr, að ef frumvarpsgreinin væri tekin, og stjórnarherrann lèti semja reglugjörð fyrir skólann, þá kynni eitthvað það að verða tekið, sem ekki ætti hèr við, af því það ætti við í Danmörku; þar á móti ef stiptsyfirvöldunum væri falið á hendur með ráði bæjarstjórnarinnar, að semja reglugjörðina, eins og nefndin hefir stúngið upp á, þá er það auðvitað, að þeir mundi kynna sèr reglugjörðir þær, sem væri settar um skóla í Danmörku, og hafa hliðsjón af þeim, en taka það eitt, sem þeir sæi að ætti hèr við.

Jón Hjaltalín: Það lítur nú svo út, sem vèr ætlum að fá hèrna barnaskóla, þó að mótbárur hafi komið gegn honum. Hvað fyrirkomulagið snertir, þá eru menn ekki á einu máli; eg fyrir mitt leyti verð nú að segja, að eg felli mig bezt við 2. gr. frumvarpsins; eg vil helzt, að sami maður, sem hefir umsjón með öllum skólum í Danmörku, hafi einnig þenna skóla undir umsjón sinni, án þess eg sè hræddur um, eins og *framsögumaður* lèt á sèr heyra, að eitthvað mundi það koma inn í reglugjörðina fyrir skólann hèr, er ekki ætti við; þar á móti held eg, að eitthvað mundi nú dragast leingi,

ef allt ætti að fara gegnum eins margar hendur, og nefndin hefir stúngið upp á.

Hvað viðaukaatkvæðið undir tölulið 1. staflið *c* β snertir, þá felli eg mig vel við það, því mèr finnst það gjöra frumvarpið greinilegra; eins felli eg mig vel við breytíngaratkvæðið undir tölulið 2. staflið *a*, og eg mun gefa atkvæði mitt með því, ef frumvarpið ekki verður tekið. Eins er nú að segja um uppástúngu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, að mèr geðjast vel að henni, og mèr þætti ekkert að, þó henni yrði framgeingt, því að helzt mun, þegar öllu er á botninn hvolft, kostnaðurinn verða málinu til fyrirstöðu.

Konúngsfulltrúi: Þó það sè mjög á móti skapi mínu, að leingja þíngræðurnar, verð eg að svara hinum heiðraða *framsögumanni* því, að það er eingan veginn þýðíngarlaust, að kirkjumálastjórinn hafi rètt til að samþykkja reglugjörðina; því það er eingan veginn hið sama, að einn maður gjörir nokkuð, og stendur þar fyrir til ábyrgðar fyrir sínum yfirboðara, eða að hann gjörir það þannig, að hann er ábyrgðarlaus við alla, hvernig sem hann hefir gjört það.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, þá er þessari ályktarumræðu lokið, og vil eg því biðja þíngmenn, að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Síðan var geingið til atkvæða, og fèll atkvæðagreiðslan á þenna hátt:

1. Breytíngar- og viðaukaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar,* töluliður 1. stafliður *a*, fellt með 21 atkvæði.
2. Fyrsta uppástúnguatriði *nefndarinnar,* töluliður 1. stafliður *b*, fellt með 18 atkvæðum gegn 4.
3. Fyrri kafli 1. frumvarpsgreinarinnar, töluliður 1. stafliður *c* α, samþykktur í einu hljóði.
4. Viðaukaatkvæði *Pèturs Pèturssonar,* töluliður 1. stafliður *c* β, samþykkt með 18 atkvæðum gegn 4.
5. Síðari kafli 1. frumvarpsgreinarinnar, töluliður 1., stafliður *c* γ, samþykktur í einu hljóði.
6. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn (við 2. gr. frumvarpsins), töluliður 2. stafliður *a*, fellt með 13 atkvæðum gegn 7.
7. Breytíngaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar,* töluliður 2. stafliður *b*, samþykkt með 15 atkvæðum gegn 4.
8. Annað uppástúnguatriði *nefndarinnar,* undir tölulið 2. staflið *c*

með breytíngu þeirri, er samþykkt var undir tölulið 7., fellt með 12 atkvæðum gegn 11.

9. Breytíngaratkvæði *Pèturs Pèturssonar,* undir tölulið 2. staflið *d,* samþykkt með atkvæðagreiðslunni undir tölulið 7. og þurfti því ekki að gánga til atkvæða.
10. Sjálf 2. grein frumvarpsins, töluliður 2. stafliður *e,* samþykkt með 23 atkvæðum.
11. Uppástúnga *Guðmundar Brandssonar* undir tölulið 3., felld með 14 atkvæðum gegn 6.
12. Síðan var leitað atkvæða um það, hvort biðja skyldi konúng að gjöra frumvarpið að lögum (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu), og var það samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um skattheimtu* (af samanlagðri fasteign og lausafè). *Framsögumaður* er hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona eg, að allir þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í málinu um *skattheimtu* (af samanlagðri fasteign og lausafè).

1. Breytíngaratkvæði *Stefáns Jónssonar, Jóns Pèturssonar* og *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum:
   Að seinni hluti niðurlagsgreinarinnar (tölul. 4.) frá orðunum „lausafè og fasteign“ falli burt, en komi í staðinn: *„heldur eptir Jónsbókarlögum“.*
2. Vara-atkvæði *Ásgeirs Einarssonar* (við tölul. 1.):
   Að á eptir orðin í uppástúngu nefndarinnar (tölul. 4.): „vilji skipa svo fyrir“, verði sett í stað alls seinni hluta greinarinnar:
   Að sú venja, að taka skatt af samanlagðri fasteign og lausafè, skuli algjörlega upp hafin við næstu sýslumannaskipti í hverri sýslu.
3. Breytíngar- og viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Tandraseli:
   Að eptir orðin „full og föst“ í uppástúngu nefndarinnar (tölul. 4.) verði bætt: *„ómunatíðar“* (venja).
4. *Nefndin* (niðurlagsatriði nefndarálitsins):
   Að konúngur allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að skrifað verði amtmönnum hèr í landi til birtíngar fyrir sýslumönnum, að ekki verði tekinn skattur af samanlögðu lausa-

fé og fasteign, nema því að eins, að fyrir því sé fullkomin og föst venja.

5. Viðaukaatkvæði *Halldórs Jónssonar:*
   Að við enda greinarinnar (tölul. 4.), „venja“, bætist inn í: „sem ekki verði rakin að upptökum sínum“.
6. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu)?

Framsögumaður (Þórður Jónassen): Eg þarf nú ekki að vera margorður í þetta skipti, því umræðurnar um málið urðu svo miklar og ítarlegar, að það mun flest vera búið að taka fram, sem þörf er á, máli þessu til skýríngar, og skal eg því snúa mèr að þeim breytíngaratkvæðum, sem komin eru fram, og reyndar ekki eru mörg, og skal eg þá fyrst, hvað breytíngaratkvæðið undir 1. tölulið snertir, leyfa mèr þá athugasemd, að 1 af þeim mönnum, sem standa fyrir þessu breytíngaratkvæði, sagði við undirbúníngsumræðuna, að hann skyldi Jónsbókar þegnsk. 1. kap. þannig, að það mætti leggja saman lausafé og fasteign til skatts; en þegar svo er, skil eg ekki, hver meiníng er í því, að biðja um, að farið sé eptir Jónsbókarlögum um skatttökuna; því með þessum skilníngi á lögbókinni er það hið sama sem að biðja um, að það standi eins og nú er, nefnilega, að samlagníng skuli eiga sèr stað, og skatturinn þannig tekinn. Um 2. breytíngaratkvæðið skal eg að eins leyfa mèr að taka það fram, að það fer of lángt, að því leyti uppástúngan kastar allri venju; en á hinn bóginn fer hún of skammt, því hún vill allt standi við svo búið, þángað til það verði sýslumannaskipti; en það vill nefndin ekki, nema venjan sé orðin föst og fullkomin fyrir því, að taka skattinn af samanlögðu lausafé og fasteign, annars ekki. 3. og 5. breytíngaratkvæðið fer í sömu áttina, eða þau eru bæði eins, því það er einkenni ómunavenjunnar, að hún verði ekki rakin að upptökum sínum. Eg skal nú ekki neita því, að það er margt, sem mælir með því í þessu máli, að halda sèr við ómunatíðarvenjuna; en eg tek það aptur fram, sem eg sagði við undirbúníngsumræðuna, að eg vildi hèr væri farinn eins konar millivegur með hæfilegu tilliti bæði til sýslumannsins og gjaldþegnanna, og að nefndin hefði eiginlega viljað koma því til leiðar, að samlagníng lausafjár og fasteignar til skatts ekki breiddist enn meira út eða þángað, sem hún væri ekki þegar búin að fá nokkurn veginn fasta venju fyrir sèr, og hugsaði eg mèr, að þetta mætti miða við þann tíma, sem manntalsbækurnar voru fyrst löggiltar af amtmönnunum. Það er sjálfsagt, að þetta ekki er miðað

við strángar rèttarreglur, en það er þó frá sjónarmiði nefndarinnar og tilgángi hennar, eingan veginn svo óaðgeingilegt, eins og það kynni að virðast í fljótu bragði, og eins og sumir af hinum heiðruðu þíngmönnum hafa sagt, ef að öðru leyti er farinn nokkur meðalvegur í málinu.

Guðmundur Brandsson: Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að menn ætti nú bráðum von á breytíngu á skattalögunum, og get eg vel ímyndað mèr, að hann hafi enn fremur styrkzt í þeirri meiníngu, þegar hann sá, hvernig atkvæðin fèllu í jarðamatsmálinu í gær, og eg vil öldúngis ekki bera brigður á þessi orð hans; en ef svo skyldi fara, að þetta drægist, þá held eg það væri ekki af vegi, þó leingra væri farið út í þetta mál nú. Eg gat þess við undirbúníngsumræðuna, að eg gerði mig ánægðan með útskýríng hins háttvirta þíngmanns frá Ísafjarðarsýslu um það, hvað menn skilja við „fullkomna og fasta venju", nefnilega, að ef eingin önnur venja fyrri gæti uppgötvazt, þá skyldi hin gilda. Mèr þótti líka hinn heiðraði *framsögumaður* dæma hart varaatkvæði hins heiðraða þíngmanns frá Strandasýslu, og virtist mèr það þó undarlegt, þar eð það er í þeim sama anda og hinn háttvirti *framsögumaður* sjálfur talaði á þínginu í hitt eð fyrra, þegar rætt var um tíundina til prestanna eptir nýja jarðamatinu, og það er auðsèð, að varaatkvæðið er á sömu rökum byggt; mig furðar því á, að hinn háttvirti *framsögumaður* skuli vilja fella þetta fóstur, sem hann er svo mikið viðriðinn; eg fyrir mitt leyti álít ekki órètt, að bjarga því, ef menn annars vilja fleiri vera með því. Eg ætla að gefa atkvæði mitt með tölul. 1., 3. og 5.; því allt fer þetta að nokkru leyti í sömu stefnu, og er mun betra, en uppástúnga nefndarinnar; því í tölul. 3. og 5. má þó miða við ómunatíðarvenju, eða þá, eins og í 5. tölul. er til tekið, þar sem miðað er við venju þá, sem ekki verður rakin að upptökum sínum.

Framsögumaður: Það var mikill skaði, að nefndin ekki gat orðið aðnjótandi hins heiðraða þíngmanns aðstoðar, því eg er viss um, að málið hefði þó komizt í annað og betra horf, en nú finnur hann ekkert ákveðið nè nógu skýrt tekið fram hjá nefndinni; honum þykir ekki heldur ómunatíðarvenja nægilega tryggjandi, enda þó allir viðurkenni, að hún ráði eins og lög í öðru eins efni og þetta er. Venjan kemur nefnilega einkum fram í sveitarlegum og opinberum málefnum, og þannig hefir venjan, það, sem er orðið *„Skik og Brug"*,

mikla þýðingu, þegar spursmál er um tekjur embættismanna, t. a. m. prestanna.

Hinn heiðraði þingmaður hélt, að þingmaður Strandasýslu hefði tekið breytingaratkvæði sitt undir 2. tölulið eptir mèr, af því eg í jarðamatsmálinu mælti fram með tíund til prestanna, eins og eg þar gjörði; en þingmaður Strandasýslu er vissulega svo vel viti borinn, að hann þarf ekki að fara í smiðju til mín með ekki margbrotnara breytingaratkvæði, en það er, sem hann hefir borið upp; þetta er því að gjöra sèr leik til að snúa út úr.

Stefán Jónsson: Eins og þingmenn vita, á eg hèr þátt í 1. breytingaratkvæðinu á atkvæðaskránni. Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að því hefði verið farið fram seinast, þegar málið var rætt, að eptir Jónsbók mætti líka leggja saman fasteign og lausafè; en eg get þó ekki skilið, að svo sè; enda er auðsèð, að stjórnin ekki skilur það svo, því annars mundi hún ekki hafa tekið svoleiðis til orða í frumvarpinu til jarðamatsins, því það þarf ekki að kalla það venju, sem eru lög; en mèr er lítið um það gefið, að venja geti orðið að lögum; því það getur verið svo mörg venjan, sem illa ætti við. Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að það væri ísjárvert, að gánga nærri gjaldþegnunum og sýslumönnunum, með því að raska tekjum sýslumannanna, og menn ætti að reyna, að fara bil beggja, og neita eg því eingan veginn; en þetta er bæði óvíða, og ekki nema hjá einstöku mönnum, svo hallinn yrði ekki mikill og ekki almennur; enda sè eg ekki betur, en að stjórnin mundi bæta sýslumönnunum það upp, sem þeir misstu í, ekki síður í þessu tilfelli, en í jarðamatsmálinu, sem sá háttvirti *konúngsfulltrúi* benti mönnum á undir umræðu þess máls. Eg vona því, að breytingaratkvæði mitt verði ekki fellt af þeim ástæðum, sem enn þá hafa komið fram.

Ásgeir Einarsson: Mèr þótti hinn háttvirti *framsögumaður* fara nærri því betur með mig og breytingaratkvæði mitt, en eg átti skilið, og vil eg leyfa mèr að skýra honum frá, í hvaða tilgángi eg bar þetta breytingaratkvæði upp; eg vil, og hefi einlægt viljað, miðla málum í þessu máli, svo sem unnt er. Mèr sýnist það vera ísjárvert, að kippa svona tekjum af sýslumönnunum, og það einkum eins og nú á stendur; þess vegna vildi eg heldur, að það ekki yrði fyr, en þeir fara frá embættinu; eg veit líka til, að það er almenn og megn óánægja yfir skattalögum þeim, sem nú eru, og er ei útsèð um, hvað af því kann að fljóta. Hvað venjunni viðvíkur, þá er það mjög ógeðfellt í augum þjóðarinnar, að lúka skatta eptir henni; því,

það hefir líka verið mælt, að menn mætti ekki láta venjuna draga skynsemina á eyrunum, og getur verið, að hún haldi, að hið sama sè að varast við þessa venju. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir enn þá ekki skýrt frá, hve nær manntalsbækur sýslumannanna hafa verið löggiltar; en ef það skyldi nú ekki vera mjög lángt síðan, þá kynni það að vera ísjárvert, að miða venjuna við það; ef það er ekki ómunavenja, þá er hætt við, að það gæti orðið að þrætuefni milli manna; eg hygg því, að betra væri, ef farið er eptir því, sem er í uppástúngu nefndarinnar, að miða það við fullkomna og fasta venju eptir þeirri merkíng, sem hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga lagði í þau orð, nefnilega, ef eingin eldri venja findist, og mætti þá má ske bæta við varatkvæði mitt, ef menn samþykkja það, orðunum: „nema því að eins, að fyrir því sè fullkomin og föst venja“, og held eg, að með því gæti menn mikið liðkað til, og vildi eg stínga upp á því, að hinn háttvirti *forseti* vildi haga eptir þessu atkvæðagreiðslunni, ef *framsögumaður* ekki hefir á móti því; sömuleiðis vildi eg leyfa mèr að skora á hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa,* að hann vilji sýna mönnum fram á, hvernig liðlegast og affarabezt mundi vera, að ráða úr þessu máli.

Framsögumaður: Eg skal fúslega játa, að hinum heiðraða þíngmanni Strandasýslu hefir geingið gott til með breytíngaratkvæði sínu, og þess var líka von af honum; en eg verð þó að segja honum það, að hann fer bæði of lángt og líka of stutt, því hann vill ekki láta neina venju komast að eða gilda, og í annan stað vill hann halda venju, sem hvorki er orðin föst nè fullkomin, mečan ekki verða sýslumannaskipti, og þetta er meira, en nefndin ætlast til; því hún vill því að eins láta venjuna gilda, að hún sè orðin stöðug eða föst; eg skal játa, að breytíngaratkvæðið vill þræða meðalveg, og halda á þá einu hlið uppi rètti sýslumannanna, en á hina gjaldþegnanna, en eg get þó ekki fellt mig við breytíngaratkvæðið, eins og það liggur fyrir.

Jón Pètursson: Mèr tókst svo eptir, þegar hinn heiðraði þíngmaður Eyfirðínga bar upp breytíngaratkvæði sitt við undirbúníngsumræðuna, að hann orðaði það nokkuð öðruvísi, en það er hèr nú á atkvæðaskránni, og þess vegna kvaðst eg mundu vera með því, ef þíngið á annað borð vildi halda þessu máli leingra. Eg skildi hann þá svo, að hann vildi setja eptir orðið „skattur“ í nefndarálitinu: „nema eptir Jónsbókarlögum“, svo þegar það er eins orðað, og það er hèr á atkvæðaskránni, get eg ekki verið með því, og um þetta gat eg

við *forseta,* þegar eg sá uppkastið hjá honum til atkvæðaskráarinnar í málinu.

Forseti: Eg skal játa, að hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður gat þessa við mig, en það hefir í ógáti verið prentað nafn hans við breytíngaratkvæðið.

Jón Pèturssón: Eg verð yfir höfuð að tala að vera mótfallinn uppástúngu nefndarinnar, bæði hvað formið og efnið snertir. Hvað forminu viðvíkur, þá er það mjög óvenjulegt í Danmörku, að biðja konúnginn um, að skýra hinn gildandi rètt, og þess sýnist heldur ekki þörf hèr, þegar bráðum er von á nýjum skattalögum. Hvað efnið snertir, þá vil eg geta þess, að eg hefi aldrei látið í ljósi, að það væri mín meiníng, að bændaskatt eigi að taka af samanlögðu lausafè og fasteign, og eg fyrir mitt leyti held, að það verði ekki gjört, sízt undir öllum kríngumstæðum; en það er mín meiníng, að af búlausum megi taka skatt af fasteigninni, ef þeir eiga nóg til þess. Þar sem löggjafinn í Jónsbókinni talar um bændaskatt, þá fer hann öldúngis eptir hinum eldri lögum, eður Grágásinni um þíngfararkaupið, sem einúngis miðaði þetta gjald við bú bóndans, einkum kvikfènað hans; þar á móti er það ný ákvörðun í Jónsbókinni, að búlausir menn skuli borga skatt; þeir áttu eigi eptir hinum eldri lögum að lúka þíngfararkaupi; enda leggur Jónsbókin eigi það gjald heldur á þá; hún gat því vel byggt skattgjald þeirra á öðrum grundvelli; en þetta er samt einúngis mín meiníng, og yfir höfuð hlýtur þetta ætíð að vera vafasamt spursmál, og það heyrir beinlínis undir dómstólana, að skera úr þessu. En hitt er víst öldúngis nýtt, að biðja konúnginn um, að útskýra nokkurt lagaboð svo, að það eigi megi skiljast eptir orðanna hljóðan, án þess þó að færa nokkur rök fyrir því, að sá skilníngur sè rèttur, og það hlyti ætíð líka að verða vafasamt, hvort þessi konúnglega skýríng yrði samkvæm lögum. Að það sè orðin fullkomin og föst venja, að taka bændaskatt af föstu og lausu, á sèr víst helzt stað hèr í Gullbríngusýslu; en nú eru þó færð álitleg rök til, að hún muni hèr ekki vera svo gömul, að ekki megi rekja fyrir upptök hennar, og ef hún nú á sèr hvergi stað, þá yrði sú þar að lútandi takmörkun í konúngsúrskurðinum öldúngis þýðíngarlaus. Við undirbúníngsumræðuna lèt hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga þá meiníngu sína í ljósi, að dómstólarnir yrði ekki bundnir við þessa konúnglegu útskýríngu, heldur ætti einúngis að taka tillit til hins gildandi rèttar; en það held eg ekki sè rètt, því ef þessi útskýríng væri til, þá hlyti dómstólarnir að hafa tillit til henn-

ar eins og lagaboðs. Eg álít því rèttast, að hlutaðeigendur biðji stjórnina um gefins málsfærslu, og láti svo málið gánga til hæstarèttar, og þá væri bezt, að Gullbríngusýsla byrjaði á því, þar eð þar er þetta helzt orðið að venju; ef þeir þá töpuðu við hæstarètt vegna venjunnar, þá gæti verið ástæða fyrir fleiri, að fá gefins málssókn annarstaðar. Eg álít því rèttast fyrir þíngið, að fella þetta mál, og það því heldur, sem, ef það ekki gjörði það, kæmist það í mótsögn við aðgjörðir sínar í jarðamatsmálinu.

Stefán Eiríksson: Mèr varð nú sama og hinum háttvirta *framsögumanni,* að eg furðaði mig á, þegar eg sá embættisbróður hans undir breytíngaratkvæðinu tölul. 1., enda hefi eg nú heyrt, að nafn hans hafi slæðzt þar inn af handahófi, og því ætla eg nú ekki að tala meira um það. Hann gat þess við undirbúníngsumræðu þessa máls út af því, sem eg sagði þá, að hann þekkti ekki þá vinnumenn, sem ætti 10 kýr; en er hann þá ekki svo kunnugur tíundarlögum vorum, tilskipun 17. júlí 1782, að hann viti, hvaða peníngur eptir henni er talinn til tíundar, og að hvert hundrað eptir löggjöfinni er sama sem kýr eða kúgildi í Jónsbók? Af þessu getur hann nú sèð, að það er ekki ómögulegt fyrir vinnufólk, að eiga 10 hundrnð í lausafè, því það þarf ekki nema lítilfjörlegan arf til þessa. Við undirbúníngsumræðu máls þessa var hann á því, að sleingja mætti saman fasteign og lausafè á búendum og búlausum, til að byggja á skattinn, en nú álítur hann, að skattheimta svona löguð eigi einúngis að takast af einhleypum mönnum eptir Jónsbók; þetta vona eg, að sè nú nóg til þess að sýna, að hinn háttvirti þíngmaður sè nokkuð reikull í skoðun sinni um skattatökuna, og eg verð líka að vera á því, sem hinir beztu lögfræðíngar hèr, er talað hafa í þessu máli, hafa sagt, að skatturinn geti ekki heimtazt nema af lausafè, og eg vil yfir láta það hverjum þíngmanni, hvort hið síðara atriði í 1. kapítula Jónsbókar þegnskyldubálki hljóti ekki að byggjast á því, sem að framan er sagt í sama kapítula, og undir eins og hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður getur sýnt mèr í þegnskyldubálki, að þar sè með einu orði minnzt á fasteign, þá skal eg sannfærast, en fyrri ekki. Eg ætla nú ekki að tala margt um atkvæði þau, er standa á atkvæðaskránni, því mín sannfæríng er, að bezt sè að halda sèr við nefndarálitið, og fyrir því gef eg atkvæði mitt; svo ætti þíngið, að minni skoðun, að gefa atkvæði fyrir viðauka hins háttvirta þíngmanns úr Norður-Múlasýslu, því með því fást víst takmörk um venjuna.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það er víst hreinn misskilningur hjá þeim mönnum, sem ekki geta fellt sig við tölul. 1.; en það, að breytíngaratkvæðið er orðað svona, kom af því, að við uppástúngumennirnir vildum ekki breyta allri greininni; þá hefði hún þó má ske verið ljósar orðuð, og þá hefði kann ske þessi misskilníngur orðið fyrirbyggður. Meiníngin er, eins og allir geta skilið, sú, að fyrirbyggja, að skattur verði tekinn hèr á landi eptir öðru en Jónsbókarlögum, meðan hún er í gildi. Eg vil leyfa mèr að benda hinum háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanni á, hvort ekki muni nú vera talsverð rèttaróvissa í þessari venju, sem hann er að hæla, og telur svo sanngjarna og rèttláta. Þegar að er gætt, þá ætla eg hún sè mjög óviss, og eg veit til þess, að það kemur má ske ekki nema einu sinni fyrir suma á æfi þeirra, að greiða skattinn eptir lausafè og fasteign samanlagðri, fyrir suma má ske tvisvar, þrisvar, eptir kríngumstæðunum í hvert skipti; stundum fellur líka úr ár og ár, að sýslumenn fá eingan skatt á þenna hátt, allt eptir kríngumstæðum manna í hvert skipti. Sýslumaðurinn grípur líka má ske til þessa, ef hann veit, að það er efnamaður að öðru leyti, sem í hlut á, en er þó ekki í skatti eptir lausafjártíundinni. Hinn háttvirti *framsögumaður* hreifði því, að það mundi vel til fallið, að binda venjuna við aldur manntalsbókanna; en ef menn ætluðu að fara eptir manntalsbókunum, þá held eg það gæti valdið nýrri óvissu, því þær kunna má ske að vera sumstaðar ekki sem áreiðanlegastar, þegar upp eptir dregur, og það gæti líka verið, að þar fyndist eyða innan um þær, svo menn gæti átt örðugt með, að komast að upptökum venju þessarar með því móti. Viðvíkjandi hefðinni, sem mèr skildist að hinn háttvirti *framsögumaður* áliti að gæti rèttlætt venju þessa, þá skilst mèr hún geti þannig að eins haft nokkra þýðíngu, að hefðandi viti ekki annað, en hann brúki sína eign; en það er ekki þeim svörum að gegna, að sýslumennirnir viti ekki vel af því, að þeir eiga ekki neina lagaheimtíng á þessum skatti, því maður getur ekki gjört ráð fyrir neinum sýslumanni svo fávísum, að hann ekki viti, að eingin önnur skattalög gilda hèr á landi en Jónsbókarlög. Að venjan geti helgazt af hefðinni, er því fráleitara, sem það er eingínn sá, sem brúkar annars manns eign af því, að aðrir hafa gert það á undan honum, heldur af því hann veit ekki betur, en hann eigi það, sem hann brúkar. Þegar þetta er nú skilið við hefð eptir Jónsbók, þá getur það aldrei orðið, að þessi venja í skattatökunni, hvað full-

komin og föst sem hún er, geti orðið að hefð, eins og hinn háttvirti *framsögumaður* sagði.

Framsögumaður: Það var mèr nokkuð óljóst, sem þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu sagði, og að vísu þótti mèr skilningur hans á hefðinni og venjunni nokkuð óljós; hann var að tala um, að hefð rèði ekki nema í þeim tilfellum, sem hlutaðeigandi ekki vissi betur, en hann ætti það, sem hann brúkaði, en sýslumaðurinn, sem tæki skatt af lausafè og fasteign samanlagðri, vissi eða yrði að vita, að hann gjörði rángt; en þetta ætla eg ránga skoðun. Sýslumaðurinn, sem sèr af manntalsbókunum, að skatturinn hefir verið tekinn svona á undan honum, hefir ástæðu til að halda, að það sè orðið að venju, og hann breytir því ekki á móti betri vitund, þó hann fylgi því, sem hann finnur fyrir sèr.

Hinn heiðraði 5. konúngkjörni fulltrúi var enn þá að halda því fram, að það ætti betur við, að láta dómstólana miðla hèr málum; þessu er áður svarað, og að öðru leyti er það á þingsins valdi, hverja aðferðina það aðhyllist. Hinn sami heiðraði fulltrúi var líka að tala um það, að hèr væri verið að biðja konúng um, að útskýra hinn gildandi rètt; þetta er ekki svo, heldur er verið að biðja um, að vernda hinn gildandi rètt, og það er allt annað mál, og þessu heldur nefndin geti orðið framkvæmt með þeirri meðferð málsins, sem hún mælir fram með.

H. Kr. Friðriksson: Eg er yfir höfuð að tala öldúngis á sömu skoðun, og hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður; því mèr sýnist það ekki vera rètt að forminu til, að biðja konúnginn um, að skýra lögin; eg hygg það verði öldúngis árángurslaust, og stjórnin hættir sèr víst ekki út í það, þar eð þetta mál er beinlínis dómsmál, og stjórnin gefur ekki þess konar úrskurði, sem hèr er beðið um. Hinn háttvirti *framsögumaður* hældi breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns frá Strandasýslu, en mèr finnst það ekki svo mikið sem geta komið til atkvæða. Þegar beðið er um, að konúngur setji lög, þá er það nokkuð skrítið, að biðja konúng um, að skipa lög hèr á landi, án þess að leggja þau fyrir þíngið áður; það er víst betra að biðja hann um, að leggja frumvarp til laganna fyrir þíngið, til þess að slík lög verði sett, því að hitt væri beinlínis til þess, að svipta alþíngi rètti sínum.

Gísli Brynjúlfsson: „*Credo ego vos, judices, mirari*“, o. s. frv. Það er að skilja, eg held, að hina háttvirtu þíngmenn megi furða á því, að eg, sem þó er minnstur postulanna hèr í lögum, skuli nú

einnig fara að tala um þetta mál. En það kann þó að vera, að eg geti kastað þeirri hnútu hèr inn á þingið, sem menn hvorki munu verða búnir með á þessu þingi, nè heldur á hinu næsta, eða má ske þó leingur sè, ef menn á annað borð fara að gefa henni nokkurn gaum. Menn vilja biðja um, að skattur verði framvegis að eins tekinn eptir Jónsbók, og gjöra það í þeim tilgángi, að hindra framvegis samlagníngu tíundarinnar af fasteign og lausafè, til að taka skatt eptir; en eg vil þó biðja menn að athuga vel, hvort þeir biðja ei, ef til vill, beinlínis á móti sjálfum sèr, er þeir biðja um, að fara að eins eptir Jónsbók; því eg efast ei um, að hana má allt eins skilja svo, sem hún einmitt heimili samlagníngina. Jónsbók segir, að maður skuli eiga *„kúgildi“* fram yfir það, sem til bús hans þarfnist, til þess að vera í skatti, eða gjalda þíngfararkaup; en „kúgildi“ merkir nú að eins „kýrverð“, og er hið sama sem „hundrað“, og má því auðsjáanlega í sjálfu sèr standa á sama, hvort maðurinn á það í lausum aurum eða fasteign, að eins ef hann á svo mikið fram yfir, sem búið þarfnast. Og þó eg nú sè fús á að viðurkenna, að meiníngin kunni að vera nokkuð óljós, eins og greinin er orðuð í Jónsbók, svo að bæði megi færa ástæður með og mót, ef menn að eins halda sèr til orðanna, þá held eg þó, að einföld skynsemi sýni, að meiníngin geti þó ei verið önnur, en eg hefi sagt; því hitt leiddi beinlínis til þess, að ríkustu menn á landi þyrfti aldrei að komast í skatt, þar sem þeir, hversu margar jarðir sem þeir svo annars ætti, þyrfti þó aldrei annað, en vera búlausir tómthúsmenn, eða búa á svo litlu koti, eins og sagt hefir verið um Jón heitinn í Móhúsum, að það, sem þeir tíunduðu af búi sínu, nægði ei til að koma þeim í skatt. En það sèr hver, að slík lög væri með öllu óskynsamleg frá upphafi, og það viljum vèr ei ætla um Jónsbók; svo að ef hèr er nokkuð efasamt í henni, þá finnst mèr nú miklu fremur ástæða til, að biðja konúng vorn um ný lög, er greinilega ákveði það, sem auðsjáanlega hefir verið tilgángur hennar, að lausafjár- og fasteignartíund skuli framvegis leggja saman, til að taka skatt eptir um allt land. Það fer því mjög fjarri, að eg geti fallizt á nokkuð á atkvæðaskránni, þar sem eg vildi helzt beinlínis biðja um hið gagnstæða; því þó hèr segi einnig, að menn skuli biðja um, að fara framvegis eptir Jónsbók, og eg nú skilji hana á minn hátt, þá get eg þó ei heldur fallizt á þá uppástúngu hèr, sökum þess hins gagnstæða skilníngs, sem eg veit að þíngið nú leggur í hana. Eg vil miklu heldur styðja að því, að bæði fasteignar- og lausafjártíund verði framvegis lögð

saman um allt land, til þess að taka skatt eptir, heldur en hinu, að þessi hin rètta og löglega venja verði nú einnig af tekin í þeim fáu sýslum, sem hún hingað til hefir tíðkazt í; og er eg því fúsari til þessa, sem eg hefi ástæður til að halda, að allar tilraunir til að afmá nú samlagníngarskattinn með öllu, sè einkum sprottnar af þeim anda, sem mèr því miður finnst vera of almennur hèr í landi, að menn vilja helzt sem mest komast undan öllum gjöldum til allsherjar-þarfa. En þeim anda ætla eg mèr æfinlega að vera á móti, og segi eg það nú með tilliti til þess, sem varaþíngmaður Dalasýslu sagði seinast um breytíngaratkvæði mitt í jarðamatsmálinu, þó hann nú reyndar misskildi það, að alla þá króa, sem fara í þá stefnu, að menn eigi fúslega að gjalda allt það, sem nauðsynlegt er til almenníngsþarfa, skal eg æfinlega vera fús á að gángast undir, með því eg efast ei um, að nógir muni samt verða til að senda út einhverja króa í hina stefnuna. Og þó menn nú kunni að segja, að forfeður vorir hafi ei heldur í fornöld goldið svo mikið til allsherjarþarfa, þá verð eg að minna menn á, að það kom þá einkum af því, að oss þá að mestu leyti vantaði almenna landstjórn, en menn drógu þá og þeim mun meira til hèraðanna, og þar skoruðust bændur sannarlega ei undan, að gjalda það höfðíngum sínum, sem nauðsyn þótti til að stjórna hèraðinu sem bezt; en nú er eg hræddur um, að menn bæði vilji komast sem mest undan öllum almennum landsgjöldum, og þá líka einnig borga sem minnst í sveitum og sýslum, og þeim anda ætla eg mèr æfinlega að vera á móti. Eg get því með eingu móti verið á því, að biðja um, að samlagníngarskatturinn verði nú aftekinn í nokkurri sýslu, og eg álít það miklu fremur skyldu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* að benda stjórninni á, að lögin sè rèttast skilin, ef hann verði tekinn á þann hátt í öllum sýslum; en að öðru leyti held eg helzt, að málið sè dómsmál.

Halldór Jónsson: Af því margrætt varð um, hvaða þýðíng ætti að liggja í orðunum „fullkomin og föst venja“, áskildi eg mèr viðaukaatkvæði við enda niðurlagsins, en uni því vel, þó hvorttveggja falli; því meiníngin í hvorutveggju er þó sú, að koma í veg fyrir misbrúkun venjunnnar, en gefa henni það gildi, sem hún gæti haft, eða að aðgreina heimildarlausa venju frá þeirri, er nokkurn rètt mætti á byggja, og finnst mèr, að umræðurnar, sem um þetta hafa orðið, og lesnar verða í tíðindunum, muni nægilega benda sýslumönnum til varkárni í því, að heimta skatt af lausafè og fasteign samanlögðu.

Benedikt Þórðarson: Eg stend nú upp einúngis til að lýsa því yfir, að þar sem ályktarumræður þíngmanna í öðrum málum hèr í salnum hafa híngað til sannfært mig um það, hverju eg ætti að gefa atkvæði mitt, þá er hèr nú á annann veg í þessa máli, og þvert á mót; því nú hafa ræðurnar villt mig svo, að eg er eptir en áður í meiri vafa um, hverju eg eigi að fylgja, og fyrir hverju greiða atkvæði; eg veit ekki nema rèttast væri, að fella mál þetta að öllu, og það er þó ekki annmarkalaust að gjöra það. Skattgjaldslög vor eru nú að vísu í Jónsbókinni, en þau eru, ef til vill, að nokkru leyti farin að gleymast, og eg veit ekki, hvort skattheimta eptir þeim yrði nú á dögum vinsælli, en þessi samlagníngarskattur er orðinn; menn vita af tíundarreglugjörðinni frá 1782, og eru orðnir því vanir, að fè þeirra sè virt til tíundar eptir henni; menn mundi því una mjög illa við það, að önnur virðíng á því væri við höfð, til þess að krefja skattsins; þessu til sönnunar get eg til greint fárra ára dæmi; það var fyrir rúmum 10 árum, að sýslumaður Brynjólfur sál. Sveinsson kom í Barðastrandarsýslu og hóf þar skattheimtuna beinlínis eptir Jónsbókinni, því sú eina skattheimta þótti honum, eins og líka er, hin löggildasta; en hvernig fór? Skattheimta þessi varð mjög óvinsæl, og menn kölluðu skattinn meraskatt; sýslumaðurinn var of vitur maður og góðgjarn til þess, að halda málinu til kapps við bændur, og lèt hann brátt sitt minna; eg segi ekki sögu þessa bændum til ámælis; allir sjá, að þeim var hin mesta vorkun, þar sem þeir síðan áminnzt tíundarreglugjörð frá 1782 kom út, ekki höfðu vanizt því, að svo væri skattur af þeim tekinn. Þeir vildu hafa vanann, nefndin vill líka hafa hèr vanann; en það er verst við vana hennar, að hann er of úngur, til þess að heitið geti fullkomin og föst venja; það sèst heldur ekki, að nefndin hafi veitt venju sinni æsku- nè ellileyfi, því hún er hèr ekki miðuð-við neinn tíma; um hana má segja, að hún renni hèr upp til moldar, því eg ætla hana hvergi á landinu svo gamla, að hún hafi helgað sèr rètt sem fullkomin og föst; hún er alls ónýt, og ekki verður henni við bjargað með ómunatíðar-nafninu, því hún hlýtur að kafna undir því.

Arnljótur Ólafsson: Mig furðar ekki á því, þó hinn heiðraði þíngmaður frá Barðastrandarsýslu vilji nú helzt hætta við málið að svo búnu, því mèr þykir nú ætla að fara að vandast málið, þegar menn ei að eins greinir á um venju, heldur og um rèttargildi venjunnar og um þýðíngu Jónsbókarlaga, svo að nú er þar að komið, að menn vefeingja öll lög fyrir skattinum. Hinn háttvirti þíngmað-

ur Skagfirðínga rakti það nú lángleingst, eins og hann er vanur, að rekja alla hluti að upptökum sínum, og það furðar mig, að hann, jafnmikill fornfræðíngur, ekki skyldi fara þó enn leingra, því þá hefði hann betur skilið, hvernig taka á skattinn. Eg vil að eins leyfa mèr að benda mönnum á, hvað skilst við skattinn. Jónsbók segir, að hálfur skattur komi fyrir þíngfararkaup, en þíngfararkaupið er til tekið í Grágás; þar segir, í þeirri sem prentuð er eptir skinnbókinni í bókasafni konúngs, og sem er líkari tíundarstatútu Gissurar biskups: „þeir eigu at gjalda þingfararkaup, er skuldahjóna hvert hefir höfutkú skuldalausa, eða kúgildi, eða net, eða skip, og búsbúhluti alla, þá er þat bú má eigi þermlaz“. Eptir þessu er hver sá skyldur að gjalda þíngfararkaup, sem á kúgildi fyrir hvert skuldahjú. En Staðarholtsbókin segir svo: „þeir eigu at gjalda þíngfararkaup, ok eru þess skyldir, er skuldahjón hans á hvert kú eðr kúgildi, skip eðr net, ok skal hann eiga um fram eyk, uxa eða ross, ok alla búsbúhluti, þá er þat bú má eigi þarnask“; og er þessi grein alveg eins og í Jónsbókinni, því í Staðarholtsbókinni er sleppt úr orðinu *skuldalaust*, en bætt inn í „uxa eðr eyk eðr ross“, sem eigi er í kóngsbókinni. Hèr er þá nákvæmlega til tekið, hvað sá á að eiga *í lausafè*, sem skattskyldur sè, og af því er ljóst, að *lausafèð eitt* er skattstofninn. Með þessu vona eg, að eg hafi svarað hinum háttvirta þíngmanni Skagfirðínga. En þegar til atkvæðaskrárinnar kemur, fer að þýngja fyrir fæti, þar eð menn vilja leggja venjuna á vog. Það er þá fyrst að athuga það, sem hinn háttvirti þíngmaður frá Reykjavík sagði, nl. að venja væri hið sama sem lög, og gat hann þess, að tölul. 2. gæti ekki komið til atkvæðagreiðslu, því þar væri beðið um að breyta lögum, eður beðið um lög. Eptir því kallar hann það lög, að taka af venju við sýslumannaskipti. En eg er á sömu meiníngu og áður, að eg held, að í raun rèttri sè hver sá rèttur til eignarfángs, sem vinnst í tíma, sama sem hefð, því eg þekki ei annan tileinkunarhátt í tíma, en hefð, ef um hlutareign er að ræða. Eg er samt ekki á móti því, sem lögfróðir menn hafa sagt hèr, að menn með venjunni gæti unnið sèr rètt til gjalda og tekja, en þá vil eg halla mèr að tölul. 3. um „ómunatíðarvenju“, sem líklega er 100 ára tími; því það er þá samkvæmt því, sem gildir um kirkjueignir. Ef þíngið nú sendir um þetta bænarskrá til konúngs, þá vil eg, að í henni sè bent á, hvað menn skilja við „ómunatíðarvenju“ hèr á landi. Eg get ekki fallizt á tölulið 2., því mèr þykir það undir kasti, hve leingi það kann

að vara í þeirri og þeirri sýslunni, eptir því, hvort sýslumaðurinn er úngur eða gamall, og því verða menn að eiga svo mikið undir kasti; en hins vegar játa eg, að breytíngaratkvæði þetta er hið sanngjarnasta fyrir sýslumennina.

Páll Sigurðsson: Eg ætlaði ekki að taka til máls í þetta skipti, því að hinn háttvirti *framsögumaður* varði uppástúngu nefndarinnar svo vel, að eg hefi eingu þar við að bæta. En mèr þótti svo merkileg ræða hins háttvirta þíngmanns Skagfirðínga, að eg gat ekki bundizt orða. Eg hefi aldrei heyrt Jónsbók fyr eins út lagða og hann gjörði, og það ekki af hinum beztu lagamönnum, og fram að síðustu aldamótum hefir það verið af öllum skoðað sem skattur skuli að eins takast af lausafè, og álít eg hann ekki jafnmerkan lögfræðíng, sem ýmsa þá embættismenn, er hèr um hafa ritað. Það er líka merkilegt, að láta hèr í ljósi þá skoðun, að Íslendíngar vilji svíkjast undan öllum álögum; en eg sè, að hann hefir verið helzt til of leingi í Kaupmannahöfn, ef hann veit ekki, að Íslendíngar eru manna fúsastir á, að gjalda rètta löglega skatta, og eins að leggja fram fríviljug tillög, þegar þeir álíta þar til fulla nauðsyn, og er aðferð Norðlendínga nú í fjárkláðamálinu því til sönnunar; en að láta kúga af sèr ólögleg gjöld, því vilja þeir verjast, og það er ætíð drengilegt, að bera hönd fyrir höfuð sèr móti lögleysu. Ef þessi setníng hans væri sönn, þá væri það svartur blettur á Íslendíngum, og þá eins á kjósendum hans; en þar hún er ósönn, þá kasta þeir svertunni á sjálfan hann, og það fastlega. Til hvers væri líka að breyta skattalögunum, ef það væri rètt, að taka skatt af samanlagðri fasteign og lausafè? Það þyrfti þá ekki nýrra laga við. Hvað atkvæðaskrána snertir, þá sè eg, að nefndin hefir ekki verið nógu framsýn, þegar hún hnýtti venjunni í taglið á sèr. Eg vil því stínga upp á, að hafa greinina ekki leingri fyrst, en að orðunum: „nema því“, og bera hana þá upp í tvennu lagi. Ef málið verður sent konúnginum, og hann sèr sèr ekki fært, að gefa þá umbeðnu útskýríngu, þá sendir hann það aptur, og segir það sè dómsmál, og þá geta menn sótt það á opinberan kostnað, ef sýslumenn halda því áfram, að heimta þannig skattinn. Eins og hinn háttvirti *framsögumaður* hefir þegar sagt, þegar hann skýrði frá, hvað menn skilja við fulla og fasta venju, eins hygg eg liggi hin sama merkíng í ómunatíðarvenju; en þessi venja álít eg ekki geti náð til skattheimtunnar í þessu efni. Stjórnin hefir líka í ráðherrabrèfinu kallað þetta venju, en ekki lög.

Indriði Gíslason: Mèr verður það nú optast fyrir, að snúa huga mínum til landsmanna minna, hversu snjallar ræður sem eg heyri. Eg held það hefði margur gaman af, að lesa tíðindin, ef bændur skyldi fara að mæla fram með venjunni í þessu máli. Eg verð nú að leyfa mèr að biðja hina lögfróðu menn hèr á þingi, að lofa okkur bændunum að sjá lög fyrir því, hvað hefðartíminn er langur í þessum skattkröfum, eða hvað mörg ár þurfi til þess, að taka hann ránglega, til þess heita megi, að sýslumenn krefji hann að rèttum lögum.

Það hugsaði eg sízt, þegar eg las „Norðra", og sá þar eptir því, sem Norðri sagði, að fyrir áeggjan eða tilmæli tveggja höfðingja Skagfirðinga mundi þetta verða þingmaður þeirra; það datt mèr þá sízt í hug, að hann mundi bregða Íslendingum um gjaldtregðu, og vanvirða þá fyrir það, að þeir ekki vildi greiða það, sem ránglega er af þeim krafið. Eg held hèr með, að eingin ætli að hafa það af þeim, sem þeir eiga með rèttu. Það var skaði fyrir Skagfirðinga, að honum ekki hugsaðist þetta mál fyr hèr á þingi, svo hann hefði getað samið fyrir þá bænarskrá, sem afbeiddi verndandi Jónsbókarlög í skattamálum, en beiðzt eptir nýjum landskatti aptur, *og* svo líka af lausafè og fasteign, o. s. frv.

Magnús Andrèsson: Það fór að fara um mig áðan, þegar mèr heyrðist þingmenn ætla að fara að fella málið, eins og mèr heyrðist hinum háttvirta 5. konúngkjörna þingmanni vera mjög annt um; eg veit nú ekki, hvort það er af því, að hann vill fá það undir dómstólana, eða það er í einhverjum öðrum tilgángi, að hann lagði það ráðið á, að Gullbríngusýslumenn riði á vaðið. En þar er þó þessi venja orðin leingst, svo það er öll líkindi til, að þeir töpuðu málinu, ef nokkrir tapa því, og hann sagði, að þó þeir töpuðu, þá gæti þó aðrir orðið til að reyna það. Mèr sýnist nú, að málinu muni vera lokið með öllu, ef það fær ekki annan framgáng, því bændur hafa almennt ekki þann kjark í sèr, að þeir fari að höfða mál móti sýslumönnum sínum; þeir hafa heldur ekki svo góða talsmenn, og þar að auk geta út af þess konar risið margs konar óþægilegheit manna í milli. Það er ekki heldur beðið um í uppástúngu nefndarinnar, að konúngurinn skýri lögin, heldur að hann „sjái svo til, að ekki verði teknir skattar nema eptir föstum lögum", og því álít eg rètt, að fara því fram, en ef það fæst ekki, þá að fara til dómstólanna. En eg vil biðja hina heiðruðu þingmenn, þegar þeir gánga til atkvæða í þessu máli, að muna eptir því, að það eru bændurnir,

sem eru aflaga bornir, og að þeir eru ekki færir um, að fara annað með kvartanir sínar, en til löggjafans; þeir hafa ekki þrek til að láta málið gánga gegnum dómstólana.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg er nú einn á þeirri meiníngu, sem hafa talað á þá leið, að ekki muni verða árángursmikið að skrifa stjórninni, eða senda henni bænarskrá viðvíkjandi skattheimtunni hèr á landi, fyr en skattgjaldslögin verða algjörlega tekin fyrir, þar það sannarlega er þó í áformi, það fyrsta því verður við komið; því er það líka, að eg hygg, að varaatkvæðið undir tölulið 2. verði árángurslítið, eða eigi ekki sem bezt við; því til að upphefja venjuna við sýslumannaskipti, þyrfti konúngur að gjöra einslags lagaákvörðun, og með þessari bæn viðurkenndi þíngið þessa venju eins og viðtekna, sem þó ekki er.

Hið 1. breytíngaratkvæðið virðist mèr vera óþarft og marklaust; því til þess að fá það, sem þar er um beðið, þarf ekkert annað, en bera niðurlagsatriði nefndarinnar upp til atkvæða í tvennu lagi, og samþykkja fyrri kaflann að orðinu „fasteign“, en fella síðari: „nema því að eins“, o. s. frv.; og fáist þetta, verður skattur ekki tekinn eptir öðru, en Jónsbók, þó vèr biðjum ekki; en vilji menn nú taka venjuna til greina, og þó biðja um nokkuð, hygg eg að verði það eina, að hafa uppástúngu nefndarinnar, en skjóta þar inn í til glöggvunar *„ómunatíðar“*, eða bæta við atkvæðinu undir tölulið 5.

Konúngsfulltrúi: Af því skorað var á mig að taka til máls, skal eg tala fáein orð, þó eg ætlaði mèr ekki að gjöra það, og það því fremur, sem mèr ekki þykir líklegt, að nokkuð annað muni vinnast við umræðu þessa máls í þetta sinn, en það, að maður muni fá frá stjórninni líkt svar og það, sem hún gaf í þessu máli 1855, og til er vitnað í nefndarálitinu, það nl., að amtmennirnir skuli sjá um, að samanlagníngarskatturinn verði ekki tekinn nema þar, sem það áður hafi verið venja. Af því nú niðurlagsatriðið í nefndarálitinu fer í sömu stefnu, sem ráðherrabrèfið af 1855, þá held eg það rèttast, að þíngið fallist á tèð niðurlagsatriði, ef það annars vill senda bænarskrá í þessu málefni.

Eg skal annars geta þess, að eg um þetta málefni hefi skrifað stjórninni ítarlega meiníngu mína, og látið hana þannig í ljósi, að eg áliti hinn samanlagða skatt grundaðan í elztu lögum landsins. Eg skal nú í þetta sinn ekki fara að útlista fyrir þínginu þær röksemdir, er eg færði fyrir meiníngu minni, en einúngis benda til þess, að þar eð eg vissi, að fleiri ágætir lögfræðíngar hèr í landi voru á

gagnstæðri meiníngu, þá vona eg, að þíngið ekki ætli mèr það, að eg mundi hafa lagt út í það, að láta mína meiníngu í ljósi við stjórnina, ef eg hefði ekki haft álitlegar röksemdir fyrir mínu máli. En niðurlagið hjá mèr var þó það, að láta standa við venjuna í hverri sýslu fyrir sig; því eg áleit það jafnvel ekki sæmandi, að banna sýslumönnum að taka samanlagða skattinn, þar sem það hefði verið venja, á meðan hún tekur þenna skatt sjálf í Gullbríngusýslu.

Það mundi bæta lítið úr málinu, þó þíngið vildi aðhyllast breytíngaratkvæðið nr. 1, sem vill láta taka skattinn eptir Jónsbókarlögum, því skatturinn er byggður á tíund, en þá tíunduðu menn ei einúngis lifandi gripi, og þá hluti, sem til eru teknir í reglug. 17. júlí 1782, heldur tíunduðu menn þá einnig lausafè, hvar af leiddi, að tíundin varð þá miklu hærri, og miklu fleiri urðu skattbændur, heldur en eptir þeim tíundarlögum og tíundarvenju, sem nú er fylgt. Þess má einnig geta, að reglug. frá 1782 var einúngis gefin fyrir presta og kirkjur, og þar af leiddi, að margir sýslumenn, fyrst eptir það reglugjörðin kom út, vildu leggja í tíund eptir Jónsbók, og þannig álíta sig hafa rètt til að taka skatt, ef gjaldþegninn átti t. a. m. hest fram yfir þá hundraðatölu, er jafngilti fólksfjölda hans. Eg skal nú eigi orðleingja þetta fremur, en ráða þínginu, að halla sèr að nefndaruppástúngunni, eins og hún er orðuð.

Pètur Pètursson: Eg get ekki neitað því, að þó eg feginn vildi vera á máli nefndarinnar, þá er hún svo myrk í máli sínu, að eg get ekki skilið hana, en það kemur líklega af skilníngsleysi mínu, svo eg tek ekki hart á því. Eg get ekki sèð, hvað nefndin meinar með orðunum „fullkomin og föst venja"; eg veit reyndar, að föst venja er sú venja, sem hefir verið brúkuð um margra ára röð, án þess önnur hafi komið á milli. Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að hin fullkomna og fasta venja miðist við löggildíngu manntalsbókanna; en eg veit nú ekki betur, en að konúnglegur úrskurður um það hafi fyrst komið eptir árið 1845, svo sú fullkomna venja væri þá ekki nema 13 ára venja, og eg er viss um, að menn geta sannað, að önnur venja hafi verið áður, og þá verður venja manntalsbókalöggildíngarinnar að eingu; þannig gæti þá sýslumennirnir sannað þessa venju af manntalsbókunum, en bændur aðra venju, sem áður var við höfð, svo mèr sýnist þessi orðatiltæki „fullkomin og föst venja„ verða mjög óviss hugmynd; má ske hinn háttvirti *framsögumaður* geti nú frætt mig betur. Eg get heldur ekki skilið, hvað út af þessum konúnglega úrskurði getur feingizt, nema staðfestíng af

rentukammerbrèfinu frá 1824; og mundi þá þessi úrskurður leiða gott af sèr fyrir sýslumennina? Nei; en fyrir gjaldþegnana? Ekki heldur; því þá hefðum vèr úrskurð fyrir því, að venja væri sama sem lög, þessi hvikula og skaðlega venja, og vegna þessa get eg ómögulega gefið atkvæði mitt með nefndarálitinu. Af því, sem hèr stendur á atkvæðaskránni, mun eg helzt hallast að 3. eða 5. tölulið, enda þó að eg ímyndi mèr, að bændum muni verða örðugt að sanna þetta móti sýslumanni. Þingið gjörði eflaust rèttast í, að fresta þessu máli, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* stakk upp á, og sjá, hvort ekki bólar á skattalögunum á næsta þingi.

Konúngsfulltrúi: Út af því, er hinn háttvirti *varaforseti* talaði um, að konúnglegan úrskurð mundi þurfa í þessu máli, skal eg geta þess, að það á eigi við, að breyta því, sem nú er fylgt í tilliti til skatttökunnar, með konúnglegum úrskurði, heldur yrði það að ske með reglulegu lagaboði, af því öll skattamál eru löggjafarmálefni. Það sem menn áður kölluðu *„authentiska Fortolkning“*, nefnilega, að löggjafinn sjálfur í lagaformi útleggi hin eldri lög, á nú ekki leingur við, eptir að stjórnarbreytíngin er á komin í Danmörku; en slík útskýríng laganna, eður sú breytíng þeirra, sem stundum var fólgin þar í, verður nú að ske með nýju lagaboði. Eg skal annars geta þess, að í ræðum þíngmanna um gildi siðvenjunnar hafa komið fram svo margar villur, og þar á meðal sú hjá einum þíngmanni, að hann hefir blandað saman *„præscriptio immemorialis“* og 100 ára hefð, sem þó er sitt hvað, að það hefði tekið óendanlega lángan tíma af, ef eg hefði átt að elta þær allar og hrekja þær.

Framsögumaður: Hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður þótti mèr ekki vera góðfús lesari. Hann sagði, að nefndin færði allt málið í verra horf en áður fyrir bændunum, og að *framsögumaður* kallaði það, sem hefði geingizt við í seinustu 13 árin, eða síðan það kom upp, að löggilda manntalsbækurnar, fulla og fasta venju; en þetta er fært úr lagi, því það er miklu leingra en 13 ár, síðan boðið var að löggilda manntalsbækurnar; þetta átti sèr stað, þegar eg varð sýslumaður fyrir meir en 20 árum síðan. Eg hafði að eins sagt, að mèr þætti það ekki ósanngjarnt að binda venjuna í þessu efni við þetta atriði, löggildíngu manntalsbókanna, ekki af því, að eg ekki sæi, að þetta væri, ef til vill, hæpið, heldur af því, að eg vildi fara bil beggja, og líta til beggja hliða. Að þetta spilli málinu fyrir almenníngi get eg nú ekki séð, heldur verð eg miklu fremur að halda, að hann verði betur farinn eptir en áður;

og að vísu er með þessu móti spornað við því, að þessi skatttöku-aðferð breiðist út, eða þángað sem hún enn þá ekki er komin, og þetta var það, sem nefndin vildi girða fyrir, og það er þó ekki svo mjög lítilsvert atriði.

Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* talaði um, að það mundi vera réttara, að senda þetta mál til hlutaðeiganda stjórnarherra; eg skal ekki hafa á móti því, að þíngið fari þenna veg með málið, því síður, sem þetta kemur heim við þá meferð, sem áður var við höfð, þegar spursmál varð út af skattgreiðlsunni, og þínginu er innanhandar að fylgja þessari bendíngu *konúngsfulltrúa,* ef það þykir betur hlíða.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Mèr skilst það vel, að þeir, sem vilja eyða þessu máli, komi með uppástúngur, sem eigi að koma því til leiðar, en hitt skil eg ekki, að þeir, sem málinu vilja fylgja, skuli láta slíkar uppástúngur villa sig, eða koma með aðrar, sem ekki geta annað, en spillt þeim litla árángri, sem af þessu kynni að verða. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* lagði hèr um bil þá þýðíngu í málið, sem eg hafði hugsað mèr, að konúngur mundi leggja þann úrskurð á, að stjórnarherrann ritaði amtmönnunum að sjá um, að sýslumennirnir ekki tæki skatt af samanlagðri fasteign og lausafè; þetta væri þá eiginlega ítrekun þeirra boða, sem stjórnin hefir áður gefið. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður hèlt, að orðin: „fullkomin og föst venja“ væri miklum vafa undirorpin, en það getur mèr nú ekki sýnzt; sú venja kalla eg sè fullkomin, sem kemur niður á öllum og eingum er sleppt; en föst er hún, þegar hún hefir staðið svo leingi, að eingin önnur eldri getur uppgötvazt. Eg er nú með þeim mönnum, sem álíta, að Jónsbók ekki ætlist til, að tekinn sè skattur af samanlögðu lausafè og fasteign, en eg veit að vísu, að nokkrir merkir lögfræðíngar eru á mótsettri skoðun, og því ætla eg ekki að gefa mig út í það. Eg er líka öldúngis á sama máli og hinn háttvirti þíngmaður Skagfirðínga, að það sè sanngjarnt, að sá, sem á lítið lausafè, en mikla fasteign, gjaldi skatt; en úr því það nú ekki ern lög, þá er það eingum láanda, þó hann vilji hafa sig undan því. Þar sem hann átaldi menn fyrir það þeir vildi svíkjast undan gjöldum, þá má einginn taka honum það orð illa upp, því hann er svo göfuglyndur maður og örlyndur, að hann vill að allir kunni vel þeim álögum, og gjaldi fúslega það, sem miðar til almennra nota. Og eins og hann er örlyndur sjálfur, eins vill hann ekki vamm okkar vita í því efni, landa sinna. Eg fyrir mitt leyti vorkenni það, þó

menn vilji ekki gjalda það, sem ekki er þeirra vafalaus skylda, en hitt kann eg ekki við, þegar bændur vilja nota sèr venjuna, þar sem hún er þeim í vil, en kasta henni, þegar hún er þeim í móti. Þetta eru eptir mínu áliti undanbrögð. Yfir höfuð að tala álít eg rèttast, að halda sèr til nefndarinnar, því að allar þær breytíngar, sem hèr eru, gjöra ekki annað en spilla. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður hèlt, að ekki væri meira en 13 ár síðan, að manntalsbækurnar voru löggiltar, en það eru þó næstum 30 ár, og þegar menn geta feingið bóklegar upplýsíngar fyrir 30 ára gamalli venju, þá er það þó töluvert tímabil. Þar eð nú venjan hefir aptur verið grundvallarreglan hjá stjórninni í skattamálum, þá finnst mèr öldúngis ekki eiga við, að útiloka hana hèr á þessum stað.

Sveinn Skúlason: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og hinn háttvirti *framsögumaður* ráða til, að senda þetta mál til stjórnarráðsins, og verð eg því nú, eins og eitt sinn áður, að leyfa mèr að spyrja *forseta* að því, hvort það samkvæmt seinni lið í 77. gr. í alþíngistilskipuninni geti verið rètt. Eg fyrir mitt leyti sè ekkert viðsjált við nefndarálitið, og get því einga ástæðu fundið til, að aðhyllast breytíngaratkvæðið tölulið 5. Hèr er ekki verið að tala um, að útleggja lögin, heldur á einúngis að biðja konúnginn um, að af taka ránga venju í skattheimtunni, þar eð ekki verður sannað, að sýslumennirnir hafi rètt til, að taka skatt af samanlögðu lausafè og fasteign.

Konúngsfulltrúi: Eg skal svara hinum heiðraða þíngmanni frá Norður-Þíngeyjarsýslu því, að mèr þykir það ekki eiga vel við, að senda konúnginum bænarskrá um annað eins efni og hèr ræðir um; en samt vil eg eg ekki setja mig á móti því, jafnvel þó mèr þætti fara betur á því, að hlutaðeigandi stjórnarherra væri skrifað um þetta málefni.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og vil því biðja þíngmenn að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Síðan var geingið til atkvæða, og fèll atkvæðagreiðslan á þenna hátt:

Tölul. 1. Breytíngaratkvæði *Stefáns Jónssonar* og *Jóns Sigurðssonar* frá Gautlöndum, fellt með 16 atkvæðum gegn 6.

— — 2. Varaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar* (við tölul. 1.), fellt með 18 atkvæðum gegn 4.

Tölul. 3. Breytíngar- og viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Tandraseli, fellt með 15 atkvæðum gegn 6.

— — 4. *Nefndin* (niðurlagsatriði nefndarálitsins), samþykkt með 14 atkvæðum gegn 7.

— — 5. Viðaukaatkvæði *Halldórs Jónssonar,* samþykkt með 14 atkvæðum gegn 8.

— — 6. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu)?

Hèr var við haft nafnakall, og sögðu

já:	nei:
Ásgeir Einarsson.	Páll Melsteð.
Benedikt Þórðarson.	Brynjólfur Jónsson.
Guðmundur Brandsson.	Gísli Brynjúlfsson.
Indriði Gíslason.	H. K. Friðriksson.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	Halldór Jónsson.
Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn.	H. G. Thordersen.
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	Jón Hjaltalín.
Magnús Andrèsson.	Jón Pètursson.
Páll Sigurðsson.	Ólafur Jónsson.
Stefán Eiríksson.	Pètur Pètursson.
Stefán Jónsson.	Vilhjálmur Finsen.
Sveinn Skúlason.	
Þórður Jónassen.	

Einn þingmanna (*Arnljótur Ólafsson*) greiddi ekki atkvæði.

Var það þannig samþykkt með 13 atkvæðum gegn 11, að rita skyldi konúngi bænarskrá um málið.

Forseti: Þar næst kemur, samkvæmt dagskránni, til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um breytíngu á hjúskaparlögunum.* Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður er *framsögumaður* í því máli; eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, sem eg vona þíngmenn hafi fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í málinu, um *breytíngu á hjúskaparlögunum.*

1. Viðaukauppástúnga *Brynjólfs Jónssonar*
(framan við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar):
Að eingan megi gefa í hjónaband, nema hann sanni, að hann hafi jarðnæði eða víst húsnæði, ef hlutaðeigandi prestur finnur ástæðu til þess.
2. Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar:*

Að 1. uppástúnguatriði nefndarinnar (tölul. 5.) orðist þannig: Að alþekkta óráðs- og óreglumenn og ónytjúnga megi ekki gefa í hjónaband hèr á landi, nema sveitarstjórnin í þeim hrepp, hvar maðurinn á framfærisrètt, samþykki það, eða svaramenn hjónaefnanna vilji ábyrgjast, o. s. frv.

3. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Tandraseli:
   Að eptir orðin: „hèr á landi“ (í 1. uppástúnguatriði, tölul. 5.) komi: *„Nema með samþykki frá þeirri sveitarstjórn, hvar maðurinn á framfærishrepp og“* („svaramenn þeirra“, o. s. frv).
4. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar:*
   Að í 1. uppástúnguatriði nefndarinnar (tölul. 5.) verði „3 ár“ breytt í *„5 ár“*.
5. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði):
   Að óráðs- og óreglumenn og ónytjúnga megi ekki gefa í hjónaband hèr á landi, ef hlutaðeigandi sveitarstjórn er því mótfallin, nema svaramenn þeirra vilji ábyrgjast, að ekki standi af þeim sveitarvandræði í hin næstu 3 ár; og skuli svaramenn vera fullveðja menn, og að öðru leyti þeim kostum búnir, sem tilsk. 30. apríl 1824 til tekur.
6. Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar:*
   Að 2. uppástúnguatriði nefndarinnar (tölul. 7.) verði þannig orðað:
   Að nær hlutaðeigandi sveitarstjórn, samkvæmt 1. gr., óskar þess, o. s. frv.
7. *Nefndin* (2. uppástúnguatriði):
   Að nær hlutaðeigandi sveitarstjórn óskar þess, skuli hjónaefni skyldug til, að útvega sèr 4 svaramenn.
8. Breytíngaratkvæði *Stefáns Eiríkssonar:*
   Að í 3. uppástúnguatriði (tölul. 9.) verði „10rd.“ breytt í *„5rd“*.
9. *Nefndin* (3. uppástúnguatriði):
   Að hèr eptir megi yfir höfuð að tala enginn karlmaður giptast, fyr en hann hefir fimm um tvítugt, og enginn kvenmaður fyrir innan tvítugt, nema til þess sè feingið leyfi hjá hlutaðeigandi sýslumanni, og skuli slíkt leyfi kosta 10 rd., er falli í fátækrasjóð þeirrar sveitar, hvar hjónaefnið á lögheimili.
10. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn, (ef uppástúngur nefndarinnar ein eða fleiri verða samþykktar):

Að konúngur verði beðinn, að tekið verði tilllit til uppástúngna þessara í frumvarpinu um hússtjórnarlög á Íslandi, þegar það verður lagt fyrir alþíngi.

11. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu).

Málið afhent *framsögumanni*.

Framsögumaður (Pètur Pètursson): Það er þíngsköpum vorum að þakka, að nefndarálit þetta kemur hèr aptur til umræðu; því hefði sumir af þíngmönnum mátt ráða, væri það dautt og grafið fyrir laungu; en eg ætla nú ekki að fást um það, en einúngis drepa fátt eitt á þau breytíngaratkvæði, sem komin eru fram við úppástúngur nefndarinnar; nefndin getur nú ekki fallizt á það undir tölulið 1., sem er breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Vestmannaeyjum; því takmarkanir þær, sem það lýtur að, eru byggðar á öðrum grundvelli, en nefndin ætlast til að tálmanirnar sè byggðar á, nefnilega fátæktinni. Viðvíkjandi því undir tölulið 2., sem er breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Árnessýslu, útskýríng á hlutaðeigandi sveitarstjórn, hvort í þeim hrepp, sem er framfærishreppur mannsins, þá er það ekki fráleitt stefnu nefndarinnar, en af því hún óttaðist fyrir, að það gjörði þreingri rètt manna til giptínga, en nefndin ætlaðist til og stakk upp á, getur hún ekki fallizt á það, af því hún líka hèlt, að þetta breytíngaratkvæði lyti mest að undantekníngunum, og svo eru það einmitt svaramennirnir, sem eiga að vera tryggíng fyrir sveitarfèlögin. Sama er nú að segja um það undir tölulið 3., nema hvað það jafnvel þreingir meira; það undir tölulið 4. þreingir líka meira að, en nefndin ætlast til, þar sem það setur 5 ár, sem svaramennirnir eiga að standa í ábyrgð, í stað þriggja ára, sem nefndin hafði stúngið upp á. Eg þarf ekkert að segja um það, sem er undir tölulið 6., það er í sömu stefnu og nefndin fer fram á; það 8. get eg fallizt á; því þó það sè einúngis ætlazt til, að það sè dálítið band á óreglumönnum, get eg sætt mig við, að það sè ekki meira en 5 rd. Hvað það undir tölulið 10. snertir, að það verði tekið í sambandi við hússtjórnarlögin, þá hefi eg ekkert á móti því, ef þíngið vildi það heldur, en mèr sýnist það ekki við koma hússtjórnarlögunum, heldur þá fátækrareglugjörðinni; en eg er hræddur um, að þetta sè uppástúngum nefndarinnar óviðkomandi; hússtjórnarlögin áhræra heimilislífið, en hèr er talað um, að útvega sveitarfèlögunum nægilega tryggíngu. Uppástúngur nefndarinnar ætla eg ekki að tala um

að svo stöddu; það hefir verið talað svo mikið með þeim og mót við undirbúníngsumræðuna.

H. G. Thordersen: Eg sè, að breytíngaratkvæði það, sem eg við undirbúníngsumræðuna ákvað, að eg vildi taka mèr, stendur ekki hèr á atkvæðaskránni, en af því mèr láðist eptir að senda *forseta* það, er það líklega ekki komið inn á hana, en eg vona það sè komið inn á þíngið eptir mínum orðum, sem eg talaði, og vona það verði tekið gilt. Eg verð að vera mótfallinn 3. uppástúngu nefndarinnar, og vil einga breytíngu á ákvörðunum löggjafarinnar um hjónabandsaldur, sem er inngróinn orðinn í meðvitund manna. Að öðru leyti mun eg hlífa mèr við, af því eg hrökklaðist inn í nefndina, að leggja mig í framkróka, að mæla á móti meðnefndarmönnum mínum í hinum atriðunum, en mèr var nokkurs konar lífsnauðsyn, að taka þetta fram; en mèr líkaði ekkert af þeim, þó eg leggi þetta á þíngsins vald.

Forseti: Það er satt, sem hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður nú tók fram í byrjun ræðu sinnar, að þegar við undirbúníngsumræðuna hreifði hann mótmælum gegn 3. niðurlagsatriði nefndarinnar; en þegar það að eins er *neitun,* eða hrein og bein mótmæli á móti einhverri uppástúngu, en ekki borin upp breytíng á henni, þá er eigi álitið nauðsynlegt eða rètt, að taka þá neitun fram á atkvæðaskránni, því hún getur komið og kemur sjálfkrafa fram við atkvæðagreiðsluna, þar sem hverjum þíngmanni er gefinn kostur á, að greiða atkvæði á móti hverri uppástúngu sem er.

Magnús Andrèsson: Eg vil strax gjöra grein fyrir breytíngaratkvæði mínu. Eg spurði um, hvað meint væri með sveitarstjórn í uppástúngum nefndarinnar, og skýrði *framsögumaður* það svo, að það væri sveitarstjórnin í þeim hrepp, hvar giptíngin færi fram; það vakti nú fyrir mèr, að tilgángurinn væri, að hindra óráðsmannagiptíngar, en eg sè ekki næga tryggíngu í þessu, þegar mannsefnið er sveitlægt í öðrum hrepp eða annarstaðar; það fer því miður í vöxt hèr sunnanlands, að jafnvel helztu menn í sveitunum styðja að giptíngum utansveitar óráðsmanna, ef þeir óttast fyrir, að sveitarþýngsli muni standa af stúlkunni, svo sem t. a. m. ef konuefnið er búin að eignast ein 2 börn, og þá hugsa eg, að sú sveitarstjórn láti til leiðast, að mæla ekki á móti giptíngunni; eg hygg því, að það væri meiri tryggíng, ef mannsefnið ætti að sækja samþykki til framfærishrepps síns; því þó það yrði þeim nokkuð erfiðara þá er það lítill skaði, það eru þeir einir mennirnir; þetta er nú tilgángur minn, og breyt-

ing mín við 2. greinina flýtur þar af, en eg ætla ekki að mæla meira fyrir þeim; en mèr finnst mikið af tryggíngunni vera fallið burt, ef það er skilið eins og nefndin leggur í það, að það sè sveitarstjórnin, þar sem giptíngin fer fram, en ekki þar, sem maðurinn á framfærissveit. Um 3. grein vil eg ekki tala, jafnvel þótt eg vilji ekki hafa hana; því eg get ímyndað mèr, að ýmislegt fljóti af því, ef hún næði gildi, sem ekki ætti að eiga sèr stað. Eg get t. d. ímyndað mèr, að manni í embættisstöðu gæti orðið sú tálmun mjög óþægileg, að mega ekki giptast, fyr en hann hefir 5 um tvítugt; það er ekki sagt, að leyfið verði æfinlega falt hjá sýslumanni; hann getur neitað um það, ef honum svo sýnist; en eg skal ekki fara leingra út í það, og ekki tefja umræðurnar leingur.

Bynjólfur Jónsson: Eg vil að eins gjöra grein fyrir því, hver meiníng mín var með viðaukauppástúngu minni. Eg hèlt, að það væri meiri tryggíng fyrir því, að sá, sem gipti sig, ekki kæmist strax á sveitina, að hann hefði annaðhvort feingið húsnæði eða jarðnæði, því eg hugsa, að það muni geta að borið, að sá maður finnist, sem hugsi meir um að giptast einhverri stúlkunni, en um það, hvernig hann geti sèð fyrir konu og börnum, og get eg ekki sèð, að það sè ófrjálslegt, þó það sè gjört mönnum yfir höfuð að tala að skyldu, að hafa jarðnæði, eða að minnsta kosti víst hús yfir höfuðið á sèr. Það getur líka komið fyrir, að presturinn finni ekki ætíð ástæðu til þess, að heimta þetta, svo sem þegar sonur giptist í húsum foreldra sinna, og ætlar sèr að vera í þeim fyrst um sinn, því þá fellur þetta burtu, og ábyrgðin hvílir á foreldrunum; en það er öðru máli að gegna um þann mann, sem ekki á neinn að, og hugsaði eg, að þetta gæti verið tiltækilegt í slíkum tilfellum; þetta var orsökin til þess, að eg kom fram með uppástúngu mína til tryggíngar fyrir það sveitarfèlag, hvar hjónin giptast, og stendur hún í sambandi við 1. og 2. uppástúngu nefndarinnar, sem eg ekki ætla að vera á móti, en 3. uppástúnguna ætla eg að leiða hjá mèr.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg verð meðmæltur 1. breytíngaratkvæðinu; því er ekkert of aukið, og það kemst vel heim, þó hin gángi fram, því jarðnæði eður húsnæði ætti altènd að vera fyrir hendi, ef menn fara að inngánga hjúskap. Breytíngaratkvæðið nr. 2, hins virðulega þíngmanns Árnesínga, vil eg gjarnan styðja, því það er samhljóða mínu, og ef það fæst, þá lagast mikið, því þá geta þó þessir óráðsmenn síður anað aðgæzlulaust í hjónabönd, án þess að sveitarstjórar komist að tali um það. En mitt breytíngaratkvæði fer

nú nokkuð leingra, og vill hafa líka svaramannaábyrgð í fyrstu 3 árin, því sveitarstjórnin, ef hún leyfir hjónabandið, kann að taka nóga byrði upp á sveitina samt, þó fyrstu 3 árin hlaupi af, og svaramennskan ætti ætíð að vera bundin einhverri ábyrgð, annars er hún að kalla þýðingarlítil, og það er eins og það hafi jafnan vakað fyrir mönnum einhvern veginn í samvizkunni, að það væri einslags ábyrgðarhluti, að vera svaramaður, þegar þenna ráðahag hefir átt að byrja, og sumir hafa sjálfkrafa álitið það skyldu sína, að líta til ástands hjónanna fyrstu 3 árin, og kann ske leingur; þessi ábyrgð ætti því ætíð að fylgja því, að vera svaramaður; þegar allt er gott, og ekkert er að ábyrgjast, þá er hægt að vera svaramaður, og fást nógir til þess, og menn geta gipzt; en þegar um vont er að gjöra og ábyrgðar þarf, þá á hún líka að liggja á þessari svaramannastöðu, svo menn hlaupi ekki aðgæzlulaust að því, að forsvara áform þessara óráðs-ónytjúnga; eptir nefndaruppástúnginni þarf nú ekki þessa svaramannaábyrgð, ef sveitarstjórnin tillætur hjónabandið; þetta get eg ekki heldur liðið; eg vil ekki trúa sveitarstjórninni svo vel; prestar gefa nú allt, sem þeir mega, í hjónaband, ef þeir fá pússunartollinn; hreppstjórinn getur nú verið, eins og þingmaður Ísfirðinga sagði, ekki siðavandur eða reglusamur. Sá, sem giptast vill, getur verið vandamaður hans eða vinur, sem hann vill hjálpa til að ná þessu kvonfángi; hreppstjórar skiptast opt um, og einn hrökkur í burt úr sveitinni og ætlar á næsta vori, til að fríast við hreppstjórnarargið; skyldi hann ekki, þegar svona á stendur, geta sagt fyrir kunníngja sinn, að hann væri þessum ráðahag ekki mótfallinn? nú, hreppstjórinn flytti burt, en sveitin tæki við byrðinni; væri nú svaramenn, sem hefði ábyrgðina í 3 ár, væri þó sveitin betur farin; það væri þó betra, en ekki neitt, og kann ske líka, að óráðsáformið hefði aldrei geingið fyrir sig. Eg veit nú ekki, hvort menn sjá þetta, en eg ætla ekki að tala meira fyrir því.

Stefán Jónsson: Eg er enn sömu meiníngar um þetta mál, og eg var við undirbúníngsumræðu þess, og eg get ekki fundið, að það, sem stúngið er upp á í breytíngaratkvæðunum, sè neitt betra, en uppástúngur nefndarinnar. Viðaukauppástúngan undir 1. tölulið bætir ekki úr 1. uppástúngu nefndarinnar, því hún gefur einga betri tryggíngu fyrir sveitarfèlagið, en ábyrgð sú er, sem svaramennirnir eiga að hafa 3 fyrstu árin. Það eina, sem kynni að vera spursmál um að breyta í uppástúngu nefndarinnar, er að leingdur væri ábyrgðartíminn frá 3 til 5 ára, en það er þó má ske ekki tiltækilegt. Þar

sem talað er um sveitarstjórnina, þykir mèr það tilhlýðilegast, og eg hefi skilið það svo, að það sè sú sveitarstjórn, hvar hjónaefnin eru, en ekki sú, hvar maðurinn á framfærsluhrepp; því þó eg viti, að breytíngaratkvæði þíngmanns Árnesínga um það, að til slíkra giptínga skuli þurfa að fá samþykki sveitarstjórnarinnar í þeim hreppi, hvar maðurinn á framfærisrètt, þá getur samt þetta orðið til þess, að hjónabandinu verði öldúngis synjað; en mèr þykir það mjög ísjárvert, að gjöra mönnum ómögulegt að giptast, því það gæti leitt af sèr mikla óreglu, og orðið til mikils siðferðisspillis, ef þessir óráðsmenn, eins og þó mætti við búast, ætti mörg börn fyrir utan hjónaband, og yrði þeir má ske miklu ófærari til, að annast börnin, ef þeim væri synjað að giptast, en þó þeim væri leyft það, og verð eg þess vegna að vera með nefndaruppástúngunni, en ekki með breytíngaratkvæðinu. Það er líka töluverð ábyrgð fyrir svaramennina, að eiga að ábyrgjast þessa menn í 3 ár; eg held að fáir muni hlaupa að því, að vera svaramenn þeirra, sem mönnum þætti mjög ísjárvert að giptist, því þessi ábyrgð er allt önnur en sú, sem svaramenn híngað til hafa haft, og getur því tálmað mikið giptíngum óráðsmanna. Eg neita því ekki; að það hafi komið fyrir, eins og hèr hefir verið sagt, að hreppstjórar hafa gipt mann þeirri stúlku, sem hefir verið búin að eiga börn, af því þeir hafa verið hræddir um, að hún mundi komast á sinn hrepp með börnin, og hafa þannig komið þeim á framfærishrepp mannsins; en þetta mundi nú takast af með þessu, því ef hreppstjórarnir gjörði það, þá yrði þeir þó að sitja með allt saman í 3 ár. Það spor, sem með þessu er stigið, er þó nokkuð lángt, þegar menn gæta að þeirri ábyrgð, sem svaramenn eptir þessu eiga að hafa í samanburði við þá, sem þeir hafa haft híngað til; því til þessa hafa þeir að eins átt að ábyrgjast, að þær persónur, sem giptast, ekki sè skyldar í forboðna liði, eða sè giptar áður, annaðhvort annað þeirra eða bæði, persónum, sem væri á lífi, og fleira þess konar, sem minna er í varið, og er það allt önnur og minni ábyrgð, en þessi, sem hèr ræðir um. Hvað viðvíkur 3. uppástúngu nefndarinnar, þá get eg ekki fallizt á hana; sú eina ástæða, sem komið hefir fram með henni, er, að það gæti bætt kynferðið, að menn giptist ekki mjög úngir; en þessi ástæða fellur í burtu, þegar menn samt geta gipzt á þessum únga aldri, einúngis með því skilyrði, að menn borgi lítið peníngagjald, eins og stendur í síðara hluta 3. greinar; þeir óráðsmenn, sem vilja giptast úngir, eiga ei hægra með að komast inn í hjónabandið,

en hinir eldri; því þeir mundi þurfa jafnt og þeir að fá ábyrgð forlofaranna, eða samþykki sveitarstjórnarinnar.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg sagði við undirbúningsumræðuna, að það væri auðsèð, að nefndin hefði verið í standandi vandræðum, hvað hún ætti að gjöra, því annaðhvort hefði hún orðið að fella bænaskrárnar, eða stínga upp á einhverju. Uppástúngurnar bera þetta líka ljóslega með sèr, og veita heldur ekki neina tryggíngu, svo þær ná ekki tilgánginum. Það er þá fyrst, að það er ekki nema eitt atriði úr máli, sem er verið að hugleiða, og er ekki bráðari nauðsyn á þessu atriðinu, en á hinum, það er hússtjórnarmálið; því það er ekkert unnið við þessar uppátsúngur; það stendur þá fyrst "óráðs- og óreglumenn". Þetta á sveitarstjórnin að dæma um; orðatiltækin er svo almenn, og þeir, sem dæma eiga um þetta, eru svo ýmislegir. Einn segir: það er óreglumaður, annar segir: hann er ekki verri en hinn, sem komizt hefir vel af; orð í slíkum lögum, sem svo hæglega verða hártoguð, sitja þeim í ljósi, sem sveitarstjórnin hefir eitthvað á móti, en öðrum er umtölulaust sleppt inn í hjónaband, sem þó fullt eins hlýða undir reglurnar. Um svaramennina er sama að segja og áður, að það er eingin ábyrgð, þó þeir eigi að verja vandræðum í 3 ár, og þó þíngmaður Húnvetníinga segi eg sè ókunnugur, þá hefir hann þó ekki sýnt, að á 3 fyrstu árunum sè og sjáist mestu vandræðin, en hann ætti að hafa sýnt fram á það, ef vefeingíng hans ætti að hafa nokkra þýðíngu; eg held það sè að leggja mönnum ofmikinn vanda á hendur, og held það verði örðugt, að fá svaramenn. Meðan skyldureglan lagði mönnum á herðar framfærslu skyldmenna sinna, fjórmenníinga og nánari, komust menn opt og mörgum sinnum í fátækt, af því þeir urðu öreigar á því. Menn vita, að þetta hvervetna var hin mesta orsök til sveitarvandræða, þángað til því lètti af með hinni nýju fátækralöggjöf á þessari öld; en með þessu fyrirkomulagi verða einmitt innleidd hin sömu vandræði á annan bóg. Óreglumaðurinn fer til manns, sem kann ske sè illhæfur til að vera svaramaður, eða er gúnga, og játast undir að vera svaramaður hvers sem hafa vill, og sveitarstjórnin hleypir upp til skipbrots og þiggur hann. Nú bera vandræði að höndum, svo til ábyrgðarinnar kemur; þá verður annaðhvort að losa hann af ábyrgðinni, eða gjöra óreglumanninn að vandræðum hins, sem sökum þess kann ske líka verði vandræðamaður í sveitinni, og verður þá þetta ábyrgðarband annaðhvort þýðíngarlaust, eða til verra eins. Eg þekki menn, sem ekki eru hræddir við, að ljá nafn sitt til ábyrgðar fyrir hverju sem er,

en þegar að rekur, og ekkert er á reiðum höndum, sem hafa þarf, þá komast þeir í hin mestu vandræði. Þingið ætti að gjalda varhuga við því, að hleypa ekki mönnum úr einum vandræðunum í önnur verri, þegar það ætlar að losa þá. Eg skal játa það mesta, sem verður, að slíkt boð gæti orðið duglegum, góðum og samvizkusömum hreppstjóra stöku sinnum að liði; en það er með öllu ótækt í höndum allra hreppstjóra, að slíkt yrði lög. Eg get hugsað mèr hreppstjóra, sem tekur vinnumann fyrir minna kaup, en lofar þar á móti, að hann skuli sjá um, að hann geti gipzt, lætur hann giptast og hokra einhvern veginn um 3 ár, og slettir svo öllu á sveitina. Segi nú kunnugir menn — eg er ókunnugur — hvort slíkt muni ekki geta átt sèr stað? og hafi það borið við hingað til, þá getur það eins seinna komið fyrir. Eg skal ekki tala meira um þetta atriði, en eg bæti því við, að um hin síðari atriðin er ekkert að segja; þetta hið fyrsta hefir dálítið fyrir sèr, hin alls ekkert.

Sveinn Skúlason: Þegar eg og 2 aðrir heiðraðir þingmenn tókum til máls með mátulegri alvöru og með fullum rètti eptir alþingislögunum við undirbúningsumræðu þessa máls um uppástúngur nefndarinnar, þá rauk hinn 6. konúngkjörni þingmaður upp til handa og fóta, og segist halda, að hèr sè komnir ýmsir kvillar inn á þing, og að menn sè orðnir *„hysteriskir“* hèr í salnum; mèr kom þetta óvart af honum, sem opt og tíðum dyllar keysinni hlæjandi í hinum alvarlegustu þingmálum. Í uppástúngum þessum er margt, er gjöra má spaug að. Eg vil því einúngis gefa atkvæði mitt fyrir 10. tölulið á atkvæðskránni. Þar sem nú ekki er nema 1 prestur og 1 hreppstjóri í sveitarstjórninni, og þeir verða ekki á eitt sáttir, hvernig fer þá eptir fyrstu uppástúngu nefndarinnar? Það eiga að vera fullveðja menn, sem geta verið svaramenn, en þó nægir þetta ekki eptir tölulið 2., því þá vill nefndin hafa tvo svaramenn til; og svo hafa þessir svarmenn eigi ábyrgð nema í 3 ár, meðan hennar þarf minnstrar við. En mèr virðast nú þessar uppástúngur ekki bíði svara, og skal því ekki fjölyrða um þær.

Ólafur Jónsson: Eg get ekki að því gjört, að eg sannfærðist ekkert af ræðu hins heiðraða þingmanns Ísfirðínga, þó hún væri bæði laung og snjöll. Hann sagði eg hefði talað um ókunnugleika sinn; já, það er satt; eg sagði um daginn, þegar hann var að tala um, að ábyrgð svaramannanna hlyti að verða þýðingarlaus, því það þyrfti einginn sveitarstyrks við fyrstu þrjú árin eptir að hann giptist, þá sagði eg, að þetta lýsti ókunnugleika hans, því eg vissi þó til þessa.

Hann sagði eg hefði ekki lagt fram neinn reikning, til að sanna þetta; það er satt; eg flutti ekki neina sveitareikninga með mèr á þingið. Mèr þótti annars koma fram í ræðu hans æðimikil mótsögn, og er honum það þó ekki eiginlegt; hann var stundum að tala um, hvað þessi ábyrgð svaramannanna væri þýðingarlaus, þar eingir þyrfti sveitarstyrks við fyrstu þrjú árin, en stundum var hann að tala um, að þetta gæti bakað svaramönnunum ókljúfandi vandræði, því þegar svo bæri undir, að sá, sem giptist, þyrfti styrkz við, gæti það orðið til að setja svaramennina sjálfa á sveitina, og gæti flotið af því eins mikil eða meiri vandræði, heldur en þau, sem menn hefði viljað fyrirbyggja. Það sjá nú allir, hvað þetta er hvað á móti öðru. Hvað breytíngaratkvæðin á atkvæðaskránni áhrærir, þá get eg ekki aðhyllzt þau, nema einúngis það, sem er undir töulið 2., því hin virðast mèr miða til þess, að þraungva meira að hjónaböndunum, heldur en nefndin ætlaðist til.

Páll Sigurðsson: Eg var ekki viðstaddur, þegar undirbúníngsumræða þessa máls fór fram, og er því nokkuð ókunnugur, að því leyti, að eg er ekki vel búinn að yfirvega atkvæðaskrána; þó vil eg lýsa yfir skoðun minni á því; eg er með nefndinni í 1. uppástúngu-atriði hennar; það er betri tryggíng en eingin; því þegar óráðsmaður hefir feingið að gipta sig móti ráði hreppstjóra og beztu manna í sveitinni, hefir það verið slæmt fyrirkomulag og ísjárvert. Þíngmaður Ísfirðínga hèlt, að skyldufram færslan hafi orðið hèr ein helzta orsök til armóðs áður; eg held það nú ekki, heldur meira hitt, að of mikið hafi verið leyft af flakki og þess konar; því landslögin þá voru því fremur meðmælt, og var sú ráðstöfun orsök til armóðs og óreglu; ef hreppstjóri tekur á sig ábyrgð, þá er það hans, að sjá fyrir því; en eg hygg, að hreppstjórar hugsi sig um, að leyfa giptíngar móti ráði svaramannanna; annað mál er það, hvort þetta eigi að taka í sameiníngu við sveitarstjórnarlögin eða húsmannalögin. Hinum síðari atriðunum er eg mótfallinn; það er sjaldgæft, að fólk til sveita giptist svo úngt, og getur verið bágt að meina mönnum giptíngar, ef þeir eru efnilegir, en það almennasta er, að menn giptast ekki svo úngir, nema efnilegir sè. Það er að vísu ósamkvæmni í lögunum, að menn megi gipta sig, þó þeir sè ekki myndugir, og verða þá myndugir, en það ætti alstaðar að vera samkvæmni. Eg vil því fylgja nefndinni, eða breytíngaratkvæðunum, þegar eg er búinn að velta þeim fyrir mèr.

Framsögumaður: Eg skal bæta því við það, sem eg sagði

um breytíngaratkvæði þingmanns Árnesinga, að ekki verður komið í veg fyrir það, sem hann vill fyrirbyggja með því; það er leyft að velja um, hvort heldur sveitarstjórnin í hlutaðeigandi hrepp *eða* svaramenn; en svaramenn hjóna verða að vera, þar sem gipta skal, svo það verður þýðingarlítið og gjörir lítið til; því eins og þingmaður Eyfirðinga sagði, heyrir það til undantekninganna, og prestar og hreppstjórar gjalda varhuga við, að gipta þá, sem líklegt er að sveitarþyngsli verði að; því það er hægra, að hleypa slíkum mönnum inn í hreppana, en að losast við þá aptur. Breytíngaratkvæði þingmanns Mýramanna hefir að vísu ekki sama gallann; því þar stendur „*og*"; en þetta yrði sama sem blátt bann; því það gjörir hvorttveggja að skilyrði; en það er líka meining hans niðri í, að slíkir menn eigi aldrei að giptast; en nefndin gat ekki ráðið til þess. Nefndin vildi fara meðalveginn og skoðaði málið nákvæmlega frá öllum hliðum. Þingmaður Árnesinga hélt, að ákvörðunin um aldurinn gæti orðið hættuleg fyrir embættismenn; eg skildi mikið vel, hvað hann fór; en gætum að því leyfi, sem þeir geta feingið fyrir 10 rd., sem ekki er neitt band. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Ísfirðinga sagði, þá hefir þingmaður Húnvetninga tekið fram hið helzta móti því, svo eg þarf þess ekki. Þingmaður Ísfirðinga sagði, að það væri eingin tryggíng; en þó er minni tryggíng í því, sem nú við geingst; því hún er eingin; hann sagði, að þetta væri atriði úr öðru máli, og megi bíða eptir því, en það er af því hann þekkir ekki þá óreglu og sveitarþýngsli, sem af því rísa; hann sagði það væri svo óákveðið „óráðsmenn" og „óreglumenn". Menn hafa nú einga lögákveðna lýsíngu á þessum mönnum, en þetta verður að vera komið undir dómi sveitarstjórnarinnar, og eg er sannfærður um, að eingin sveitarstjórn vill dæma annan óráðsmann að orsakalausu; því það væri siðferðisleg ábyrgð fyrir prest og hreppstjóra og yrði sveitinni til ills. Það er mótsögn, að það sé eingin ábyrgð í þessi 3 ár, en það er þó mikill vandi, eins og tekið er ljóst fram af þingmanni Húnvetninga. Þingmaður Norður-Þíngeyínga spurði, hvernig færi, ef prest og hreppstjóra greindi á, og hver þá ætti að svara til; þá ábyrgist sá, sem vill gefa í hjónabandið, eða vilji þeir ekki leyfa, þá er heimtað, að útvegaðir sé svaramenn.

Arnljótur Ólafsson: Eg tók það fram við undirbúníngsumræðuna, að aðalatriðið væri, að útvega nokkra þá tryggíngu mót giptíngum óreglu- og óráðsmanna, er sanngjörn væri, en gæti þó haft þýðíngu fyrir sveitarfélögin, og síðan stakk eg upp á þessum 5 árum í stað

þriggja, sem breytíngaratkvæðið undir tölulið 4. fer fram á. Það er sagt, að það sè ei tryggíng í þessum 3 árum, vegna þess að prestum og hreppstjórum sè ekki trúandi fyrir að meta, hver sè óreglumaður o. s. frv.; það er nú að vísu ekkert sèrstakt mark á þessum mönnum, en það er þó eins gott mark eins og klæðamarkið á rollunum, sem hreppstjórunum er þó trúað fyrir að þekkja og finna. En um hin breytíngaratkvæðin, þá fer það undir tölulið 2. að vísu öðru fram, en 1. uppástúnga nefndarinnar, en þó ekki eptir því, sem eg skildi hana, heldur eptir þýðíngu *framsögumanns* á henni. Hann sagði það væri sveitarstjórnin þar, sem hjónaefnið ætti að gefa saman; en eg skildi það svo, að það væri þar, sem hjónin eiga framfærishrepp; því tilgángurinn er, að tryggja þann hrepp, sem vandræðin legðist á. En þó nú framfærishreppurinn væri í öðrum fjórðúngi, þá sè eg eigi, að það sè nein vandkvæði. Ef framfærishreppurinn er t. a. m. í Norðurlandi, en gipta eigi manninn hèr á Suðurlandi, þá segir presturinn: „annaðhvort verður þú að koma með tilkynníngu frá hreppnum þínum, eða útvega 2 eða 4 svaramenn“. Komi þá ekki tilkynníng frá hreppnum, þá eru svaramennirnir, svo prestur getur gefið saman, án þess að leingra rekist. Eg get ekki fallizt á breytíngaratkvæði þíngmanns Mýramanna, ekki vegna þess, sem *framsögumaður* tók fram, heldur vegna hins, að ábyrgðin fellur eptir því á sveitina og svaramennina í fèlagi; en hún á að liggja á svaramönnunum einum, ef sveitin heimtar það, og svaramennirnir eiga ekki að geta sleingt neinni ábyrgð af sèr upp á sveitina. En eptir breytíngaratkvæðinu geta þeir borið það fyrir sig, þegar þeir vilja ekki ábyrgjast, að sveitarstjórnin hafi líka gefið samþykki sitt til. Það er föst lagaregla, að þegar fleiri en einn hafa sameiginlega ábyrgð, þá eiga þeir líka allir að ábyrgjast. Eg vil nú ekki verja mitt breytíngaratkvæði; eg tók mèr það einúngis til að gjöra hinum háttvirta þíngmanni Ísfirðínga til geðs, en þegar hann metur það lítils, þá er eg heldur ekki áfram um það.

Konúngsfulltrúi: Það voru sannmæli, sem hinn háttvirti *varaforseti* sagði, þegar mál þetta var til undirbúníngsumræðu, að það væri vandamál, sem nefndinni hefði verið feingið til meðferðar. Það spursmál, sem hèr ræðir um, að fyrirbyggja öreigagiptíngar í því skyni, að fyrirbyggja sveitarþýngsli, er ein grein af því mikla „*Pauperismi*-spursmáli“, sem margvíslega hefir verið rætt og íhugað í mörgum löndum, af hinum stjórnvitrustu mönnum, án þess þeir þó hafi getað leyst það til hlítar; þess var þar fyrir ekki að vænta, að

þessi nefnd, jafnvel þó í henni sè vitrir og ágætir menn, gæti leyst þvílíkt vandaspursmál af hendi viðunanlega. Eg verð líka að segja það hispurslaut, að eg álít uppástúngur þær, sem nefndin hefir komið fram með, til að hindra öreigagiptíngar, öldúngis óbrúkanlegar, og álít það öldúngis víst, að stjórnin, þótt þíngið samþykki þær, ekki muni taka þær til greina; og eg fyrir mitt leyti vil lýsa því einlæglega yfir, að eg get ekki veitt þeim nein meðmæli. Orðatiltæki þau, sem brúkuð eru í 1. uppástúngnatriði: „óráðs- og óreglumenn og ónytjúnga“ eru, eins og þíngmaður Ísfirðínga sagði, öldúngis óákveðin, sem hver getur lagt þá þýðíngu í, er honum eptir hugsunarhætti sínum eður öðrum orsökum geðjast bezt. Það er eigi heldur ljóst, hvernig þetta uppástúnguatriði ætti að skiljast, ef það yrði að lögum, hvert sá, hvers giptíng menn vilja hindra, á að vera bæði óráðs- og óreglumaður og ónýtjúngur, eða það á að vera nóg til að hindra giptínguna, að hann sè eitt af þessu. Menn kalla venjulega þann mann óreglumann, sem er mikill drykkjumaður og óeirinn við öl; en eg hefi þekkt marga slíka menn, sem hafa verið hinir mestu búhöldar og sveitarstyttur til daudadags, og eptirlátið sèr dugleg og vel uppalin börn; það eru þar að auki 2 sèrstaklegir gallar á uppástúngu nefndarinnar; annar er sá, að sveitarstjórnin, eða nú sem stendur hreppstjórinn, fær of mikil áhrif á giptíngaleyfið. Það verður eigi komizt hjá því, að sá eini hreppstjóri fylgir öðrum reglum í því, að leyfa hjónabandið, en hinn; verður svo úr þessu öllu eintómt gjörræði, óregla, og lagaleysi; því menn munu ekki leingi þola það, að einstakir menn eptir hugþótta sínum, en eingum föstum reglum, ráði fyrir frelsi manna í lífsins mestáríðandi atriði. Slíka uppástúngu mun stjórnin aldrei aðhyllast. Hinn annar gallinn er fólginn þar í, að svaramönnum þeirra, er giptast, er eptir uppástúngunni lögð á herðar ný og í lögunum áður óþekkt byrði. Áður áttu svaramenn að ábyrgjast það, að ekkert eptir lögunum væri hjónabandinu til hindrunar, eður sem menn annars kalla, að ekki væri meinbugir á því, og á þeim lá í þessu tilliti eingin önnur fjárábyrgð, en sekt sú, er þeir voru í fallnir, ef þeir forsómuðu vísvitandi skyldu sína. Uppástúngan fer því þar á móti á flot, að svaramennirnir skuli ábyrgjast, að þær nýgiptu persónur ekki skuli komast á sveit um vissan áratíma. Uppástúngan miðar þess vegna til, að lètta þeirri byrði af sveitunum, er eptir náttúrlegum hætti á þeim liggur, nl. að ala önn fyrir þeim, er ekki geta það sjálfir einhverra orsaka vegna, en kasta henni yfir á einstaka menn, nl. hèr í þessu tilfelli

svaramennina. Þetta er nú einhver hin óheutugasta og ótiltækilegasta ráðstöfun; því það er satt, sem þingmaður Ísfirðinga sagði, að hún í sumum tilfellum getur kastað óbærilegum þyngslum yfir á svaramennina, sem hefði þá afleiðing, að enginn hygginn efnamaður gæfi sig til, að vera svaramaður annara en þeirra, sem fullríkir væri, svo að öllum hinum efnaminni yrði ómögulegt að fá svaramenn; en á hinn bóginn yrði þess háttar fjárábyrgð öldúngis ekkert tryggjandi fyrir sveitina; því það ber opt við, að nýgipt hjón bjargast nokkurn veginn sjálf hin fyrstu 3 eða 4 ár af hjúskapnum, en síðan hlaðast á þau börn, svo að þau komast í örbyrgð, og olla sveitinni mestu þyngsla. Að svaramennirnir sè 4, er ekki nema til að auka vandræðin, og fæla sem flesta frá því, að vera svaramenn. Þriðja uppástúngan er að minni hyggju alls óhafandi; því þó menn kynni með sanni að geta haft nokkuð á móti því, að það væri mjög alltítt, að menn giptist 20 ára að aldri, þá er þó víst ekkert á móti því, hvað aldurinn snertir, að menn, sem eru 24 ára eða á 25. árinu giptist, og það er því eins ósanngjarnt eins og það er óheyrt, að leggja skatt á giptíngu allra þvílíkra manna, einúngis aldursins vegna, hvað vel sem þeir að öðru leyti kunna að vera kostum búnir. Það hefir ætíð verið talið sem ástæða móti því, að leggja hindrun fyrir hjónabandið, að þar af mundi fljóta lauslæti og ósiðsemi, og öll sú óregla, sem þar af leiðir, og þess vegna hafa allir stjórnvitrir menn forðazt, að leggja fleiri tálmanir fyrir hjónabönd en þær, sem nauðsynlegar eru; því þeir hafa sèð, að slík óregla og ósiðsemi er lángtum hættulegri fyrir lönd og lýði, en þó nokkrar persónur kæmist á sveit. Eg þykist af þeim orsökum, sem eg hefi talið, viss um að stjórnin aldrei fellst á þessar uppástúngur, þó þingið samþykki þær, og eg skal einnig nú þegar lýsa því yfir, að eg get aldrei veitt þeim meðmæli.

Jón Hjaltalín: Eg vonaði, að þetta mál ætlaði að fá vini hèr á þínginu, og eg sè nú, að annað ætlar að verða ofan á, og þykir mèr þó illt, að svo verður ei, því málefnið er svo mjög í þarfir alls landsins, að það á það skilið. Eg læt það nú samt ekki fæla mig frá, að segja meiníngu mína og sannfæríngu um það, og eg vil láta sjást, hvað eg hefi sagt um það; eg hefi fallizt á nefndarálitið, það er víst og satt; eg skal aldrei taka þau orð mín aptur, en eg hefi sagt, að það er naðsynlegt að takmarka giptíngu óreglumanna og öreiga, ef á að fyrirbyggja þá örbyrgð, volæði, sjálfræði og ómennsku, sem því miður nú geingst við, og þó það komist ekki

núna til stjórnarinnar, þá kemst það þó seinna verði; þegar vèr höfum umkvartanir frá 2 reyndum mönnum, sem hèr eru á þínginu úr Norðurlandi, og bænarskrár, sem taka það fram, hversu skaðlegt sè, að úngir óráðsmenn geti þannig gipt sig, þá hefir mèr litizt vert, að taka þetta til greina. Ef þíngmenn vildi fylgja mèr á gaungum mínum inn í þessi hreysi hèr fyrir sunnan, og sjá alla þá eymd, sem þar er, þá gæfi þeim á að líta, hvílíkt ráðleysi margra foreldra hèr er; allt er sumstaðar í sulti, eymd, volæði og óþrifnaði; það á ekkert til að hylja sig með; eg hygg, að flestir mundi segja, að hèr þyrfti eitthvað við að gjöra. Fólkstalan vex, það er víst og satt, en það er því að eins gott, að framför og viðurværi vaxi að því skapi; en það er engin útsjón til þess nú, heldur virðist húngursneyð og önnur bágindi að fara í vöxt, og þetta er það aumasta, sem fyrir menn getur komið; því fólksviðauki er því að eins góður, að bjargarframför fylgi. Það væri hollast fyrir þá, sem mest tala á móti þessu máli, að lesa parlamentsræðurnar, þegar húngursneyðin drap 2 miliónir manna á Írlandi, og sjá, hverju menn kenna um þetta. Írlendíngar vildu allir vera sjálfra sín, og vildu giptast, undir eins og þeir eignuðust dálítinn kálgarðs-blett, og þetta var það, sem eyðilagði Írland. Þetta sögðu menn þá að væri óhafandi, fyrirhyggju þyrfti með til þess, að afstýra slíkri eyðileggíngu; þetta er ekki gripið út úr loptinu. Það er sannarlega eingrar sælu von af því fyrir neitt land, þegar úngmennin ekki vilja læra það í æskunni, sem þeim er ómissandi, til þess að geta síðar bjargað sèr, konu sinni og börnum, og mèr finnst það vera samvizkusök, að láta þetta leingur gángast við. Það var sannarlega áþreifanleg sönnun fyrir nauðsyninni á því, að lagfæra eitthvað í þessu efni, sem eg sá upp í Mosfellssveit í gær. Þar býr einn slóðinn á einni konúngsjörðinni, hefir nýtt hana niður, geldur ekkert eptir hana, hefir drepið allt fèð sitt, af því hann ekki hefir nennt að lækna það, eins og hinir bændurnir í kríngum hann; hann fer upp á fjöll, yfirgefur konu og börn og liggur við, að hann leggist út; nú má sveitin taka við hans 6 börnum og bráðum má ske því sjöunda, sem konuaumínginn geingur með. Annað dæmi þekki eg líka um mann, sem fluttur var á sína sveit, og ekki hefir gjört annað alla sína sína æfi, en að liggja fullur á götunum. Það eru ekki heldur meir en 5 ár síðan, að farið var með heilan farm af þess konar fólki frá Skildínganesi. Má eg nú spyrja: Er þetta nokkur stjórn? Menn hafa sagt hèr, að engin lög væri um þetta í öðrum löndum, en þau munu þó vera til. Merkur lögfræð-

íngur á Þýzkalandi, sem flestir þingmenn munu þekkja, *prófessor Maurer*, sem hèr var í fyrra, sagði mèr, að í *Baiern* væri straung lög um þess konar giptíngar, einkum í verksmiðjunum, og er það falleg regla. Það kemur má ske ekki fyrir í vorum eldri lögum, en ef það ekki stendur þar, þá ætti það að standa þar; og þó menn nú felli þetta mál í þetta skipti, þá spái eg því, að fleiri bænarskrár muni koma til þingsins um það síðar, og þó *konúngsfulltrúi* og stjórnin vilji ekki nú veita máli þessu áheyrn, þá mun *konúngsfulltrúi* einhvern tíma neyðast til þess, því það þurfa ekki að líða mörg ár, þángað til menn munu óska almennt, að bönd sè lögð á í þessu efni, og því stendur mèr í rauninni á sama, hvort það stendur eða fellur nú. Einúngis vil eg svara þingmanninum úr Norður-Þíngeyjarsýslu því, að af því eg er konúngkjörinn hèr á þingi, ætla eg að gjöra það, sem stendur í Konúngs-skuggsjá einhverstaðar, en þar segir svo: „ef þú vilt konúngsmaður vera, þá skaltu forðast allan þorparaskap".

Konúngsfulltrúi: Eg efa eigi, að spá hins heiðraða 6. konúngkjörna þingmanns muni rætast, að bænarskrár um þetta efni muni seinna streyma inn á þingið; því það er eðlilegt, að menn vilji reyna til að hindra öreigagiptíngar, og þar af fljótandi örbyrgð og sveitarþýngsli; en eg vona þá líka, að eptir að menn hafa hugsað og rætt um þetta efni í lángan tíma, þá muni koma fram betri uppástúngur en sú, sem hèr liggur fyrir, úr hverjum eitthvað verði notað á þann hátt, að það spilli eigi of mjög frelsi manna í því mest áríðanda efni, eða greiði hættulegri siðaspillíngu götu inn í þjóðfèlagið.

H. Kr. Friðriksson: Eg ætla mèr ekki að fylgja hinum 6. konúngkjörna inn í hvert hreysið, sem hann hafði fyrir augum í ræðu sinni; enda var hún svo löguð, að það er lítið að hrekja af því, sem hann sagði. Því verður eigi neitað, að hèr er mikil fátækt hjá mörgum, einkum við sjóinn; en giptíngabannið er ekki ráðið til þess, að af afstýra henni, heldur er ráðið við því, að bæta og efla atvinnuvegina, og innræta mönnum iðjusemi og reglusemi. Öll ræða hans hneig að því, að ástæða væri til þess, að fækka fólkstölunni í landinu, en eg held, að ástæða sè til þess, að reyna til að fjölga því. Eg þekki mikið vel sögurnar, sem hann sagði um þessa tvo menn hèrna í Mosfellssveitinni; en eg efast mikið um, að sveitarstjórnin hefði getað hindrað giptíngu þeirra, að minnsta kosti ekki annars þeirra. Þíngmaður Húnvetníinga var að tala um ókunnugleik

þingmanns Ísfirðinga um ástandið í sveitunum, og hvernig þar geingi; en hann gleymdi að sýna fram á það, að eingin væri hættan fyrir því, að þessir menn fari á sveitina eptir að 3 fyrstu árin eru liðin; en enda þótt að einstaka menn kunni að fara á sveit áður 3 ár eru liðin frá giptíngu þeirra, þá verð eg að álíta, að miklu fleiri fari á sveitina eptir þann tíma, þegar ómegð er farin að hlaðast á þá, eins og eðlilegt er. Þessar uppástúngur eru í stuttu mali allar saman til þess, að „niðurþrykkja lítilmagnanum"; það er ekkert atriði nýtandi í öllum uppástúngunum. Eg ætla ekki að fara að spá neinu; en eg er sannfærður um, að stjórnin gefi ekki þessu máli neinn gaum, og hún getur ekki gefið því neinn gaum, vegna þess, að það er gagnstætt grundvallarreglum dönsku stjórnarinnar, gagnstætt öllum grundvallarreglum þeirra laga, sem nú gilda, og þó því bænarskrá yrði send til konúngs, þá verður það samt til einskis. Ef hreppstjórum væri gefið þetta vald, sem hèr ræðir um, þá gæti það orðið orsök til hins mesta gjörræðis, sem menn geta framast hugsað; því þótt margir hreppstjórar mundi fara vel með þetta vald, þá mundi samt fleiri eigi nota það, sem þeir ætti. Ef ástæða væri til þess, að takmarka öreigagiptíngar, þá ætti þetta atriði inn í hússtjórnarlögin, en það á eigi að gjöra það að sèrstaklegu lagaboði. Eg býst ekki við því, að þíngmenn hætti nú við þetta eða breyti sannfæríngu sinni fyrir mín orð, en eg álít það skyldu mína, að segja þetta, svo menn sjái, að eg er ekki með því, sem hèr er farið fram á.

Guðmundur Brandsson: Það er má ske heppni fyrir þetta mál, að þíngmaður Reykvíkínga tók svona í það, ef það fer eptir vanda, og held eg, að þíngmenn muni varla raska sannfæríngu sinni fyrir hans orð; en annað mál er það, að menn kunna má ske að hugsa meir út í það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði. Hann kann nú að vera í miklum vanda í þessu máli, því hann mun vera bundinn í báða skó, þar sem hann verður af og til að líta upp til stjórnarinnar og gæta að því, hvernig hún muni líta á málið; en eg held, að hann hefði gjört betur í því, að sýna þínginu fram á þetta strax við inngángsumræðu málsins, og ráðið þínginu þá frá því, að taka það í nefnd, svo að það hefði ekki eytt tíma sínum og kröptum á því til einskis. Það er annars merkilegt, að svo margir, sem mæla á móti þessu máli, tala um að tálma ekki öreigagiptíngum; en hèr er ekki verið að hindra þær, heldur að eins óreglumannagiptíngar, og móti þessum óráðsmannagiptíngum má ekki tala; því það segja þeir að sè að leggjast á lítilmagnann; en má eg spyrja: er það að

leggjast á lítilmagnann, ef menn taka mann af götunni drukkinn og reyna til þess, að koma honum til þess að hætta að drekka? Og hèr er einmitt reynt til hins sama, með því að reyna að finna þau meðöl, sem geti komið óreglumönnunum til að verða reglumenn, því hèr er ekki verið að hindra allra manna giptíngar, heldur að eins óráðs-, óreglumanna og ónytjúnga giptíngar, og hefir nefndin þó farið styttra í þessu en bænarskárnar, sem henni voru feingnar til íhugunar; og þó giptíng þessara manna dragist, þá er það ekki mikill skaði, og ekki heldur órèttlæti, því það verður að synja þeim um frjálsræðið, sem misbrúkar það, þángað til hann hefir lært að brúka það betur, og er orðinn verðugri fyrir að njóta þess. Menn hafa sagt, að með þessu feingi sveitarstjórnin tækifæri til of mikils gjörræðis, og að hún mundi verða æði-ráðrík í þessu, og þykir mèr það merkilegt, að menn skuli ætla henni það, að hún muni synja þeim um giptíngu, sem ekki heyra til þessara manna, sem hèr talar um; vita menn þá ekki, að góðir bændur eru hin bezta stoð sveitarfèlagsins, og að sèrhverri sveitarstjórn er þess vegna annt um, að fá efnilega menn og duglega inn í fèlag sitt? Getur þá nokkur í alvöru ætlað, að prestar og hreppstjórar vilji synja slíkum mönnum hjónabands? Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður tók 2 dæmi upp á þessa óreglumenn, sem verið er að tala um, og eg held, að það sè því miður nóg af þeim, sem sýna, að á einhverri takmörkun er þörf í þessu tilliti; því síðan tilskipunin frá 30. apríl 1824 kom út, hafa margir skákað í því skjólinu, og óráðsmenn margir hafa feingið fyrir svaramenn þá, sem ekki voru betri, en þeir sjálfir, og hafa þannig á móti vilja allra betri manna getað gipzt, og svo hefir presturinn stundum að ári liðnu orðið að tala á milli þessara hjóna; þau hafa svo skilið, og börnin verið tekin frá þeim; þetta hefir skeð víðar, en í einum stað, þar sem eg til þekki, og það ekki fyrir laungu. Það er nú mikið fallegt að mæla með slíku; þarna eru menn ekki sviptir frjálsræði þeirra; þetta er fólksfjöldinn, sem menn eru að óska eptir; þetta eru þeir efnilegu og duglegu menn, sem menn vilja hlynna að. Þó mál þetta falli nú, sem þó er óvíst, þá held og hið sama og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, að þetta sè ekki í síðasta sinni, sem máli þessu verður hreift, heldur að þetta sè að eins fyrsta byrjun þess með nokkurri alvöru, þó því hafi lítið eitt verið hreift áður hèr á þíngi; af því nú hefir harðnað í ári, hafa menn farið að hreifa því á ný, og þess vegna eru bænarskrárnar komnar til þíngsins; en þíngið ræður því, hvað það gjörir; en ef harðnar meir í ári, en orðið er, þá

geing eg að því vísu, að fleiri bænarskrár um þetta efni muni koma til þingsins seinna meir; því þá sèst má ske enn betur en núna, hvort þess muni ekki full þörf, að taka alvarlega í þetta mál.

Framsögumaður: Þar sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir kveðið upp dauðadóm yfir þessu máli, er ekki að búast við, að sá árángur verði af tillögum nefndarinnar, sem hún ætlaðist til; en í þessari ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* saknaði eg þeirra skörpu hugsana, sem menn svo opt verða varir við hjá honum, og sem honum eru eiginlegar, en það hefir víst komið af því, að mál þetta er nýtt, og honum hefir ekki gefizt nýlega tími eða hentugleikar til þess, að hugleiða það út í yztu æsar; honum þótti þetta mál hánga saman við stærra stjórnarmáleíni, og skoðaði yfir höfuð nefndarálitið líkt og þingmaður Ísfirðínga; en það hefir áður verið sýnt fram á þá mótsögn, sem var í ræðu hans, þar sem hann sagði, að ábyrgð svaramannanna í 3 ár væri þýðingarlaus, en gæti þó orðið óbærileg (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn: Það er eingin mótsögn). Eg get ekki skilið, hvernig þetta getur átt sèr stað undir eins, og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hèlt, að einginn mundi takast þessa ábyrgð á hendur, og þá verður það ekki óbærilegt; hann hèlt, að óráðs-, óreglumenn og ónytjúngar væri sitt hvað, en það eru 3 hliðar hins sama, sem allar til samans gjöra menn óhæfilega til giptíngar. Þó þessi fjárábyrgð ekki hafi áður átt sèr stað, þá er ei þar með sannað, að hún sè óhafandi, því það er allt annað óþekktur og óhafandi, og þetta síðara hefði hann þurft að sanna; og þó það sè ekki í dönskum lögum, er það allt fyrir það ekki víst, að það sè óhafandi, því það getur komið af öðru ásigkomulagi, en hèr er, og getur líka verið, að þessum giptíngum sè þar tálmað með öðru fyirkomulagi. Hèr ræðir líka um einstök tilfelli, en ekki um almenna reglu í 3. grein, því einúngis þegar menn hafa náð vissum aldri, geta menn gipt sig eins eptir sem áður, og þó menn eigi að gjalda 10 rd. fyrir þetta giptíngarleyfi fyrir innan hin tilteknu aldursár, þá er það einginn skattur; því þá má eins vel kalla leyfisbrèf amtmanna og borgunina fyrir hjónavígsluna líka skatt. Það gladdi mig samt, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* neitaði því ekki, að taka á móti bænarskránni, sem þíngið kynni að senda til konúngs; því þó hann gefi málinu ekki meðmælíngu við stjórnina, mun hún samt sjá af því, sem hèr hefir fram farið, að nauðsynlegt muni vera, að leggja frumvarp um þetta fyrir þíngið, annaðhvort í sambandi við annað mál því skylt, eða þá einstakt sèr. Mèr hefir heyrzt

á ræðum sumra manna, að þeir vilji ekki þetta, af því að með því verði ekki öll óregla fyrirbyggð; en nefndin lèt sèr nægja, að reyna til að tálma þeirri verstu óreglu, þó ekki yrði allar óreglur með því fyrirbyggðar. Eg ætla mèr ekki að hæla þessu nefndaráliti, en þó stjórnin neiti um það, sem nefndin hefir stúngið upp á, þá er það ekki í fyrsta skipti, sem stjórnin hefir neitað, og mun víst óþarfi að kenna nefndarálitinu það, því að forminu til mun það ekki vera ver úr garði gjört, en önnur nefndarálit. Mèr þætti það undarlegt, ef þíngið fyrst setti nefnd í einu máli, og gæfi nefndinni ekki bendíngar á neinn annan veg en þann, sem hún fer, en ónýtti svo allt málið á eptir, því þetta er ekki til annars en þess, að spilla tíð og kröptum þíngsins. Það er merkilegt, að þegar alþýða ber sig upp undan einhverri óreglu og biður um ráð í móti henni, þá skuli embættismenn, sem eiga að gæta laga og rèttar, setja sig upp á móti því, sem miðar til þess, að koma á góðri stjórn; þeir hefði heldur átt að koma með einhverjar betri uppástúngur, fyrst þeim líka ekki þessar, heldur en að gjöra sig að talsmönnum óreglunnar hèr á þínginu, og segja svo utanþíngs á eptir, þegar búið er að fella málið: allt geingur hèr í óreglu, það er eingin stjórn í þessu landi. Eg sè ekki, hvar rèttur tími og tækifæri til þess, að afstýra óreglunni er, ef ekki hèr nú. Þó þetta nefndarálit verði fellt, tekur mèr ekki sárt til þess, þó eg sè að nokkru leyti höfundur þess í sameiníngu með hinum öðrum meðnefndarmönnum mínum. Það er eitt atriði, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og fleiri hafa blandað saman, og það er öreiga-og óreglumannagiptíng, og hèlt hann, að stjórnin aldrei mundi vilja hindra öreigagiptíngar, og um þetta, sem hèr ekki er um að tala, er eg einnig sömu meiníngar, að eg álít það skaðlegt, að hindra öreigagiptíngar; því eg vil ekki gjöra vissan fjárstofn, heldur reglusemi sem skilyrði fyrir hjónabandinu; því það er annað, að vilja hindra öreigagiptíngar frá siðferðislegu sjónarmiði, og annað frá fjármunanna sjónarmiði, því það er skaðlegt, að hindra öreigagiptíngar, en gagnlegt, að hindra giptíngu óreglu- og óráðsmanna og ónytjúnga.

Konúngsfulltrúi (Vilhjálmur Finsen): Eg held, að hinn heiðraði *framsögumaður* og eins að nokkru leyti þíngmaðurinn frá Gullbríngusýslu hafi misskilið nokkuð, það sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði. Mèr fannst *konúngsfulltrúinn* taka það ljóslega fram, að hann eingan veginn áliti neitt á móti því, að taka málefnið sjálft um, hver ráð mætti finna móti giptíngum öreiga, til yfirvegunar, en hann áleit, að þær uppástúngur, sem nefndin hafði fram komið með

í þessu tilliti, væri ekki svo úr garði gjörðar, að þær gæti eða ætti að takast til greina, og fannst mèr hann færa til gildar og sannfærandi ástæður fyrir þessu áliti, sem eg einnig að mínu áliti verð að vera að öllu leyti samdóma. Eg skal meðal annars taka það fram, að með því að láta svaramennina vera einhvers konar borgunarmenn fyrir því, að hjónaefnin eigi falli sveitinni til þyngsla, þá er komið nýju atriði inn í svaramanna-stofnunina, sem breytir hennar lagalegu þýðingu, og sem meðal annars hæglega getur leitt til þess, að menn mundi gleyma hinni eiginlegu og eðlilegu þýðingu svaramannanna. Yfir höfuð fannst mèr *konúngsfulltrúinn* útlista þetta málefni svo vel, að ekki er þörf á neinni frekari útlistun.

Indriði Gíslason : Það mundi margur vilja óska þess, að hafa mælskuna og álitið, sem sumir hafa hèr á þingi; en til þess, að ekkert vantaði, ætti bæði að vera kunnugleiki og sanngirni; það ætlar nú fremur að fara að verða mein að því, hvað þingmaður Ísfirðinga er orðinn ókunnugur hèr; það er verið að velkja hugann um það, og leggja ýmsan skilning í orðin: „óreglumenn og ónytjúngar". Eigi nú hlutaðeigandi sveitarstjórn að dæma um, hverjir þetta sè, þá er auðsætt, að tilgánginum er eingan veginn náð; því hlutaðeigandi sveitarstjórn getur skilizt fyrir sveitarstjórana í báðum hreppunum; því get eg ekki sèð neitt gagn í viðaukauppástúngu þingmannsins úr Vestmannaeyjum; því þó að maðurinn sanni að hafa 2—3 ára húsnæði, þá er hægt fyrir hreppstjórann að útvega honum hæli 2—3 ár, eða hvað það kynni að vera, á meðan verið er að gipta hann; hèr er heldur ekkert til tekið, hvað leingi þetta húsnæði á að vera, og loksins á þá presturinn að ráða öllu saman, svo hann má, ef hann finnur ástæðu til, gipta hann, þótt hann eigi hvergi hæli höfði sínu að að halla. En ástæðan til að gipta hann, getur verið sú, að koma öllu hyskinu af sèr, ef hann er annarstaðar sveitlægur. Eins og það er nauðsynlegt, að fara varlega í þetta mál, eins nauðsynlegt er, að reyna að kippa þessu ögn í liðinn. Með eingu öðru af þessu, en breytíngaratkvæði þingmanns Árnesínga verður stemmt stigu fyrir utansveitar-öreigagiptíngum, og því halla eg mèr að því; þær eru stórkostlega háskalegastar; en ef sveitarforstjórar gefa sitt eigið sveitlæga fólk saman, þá er það þó eðlilegra.

Forseti Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið, og skal eg biðja hina heiðruðu þingmenn, að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan geingið til atkvæða, og fór atkvæðageiðslan þannig:

1. Viðaukauppástúnga *Brynjólfs Jónssonar,* felld með 16 atkv. gegn 4.
2. Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar,* samþykkt með 15 atkv. gegn 9.
3. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Tandraseli, fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 2. tölulið.
4. Breytíngaratkvæði *Arnljóts Ólafssonar* fellt með 17 atkv. gegn 8.
5. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði), fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 2. tölulið.
6. Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar,* samþykkt með 15 atkv. gegn 9.
7. *Nefndin* (2. uppástúnguatriði), borið upp með þeirri breytíngu, sem samþykkt var við 6. tölulið, samþykkt með 14 atkv. gegn 11.
8. Breytíngaratkvæði *Stefáns Eiríkssonar,* fellt með 12 atkv. gegn 5.
9. *Nefndin* (3. uppástúnguatriði), fellt með 16 atkv gegn 5.
10. Breytíngaratkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Kaupmannahöfn, fellt með 14 atkv. gegn 7.
11. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu)?

Um þenna síðasta tölulið var nafnakall við haft, og fór það þannig, að

já (sögðu):	nei (sögðu):
Brynjólfur Jónsson.	Páll Melsteð.
Arnljótur Ólafsson.	Gísli Brynjúlfsson.
Ásgeir Einarsson.	H. K. Friðriksson.
Benedikt þórðarson.	Halldór Jónsson.
Guðmundur Brandsson	H. G. Thordersen.
Indriði Gíslason.	Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn.
Jón Hjaltalín.	Sveinn Skúlason.
Jón Pètursson.	V. Finsen.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	Th. Jónassen.
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	
Magnús Andrèsson.	
Ólafur Jónsson.	
Pètur Pètursson.	
Páll Sigurðsson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	

Var það þannig samþykkt með 16 atkvæðum mót 9, að senda skyldi konúngi bænarskrá um þetta mál.

Forseti: Þar nú er orðið svo áliðið, að ekki getur kvöldfundur orðið, vil eg ákveða fund á morgun kl. 11, og mun þá verða tekið til undirbúníngsumræðu *kúgildamálið, stjórnarbótarmálið* og *fjárkláðamálið.*

Fundi slitið.

---

10. ágúst -- Þrítugasti og annar fundur.

Allir á fundi, nema hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem hafði tilkynnt *forseta* forföll sín, þar eð hann var sóttur til sjúkra.

Þíngbók frá síðasta fundi upp lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúníngsumræðu: málið um *ásauðarkúgildin. Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður frá Rángárvallasýslu, sem eg sè er minni hluti nefndarinnar.

Var þá málið afhent *framsögumanni,* er las upp nefndarálitið svo hljóðandi:

„Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss í nefnd, er ritum nöfn vor hèr undir, til að segja álit vort um þá uppástúngu þíngmanns Rángæínga, að þíngið riti konúngi bænarskrá þess efnis, að hann vildi með lögum fyrir skipa, að umsjónarmenn þeirra opinberu kirkjueigna verði skyldaðir til, að endurreisa hin föllnu ærkúgildi, og kirkjujarðaleiguliðar fái uppgjöf hálfrar leigu af þeim, þar til þau eru aptur inn sett.

Vèr höfum nú íhugað mál þetta með oss, og skulum nú segja þínginu álit vort um það.

Oss finnst það, eptir því sem á stendur, ógjörníngur, að fara mjög strángt í þetta máleíni, eður beiðast nýrra laga, svoleiðis sem í uppástúngunni er á vikið, er gjöri prestunum það að skyldu, að reisa við aptur kúgildin á jörðum lènskirkna þeirra, er kunna að hafa farizt nú í kláðafaraldrinu, því hvort prestarnir sè skyldir til þessa, verður að dæmast eptir hinum nú gildandi lögum, eins og það væri líka óráð og ránglátt, að skylda prestana til að gjöra þetta,

þó þeir annars mætti álítast skyldir til þess, nú meðan á fjárkláðafaraldrinu stendur, og hvergi svo að kalla er kindur að fá; hið sama er og að segja um það, að það virðist vera að grípa um of inn í frjálsa samninga manna á millum, ef prestum nú með lögum væri bannað, að taka nema hálfar leigur af kúgildum þessum, uns þau aptur verði við reist; auk þess að það vel getur átt sèr stað, að kúgildin hafi drepizt hjá sumum leiguliðum fyrir trassaskap og skeytíngarleysi sjálfra þeirra, og þá væri það óviðurkvæmilegt, skyldi presturinn eiga að missa síns í fyrir handvömm leiguliðanna.

Aptur á hinn bóginn yrði það mjög hart fyrir prestana, þó lènskirkjurnar með öllum þeirra fjármunum sè í ábyrgð þeirra, skyldi ærkúgildin á kirknagózinu eiga að hlaupa upp á þá, þegar ekkert væri að fá hjá leiguliðunum upp í þau, þrátt fyrir það, þótt prestarnir hefði sýnt alla þá árvekni, er menn eptir kríngumstæðunum gæti heimtað af þeim, í að fá kúgildunum borgið; og hið sama er og um leiguliðana á þessum jörðum, að það yrði eins óneitanlega hart fyrir þá, skyldi kúgildin lenda á þeim, þegar þeir hefði gjört allt það, er í þeirra valdi stóð, til að bjarga kúgildunum í þessu almennt yfirfarandi fjárfaraldri, en hefði þó eigi tekizt það. Hèr við bætist, að ef hvorki leiguliðinn nè presturinn getur borgað kúgildin, koma þau til að falla prestakallinu, hvar við prestaköllin rýrna, og mega þó mörg af þeim eigi vera rýrari, en þau nú eru, auk þess, að það hlýtur að verða torveldara, að fá kirkjujarðirnar eins vel byggðar og bændajarðirnar, hvar víða nú mun vera orðin tízka, að landsdrottinn eigi lætur með öllu kúgildin falla leiguliðanum.

Af fyrtöldum ástæðum og þar eð í líkum tilfellum og þessu hið opinbera fyr hefir veitt styrk, til að reisa við kúgildin aptur á hinu opinbera gózi, verðum vèr að ráða þínginu til, að biðja hans hátign konúnginn:

> *Að hann allramildilegast vildi sjá til, að nokkur styrkur yrði veittur úr ríkissjóðnum, þegar fjárkláðinn er um garð geinginn, til að koma upp aptur ærkúgildunum á lènskirknajörðunum hèr á landi, þegar stiptsyfirvöldin, er málefni þetta einkum heyrir undir, mætti álíta, eptir hinum innkomnu skýrslum, annaðhvort að kúgildin væri fallin, án þess landsetanum eður prestinum eiginlega væri um það að kenna, og eins þó þetta ekki hafi átt*

sèr stað, ef hvorki presturinn nè leiguliðinn hafa efni til að setja kúgildin inn aptur.

Reykjavík, 3. dag ágústmánaðar 1859.

H. G. Thordersen. Jón Pètursson.

Eg undirskrifaður er mínum heiðruðu samnefndarmönnum samþykkur að öðru leyti en því, að eg vil að þingið biðji konúng vorn um:

Að veita stiptsyfirvöldunum sem fyrst nokkurt fè til umráða, til þess að styrkja hlutaðeigendur, þ. e. prest og leiguliða, til að koma upp ásauðarkúgildum á kirkjujörðunum smámsaman, eptir því sem fjárkláðinn út rýmist þar ag þar, og eigi er hætta við, að þau falli aptur hans vegna.

Páll Sigurðsson,
formaður og framsögumaður".

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Þingið hefir nú heyrt álit nefndarinnar, og vil eg leyfa mèr að geta þess, að nefndin var öll á því máli, að leiguliðar á opinberum eignum ekki ætti að verða harðara úti en aðrir, þar sem eigendur *privat*-jarðanna hafa tekið þátt í ábyrgð kúgildanna; því að kúgildin á kirknajörðunum eru eign kirknanna, og því ætti þau að falla þeim; þó að leiguliðanum sè byggð jörðin þannig, að kúgildin skuli vera í hans ábyrgð, þá getur þó þetta ekki heyrt þar undir, þegar fjárdrepsóttir koma fyrir; það er eins og þegar jarðir eru byggðar, þá stendur í byggingarbrèfinu vanalega, að leiguliðinn skuli standa inni fyrir jörðinni, og skila henni í fullgildu standi, og ef á brestur, þá með fullu álagi, þegar hann fer frá henni; en þó hefir eingum eiganda dottið í hug, að leiguliði skuli ábyrgjast það, þó skriða falli á jörðina, sem af taki nokkurn mikinn hlut túns eða eingja, og enginn getur við ráðið, eða stór vötn brjóta slægjuland eða haga. Eg þarf ekki að skýra mönnum frá því, að kúgildin eru eingan veginn föst innstæða á jörðunum, eða óaðskiljanleg frá þeim; þau eru opt ekki jafnmörg á sömu jörðinni, stundum fleiri, en stundum færri; það er allt undir prestinum komið, einasta að hann sjái um, að kúgildi kirkjunnar ekki fækki. Það verð eg að vísu að álíta, að prestur geti samið við leiguliða á kirkjujörðunum um eptirgjöf leignagjaldsins, því þær eru hans eign, en hins vegar eru þær þó einn hluti af embættistekjum hans, og því getur honum orðið það tilfinnanlegt, að veita mörgum leiguliðum eptirgjöf hálfrar leigu, en leiguliðanum líka ómögulegt að gjalda.

Það, sem mig greindi á við meðnefndarmenn mína, kom af því, að eg vildi fara leingra en þeir, því ef menn ætti að bíða, þángað til kláðanum væri alveg út rýmt, og menn geta þó vonað, að ein sýsla verði fyr laus við kláðann en önnur, þá fara bændur þar að fá sèr nýjan fjárstofn, og inn setja ærkúgildin á jarðir sínar, en þá geta leiguliðar á prestsjörðunum ekki feingið innstæðukúgildin, og þá neyðast þeir til að fara burt af jörðinni, svo hún fellur í auðn, svo þetta yrði hinn mesti skaði fyri hinar opinberu eignir. Nú gekk nefndin út frá því, að hið opinbera góz ekki mætti líða meiri skaða við kláðann, en bændaeignirnar, og vona eg því, að þíngið taki vel í þetta mál.

Magnús Andrèsson: Mín orð eru allt af fá, en það, sem verra er, er, að þau, ef til vill, ekki eru sem greinilegust; þó ætla eg nú að taka lítið eitt til máls, af því að eg á síðasta þíngi var upphafsmaður að hinu sama, og hèr er hreift. Var þá nefnd kosin og nefndarálit samið, en svo var ekki meira gjört við það, því tíminn leyfði það ekki. Var eg meðnefndarmönnum mínum þá að mestu leyti samdóma, þó lítill ágreiníngur risi út af því milli okkar, vegna þess að eg, eptir minni beztu sannfæríngu, gat ekki litið eins á málið og þeir. Nú eru síðan 2 ár, og reynslan hefir sýnt mèr svo mikið, að eg er enn á sömu meiníngu; eptir frjálsum samníngum milli landsdrottins og leiguliða hefir það víðast geingið svo til í mínu hèraði, að kúgildin hafa fallið eigandanum, en leiguliðinn hefir borgað hálfa leigu eptir þau, þángað til þau væri endurreist. Nokkrir hafa líka gjört mun á, hvort þeim hafi verið skilað á haustin, eða á vorin, og hafa þá viljað láta fúlgu fylgja þeim, þegar þeim hefir verið skilað á haustin; en aptur eru aðrir, sem ekki hafa kært sig um það; þegar nú rætt er um kúgildin af opinberum eignum, þá held eg, að eins og einstakir menn eru vanir að taka sèr dæmi af breytni þeirra, sem stjórna hinum opinberu eignum, sem og er eðlilegt, því þeir eru miklu vitrari menn, að þá mætti þeir líka taka þetta dæmi prívatmannanna til eptirbreytni, því að þetta er sá meðalvegurinn, sem gjörir kúgildamissinn þolanlegan, bæði fyrir eiganda og landseta, og þá þarf hið opinbera að hjálpa upp á sakirnar, nú eins og áður, þegar þau fèllu, og vil eg því styðja þessa uppástúngu svo mikið, sem eg get.

Pètur Pètursson: Eptir því, sem mèr er bezt kunnugt, þá hafa margir prestar spurt stiptsyfirvöldin að, hvernig skyldi fara með kúgildin, þar sem kláðinn var, en stiptsyfirvöldin svöruðu, að ábú-

endurnir ætti að svara til þeirra, en ef þeir gæti það ekki, þá prestarnir. Eg vil nú ekki segja, að stiptsyfirvöldin hafi getað svarað öðru, en eg veit þó til, að sumir prófastar lètu prestana selja kúgildin, og taka við andvirðinu; þetta var gjört víða í Árnessýslu; þannig eru kúgildin þar ekki alveg fallin, heldur geta þessir peníngar mikið hjálpað til, að endurreisa þau. Hèr í nærsýslunum er það líka víða, að kúgildið er ekki ásauður, heldur kýr, svo eptir þessu getur það aldrei orðið fjarska-mikið, sem hið opinbera þyrfti að leggja til, eins og það líka væri óviðurkvæmilegt, að lètt væri undir með þeim prestum eða leiguliðum, sem fellt hafa kúgildin af eintómu hirðuleysi og trassaskap; en hitt er sanngjarnt, að þeir, sem hafa gjört allt sitt, til að frelsa þau, líði ekki mjög mikinn skaða.

Jón Pètursson: Það var ekki mikið, sem bar á milli meira og minna hluta nefndarinnar; það var einúngis það, að minni hlutinn vill fá fè hjá stjórninni, til að úthluta smámsaman millum þeirra, er missa kúgildin. Meiri hlutinn hèlt nú, að ef þíngið sendi stjórninni bænarskrá um þetta málefni, og ef stjórnin fèllist á hana, þá mundi stjórnin gefa mönnum kost á, að senda bónarbrèf til stiptsyfirvaldanna um, að fá styrk til að setja aptur inn kúgildin, þegar kláðinn væri alveg um garð geinginn, og fyr áleit nefndin það ekki vera tiltök; þegar nú stiptsyfirvöldin sendi þessar bænarskrár til stjórnarinnar, þá mundi þau leggja til með þeim, sem ekki verður kennt um kúgildamissinn, og þeim, sem ekki hefði efni, að reisa þau aptur. Stjórnin feingi þá yfirlit yfir upphæðina á fè því, sem um væri beðið, og gæti þá ákveðið, hvað mikinn styrk hún vildi veita, til að setja inn aptur kúgildin, og af þeim styrk gæti þá allir feingið jafnt að tiltölu, er misst hefði; en hann áleit það vera miklu lakara, ef stiptsyfirvöldin feingi fè til að útbýta smámsaman jafnóðum og hver kæmi til þeirra, er misst hefði kúgildi sín; stiptsyfirvöldin vissi þá ekkert, hvað margir mundi koma seinna, og hvað mikið þau gæti látið hvern fá, það hlyti að fara svo, að margur yrði eptir, þegar fèð væri búið, sem ekkert feingi. Áður en fènu er úthlutað, verða menn að vita tölu þeirra, sem misst hafa, og sem eiga að verða styrksins aðnjótandi.

Ásgeir Einarsson: Eg ímynda mèr, að þíngið gjöri góðan róm að þessu máli, því mèr finnast ástæðurnar vera svo góðar fyrir því, einkum þar eð 2 af hinum konúngkjörnu þíngmönnum vilja láta ríkissjóðinn borga kúgildin; þeir eru þó ekki vanir að vera mjög harðleiknir við hann. Eg held það sè satt, sem hinn háttvirti 5. kon-

úngkjörni þingmaður sagði, að þetta mundi koma ójafnt niður, ef farið væri að útbýta þessum peningum jafnóðum, með því að það er ekki frítt fyrir, að þeir, sem bezt hafa geingið fram í kláðalækningunum, hafi feingið það ójafnt endurgoldið. Eg álít því ráðlegast, að menn gjöri sèr sem mest far um, að lýsa fyrirkomulaginu hèr vel fyrir stjórninni, svo hún sæi, hvernig þessi fèstyrkur gæti orðið að sem mestum og jöfnustum notum. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður fór fram á það, að þeir skyldi ekki fá neinn styrk, sem hefði af trassaskap fellt kúgildin. Eg held nú, að þetta væri vandi; það þyrfti lánga rannsókn til, að komast að því, og það gæti liðið á æði-laungu, þángað til nægar upplýsíngar gæti feingizt um það.

H. G. Thordersen: Eg kom seint til að heyra á tölu hins háttvirta *framsögumanns,* meðnefndarmanns míns, enda má mig einu gilda, því hún mun í alla staði hafa verið samkvæm mínu áliti, og okkur hefir komið svo vel saman í þessu máli, að eg hefi eingan rètt til að tala um neinn ágreiníng við hann. Eg get ekki farið leingra, en eg hefi gjört í þessu nefndaráliti, það er það ítrasta, sem eg get. Eg játa, að þetta mál getur ekki komið í gáng, fyr en kláðafaraldrið er um garð geingið; því ef menn eiga ekki að gjöra órètt við útbýtíngu þessa fjárstyrks, sem stjórnin er beðin um, þá verða menn að fara eptir föstum og vissum reglum, því okkur kom saman um, að orðatiltækið „þegar kláðinn“ o. s. frv., væri aðalatriðið í þessu nefndaráliti; en eg vil líka játa það, að þegar hann væri úti, þá væri ástæða til að biðja stjórnina, að veita styrk úr ríkissjóðnum, til að jafna þann skaða, sem menn hefði liðið við faraldur þetta; og eg treysti enn fremur, að stjórnin vilji bænheyra þetta, þegar talað er um ásauðarkúgildi embættismannanna, og á lènskirknajörðum, sem standa í sambandi við stjórnina að því leyti, sem það áhrærir tekjur embættismannanna, sem þjóna stjórninni, sem þjóna alþýðunni, sem þjóna öllum. En hvað áhrærir minna hluta nefndarinnar, þá verð eg af alefli að vera honum mótfallinn, því hann hefir þá annmarka í för með sèr, sem líklega verða öllu málinu til fyrirstöðu. Eg kann að fara um það fleirum orðum, þegar flutníngsmaðurinn kemur með ástæður sínar fyrir honum; eg vil nú að eins rólega minnast á einstöku atriði í honum. Hann talar þar um stiptsyfirvöld, það er líklega stiptamtmaður og biskup, og svo segir hann „nokkurt“; mèr liggur við að steyta mig á þessu orðatiltæki; mèr þykir það æðióákvarðað; það geta verið 10 rd., 12 rd., 40 rd., 100 rd., 200 rd., 600 rd., 1,000 rd., o. s. frv.; þetta er allt saman „nokkurt“; uppá-

stúngan verður að hafa einhverja ákvörðun, en hún hefir ekki hina minnstu; hver uppástúnga verða þó að hafa það til að bera, að hún sè á skýrum og greinilegum rökum byggð. Af hverju getur nú stjórnin ráðið, hve mikið muni þurfa að senda stiptsyfirvöldunum eptir þessu atriði? Það liggur hvergi til tekið í minna hlutans uppástúngu; það er auðsèð, að hún er á eingum föstum fæti byggð, en einúngis lauslega hugsuð, og eg vil fyrir mitt leyti vona það, að stjórnin leggi ekki á mig þann vanda, að senda mèr það umbeðna fè, án þess að gefa vissa reglu fyrir útbýtíngu þess, svo eg gæti þó borið það fyrir mig, að eg hefði ei farið eptir eigin vild og geðþekkni, heldur fylgt þeim reglum, sem fyrir mig væri lagðar í þessu. Hèr þarf fyrir fram að athuga, að uppbótinni á að jafna niður milli manna, og þá þurfa einhverjar reglur að vera fyrir lagðar, sem menn geti fylgt við niðurjöfnunina. Ef stiptsyfivöldunum yrði falið á hendur, að útbýta fè þessu án nokkurrar reglu, það væri, segi eg, til þess, að baka þeim enn meiri óvinsældar, en þau eru í nú; eg segi það ekki einúngis fyrir mitt leyti, heldur og fyrir minn fjærverandi háttvirta „collega“, að við höfum í ýmsu tilliti svo mikla óvinsæld af landsmönnum, að við æskjum ei að auka hana að óþörfu, og eg afsegi fyrir mitt leyti og meðan eg má, að útbýta nokkrum hundruð ríkisdölum svona fyrir fram; en þar á móti vona eg, þegar kláðanum er alveg út rýmt, að stjórnin líti þá á hag vorn, og einkum embættismanna sinna. Orðið „smámsaman“ hjá minna hlutanum, heyrir undir það, sem eg áður talaði um, að það væri alveg óbærilegt fyrir stiptsyfirvöldin, ef því væri deingt á þau, og eg er hræddur um, að þá yrði margir til að sletta þeim því í nasir á eptir, að sá og sá hefði orðið fyrir órètti í úthlutuninni, og ef það er óvinsæll jöfnuður sá, sem gjörður er á fèstyrk í hverjum hrepp, hvað mundi þá ekki verða við stiptsyfirvöldin, sem margnum þykir svo mikið gaman að leika við. Eg ætla svo ekki að tala leingra um þetta að sinni, og bið þíngmenn velvirðíngar á þessum orðum mínum, en áskil mèr að eg megi svara, þegar mótbárur fram koma.

Guðmundur Brandsson: Það er auðsèð á eðli þessa máls, að það má skoða það í sambandi við kláðamálið, og því ætla eg að fara um það fáeinum orðum. Meiri og minni hluti þessarar nefndar hefir skoðað þetta nokkuð á sinn veginn hvor; meiri hlutinn, eptir því sem er að ráða af niðurlagsatriðinu, hugsar sèr líklega, að ekki muni lángt að bíða, þángað til kláðinn verði algjörlega upprættur, eða þá má ske haldið hið mótsetta, því það verður ekki ljóslega sèð,

en minni hlutinn hefir haldið, að bráðum muni í sumum hèruðum verða upprættur kláðinn, og er eins og hann lýsi minni ótta fyrir honum. Hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður fór mörgum orðum um minna hluta nefndarinnar, þar á meðal kastaði hann æðiþúngum steini á þetta orðatiltæki hans „nokkurt fè“; en það er aðgætandi, að meiri hlutinn hefir einmitt brúkað sama orðið, þar sem hann biður um nokkurn styrk af ríkissjóðnum, og sýnist mèr það ekki aðfinníngarvert, því það er eins konar kurteisi, að setja stjórninni það í sjálfsvald, og það er ekki gott að ákveða nú, hvað mikið þarf í allt, áður en kláðinn er um garð geinginn. Mèr sýnist nú meiri og minni hlutanum megi vel koma saman, þegar báðir biðja um hið sama, með þeim mismun, að minni hlutinn biður um nokkuð strax, en hinn meiri ekki fyr en seinna. Eg verð nú heldur að halla mèr að minna hlutanum, því ef ein sýsla er heilbrygð orðin, þá eru þó fyrstu peníngar beztir, bæði fyrir landsdrottin og leignliða, en allur frestur á að koma upp fjárstofni, er þeim skaði. Það væri því ekki sanngjarnt, að 1 eða fleiri sýslur yrði að bíða eptir þessari hjálp, þángað til allur kladi væri burtu úr landinu; en hitt er auðvitað, að þó menn fái fè jafnóðum og kláðalaust er hjá þeim, þá fá þeir styrkinn ekki nema einu sinni; en ef menn eiga að bíða svo eða svo leingi, þá gæti svo farið, að þeir flosnuðu upp og jarðirnar legðist í auðn fyrir vöntun kúgildanna. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sagði áðan, að menn ætti að hafa tillit til þess, hvort kúgildin væri fallin fyrir trassaskap, eða af öðrum orsökum; en eg er nú hræddur um, að það verði örðugt að ákveða um það; sumir hafa skorið þau, meir eða minna kláðug, sumir af ótta fyrir kláðanum, og hjá sumum hafa þau sjálf drepizt, og má víst margt um það segja hjá hverjum fyrir sig, en hitt er auðvitað, að einginn hefir fellt þau að gamni sínu. Ef skæður óvinur kemur inn í eitt land, og landsmenn ekki treystast að standa á móti, þá taka þeir það til bragðs, að brenna upp vistabúr sín, svo hann skuli ekkert hafa til viðurværis, og eins mun víst mega skoða aðferð manna í þessu kláðamáli; eða ætla hitt sè nú órèttara, eins og Rússakeisari hótaði hermönnum sínum, að senda þá alla til Síberíu fyrir það, að þeir ekki börðust til síðasta manns, að kenna mönnum um það, sem þeir ekki gátu að gjört? Ef menn vilja láta útbýta fènu með tilliti til þessa, þá mun á margt verða að líta, og yrði óendanlegur rekspölur.

H. G. Thordersen: Eg skal játa það, að það getur verið misjafnlega ástatt fyrir þeim, sem misst hafa kúgildi sín; því það er

auðvitað, að þeir, sem fyrst hafa misst, þurfa þeirra fyrst við, og að því leyti eru ekki allir jafnt til bornir. En þegar neyð geingur yfir, þá verða allir að líða hver með öðrum meir eða minna, og menn geta ekki áður, en sèð er fyrir endann, farið í þær grafgötur, hver hafi fyrst orðið fyrir neyðinni, hver hafi verið næstur, o. s. frv., og þegar allir hljóta að líða þannig meira eða minna, þá sè eg einga ástæðu til, að byrja fyr á, að hjálpa einum en öðrum, og má ske þannig gefa tilefni til ójafnaðar seinna meir.

Indriði Gíslason: Eg verð að neyðast til að fella mig betur við niðurlagsatriði meira hlutans, því eg get ekki sèð, til hvers er að fara strax að við reisa þessi kúgildi, meðan allt löðrar í kláða; en þess verður líklega ekki langt að bíða, að honum verði út rýmt. Það er nú kunnugt, að stiptsyfirvöldin hafa skrifað prófföstum og sagt þeim, að til halda prestum að sjá um, að læknað yrði; hafi nú prestar og prófastar ekki mótmælt þessari skipun, eða geymt sèr neinn rètt í þessu efni, þá er auðsætt, að þeir ætla að takast þessa skipun á hendur, og hlýtur þá ábyrgðin að hvíla einnitt á þeim, en ekki fèlausum leiguliðum, ef illa til tekst, og hlýtur því stiptsyfirvöldunum að vera mjög annt um þetta mál.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg þarf nú ekki að standa upp, því sá heiðarlegi þingmaður Gullbríngusýslu tók svo ágætlega fram flestallt það, er eg vildi sagt hafa. Mèr þykir uppástúnga meira hluta nefndarinnar allgóð; það hefir ekki verið hægt að miðla því máli betur; en mèr þykir meiníng minna hlutans verða að vera líka, og hún ekki mega missast, og um orðunina tjáir hinum háæruverðuga 2. konúngkjörna þingmanni ekki að tala, því að stýlsmátanum eru báðar uppástúngurnar svo líkar, sem ein systir kann annari að vera. Meiri hlutinn biður konúng um nokkurn styrk, en gefur eingar reglur, hvað mikinn eða hvernig; minni hlutinn með sama orðatiltæki um nokkurt fè; menn geta varla ætlað stjórninni eða stiptsyfirvöldunum minna, en að geta tekið sèr einhverja vissa reglu eptir því, sem þau sjá að þörfin krefur, að bæta hverjum upp vissan part af skaðanum, t. a. m. $^1/_3$, $^1/_2$ eða $^1/_4$ og svoleiðis, og eg trúi stiptsyfirvöldunum betur fyrir þessu fè, sem þau feingi til þessarar útbýtíngar, en sá háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður; hann hèlt þau mundi eyða því svo fljótt, að sumir gæti þá ekki feingið neitt; minni hlutinn biður ekki heldur allt í einu um allan þann styrk, er stjórnin kunni að veita, heldur um nokkurt fè, strax þegar kláðanum er útrýmt úr einhverju hèraði, svo að óhætt sè, að setja þar ærkúgildi

aptur. Hann lítur á kríngumstæðurnar, sem eru, að kláðanum er þegar út rýmt bæði úr Rángárvallasýslu og Mýrasýslu, og vonandi, að bráðum verði altènd úr nokkrum parti Borgarfjarðarsýslu; en þángað til að kláðinn verði um garð geinginn í Gullbríngusýslu, er mjög líklegt að verði laung tíð með aðferðinni, sem brúkuð er. Nú má öllum vera umhugað, bæði konúngi, yfirvöldum og þínginu, að jarðirnar leggist ekki í eyði, og að fólkið lifi og fèð geti komizt upp aptur það fyrsta, því þarf strax að fara að laga þetta, þegar óhætt er fyrir kláðanum, og hann er um garð geinginn í hverju hèraði. Þíngmanni Dalasýslu þykir álit meira hlutans gott; því hann hyggur, að það geti geingið fljótt, að út rýma fjárkláðanum, nefnilega, að allt verði skorið af kláðasvæðinu strax í haust; eg gjöri mèr nú ekki þessa góðu von, eptir því sem málin standa, heldur að það verði svo laung tíð, sem kláðanum verði við haldið hèr suður frá, að margir, sem eiga að bíða eptir hjálpinni alla þá tíð, muni þá ekki þurfa hennar við, þeir verði dauðir áður.

Pètur Pètursson: Eg vil nauðugur leingja þíngræðurnar í þessu máli, en eg vildi einúngis leyfa mèr að spyrja hina heiðruðu nefnd, hvort hún hafi haft í höndum skýrslur um, hvað mikið sè fallið af kúgildunum; þetta gæti orðið til skýríngar fyrir þíngmenn, því þá gæti þeir nokkuð ráðið í fjárupphæðina, sem á þyrfti að halda; þetta gæti verið, ef prófastar hafa sent skýrslur frá sínu prófastsdæmi um hin föllnu kúgildi. Þetta væri ómissandi að vita, því af nefndarálitinu getur stjórnin ímyndað sèr, að kúgildin sè öll fallin, sem ekki er, þar sem prestar hafa selt mörg þeirra og geyma andvirði þeirra, og einmitt af þeirri ástæðu kynni sjórnin að neita þessari bænarskrá. En ef skýrslurnar gæti fylgt bænarskránni, þá eru líkindi til, að hún feingi áheyrn.

Framsögumaður: Með tilliti til spurníngar hins háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanns, þá vil eg geta þess, að nefndin hafði ekki í höndum neinar þess konar skýrslur; enda mun vera ómögulegt að fá nú skýrslur um það, áður en kláðanum er alveg út rýmt, hvað mörg kúgildi hafa fallið. Þetta gekk nú nefndinni til, að til taka einga vissa fjárupphæð, heldur benda stjórninni á vandræði vor, til þess að hún vildi veita nokkurn styrk, þegar skýrslur gæti feingizt. Þessi krói minn er að vísu ekki stór, en hann varð þó fyrir allhörðum dómi hjá hinum háæruverðuga meðnefndarmanni mínum; svo það lá við, að hann ætlaði að kafna í laugarvatninu; en þó hafa fáeinir orðið til að styrkja hann, svo það er ekki að vita, nema

hann geti enn spriklað. Hinn sami háæruverðugi þingmaður tók það fram, að eg hefði ei til greint neina vissa upphæð á styrknum; en hann dæmdi þá um leið meira hlutann, því það var ei hægt að á kveða það nú, og það finnst ekki heldur hjá meira hlutanum. En minni hlutinn fór eptir þeirri ástæðu, að ef ein sýsla yrði fyr kláðalaus en aðrar, og búendur þar fara að koma sèr upp fjárstofni, þá muni prestar líka vilja reisa við kúgildin á sínum jörðum, og minni hlutinn vonaði, að þó stiptsyfirvöldunum yrði veitt nokkurt fè til útbýtíngar, þá mundi það ekki valda þeim óvildar, heldur mun hitt miklu fremur gjöra það, ef þau sporna höndum og fótum á móti, að taka við því fè, ef stjórnin vildi veita það. Og ef þau ætti að út býta fènu eptir uppástúngu minna hlutans, þá þurfa þau ekki að kasta því út af handahófi, heldur eptir skýrslum og uppástúngum frá próföstum og hlutaðeigandi prestum. Eg held því, að það væri ekki ógjörníngur, að fara fram á þetta við stjórnina, þó kláðinn væri ekki með öllu burt úr landinu, og þó ekki væri mikill styrkurinn í fyrstu, þá gæti hann fljótt hjálpað til þess, að jörðin yrði byggð; en ef eingin hjálp feingist, er eg hræddur um, að einhverjir kirkjulandsetar yfirgæfi jarðirnar, og beiddi blessaðan prestinn að eiga þær sjálfur. Ágreiníngurinn milli minna og meira hlutans er einúngis risinn af því, að minni hlutinn vildi stíga feti framar, og ástæðurnar fyrir því eru skýrt teknar fram. Það er ekki tilgángur minna hlutans, að spilla fyrir hinu opinbera gózi, heldur einmitt að bæta fyrir því, svo það geti rètt við, undir eins og bændaeignir.

Konúngsfulltrúi: Nefndarálitiðið ber það með sèr, að bæði meiri og minni hlutinn fara í sömu stefnu, þá nl., að biðja stjórnina um, að veita nokkurn fèstyrk af ríkissjóðnum til að endurreisa þau ásauðarkúgildi, er fallið hafa í fjárkláðanum á lènskirknajörðunum. En sá er þó munurinn á uppástúngum meira og minna hlutans, að minni hlutinn fer fram á það, sem eingan veginn getur feingið framgáng, nl., að fá smámsaman hinn umbeðna styrka úr ríkissjóðnum, til að bæta upp þar með kúgildin í hverri sveit fyrir sig eptir því, sem hún fríast við kláðann; því það lætur sig ekki gjöra, að hlutaðeigandi stjórnarherra sè að smábiðja ríkisþíngið um fè í smáskömtum hvað eptir annað. Meiri hlutinn þar á móti fer því á flot, er vel getur staðizt, ef þetta fè annars verður veitt, sem eg fyrir mitt leyti eingan veginn efa, að styrkurinn verði veittur, eptir að fjárkláðinn er um garð geinginn, og eptir að skýrslur eru útvegaðar um bæði tölu þeirra ásauðarkúgilda, sem fallið hafa, og aðrar kríngumstæður við

málefnið. Þegar þetta er á undan geingið, þá fá menn fyrst með vissu séð, hversu mikinn fjárstyrk vèr þurfum, og stiptsyfirvöldin geta þá fyrst gjört þar um greinilega og á ástæðum byggða uppástúngu, eptir hverri hlutaðeigandi stjórnarherra þá einnig getur gjört ákveðna uppástúngu til ríkisþíngsins. Eg ræð þess vegna þínginu til, að fallast á uppástúngu meira hlutans, en hafna hinni.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það má líklega segja um þessa uppástúngu, sem stundum er sagt hèr, að hún sè gjörð í góðum tilgángi, og kann vera hún sè svo úr garði gjörð, að hún gjöri eingan skaða; en mèr þykir hún ekki hafa að styðjast við svo gildar ástæður, að þíngið geti tekið hana til greina. Hèr er spursmálið um tvennt, nefnilega, hvort þessi uppástúnga fer fram á þetta sem gjöf, eða gjörir til þess rèttarkröfu; ef það á að vera gjöf, þá heyrir það ei undir alþíngi, að styrkja bænarskrár einstakra manna; og ef það er rèttarkrafa, þá verða menn að gæta að ástæðunum. Ef stjórnin hefði skipað mönnum að skera niður, þá væri það viðurkvæmilegt, að hún borgaði kúgildin eða styrkti til þess; en nú hefir stjórnin gjört allt sitt, til að koma fram lækníngunum, og menn hafa ekki viljað hlýða henni, heldur skorið niður sjálfkrafa, og sumstaðar heilbrigt fè; hvernig getur þá verið vonandi, að stjórnin vilji veita þeim styrk til að reisa kúgildin, sem farin eru þannig; bæði prestar og leiguliðar eru víða sjálfir valdir að fellinum, og presturinn, sem hefir tekið við brauðinu til ábyrgðar, hefir þá alla ábyrgðina á kúgildunum, eins og hver annar, sem hefir fè til umráða, svo mèr finnst, að menn eingan veginn geti gjört rèttarkröfu til þessa. Sama er að segja, þó menn vildi biðja um það sem náð, því stjórnin hefir tekið svo í þess konar mál áður, að menn geta varla vonazt eptir áheyrslu. Eg vil taka til dæmis, að í Húnavatnssýslu voru skorin kúgildi, og beiddi amtmaðurinn um uppbót á þeim úr opinberum sjóði, en honum var svarað á þá leið, ef eg man rètt, að þau væri í þeirra ábyrgð, sem hefði skorið eða skipað að skera þau án stjórnarinnar leyfis. Og þessi úrskurður virðist mèr vera á ljósum og sönnum rökum byggður. Eitt atriði, sem ekki er lítið í varið, er öðruvísi hjá meira hluta nefndarinnar, en hinum minna. Meiri hlutinn talar um „lènskirknajarðir“, sem eru líklega allar staðajarðir, en minni hlutinn talar um „kirkjujarðir“, það eru ekki einúngis staðajarðir, heldur líka bændakirkjujarðir; ef menn ætlast nú til, að eigendum bændakirkna verði bætt kúgildin, þá er eins ástæða til, að láta alla bændur fá uppbótina, og eg sè ekki ástæðu til, að prestar skuli

heldur eiga að fá þenna styrk, en aðrir. Mèr sýnist því rèttast, að vísa hlutaðeigendum frá þínginu til stjórnarinnar með þessar bænarskrár, því mèr sýnist þær liggja fyrir utan þingið.

H. G. Thordersen: Eg verð yfir höfuð að tala að aðhyllast það, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þingmaður sagði; en viðvíkjandi því, sem hann spurði um skýrslur prófasta til mín í þessu efni, þá lýsi eg því yfir, að það hefir ekki komið hin minnsta skýrsla frá einum einasta prófasti til mín; annað mál er það, hvað mèr hefir verið skrifað í *privat*-brèfum, en sem eg finn mèr ekki skylt að hreifa hèr. Hvað því viðvíkur, sem hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að eg hefði lagt harðan dóm á minna hlutann, þá var það ekki meiníng mín, en eg áleit, að menn þyrfti að hafa einhvern fastan grundvöll, til að byggja á úthlutun þessa umbeðna fjárstyrks, og það er ekki ætlun mín að halda þessu fram í neinu kappi. En eg álít sannarlega betra fyrir þingið, að halda sèr heldur til meira hlutans því hann er svo stýlaðar, að það getur ekki valdi vandræðum fyrir þá, sem útdeila skulu fènu, því hann geingur út frá því, ef uppbótin veitist mönnum til líknar, að hún geti þá komið jafnt niður, en að því verði ekki út hlutað eptir tilviljun; og kláðinn hefir, nú þegar geisað yfir svo mikinn hluta landsins, að það væri betur að hann ekki breiddist meira út, því þá væri ekki ómögulegt, að stjórnin í vísdómi sínum gæti sèð um, að eingin færi mjög halloka.

Magnús Andrèsson: Af því að mál þetta snertir meir mitt kjördæmi en önnur hèruð, þá er eg nokkuð framgjarnari að taka til máls nú en endranær. Eg gat ekki annað en hneykslazt á ræðu hins háttvirta þingmanns Ísfirðínga, þegar hann áleit, að ekki væri að vænta eptir uppbót þessari frá stjórnarinnar síðu, þar sem svo er í garðinn búið sem er, þá kann það nú reyndar koma af því, að við erum gagnstæðrar meiníngar, og reynslan verður að dæma um það, hvor okkar hefir á rèttara að standa. En eg gat mjög vel fellt mig við ræðu hins háæruverðuga 2. konúngkjörna þingmanns, að ekki sè vert að biðja um þenna styrk fyr en á sínum tíma; og ef eg væri í hans sporum, þá mundi eg vilja kynoka mèr við, að fá nokkra ríkisdali til að útbýta svona af handahófi, og eg held, að það sè óvíðast svo ástatt, að menn ekki komist af fyrst um sinn án þessarar hjálpar; enda þarf að koma til skoðunar, hversu hraparlega fènaðurinn hefir fallið þar og þar. Eg veit, að víða í Árnessýslu voru kúgildin felld um haustið 1857, en óvíða munu þau hafa fallið svo, að ekki feingist upp úr þeim hèr um bil hálfvirði fyrir kúgildunum,

þó ætti að kaupa þau nú í þessari dýrtíð, sem nú er komin á fè; en þar sem hann kennir um hirðuleysi manna við lækníngarnar, þá vil eg geta þess, að þegar kláðinn 1856 um haustið var kominn í Árnessýslu, voru á jólaföstu sendir 2 menn eptir meðölum suður í Reykjavík, en þeir komu aptur jafnnær. Árið 1857 var kláðinn þar orðinn svo megn, að eg áleit þá, og eg stend við það enn, að hann væri öldúngis óviðráðanlegur, þegar fèð var svo margt. Þá voru meðölin ekki heldur til að fá, enda voru þeir bezt farnir, sem skáru strax niður, og þá fèllu kúgildin, þó ekki alveg, því að jöfnuði mun ærin hafa verið seld á 2 rd. Eptir þessu sýnist mèr nú ekki allur ábyrgðarhlutinn liggja á prestunum og leiguliðunum, af því þeir hafi forsómað lækníngarnar, þegar ekki voru tiltök að hafa þær við, og því sýnist mèr rètt, að stjórnin taki þátt í endurreisn þeirra, en bíði þó þángað til nægar skýrslur og upplýsíngar eru komnar um það.

Jón Pètursson: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir fært ljóslega rök að því, að uppástúnga meira hlutans er miklu tiltækilegri en minna hlutans, og hinn háæruverðugi meðnefndarmaður minn hefur tekið það fram, sem eg vildi sagt hafa. En eg get ómögulega látið því ósvarað, sem hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna sagði, að eg hefði sagt. Hann bar það sumsè upp á mig, að eg hefði sagt, „að stiptsyfirvöldunum væri ekki trúandi fyrir, að útbýta fjenu, því það mundi eyðast svo fljótt hjá þeim“; en þessu verð eg öldúngis að mótmæla; en eg sagði: ef þeim væri feingið fèð, án þess þau gæti haft vissa reglu fyrir sèr í útbýtíngu fjárins, þá gæti það geingið upp, áður en hinir síðustu kæmi, svo þeir yrði þá út undan. Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga skoðaði þetta mál frá 2 hliðum, en það var ekki meiníng meira hlutans, að þetta gæti verið nein rèttarkrafa, heldur einúngis gjöf; okkur þótti það ekki neitt óviðurkvæmilegt, þó þíngið vildi leggja sitt til, að styrkja að því, að stjórnin vildi bæta prestunum, sem þó eru embættismenn hennar, þann missi í embættistekjum þeirra, er fjárkláðinn ollaði þeim; því ef kúgildin eru fallin, og eru ekki framar til, hverju sem það er að kenna, og ekkert er að hafa hjá prestunum eða leiguliðunum, þá verða brauðin fyrir svo óbærilegri rýrnun, sem þau mörg ekki mega við, því þau mega ekkert missa; meiri hlutinn varð og að álíta, að öll sanngirni talaði fyrir, að hlutaðeigendur feingi styrk, þegar kúgildin fèlli, án þess það væri þeim að kenna, og hann ætlaðist til, að stiptsyfirvöldin skyldi dæma um, hvort það væri hlutaðeiganda hirðu-

leysi að kenna eður ekki, og að þau gæfi eptir því álit sitt stjórninni með eða móti beiðendunum, og að stjórninni þá mundi veita hægt, að dæma um verðugleika hvers eins. Það væri líka á *stundum* hart, þó presturinn eigi að standa í andsvari fyrir kúgildunum, skyldi þau eiga að hlaupa upp á hann, ef að leiguliðinn er svo efnalaus, að hann ekki getur hjálpað til að endurreisa þau. Ef að presturinn hefði t. a. m. verið 10 ár í brauðinu, og ætti svo að borga öll hin föllnu kúgildi, þá gæti sá skaði orðið meiri fyrir prestinn en tekjurnar, sem hann hefði haft af brauðinu í þau 10 ár, og þó er hann skyldur að halda kirkjujörðunum í byggíngu. Vegna þessa sýnist mèr sanngjarnt, að biðja stjórnina að lètta á prestunum þessum skaða, sem þeir kynna að verða svo auðsjáanlega fyrir.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga tók það fram, að í minni hlutanum mætti skilja orðin svo, að líka væri meint til bændakirkna, en það hefir aldrei verið meiníng mín; en það mun ekki vera nema hans eigin hugmynd, sem getur skilið það svo; en ef það þykir valda misskilníngi, þá hefi eg ekkert á móti, að breyta því. Hann ræður þínginu að vísa málinu frá, og læt eg það vera öldúngis á þíngsins valdi. Eg ætla samt að skoða mál þetta frá upphafi. Þegar stjórnin hafnaði ráðleggíngum þíngsins í hitt eð fyrra, þá sè eg ekki betur, en að hún hafi alla ábyrgð á málalokunum, og því finnst mèr ekki óviðurkvæmilegt, að þíngið mæli nú fram með þessari bænarskrá. Það hefir verið tekið fram, að í minni hlutanum væri upphæð styrksins óákveðin, og að það væri betra, að geyma það, þángað til allir gæti komið undir eins til skoðunar, þá er eg ekki viss um, hvort allir, sem misst hafa kúgildin, þurfi á þeim styrk að halda um það leyti; en eg ætla nú ekki að gjöra úr því svo mikið kappsmál, því eg er hvorki kirkjueigandi nè kirkjulandseti, að eg þess vegna þurfi að bera það svo mjög fyrir brjóstinu. Eg vil spyrja að: hver á að standa í ábyrgðinni fyrir kúgildunum á Reyni á Akranesi, þar sem ærkúgildin drápust í höndunum á sjálfum dýralækninum, og leiguliðinn var fríkenndur fyrir ábyrgðinni á þeim með dómi? Ætli þau verði ekki að falla stofnuninni? Hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga hefir fært nóg rök að því, að það var ekki fyrir trassaskap, að kláðinn geisaði svona yfir, og þegar landsmenn rita þínginu bænarskrár, og þíngið aptur stjórninni um þetta, því atkvæði þess eru kunnug frá síðasta þíngi, og hún ekki fer hið *minnsta* að þess ráðum, þá álít eg vafalaust, að útfallið er á ábyrgð hennar.

Guðmundur Brandsson: Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíng-

maður tók fram um ábyrgð prestanna á kúgildunum, og þótti mèr það vera mjög sanngjarnt, sem hann sagði í því tilliti, og er eg því öldúngis á sömu skoðun; því þegar skortur eða hallæri kemur upp á, þá er stjórnin vön að hjálpa embættismönnum sínum með hinu svonefnda dýrtíðartillagi, og munu þeir, sem hafa laun sín úr ríkissjóði, hafa orðið varir við það; nú eru prestarnir hennar embættismenn, þó þeir sè þjóðarinnar líka, líkt og hinir, og þykir mèr henni því eins bera að styrkja þá, þegar þeir eiga að leggja til kúgildin aptur; því sumir þeirra eiga ekki fè fyrir því, en það mun þó þykja miður sæmandi, að þeir komist á vergáng. Það hefir og opt heyrzt, og allir vita, að það er satt, að það eru æði-mörg brauð, sem ekki hafa miklar tekjur við að styðjast, og þær eru þó víða helzt fólgnar í kúgildaleigum og eptirgjöldum kirkjujarðanna, og þegar þær falla, þá verður æði-lítið varið í brauðið; því auðvitað er, að eptir sem fèð fækkar í landinu, þá minnkar lausafjártíund sú, sem prestarnir eiga að fá í tekjur sínar. Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga hermdi það ekki rètt, að þessi styrkur, sem um er beðið, kæmi ekki niður, nema á vissum flokki manna, því hann kemur niður bæði á prestum og bændum. Hinn heiðraði þíngmaður frá Rángárvallasýslu færði líka dæmi til þess, að kúgildafellirinn væri ekki alstaðar að kenna hirðuleysinu, og ætla eg því ekki að tala um það. Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður gat þess, að kúgildin hefði sumstaðar verið seld, og andvirði þeirra væri geymt; en eg er hræddur um, ef dregst með styrkinn, að þá kunni að verða gripið til þessara penínga til annars, og það mundi ekki duga mikið, að vísa til þeirra peninga, eptir að þeir væri eyddir, sem vel gæti skeð, ef leingi stendur svona; því þó helmíngur verðs hafi feingizt fyrir kúgildin í Árnessýslu, eins og hinn heiðraði þíngmaður þaðan gat um, þá stendur nokkuð öðruvísi á í sumum hreppum þeirrar sýslu, en annarstaðar, og eg get ímyndað mèr, að þeirra hreppa menn, sem skáru niður fyrstir allra, hafi verið láng-heppnastir, ef til vill, þar eð drátturinn var svo lítill hjá þeim, er þeir feingu fèð strax aptur. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* var heldur mótmæltur minna hluta nefndarinnar; en eins og eg gat um áðan, þá álít eg, að allur dráttur á þessu spilli fyrir mönnum, ekki einúngis í að fá bjargræðisstofn, heldur og fyrir öllum málalokum kláðans. Hann sagði, að það væri verra, að ekki væri nein upphæð ákveðin við stjórnina, en svo var nú líka í vetur, þegar hún veitti þá 30,000 dali, sem opt hefir verið á minnzt, að þá hafði hún einga ákveðna upphæð frá vorri hendi um þörf okk-

ar, eða hversu mikið fé mundi nægja til að út rýma kláðanum, og eg þori að segja, að það veit einginn enn í dag. Yfir höfuð að tala finnst mèr ekki mikið, sem ber á milli meira og minna hlutans, báðir hafa upphæðina ótiltekna, eins og mèr líka finnst öldúngis rètt, en minni hlutinn er einúngis nokkuð bráðlátari, og sýnist mèr til þess vera hin gildasta ástæða.

Halldór Jónsson: Eg verð að vera meðmæltur uppástúngu meira hlutans í þessu máli; það er skiljanlegt, að stjórnin vilji ekki nè geti kastað út í tóma óvissu þeim fjárstyrk, sem hún kynni að veita, til að endurreisa kúgildin; en þetta mætti heita að hún gjörði, ef ekki væri áður feingin nein tryggíng fyrir því, að þau viðreistu kúgildi fèlli ekki á sama hátt og hin fyrri, þ. e. fyrir fjárkláðanum. Einúngis vildi eg vekja athygli nefndarinnar á því, hvort ekki væri hæfilegt, að til taka einhvern tiltölulegan part af skaðunum, sem stjórnin væri beðin að bæta. Þó búið sè að mestu að svara hinum háttvirta þíngmanni Ísfirðínga, verð eg líka að koma við það, að mèr þótti ræða hans í sumu tilliti nokkuð hörð, eins og sú ábyrgð, sem hann vill láta prestana hafa; það veit hann þó, að þeir eru þjónar þjóðarinnar, og hvort sem menn nú vilja kalla þá embættismenn eður ekki, þá eru þeir þó í þeirri stöðu, að stjórnin verður einhvern veginn að sjá þeim fyrir uppeldi. Það var áðan tekið til dæmis, að bóndi ábyrgðist ekki jörð sína fyrir áföllum náttúrunnar, t. a. m. skriðuföllum; en er nú ekki nokkurn veginn sama máli að gegna, hvort skriða eyðileggur jörð mína, eða fjárkláðinn kemur eins og skriða að fè mínu, og eg neyðist til annaðhvort að láta skera það niður, eður láta það falla, má ske í höndum sjálfra lækníngamannanna, eins og strax var skýrt frá um einn bæ? Optast mun hvorttveggja hjálpast að; til að geta læknað nokkuð, þarf opt að skera mikið; og sýnist það víst að vera hart aðgaungu, að verða að skera sinn eigin fènað, til að geta læknað innstæðukúgildin, og enn harðara, að láta allan skaðann bitna á prestunum, þar sem mörg kúgildi falla.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að styrkur þessi yrði ekki veittur, fyr en allar skýrslur væri komnar til stjórnarinnar um ástandið og skaðann af kláðanum; en eg held þessar skýrslur geti komið jafnótt til stjórnarinnar og hvert hèrað er sloppið við kláðann, og styrkurinn feingist jafnótt; það eru nógar ferðir á milli og líklegt, að yfirvöldin geti skýrt frá ástandinu. Til þess að eg svari ræðu hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga, hvort

þetta ætti að vera bæn eða kraſa til stjórnarinnar, þá er óþarft að leiða þetta spursmál fram; það er óþarfi, að þjóðin kenni stjórninni um þessa kláðaplágu, og það er óþarfi, að stjórnin kenni þjóðinni um hana, heldur líti einúngis á nauðsynina; hann segir það sè ekki að búast við hjálp frá stjórninni, þar hún hafi fram boðið lækna og nóg meðöl; nú get eg sagt honum, það hafa verið brúkuð meðöl og læknar, og fèð hefir drepizt samt; kúgildin eru dauð, því eingum mannlegum kröptum hefir verið unnt að lækna, eða afstýra þessu tjóni; hann segir, að bændur gæti krafizt þessa eins; það hefir nú ekki verið meiníng minna hlutans, en þó vil eg segja, að þetta gæti nú átt sèr stað í nokkru rèttlæti, að þeir, sem hafa eptir ráðum og skipunum stjórnarinnar flanað með fèð sitt fram í lækníngar og misst það svo, sèr aldeilis arðlaust, á vestu tíð, já, og lagt hin efni sín í sölurnar með, þeir held eg ætti nú kröfu til stjórnarinnar að fá endurgjald.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg hefi fáu að svara viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið á móti mèr, því það, sem sagt hefir verið, liggur mest í ólíkri skoðun á málinu, og ætla eg ekki að fara lángt út í það að sinni. Hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga hneykslaðist á því, að eg kenndi helzt hirðuleysi um, að fèð hafði fallið, og það er nú að vísu eðlilegt af honum, sem álítur hirðuleysið og dugleysið eins og guðs kross, sem allir verði að þola, og allir hinir duglegu mennirnir verði að laga sig eptir. Hann sagði, að meðöl hefði hèr ekki feingizt í Reykjavík, þegar sent var eptir þeim; en þó þau hafi ekki verið í lyfjabúðinni, þá hefi eg aldrei heyrt getið um, að hèr hafi verið tóbakslaust, og það vita þó allir, sem vilja vita það, að tóbaksseyði er eins gott og lyf úr lyfjabúð. Við lækníngamennirnir óskum eingra betri lyfja en tóbaksins. Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, að meiri hlutinn hefði ætlazt til, að þetta væri bænarskrá um náðargjöf, en því á þá að biðja um það af ríkissjóðnum? Eða geta prestar ekki tekið það af tekjum kirknanna, eða feingið leyfi til að taka það af *portioninni,* eins og stundum hefir átt sèr stað. Það var líka öðru máli að gegna eptir fyrri kláðann, þó stjórnin þá bætti upp kúgildin, því þá hafði hún gjört allt aðrar ráðstafanir en nú. Hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að stjórnin hefði ekki farið að ráðleggíngum þíngsins 1857, og því væri það hennar skylda, að borga nú fyrir annara syndir; en hafi stjórnin haft gildar ástæður fyrir nokkrum hlut, þá var það fyrir því, að fylgja ekki uppástúngum þíngsins 1857, og þó aðrir færi eptir þeim fríviljuglega, þá getur

það ekki verið annara notagjald, en þeirra sjálfra. Það, sem hann sagði, að kúgildi Reynis á Akranesi hefði drepizt í höndum læknisins, þá getur það vel verið satt; en það er ósannað, að hann hafi verið kallaður þángað, fyr en of seint, eður að það sè að öllu leyti saklaust af hálfu viðkomanda; hann skýrskotaði til dóms, sem í því hafi verið felldur, en það er enn ósagt, hvort sá dómur hafi verið rèttur; það hefir ekki enn komið til rannsóknar. Hinn háttvirti þíngmaður frá Norður-Múlasýslu skoðaði það sem skyldu stjórnarinnar, að sjá um, að prestarnir fái hin föllnu kúgildi, og skoðar kúgildafallið eins og skriðuhlaup á jörð; en mèr sýnist það ekki eiga saman; og þó að svo væri, þá veit eg ekki til, að skriðuáföll hafi verið borguð úr ríkissjóðnum; en hann hefir rètt að mæla í því, að það er ekki meiri skaði að kúgildamissinum en skriðuhlaupi, þó liggur skriðan ekki nema um nokkurn tíma á jörðunni, og svo grær upp úr henni aptur. Hinn heiðraði þíngmaður Mýramanna sagði, að það væri miklu meiri skaði af lækníngunum, en af niðurskurðinum; en eg skal segja honum það, að Húnavatnssýsla varð á einum mánuði fyrir 70,000 rd. skaða af niðurskurðinum og er það þó víst alltilfinnanlegt; að minnsta kosti mundi það hafa heyrzt, ef það hefði verið hèr á Suðurlandi; það er einnig varlega gjörandi, að tala um skaðann nú enn sem komið er, því skaði niðurskurðarmannanna er bráður, og því bráðari sem skaðinn er, því verri er hann; og allir vita, að úr því búið er að drepa niður fè, þá lifnar það ekki upp aptur; en svo leingi, sem líf er, er líka von um bata. Það er líka eptirtektarvert, að hèr er ekkert það skoðað, sem gott hefir leitt af lækníngunum, en lækníngunum er kennt um þann skaða, sem einmitt hefir leitt af niðurskurðinum.

Indriði Gíslason: Eg heyrði það, að þíngmanni Mýramanna þótti eg vera bráðlátur eða stórhuga, að hugsa það, að kláðanum yrði bráðum útrýmt; en mèr finnst það nú eingan veginn ástæðulaust eptir fjögra ára lækníngar, og þegar að nú, eptir því sem „Hirðir“ kennir, að ekki eru eptir í Árnessýslu nema einar 68 kindur sjúkar, og þegar nú að maður skyldi álíta, að í 5 sýslum væri 68 kindur að meðaltali, þá eru eptir því einar 340 kindur í suðuramtinu, og þegar híngað eru nú komnir 2 erindsrekar með margt af dýralæknum, og 30,000 dala, með nægð af lyfjum og allsnægtum, hvernig getur nokkur láð mèr það, þó eg hugsi, að þeir yfirstígi kláðann á einum 340 kindum með þessu öllu, og ekki sízt þegar hin grófa fjárfækkun hjálpar til? En hvort að þessi fækkun kláða-

fjárins er að þakka niðurskurði eða lækníngum, það læt eg ósagt að þessu sinni. Hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga sagði, að stjórnin hefði ekki skipað niðurskurðinn; eg held þó, að hún hafi skipað ekki einúngis lækníngar og verði, heldur og óbeinlínis niðurskurðinn líka, og það var með ráðherrabréfinu af 30. sept. 1857, þar sem það gaf amtmönnunum fullan rètt til allra þeirra athafna í kláðamálinu, sem væri samkvæmt vilja amtsbúa, og held eg eptir því, sem almennt geingst við hèr á þíngi, að það verði að kalla þetta ráðherrabrèf stjórn.

H. G. Thordersen: Eg ætla nú ekki að fara út í kláðamálið, en einúngis að reyna að verja meira hlutans uppástúngu. Hinn háttvirti þíngmaður frá Ísafjarðarsýslu tók það fram í ræðu sinni, að hann áleit það ætti síður við, að biðja um styrk úr ríkissjóðnum, en að prestarnir tæki það af sjóð kirknanna. Eg vil þó segja honum, að eg er í þeim efnum svo kunnugur um allt land, að eg get fullyrt, að það eru fáar kirkjur, sem elga meira fè, en geingur til að halda þeim við, og margar ekki einu sinni svo mikið; en samt sem áður álít eg gott, að vekja athygli manna á þessu, því það gæti má ske komið sèr vel á sínum tíma að taka til þess, sem afgángs er hjá hinum ríkari kirkjunum, og þó það geti aldrei orðið mikið, af því þær kirkjur eru svo fáar, þá gæti það óneitanlega hjálpað nokkuð til, þó það verði ekki mikið á móti þeim skaða, sem menn hafa þegar liðið, því hann er óneitanlega afarmikill. Annað ætlaði eg ekki að taka fram viðvíkjandi ræðu hans, því eg hefi ekkert á móti henni að öðru leyti.

H. K. Friðriksson: Mèr finnst nú sumir fara nokkuð lángt út fyrir aðalatriði málsins um endurreisn kúgildanna, þar sem menn koma með heilar sögur um það, að menn hafi viljað drepa kláðann fyr, en þeir sáu hann, fyr en hann kom í nokkra sauðkind þeirra; þegar eg nú lít til þessa máls, sem hèr ræðir um, þá ætla eg ekki að fara út í kláðamálið, þótt eg í því geti haft að minnsta kosti eins mikið atkvæði og þeir, sem aldrei hafa feingizt við eða sèð lækníngar, aldrei sèð kláðuga kind. En spúrníngin er um það, hvort biðja skuli stjórnina, að bæta þeim upp kúgildin, sem misst hafa fè sitt, án þess með neinu móti að vera skuld í því, enda þótt þeir hafi haft við allar skynsamlegar lækníngatilraunir; en hèr vantar helmínginn af niðurlagsatriðum meira hlutans, því að enda þótt eg fyrir mitt leyti vildi styðja að því, að þess konar leiguliðar feingi nokkurn styrk, til að koma upp aptur ásauðarkúgildunum, þá vil eg

fara fram á það einúngis með skilyrði meira hlutans; eg *vil ekki*, að hver slóðinn, sem býr á lèns-kirkjujörð, fái gjald af því opinbera, þó hann hafi misst kúgildin; en mèr þykir sanngjarnt, að þeir fái uppbót, sem reynt hafa að bjarga þeim, og þó misst, og því verður að bæta hèr við þessu skilyrði, eða eg get ekki greitt atkvæði fyrir því. Eg held það sè öllum ljóst, að leiguliðar, hvar sem eru, geta ekki átt lagaheimtíngu á því, að fá borgun fyrir kúgildin, sem fallið hafa, hvort heldur er á opinberum eignum, eða einstakra manna eignum; en ef þeir annaðhvort sökum fátæktar ekki geta reist kúgildin aptur, eða það sannast, að þeir hafi haft allar þær tilraunir við lækníngarnar, sem fyrirskipaðar hafa verið, þá er nokkur sanngirni fyrir því, að þeir fái nokkra uppbót.

Jón Pètursson: Eg vil biðja hinn háttvirta *forseta* að sjá um, þegar atkvæðaskráin í máli þessu verður prentuð, að þessu yrði bætt aptan við niðurlagsatriði meira hlutans.

Guðmundur Brandsson: Út af því, sem hinn háæruverðugi 2. konúngkjörni þíngmaður mælti mót því, að stiptsyfirvöldunum yrði feingið fè til útbýtíngar, vil eg áskilja mèr það breytíngaratkvæði við minna hlutans uppástúngu, að eptir orðin „til þess", komi: „eptir þeim reglum, sem stjórnin gefur", og að í staðinn fyrir „kirkjujarðir", verði sett: „lèns-kirkjujarðir"; eg skal orða það nákvæmar seinna; ef þetta fæst, þá verður þeim bjargað, sem mest mælir með, og þá þurfa stiptsyfirvöldin ekki heldur að kvarta yfir, að þau hafi eingar reglur að fara eptir, þegar þau eiga að fara að útbýta fèstyrk þessum.

Magnús Andrèsson: Eg stend upp til þess fyrst og fremst, að lýsa því yfir, að eg er ekki ánægður með dóm hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga yfir mèr, þar sem hann segir, að eg álíti hirðuleysi, trassaskap og allt þvílíkt guðs kross, sem menn hljóti að vera undirkastaðir; væri eg þess megnugur, mundi eg skjóta þessu máli til æðra dómstóls, og óska, að þar væri tekið til greina, hvort kláðasýkin, sem geisaði yfir Árnessýslu haustið 1857, var hirðuleysi að kenna, eða hvort hún var viðráðanleg með þeim kríngumstæðum, sem þá voru. Hinn háttvirti þíngmaður bar ekki mál úr munni mèr um það, að skortur hefði má ske verið á kláðameðölum; en hann lagði bótina með nefnilega, að nóg mundi hafa verið af tóbakinu, sem væri bezta kláðameðal; þetta held eg sè nú að berja í brestina, og þó ekki svo, að þeir verði duldir. Eg verð að segja honum það, að þá var ekki farið að prèdika þann lærdóm, að tóbakslögur læknaði

þenna kláða; það er upp komið á seinni tíð, enda þó það hefði verið þekkt, mundi tóbakið, sem þá var fyrir hendi, hafa náð skammt til að lækna allan fjárfjöldann, sem þá var í sveitunum; en kláðinn hefði varla beðið eptir því, að meðöl væri sókt til annara landa; hann var ákafari en svo. Þingmaðurinn mælti á þá leið, að þeir, sem hefði af heimsku, sèrvizku eða hleypidómum drepið ærkúgildin, hlyti að hafa sinn skaða svo búinn; það getur nú verið, að hann túlki þannig málið fyrir stjórninni; þetta er hans sannfæring, það efa eg ekki. En mín sannfæring er á aðra leið; hún er sú, að þeir gjörðu bezt í kláðasveitunum, sem lóguðu kúgildunum í tíma, meðan þau voru nokkurs virði; þar sem dregið var að fella þau, þar tapaðist allt verð þeirra. Eg get varla öðru trúað, en að stjórnin líti með sanngirni á þetta mál, sè henni rèttilega frá því skýrt, og veiti styrk, til að endurreisa kúgildin á opinberu eignunum, svo skaðinn ekki lendi allur á hlutaðeigendum, sem ómögulega geta borið hann margur hver, og svo flýtur þar af, að jarðirnar falla í verði.

Ásgeir Einarsson: Eg vil spyrja þingmann Reykjavíkur, hvort hann ætli að orða breytíngaratkvæði sitt svona: „að þeir, sem hafi við haft skynsamlegar tilraunir", o. s. frv.; en hver á að dæma um það? Ætla yrði ekki álíkir dómar um það, eins og kláðamálið sjálft? Hann heldur, að þínginu detti ekki í hug, að senda þetta til stjórnarinnar, og því vil eg spyrja þingmanninn, hvort það hafi verið alvara hans eða spaug, svo það verði ekki til hneykslis.

H. Kr. Friðriksson: Eg hefi ekki áskilið mèr neitt breytíngaratkvæði, en eg hefi sagt, að eg gæti ekki verið með uppástúngunni, eins og hún er prentuð hèr, heldur með því skilyrði, sem stendur í niðurlagsatriði meira hlutans. Eg er hræddur um, að lítið komi út af því, en vil þó leggja því liðsyrði, en með því einu skilyrði, sem meiri hlutinn til tekur.

Framsögumaður: Eg vil áskilja mèr breytíngaratkvæði, að það verði sett: *lènskirkna- og opinberra kirkna-jörðum,* þar eg ekki veit, hvaða meiníngu menn kunna að leggja í hitt fyrra. Mèr þykir nú mikið talað um kláðann, og er eg hræddur um, að læknínganefnirnir sjálfir sè orðnir tómur kláði og kaun, þeir taka svoddan kipp, ef nærri þeim er komið. Hvað uppástúngu minna hlutans viðvíkur, þá er ekki ólíklegt, að eins og stjórnin veitti 30,000 rd. til læknínganna, eins muni hún, eptir uppástúngu minna hlutans, veita dálítinn styrk, því það er hvergi til tekið, hve mikið; en eg vona hún veiti dálítið strax, og bíði ekki eptir útrýmíngu kláðans; því eg

óttast fyrir, að sumir leiguliðar á kirkjujörðunum yrði soltnir, ef þeir ætti að bíða eptir afdrifum kláðamálsins.

Þórður Jónassen: Mèr þykir það vanta í þessu máli, að það liggja ekki fyrir, eins og þíngið nýlega heyrði, neinar skýrslur frá hlutaðeigandi prestum um, hvað mikið sè fallið af kúgildunum á kirkjujörðunum, og þessi skýrsla virðist mèr nauðsynleg, áður en málinu er hreift við stjórnina; eg held það því yrði árángurslaust, að hreifa málinu, eins og það liggur nú fyrir; mèr þykir það því líklegra af því, sem það var nýlega tekið fram um kúgildin á klaustrajörðunum í Húnavatnssýslu; það er líka athugandi, að það stendur öðruvísi á núna, en í fyrra skiptið, þegar kláðinn gekk hèr; þá var skipað að skera, hèr ekki, og það hefir verið sagt, að hèr hafi sumstaðar t. a. m. í Rángávallasýslu verið skorið niður heilbrigt fè, af tómum ótta fyrir kláðanum, og þeir, sem svo hafa gjört, ætti þó naumast að fá styrk til að koma upp aptur kúgildunum. En nú kemur það fyrir, þegar allt er komið í kríng, að einstakir prestar eru í vandræðum út af kúgildunum, sem eru fallin í kláðanum, þrátt fyrir lækníngatilraunir; þessir einstöku geta þá leitað aðstoðar, og eg er viss um, að stiptsyfirvöldin verða því liðsinnandi. Mèr sýnist, að sumstaðar mætti ráða úr þessu með hjálp kirknasjóðanna, en biskupinn, sem er öllu því, er þar að hnígur, svo kunnugur, telur tormerki á þessu, og því þori eg ekki að halda þessari skoðun áfram.

H. G. Thordersen: Þar sem talað hefir verið um, hvort ekki væri inn komnar skýrslur um, hve mikið fallið væri af kúgildum á kirkjujörðunum, þá eru ekki til nín komnar neinar skýrslur um það, en umkvartanir úr ýmsum áttum, og úr fleiri ömtum, og því hafa stiptsyfirvöldin ritað stjórnarherranum um það; en af nákvæmum skýrslum er ekki ein einasta komin frá prófstum, sem ei heldur er að búast við, því þeir höfðu einga skyldu til þess í þessu málefni. Það er auðsèð, að meiri hlutinn ætlast ekki til þess, fyr en þegar kláðinn er um garð geinginn, að þetta muni fást, en að þá muni fást áreiðanlegar skýrslur; og þá verður ekki neitt við það gjört af stiptsyfirvöldunum, fyr en skýrslurnar eru komnar, og við þær eru gjörðar tilhlýðilegar athugasemdir, til leiðbeiníngar við útbýtínguna, og þó þær sè ekki komnar nú, gjörir meiri hlutinn þó ráð fyrir, að þær sjálfsagt verði komnar þá.

Pètur Pètursson: Viðvíkjandi því, sem hinn háæruverðugi 2.

konúngkjörni þingmaður nú sagði, skal eg lýsa því yfir, að það fullnægir mèr algjörlega, með tilliti til fyrirspurnar minnar.

Framsögumaður: Eg vil leyfa mèr að svara hinum háttvirta 1. konúngkjörna þingmanni því, að eg skal öldúngis ekki neita því, að einstaka kind hafi verið skorin heilbrigð; en þegar kláðinn var kominn svo megn, þá höfðum við í Rángárvallasýslu dæmi Árnesínga fyrir augum; þeir settu á vetur mikið af kláðsjúku fè, en hvernig fór? Þeir gáfu upp hey sín um veturinn, og svo hrundi það niður í höndum þeim, útsteypt í kláða, horað og óætt, svo þar misstu þeir fèð fyrir ekki neitt, og heyið með, og var slíkt ófögur sjón, og vildum við varast þeirra víti; það er heldur ekki gott að sjá strax, hvort kindin er sjúk eða ekki, því það getur komið fram í henni seinna. En í þeim hreppum, sem heilbrigt var fèð, voru við hafðir verðir, og verð eg því að neita, að fè hafi almennt verið skorið niður heilbrigt.

Forseti: Þá kemur, samkvæmt dagskránni, til undirbúníngsumræðu nefndarálit í málinu *um nýtt stjórnarfyrirkomulag;* eg hefi látið prenta niðurlagsatriði nefndarálitsins, og vona eg allir þíngmenn hafi þau fyrir sèr; *framsögumaður* er hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga.

Málið afhent *framsögumanni,* sem las upp nefndarálitið svo hljóðandi:

„Hið virðulega þíng hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um tvær bænarskrár, sem til þíngs eru komnar frá tveim hèruðum, þar sem almennir fundir hafa haldnir verið, í Barðastrandarsýslu á Kollabúðum, og í Múlasýslu á Þínghöfða, um, að alþíngi sendi konúngi vorum bænarskrá, að hann uppfylli heit sitt, sem gefið er í konúngsbrèfi 23. september 1848, með því að kalla saman aukafund í landinu sjálfu, er segi álit sitt um fyrirkomulag á stjórn Íslands í alríkinu; hin síðari bænarskráin tekur að eins fram, að alþíngi biðji konúng, að hann gefi oss mildilegast lög um stjórn hèr á landi, og samband Íslands við Danmörku, löguð eptir uppástúngum og bænum alþíngis 1853 og 1857.

Vèr höfum átt fundi með oss, til að ræða þetta mál, og leyfum oss hèr með að skýra þínginu frá áliti voru á þessa leið:

Það er þjóðkunnugt orðið, að þegar stjórnarbreytíngin var að komast á í Danmörku, og stefnt var saman ríkisþíngi, til að ræða frumvarp til stjórnarskipunar fyrir konúngsríkið Danmörk, þá gaf

konúngur vor oss Íslendíngum það heit í konúngsbrèfi 23. septbr. 1848, jafnframt og hann kallaði nokkra menn af Íslands hálfu til ríkisþíngs, að ekki skyldi verða endileg ályktun gjörð um stjórnarfyrirkomulag Íslands, eða samband þess og rèttindi til móts við hina ríkishlutana, fyr en þíngi í landinu sjálfu hefði gefizt kostur á, að segja um það álit sitt.

Samkvæmt þessu heityrði voru kosníngarlög til þjóðfundar hèr á landi samin, og lögð fyrir alþíngi 1849; en 1851 var fundurinn haldinn, og frumvörp lögð þar fram, sem fyr hafði verið ákveðið; en áður málin voru fullrædd, sleit hinn þáverandi erindsreki konúngsins þínginu, svo að málin urðu eigi rædd til lykta. Í konúnglegri auglýsíngu 12. maí 1852 er heit konúngs endurnýjað, og aptur í auglýsíng 7. júní 1855, en þó á þann hátt, að þar er lofað, að ekki skuli verða útkljáð mál þetta um stjórnarfyrirkomulag Íslands, nema tillögur alþíngis verði heyrðar um það. Í hinni konúnglegu auglýsíngu 27. maí þ. á. er sagt, að konúngur hafi ekki sèð sèr fært nú sem stendur, að leggja fyrir alþíngi lagafrumvarp um fyrirkomulag á stöðu Íslands í ríkinu, en að hann vildi láta sèr vera annt um það, svo fljótt sem kríngumstæður leyfa, að leiða mál þetta til lykta á þann haganlegasta hátt, sem verða megi, enda skuli þá, þegar málið kemur til íhugunar, tillögur alþíngis verða teknar til greina, svo sem framast er unnt.

Þar sem bænarskráin frá Kollabúðafundi fer fram á, að konúngi vorum verði rituð bænarskrá um, að efna sitt mildilega heityrði frá 23. septembr. 1848, þá getur nefndin ekki annað, en verið á því með beiðendum, að þetta hið konúnglega heityrði bíði enn uppfyllíngar sinnar, og að sú uppfyllíng sè ekki fullkomin, nema þjóðfundur sè stefndur á sama hátt og eptir sömu kosníngarlögum, eins og 1851. Það er nefnilega ljóst, að konúngur hefir í brèfi sínu 23. septbr. 1848 mildilega lofað, að fundur í landinu sjálfu skyldi segja álit sitt um stjórnarmálið, áður það yrði til lykta leitt; það er enn fremur efalaust, að þessi fundur í landinu sjálfu er þjóðfundurinn, sem haldinn var 1851. Þar eð nú fundi þessum var slitið, áður en honum gat gefizt færi á, að segja álit sitt um málið á reglulegan og löglegan hátt, þá er það enn framar auðsætt, að tilgángur fundarins eptir konúngsbrèfi 23. september 1848 hefir ekki náðst fyrir þá sök, að samkomulag komst ekki á, og það er þá samkvæmt því, sem almennt er annars siður, að stefnt er nýtt þíng, og stofnað nýtt samkomulag; en hins er að nefndarinnar vitund öldúngis ekki dæmi, að

stjórn hafi án nokkurra orsaka, annara en þeirra, að samkomulag hafi ekki komizt á, slegið svo að segja botninn í og sett í stans svo aríðanda málefni. Þau konúnglegu heityrði, sem gefin eru fyrst í auglýsíngu 12. maí 1852 og síðar, að mál þetta skuli ekki verða útkljáð, fyr en alþíngi hefir feingið færi á, að segja um það álit sitt, eru, eptir nefndarinnar áliti, ekki endurnýjan heityrðisins í konúngsbrèfinu 23. septbr. 1848, heldur taka þau fram það, sem þegar er fullkomlega ákveðið í alþíngistilskipuninni 8. marz 1843 § 79; en slík endurnýjan á fullgildri lagagrein gæti hèr ekki álitizt nauðsynleg. Vèr verðum öllu fremur að álíta, að hèr í hljóti að vera fólgin endurnýjan heityrðisins frá 23. septbr. 1848, að minnsta kosti þar til það væri aptur tekið; en það er kunnugt, að konúngur vor hefir aldrei tekið aptur heit sín, heldur haldið fastlega, hvað hann hefir lofað, og það þó miklu meira hafi reynt á, en hèr í þessu máli. Ekki verður heldur álitið svo, að alþíngi væri með þessu móti sett í staðinn fyrir þjóðfundinn, því alþíngisheityrðið er eldra en hitt, og getur því ekki komið í þess stað, nema hitt sè beinlínis aptur tekið, sem það hefir ekki verið. Nefndin getur því ekki betur sèð, en að konúngsbrèf frá 23. septbr. 1848 standi enn óhaggað, og að vèr höfum fullgilda ástæðu til, að skýrskota til þess. Þar á móti virðist nefndinni, að menn geti hugsað sèr þær kríngumstæður, að stjórnin kynni að vilja fyrst leggja þetta mál fyrir alþíngi, samkvæmt alþíngistilskipunarinnar § 79, og gætum vèr þá hugsað oss, að þá kæmist á það samkomulag, að alþíngi annaðhvort gæti álitið heityrði konúngs uppfyllt í öllu því verulega, að efninu til, eða að samanköllun þjóðfundarins og meðferð hans á málinu yrði svo greið, að það yrði svo að segja ekki annað, en formið eitt. Þetta er ástæða nefndarinnar til þess, að ráða þínginu til, að einskorða ekki að þessu sinni meðferð málsins við þjóðfund, fremur en konúngi vorum og stjórn hans kynni að vera haganlegt, einúngis að vèr fáum málinu svo greiðlega flýtt, sem kostur er á.

Áður en nefndin fer fram í hin einstöku aðalatriði þessa máls, sem henni þykir nauðsyn að áhræra, eins nú og að undanförnu, skulum vèr taka fram eitt almennt atriði, sem mjög svo snertir þetta mál, og hefir hingað til verið því til fyrirstöðu, sem er það, að ekki skyldi vera ráðlegt eða fært, að koma á stjórnarskipunarlagi hèr á landi, meðan ekki væri komið á skipulag í hinum hlutum ríkisins. Þetta finnst nefndinni ekki vera á neinum rèttum rökum byggt, eptir því, sem hèr hagar til. Ef að Ísland hefði verið, eða væri svo inn-

limað, annaðhvort alríkinu eða konúngsríkinu, að hvorttveggja yrði álitið sem ein heild í strángasta skilníngi, eða ef Ísland hefði svo mikið saman við hina hlutana að sælda, eða svo mörg mál sameiginleg, að öll stjórnin og lögin, og framkvæmd landstjórnarinnar væri samtvinnað, þá væri nokkur ástæða fyrir slíkri bið, meðan ekki væri útkljáð stjórnarmál hinna hlutanna. En væri svo, þá hefði málið allt aðra stefnu, þá mundi Íslendíngar taka þátt að tiltölu í sjálfum þeim umræðum, sem snerti stjórnarfyrirkomulag allra ríkishlutanna, og biðin væri oss þá ekki lakari en öðrum. En þessu er nú allt öðruvísi varið. Ísland hefir hvorki haft hlutdeild í þeim málum, sem snerta alríkið eða konúngsríkið sèr í lagi; það hefir hvorki haft fulltrúa á ríkisþínginu nè í ríkisráðinu; það hefir ekki tekið þátt í kosníngum til hvorugs þíngsins, og ekki heldur feingið í ríkisráðinu neinn konúngkjörinn fulltrúa; þó hafa verið í ríkisráðinu fulltrúar frá Slèsvík, Holtsetalandi og jafnvel Láenborg. Það er á þessu að nefndinni virðist auðsætt, að Ísland er óviðriðið stjórnarmál hinna hlutanna, og vèr getum því heldur kallað þetta vafalaust, sem uppástúngur minna hlutans á þjóðfundinum gáfu stjórninni fulla ástæðu til, að veita Íslandi að sínu leyti hlutteknìng í alríkisþíngi, en það hefir þó alls einga feingið. En þegar Ísland er þannig fráskilið stjórnarmálum hinna hlutanna, og hefir einga hlutdeild í meðferð þeirra, þá er auðsætt, að eingin vandkvæði eru á frá þessari hlið, að stjórnarmál vort geti komið til afgreiðslu sèr í lagi. Hvernig sem máli þessu yrði hagað hèr, þá yrði eingin ályktan þar af dregin til hinna ríkishlutanna, enn síður nokkur sú ályktun, er gæti gjört stjórninni nokkurn örðugleik eða tálmanir í viðskiptum hennar við þá. Þetta staðfestist einnig, þegar litið er til margra aðalmálanna þeirra, er til greina koma í samskiptum milli landspartanna í hverju ríki, því þá verður það ljóst, að Íslands mál eru mestmegnis sèrstaklegs eðlis, og það hefir eingan þátt í hinum helztu ríkismálum, svo sem um her, flota o. s. frv. Þess má enn framar geta, að allir þeir hinir áður nefndu ríkishlutar hafa feingið stjórnarskrár sèr í lagi síðan 1848, og sumir í miklu frjálslegri stefnu, en áður var, svo stjórnin hefir þar ekki tekið til greina, hversu hagað væri til í öðrum ríkishlutunum. En slíkur dráttur á þessu máli fyrir Íslendíngum getur ekki annað, en valdið megnri óánægju og miklum skaða, jafnvel fyrir þjóðleg mál þessa lands, bæði smærri og stærri.

Þegar um er að ræða, að koma stjórnarmáli landsins á umbótarveg, þá mætir oss fyrst sá annmarki, að framkvæmdarstjórnin er

bæði veik og sundurdeild. Eins og hefir verið, og er enn, þá eru úrslit sèrhvers máls, hversu lítilvægt, sem það kann að vera, hjá stjórninni í Kaupmannahöfn, sem verður að byggja alla úrskurði sína mestmegnis á skrifuðum skýrslum embættismanna. Þrír amtmenn hafa hina veraldlegu stjórn á hendi, hver í sínum hèruðum, án þess nokkur sú tilsjón geti verið með embættisfærslu þeirra, hvorki frá stjórnarinnar hendi, nè frá hendi alþýðu (amtsráð), sem nokkur tryggíng sè að. Víðátta landsins og hið ófullkomna fyrirkomulag, sem hèr er á póstgaungum og vegabótum, veldur því, að þeir geta ekki borið sig saman um stjórn almennra mála, eða komið saman, nema með ærna kostnaði og fyrirhöfn, en aðalstjórnin er í öðru landi, í 300 mílna fjarlægð, og veit opt ekki mánuðum eða missirum saman, hversu fram fer. Alþíngi hefir optar en einu sinni tekið fram, að einhver hin mesta lands-nauðsyn væri, að bæta úr þessu, að setja hèr á landi yfirstjórn, þá er hefði framkvæmdarvaldið á hendi, að leggja undir hana öll hin sèrstaklegu mál landsins, og að hafa hana svo úr garði gjörða, að hún gæti haft framkvæmdarfulla umsjón um, hvernig hèraðastjórnin færi fram, og yfir höfuð að tala gegnt þeim skyldum, sem landstjórninni ber. Nefndinni þykir ekki nauðsyn að taka fram, hvort amtmenn mundi með þessu móti verða óþarfir, eða ekki, en hún getur vel hugsað sèr, að yfirumsjón í hèruðum mætti koma fram með mörgu móti, og það er þessi yfirumsjón, sem er aðalatriðið í þessari grein. Alþíngi hefir áður stúngið upp á, að í landstjórnina yrði settir þrír menn, og að þeir hefði aðsetur sitt í Reykjavík. Þetta ætlar og nefndin vera vel tilfallið.

Þegar nefndin hugsar sèr samband það, sem verða ætti milli landstjórnar þessarar og konúngsins á aðra síðuna, og landsmanna á hina, þá hefir alþíngi stúngið upp á, að einn maður væri meðalgaungumaður hjá konúngi í þeim málum, sem gánga til hans úrskurðar, en á hina hliðina, að landstjórnarmenn ætti setu á alþíngi, og hèldi þar svörum uppi fyrir hönd stjórnarinnar. Nefndin álítur, að hið fyrra atriðið sè svo sjálfsagt, að það þurfi eingrar frekari útlistunar við, þar á móti játar hún, að í hinu síðara atriðinu um landstjórnarmennina mæta margar athugaverðar greinir, en henni virðist, sem þær lúti helzt í þessar aðalstefnur: hvort landstjórnarmenn skyldi allir vera með jöfnu valdi, sem eins konar stjórnarráð, eða einn skyldi vera æðstur og hinir tveir honum undirgefnir; hvort þessi landstjórn skyldi vera lögð á þann hátt, að hver þeirra þriggja hefði að vísu sína deild landstjórnarinnar, en allir kæmi þó fram sem ein stjórn,

eða að hver um sig hefði sína stjórnardeild til umráða, og bæri þeir sig að eins saman um hinar almennu grundvallarreglur fyrir stjórn sinni; hvort þeir skyldi allir bera ábyrgð fyrir alþíngi, sem vèr nú gjörum sjálfsagt ráð fyrir að feingi fullt löggjafarvald í þessa lands málum, eða að einúngis tveir þeirra skyldi bera ábyrgðina, en einn, landstjórinn sjálfur, hefði að eins ábyrgð fyrir konúngi, eða væri sem í hans stað í hinum innlendu málum; þar með stendur það í sambandi, hvort þeir allir skyldi vera settir af konúngi, eða hvort hann setti að eins landstjórann, en landstjórinn tæki sèr aptur hina tvo sem ráðaneyti, eða til landstjórnar með sèr; en þetta er með öðrum orðum, hvort atkvæði alþíngis, eða meira hluta þess ætti að hafa fulla þýðíngu í landstjórninni, eða landstjórnarmenn kæmi að eins fram, til að gefa skýrslur, en væri ekki undirlagðir ályktunum þíngsins í straungum skilníngi. Nefndin finnur, eins og ljóst er fyrir hverjum þeim, sem hugsar um þetta mál, að það mundi gjöra hinn mesta mismun á fyrirkomulagi landstjórnarinnar, og allri hennar framkvæmd, hver stefna tekin væri í þessum greinum, en hún hefir ekki álitið það skyldu sína, að bera upp í því tilliti neitt ítarlegt álit sitt eða uppástúngur, með því líka, að henni virðist ekki að þessu sinni liggja fyrir þínginu neitt það, er gjöri uppástúngur um þessi efni, frá þíngsins hendi, nauðsynlegar; því nefndinnni þykir sjálfsagt, að þegar stjórnin legði fyrir alþíngi eða þjóðfund frumvarp um þetta mál í heild sinni, þá mundi koma fram í því frumvarpi ljós merki til þess, hverja stefnuna að stjórnin hugsaði sèr, og þá fyrst væri tími að ræða og álykta um það efni.

Um það, að alþíngi yrði veitt löggjafarvald og ályktunarvald í öllum þeim málum, er Ísland snerta, og áður hafa legið undir meðferð þess, er ekki nauðsyn fyrir nefndina að fjölyrða. Þjóðfundurinn og alþíngi hafa verið eindregin á, að beiðast þessa, og konúngur hefir látið fulltrúa sinn boða alþíngi 1855, að stjórnin gæfi þar um vilyrði. Það er auðsætt, að án þess getur ekki rèttindum lands vors verið borgið, eða sjórnin í landinu haft það aðhald, eða veitt *þá* tryggíngu, sem nauðsynleg er.

Fyrirkomulagið á dómsvaldi og dómaskipun er svo áríðandi atriði, og svo samtvinnað í eðli sínu við fyrirkomulagið á löggjafarvaldi og framkvæmdarstjórn, að það er sem einn liður þar af. Þegar löggjafarvaldið er innlent og öll framkvæmdarstjórnin er lögð híngað, þá væri það hið mesta brot á móti rèttri reglu, ef dómsmálin væri lögð undir dómendur í öðru landi. Þegar lögin eru

innlend og eru á landsins máli, þá hljóta og dómarnir að vera innlendir, og rèttarins þjónusta að fara fram á landsins máli frá upphafi til enda. Það hafa áður verið lög, að konúngur einn, með beztu manna ráði, mætti breyta dómum, eður úrskurðum lögmanna, eður æðstu dómara hèr á landi; með þessum lögum og með venjunni getur það helgazt, að hæstirèttur í Danmörku hefir dæmt í íslenzkum málum, meðan svo stóð, að konúngur sjálfur var annaðhvort nálægur, eða menn hugsuðu sèr hann sem nálægan í hæstarètti; en síðan þetta hætti, er hæstirèttur í Danmörku ekki annað en útlendur dómstóll fyrir Ísland, og hversu virðíngarverður sem þessi dómstóll er í sjálfum sèr, þá gjörir ekki einúngis þetta, að hann er útlendur, heldur og einnig það, að hann er öldúngis ókunnugur landsháttum og flestu öðru hèr á landi, eins og líka túngu landsmanna, það að verkum, að honum hlýtur að vera mjög örðugt að dæma svo mál hèðan af landi, að tryggjandi sè fyrir alla hlutaðeigendur. Það hlýtur því að vera ein af aðal-óskum landsmanna, að dómaskipunin hèr á landi verði svo endurbætt, að öll innlend mál geti feingið fullkomin úrslit hèr á landi.

Þar eð þessi aðalatriði málsins eru orðin stjórninni svo kunnug af hinum fyrri bænarskrám frá þínginu, þykir nefndinni ekki þörf, að alþíngi ítreki í þetta sinn hvert atriði sèr í lagi, heldur að þíngið sendi konúngi þegnsamlega bænarskrá um:

að hann mildilega vilji taka til greina bœnarskrár og uppástúngur þjóðfundarins og alþíngis í stjórnarskipunarmálinu, og láti flýta svo fyrir þessu áríðanda málefni, að það geti orðið til lykta leitt, svo fljótt sem mögulegt er.

Reykjavík 8. ágúst 1859.

Jón Sigurðsson, formaður og framsögumaður. *Arnljótur Ólafsson. Gísli Brynjúlfsson. Halldór Jónsson, Sveinn Skúlason*“. skrifari.

Framsögumaður (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn): Eg skal nú ekki fjölyrða um þetta nefndarálit; þíngmenn sjá, að það er einúngis ítrekun af því sem áður hefir verið sagt, það er að eins í tveim atriðum, sem nefndin fór leingra fram, þeim nefnilega, hvort heityrði konúngs í brèfi frá 3. sept. 1848 sè efnt, og hvernig á því standi, og í öðru lagi, hvort stjórnarskipun Íslands þyrfti að bíða eptir stjórnarfyrirkomulagi hinna ríkishlutanna; um þetta hefir nefndin sagt álit sitt, en nú er því að fagna, sem gleðilegt er, að konúngur vor hefir með þeim orðum í auglýsíngu sinni til alþíngis, 27. maí þ. á.

þar sem segir: „Vèr viljum láta oss vera annt um það svo fljótt, sem kríngumstæðurnar leyfa, að leiða mál þetta til lykta á þann haganlegasta hátt, sem verða má, og skulu þá, þegar málið kemur til íhugunar, tillögur alþíngis verða teknar til greina, svo sem framast er unnt", lýst því yfir, að stjórnin vilji sem fyrst leiða þetta mál til lykta, eptir samkomulagi við alþíngi, og þess vegna hefir nefndin ekki sèð nauðsyn til, að fara út í hin sèrstöku atriði, en einkum að biðja um, að málið verði leitt til lykta sem fyrst unnt er.

Magnús Andrèsson: Eg hefi nú veitt nefndaráliti þessu athygli, og lýsi því yfir, að eg er því svo meðmæltur, sem eg mest get, og mun eg því greiða atkvæði fyrir því, að það, sem nefndin hefir tekið fram, fái framgáng. Eg hefi áður á þíngi hèr verið þessu máli samdóma; en þar sem nefndin fer leingra, en áður hefir verið farið á undanfarandi þíngum, þá er eg því einnig samdóma af öllu hjarta; því eg hefi allt af viljað og óskað, að vèr mættum öðlast stjórnarbót, eða meira frelsi og ráð yfir oss sjálfum, en vèr að undanförnu höfum haft.

Konúngsfulltrúi: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því eg hefi opt látið meiníngu mína í ljósi um það hèr á þínginu áður. Eg held, að nefndin hafi farið rètt að því, að hafa niðurlagsatriði sitt í almennum orðum, og fer nefndin þar í þá sömu stefnu sem stjórnin, hverri einnig er annt um, að þetta mál geti orðið útkljáð svo fljótt, sem kríngumstæðurnar leyfa, hvað eð sjá má af hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis í ár. Að svo miklu leyti, sem nefndin í álitsskjali sínu — ekki í niðurlagsatriðinu — virðist að vera á þeirri meiníngu, að heityrði konúngs í brèfinu 23. sept. 1848 ekki sè uppfyllt, og að stjórnarbótarmálið þess vegna ætti að koma fyrir nýjan þjóðfund, þá get eg í þessu efni ekki verið á sömu meiníngu; því mèr virðist það ljóst af auglýsíngu konúngs af 12. maí 1852, að hann ætlar sèr einúngis að leggja þetta máleíni fyrir alþíngi, en ekki fyrir þjóðfund samankallaðan að nýju; og eg álít eingu þar við tapað fyrir landið, en aukin virðíng þíngsins í því, að ekki er dregið frá því það máleíni, sem einna er vandasamast og landinu mest áríðanda. Eg skal einúngis drepa á eitt atriði, í hverju eg ekki er, og aldrei hefi verið samþykkur því, er hèr hefir verið farið á flot á þínginu, það nefnilega, að landsyfirdómurinn skyldi einnig verða æðsti dómstóll eður hæstirèttur landsins; því þar í sè eg einga rèttarbót fyrir innbúa þessa lands. Þetta segi eg ekki af neinu mistrausti til þeirra manna, sem nú sitja í rèttinum, heldur af því, að

ef þessi rèttur ætti að verða okkar hæsti rèttur, þá væri naucsynlegt, að skipa í hann fleiri mönnum, en þar til höfum vèr hvorki faung eða efni. Það getur líka verið, að dómavaldsskipuninni í Danmörku verði breytt, áður en lángt um líður, og er þá eigi ólíklegt, að lík breytíng mundi bráðum þar á eptir einnig komast hèr á, og þá kynni líka spurníng sú, sem hèr ræðir um, að nokkru leyti geta fallið burtu. Í tilliti til framkvæmdarvaldsins hefi eg ætíð skilið meiníngu þíngsins svo, sem það ætlaðist til, að landstjórnin hèrna skyldi standa undir þeim stjórnarherra, er væri ráðgjafi konúngs í íslenzkum málefnum. Í líkíngu þar með virðist mèr þess vegna og svo, að landsyfirdómurinn ætti að standa undir hæstarètti.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, skal eg einúngis geta þess, að nefndin fann ekki ástæðu til, að fara meira út í málið, en eg hefi þegar sagt; en þar sem *konúngsfulltrúi* skildi nefndarálitið svo, að landsstjórnin hèr í landi skyldi standa undir stjórninni í Danmörku, þá má eg segja, að hvorki hefi eg hugsað mèr það svo, og nefndin heldur ekki; því það væri þá nýlendustjórn, sem að vísu getur haft mikinn myndugleika á staðnum, þar sem hún er, en er þó bundin við stjónina í aðallandinu. Það er alkunnugt, að hinar ensku nýlendur hafa landstjórn með nýlenduráðgjafa, sem að nokkru leyti er eins og í konúngs stað, en þær lúta þó undir málstofuna á Einglandi, og þó hún ekki grípi inn í málefni þeirra, þá er það þó svo að rèttarfyrirkomulaginu til, að þau hlýða undir málstofuna og ráðherrann fyrir nýlendumálunum; en eingum hefir dottið í hug, hvorki stjórn eða alþíngi, að skilja þetta svo; enda hefðum vèr þá lýst því, að vèr værum nýlenda, en það er einmitt það, sem vèr höfum allt af mælt á móti, og því hafa uppástúngurnar einmitt miðað til þess, að vèr hefðum einn íslenzkan mann í Danmörku, sem bæri mál vor fram fyrir konúnginn, en þar af leiðir, að landsstjórnin ei stæði í sambandi við konúnginn fyrir annara milligaungu, en þessa eina manns, því hann hefði hið sama á hendi, hvað Ísland snertir, og aðrir ráðgjafar konúngs fyrir hina hluta ríkisins; þannig hefir það allt af verið tekið fram, og svona hafa menn hugsað sèr það.

Konúngsfulltrúi: Af orðum þeim, er hinn háttvirti *framsögumaður* talaði, finn eg naucsynlegt, að skýra nokkuð betur það, sem eg sagði áðan. Eg hefi, eins og hann, aldrei skoðað Ísland sem nýlendu, og það gjörir stjórnin ekki heldur. En þar sem eg sagði, að landstjórnin hèr eigi stæði beinlínis undir konúnginum, þá skyldi eg

þar við tvennt: fyrst, að konúngur ætíð þyrfti að hafa einn ráðgjafa eða stjórnarherra, er væri millimaður, að eg svo að orði komist, milli hans og landsstjórnarinnar, og þar næst, að hin merkilegustu málefni Íslands yrði ætíð að yfirvegast, áður þeim væri ráðið til lykta í alríkisráðinu (Geheimestatsraadet).

Vilhjálmur Finsen: Mèr finnst ekki eiga vel við eða eðlilegt, að skýrskota til uppástúngnanna frá þjóðfundinum; því þjóðfundurinn fór fram á ýmislegt, sem eg ímynda mèr að ekki allir þíngmenn vildi gánga inn á nú, ef þær einstöku uppástúngur væri skoðaðar; það, sem þjóðfundurinn stakk upp á, var líka nokkuð öðruvísi en það, sem alþíngi seinna hefir farið fram á, og það er því ekki rètt, að tala um þessar uppástúngur, eins og þær hefði verið þær sömu. Eg held því, að bezt væri, að sleppa skýrskotun til þjóðfundarins, og að betur hefði átt við, að gjöra sèrstakar uppástúngur, en að vitna svona til hins undangeingna.

Guðmundur Brandsson: Eg get nú ekki verið hinum 4. konúngkjörna þíngmanni samdóma; það er ekki meiníng nefndarinnar, að skýrskota til uppástúngna þjóðfundarins í þeirri veru, að þær skuli takast heilar og haldnar upp í frumvarp það, sem beðið er um, heldur yfir höfuð til alls hins undangeingna í þessu máli. Eins og hèr liggur fyrir, má stjórnin taka það, sem henni lízt af uppástúngum þjóðfundarins og síðari alþínga; en það er fjarlægt, að vilja útilykja tillögur þjóðfundarins með því, að nefna hann ekki á nafn, því hin seinni þíng hafa í öllu verulegu verið á sama máli og hann, þó það sè ekki eins ítarlega tekið fram og þá var gjört; en það er rètt, að benda til þess til að sýna, að þínginu ekki sè hugur horfinn frá því, sem þá var.

Vilhjálmur Finsen: Spursmálið er, hvort þetta þíng vill undirskrifa allar uppástúngur þjóðfundarins, því með því, að vitna til þessara uppástúngna, lætur þíngið í ljósi, að það vilji fara þeim fram. Hvað það snertir, að uppástúngur þjóðfundarins og hinna seinni þínga ei hafi farið í sömu stefnu, skal eg meðal annars benda til fjárhagsmálefnisins; í því máli hafa hin seinni þíng farið í aðra stefnu, en þjóðfundurinn. Eg get nú að öðru leyti ekki greitt atkvæði mitt fyrir uppástúngum nefndarinnar, hvort sem bent er til uppástúngna þjóðfundarins, eða einúngis til bænarskráa þeirra, sem komið hafa frá hinum seinni alþíngum; því eg hefi ekki áður getað fallizt á allar þær uppástúngur, sem gjörðar hafa verið af alþíngi. Eg gef einúngis atkvæði fyrir því, að biðja um stjórnarbót þannig, að alþíngi

feingi löggjafarvald og ályktandi vald í fjárhagsmálum; en hvað fyrirkomulag landstjórnarinnar og dómsvaldsins snertir, þá þykir mèr ísjárvert, að gjöra neinar uppástúngur um það; en þetta er þó gjört með því, að benda til hinna fyrri uppástúngna alþíngis, sem einnig hafa geingið inn á þessi atriði.

Guðmundur Brandsson: Það er ekki meiníngin, að undirskrifa allar uppástúngur þjóðfundarins, þó þíngið fallist á þetta nefndarálit, sem hèr liggur fyrir, heldur á aðalstefnuna, bæði þá og á eptirfylgjandi þíngum; það er það, sem þíngið nú vill gjöra, að minni meiníngu, en hitt lætur það ósagt um, hvort það vill samþykkja allar þær einstöku uppástúngur, sem áður hafa komið fram í þessu máli; það má annars ætla, að stjórnin fari ekki of lángt út í það, ekki svo lángt, að vèr ekki getum geingið inn á þau rèttindi, sem hún bíður oss; þíngið hefir fríar hendur að taka það, sem gott er, en hafna hinu; það bindur sig að eingu verulegu, þó það biðji um þetta.

Páll Sigurðsson: Mèr finnst nefndin hafa farið rètta leið eptir mínu sjónarmiði; hún segir: „að taka til greina uppástúngur þjóðfundarins og seinni þínga“, nefnilega, að leggja það til grundavallar, þegar stjórnin býr til frumvarp um stjórnarbótina; en mèr þykir áríðandi, að við Íslendíngar sèum ekki leingur í þessari rèttarklömbru, sem stendur síðan 1851 í sama stað. En það er ágætast, eins og hefir verið tekið fram, að bíða ekki eptir skipun alríkisins, sem enn þá ekki er komin, og hver veit hve nær kemur, og eptir hverju er að bíða? Hjá oss er margt sèrstaklegt, vèr höfum vorn forna rètt og lög, og þurfum vèr því fremur stjórnarbótarinnar við. Öll þjóðin vonar eptir því, og þykir dragast leingi, að þetta fái framgáng, og menn segja, að sorglegt sè að kosta þetta alþíngi, sem ekkert getur gjört, því það hefir ekkert vald; því vill hún, og eg og hver Íslendíngur óskar, að svo yrði um búið, að stjórn landsins væri innlend, svo vèr eigi þurfum að sækja rètt vorn, og hvert mál að gánga út úr landinu og vera mörg ár í gjörðum þar; og þegar það svo kemur aptur óútkljáð, þá er það ei nema skaðinn einn og nýr kostnaður; því er betra, að stjórn og framkvæmdarvaldið sè innlent, svo þegar menn eru komnir niður á því, að eitthvað þurfi að framkvæma, þá sè framkvæmdarvaldið í landinu sjálfu. Eg er því með öllu samdóma nefndarálitinu.

Magnús Andrèsson: Viðvíkjandi því, sem hinn 4. konúngkjörni þíngmaður sagði, þá er það meiníng mín á nefndarálitinu, að mèr finnst ekki, að nefndin hafi tekið neitt stránglega fram, að

stjórnin sè bundin við uppástúngur þjóðfundarins og alþíngis, heldur að hún hafi tillit til þess, og, sem maður segir, vinsi úr því; því þó það ei í öllu kunni að vera samkvæmt sjálfu sèr, þá er það þó í aðalatriðunum. Eg er einúngis með því, að það sè í sömu stefnu, þó það kunni að víkja frá í smáatriðum. Það er sjálfsagt, að frumvarp verður lagt fyrir þíngið, og þá er tími til að laga það, svo eg er ekki á máli hins 4. konúngkjörna þíngmanns, að ekki sè tilhlýðilegt, að skýrskota til þess, sem þjóðfundurinn og þíngið áður hefir farið á flot við stjórnina.

Stefán Jónsson: Eg get vel ímyndað mèr, að svo fari, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður benti til, að eigi verði fallizt á allt, sem þjóðfundurinn og alþíngi hefir stúngið upp á, en eg hygg þó, að það komi ekki að skaða, þó bent sè á það; því eins og þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sagði, má leita af, þegar frumvarpið kemur fyrir þíngið; það er því ekki svo stórkostlegt, að eg geti fundið ástæðu til að taka breytíngaratkvæði, en hver getur skoðað það eptir sínum skilníngi. Nú eru bráðum 10 ár, síðan málinu var fyrst hreift, og það mun varla verða útkljáð 1861, svo líklega hefir stjórnin haft tíma til, að hugsa sig um. Eg gef því atkvæði mitt með nefndarálitinu, þó eg, ef til vill, ekki fallist á allt, sem þjóðfundurinn fór fram á.

Framsögumaður: Ef fara ætti í þá stefnu, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður drap á, þá er óþarft, að fara lángt út í þetta mál, því það bæri þá að taka allt fram. Nefndin hefði þá þurft að fara út í allar uppástúngur þjóðfundarins og alþíngis, vinsa úr því öllu, og taka svo mörg atriði í vissa aðalstefnu; en það þótti nefndinni óþarft, heldur eins og hin konúnglega auglýsíng benti til og í þá stefnu, að konúngur vilji láta sèr vera annt um, að leiða það til lykta á hinn haganlegasta hátt. Nefndin fór í þessa stefnu, og hefir haldið sèr við lík orðatiltæki og konúngur í auglýsíngu sinni; eg fyrir mitt leyti vil ekki fara leingra; þíngið bindur sig ekki í þessu máli, sem er undir umræðu, og geingur á milli *þjóðar* og konúngs. Það er ekki að undra, þó einstöku atriði sè sem á hviki, en það lítur út, sem konúngur og alþíngi komi sèr saman smátt og smátt. Málin dragast hèr fram úr hófi, sem von er og eðlilegt, á meðan svona geingur. Það, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, kemur að nokkru leyti heim við mína skoðun, og til þess er bent í nefndarálitinu, að menn gæti hugsað sèr fleiri stefnur, þar á meðal þá, að stjórnin hèr væri *Collegial*-stjórn, sem stæði

undir einum manni í Danmörku, eða þá ábyrgðarstjórn með einum landstjóra, og þó með einum stjórnanda hinna íslenzku mála hjá konúngi; en það er aðalatriðið, að þessi maður væri Íslendíngur, sem einn hefði öll Íslandsmál, og það er einmitt það, sem gjörði, að það væri samt ekki nýlendustjórn; svo framarlega hann ætti að hafa setu í alríkisráðinu og atkvæði þar, þá eru ekki mál vor fremur á hakanum; því hinir ráðgjafarnir sitja þar líka, og þar eru öll mál rædd í sameiníngu, og hefði þá maður sá, er fyrir oss væri, atkvæði í öllum almennum málum í alríkisráðinu, eins og nú ráðgjafarnir fyrir Slésvík og Holstein, sem einnig taka þátt í umræðum almennra mála. Eg get ekki álitið rètt, að dómsvaldið standi undir hæstarètti; eg skal viðurkenna það, að sumir hafa feingið rèttarbót í málum sínum fyrir hæstarètti; en það hefir aptur ekki, ef til vill, verið svo óyggjandi í sumum; að minnsta kosti geta nú verið misjafnar skoðanir um það, hvort maður með þeim og þeim dómi hafi feingið rèttarbót; en sá dómstóll getur þó ekki annað, en verið ísjárverður, sem ei þekkir annað til málanna, en útlögð lög og útlögð dómsskjöl, og þar að auki ekki þekkir landssiðu eða skilur málið á þeim dómsmálum, sem hèðan koma, hversu sem allir vita að hæstirèttur er vandur að rèttlæti og öllu því, er til meðferðar málanna heyrir.

Þórður Jónassen: Eg felli mig yfir höfuð vel við nefndarálitið og þann blæ, sem á því er, og ætla eg því einúngis að minnast á eitt atriði þess, nefnilega á dómsvaldið, sem í nefndarálitinu er stúngið upp á, að verði algjörlega hèr í landi; þetta þykir mèr mikið áhorfsmál, því auk þess, að þá yrði hèr á landi, eins og nú hagar hèr til, einúngis 2 dómar í málunum (sem eg ekki felli mig við), ætla eg það megi fullyrða, að landsmönnum mundi ekki þykja þetta æskilegt; enda verð eg að álíta, að þó landsyfirrètturinn hèrna yrði skipaður miklu betur, en hann nú er, og fyrir því er ráð að gjöra, mundi hann þó ekki geta komizt í samjöfnuð við hæstarètt, að lagaþekkíngu, reynslu og hyggindum yfir höfuð; það ræður því að líkindum, að úrslit málanna verði yfir höfuð áreiðanlegra í hæstarètti, en það gæti orðið hèr. Eg skal ekki fortaka, að það kunni stundum í einstöku málum, sem eru sèrstakleg fyrir þetta land, að sýnast svo, að úrslit þeirra hafi orðið í hæstarètti nokkuð á annan veg, en líkur hefði þótt til; en vegna þess mikla trausts, sem menn, og það með rèttu, hljóta að bera til hæstarèttar, dettur eingum þó í hug, að vefeingja úrslitið, þar það er „*summum jus*“ í orðsins strángasta skilníngi; en þetta mundi ekki verða eins hèr á landi, og eg

er hræddur um, að mönnum mundi opt hætta við, að vefeingja úrslit málanna hèr, og þykja rèttarmissir í því, að geta ekki skotíð málunum til hæstarèttar. Þetta er eg hræddur um mundi verða niðurstaðan, og það þykir mèr hvorki æskilegt fyrir hlutaðeigandi dómstól, nè heldur fyrir landsmenn; því eg þykist viss um það, að þeir muni ekki þykjast að neinu bættari, þó svo yrði, sem upp á er stúngið af nefndinni, og skal eg svo ekki orðleinga þetta fremur, en komið er; einúngis skal eg geta þess, að þar sem orðið hefir umræða um niðurlagsatriðin, og sèr í lagi um það, að stjórnin er í máli þessu beðin, að taka tillögur þjóðfundarins og alþíngis til greina, að mèr virðist ekkert í þessari beiðni ásteytíngarvert, því stjórnin þarf ekki að taka annað eður meira til greina af þessum tillögum, en henni sjálfri þóknast, og það er heldur ekki beðið um, að hún skuli taka þær algjörlega til greina, en einúngis að hún hafi hliðsjón af þeim, og það gjörir stjórnin vissulega.

Ásgeir Einarsson: Eg fyrir mitt leyti get ekki skoðað dómsvaldið sem aðalatriði í stjórnarbótarmálinu; það kann nú að vera, að rèttarmissir þætti í hæstarètti, en það eru þá helzt þeir, sem vilja halda málum sem leingst þeir geta; það getur verið, að einhver vildi skjóta máli sínu til Einglands, ef hann mætti, og láta dæma sig eptir enskum lögum, til að fá þar landsrètt, ef hann væri útstrokumaður, og líkt þessu gæti verið um marga kappgjarna málaþrasmenn. En færi nú svo, að dómaskipun í Danmörku yrði breytt, þá yrði frumvarp um það lagt fyrir þíngið, en slíkt hið sama ætti að gjöra hèr, og þá er tími til að breyta dómaskipun hèr, ef þörf þætti; en þó stjórnarbótin feingist, þarf ei endilega að tala um dómsvaldið fyrir það undir eins, að minnsta kosti er nógur tími til, að tala um það nákvæmlega, þegar frumvarpið kemur frá stjórninni.

Vilhjálmur Finsen: Það þarf ekki að fara út í mjög smásmuglega upptalníng á atriðunum, þó uppástúngan væri orðuð öðruvísi; í bænarskrám alþíngis hafa, að mig minnir, verið teknar fram 5 sèrstakar uppástúngur, og væri hægt, að taka þær upp aptur nú, þannig að menn gefi atkvæði fyrir þeim af þeim, sem menn *vilja* aðhyllast. Eg álít það ekki til góðs fyrir málefnið, og ekki rètt fyrir þíngið, að skýrskotað sè til þjóðfundarins; það hefir verið álitið, að uppástúngur þær, sem komu frá þjóðfundinum, hafi í nokkrum atriðum farið heldur lángt, og þó það má ske ekki sè í sumu tilliti svo verulegt í aðalefninu, þá er þó blærinn öðruvísi, en á uppástúngum alþíngis. Á þjóðfundinum var, hvað fjárhaginn snertir, stúng-

ið upp á, að Ísland skyldi leggja fé að réttri tiltölu við aðra hluta ríkisins til allra sameiginlegra ríkisþarfa, eptir fólksfjölda og efnum; en alþingi þar á móti hefir farið fram á, að fá aðskilinn fjárhag með tillagi úr ríkissjóði. Þegar nú stjórnin fær þetta, neyðist hún til að lesa þetta allt, þjóðfundar- og þingtíðindi, og þegar hún svo sér, að þjóðfundurinn hefir farið fram á allt annað, en seinna hefir verið farið fram á af alþingi, þá fer hún að yfirvega, hvort þingið nú sé komið á sömu stefnu aptur og þjóðfundurinn, en vilji sleppa þeim uppástúngum, er þingið seinna hefir gjört í aðra stefnu, og finnst mèr þetta ekki vera æskilegt. Af því mèr þannig þykir óviðurkvæmilegt, að alþingi skýrskoti nú til þjóðfundarins, og til þess, að það ekki spilli fyrir málinu, vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði um, að orðin: „þjóðfundarins og“ sé sleppt, en eg get reyndar samt sem áður ekki gefið atkvæði með uppástúngunum.

Ásgeir Einarsson: Eg fyrir mitt leyti skil nú ekki sambandið milli þjóðfundarins og alþingis eins og hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður; að því leyti bent er til þjóðfundarins af nefndinni, lítur það til fornra þjóðrèttinda vorra, en breytíngar á fyrirkomulaginu um stjórn landsins, sem alþíngi hefir stúngið upp á síðan við ýmsar breyttar kríngumstæður, ríða ekki í bága við það, sem þjóðfundarnefndin ritaði um þjóðrèttindi vor; þó þjóðfundarnefndin skoði sumt öðruvísi, en alþíngi, til að mynda hvað fjárhaginn snertir, og ýmislegt annað, virðist mèr það ekki þurfa að binda skoðun stjórnarinnar við skoðun þjóðfundarnefndarinnar, þó þjóðfundurinn sé nefndur í álitsskjali þíngsins; en eg ímynda mèr, að það standi ekki svo öfugt fyrir mönnum þar ytra, að þeir ekki skilji það, að þíngið ætlast til, að tekið sé tillit til þessa, eins og það smátt og smátt hefir verið lagað í hendi sèr.

Framsögumaður: Eg sé, að það er lítils að vænta í aðra hönd af hinum háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanni; því ekki fæst atkvæði hans, þó þjóðfundinum sé byggt út, og ekki þó teknar sé allar uppástúngur alþíngis; hann hefir líka getið þess, að breytt hafi verið uppástúngunum smásaman þíng frá þíngi. En eg vona allir sjái, að orsökin til, að alþíngi hefir breytt uppástúngum sínum, er sú, að það í hvert skipti hefir lagað uppástúngurnar eptir því, sem breytt var stjórnarskipun annaðhvort í alríkinu, eða í Danmörku. Uppástúngur þjóðfundarins fóru fram á það, að Ísland hefði löggjafarvald og fjárhagsvald í innlendum málum, og hlutteknìng í alríkismálum; þetta stóð í sambandi við frumvörp stjórnarinnar, sem þá voru gjörð;

það var byggt á sanngirni og sýndist samkvæmt stefnu stjórnarinnar, sem þá var. En þær tilraunir stjórnarinnar misheppnuðust, sem kunnugt er; þá gaf konúngur út auglýsínguna frá 28. janúar 1852, er lagði nýjan grundvöll, sem allt þras er af risið síðan. Þar er Ísland ekki nefnt á nafn, og þar með er Íslandi neitað um hlúttekníngu í alríkinu, Ísland er þess vegna ekki einn hluti alríkisins því er neitað um kosníngu til ríkisþíngsins, og því er ekki sem deild leyft, að kjósa til þess; Ísland er með því eiginlega sett út fyrir konúngsins ríki og lönd. 1853 sá því alþíngi, að eigi varð farið beint í sömu stefnu og 1851, nema að því leyti, sem gat samrýmzt auglýsíngunni frá 28. janúar 1852, og á því hvíla allar seinni breytíngar; alþíngið sá ekki til neins, að fara í aðra stefnu en stjórnin, en varð að laga sig eptir henni; og því er það samhljóða, þó alþíngi biðji stjórnina, að taka til greina uppástúngur alþíngis. Þó stjórnin breyti uppástúngum sínum frá 1851, eins og hún hefir opt gjört, þá er það ekki ósamkvæmni, og því er það ekki heldur ósamkvæmni, þó þjóðin hèr eða þíngið lagi nokkuð uppástúngur sínar smásaman; þetta er svo almennt í samkomulagi, jafnvel einstakra manna á milli, og þá ekki síður í opinberum málefnum.

Páll Sigurðsson: Eg held það sè nú óþarfi, að vera að vitna til þjóðfundarins, eins og hinn 4. konúngkjörni þíngmaður segir, að hans uppástúngur hafi verið þær, að Íslendíngar legði fè til alríkiskostnaðar, því þjóðfundaruppástúngurnar komust aldrei á koppinn; en það eru þá uppástúngur nefndar þeirrar, sem á þjóðfundinum var sett í málið, sem vitnað er til, en ekki til þjóðfundarins, því hann komst ekki svo lángt, það var tekið um hálsinn á honum, sællar minníngar; en stefnu nefndarinnar má taka til greina, því stjórnin hefir fríar hendur, hvað af því hún vill sameina í frumvarpi því, sem fyrir þíngið yrði lagt.

Pètur Pètursson: Eg fyrir mitt leyti hneykslast ekkert á niðurlagsatriðinu í uppástúngum nefndarinnar. Eg hefi aldrei verið samþykkur uppástúngum þjóðfundarins, og ekki öllum uppástúngum alþíngis í þessu máli, þó eg stundum kunni nokkuð að hafa breytt skoðun minni; en í niðurlagsatriði nefndarinnar er stjórnin einúngis beðin að taka þessar uppástúngur til greina, og látið óákveðið, að hve miklu leyti hún skuli gjöra það, og með þeim fyrirvara get eg gefið atkvæði fyrir niðurlagsatriði nefndarinnar.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúníngsumræðu lokið. Það er að vísu eitt mál eptir á dagskránni,

en þar fundur hefir varað leingi, skal eg fresta því til kvöldfundar, sem eg hèr með ákveð til kl. 7; kemur þá *kláðamálið* til undirbúníngsumræðu; en áður en menn gánga af fundi, verða lesin upp uppálitsskjöl í 4 málum.

Voru síðan upplesnar og samþykktar bænarskrár til konúngs í þessum málum: *Um löggildíngu Skeljavíkur og Straumfjarðar* til kauptúns, þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Alþíngismaður Strandasýslu, *Ásgeir Einarsson*, hefir í þetta skipti borið upp bænarskrá frá tèðri sýslu með 77 undirskriptum um það, að alþíngið vildi senda yðar konúnglegu hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá um það, að Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu verði fyrir næstkomandi vor gjörð að löggildum verzlunarstað, og um sama leyti og þetta mál var til meðferðar í þriggja manna nefnd, er þíngið hafði kosið til þess að yfirvega það, bar alþíngismaður Mýrasýslu, *Jón Sigurðsson*, upp uppástúngu, byggða á bæn kjósanda sinna um löggildíngu Straumfjarðar í Mýrasýslu til verzlunarstaðar, og varð þíngið að álíta, að þessi uppástúnga, sem þar að auki hefir verið ítarlega yfirveguð á undanförnum þíngum, ætti svo skylt við löggildíngu Skeljavíkur til kauptúns, að ekki væri þörf til þess, að taka þetta mál til sèrstaklegrar meðferðar í nefnd, heldur mundi það nægja, að uppástúngumaðurinn, eins og hann líka gjörði, tæki sèr viðaukaatkvæði um það við undirbúníngsumræðu um löggildíngu Skeljavíkur, og aðhylltist þíngið þessa meðferð á málinu með atkvæðafjölda.

Þíngið kaus til þess, að yfirvega málið um löggildíngu Skeljavíkur þriggja manna nefnd, og ræddi það síðan á 2 aðallundum, og leyfir nú þíngið sèr allraþegnsamlegast að skýra frá því úrsliti, sem málið fekk, þannig.

Hvað þá fyrst snertir bænarskrána um löggildíngu Skeljavíkur til kauptúns, hlaut þíngið að viðurkenna, að það mælti, þegar á allt er litið, miklu meira með henni en mót, því það eru leidd skýr rök að því, að hinn löggilti verzlunarstaður Strandasýslu, Reykjafjörður, liggur mjög óhaganlega fyrir allan þorra sýslubúa, og að þángað sè fyrir allflesta þeirra yfir lángan og örðugan veg að sækja bæði á sjó og landi, en hreinn ógjörníngur fyrir aðra en sýslubúa, að sækja þángað, að kauptún þetta aldrei hafi því náð nokkrum viðgángi nè aðsókn, enda hafi lítil rækt verið við það lögð af hlutaðeigandi eigendum, sèr í lagi á seinni árunum, að þar sè í öllum ísaárum (og þau

beri opt að, á þessum útkjálka landsins) allar bjargir bannaðar, er kaupskipum sè bægt frá, að komast þar á höfn, og sýslubúum aðsókn; en aptur í annan stað eru komnar sannanir fyrir því, að þessi vandkvæði eigi sèr lítinn eða eingan stað á Skeljavík, að hún liggi hèr um bil í miðbiki sýslunnar, að aðsóknin þángað sè því ólíka hægri og greiðari, en á Reykjafjörð fyrir allan þorra sýslubúa, og loks er það tekið fram, að fleiri sveitir í Barðastrandar-, og enda nokkrar í Dalasýslu, eigi bæði hæga og stutta kaupstaðarleið á Skeljavík, en geti með eingu móti, þó þeir þyrfti og vildi, sótt til verzlunar á Reykjafjörð, vegna vegaleingdar og torfæra á þeirri leið.

Það er enn fremur tekið fram, að Reykjafjarðarkauptúni sè allt af heldur að fara hnignandi, og að þar til liggi sú undirrót, að kauptún þetta liggi svo út úr öllu valdi, og svo illa við aðsókn landsbúa til verzlunar, og þar sem þessu sè þannig háttað, geti sú mótbára gegn löggildíngu Skeljavíkur til kauptúns, að það hljóti að draga úr verzlun Reykjarfjarðar, varla komið til greina, fyrst svo lítið líkindamark sè með verzlun og aðflutníngum á Reykjafjörð. Hitt þykir þar á móti mega fullyrða, að verzlun á Skeljavík geti vel þrifizt, af því hún liggi svo vel við, þar sè góð skipalega, hægt aðsóknar, og staður þessi yfir höfuð að tala eingum eða þó fæstum þeim erfiðleikum og annmörkum bundinn, sem Reykjafjörður sè háður, og standi þessu kauptúni, sem slíku, fyrir vexti og viðgángi.

Þíngið aðhylltist þessa skoðun á málinu, og þó því að öðru leyti og yfir höfuð þyki það áhorfsmál, að fjölga hèr kauptúnum, meir en komið er, einkum síðan flutníngar hèraða á milli urðu hèr svo frjálsir, eins og þeir nú eru orðnir, virtist því þó, að hèr væri yfirgnæfandi ástæða til þess, að mæla fram með löggildíngu Skeljavíkur til kauptúns, eins og um er beðið, vegna þeirra sèrstaklegu kríngumstæðna og annmarka, sem hèr eiga sèr stað fyrir þá, sem hèr eiga hlut að máli.

Hvað löggildíngu Straumfjarðar til kauptúns þar næst snertir, leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að taka það fram, að þótt einstakir þíngmenn hreifði þessari mótbáru gegn löggildíngu þessa staðar til kauptúns, að Mýrasýslubúar, er gæti rekið og reki verzlun sína annaðhvort á Búðum eða í Reykjavík, stæði ólíkt betur að í verzlunarefnum sínum, en innbúar Strandasýslu, einkum vegna þess, að kaupmenn á Búðum og Reykjavík hefði undanfarin ár með aðflutníngum á Straumfjörð gjört þeim að vísu nokkuð hægra fyrir, að nálgast nauðsynjar þeirra úr kaupstaðnum, þá var þó meiri hluti

þingmanna að álíta þessa mótbáru gegn löggildingu Straumfjarðar ónógar til þess, að vera því til fyrirstöðu, að þessi staður yrði löggiltur til kauptúns, einkum þegar á þá einn hlið væri höfð hæfileg hliðsjón af því, hvernig þar hagaði til með höfn, byggðarlög, efnahag manna, vöruafla og aðsóknarhægð, ekki einúngis úr sjálfri Mýrasýslu, heldur og úr þeim vestari sveitum Borgarfjarðarsýslu, en á hina hliðina til þess, að landleið til Búða væri laung og erfið, en sjóleið til Reykjavíkur laung og hættusöm, einkum um haust og vetur, og loks að aðflutníngar á nauðsynjavörum til Straumfjarðar af hendi Reykjavíkur kaupmanna hefði á seinustu 2 árunum algjörlega lagzt niður, og ekki líkindi til, að þeir mundi verða teknir upp aptur, komst þíngið til þeirrar niðurstöðu, að það væri einnig yfirgnæfandi ástæður fyrir því, allraþegnsamlegast að biðja um, að Straumfjörður yrði löggiltur sem kauptún.

Samkvæmt því, sem þannig er tilgreint, leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast með 22 atkvæðum gegn 2, að mæla fram með því við yðar konúnglegu hátign:

1. *a, að Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu allramildilegast verði löggilt sem kauptún, og*
   b, með 13 atkvæðum gegn 9, *að það verði gjört fyrir næstkomandi vor.*
2. með 17 atkvæðum gegn 6, *að Straumfjörður í Mýrasýslu einnig verði löggiltur til kauptúns.*

Reykjavík 10. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. Ásgeir Einarsson.

Um *auglýsíngu reikníngа opinberra sjóða og stofnana,* þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis hefir í þetta sinn komið bænarskrá frá Kollabúðarfundi, sem fer því fram, að stjórnendum opinberra sjóða og stofnana á Íslandi verði gjört það að lagaskyldu eptirleiðis, að auglýsa árlega á prenti reiknínga tèðra sjóða og stofnana á þeirra kostnað.

Alþíngi kaus þriggja manna nefnd til að íhuga þetta mál, og var það síðan rætt á lögskipaðan hátt á tveim aðalfundum, og leyfir þíngið sèr nú allraþegnsamlegast, að kveða upp álit sitt um málið, og bera fram bæn sína fyrir yðar konúnglegu hátign á þessa leið.

Það er orðin alvenja í hverju landi, þar sem nokkurn veginn frjálslegt fyrirkomulag er á stjórnarmálefnum, að reikníngar og

skýrslur opinberra sjóða og stofnana eru auglýstir, svo að allur almenníngur geti séð, hvernig þess konar sameiginlegum eignum þjóðanna er stjórnað, og hvernig fé þeirra er varið. Þess konar auglýsíngar efla hvað mest traust almenníngs á embættisstéttinni, hrinda burt allri tortryggni um, að misfarið sé með fé ríkjanna; og eins og gjaldþegnar eiga náttúrlegan rétt til þess, að vita með hve gildum ástæðum gjöld eru heimt af þeim, eins verða þeir og fúsari til allrar gjaldgreiðslu, þegar þeir fá að sjá skýra skilagrein fyrir allri meðferð þess fjár, sem þeim er gjört að greiða. Á Íslandi hefir, einkum áður fyrrum, verið hinn mesti skortur á öllum þess konar opinberum skýslum, og þó að það í sumum greinum og á sumum stöðum hafi breytzt nokkuð til batnaðar, er enn öllu þess háttar mjög ábótavant hér á landi.

Það fer að vonum, og er eðlilegt, þó að áhugi manna á þess konar réttindum hafi aukizt síðan alþíngi hófst aptur að nýju, eins og áhuginn á hverjum öðrum þjóðréttindum. Það hafa líka áður fyr komið bænir til alþíngis í líka stefnu, og yðar konúnglega hátign veitt tillögum alþíngis í því máli mildilega áheyrslu. Þannig komu bænarskár til alþíngis 1853, er kvörtuðu yfir því, að reikníngar landsprentsmiðjunnar væri ekki auglýstir almenníngi, og bauð stjórn yðar hátignar þá, samkvæmt tillögum þíngsins, með brèfi dómsmálaráðgjafans 9. júní 1855 stipsyfirvöldunum, að bera umhyggju fyrir því, að nokkurn veginn fullkomið ágrip af reikníngum prentsmiðjunnar fyrir næstliðið reikníngsár, þ. e. 1854, yrði auglýst á prenti, þegar búið væri að endurskoða og leggja úrskurð á þá, og að því skyldi fylgja yfirlit, er sýndi, hvernig hagur prentsmiðjunnar væri við enda reikníngsskaparársins, og skyldi þetta einnig gjört fyrir hin komandi ár. Þó að nú sé liðin 6 ár síðan stiptsyfirvöldunum var þannig skipað að auglýsa prentsmiðjureikníngana, hafa þau þó eingan reikníng auglýst fyrir nein þessi ár.

Þínginu getur nú eigi annað virzt, en slík og þvílík dæmi sýni það ljóslega, hversu brýn nauðsyn sé til þess, að embættismönnum verði gjört að skyldu, að auglýsa hið bráðasta slíkar reikníngsskýrslur, og þegar þess er gætt, að stundum gánga heil ár, áður en reikníngar embættismanna eru endurskoðaðir og úrskurðaðir, en áhugi almenníngs mestur á því, að fá sem fyrst að sjá það, hvort gjöld hafi verið af þeim krafin á löglegan hátt, og þeim síðan löglega varið, verður þíngið að álíta það fulla nauðsyn, að allir þess konar reikníngar sé auglýstir sem fyrst, eptir að þeir eru samdir, og að síðar

sè í hinum næstu ársreikníngnm skýrt frá þeim smábreytíngum, er gjörðar kunna að verða á þeim við endurskoðun og úrskurð þeirra.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign, með 22 atkvæðum.

1. *Að stjórn yðar hátignar gjöri embættismönnum þeim, er hafa á hendi stjórn opinberra stofnana og sjóða, það að „laga"- (með 11 atkv. gegn 7) skyldu, að auglýsa á prenti greinilega og nákvæma reikninga sjóðanna og stofnananna sem fyrst eptir að ársreikíngar eru samdir (samp. m. 21 atkv.), og að gjöra „í næsta árs reikníngi, ef auðið er" (sampykkt með 17 atkvæðum gegn 4), grein fyrir breytíngum þeim er gjörðar kunna að verða á þeim við endurskoðun og endilegan úrskurð þeirra (sampykkt með 18 atkvæðum gegn 2).*
2. *Að kostnaður sá, er þarf til auglýsínga þessara, gjaldist af eigum sjálfra sjóðanna og stofnananna (sampykkt með 23 atkvæðum).*

Reykjavík 10. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson.. Sveinn Skúlason.

Um *kollektusjóðinn,* þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis hefir enn komið þegnsamleg uppástúnga frá einum þíngmanni þess efnis, að þíngið taki enn á ný allt kollektumálið til meðferðar og rannsóknar, og riti yðar konúnglegu hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá á þá leið, er gjört var á síðasta þíngi.

Þíngið kaus þriggja manna nefnd, til að íhuga mál þetta, ræddi það síðan á tveimur aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að kveða upp álit sitt um málið, og bera fram bænarskrá fyrir yðar konúnglegu hátign á þessa leið.

Til hins fyrsta alþíngis 1845 kom þegar bænarskrá frá Eyjafjarðarsýslu, er fór því fram, að gjörð væri grein fyrir reikníngum kollektusjóðsins og meðferð hans. Þá var kosin nefnd í málið, en hún fèkk eigi lokið störfum sínum sökum naumleika tímans. Þó varð sá árángur af því, að málinu var hreift, að *konúngsfulltrúi* skýrði að nokkru leyti frá meðferð stjórnarinnar á kollektupeníngunum. Síðan lá mál þetta niðri þángað til 1855, er fulltrúi Rángæ-

fnga bar fram uppástúngu á þínginu um reikníng kollektunnar. Þá var og nefnd kosin, málið rætt og bænarskrá rituð til konúngs. Árángur af bænarskrá þessari sèst af konúnglegri auglýsíngu til alþíngis 1857. Málið var á því þíngi (1857) aptur borið fram og bænarskrá rituð, og er enn á ný í hinni konúnglegu auglýsíngu til þessa árs alþíngis af 27. maí. þ. á. synjað um öll reikníngsskil, vegna þess, að mál þetta sè fullkomlega á enda kljáð með konúngsúrskurði 25. júlí 1844, eins og einnig var sagt í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis 1857, og er þar að auki sú ástæða færð til í hinni konúnglegu auglýsíngu þ. á., að umkvartanir í bænarskrá alþíngis 1857 yfir úrslitum málsins væri því síður á rökum byggðar, sem konúngsúrskurðurinn 25. júlí 1844 hefði ekki verið lagður á, fyr en eptir að *hlutaðeigandi stjórnarráð* voru búin að ráðslaga um málið vandlega, og nákvæm rannsókn og reikníngar höfðu um það gjörðir verið, og málið loks verið rætt af nefnd manna, kosinn úr ýmsum stjórnarráðum, og svo hefði og sá reiknníngurinn verið látinn ráða við úrslit málsins, er sjóðnum og Íslandi var mest í hag. Auk hinna sterku röksemda, sem til eru færðar í bænarskrá alþíngis 1857, og sem að áliti þessa þíngs enn standa öldúngis óhaggaðar, verður þíngið enn að vera fullkomlega sannfært um, að hinar framantöldu röksemdir í hinni konúnglegu auglýsíngu til þessa alþíngis, hafi eingan veginn haggað undirstöðu þessa máls, því þínginu getur eigi fundizt þær nýjar, nè fullkomlega sannfærandi; því þar sem það er fyrst sagt, að *hlutaðeigandi stjórnarráð*, þ. e. rentukammerið og ríkisskuldaráðið, hafi yfirfarið og samið reiknínga kollektunnar, þá virðist auðsætt, að þeir reikníngar geta eigi álitizt óyggjandi, er þau stjórnarráð gjörðu, sem sjálf áttu hlut að máli, þar sem stjórn og geymsla penínganna var þeim á hendur falin. Hitt er og auðsèð af skýrslu *konúngsfulltrúans* á alþíngi 1845, að stjórnarráðanefnd sú, er kosin var að síðustu, til að yfirlíta reikníngana og hinn mikla reikníngsmun milli rentukammersins og ríkisskuldaráðsins, hefir að eingu bætt úr því, sem einmitt hefir jafnan þótt ísjárverðast í þessu máli, að þessi sömu stjórnarráð höfðu *varið* þessu geymslufè, er þeim var falið til yfirumsjónar með konúngsbrèfum, gagnstætt tilgángi þess og stofnunarbrèfum, og virðast því aðgjörðir tèðrar nefndar næsta þýðíngarlitlar í þessu máli. Og þar sem nú segir svo í hinni allrahæstu auglýsíngu yðar hátignar til þessa alþíngis, að þau reikníngsúrslit hefði verið látin ráða, er sjóðnum voru mest í hag, þá getur þíngið eingan veginn álitið þessa ástæðu nýja, því hún var tekin fram þegar á þínginu 1845 af *kon-*

úngsfulltrúanum, sem þá var, nè heldur fullgilda, því hún sýnir þó, að sjálf hin konúnglegu stjórnarráð, er var falin geymsla og stjórn kollektunnar, hafi fylgt sinni skoðuninni hvort þeirra um það, hversu fè þessu mætti verja, og virðist því ekki, að hèr í liggi nein sönnun fyrir því, að fènu hafi verið varið samkvæmt upprunalegum tilgángi þess. Þar að auki verður þíngið og að álíta það aðalástæðu fyrir bæn sinni til yðar konúnglegu hátignar, að reikníngsyfirlit það, sem var lagt til grundvallar fyrir allrahæstum úrskurði 25. júlí 1844, er einúngis samið af öðrum málsaðila, þar eð einginn var kosinn af Íslands hálfu, til að yfirfara reikníngana, áður en þeim var ráðið til lykta, og fyrir þá sök virðist þínginu þeir ekki geta álitizt óyggjandi eða gildir. Þess vegna getur þíngið ekki betur sèð, en konúngsúrskurðinn 25. júlí 1844 vanti gilda undirstöðu. Af öllum framanskrifuðum ástæðum verður þíngið enn á ný að leyfa sèr, að bera fram þá allraþegnsamlegustu bæn fyrir yðar konúnglegu hátign, að yðar hátign mætti þóknast, að setja úrskurð þenna til hliðar, og láta að nýju yfirfara alla reikninga kollektusjóðsins, og veita Íslendíngum fullan rètt sinn, sem öðrum málsaðila, til að taka þátt í úrstitum reikníngánna.

Þíngið hefir eigi álitið það nauðsynlegt í þetta sinn, að taka það fram enn að nýju, í hverjum tilgángi kollektan var gefin og stofnuð, og síðan geymd í ríkissjóði, eða hversu leingi henni framan af hafi verið varið samkvæmt tilgángi sínum, því öll þessi atriði voru svo skýrlega tekin fram í allraþegnsamlegastri bænarskrá alþíngis til yðar konúnglegu hátignar frá 10. ágúst 1857, að þínginu virðist eingu þurfa þar við að bæta, einkum þar eð þínginu virðast ástæður þær, er þar eru til færðar, enn standa óhaggaðar.

Af þessum ástæðum leyfir þíngið sèr að bera fram fyrir yðar konúnglegu hátign þá allraþegnsamlegustu bæn sína með 19 atkvæðum gegn 5:

1. *Að yðar konúnglega hátign vilji allramildilegast leggja fyrir stjórn yðar, að láta semja og auglýsa á prenti nýja reiknínga yfir kollektusjóðinn frá árslokum 1797, byggða á þeim skýrslum og reikníngum rentukammersins um fjárhag sjóðsins, er þá voru auglýstir (samp. með 19 atkv. gegn 5).*
2. *Að öllum þeim útgjöldum, sem frá árslokum 1797 hafa verið tekin af kollektunni, en sem ekki geta komið henni við, eptir hennar sèrstaklega uppruna og augnamiði og*

hinum konúnglegu stofnunarbrèfum frá 29. marz og 18. október 1786, verði haldið fyrir utan þá reikninga (samp. með 22 atkv. gegn 3).

3. *a) Að Íslendingum veitist sem öðrum málsaðila af sinni hálfu full hlutdeild í rannsókn og úrslitum reikninganna (samp. með 18 atkv. gegn 2),*
   b) áður en þeir verða til lykta leiddir með konúngsúrskurði (samp. með 17 atkv. gegn 6).
4. *Að yðar konúngleg hátign allramildilegast vilji hlutast til um, að kollektusjóðurinn samkvæmt pannig löguðum reikningum verði með fullum skilum viðreistur á kostnað ríkissjóðsins (sampykkt með 18 atkv. gegn. 6).*

Reykjavík 10. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. Sveinn Skúlason.

Um *stofnun lagaskóla hèr á landi,* þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis kom að þessu sinni ein bænarskrá frá nokkrum vísindamönnum í Kaupmannahöfn þess efnis, að alþíngi bæri þá allraþegnsamlegustu bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign, að 15. gr. í tilsk. 26. dag janúarm. 1821 verði úr lögum numin, að svo miklu leyti, sem hún kveður svo á, að „danskir júristar", sem svo eru kallaðir, geti orðið embættismenn á Íslandi, en að stofnaður yrði kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðíngum, og mætti þeir, er embættispróf tæki í skóla þessum, og reyndist til þess hæfir, öðlast rètt til lögfræðíngaembætta hèr á landi, og að kostnaðurinn til skólans mætti greiðast úr ríkissjóðnum, en feingist það eigi, skyldi hann leggjast á landið, á þann hátt, sem alþíngi þætti bezt henta.

Þíngið kaus þriggja manna nefnd til að íhuga málefni þetta, ræddi það síðan á tveim aðalfundum, eins og lög bjóða, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að skýra yðar konúnglegu hátign frá skoðun sinni á því.

Alþíngi hefir tvívegis áður, 1855 og 1857, sent yðar konúnglegu hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá um þetta mál, en yðar hátign, allramildasti konúngur, hefir eigi þótt næg ástæða til, að verða við bænum þíngsins í þessu efni, eins og sjá má af auglýsíngum yðar konúnglegu hátignar til þíngsins 1857 og til þessa þíngs; og nú á þessu þíngi hefir fulltrúi yðar hátignar skýrt þínginu frá

ástæðum þeim, er legið hafa til synjunarinnar; en þær ástæður getur þingið eigi séð að sè svo órækar, að það sökum þeirra eigi að hætta við bænir sínar um þetta mál.

Þinginu virtist það ljóst, að Íslendíngar eigi njóta jafnrèttis við samþegna sína í Danmörku, þar eð „danskir júristar", sem svo eru kallaðir, geta orðið og einatt verða sýslumenn og dómarar á Íslandi, sem þeir þó eigi geta orðið í Danmörku, og nú sem stendur eru 5 slíkir sýslumenn hèr á landi; og enda þótt að „danskir júristar" kunni að hafa næga lagaþekkíngu í sjálfu sèr, til að gegna sýslumannsstörfum hèr á landi, þá er það hvorttveggja, að löggjöfin heimtar eigi af þeim neina almenna vísindalega menntun, sem þó er nauðsynleg hverjum embættismanni, enda er þeim alls ekkert kennt í þeim lögum, sem gilda sèrstaklega á Íslandi. En enda þótt að þinginu væri þetta ljóst, þótti því þó eigi fullnæg ástæða til, að fara því fram í þetta skipti, að 15. gr. í tilsk. 26. dag janúarm. 1821 væri úr lögum numin, með því að þá væri rèttur tími til slíks, er lögfræðíngaskóli yrði stofnaður hèr á landi, og rèð því af með 14 atkvæðum mót 11, að sleppa þessu atriði að þessu sinni út úr bænarskránni.

En allt fyrir það virtist þinginu full ástæða til, að ítreka enn þá allraþegnsamlegustu bæn sína, að stofnaður yrði lögfræðíngaskóli hèr á landi; því að þar sem stjórn yðar konúnglegu hátignar hefir tekið það fram í ástæðum sínum fyrir synjun bænar alþíngis 1857, að fyrir nokkrum árum hafi reyndar svo mikill skortur verið á „latínskum júristum", að orðið hafi að skipa „danska júrista" í nokkur sýslumannaembætti, en nú þurfi eigi því að kvíða, að slíkan skort muni að bera optar, þar sem um 20 Íslendíngar nú lesi lög við háskólann í Kaupmannahöfn, þá getur þingið eigi talið slíka ástæðu óræka eða næga, því að það virðist liggja í augum uppi, að hafi skort á latínskum lögfræðíngum áður að borið, þá geti hann og að borið hèr á eptir; því eins og það er næsta óvíst, að allir þeir 20, sem nú lesa lög við háskólann í Kaupmannahöfn, taki nokkru sinni embættispróf í lögfræði, eins er það og óvíst, og miklu óvísara, að eins margir munu hèr eptir halda til háskólans í Kaupmannahöfn, til að lesa þar lög, og farið hafa hin síðustu árin. Þingið telur það þvert á móti víst, að þeir fækki aptur; og nú sem stendur eru þó lögfræðíngar, er tekið hafa embættispróf, eigi fleiri en svo, að fari einhver sýslumaður frá embætti sínu, eða fatlist á einhvern hátt, þá er enginn embættislaus lögfræðíngur til, er skipaður verði í em-

bættið aptur, og þingið verður að telja það víst, að eins muni fara hèr eptir og hingað til, að amtmenn muni einatt neyðast til, sökum skorts á löfræðingum hèrlendum, að setja bændur ólöglesna með öllu, til að gegna sýslumannastörfum, og það árum saman. En með því að eingin líkindi eru til, að ávallt fáist latínskir lögfræðingar, er geingið hafi undir lærdómspróf við háskólann í Kaupmannahöfn, í öll lögfræðingaembætti hèr á landi, virðist nauðsyn til bera, að stofna kennsluskóla handa lögfræðingaefnum í Reykjavík.

Þar sem sú ástæða hefir verið færð fram gegn lögfræðingaskóla hèr á landi, að kennslan í honum mundi verða einstreingíngsleg og ekki samfara tímanum, og að þeir, sem í skólann geingi, mundi um of fást við hinn íslenska rètt, en leggja eigi þá stund á hina almennu rèttarútlistun, sem vera bæri, þá getur þingið alls eingan kvíðboga borið fyrir þessu; því að bæði er það, að kennendurnir við þenna skóla þyrfti alls eigi að verða einstreingíngslegri í skoðun sinni, en kennendurnir við háskólann í Kaupmannahöfn, með því þeir gæti feingið nóg færi á, að kynna sèr skoðanir annara lögfræðínga, og hverjum framförum rèttarútlistunin tekur yfir höfuð, og líka er það, að þeir, sem í skólann geingi, ætti að verða embættismenn á Íslandi, en eigi annarstaðar, og þá virðist liggja í augum uppi, að þeir fremur öllu öðru ætti að leggja stund á hin íslenzku lögin, þau lögin, er þeir ætti að dæma eptir. Enda er það eigi hin yfirgripsmeiri og vísindalega lagaþekkíng ein, sem gjörir embættismanninn duglegan í stöðu sinni; því að þess eru mörg dæmi hèr á landi, bæði að fornu og nýju, að margir hinna ötulustu og merkustu embættismanna á Íslandi, hafa aldrei farið hèðan af landi. En til þess þó, að eigi skyldi hætt við, að þeir, sem á skólann geingi, vanrækti hinn almennari og vísindalegri hluta lögfræðinnar, vildi þingið, að þar yrði kennd heimspekileg lögfræði og rómarèttur, auk hinna íslenzku laganna.

Með stofnun þessa kennsluskóla í lögfræði hèr á landi verður þingið að telja það víst að sèð væri fyrir, að aldrei yrði skortur á þeim mönnum, er hefði alla þá vísindalegu menntun, og þá lagaþekkíngu, er þeir þyrfti til að gegna sýslumannastörfum hèr á landi; því að þeir, sem í skólann geingi í þeim tilgángi, að verða embættismenn hèr á landi á eptir, ætti að þingsins áliti að vera einúngis þeir, er tekið hefði burtfararpróf við lærðan skóla, og ætti þeir að gánga undir próf í forspjallsvísindum, áður en þeir geingi undir embættispróf; en þingið verður líka að telja það víst, að stofnun þessa

lögfræðíngaskóla hèr á landi yrði mikil hvöt fyrir landsmenn, að setja syni sína til mennta; því að nú sem stendur eru þeir naumast 40, sem læra í latínuskólanum hèr, og svo lítur út, sem þeir fremur fækki en fjölgi, er í skólann ganga, og ein aðalorsökin þess er vafalaust sú, að landsmenn sjá sèr eigi kleyft, fyrst að kosta syni sína 6 ár í skólanum, og síðan að minnsta kosti önnur 6 ár við háskólann í Kaupmannahöfn. En ef einhver lögfræðíngaskóli væri hèr á landi, þar sem þeir sæi að stúdentar gæti orðið hæfir til embættis á svo sem 3 árum, eða yfir höfuð á tilteknum tíma, eptir að þeir hefði lokið við skólanám sitt, þá verður þíngið að telja það víst, að lærisveinar latínuskólans mundi talsvert fjölga.

Auk þess, sem þíngið, eins og þegar er sagt, er sannfært um, að því að eins verði bætt úr skortinum á velmenntuðum lögfræðíngum, að stofnaður verði kennsluskóli handa þeim hèr á landi, þá virðist því og nauðsyn til bera, eptir því sem til hagar hèr á landi, að eingum mönnum, þótt ekki hefði tekið burtfararpróf við lærðan skóla, gæfist kostur á, að nota tilsögnina í skólanum, svo að þeir á eptir gæti leiðbeint öðrum bændum í ýmsu því, sem í daglegu lífi fyrir kemur, og til laganna nær, og feingið svo mikla þekkíngu á rèttargángsmátanum hèr á landi, að þeir gæti rekið mál í hèraði. Reyndar heyrir þetta atriði undir fyrirkomulag skólans, en þínginu virtist þó rèttast og nauðsynlegt, að bera þetta nú þegar fram, svo að til þess yrði tekið tillit, er skólinn yrði stofnaður og fyrirkomulagið ákveðið.

Hversu kostnaðurinn mundi mikill verða, verður þíngið að halda fast við það, að hann þyrfti alls eigi meiri að verða, en þíngið hefir áður sagt, bæði 1855 og 1857, eða hèr um bil 2,500 rd., eða jafnvel eigi nema 2,250 rd. En þegar rætt var um það, hvaðan kostnað þenna skyldi taka, þá varð þíngið að fulltreysta því, að yðar konúnglega hátign munduð allramildilegast vilja veita hann úr ríkissjóðnum, að minnsta kosti þángað til alþíngi feingi rètt til skattalögu, og hreinir reikníngar væri gjörðir um fjárhagsviðskipti Íslands og Danmerkur; því að bæði er það, að alþíngi treysti sèr eigi, meðan óákveðið er um stjórnarfyrirkomulag Íslands í ríkinu, að vísa á neinn þann sjóð eða fè, er kostnaðinn til skólans mætti af taka, og líka þótti því ísjárvert, að ráða til, að þessi skattur yrði lagður á landsbúa, meðan eigi er útsèð um, hversu úr rætist harðæri því, sem nú hefir á verið. En fáist það eigi, að ríkissjóðurinn taki að sèr kostnaðinn til skólans fyrir fullt og fast, þá verður þó þíngið að

fulltreysta því, að kostnaðurinn verði fyrst um sinn greiddur úr ríkissjóðnum, þángað til frumvarp verði lagt fyrir þingið um það, hvernig landið skuli greiða kostnað þenna.

Af ástæðum þeim, sem þegar eru greindar, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast með 22 atkvæðum gegn 3, að bera þá bæn fram fyrir yður, allramildasti konúngur:

1. *Með 22 atkvæðum gegn 3: Að sem allrafyrst verði stofnaður kennsluskóli í Reykjavík handa lögfræðingaefnum, er áður hafi tekið burtfararpróf við lærðan skóla, og taki þeir próf i forspjallsvísindum, áður en þeir taka embættispróf við skóla þenna, og að í skóla þessum verði veitt kennsla í heimspekilegri lögfræði, rómverskum rètti og íslenzkum lögum og rètti.*
2. *Með 22 atkv. gegn 3: Að lögfræðingar þeir, sem tæki embættispróf í skóla þessum, mætti öðlast rètt til lögfræðingaembætta hèr á landi, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, er þurfa þykir.*
3. *Með 12 atkv. gegn 9: Að efnilegum piltum, þó þeir ekki ætli að verða embættismenn, og hafi því ekki tekið burtfararpróf við lærðan skóla, veitist aðgángur að skóla þessum, og að svo verði sèð um, að þeir geti feingið þar svo mikla þekkingu á rèttargángsmátanum og í íslenzkum lögum, sem nauðsynlegt er til þess, að þeir geti fært mál í hèraði.*
4. *Með 22 atkv. gegn 3: Að kostnaðurinn til lögfræðingaskóla þessa mætti verða greiddur úr ríkissjóðnum. (Með 12 atkv. gegn 11): En fáist það ekki, að hann þó fyrst um sinn mætti verða greiddur úr ríkissjóðnum, en á sínum tíma verði lagt frumvarp fyrir alþingi um það, hvernig landið sjálft gæti greitt kostnaðinn; (með 13 atkv. gegn 9): en þó ekki fyr, en þingið hefir feingið löggjafar- og skattafrelsisvald, og hreinir reikníngar eru gjörðir yfir fjárhag milli Íslands og Danmerkur.*

Reykjavík 10. dag ágústm. 1859.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. H. Kr. Friðriksson.

Síðan bað *forseti* þingmenn þá, sem hefði áskilið sèr breytíng-

aratkvæði í stjórnarbótarmálinu og kúgildamálinu, að koma sem fyrst með þau.

Fundi slitið.

---

10. ágúst — Þrítugasti og þriðji fundur.

Allir á fundi. Gjörðabók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur til undirbúningsumræðu *fjárkláðamálið*. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga.

Málið afhent *framsögumanni,* sem las upp nefndarálitið, svo hljóðandi:

„Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd, til þess að segja álit vort um nokkrar bænarskrár, er til þess komu um fjárkláðann, og hvernig honum yrði bezt út rýmt og útbreiðslu hans varnað.

Bænarskrár þær, er nefndinni hafa verið feingnar til álita, eru þessar:

Bænarskrá frá Suður-Þingeyjarsýslu með 17 nöfnum.

Bænarskrá úr Eyjarfjarðarsýslu með 241 nafni.

Bænarskrá úr Húnavatnssýslu með 29 nöfnum, og með henni fylgdu tvær áskoranir frá þremur vestustu hreppum sýslunnar, Þverárhrepp, Torfustaðahrepp og Staðarhrepp, til þingmanns Húnvetninga, með samtals 79 nöfnum.

Bænarskrá frá Snæfellsnessýslu, er samin var á frjálsum fundi í Stykkishólmi.

Þessar 4 bænarskrár eru nokkuð frábrugðnar að efni, þótt eingin þeirra fylgi fram lækningum. Bænarskráin úr Eyjafirði fer fram á, „að konúngur fyrirskipi niðurskurð á öllu sjúku og grunuðu sauðfé í suðurumdæminu að hausti komanda, enda þótt læknað virðist, gegn sanngjörnu endurgjaldi af þeim 30,000 rd., sem útvegaðir eru til fjárkláðalækninga". Bænarskráin úr Suður-Þingeyjarsýslu er og sama efnis í aðaluppástúngu sinni; þó er þess getið enn greinilegar, að einíngis skuli sauðfé þeirra manna vera þegið undan niðurskurði, er geta sannað, að fé þeirra hafi aldrei feingið fjárkláðann og eigi haft samgaungur við kláðasjúkt fé, og í öðru lagi, að þeim 30,000

rd. verði varið til að bæta úr skaða þeim, er af niðurskurðinum hefir leitt, eður leiðir hèr á landi. En í bænarskrá þessari var og stúngið upp á til vara, að öllum Sunnlendíngum yrði gjört að skyldu, að hafa fè sitt í svo strángri heimavöktun, að hinum ömtunum væri eingin hætta búin af samgaungum við það, svo leingi sem það væri álitið grunsamt af kláða eður kláðavotti, og í öðru lagi, að þeim 30,000 rd. yrði skipt að rèttri tiltölu milli allra amtanna. Bænarskráin úr Húnavatnssýslu fer aptur því fram, að öllu kláðasjúku fè í Borgarfjarðarsýslu yrði eytt nú í haust, og síðan með framhaldsniðurskurði, ef á þyrfti að halda; en að öðrum kosti felur hún þínginu á hendur, að finna þau ráð, er gæti afstýrt hættu þeirri, er svo bersýnilega vofði yfir Húnavatnssýslu, og jafnvel öllu norðurumdæminu. Áskoranir þær, er fyr var getið, biðja einkum um óhulta verði, og bænarskráin úr Snæfellsnessýslu biður og einkum um tryggilega og hyggilega setta verði. Eingin af bænarskrám þessum fer því lækníngum fram, heldur eru tvær þeirra á algjörðum niðurskurði, ein á takmörkuðum niðurskurði, en ein og báðar áskoranirnar halda einkum fram óhultum vörðum, og ein gjörir verðina að varauppástúngu. Enn fremur mælast tvær bænarskrárnar til þess, að þetta verði gjört af þeim 30,000 rd, sem þíng Dana hefir veitt, til að útrýma kláðanum hèr á landi.

Áður en nefndin kveður upp álit sitt um bænarskrár þessar, þykir henni öll nauðsyn á, að athuga vandlega aðalefni málsins, eður íhuga, hvert sè takmark það, er kláðamálið eigi að ná. Nefndin hlýtur nú að álíta sjálfsagt, að ekkert annað mark og mið sè til í þessu máli, en að *út rýma* sýkinni úr fènu, og jafnframt *varna* útbreiðslu sýkinnar, og að þetta sè gjört með þeim haganlegustu og beztu ráðum, er feingizt geta. Nefndin ætlar, að allir hljóti að vera henni samdóma í þessu, hversu ólíkar sem skoðanir manna annars kynni að vera um það, hver ráð eður aðferð sè tiltækilegust og happasælust fyrir land og lýð, til þess að ná þessum tilgángi. Nú eru tvö ráð fyrir hendi, til að útrýma sýkinni; er annað að lækna skepnuna, en hitt að skera hana, það er lækníng eður niðurskurður. Hvora þessara aðferða skuli fremur við hafa, er einúngis komið undir því, hver þeirra sè haganlegri fyrir velgeingni manna, þegar á allt er litið; þess vegna geta menn eigi sagt, að önnur þeirra sè alveg betri út af fyrir sig, heldur að eins betri eptir málavöxtum. Þessari reglu er og fylgt í öllum löndum, sem vèr þekkjum til, eigi síður í Danmörku, en annarstaðar; því bæði eru mörg dæmi til þess þar, að

dýralæknar leggja það til, að kindin sè skorin, en eigi læknuð, og svo er það í lögum þeirra lagt eiganda á sjálfsvald, hvort hann vill heldur skera kindina, eður lækna hana; hann er að eins skyldur til, að lækna skepnuna, ef hann eigi vill skera hana; fyrir því er hvorki þar, nè annarstaðar, þar vèr til vitum, framfylgt þvínguðum niðurskurði á kláðasjúku sauðfè, en því síður þvínguðum lækningum, heldur er hver fjáreigandi látinn ráða, hvort af þessu tvennu hann vill fremur aðhyllast; en skyldur er hann að gjöra eitt af tvennu, annaðaðhvort að lækna, eður skera niður. Þessi grundvallarregla laganna er byggð á því, er vèr áður gátum um, að tilgánginum, að útrýma sýkinni, verður þar náð með hvorritveggja aðferðinni. Útrýming sýkinnar er þar gjörð að lagaskyldu, vegna þess að almenningsheill býður, að sýkinni sè út rýmt, en valdstjórninni, eður rèttara sagt þeim mönnum öllum, er tilsjón og framkvæmd laganna á hendi hafa, er einúngis falið á hendur, að hvetja menn með góðu, til þess að við hafa þá aðferðina, er almennt er álitin haganlegri, en að skipa, hana geta þeir ekki. Í öðru lagi ber og þess að gæta, að aðskilnaður hins kláðasjúka fjár frá hinu heilbrigða, og eins kláðasjúkra hèraða, eður í einu orði, *allar varnir gegn útbreiðsu sýkinnar,* eru og jafnframt gjörðar að lagaskyldu; enda er það og eigi síður nauðsynlegt fyrir almenningsheill, að varna útbreiðslu sýkinnar, en að vinna bug á henni.

Nú er nefndin hefir virt fyrir sèr meginatriði málsins, og fundið, að það sè í því fólgið, *að út rýma sýkinni, og jafnframt að varna útbreiðslu hennar,* þá snýr hún sèr að því atriðinu, hvernig sýkinni verði út rýmt hèr á haganlegasta hátt fyrir allan landslýð, og hvort eigi sè ástæða til, eptir því, sem hèr hagar til, að gjöra annaðhvort lækningar eður niðurskurð að lagaskyldu, þótt það sè eigi beinlínis gjört annarstaðar, heldur látið vera komið undir atvikum. Nefndin hlýtur í þessu efni að hafa það fyrir augum, hvort tilgánginum verði náð, eður sýkinni út rýmt, nema því að eins, að við hafa mestmegnis aðra aðferðina, og hvort það sè eigi til svo óbærilegs tjóns fyrir landbúnaðinn og velgeingni lands vors, að við hafa hina aðferðina mestmegnis, eður báðar, eptir því sem bezt vill verða, að almenningsheill heimti, að henni sè eigi hleypt að, heldur sè önnur aðferðin látin sitja með öllu í fyrirrúmi. Nefndin álítur sèr skylt, að taka heldur lækningaraðferðina, en niðurskurðinn, ef hún með nokkru móti gæti sèð, að tilgánginum yrði náð með henni, en það er, að kláðanum verði útrýmt á hinn haganlegasta hátt úr landinu.

Nefndin verður og að álíta, að stæði hèr á, eins og í öðrum löndum, að kláðinn væri innlendur, að fèð væri fátt, og eigi þyrfti á afrèttum að halda; væri sauðfjárrækt einginn aðalatvinnuvegur landsmanna; væri landið vel byrgt með dýralækna og kláðalyf, og menn ætti hægt með að nálgast þau frá útlöndum, og gæti skjótt komið þeim upp um allar sveitir; væri sumarið eins langt og hagstætt, og veturinn eigi kaldari, en í öðrum löndum, og þyrfti eigi meira fóður handa sauðfènaði, o. s. frv., þá væri sjálfsagt, að hafa mestmegnis við lækníngar hèr, sem annarstaðar. Það er þá fyrst að athuga, hvort kláðinn sè innlendur eða aðfluttur, og síðan, hvort atvinnuvegirnir og aðrir landshættir hèr á landi sè eigi svo, að annaðhvort sè ómögulegt, eður því nær ómögulegt, að koma lækníngum hèr við, nema til niðurdreps fyrir landbúnaðinn og alla velmegun landsins. Vèr verðum að vera á því, að mjög mikið sè undir því komið, hvort kláðinn sè útlendur, eður innlendur; því sè kann innlendur á þann hátt, að hann komi upp af sjálfum sèr hèr og þar, þá er eigi mögulegt, að skera fyrir hann, eður út rýma honum með niðurskurði alls sjúks fjár; en sè hann útlendur, þá er það vel mögulegt; en þó nú kláðinn sè útlendur, þá er eigi þar með sagt, að rètt sè að útrýma honum með niðurskurði, því lögskyldaður niðurskurður getur eigi, eptir skoðun nefndarinnar, átt sèr stað, nema því að eins, að almenníngsheill krefji, að honum sè út rýmt á þenna hátt, en eigi annan; en sè nú niðurskurður að eins hentugri fyrir velferð almenníngs, þá álítum vèr skylt, að stuðla fremur til hans með góðum ráðum, án þess hann yrði þó gjörður að lagaskyldu. Eptir þessu getur þá niðurskurður alls hins sjúka fjár að eins verið tiltækilegur, ef kláðinn er útlendur; æskilegur, ef hann (niðurskurðurinn) horfir til hagsmuna fyrir landið, en öldúngis nauðsynlegur, ef almenníngsheill liggur við. Vèr skulum þá fyrst athuga, hvort kláðinn sè aðfluttur eður eigi.

1855 seint um sumarið komu híngað til Reykjavíkur 4 ensk lömb, og hafði Sigurður prestur Thorarensen í Hraungerði pantað þau. Lömb þessi voru í 21. viku sumars flutt upp að Mýdal, og voru þau geymd þar um tíma, því veður leyfði ekki að flytja þau yfir fjall. Á þessu tímabili voru lömbin á túninu, einkum þar sem fèð vanalega lagðist við heimrekstur þess, og stundum rákust þau inn í fjárrèttina með fènu. Þar sem þau höfðu viðnám á túninu, tóku menn eptir, að ullin af þeim lá í smálögðum. Saman við þessi lömb var látið eitt lamb lítið dýrifið um haustið, meðan þau

voru þar, og þetta lamb fèkk kláða, svo ullin fór að detta af því. Síðan var þetta lamb saman við fèð, þángað til að kláði fór að sjást á því, og var þá skorið. En um veturinn fór þar að brydda á sèrstaklegum kláðaeinkennum, sem fór smámsaman vaxandi, og var því leitað til landlæknis og stiptamtmanns. Skoðaði læknirinn þar fèð 6. maí, og skrifaði síðan stiptamtmanni, að þó hann gæti ekki álitið kláða þenna hættulegan, væri hann þó varúðarverður. Snemma í júlí virtist hlutaðeigandi hreppstjóra kláði þessi vera rènaður og ný ull var komin á fèð. Seinni part sumars kom þetta betur fram, því þá var kláðinn kominn í ærnar í Mýdal, og sást líka í allmörgu fè, sem kom af fjalli. Um haustið rèð landlæknir til, að setja nefndir manna og láta lækna, en stiptamtmaður skipaði þá að skera allt niður. Sumarið 1856 hafði nú kláðinn útbreiðzt frá Mýdalsfènu víða um Gullbríngu-, Kjósar-, Borgarfjarðar- og vestari hluta Árnessýslu. Líka hafði kláðinn komið upp í Bytru, að vissri sögn eptir það, að bóndinn þaðan kom frá Hraungerði, sem nýbúinn var að skoða þar hin kláðsjúku ensku lömb, og breiddist hann þaðan óðum út milli Þjórsár og Ölfusrá. Eins og það nú hefir verið sannað af skriflegum skýrslum, að allur sá kláði, sem hófst og útbreiddist í Borgarfirði, kom frá sauðkindum, er heimtust sunnan úr Þíngvallarètt, þar sem margt af Mýdalsfènu kom einnig fyrir, eins hafa menn ljósar sagnir um útbreiðslu kláðans í Árnessýslu, bæði frá Mýdalsfènu og fènu í Bytru. Inn í Ráng árvallasýslu fluttist kláðasýkin haustið 1856, því einn bóndi flutti geldfènað sinn í forboði tveggja yfirvalda yfir Þjórsá, og frá honum útbreiddist hann fyrir austan ána; því þó tilraun væri gjörð, að tálma þar framrás sýkinnar, með að skera fè hans, var það þó um seinan og á ófullu svæði, og varð því ekki að notum. Um vorið 1857 fór amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu eptir kvöð stjórnarinnar til Suðurlands, til þess, ásamt hinum amtmönnunum, að semja frumvarp fyrir stjórnarinnar hönd, er leggja skyldi fyrir alþíngi. Í þeirri ferð var að tilhlutun amtmanns tekið rèttarpróf um uppruna og útbreiðslu fjárkláðans, og sannaðist þar að fullnustu, að hann væri útlendur. Þetta sumar 1857 voru verðir stofnaðir við Hvítá í Borgarfirði, milli suður- og vesturamtsins, og á norður heiðum, milli norður- og suður-amts. Líka voru keyptir dýru verði forustusauðir og fjallsækið fè Borgfirðínga, til þess að minni skyldi verða hættan af samgaungunum. Þrátt fyrir allar þessar varúðarreglur fannst um haustið í fjárleitum Víðdæl-

ínga kláðasjúk dilkær, sem sloppið hafði gegnum varðlínuna; var hún reyndar drepin með lambinu, en flokkur sá, sem hún fannst í, var rekin saman við annað safn til Túngurèttar. Enda mátti síðar, þegar hinn sóttnæmi kláði kom fram þar í sýslu, rekja spor hans frá fè úr þeirri afrètt, og bæði kom hann þar fyrst upp og útbreiddist þaðan með úrtíníngs- og fóðrafè. Þar á móti kom hann hvergi þar fram í Húnavatnssýslu, sem afrèttir voru sèrstakar, t. a. m. á Vatnsnesi og austan Blöndu, og ekki heldur í Svínavatns- og Torfalækjarhreppum, þar sem undir eins var skorið úrtíníngsfè það, sem kom úr Túngurètt. Í Vesturhópi kom hann þannig upp á þeim eina bæ, þar sem bóndinn hafði rekið geldfènað sinn á afrèttir Víðdælínga, og síðar hjá öðrum bónda þar í sveit, sem tekið hafði fóðrafè úr Víðidal. Það var nú svo lángt frá því, að óþrifakláði sá, er geingið hafði fyrri veturinn og verið þá í meira lagi í Húnavatnssýslu, hefði verið meiri á þeim bæjum og í þeim sveitum, þar sem hinn sóttnæmi sunnankláði tók að geisa um veturinn 1857—58, að sýkin brauzt út, og var skæðust í einhverjum hinum beztu fjárræktarsveitunum, og eins á þeim bæjum, þar sem áður minnst hafði borið á óþrifakláðanum, og geta því alls eingar líkur dregizt að því, að hinn sóttnæmi fjárkláði hafi komið þar upp af sjálfum sèr, eins og líka er sannað með rèttarrannsókn, er gjörð var um það í Húnavatnssýslu.

Það er hvorttveggja, að það er margsannað, að útbreiðsla fjárpestarinnar er rakin frá fyrstu stöðvum og frá fyrstu upptökum sýkinnar, í Mýdal af ensku lömbunum, og að ástæður þær, á eingri reynslu byggðar, eru marghraktar, sem landlæknir vor, og aðrir, er honum hafa fylgt, hafa viljað færa fyrir því, að sóttnæmur kláði gæti kviknað hèr í landi, og hin nú yfirgeisandi kláðapest væri þannig upp komin. Því þegar menn nú í 4 ár ekki geta sýnt fram á eitt einastu dæmi, að fjárkláðinn hafi kviknað af sjálfum sèr neinstaðar þar á landi, sem samgaungur fjárins höfðu ekki verið þessu valdar, þá má bæði sú þjóð og sú stjórn vera blind, er ekki vill viðurkenna og láta sannfærast um, að þessi sóttnæmi kláði sè útlendur og aðfluttur, og einkum þegar svona ljós rök liggja til þess.

Til styrkíngar þessari reynslu yfirstandandi ára, viljum vèr geta þess, er saga liðinna tíma kennir oss, að hèr hefir aldrei þess konar sjúkdómur legið í fè, eða komið upp í fè. Hið eina dæmið um næman kláðasjúkdóm á fènaði, sem vèr höfum, er hin útlenda fjárkláðapest, sem gekk hèr á árunum 1762 til 1780, og sem samkvæmt

konúnglegri tilskipun 12. maí 1772 loksins var út rýmd úr landinu með niðurskurði. Í þau hart nær 80 ár, sem síðan eru liðin, vitum vèr með fullri vissu að einginn sóttnæmur fjárkláði hefir komið fram í fè hèr á landi, þar sem annálaritarar vorir og aðrir fræðimenn, sem tiltína hvert hallæri og hvers konar óhöpp, sem yfir landið hafa geingið, geta slíks aldrei, og þegar vèr þannig vitum, að sóttnæmur klaði hafi aldrei um allar umliðnar aldir átt hèr heima hjá oss, en þekkjum dæmin frá þessari og næst liðinni öld um útlenda fjársjúkdóma, þá er það eingin furða, þó þessi reynsla sögunnar, ásamt reynslu þessara tíma, er nú standa yfir, sè oss ný hvöt, til að láta sannfærast um, af hverjum toga þessi fjárkáldi sè spunninn.

Nú er vèr höfum leitt rök að því, að kláðinn sè aðfluttur og því sè tiltækilegt, að út rýma honum með niðurskurði, þá er þessu næst að athuga, hvernig kláðanum verði á haganlegasta hátt út rýmt úr landinu, og hvort honum geti orðið út rýmt með lækníngum, eður með niðurskurði, og skulum vèr þá fyrst athuga, hvort lækníngum verði komið hèr við, svo vel fari, því þær viljum vèr öllu heldur til kjósa, ef þær gæti komið að fullu haldi. En oss getur eigi dulizt, að hèr á landi eru svo margir erfiðleikar á lækníngunum, að vèr sjáum eigi líkur til, að kláðanum verði út rýmt, nè heldur varnað að útbreiðast, ef þær eru einar við hafðar; en hitt liggur í augum uppi. að mesti og bezti atvinnuvegur landsmanna er gjör ónýtur, ef lækníngakáki skal leingi framfara. Vèr skulum þá svo stuttlega, sem vèr getum, taka fram hið frábrugðna ástand hèr á landi, er gjörir aðrar ráðstafanir hèr naudsynlegar, en í öðrum löndum. Ef vèr lítum þá fyrst til afstöðu landsins, þá liggur það milli 63° 24' og 66° 33' norðurháttar, og hèr um bil 300 vikur sjávar frá Kaupmannahöfn að meðalfjarlægð. En stærð landsins er alls 1867 ferhyrndar mílur, þar af eru 764 ferhyrndar mílur heimalönd og búfjárhagar, 682 ferhyrndar mílur eru afrèttir eður almenníngar, sem hafðir eru næstum eingaungu handa geldfè allt sumarið, eður samtals 1446 ferhyrndar mílur; en hitt eru jöklar og óbyggðir. Bæir, eður jarðir og hjáleigur, eru alls 5,762, og er þeim svo tvístrað yfir alla þessa víðáttu af heimalöndum, að hèr um bil 10 bæir eru á ferhyrndri mílu í suður- og vestur-umdæminu, en eigi nema 7 til 8 bæir í norður- og austur-umdæminu. En þótt nú bæir þessir sè eigi svo ýkja margir, þá tekur það samt afarlángan tíma af, að ferðast milli þeirra, því víða verður að fara yfir fjöll og heiðar og sumstaðar yfir firnindi og óbyggðir. Einkum er þó allt ferðalag

örðugt, þegar að því er gætt, að nálega eingir vegir eru til í landinu. Menn geta nú skjótt sèð, að margar sýslur eru enda margfalt stærri, en umdæmi í Danmörku; og ef svo er athugað *vegaleysið,* hin stóru vatnsföll, fjallvegir og aðrir farartálmar, og það yfir fjöll og heiðar og margar ár í byggðum er eigi fært, fyr en í júnímánuði, og optlega eigi farandi fjöll milli Suður- og Norðurlands, fyr en leingst fram í júlímánuði, sem þó væri einna nauðsynlegast, þar lyf eru mest í Reykjavík, og svo í annan stað *samgaunguleysið,* og hversu örðugt og kostnaðarsamt hèr er með alla flutninga, og að fá skýrslur um hvað eina, sem þarf að vita, eður úr að ráða, þá er auðsætt, hversu marga menn og margfaldan kostnað þarf hèr til, að lækningar geti fram farið í nokkru lagi. Nú bætist og hèr við *samgaunguleysið við önnur lönd,* sem gjörir næsta örðugt, að ná til læknishjálpar eður læknisdóma í Danmörku; því þótt póstskipið komi hèr um bil á hverjum 6 vikna fresti til Reykjavíkur um sumartímann, þá er þó allur hinn hluti landsins svo út undan og á svo bágt með, að nálgast læknisdómana frá Kaupmannahöfn, að það er eigi mögulegt fyrir hann, nema einu sinni á ári, þegar kaupskip koma á vorum, sem opt getur leingi dregizt fram eptir vegna hafísa, eins og síðasta vor; en víðast er með öllu óvíst, hvort skip komi aptur á haustin, og þó svo sè, hvort menn þá ná í þau, til þess að panta lyf með þeim aptur um haustið. Þá er og enn *veðuráttan* hinn mesti tálmi fyrir lækningar. Það er eigi einúngis kuldinn á veturna, þótt hann sè frá 12—26° R, heldur einnig svo snöggvir og ákaflega miklir hríðarbiljir haust og vor, eins og nú hefir verið síðustu árin, sem gjöra allar baðanir með öllu ómögulegar. Af þessu veðurlagi leiðir það og, að einginn tími verður hafður til böðunar, nema sumartíminn; en hann verður í raun rèttri harðla stuttur, þegar þess er gætt, að fè fer eigi úr ull, fyr en í júní og eigi alfarið úr henni, fyr en í júnímánaðarlok, eður enda eigi fyr en í júlímánuði; en í miðjum júlí byrjar sláttur, og er eigi úti, fyr en í septembermánaðarlok, ef veður er til þess. Þótt nú veður sè talsvert mildara sunnanlands en norðan, þá er þó veður þar einnig óhentugt til baðana, fyrir sakir sífelldra storma og votviðra.

Það má nú nærri geta, hversu allt verður kostnaðarsamt, sakir þessara erfiðleika, er náttúran gjörir oss. Vèr höfum drepið á, hversu mikla örðuleika vegaleingdin og vegaleysið gjörir oss í landinu sjálfu, og í annan stað, hversu örðugt sè, að nálgast kláðalyf frá Danmörku eður öðrum löndum; en hversu miklu erfiðara er það þó

eigi á veturna, þar sem það má kalla hreinan afskurð, að nálgast kláðalyf, þótt til væri á stöku stað í landinu, sem þó einkum má ráð fyrir gjöra, að verða kynni í Reykjavík; því svo er örðugt og kostnaðarsamt með ferðir á veturna, að póstar komast trauðlega áfram með töskuna eina, hvað þá heldur meira, þá verður það varla orðum aukið, hvílíkum vinnumissir það mundi valda, að nálgast þau þann tíma árs, er menn hafa til þess, að draga að sèr fisk frá sjónum, og þarfir sínar úr kaupstað, því til þess geingur lángur tími, og allir þeir áburðarhestar eru til þess hafðir, sem menn eiga, að vèr eigi nefnum aðra vor- og haustvinnu, sem eigi verður hjá komizt. Þá tekur slátturinn við, sem öllum búmönnum á Íslandi er eins nauðsynlegur, sem uppskerutíminn er í öðrum löndum, því það er sá eini tími arsins, er menn geta safnað heyforða handa skepnunum, og þegar nú taka á hinn bezta þerridag úr slætti til baðana, þá yrði skaði bóndans ómetandi, ef óþurrkar gánga; en látum hann samt baða og athugum, hvað það mundi kosta hann. Nú veitir eigi af 6 mönnum við hvert bað auk læknis, og ef kindin er 5 mínútur í baðinu, þá geta þessir menn baðað 12 kindur á tímanum, eður í mesta lagi 120 kindur á dag. Vinnukaup og fæði þessara manna getur eigi minna verið, en 7 rd.; smalamennska, undirbúníngur undir baðið, að standa í kríngum fè og að nálgast baðmeðölin, getur eigi minna verið, en 5 rd., og verður þá kostnaðurinn alls 12 rd. á hverjar 120 kindur, þótt lyf og lækníng sè gefins. Sè nú baðað 3 sinnum, þá kosta böðin á 120 kindum 36 rd. Verði nú baðað hèr í kláðasýslunum það fè, sem þar er, sem vera mun um 20,000, þá verður kostnaðurinn 6000 rd., auk þeirra 30,000 rd, er eigi mun veita af til lyfja, allra lækna, umsjónarmanna við böðin og stjórnanda kláðamálsins. Vèr höfum einúngis tekið fjártölu þá, er hèr mun hafa verið í vor í hinum kláðasjúku sýslum; en ætti að fara að kosta upp á, að baða fè um land allt, er vera mun nærfellt 400,000, þá kostar það 120,000 rd,, auk allra læknisdóma og læknishjálpar, sem fyr er getið. En þó kostnaður þessi þyki æði mikill, þá er hann eigi nema smámunir hjá tjóni því, er lækníngartilraunirnar og lækníngakákið baka *sauðfjárræktinni* sem *atvinnuvegi*. Það er efalaust álit allra bænda og búmanna hèr á landi, að menn geti eigi lifað við sauðfjárrækt, nema búsmali geti geingið frjálslega í heimahögum, og reka megi geldfè allt á fjöll og afrètti á sumrum; er og reynsla manna fyrir því, að straung heimageymsla á fè sè öldúngis óhafandi, því með slíku parraki verða kindur varla ætar á haustum. Menn verða

að gæta að því, að hèr á landi geingur allur peníngur magur undan á vorin, og verður því að fitna á sumrin; gjöra menn því miklu meiri kröfur til hagbeitarinnar hèr á landi, en í öðrum löndum, þar sem öllum peníngi er haldið við á fóðri, og enda víðast alin á því til skurðar. Þess vegna ríður öllum sveitabændum á, að geta notað vel sumarhagana; því undir því er komið að svo miklu leyti, hversu margar skepnur hann geti átt. Stjórnin hefir og áður haft tillit til þessa, meðan hún hafði þann mann í ráðum með sèr, er þekkti nákvæmlega landbúnað vorn, og vildi gefa honum gaum, sjá konúngsbr. 13. maí 1793. En nú er því svo varið með beitarlöndin, að afrèttir þar liggja saman, svo að sýkin getur á einu sumri breiðzt út um allt land, enda þótt eigi nema einni kláðsjúkri kind sè sleppt á fjall, og fyrir því er ekki til að hugsa, að nota afrètti þá, er kláðsjúkar sýslur eiga, og heldur ekki næstu afrètti, en þótt tryggvir verðir sè settir á takmörkunum. Færðist nú sýkin í þau hèruð, er landslag eigi aðskilur nokkurn veginn, eður hjálpar mjög til þess, að varðlínur geti dregizt á milli hèraða, þá verður með öllu ómögulegt, að stöðva framrás sýkinnar, hvorki í byggðum niðri, nè á heiðum uppi, og hlyti hún því á einu sumri að breiðast út um margar sýslur i einu. Menn verða að gæta hèr nákvæmlega að landslaginu og víðlendinu, og eins öllu því, er sauðfjárrækt vor hlýtur við að styðjast, og gjöri þeir svo, þá munu þeir finna, að sauðfjárræktin getur eigi staðizt, ef kláðsjúkt fè er látið lifa, svo að það geti haft samgaungur við annað fè, og það verður það þó æfinlega að gjöra, nema það sè bæði sárfátt og parrakað heima við bæi; en sú aðferð er öldúngis eyðileggjandi fyrir sveitabúskapinn. Þá er og þess að gæta, að heyskap vantar á sumum jörðum, einkum hèr syðra, svo að bóndanum er annaðhvort að gjöra, að lóga öllu sauðfè, eður hann verður að láta það gánga úti mestallan veturinn. Lækníngunum fylgir og það tvennt, að lóga verður mjög miklu af fènaði, til þess að geta komizt yfir að lækna, og svo þarf fèð miklu meira fóður og margfalda hirðíngu, auk allrar fyrirhafnar og kostnaðar við sjálfar lækníngarnar. Þetta er játað af flestöllum lækníngamönnum. Ef því litið er á lækníngarnar frá búskaparlegu *sjón*armiði, þá eru þær og hafa líka reynzt öldúngis drepandi fyrir landbúnaðinn. Þetta er hægt að sýna með reynslunni. Eptir skýrslum þeim, sem stiptamtmaður hefir sent stjórninni, þá var allur sauðfènaður:

	um vorið 1857		í desember 1857
í Árnessýslu	c. 100,000	—	6,565
- Kjósar-og Gullbríngusýslu	c. 50,000	—	3,753
- Borgarfjarðarsýslu .	c. 50.000	—	6,000
Samtals	200,000	—	16,318,

eður því nær einar 8 kindur urðu eptir af 100 hverju. Svona mikill var árángur allra lækninganna, eptir að 2 eður 3 útvaldir dýralæknar höfðu undir stjórn stiptamtmannsins ráðið fyrir lækningum hèr í kláðasjúku sýslunum, og svona góðar eru hinar heppilegu lækningar, er lækningamennirnir hafa út hrópað! Að vísu verður þetta geisilega fjártjón minna, ef farið er eptir búnaðarskýrslunum; en þess ber að gæta, að þær geta eigi tekizt hèr til samanburðar, því bæði eru þær jafnan nokkuð of lágar, og svo er þar lömbum sleppt; en í skýrslum þeim, er feingust um haustið eður veturinn 1857, eru lömb talin og svo nákvæmlega hver kind, svo þær verða eigi bornar saman við aðrar skýrslur en þær, sem eru jafnnákvæmar, eins og þessar eru, er teknar voru um vorið; enda höfum vèr eigi ástæðu til að reingja nákvæmni skýrslna þessara í nokkurri grein, þótt þær sè býsna háar.

Í þriðja lagi verður nefndin að athuga, hvílík áhrif lækníngar þessar hafi haft og hljóti að hafa á hugarfar landsbúa í öllum greinum. Vèr skulum vera svo varorðir og fáorðir um þetta atriði, sem oss er unnt, til þess að neyðast eigi til, að fella dóm á aðgjörðir stjórnarinnar og sumra embættismanna hennar. Það þorir nefndin að fullyrða, að það er eigi einn af hundraði allra landsbúa, er sè meðmæltur lækníngum og álíti þær eigi drepandi fyrir hinn helzta bjargræðisveg þeirra, enda hafa svo fáir sem eingir orðið til að mæla þeim bót, er nokkuð þekkja að gagni ástæður landbúnaðarins. Vèr skulum eigi eyða orðum að því, hversu ísjárvert það er jafnan fyrir stjórn, einkum ef hún er sjálf ókunnug ástandi landsins, og verður því að sjá allt með annara augum, að halda leingi fram þeirri stefnu, sem er þvert á móti áliti þjóðarinnar. En þó er það enn ísjárverðara í þeim málefnum, er bændur sjálfir hljóta að álítast að hafa bezt vit á, og sem þá í öllu falli varðar sjalfa mestu, að vel sè stjórnað og til lykta leidd, og það er í sannleika þetta mál. Stjórnin getur eigi byggt á því, að allur almenníngur, og svo að segja allir embættismenn hennar sè trylltir orðnir, og viti eigi fótum sínum forráð, enda þótt einstaka rödd hafi kunnað að hvísla því að henni; en þá getur hún heldur eigi farið og tekið af alþýðu fjárráð sín, og

farið að búa fyrir hana. Slík aðferð verður þó enn ískyggilegri í augum þjóðarinnar, þegar framkvæmdarvaldið í læknìngatilraunum hefir eingin lög við að styðjast, nema ef telja skyldi niðurskurðartilsk. 12. maí 1772, en leggur þó á stundum þúngar sektir við því, sem hvergi er bannað í landslögum, og skipar það harðlega, er landslög eigi bjóða. Af slíkri framferð hlýtur að leiða mikil óvissa og fum í stjórninni, gjörræði og dugleysi í framkvæmdum öllum, en skortur á hlýðni og undirgefni hjá almenníngi, er getur og enda hlýtur að lykta með sorglegum afleiðíngum; því óhugsandi er, að þjóðin láti stjórna sèr til lángframa í lagaleysi og á móti vilja sínum, einkum þegar almenn bágindi, og, ef til vill, húngursneyð er orðinn árángur af slíku háttalagi. Hver, sem vill bera saman allar aðfarir og svo allt ástand hèr í suðurumdæminu við það, sem gjörzt hefir í hinum umdæmum landsins, hann mun skjótt finna, að hèr hefir stjórnleysi, hvikleiki, gjörræði og jafnframt úrræðaleysi og aðgjörðaleysi í allri stjórn, átt sèr stað, en í hinum umdæmunum hafa embættismenn og alþýða verið samþykk og samtaka. Orsökin til þessa er auðsæ, og afleiðíngin líka, því hún lýsir sèr í ástandi manna, og mundi þó hafa gjört það lángtum betur, ef eigi hefði hinn feikna-harði vetur dunið yfir. Amtmaðurinn í vesturumdæminu hefir með tilstyrk embættismanna sinna og eptir samkomulagi við amtsbúa, getað varnað sýkinni að breiðast út í umdæmi sínu, og feingið henni svo heppilega út rýmt á þeim 9 bæjum, er hún var komin á í umdæminu. Í norður- og austurumdæminu hefir það reyndar kostað meira að út rýma sýkinni, af því hún kom þar allt í einu í stórt hèrað; en þó er sá halli alls ekki teljandi í samanburði við fjártjónið hèr í suðurumdæminu, þar sem Norðlendíngar skáru niður eigi nema alls hèr um bil 20,000.

Af öllum þessum ástæðum verður nefndin að vera eindregin á því, að skynsamlegur niðurskurður bæði hafi verið hið eina rètta, þar sem hann hefir átt sèr stað, og svo muni hann enn vera hið eina ráð, sem duga muni, til þess að ná tilgánginum, að varna útbreiðslu sýkinnar og út rýma henni að lyktum. Reynslan hefir sýnt, og mun því miður sýna, að almenníngsheill heimti, að skynsamlegur niðurskurður verði við hafður, til að varna útbreiðslu sýkinnar og að út-rýma henni. En þótt nú nefndin sè fullkomlega sannfærð um, að kláðanum verði eigi eytt með þvínguðum læknìngum, heldur með skynsamlegum niðurskurði, þá sèr hún sèr þó eigi til neins, eins og nú á stendur, að koma fram með frumvarp í þessa stefnu, enda verður hún að álíta það árángurslaust fyrir þíngið, að koma nú fram að

nýju með frumvarp, eptir öllu því, sem á undan er geingið, og sem að öllum líkindum eigi yrði til annars, en til þess, að stjórnin ónýtti það, álíka og hún hefir áður gjört. Aðgjörðir stjórnarinnar gjöra nú, og eru þegar búnar að gjöra þenna veg ófæran fyrir þingið.

Nú er vèr þá lítum yfir aðgjörðir stjórnarinnar í málinu, þá er það fyrst, að hún hefir með öllu ónýtt atkvæði alþingis 1857, og það þótt hún áður hefði gefið þinginu fullt löggjafarvald í málinu, og heldur eigi hefir hún gefið gaum tillögum embættismanna sinna, nè almennings í norður- og vestur-umdæminu, heldur farið að ráðum einstöku manna utanlands og innan, er henni hefir þótt einir hafa vit á málinu, og þannig hindrað þessa embættismenn í framkvæmdum þeim á málinu, er þeir hefði gjört eptir samkomulagi við amtsbúa sína, og eptir ráðum, ósk og vilja þeirra. Stjórnin hefir og enn fremur aðhyllzt, að stiptamtmaður mætti fylgja að eins nokkrum greinum innan úr lagafrumvarpi alþingis 1857, í þeirri von, að hún feingi samþykki konúngs til þessa; en þetta samþykki hefir hún þó ekki feingið, og því látið stiptamtmann eigi hafa neinar lagagreinir við að styðjast í þessu máli. Síðan hefir hún tekið þá ráðstöfun, að útvega sèr 30,000 rd. hjá þingi Dana, og sent síðan 2 konúnglega erindsreka hingað til landsins, er hafa ótakmarkað vald, til að gjöra það, sem þeim þykir nauðsynlegt í þessu máli, en embættismönnum er ögrað með konúngs ónáð, ef þeir eigi vildi hlýða skipunum þeirra. Með aðferð þessari er það auðsætt, að stjórnin hefir tekið að sèr alla stjórn málsins, og það án vilja flestra embættismanna sinna, og gegn vilja landsmanna og ályktunum alþingis; en þá er og auðsætt, að hún hefir tekið að sèr alla ábyrgð af meðferð sinni á málinu fyrir allri þjóðinni, og að hún verður að standa allan veg og vanda af meðferð sinni, bæði fyrir þann tíma, sem liðinn er, og eins bera allar afleiðíngar af þeim enn ókomna tíma. Í þessari grein verður stjórnin að ábyrgjast fè það, er hún fèkk hjá þinginu í Danmörku, og álítur nefndin, að alþingi eigi að hafa allan nauðsynlegan fyrirvara í þessu efni. Stjórnin verður og að ábyrgjast allan þann kostnað, í einu orði: allar afleiðíngar, er leitt hafa, og leiða munu af ráðstöfunum hennar hèr á Suðurlandi, og ef víðar er, í þessu máli. Nefndin vill ráða þinginu til, að lýsa þessu yfir, svo að stjórnin geti hagað sèr þar eptir.

Með því nú að stjórnin hefir tekið að sèr málið, og alla ábyrgð af því, þá liggur beint við, að hún verður á sinn kostnað að varna útbreiðslu kláðans úr hinum sýktu hèruðum til hinna ósýktu, og álít-

ur nefndin því, að alþingi ætti að biðja konúng vorn, að hlutast svo til, að framvegis verði hafðir óhultir verðir milli hinna sýktu og ósýktu héraða, og að varðkostnaðurinn verði allur borgaður af ríkissjóðnum, eður á þann hátt, að Ísland beri eigi kostnað þann að neinu. Oss finnst bæn þessi leiða beint af aðgjörðum stjórnarinnar í kláðamálinu, enda er hér svo ástatt í suðurumdæminu, að ekki er fé til að kosta verðina, þar sem jafnaðarsjóðurinn er stórskuldugur orðinn fyrir sakir lækninganna, og svo er sauðfénaður manna fallinn svo mjög, að bæði verður gjaldið til jafnaðarsjóðsins lítið, þótt það væri hátt sett, og svo þola menn eigi léttar álögur, hvað þá heldur þúngar, þegar þeir eru búnir að missa aðal- atvinnuveg sinn. En það verður nefndin að álíta ófært, að þeir menn skuli kosta verðina, sem eiga heilbrigða fé, eins og að þeir ætti að gjalda þess, þar sem hitt er aptur á mót brýn skylda hvers manns, eptir lögum og rétti allra manna, að gjöra eigi öðrum skaða. Nefndin verður nú að álíta verði milli hinna sýktu og ósýktu héraða öldúngis nauðsynlega, og sem hinn tryggasta skilmála fyrir því, að sýkin færist eigi inn í heilbrigðu sveitirnar. Í þessu efni getur nefndin stutt sig við reynslu manna hér á landi, álit almenníngs og margar af þeim bænarskrám, er nefndinni hafa verið feingnar. En til þess nú að verðirnir verði sem tryggastir, og jafnframt sem haganlegast settir, þá verður nefndin að álíta það tvennt nauðsynlegt, að verðirnir sè skipaðir þeim mönnum, er varðar mestu, að þeirra sè sem vandlegast gætt, og að öll umsjón þeirra sè falin þeim á hendur, er hlýtur að vera mest umhugað um, að umsjónin verði sem bezt. Þess vegna verður nefndin að ráða þínginu til þess að biðja um, að amtmönnunum í norður- og vestur-umdæmunum verði falið á hendur, eptir samkomulagi við nokkra helztu menn í umdæmum sínum, að skipa verðina, og að kjósa til þeirra þá menn, er þeir álíta bezta; en stjórnin heiti þeim að borga kostnaðinn, eins og áður er sagt. Vörður sá, er hér ræðir um, er, eins og nú á stendur, Hvítárvörðurinn, er hlýtur að ná upp með allri Hvítá, frá sjó og fram í jökla, og milli Lángajökuls og Hofsjökuls. En um vörðinn milli hinna sýktu og ósýktu héraða í suðurumdæminu, þá verður hann, eins og nú á stendur, að vera með fram Affallinu í Rángárvallasýslu, og jafnframt fyrir ofan afrétti Rángæínga. Þenna vörð ætlum vèr að stiptamtmaður eður sá maður annar, er stjórnin til þess kýs, ætti að setja með ráði helztu manna úr Rángárvalla- og Vestur-Skaptafellssýslu.

Eitt atriði er það enn, er nefndinni þykir næsta áríðandi, að

gefinn verði sèrlegur gaumur. Vèr verðum að byggja á því, að fjárkláðinn sè ekki í hinum umdæmunum; því bæði veit enginn til þess, að hann sè þar, og svo er sú ósvífni lángt frá oss, að geta oss þess til, að nokkur maður leggi þar dulur á hann, enda væri ómögulegt, að dylja hann til lángframa. Þetta mun og staðfestast, þegar hinn konúnglegi erindsreki kemur aptur, er nú er á ferðum sínum, til þess að rannsaka heilbrigðisástæður sauðfjárins í hinum umdæmum landsins. Vèr álítum því, að allt öðru máli sè að gegna um norður- og og vesturumdæmið, en um suðurumdæmið, með því að þar er enginn fjárkláði, en aptur á mót hèr; fyrir því fær nefndin eigi betur sèð, en að það sè full ástæða fyrir þíngið, að biðja konúng vorn um, að amtmennirnir í norður- og vesturumdæminu fái aptur, sem fyrst verða má, fullt embættisvald sitt, til þess að ráðstafa þessu máli. Nefndin getur ekki sèð neina þörf á, að binda þá við nokkra kláðastjóra, fyrst þar er enginn fjárkláði; heldur eigi fær nefndin sèð, að þessi uppástúnga geti riðið í nokkurn bága við neina ráðstöfun stjórnarinnar í máli þessu framvegis, því það eru hin sýktu, en eigi hin ósýktu hèruð, er stjórnin getur haft í hyggju að beita ráðstöfunum sínum á. En aptur á mót virðist nefndinni það æskilegt og nauðsynlegt, að landstjórnin komist sem fyrst í sitt horf aptur.

Nefndin hefir nú, eins og fyr er sagt, sett sèr það, að ráða eigi þínginu til neins, er komizt gæti í bága við ráðstafanir stjórnarinnar, svo það taki sèr einga ábyrgð á hendur. Þess vegna hefir nefndin leitazt við, að geta unnið saman við erindsreka konúngs í málinu, til þess að málið feingi sem bezt afdrif að orðið gæti, og því fèkk hún þann erindsrekann á fund með sèr, sem hèr er nálægur. En með því samræðurnar virtust eigi hafa neinn árángur, þá ritaði nefndin *forseta,* og bað hann bera upp fyrir hinn konúnglega erindsreka þær 4 spurníngar skriflega, er nefndin hafði áður borið munnlega upp við hann á fundinum. Nefndin fèkk þegar aptur svar erindsrekans, og er það svo látandi:

„Þèr hafið, herra *forseti,* með yðar heiðraða brèfi 24. þ. m. sent mèr nokkrar fyrirspurnir frá nefnd þeirri, sem alþíngi hefir sett í fjárkláðamálinu, og óskað minna andsvara svo fljótt, sem mèr væri framast auðið.

Það er bæði yður og nefndinni kunnugt, að prófessor *Tschernings,* sem er annar erindsreki konúngs í þessu máli, er fjarlægur og á ferð um landið, til að rannsaka heilbrigðisástand fjárins, eptir

því, sem fyrir er lagt í erindisbrèfi konúngs; mèr er þess vegna ekki mögulegt, að bera mig saman við hann um þessi atriði, sem nefndin fer fram á, eins og eg ekki heldur veit, hverjar ályktanir við munum draga síðar af rannsóknum hans, eða hverra ráðstafana þær muni leiða til; enda vona eg nefndarmenn verði samdóma um, að í slíku máli, sem þetta er, getur einginn ætlazt til, að nokkur geti ákveðið fyrir fram það, sem er undir sjálfum viðburðunum og kríngumstæðunum komið, er smásaman koma í ljós og á ýmsan hátt.

Þessa skoðun mína á málinu lèt eg í ljósi á fundi með nefndarmönnum, og eg hefði því, að mèr finnst, gilda ástæðu til, að vísa frá mèr slíkum spurníngum, sem þessar eru, einkum þar eð mèr virðist þær fram settar í þeim anda, sem miðar til að hindra framkvæmdir okkar og gjöra þær tortryggilegar; en svo að ekki standi af mèr nein stífni í þessu máli, svo sem eg vilji ekki svara, jafnvel bæði munnlega og skriflega, hverju því, sem mèr er auðið að svara, þá skal eg ekki undan fella að svara stuttlega hverri spurníngu sèr í lagi.

1. Þar sem nefndin spyr, hvort eg eða við viljum að fullu ábyrgjast á stjórnarinnar kostnað, að kláðinn ekki út breiðist frá sýktum hèruðum með fulltryggum vörðum, og hverja verði við álítum fulltrygga, þá get eg svarað þar til, að við höfum skipað fyrir bæði almennar baðanir, strángan aðskilnað á sjúku og heilbrigðu fè, og vöktun fjárins í þeim hèruðum og á þeim bæjum og í nábýlum við þá, þar sem veikin hefir gjört vart við sig. Þessu hefir verið og verður streingilega fram fylgt, þángað til sjúkdómnum verður út rýmt, og fèð verður allæknað og heilbrigt, en þegar svo er orðið, þá verður heilbrigði fjárins, með aðgæzlu manna, að minni ætlun, hinn tryggasti vörður.
2. Nefndin spyr, hversu leingi eg ætli að halda fram sömu stefnu, ef ráðstafanir okkar í sumar skyldi ekki reynast fullnógar, til að út rýma kláðanum; þar til get eg ekki svarað öðru en því, að mèr er ekki nú sem stendur annað sýnilegt, en að eg muni halda áfram sömu stefnu og híngað til, meðan eg er sannfærður um, sem eg nú er og hefi verið, að sú stefna sè hin rètta.
3. Þar sem nefndin spyr, hvort við höfum ekki í hyggju að verða hèr að staðaldri, þángað til við höfum feingið fullan og vissan árángur af umsýslun okkar, þá er það sjálfsagt, að við förum í því efni eptir því, sem nauðsyn málsins krefur, samkvæmt erindisbrèfi okkar og ráðstöfun stjórnarinnar.

4. Nefndin spyr, hvort við ætlum að nokkru leyti, eða á nokkrum stað að neyta niðurskurðar, til að útrýma sýkinni, og ef svo sè, hvort við álítum þá stjórnina að nokkru leyti skuldbundna til, að endurgjalda tjón það, er af skurðinum kynni að leiða, og ef svo er, þá, að hve miklu leyti? Þessu get eg ekki svarað öðru en því, að enn sem komið er lítur svo út, sem þessi spurníng bíði ekki svara, og að ekki muni þurfa á neinni niðurskurðarskipun frá okkur að halda.

Reykjavík 26. d. júlím. 1859.

Jón Sigurðsson.

Til

forsetans á alþíngi, herra *Jóns Guðmundssonar,* málafærslumanns".

Svar þetta hefir nú eigi getað fullnægt nefndinni, og verður hún því að benda enn á nokkur þau atriði, er hún ætlar að á eingan hátt geti riðið í nokkurn bága við umboð hinna konúnglegu erindsreka, að því leyti það yrði umtalsmál, að framkvæmdin næði til þeirra, heldur að þau einmitt stefni í sömu áttina, að hinum sameiginlega tilgángi allra vor, að út rýma sýkinni úr landinu á hinn haganlegasta hátt, er orðið getur.

Vèr vitum nú gjörla, að sauðfè er orðið svo sárfátt víðast hèr í kláðasýslunum, að sveitabændur geta eigi af því lifað, og svo eru víða margir bæir með öllu sauðlausir, sem þegar liggur við auðn. Nú munu þessir bændur eigi fá fè að keypt úr heilbrigðum hèruðum, og annarstaðar er eigi fè að fá, meðan að kláðinn er annaðhvort í fè sjálfra þeirra, eður annara á næstu bæjum, er hafa samgaungur við þeirra fè. Er það full vorkun, þótt menn vilji eigi selja þeim fè, því bæði getur það strokið aptur, og svo flutt með sèr sýkina, og svo er heldur eingin tryggíng fyrir því, að kláðinn verði eigi hèr á landi að kynfylgju í fènu, sem annarstaðar, og þróist síðan aptur, jafnskjótt og linað er á lækníngum, eður fè fjölgar, og fer að gánga á afrètti. Þessi misla fjárfækkun á sèr þó einkanlega stað í Rángárvallasýslu og efri hluta Borgarfjarðarsýslu; eru þar fáir bæir með sýktu fè, en allmargir sauðlausir, því bændur þessir hafa eigi feingið fè keypt, og þora heldur eigi að fá sèr fè, meðan sýkin er á næstu bæjum umhverfis þá. Nefndin vill því benda til þess, að rèttast mundi, að farga hinu sýkta fè í þessum hèruðum, og þannig þreingja svið sýkinnar. Þetta er lítill sem eingínn kostnaður, ef skorið er að haustinu til, og því í raun rèttri eigi annað, en skipti á sýktu og heil-

brigðu fè. Ef nú þetta væri gjört í haust, og síðan haldið áfram í hinum neðri hluta Borgarfjarðarsýslu að hausti 1860, og eins Árness- Gullbríngu- og Kjósarsýslu, þar til búið væri að uppræta hinn sýkta fjárstofn, ef sýkin helzt í fènu, þá ætlum vèr hægt, að fá aptur fè jafnótt í skarðið með sanngjörnu verði í hinum umdæmunum, og yrði þá sýkinni út rýmt úr landinu kostnaðarlaust, að kalla má. Það ætlar og nefndin einkar árfðanda, að verði sýkinni ekki gjörsamlega út rýmt úr landinu, áður en alþíngi verður næsta sinn, að þá verði þó loksins lög sett um þetta mál, enda er og líklegt, að lækníngaraðferð þessi megi þá þykja fullreynd orðin. Ætlum vèr þá bezt fallið, að alþíngi yrði veitt fullt löggjafaratkvæði í máli þessu, og að *konúngsfulltrúa* yrði gefið vald á, að staðfesta lagafrumvarp þíngsins sem bráðabyrgðarlög.

Að því leyti sem bent er til þess, að ráðstafanir og framkvæmdir þessa máls skuli fram fara þegar í haust, þá álítur nefndin sjálfsagt, að þíngið verði í því efni að snúa sèr til hinna konúnglegu erindsreka hèr á staðnum. En það eru einkum 2 atriði, er nefndinni þykir þörf á að taka fram. Annað er það, að hinir konúnglegu erindsrekar gefi amtmönnunum í norður- og vesturumdæminu tilkynníngu um, eigi síðar en þeir báðir, eður annar þeirra, fer hèðan af landi, að þeir (amtmennirnir) hafi nú hèr eptir fullt embættisvald sitt, til þess að ráðstafa þessu máli. Nefndin verður að álíta þetta öldúngis nauðsynlegt, ef svo fer, að hinir konúnglegu erindsrekar fara hèðan í haust, því þótt kláði sè nú eigi í hinum umdæmunum, þá getur hann þó hafa breiðzt þángað í sumar fyrir samgaungur, og komið þar upp að vetri komanda, og þá væri sannarlega nauðsynlegt, að amtmennirnir hefði vald, að skipa fyrir um málið. Hitt er það atriðið, sem lýtur að því, að þreingja svið sýkinnar þegar í haust. Vèr viljum því ráða þínginu til, að það fyrir milligaungu *forseta* síns skori á hina konúnglegu erindsreka um bæði þessi atriði.

Af öllum fyr greindum ástæðum verður nefndin að ráða þínginu til, að aðhyllast svo látandi uppástúngugreinir:

I. *Alþíngi lýsir yfir því áliti sínu, að stjórnin hafi með ráðstöfunum sínum í þessu máli tekið að sèr alla þá ábyrgð, er þar af flýtur, bæði við þíng Dana og við þjóðina á Íslandi, og geymir alþíngi, sem fulltrúaþíng þjóðarinnar, sèr og henni allan rètt í þessari grein.*

II. Alþíngi biður því konúng um:

1. Að stjórnin haldi á kostnað ríkissjóðsins fulltrygga verði

alstaðar milli hinna sýktu og ósýktu hèraða, bæði í suðurumdæminu og á umdæmamótum, og sè þessir verðir settir á þann hátt, er segir hèr að framan í nefndarálitinu.

2. *Að amtmennirnir í norður- og vesturumdæminu fái sem allrafyrst fullt embættisvald sitt aptur, til að ráðstafa þessu máli framvegis í sínum umdæmum.*
3. *Að svið sýkinnar verði þreingt smátt og smátt eptir því, sem haganlegast er.*
4. *Sè sýkinni eigi algjörlega útrýmt um nýár 1861, að þá leggi konúngur frumvarp fram á alþíngi sumarið 1861 um algjörða útrýming sýkinnar. Konúngur veiti þá alþíngi fullt löggjafaratkvæði í málinu, en fulltrúa sínum á þínginu vald, til að staðfesta frumvarp þíngsins sem bráðabyrgðarlög.*

III. Alþíngi skorar gegnum *forseta* sinn á hina konúnglegu erindsreka:

1. *Að þeir hlutist til, að lógað verði þegar í haust öllu fè í Holtamanna- og Vestur-Landeyjahrepp í Rángárvallasýslu, en að í efra hluta Borgarfjarðarsýslu, ofan að Skorradalsvatni og Andakýlsá, að með töldum bænum Svánga, verði lógað öllu sjúku fè og því, er sýkzt hefir.*
2. *Að þeir gefi amtmönnunum í norður- og vesturumdæminu eigi síðar, en annar þeirra (hinna konúnglegu erindsreka), eður báðir fara hèðan í haust, tilkynníngu um, að þeir (amtmennirnir) hafi fullt embættisvald sitt, til að ráðstafa máli þessu framvegis.*

Reykjavík 6. d. ágústm. 1859.

Arnljótur Ólafsson, framsögumaður. *Ólafur Jónsson,* formaður. *Páll Sigurðsson.*

Stefán Jónsson. *Ásgeir Einarsson.* *Sveinn Skúlason,* skrifari.

Guðmundur Brandsson, með tilliti til míns ágreiníngsatkvæðis.

Eg get ekki að öllu leyti verið samþykkur mínum heiðruðu meðnefndarmönnum, því fyrst læt eg það nú óákveðið, hvort hinn um ræddi fjárkláði hèr á Suðurlandi er heldur útlendur eða innlendur að upprunanum til, og svo líka, hvort hann verður læknaður að fullu eða ekki, þar næga reynslu vantar fyrir því, og svo læt eg liggja milli hluta ýmsar þær reikníngsáætlanir, sem nefndin hefir gjört.

Hvað niðurlagsatriðunum í þessu nefndaráliti viðvíkur, þá er eg að vísu á þeirri meiníngu, að stjórnin hafi með aðferð sinni í kláðamálinu tekið að sèr alla ábyrgð þess, en þar af leiðir þá aptur, að mèr virðist, að nefndin getur ekki ráðið þínginu til, að skerða þessa ábyrgð hennar, nema með því móti, að það aptur leggi sèr á herðar þann hluta ábyrgðarinnar, sem það vill fá af numinn; því undir eins og beðið er um, að amtmennirnir í norður- og vesturömtunum fái aptur sitt fulla vald í kláðamálinu, þá getur ábyrgð hennar einúngis náð til suðuramtsins; mèr sýnist því, að þessi skiptíng sè nokkuð óviðkunnanleg; því eg ætla, að stjórnin ætti að hafa alla ábyrgð þessa máls, svo hún gæti beitt ráðstöfunum sínum, eptir sem haganlegast væri. Hin niðurlagsatriðin geta þess vegna ekki verið nema bendíng eða ráðleggíng til stjórnarinnar um það, hvernig nefndin eða þíngið álítur, að þessi ábyrgð geti orðið trygg að nokkru leyti, og í þessum skilníngi er eg samþykkur framanskrifuðu nefndaráliti.

Reykjavík 6. ágúst 1859.

Guðmundur Brandsson“.

Skýrsla

yfir landstærð og bæjafjölda.

	heimalönd.	afrèttir.	samtals.	hjáleigna og jarðatal.
Skaptafellssýsla	45	54	99	265
Rángárvallasýsla	46	84	130	473
Árnessýsla	60	70	130	566
Gullbríngu- og Kjósarsýsla (Reykjavík frátalinni) .	23	13	36	396
Borgarfjarðarsýsla	18	12	30	246
Samtals	192	233	425	1946
Mýra- og Hnappdalssýsla .	28	30	58	266
Snæfellsnessýsla	20	7	27	302
Dalasýsla	25	13	38	202
Barðastrandarsýsla . . .	24	21	45	210
Ísafjarðarsýsla	35	23	58	306
Strandasýsla	16	23	39	131
Samtals	148	117	265	1417
Flyt	340	350	690	3363

	heimalönd.	afrèttir.	samtals.	hjáleigna og jarðatal.
Flutt	340	350	690	3363
Húnavatnssýsla	49	58	107	406
Skagafjarðarsýsla	38	37	75	445
Eyjafjarðarsýsla	48	27	75	448
Þíngeyjarsýsla	138	96	229	470
Norður-Múlasýsla	101	100	201	275
Suður-Múlasýsla	55	14	69	255
Samtals	424	332	756	2299
Á öllu landinu	764	682	1446	5662

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg ætla ekki að fara neinum orðum um nefndarálitið að svo stöddu, því að það mun mæla sjálft betur fram með sèr, en eg er fær um að gera; en eitt vona eg, og það er, að þeir þíngmenn, sem málinu eru mótfallnir, verði þó að kannast við, að nefndarálitið sè hóglega samið, og eigi sè þar farið fram á nema hið allra-minnsta, er verða má; því vona eg, að það mæti aptur á mót hóglegum mótmælum.

Forseti: Hèr liggur nú vítt svæði til umræðu, svo að mönnum gæti enzt það í heilan mánuð, ef þeir færi að fara út í allt hið einstaka, einkum að því, er áhrærir fjárkláðasöguna að undanförnu, en það á hèr ekki við, að fara að rekja sögur kláðans, og vil eg því biðja þíngmenn, bæði sakir sjálfs málsins, og svo að umræður þess og málalok gæti orðið sem ljósust, að halda sèr einkum til niðurlagsatriðanna í nefndarálitinu, og hafa fyrir augum kláðann, eins og honum er nú komið, og þær ráðstafanir stjórnarinnar, sem nú eru gjörðar, eða þörf væri á að fá breytt.

H. Kr. Friðriksson: Það mun eingan furða á því, þótt eg verði ekki samdóma nefndarálitinu. Eg hefi verið lækníngamaður híngað til, og er það enn. Það var í fornöld talið illt, að heita trúarníðíngur, og eg vil eigi heita það; eg ætla eigi að níðast á trú minni í þessu máli, meðan eg get eigi breytt sannfæríngu minni. Nefndin hefir talið það margt fram í áliti sínu, sem eigi verður sannað; það er þá fyrst, að hún segir, að kláðinn sè útlendur; þetta held eg sè eins erfitt að sanna, eins og að sanna það, að hann sè innlendur; nema hvað það eru einmitt allar líkur til, að hann sè innlendur; og eins held eg verði bágt að sanna skoðanir niðurskurðarmannanna um útbreiðslu kláðans, og það er svo margt, sem nefndin tekur til, og

telur víst, að bágt verður að sanna, og eigi kemur málinu við; og margt er svo ýkt, að eigi nemur neinni átt, og ætla eg að taka helzt til eitt dæmi. Nefndin gjörir lítið úr kláðalækníngunum, og segir, að þær hafi svo óbærilegan kostnað í för með sèr, að þær verði eigi vinnandi. Nefndin segir, að það þurfi 6 menn við hvert bað, og ætlar hverjum þeirra 1rd. 16 sk.; auk þess er smalamennska og fleira, og svo flutníngur lyfjanna á 120 kindur talið 5 rd., og þannig verður kostnaðurinn við baðið á 120 kindum 36 rd. fyrir utan baðlyf, það er að segja menn og flutníngur. Eg sè nú ekki, að meiri smalamennsku þurfi við, þótt fèð sè baðað, en annars; nefndin fer leingra, því að hún ætlar áhorfendunum kaup, en eg sè eigi, hvers vegna þeir eigi nokkurt kaup skilið. Það eru nú ætluð hverjum manni 7 mörk á dag; þetta er of mikið; það er full góð borgun um Jónsmessu, að fá 1 rd. á degi hverjum, og eg veit ekki betur, en að fáir fái þessa borgun; eg held kaupmenn hèr þykist borga vel, ef þeir gefa manninum 72 skildínga, eða í hæsta lagi 5 mörk um daginn; nú eru 2 menn að baða hverja kind í hvert skipti, og þeir feingi þá 2 rd.; þeir mundi komast yfir að baða 120 kindur á dag; í þessar 120 kindur færi 12 pnd. af baðlyfjum, og þegar hvert pund er selt á 22 sk., þá eru það 2 rd. 72 sk.; böðunin kostar þá í allt 4 rd. 72 sk. í eitt skipti, og í 3 skipti 14 rd. 24 sk., og hèr er nú allt reiknað, nema smalamennskan, sem ekki þarf að telja, og flutníngurinn; eg gjöri nú ráð fyrir, að einn maður sè í 2 daga að sækja baðlyf, það eru 2 rd., sem hann hefir; þessi maður hefir 1 hest, og á honum flytur hann 160 pnd.; eg gjöri nú ráð fyrir, að 3 mörk sè fyrir hestinn; þegar hann hefir annan hest, eins og sjálfsagt er, sèr til reiðar, þá verður borgunin fyrir 2 hesta í 2 daga 2 rd., svo flutníngurinn á 160 pnd. yrði 4 rd.; þetta yrði nú ekki mikill viðbætir við böðunina á 120 kindum, það yrði svo sem 30 skildíngar. Nú eru í Árnessýslu hèr um 14,522 sauðkindur fullorðnar; í Borgarfjarðarsýslu 3,733, og í Gullbríngusýslu 3,139; auk þess hafa Borgfirðíngar keypt að minnsta kosti 1,000 fjár í vetur og vor, svo að nú eru hèr í þessum þremur sýslum hèr um 22,400 sauðkindur; í Árnessýslu eru af því sauðfè, sem þar er, 10,093 ær, og því hèr um bil jafnmörg lömb, og sè sama hlutfall talið í hinum sýslunum, þá verður sauðfèð alls hèr um bil 37,000, og sè ráð fyrir gjört, að baðlyf fari jafnmikil í 2 lömb og 1 fullorðna kind, þá verður fèð alls talið sem fullorðið hèr um bil 30,000, og kostnaðurinn við böðun þess fjár verður því að eins hèr um bil 3,700 rd. Sumt hvað

annað, sem nefndin hefir sagt, er nú líka mishermt; hún segir, að fækkun fjárins sè árángur af læknîngunum; þetta nær nú eingri átt; eða er læknîngunum um það að kenna, þótt menn skæri haustið 1857 fè sitt niður þúsundum saman af hræðslu fyrir, að það mundi sýkjast? Var það því læknîngum að kenna, þótt eptir væri hèr í suðursýslunum að eins 16,318 um haustið 1857? Eg ætla nú ekki að fara út í dómana á embættismönnunum, hvorki lofa þá nè lasta; eg veit, að þeir hafa gjört í því efni eptir beztu sannfæríngu, eptir því, sem hver hefir álitið, að bezt yrði og affarasælast, en hitt er annað, hvort aðgjörðir þeirra hafa orðið jafn-affarasælar. Þar sem sagt er í nefndarálitinu, að stjórnin hafi ekki hlýtt ráðum þjóðarinnar, þá er það satt, að hún hefir eigi farið að bænum Norðlínga og Vestfirðínga, og tekið fjárforráðin af Sunnlendíngum; en til þess, að það mætti heita bænir þjóðarinnar, þá yrði það líka að vera ósk Sunnlendínga, þeirra, sem einmitt fyrir tjóninu yrði; en mig furðar eigi á því, þótt Norðlendíngar og Vestfirðíngar sè ósparir á þess konar bænum, þar sem þeir telja sauðfèð á Norðurlandi og Vesturlandi allt heilbrigt. Um ábyrgðina, sem stjórnin á að hafa, þá þykir mèr það undarlegt, að heimta hana; þíngmenn verða þá að minnsta kosti að ábyrgjast, að þjóðin hlýði öllum ráðstöfunum stjórnarinnar í þessu máli. En mèr getur nú heldur eigi skilizt, hvernig það verður samrýmt, að stjórnin í Danmörku hafi alla ábyrgðina, en amtmennirnir hafi þó allt valdið; það finnst mèr hvort á móti öðru.

Nefndin þykist ekki ætla að halda með niðurskurði, en þó verður endirinn, að hún biður um niðurskurð; þetta virðist ekki koma heim við það, sem sagt er í ástæðunum. Það er auðsèð á öllu, að þeir vilja helzt vinna að niðurskurðinum. Mèr finnst ekki annað geta risið af niðurlagsatriðunum, en hinn mesta ríg; en mál þetta er þannig lagað, að það ætti að vekja hvern góðan Íslendíng, sem ann velmegun landa sinna, að reyna til að beina hugsunum manna í þá átt, að menn verði samtaka, en að hver höndin sè ekki uppi á móti annari, því að af því leiðir illt eitt. Menn ætti að reyna til, að læra allt það af þessum fjárkláða, sem auðið er, reyna að læra það, að slík sýki ekki verði oss að tjóni síðar, heldur að hafa öll þau not, sem orðið getur, af sauðfènu; stuðla að því, að fjáreignin verði sem áreiðanlegust og arðmest. Ef eg gæti nokkuð stutt að því, þá þættist eg vinna þarft verk. Eg hefi því í huga, að koma með aðrar uppástúngur, hvernig sem mönnum kunna nú að líka þær,

og tek eg tilefni af sýkinni, til að reyna að stuðla að því, að menn bæti fjárræktina, sem mjög er ábótavant, og þá þyrfti sýkin ekki að vera svo banvæn. Uppástúngur þessar hljóða þannig:

1. Að hans hátign konúngurinn vilji allramildilegast láta framhalda þeim ráðstöfunum, sem þegar eru gjörðar af hendi stjórnarinnar, til að út rýma fjárkláðasýkinni hèr á landi með lækníngum, uns kláðinn er alveg allæknaður.
2. Að konúngur allramildilegast vilji stuðla að umbótum fjárræktarinnar hèr á landi framvegis og útbreiðslu meiri þekkíngar á rèttri meðferð sauðfjárins; og
   a, að hann í því skyni allramildilegast vilji hlutast til um, að 3 eða 4 Íslendíngar sem allrafyrst læri dýralækníngafræði og meðferð á skepnum í landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn, er á eptir setjist að hèr á landi, og fái viðunanleg laun úr opinberum sjóði;
   b, að hann allramildilegast vilji stofna 3 eða 4 dýralækníngaembætti, og veita fè til að launa dýralæknum þessum;
   c, að hann allramildilegast vilji bjóða stjórn sinni og embættismönnum hèr á landi, að hlutast til um það, að það verði almenn venja hèr á landi, að bændur baði sauðfè sitt, að minnsta kosti einu sinni á ári hverju, úr hinum „walziska“ kláðalegi, eða öðrum þeim lyfjum, er dýralæknar telja hagkvæm til að verja óþrifum.

Um þessar uppástúngur ætla eg ekki að fara neinum orðum, heldur einúngis geta þess, að ef þíngið ekki aðhyllist þær, að eg þá ætla að nota mèr þann rètt, sem hverjum alþíngismanni er gefinn í alþíngistilskipuninni, 61. grein.

Jón Hjaltalín: Hinn heiðraði *forseti* óskaði þess, að menn hèldi sèr til niðurlagsatriðanna; eg vil nú spyrja hann, hvort eg ekki megi tala um annað en þau; ef svo er, þá er það sama, sem að loka munninum á mèr, og má ske fleirum, og upp á þetta óska eg hans svars.

Forseti: Það var alls ekki meiníng mín, að menn mætti ekki tala um annað, eða fara neitt út yfir niðurlagsatriðin; heldur var það að eins bendíng eða ráðleggíng, sem eg vildi gefa hinum heiðruðu þíngmönnum, að þeir heldi sèr sem bezt við aðaleínið eins og málinu er *nú* komið.

Jón Hjaltalín: Eg ætla fyrst að snúa mèr að máttarstólpanum fyrir öllu nefndarálitinu, því á honum hvílir mörg villa, og menn

sjá þá strax, að þrátt fyrir orð 3 eiðsvarinna dýralækna og dýralæknaráðsins í Kaupmannahöfn kemur nefndarálitið og segir, að kláðinn sè útlendur. Það er nú einmitt þessi máttarstólpi, sem hefir eytt fènu, gjört ómögulegt, að lækníngar hafi getað fram farið. Eg lái nú eingum manni það, þó hann hafi þessa trú, þar sem menn hafa fyrir sèr sögur fyrri alda; en eg fyrir mitt leyti get aldrei trúað því, og ímynda eg mèr, að einginn, sem þekkir mig, haldi að eg tali ekki af sannfæríngu. Eg held það hafi eingin grafizt betur eptir því en eg, hvort fjárkláði sá, er nú höfum vèr, væri útlendur eða innlendur, og allt hefir bent mèr á það, að hann væri upp sprottinn hèr á landi. Eg þykist sannfærður um, að hann sè ekki kominn af Hraungerðislömbunum, og eg veit eigi, hvað það skyldi vera, sem ætti að koma mèr til, að vera hlutdrægur í þessu máli. Eg hafði sannarlega eigi bestillt þau, og eg vissi lítið sem ekkert um þau, fyr en þau höfðu verið nærfellt heilt ár hèr á landi; þrjú þeirra voru þá dauð fyrir hálfu ári síðan, og það sem eptir lifði, var alheilt, ásamt annari kind, er með því hafði verið allan veturinn, og báðar þessar kindur sýktust ekki fyr, en laungu seinna, er fjöldi fjár var orðinn veikur á ýmsum stöðum hèr og um Árnessýslu. Það er svo margt í þessu nefndaráliti, sem eg ekki get fellt mig við. Það er merkilegt, að nefndin skuli hafa hleypt fram hjá sèr vitnaleiðslunni um hin títtnefndu ensku lömb, sem lifðu og dóu í Hraungerði, þar sem þó var kláðalaust árið eptir, eins og sèst af prófunum, sem haldin voru. Eg vil nú spyrja öll dýralæknisráð í Evrópu, hvort líkindi eru til, að þar sem kláðaskepnur hafa verið heilt ár, og eginn kláði þó komið upp, hvort líkindi eru til að halda, segi eg, að kláðinn, sem hèr ræðir um, og er í allra munni, muni vera þessum skepnum að kenna; þeir mundi svara: nei, alls ekki! Hvers vegna tók eigi nefndin þetta með, og íhugaði það? Þá mundi hún hafa sèð, að álit hennar var ekki á rökum byggt; það verður nú að vera hennar sök, að hún hefir geingið út frá rángri trú, og byggíng hennar því ekki hafi orðið góð. Eg veit það, að allir í þessum sal vilja landi og lýð vel, og að embættismennirnir hafa gjört ráðstafanir sínar í beztu meiníng og af sannfæríng, að þeir gjörði það, sem rètt var; það er annað mál, hvort þeir hafi hitt hið rètta og sanna. Það væri nú mikill ábyrgðarhluti fyrir þíngið, að setja sig í dómarasæti aptur; eg vil biðja þíngmenn að hugleiða, hvort svo sè ekki. Þar sem nefndin segir, að fjárkláðinn hafi ekki komið af sjálfum sèr, þá segir hún meir, en hún getur sannað, og hún tekur þar upp á sig

mikla og mjög hættulega ábyrgð. Eg vil vísa mönnum í því tilliti á þá bók, hvar í nú finnast allar þær skýrslur, er kláðann snerta; af þeim sèst, að í meiginparti landsins hafi kláðinn verið undir eins; í hinum ömtunum er það reyndar kallaður óþrifakláði, en það er nú víst ekki nema mildara orð, sem honum er valið; það getur að vísu verið, að kláðinn hafi verið mildari í Norðurlandi en hèr. En vill nefndin taka það upp á sig, að svo verði ávallt? *Skeð getur*, að hann komi upp aptur, og verði þá ekki betri, en hèr fyrir sunnan. Í sögu gamla kláðans lá veikin niðri heilt ár, og kom svo upp aptur lakari en áður. Hvað nú sóttnæmi kláðans snertir, þá verða menn að hafa tillit til þess, sem skynsamar þjóðir segja, og láta ekki rödd almennings gilda meira en þeirra, sem vit hafa á; menn mega eigi láta rödd almennings, segi èg, gilda svo mikið, að menn hlaupi til í blindni og skeri allt niður, eins og við hefir geingizt; þetta álit nefndarinnar er sannkallað stjórnleysi. Þegar dýralæknisráðið segir: skerið niður, þá gjöri eg það, en fyrri ekki, því að eg álít það eigi rètt eða á rökum byggt, sem landsmenn hingað til hafa trúað um uppruna þessarar veiki; það var sagt í nefndarálitinu, að stiptamtmaður hefði skipað að skera niður, en að eg hefði sett mig á móti því. Þetta er ekki rètt hermt; eg rèð stiptamtmanni að setja nefnd, til að gá að fènu; stiptamtmaður uppálagði þá hreppstjóra, að gæta að fènu í Mýdal; hreppstjóri sagði að nokkrum tíma liðnum, að fèð væri heilbrigt, nema hvað óþrif væri í gemlíngunum; það var ekki eitt orð minnzt á ensku lömbin um þá daga. Eg ætla nú ekki að vera að fara fleiri orðum um þetta, heldur tala um það, sem hèr liggur fyrir, og spyrja: hvað á að gjöra? Á nefndarálitið get eg ekki fallizt, mèr sýnist það ógjörlegt, að fara að rífa málið út úr höndunum á þeim, sem trúað er fyrir því; eg hefði helzt óskað, að þíngið hefði ekki gefið sig neitt við þessu máli, heldur eingaungu gegnum *forseta* gjört út um það við erindsreka konúngs; það er skylda að sýna þessum mönnum það traust, sem þeir eiga skilið, þar sem annar er hinn lærðasti maður í þessu efni, og hinn er kunnur að öllu góðu, sem vill landi og lýð hið bezta; það, sem þeir því gjöra, mun verða landinu heilladrjúgast, einúngis að þjóðin vildi láta að orðum þeirra.

Eg ætla nú ekki að sinni að fara leingra út í þetta mál, en einúngis að láta þá von mína í ljósi, að hinir konúngkjörnu menn gjöri sitt hið bezta í þessu máli, því það getur eigi legið þeim í lèttu rúmi, hver úrslit þetta mál fær hèr á þíngi. Þíngið getur enn þá

gjört mikið til, að benda málinu í góða stefnu, en það getur líka gjört mikið, sem kynni að hamla gjörðum konúngsfulltrúanna.

Stefán Jónsson: Það er bágt fyrir mig að hlýða *forseta* í því, að halda mèr við niðurlagsatriðin eingaungu, af því aðrir menn, sem eg þó vildi svara, hafa farið nokkuð út fyrir þau, og inn í efnið yfir höfuð, og það nokkuð dreift. Það var tvennt hjá hinum heiðraða þíngmanni Reykvíkínga, sem eg verð að svara; hann var að reyna, að hrekja nefndarálitið, einkum hvað baðkostnaðinn snertir; hann er nú sjálfur víst reyndur í þeim efnum, en það var líka einn maður í nefndinni, sem er reyndur í því sama verki, sem þó ekki mun vera honum samdóma í öllum atriðunum, enda mun og reikníngur þíngmanns Reykjavíkur ekki hafa verið sem rèttastur. Hinn háttvirti þíngmaður Reykjavíkur ráðgjörði nú að koma með uppástúngur, eins og hann gjörði á síðasta þíngi um þetta mál; hann mun sjálfur verða að ráða því, en þær munu lítið hafa unnið til góðs fyrir landið, eins og þá stóð á, hver sem ávöxturinn af þeim verður nú. Þar sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður var að vitna í lömbin í Hraungerði, þá vill nú svo vel til, að eg hefi líka lesið prófið, sem hann gat um; lömbin komu ekki til neinna sauðkinda í Hraungerði, og maðurinn, sem gætti þeirra, kom heldur ekki til hins fjárins; en sýkin hèlt áfram í lömbunum, og þau voru svo gjörspillt um veturnætur, að það varð að drepa og grafa þau, að einu undanskildu; en fyrst þau lifðu nú ekki leingur og komu aldrei saman við annað fè í Hraungerði, þá þeld eg þó, að dýralæknar mætti trúa, að sýkin hafi flutzt með þeim í það fè, sem þau komu saman við, þó þau ekki flytti veikina í Hraungerðisfèð, sem þau komu aldrei nálægt; en það verður gagnslíftið, að fara lángt út í þetta mál; ræðurnar mundi seint taka enda, ef ætti að fara að sanna allt með eiðfestum vitnum.

Þegar farið var að tala um, að kjósa nefnd í þetta mál, þá talaði þíngmaður Ísfirðínga margt á móti nefnd; eg vil ekki tala neitt um ástæður hans; og læt þær liggja óáhrærðar, en eg vil að eins minnast á tvö atriði, er hann kom með, og mèr fèllu vel í geð; hið fyrsta var það, að menn ætti að styðja að því, að mál þetta feingi sem happasælust afdrif; en hið síðara, að menn ætti að byggja á reynslunni, og álíta hana einu sönnunina; þetta játa eg fúslega; en þá vil eg spyrja, hvað er reynsla, ef það er ekki reynsla, að kláðinn hefir verið hèr í suðuramtinu í 4 ár, og hann er hèr enn? Það er líka reynsla, að fjárkláðinn hefir komizt inn í bæði hin ömt-

in, og honum hefir orðið út rýmt þar með skurði, en lækníngar hafa ekki getað út rýmt honum hèr á því fáa fè, sem hèr þó er. Á þínginu í hitt eð fyrra voru tilnefndir nokkrir, sem helztir lækníngamenn, nefnilega Árni á Ármóti, Jón á Búrfelli og Hannes á Þórustöðum; einn þeirra er nú dáinn, svo til hans verður ekki vitnað, en það er víst, að það var ekki kláðafrítt á næstliðnu vori hjá Jóni á Búrfelli, og kláðinn loðir hèr ávallt við. Þetta segi eg nú ekki í þeirri meiníng, að eg ætli að fara fram á niðurskurð í þetta sinn, eða að eg vilji hrífa málið út úr höndum erindsreka konúngs, eins og áðan var sagt. Það er eingaungu vilji nefndarinnar, að reisa skorður við útbreiðsu kláðasýkinnar; hún meinar ekki lækníngar, en hún vill þær heldur ekki, þar sem þeirra er ekki þörf og fèð er heilbrigt, því heilir þurfa ekki læknisins við, heldur þeir, sem vanheilir eru.

Páll Melsteð: Það stendur nú nokkuð öðruvísi á fyrir mèr í máli þessu, en öðrum þíngmönnum; annars vegar er eg þíngmaður sýslu þeirrar, sem kláðalaust er í, en hins vegar gegni eg sýslumannsstörfum í Gullbríngu- og Kjósarsýslu, þar sem kláðasýkin hefir geingið, og geingur enn að nokkru leyti; eg er því í ekki litlum vanda staddur, hvernig eg eigi að hegða mèr í máli þessu, svo að hvorumtveggja geti komið að liði. Það hefir jafnan þótt erfitt, að vera beggja vinur og báðum trúr. Eg ætla nú að taka þetta mál eptir því, sem eg verð að álíta skynsamlegast og rèttast, og eptir því, sem eg álít, að öllum megi horfa til gagns; eg lýsi því nú yfir, að mèr geðjast sumt í nefndaráliti því, sem hèr er til umræðu, en að sumu geðjast mèr ekki. Af því eg er kunnugur í Gullbríngu- og Kjósarsýslu, þá skal eg nú leyfa mèr að skýra lítið eitt frá ástandi sauðfjárins þar; í vetur gaf eg dálitla skýrslu út í „Hirði“ um ástand fjárins, og var þá sauðfjártalan í sýslum þessum frekar 3,000, en nú eru þar 5,800. Eg veit með fullri vissu, hve margt fè er hèr nú í hverri sveit, og hvernig því líður, nema í Kjósinni, þar er eg ekki alveg kunnugur, og því get eg ekki gefið nákvæma skýrslu um fèð þar í þeim eina hreppi; þó get eg þess að eins, að þar eru nú um 1,400 sauðkindur lifandi. Nú er nýbúið að baða fèð í sýslum þessum, og voru að eins kláðaveikar 9 kindur í Gullbríngusýslu, af 1,638 kindum; sumstaðar þar sem kláðavottur fannst á undan baðinu, þá var hann horfinn, þegar skoðað var eptir böðunina; hvernig þessu baðaða fè, og sem nú sýnist alheilbrigt, reiðir af, þegar fram í sækir, það gefur tíðin að vita; en eptir því, sem eg veit rèttast, þá voru í allri Kjósarsýslu 120 kindur með

kláðavotti nú, þegar böðun fór fram. Sumstaðar er fé búið að vera alheilt fullt ár og jafnvel leingur, og víða er það í allra bezta standi. Eg þykist sannfærður um, að lækníngarnar duga, ef þeim er fram fylgt með greind og dugnaði. Eingum hèr í sýslu, sem sauðkindur eiga, held eg komi til hugar, að fé í suðuramtinu verði lógað, en sjálfsagt er að hafa sterkar gætur á því; mèr finnst vafalaust, að norður- og vesturamtsbúar eigi heimtíng á, að hið sunnlenzka fé, þar sem kláðinn hefir geingið, gjöri þeim ekkert mein, og það held eg mætti takast með því, að þoka saman fénu. Væri fèð flutt úr Rángárvallasýslu vestur yfir Þjórsá, þá er komið gott takmark að austanverðu, sem náttúran sjálf hefir sett mönnum til hjálpar; en til þess að tryggja vestur- og norðuramtið, þá álít eg rèttast, að flytja fèð úr Borgarfjarðarsýslu suður fyrir Hvalfjörð, alveg burt úr sýslunni, híngað í þessar sýslur og Árnessýslu, og ætla eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði í þessa stefnu, sem eg nákvæmar skal skýra frá og útlista; tala eg svo ekki frekar að sinni.

Guðmundur Brandsson: Hinum heiðraða þíngmanni úr Reykjavík þóknaðist að tala um reikníngsskekkju hjá nefndinni, en mèr getur nú ekki annað sýnzt, en það hafi verið misreiknað hjá honum sjálfum, eður of lítið í lagt; en samt má sjá svo mikið af reikníngsáætlun hans, að væri hún rètt, þá mætti baða nokkrar kindur fyrir þá 30,000 dali, sem ríkisþíngið veitti til kláðalækninganna. Eg segi, að það veiti ekki af 6 mönnum til að baða, 3 menn til að halda kindinni, 2 til að þvo af henni, og 1 að bera að baðinu; þetta veit eg nú af eigin reynslu, og eigi nú hver kind að vera 5 mínútur í baðinu, þá vona eg hinn háttvirti þíngmaður sjái, að reikíngur nefndarinnar er ekki fjarri lagi. Honum þótti daglauninn, sem ætluð voru böðunarmönnunum of há, en eg verð að segja, að fáir muni bjóðast til, að vera við þessa vinnu fyrir minna, en 7 mörk um daginn; því það er um þann tíma ársins, sem menn geta verið sèr fullt eins vel arðsamir með öðru móti; eins er nú um annað, sem hann var að tala um, t. d. flutníginn á baðmeðölunum frá Reykjavík og upp í sveitirnar, að það nær eingri átt; hvernig ætti t. a. m. 2 dagar að nægja til slíkra ferða úr Borgarfjarðar- og Árnessýslu? En reikníngurinn er nú ekki aðalmálið, heldur er það aðalatriði þess, að sýkinni verði þreingt saman, og henni út rutt sem fyrst, en að heilbrigðu sveitirnar í kríngum þær, sem kláðinn er í, verði sem bezt varðveittar á meðan, og um það er bezt að ræða með stillíngu og rósemi; ef það tækist, sem nefndin hefir upp á stúngið um samþjöppun hins sjúka og grunaða fjár, þá ynnist tvennt við

það, nefnilega, að þeir, sem yrði við þetta sauðlausir á taknmörkum kláðans, gæti aptur feingið sèr nýjan fjárstofn úr öðrum sýslum, og eins aðrir, sem orðnir eru kindalausir fyrir utan þetta kláðasvæði, og svo á hinn bóginn mætti því fremur reyna sig á lækníngunum á þreingra sviði, og yrði kláðinn þá tekinn fyrir með meiri alvöru, og gæti skeð það tækist, að út rýma honum algjörlega, ef menn legðist á eitt. Um það, er hingað til hefir verið talað, hvort kláðinn sè innlendur eða útlendur, ætla eg nú ekki að fara neinum orðum; en hvort sem svo væri, þá er aðalspursmálið, hvort hann verði alveg læknaðnr; setjum hann væri útlendur, en þarf hann þess vegna að leggjast í fjárkynið? Hafa ekki bóla og meslíngar flutzt hingað frá útlöndum, og enda fleiri sjúkdómar, og hafa þeir ekki allir dáið hèr út eptir vissan tíma? Þó liggja þeir í landi annarstaðar líkt og fjárkláðinn. Skyldi nú ekki geta farið eins með hann og þessa sjúkdóma? Eða skyldi hann vera það illartaðri en þeir, að slíkt gæti ómögulega orðið?

Eg ætla nú ekki að fara út í sögu kláðans, sem liðin er; einúngis veit eg það, að töluverður kláði er enn, sem þarf góðra aðgjörða, og að hann er alstaðar hèr í suðuramtinu meiri eða minni; dýralæknarnir vita, að það er satt, því þeir hafa sjálfir sèð hann, og eg hefi nýlega talað við hreppstjórann úr Ölfushrepp, sem einnig er baðstjóri þar og lækníngamaður, og ekki heyrðist mèr honum líta vel á heilbrigði fjárins. Það er ekki sèð fyrir endann á þessu máli; um leið og nefndin nú vill styðja að lækníngunum, þá vill hún líka fá tryggíng fyrir því, að kláðinn breiðist ekki út, og munu allir verða að játa, að þetta sè jafnt áríðandi og því stuðla til hvorstveggja eptir sem framast verður. Eg ætla nú ekki að fara fleirum orðum um málið að sinni.

Magnús Andrèsson: Það fór nú sem vonlegt var, að hinn 6. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaður Reykjavíkur tóku fyrstir til máls í þessu máli; þeir eru orðsnjallir, og báðir á sama máli í þessu kláðamáli, en það gæti má ske orðið þeim til fyrirstöðu, að þeir eru ritstjórar „Hirðis“; en eg skal nú ekki fara leingra út í það, eða tala um upptök kláðamálsins, eða út í alla þá sálma; en hinn 6. konúngkjörni þíngmaður er samur við sig, og þegar eg talaði við hann 7. maí 1856 á Eyrarbakka; hann ætlaði þá að fara að skoða kláðalambið í Hraungerði, en öll ógæfan var, að hann skoðaði ekki kláðafèð í Bitru; en það var nú ekki hans skuld; en hann sagði þá við mig, að þetta væri ekki hættulegt, og að það væri innlent, og sama í „Þjóðólfi“ litlu síðar, og þetta hefir hann sagt, að það væri inn-

lent, og þíngmaðurinn úr Reykjavík fallizt á það með honum, og svo hafa þeir skoðað það frá vísindalegu sjónarmiði, og altíð haft annara landa ásigkomulag og háttsemi fyrir mælisnúru. En eg get nú aldrei fellt mig við það, að það eigi hèr svo vel við; það er svo margt, sem tálmar því, að vèr ekki getum breytt eptir þeim í suðurlöndum. Það hefir nú verið sagt, að Guðmundur í Mýdal ekki væri nógu vel að sèr, til þess að skoðun hans á þessu máli væri sú rètta, þó hann hafi sagt, að kláðinn væri kominn af ensku lömbunum; en samt hefir honum nú tekizt að lækna kláðann. Þíngmaður Reykjavíkur var nú að jafna niður kostnaðinum til þess að baða fè, við ábatann og ávinníinginn af því, og skildist mèr sem hann áliti allt feingið, ef baðað væri; en ef walziska baðið væri einhlítt, væri reikníngur hans góður, en eg er hræddur um, að ekki sè að gjöra sèr svo vissa von um, að allt sè gott enn þá; eg óttast fyrir, að kláðinn brjótist út í haust, þegar rigníngarnar koma, því það er óheppilegasti tíminn, þegar böðin áttu að fara fram, þegar hitinn er mestur; því fyrri ára reynsla sýnir, að kláðinn lá niðri um hásumarið, en kom upp um haustin; að kláðinn sè rènaður eða læknaður, eins og eg heyri suma menn segja, þykir mèr mjög tvísýnt; því bæði sagði Magnús í Auðsholti, sem var baðstjóri víða í Árnessýslu, og nýlega var út í Selvogi, að slæmt væri þar á fleiri bæjum og í fjölda fsjárverður kláði, og á 2 bæjum í Ölfusi, og svo mun víðar vera; og í brèfi, sem eg meðtók í því bili eg gekk híngað í kveld frá hreppstjóranum úr Sandvíkurhrepp, segir, að eingin sèrleg skoðun hafi þar fram farið í júlímánuði, en við þessa böðun hafi komið fram kláðavottur í 4 deildum þar í hreppnum, svo af þessu er eg vantrúaður um böðunina, sem fram fór í öllum sveitum, að hún verði að nokkru liði, og að sama komi upp aptur í haust, og að það verði sama kákið, að læknað verði á bæ og bæ, en að kláðinn þó verði híngað og þángað í sveit og sveit; þess vegna vil eg eptir nákvæmustu yfirvegun helzt óska, að út rýmt yrði öllu fè úr Flóa milli Ölfusár og Þjórsár upp að Merkurhrauni, og í Ráng árvallasýslu úr Holtamannahrepp og Ytri-Landeyjahrepp, en að ytri hluti Árnessýslu fyrir utan Ölfusá reyndi sig á lækníngunum til hlítar; en ef eytt hefði verið á milli ánna, milli fjalls og fjöru, mundi kláðanum nú út rýmt, þó nú sè verra við að eiga, af því Flóamenn keyptu fè austan úr Holtum, þegar upphafið var bannið móti því, að kaupa þaðan fè til lífs, og það veiktist, og af því voru þær 8 kindur, sem drepnar voru í vor, og sem getið er um í „Þjóðólfi“. Þetta er mín skoðun, en hvort eg

tek mèr breytíngaratkvæði eða viðaukatkvæði, er eg ekki ráðinn í enn þá.

Páll Sigurðsson: Þíngmaður Gullbríngusýslu vefeingdi nú reikníng þíngmannsins úr Reykjavík yfir baðkostnaðinn, og er eg á sama máli, að hann hafi verið nokkuð úr lausu lopti gripinn; hann tók ekki til, hvað lángt sækja þyrfti meðöl; en eg gæti sýnt nákvæman reikníng fyrir eina böðun, að hún er miklu dýrari, en hann gjörði ráð fyrir; hann tók fram einúngis eitt bað, en ætla að þurfi ekki mörg? Eg held reynslan hafi sýnt það, og dugir ekki samt; kláðinn er nógur enn. Nefndin gekk út frá því, að allir Íslendíngar legðist nú á eitt með því að reyna, að færa saman kláðasjúka fèð og út rýma sýkinni bæði með niðurskurði, svoleiðis niðurskurði, að því væri heldur eytt á þessu hausti til heimilisþarfa, en heilbrigðu fè, og lækníngum. Þíngmaður Reykjavíkur tók sèr nú mikið breytíngaratkvæði, en ef það verður ekki happasælla en það, sem hann tók sèr í hitt eð fyrra í þessu máli, þá er óvíst, að það gángi svo fljótt; hann tók sèr þá það breytíngaratkvæði, að ef sýkinni yrði ekki algjörlega út rýmt fyrir veturnætur, þá skyldi skera allt fè niður, og hefði því verið fylgt, þá hefði betur verið komið nú; hann ætlar að koma mönnum til að bæta fjárkynið, og það er nú gott; hafa skal holl ráð, hvaðan sem þau koma; en eg held, að hann sè búinn að spilla svo fyrir sjálfum sèr, að menn álíti, að það sè að fara í geitarhús að leita ullar, að sækja fróðleik í því til hans. Hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður hèlt snjalla ræðu um sögu kláðans; hann er þó við efnið. Hann segir, að menn hèr vilji ekki fara eptir ráðum útlendra manna frá Danmörku; það er skaði, að sjá hann svo gjörfulegan mann, fara svo opt í gegnum sjálfan sig, það er að skilja í skoðunum sínum; því þegar hann er að tala um, að koma hèr á læknaskóla, þá segir hann, að ekki sè von á að menn fái góða og hentuga lækna hèr, nema hèr fáist menntastofnun og læknakennsla í landinu sjálfu; því hèr sè svo margt frábrugðið, landslag og loptslag, nema Danir gæti feingið gömlu Gefjun með yxnin fornu og dregið Ísland niður að Danmörku, og þessu er eg nú samþykkur, þó eg beri virðíngu fyrir útlendri menntun yfir höfuð. En sè því nú svo varið, að mannlífið læknist bezt af innlendum læknum, sem hafa feingið innlenda kennslu og reynslu, ætla þá ekki standi líkt á með dýraríkið? er það ekki allt af holdlegu sæði sprottið? Það gegnir því furðu, að álíta það allt rètt, sem útlendir læknar segja um þetta mál, og komast svo í herfilegustu mótsögn við sjálfan sig. Þar til

stendur hèr öðruvísi á en í útlöndum, bæði með aðskilnað fjárins, hirðíng o. fl. Áðan sagði hinn 6. konúngkjörni, að hann ekki vissi, hvað sýkin næði nú lángt; áður hefir hann sagt, að hún væri um allt land; eg skal nú ekki reingja vísdóm hans sem læknis; en hvað búmennskuna snertir, þá hefi eg lítið traust til hans sem góðs búhölds; en þetta mál þarf og að skoðast sem innlent búnaðarmál, hvor aðferðin, lækníngar eða niðurskurður hins sjúka og grunaða fjár, sè hèr affarasælli fyrir búsæld Íslendínga. Hvað samanburðinn á búsæld manna snertir, þá vantar upplýsíngar um hvílíkt eignatjón sýkin hefir gjört í suðurumdæminu; því nú er ei eptir nema $^{1}/_{12}$ af fènu, fyrir utan kostnað, heyjamissi og alla fyrirhöfn. Það var sorglegt að sjá í Árnessýslu, hvernig mestu heyjabændur misstu hey sín, með því að bera þau í kláðsjúka fèð, svo hrundi það niður í höndum þeirra, og þá varð eignamissirinn margfaldur. Vèr Ráng-vellíngar vildum nú láta þeirra víti oss að varnaði verða, og vildum heldur hagnýta oss það meðan það var í holdum, en missa sauðfènað vorn fyrst, sem er einka lífsbjargarstólpi margra hèr á landi, og svo þar með hey og allt saman; því þá liggur nærri hallæri, örbyrgð og dauði. Þetta er sönn reynsla og þarf ekki vitna við; væri allur sá kostnaður og eignatjón á pappírnum, sem suðuramtið hefir hlotið af kláðanum, þá væri hann gífurlegur, og þegar verið er að vitna í það, að 20,000 fjár hafi verið fargað fyrir norðan, þá eru hèr fallnar nokkrar 20,000, en eg skal nú ekki fást um það, það er komið sem komið er. Nefndin sá þetta eina úrræði, til að komast niður á málinu, að fara því fram, sem skynsamlegast þótti, eins og málið nú stendur, að þoka hinu sjúka fè saman, til að minnka rúm sýkinnar, og kreppa að, svo hægra sè við að eiga og dyggilega megi að gæta. Nefndin hefir því tekið þá skynsamlegustu stefnu; hún vill ekki út rýma kláðasjúku fè nú þegar, en ef reynslan sýndi, að ekki tækist að lækna í vissan til tekinn tíma, þó ætti að gjöra enda á því, svo það, sem þíngmaður Snæfellínga mælti, for í sömu stefnu og nefndin, og eg hefi ekki heyrt aðrar mótbárur móti nefndarálitinu, en að hafa skyldi við lækníngar, en það er það, sem nefndin vill líka og lækníngamennirnir játa einmitt, að mistekizt hafi lækníngarnar sökum trassaskaps alþýðu, það játa eg líka, en af hverju? Fyrst það, að margar gagnstæðar skipanir hafa komið hver ofan í aðra; það hefir aptur gjört hik á framkvæmdunum, svo ekkert hefir verið gjört, en það hefir ekki komið hiki á sýkina, hún hefir haldið tafarlaust áfram; en það er nú komið eins og það er, svo ekki tjáir

að tala um það. Eg er því á því með þingmanni Árnesinga, að hæpið sé, þó fé Rángæinga væri flutt út fyrir Þjórsá, því eg óttast fyrir, að það skaði Hreppamenn, því þegar það kynni að strjúka, kemur það að Þjórsá, og þá leitar það til fjalls, og þá eru Hrepparnir fyrir, og því er betra annaðhvort að lóga því, eða þá að setja það í Gullbríngusýslu; en það er það, sem eg vil taka fram, meðan þetta geingur, eru Rángvellíngar útilokaðir frá, að fá sér nýjan stofn, og dragist það svo leingur, þá er húngur og allt í fári; þetta vil eg biðja hið heiðraða þíng að að gæta; en á hinn bóginn vil eg enn sjá, hvort lækníngar verði hér að fullu gagni, því það vantar mikið til að svo sé, og það er víst, hefði Rángvellíngar séð kláðann kominn upp fyrir austan sig, hann svo færzt, að hann kæmi upp hér og hvar, þá hefði þeir þegar snúið sér að lækníngum; það er víst, að Rángvellíngar hafa ekki gjört það, sem þeir hafa gjört, í neinum hranaskap, heldur af því vér höfðum dæmi Árnesínga fyrir vestan oss, og hvern usla kláðasýkin gjörði, og þá vildum vér eptir nákvæma yfirvegun af tvennu illu taka það minna.

H. Kr. Friðriksson: Þíngmaður Eyfirðínga talaði um, að ekki væri kláðalaust hér í suðursýslunum eptir allar lækníngarnar, og þó sé kostnaðurinn orðinn óbærilegur; en sá kláði, sem nú er, held eg eigi sé meiri, en opt hefir verið áður, það er óþrifakláðinn. Menn vilja ekki láta sér skiljast, að reikníngur sá, sem eg gjörði yfir kostnaðinn við böðin, sé réttur; eg held þó, að hann sé fullskýr og nóg í hann lagt; en það get eg sagt mönnum, og það er ekki svo margbrotið, að þeir geti ekki skilið það, að í fyrra voru að eins seld lyf fyrir 2,000 rd., og í ár að eins fyrir 1,000 rd., svo að í þessi tvö ár hafa verið seld kláðalyf einúngis fyrir 3,000 rd. í allt, og þótt kostnaðurinn væri nokkru meiri, þá þarf þó ekki annað, en bera þetta saman við kostnað þann, sem leiddi af niðurskurði Húnvetníinga, og bera svo saman, hvort dýrara muni verða: niðurskurðurinn í Húnavatnssýslu, eða lækníngarnar í suðurumdæminu. Menn skoða það eins og ódæði, að við hafa lyf við heilbrigt fé, til að verja það óþrifum. Eg held þó, að það sé ekkert ódæði; það er svo eðlilegt, og eg held, að þíngmanni Eyfirðínga væri þarfara að taka þann sið upp, en ráða frá honum; það er svo almennt alstaðar, að við hafa lyf til að verja sjúkdómum. Þíngmaður Gullbríngusýslu talaði lítið á móti mér, nema um kostnaðinn; eg get nú með eingu móti séð, hvað 6 menn eiga að gjöra við að baða 1 kind, eða hvað 4 menn eiga að gjöra við hana í baðinu; eg hefi líka séð baðað og sjálfur verið með að baða,

og staðið fyrir því; eg hafði að eins 2 menn við baðið, og það var ekki meiri tími, sem til þess gekk, en eg hefi sagt; en sá 3. hefði orðið óþarfur, og hvað þá heldur fleiri. Þá sagði hann, að flestir væri meir en 2 daga að sækja lyfin; en ef eg tek þessar 3 sýslur, þá verða það ekki 2 dagar alstaðar og ekki 1 dagur hèrna í kríng; eg tók meðaltalið af þeim tíma, sem geingi til lyfsóknarinnar úr þessum 3 kláðasýslum, og það ætla eg láti nærri sanni. Hann sagði, að hesturinn kostaði meir en 3 mörk; það kann nú að vera sumstaðar, en eg hèlt það nægði; því eg hugði, að hestar væri óvíða dýrari, en hèr í Reykjavík. Þíngmaður Gullbríngusýslu, og þíngmennirnir úr Ránga'rvallasýslu og Snæfellsnessýslu sögðu það allir, að bezt væri að þreingja sjúka fènu saman á sem minnst svæði; það held eg nú líka, ef því yrði við komið. En hvernig á að koma því við? Þeir sögðu sjálfir, að þeir vildi ekki neyða Borgfirðínga til að selja fè sitt, ef þeir ekki vildi það, og það er heldur ekki tiltökumál; þetta er því hvað upp á móti öðru; eg veit ekki hvað er að byggja í lausu lopti, ef það er ekki þetta; það gæti verið, ef þíngið og erindsrekar konúngs legðist á eitt, að þeir gæti nokkuð á unnið með fortölum sínum; en aldrei feingist allir til þess; og því er betra að starfa að því, sem árángur nokkur getur af orðið. Eg veit, að þíngmennirnir úr Árnessýslu og Ránga'rvallasýslu hafa komið miklu til leiðar með fortölum sínum með niðurskurði. Þeir hafa unnið dyggilega að því, að fèð væri drepið niður í þessum sýslum; en þeim hefði sannlega verið betra, að vinna eins dyggilega að lækníngunum.

Forseti: Þíngmenn mega ekki svona beinlínis vega að einstökum mönnum, eða sveigja að þeim.

H. Kr. Friðriksson: Eg hefi ekki sveigt meira að þessum þíngmönnum, en þeir hafa sveigt að mèr; og megi eg ekki segja slíkt, þá verð eg að biðja *forseta,* að láta eitt gánga yfir alla, og leyfa eigi öðrum, að beina að mèr ósæmilegum orðum. Þíngmaður Árnessýslu sagði, að ekki væri allt úti, þó baðað væri einu sinni um hásumar, því tíminn væri óhentugur; en eg hèlt, að tíminn væri einmitt hentugur; því að það er svo sem auðvitað, að bezt er að gjöra það í góðu veðri; en það er miklu gagnsminna á haustin í rigníngum, eða, ef til vill, gagnslaust; því þær veikja einmitt öll á-hrif baðanna, eða gjöra þau, ef til vill, að eingu. Hann vill eyða fènu í Flóanum, því sem nú væri, af því það væri veikt; en það er, eins og hann sagði, einmitt í hinu aðfeingna, sem aldrei hefir

verið læknað. Hann tók dæmi af þeim kindum, sem skornar voru í Flóanum í vor, en hann sagði undir eins, að þær hefði verið aðkeyptar; það kann nú vera satt, og eg þykist vita, að svo muni vera; en ef svo er, þá hafa þær ekki verið læknaðar, og þá er von, að þær hafi veikzt og gjörspillzt; en þegar ekki hefir verið reynt að lækna þær, þá er það ekki ástæða til, að eyða öllu fé, þó kláðanum sé ekki út rýmt með lækningum. Hann sagði, að ekki yrði allt unnið með einu baði; það kann nú að vera, en með böðum má lækna fé; vér höfum dæmið í Grafningnum; Grafningsmenn böðuðu þrisvar sinnum sumarið 1857, og síðan hefir þar enginn kláði sézt; það er nú 1 hreppur, en það sýnir, hvað gjöra má, ef vel vill; geti 1 heill hreppur læknað allt fé sitt, þá geta hinir það líka; en menn vantar alúðina og þolgæðið. Allir játa, að allt líf manna hér á landi er komið undir lífi fjárins, en þá er nær að hvetja menn til að leggja alúð á, að halda í því lífinu, en að skera það og eyða því; því fari því fram, að allt af sé verið að drepa fé, þá veit eg ekki, hvaðan menn loksins eiga að fá sauðfé; það hefir opt verið sagt: úr hinum sýslunum, en það getur nú svo farið, að þær verði ekki aflagsfærar, og eg er hræddur um, að sumar sýslurnar sé eigi aflagsfærar nú sem stendur, sem misstu mikið af sauðfé sínu í vetur og vor. Þar sem menn hafa sagt, að svo mikið hey færi í þetta kláðasjúka fé, þá er það hreinn misskilningur. Það er reyndar satt, að sé það bæði veikt og horað, þá þarf það mikið fóður, en það þarf ekki kláðann til; þegar fé er orðið horað, þótt eigi sé kláðaveikt, þá getur það etið æðimikið, það vitum vér allir, það þarf eigi kláðann til þess. Eg hefi líka haft kláðakindur, og þær hafa eigi þurft meira en aðrar; það er öldúngis víst, að sé kláðaveikar kindur teknar þegar í byrjun, þá þurfa þær eigi meira fóður, en annað fé. Ekki eyddi kláðafé, sem skorið var 1857, heyinu fyrir bændum veturinn eptir, en hvernig fór? Þeir urðu heylausir um vorið 1858 allt fyrir það, þó þeir væri sauðlausir.

Magnús Andrèsson: Í tilefni af því, sem þingmaður Reykjavíkur seinast sagði, þá datt mèr í hug, hvernig hefði átt að fara fyrir þeim, sem skáru kláðaveikt fé sitt haustið 1857, þegar eingin meðöl feingust, ef þeir hefði sett þetta veika fé á, þar sem þeir þó, eptir hans sögn, urðu heylausir vorið 1858, ætla það hefði verið ráðlegt, að setja margt kláðaveikt fé á, og drepa svo allt saman bæði það og annað. Síðan eg talaði áðan, vaktist eitt upp fyrir mèr af því, sem þingmaður Reykvíkínga sagði, þar sem hann talaði

um, hvernig verið hefði í Grafníngnum 1857; eg neita því ekki, að það er það eina byggðarlag, sem heilbrigt er síðan; en þeir brúkuðu meira en 3 böð, þeir brúkuðu 5 til 7 böð; eg talaði við Ínginund í Króki, sem hèlt böðunum bezt fram, og honum sagðist svo frá; en í Grímsnesi og Sandvíkurhrepp er sagt, að menn hafi baðað 12 til 16 sinnum, og þó hefir kláðinn allt af verið að koma upp hjá þeim aptur og aptur, og nú er sagt, að kláði sè í Grímsnesinu hjá Jóni á Búrfelli, sem þó mun hafa brúkað drjúgt til baðanna, og hjá fleirum; eg hefi sèð staðfesta afskript af brèfi stiptamtmannsins til amtmannsins í norður- og austuramtinu, dagsett 5. maí 1857, hvar í segir, að kláðinn sè nú allæknaður í Grímsnesinu, en það sanna er, að þar hefir verið meiri kláði í vetur, en í fyrravetur. Þegar eg nú lít á þetta, tortryggir það mig, að kláðinn læknist með böðum.

Ólafur Jónsson: Eg held hinn heiðraði 6. konúngkjörni þíngmaður, og eins þíngmaður Reykvíkínga hefði getað haft ræður sínar dálítið styttri, og sparað sèr þessar laungu umræður, einúngis ef þeir hefði áttað sig vel í niðurlagsatriðunum í nefndarálitinu; menn skyldi álykta af ræðum þeirra, að nefndin hefði ráðið til algjörðs niðurskurðar hèr í suduramtinu; en ef þeir að gæta vel nefndarálitið, þá hljóta þeir að sjá, að í því er ekki haldið fram miklum niðurskurði hèr í suðuramtinu, heldur einúngis, að lógað verði í haust öllu fè í Holtamanna og Vestur-Landeyjahrepp í Ráng árvallasýslu, og í efri hluta Borgarfjarðarsýslu, öllu sjúku fè og því, sem sýkzt hefir, og þannig þreingt svið sýkinnar, svo síður þurfi að óttast, að sýkin útbreiðist til hinna ósýktu hèraða; eg held líka óhætt að fullyrða, að ekki sè fleira fè á þessu plássi, heldur en vel mætti lóga, án nokkurs skaða fyrir eigendurna. Þannig hljóta allir að sjá, að nefndin hefir leitazt við, að ráða ekki til neins þess, sem riðið gæti í bága við ætlunarverk hinna konúnglegu erindsreka, nefnilega að út rýma sýkinni á þann haganlegasta hátt.

Eg er nú hinum háttvirta *forseta* samþykkur í því, að menn eigi að skoða málið eins og það nú stendur, án þess að fara lángt út í umliðna tímann; en til þess menn geti með ástæðum talað um málið yfir höfuð, þá hljóta menn þó að skoða undanfarna reynslu, og að nokkru leyti byggja á henni álit sitt, að svo miklu leyti, sem heilbrigð skynsemi og hlutdrægnislaus skoðun málsins segir manni að rètt sè; þegar menn þá skoða undanfarna reynslu, og að gæta, hvor aðferðin, niðurskurður eða lækníngar, hafi haft betri afleiðíngar, þá sjá menn, að í Húnavatnssýslu, hvar niðurskurður fram fór eptir

skynsamlegum reglum, vita menn nú ekki betur, en sýkinni sè út rýmt á rúmum eins árs tíma, án þess þó þurft hafi að skera þar meira, en um 20,000 fjár, eður hèrumbil ⅓ af því fè, sem þar var til, þegar sýkin kom; þar á móti sjá menn, að hèr í suðuramtinu, hvar læknîngunum hefir verið fram fylgt, hefir fèð fækkað svo stórkostlega, sem skýrt er frá í nefndarálitinu. Eg man svo lángt, að eg hefi sèð í alþíngistíðindunum 1857, að þegar rætt var um nefndarálitið, sem þá var samið í þessu máli, og eptir hverju ráðið var til, að skèra hèr í kláðasýslunum allt geldfè um haustið, en setja á vetur einúngis ær, þá setti hinn heiðraði þíngmaður Reykvíkínga sig fastlega móti þessu, og sagði þá, að í þessum sýslum væri 40—50 þúsund geldfjár, og að skaðinn, að skera það að haustinu, væri frá 80—100 þúsund rd., èn hvernig fór? Hvað er nú orðið af þessu geldfè, er það nú ekki allt fallið, og víst margt af því fyrir lítið? Þó er nú ekki þar með búið; er nú ekki líka fallið æði-margt af þeim ærstofni, sem nefndin þá vildi leyfa, að setja mætti á vetur? Eg veit mèr verður svarað, að margt af þessu fè hafi verið skorið heilbrigt; þetta getur nú vel verið, og mèr þykir það líklegt; en þess meira sem skorið var, þess hægra hefði verið að lækna það, sem eptir var, og úr því ekki varð nú fleira fè eptir veturinn 1857—1858, en skýrt er frá í nefndarálitinu, þó mátti virðast, að ekki hefði þurft að líða á laungu, að það yrði allæknað; en það er þó ekki skeð enn; þetta sýnir nú ljóslega, hvað skakka skoðun þeir höfðu á þessu máli 1857, sem þá álitu hægt, að út rýma kláðanum fljótlega með lækníngum, og settu sig þá fastlega móti öllum niðurskurði; þegar eg þá að gæti ástandið, sem var í Húnavatnssýslu í fyrravetur, þegar kláðinn kom þar, þá sè eg það glögglega, eins og eg hefi allt af sèð, að ekki hefði verið mögulegt, að út rýma kláðanum þar með lækníngum, nema með margfalt meira tjóni, heldur en flaut af niðurskurðinum; því þegar að gætt er, það sem öllum ber saman um, að kláðinn er svo næmur, að ekki þarf nema heilbrigð kind komi sem snöggvast saman við sjúkt fè, til þess hún sýkist, þá er auðvitað, að til þess útbreiðsla sýkinnar yrði hindruð, hefði þurft að vera búið að lækna hverja kind fyrir vorið, eður áður en fèð fór að liggja úti, því að sumartímanum er með öllu ómögulegt að verja samgaungum bæja milli, þar sem nábýlt er, enda þó fèð væri fátt; af þessu hljóta allir að sjá, að ef ekki hefði verið skorið í fyrravetur í Húnavatnssýslu, þá hefði kláðinn haldið áfram, og útbreiðzt bæði þar í sýslu, og hver veit hvað lángt hann þá hefði nú verið kominn norður eptir,

og hefði þá ekki orðið svo auðgjört, að út rýma honum, hvorki með lækníngum eður niðurskurði. Af þessu geta nú allir séð, að niðurskurður í tíma tekinn er það eina rètta ráð, til að út rýma sýkinni; þar fyrir vil eg ekki segja, að eptir því, sem nú er komið hèr á Suðurlandi, sè rètt að skera allt það fè, sem nú er til; þar á móti álít eg slíkt væri óskynsamlegt, eins og nú á stendur, heldur álít eg rètt, að farga öllu sjúku og grunuðu fè einúngis á takmörkunum á tvær hendur, svo ekki þurfi að óttast útbreiðslu sýkinnar til hinna ósýktu hèraða, og ef svo er gjört, er einnig rètt að reyna nú til hlítar lækníngar, þegar búið væri svona að þreingja svið sýkinnar.

Hinum heiðraða þíngmanni Reykvíkínga þótti það kátlegt hjá nefndinni, að hún biður um, að amtmennirnir fyrir vestan og norðan fái sem fyrst fullt embættisvald sitt aptur, til að ráðstafa þessu máli framvegis, þar sem nefndin jafnframt lýsi því yfir, að stjórnin hafi tekið að sèr alla meðferð málsins, og hljóti því að ábyrgjast allar afleiðíngar þess. Það var nú eingan veginn meiníng nefndarinnar, að ætlast til, að stjórnin hafi ábyrgð þessa máls í norður- og vesturamtinu, úr því amtmennirnir feingi þar aptur fullt embættisvald sitt, til að ráðstafa málinu; því það liggur í hlutarins eðli, að úr því hlýtur ábyrgðin að hvíla á amtmönnunum sjálfum, og amtsbúum; en ef svo óhappalega skyldi til takast, að kláðinn flyttist aptur inn í norður- eða vesturamtið, það getur einginn vitað, nema það kynni að koma fyrir, þar sem svo margt fè er flutt norðan yfir Hvítá, og er nú innan um sjálfar kláðasveitirnar, þá sýnist það liggja ljóst fyrir, að stjórnin hljóti að ábyrgjast þær afleiðíngar, sem flýta af því, ef hún ekki vill veita amtmönnunum fullt vald, til að ráða úr þeim vandræðum, sem þá kæmi fyrir, heldur þvíngaði þá til að beita þeim ráðstöfunum, sem má ske væri þvert á móti því, er þeir áliti hagfelldast.

Sveinn Skúlason: Það eru að eins fá atriði í ræðu þíngmanns Reykvíkínga, sem reyndar aðrir hafa svarað, en sem eg þó vildi taka betur fram. Hann var að setja út á kostnaðinn við böðunina, en sagði, að bezt væri að baða um sumartímann eða um slátt, og ef þá á að taka þurrkdag, þá eru böðunarreikníngar nefndarinnar ekki of hátt settir. Það var satt, sem hann sagði, að fjárfellirinn væri ekki eingaungu kominn af lækníngum, en ef hann gætir að, þá hefir bæði hann og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður verið ráðaneyti stjórnarinnar hèr og í Danmörku, og ráðstafanir stjórnarinnar utanlands og innan, sem hafa stuðzt við þetta ráðaneyti, hafa verið hver ofan í

aðra, og hver upp á móti annari; stundum hefir verið meðalalaust, og þó verið skipað að lækna; það hefir verið baðað opt og mörgum sinnum, en ei orðið að liði, og svo hafa skipanir dýralæknanna stundum verið svo heimskulegar, eins og þegar þeir skipuðu að klippa fèð um hávetur, svo það fyrir þá sök drapst hrönnum niður. Þegar menn gæta að öllu þessu, þá sjá menn, að fjárfækkunin muni mikið hafa komið af lækningum. Það hefir verið sagt, að stjórnin geti eigi haft ábyrgð af þeim ráðstöfunum, sem henni er ekki hlýtt til að framkvæma, og játa eg það; og eg vil því hlýða stjórninni, ef að hún svo ábyrgist allt, en þó verða þessar ráðstafanir hennar að vera skynsamlegar, því annars trènast menn upp í hlýðninni. Það hefði að mínu áliti verið betra fyrir stjórnina, að taka ekki að sèr ábyrgðina af afleiðingum fjárkláðans í hinum ömtunum, því stjórnin er víst ekki eins kunnug í þeim eins og amtmennirnir, og veit ei betur en þeir, hvað því hagar; eg skal reyndar játa það, að hinir útlendu læknar sè má ske betri að finna lús, en þeir vita ekki, hvernig þeir eiga að stjórna henni. Um það, sem þingmaður Húnvetninga sagði, er eg á sama máli, en vil taka það skýrara fram, að það vakti fyrir nefndinni, að þegar þjóðin bæði um, að amtmennirnir feingi vald sitt aptur, þá sýndi það áhuga þjóðarinnar í málinu; því hún vildi þá vinna það til, að taka upp á sig ábyrgðina, heldur en að eiga það á hættu, að óþarfar og kostnaðarsamar fyrirskipanir ókunnugra manna kæmi í bága við vilja almennings að nauðsynjalausu. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að uppástúngur nefndarinnar mundi gjöra ríg milli þjóðarinnar og stjórnarinnar, og milli hinna einstöku landshluta hèr, en eg held að rígurinn geti ei orðið meiri en hann er, og mèr finnst nefndarálitið vera hin seinasta sáttatilraun niðurskurðarmanna við lækningamennina. Það er lagt stjórninni á vald, að halda áfram sínum lækningatilraunum í suðuramtinu, og einúngis heimtuð ábyrgð fyrir því, að ráðstafanir hennar gjöri ekki skaða í hinum umdæmunum, og hefir nefndin bent á meðal til þess, að fyrirbyggja skaða af þeim, með því að þreingja lækningasviðið og með vörðum. Hvað kostnaðinn snertir, þá er ástandið í suðuramtinu ekki gott. Það er búið að brúka upp sveitasjóðina, og verður því víst stjórnin að kosta lækningarnar, því bændur eru ekki leingur færir um, að bera kostnaðinn. Eg heyrði ei vel hinar nýju uppástúngur þingmannsins úr Reykjavík, og þó eg hefði heyrt þær, er eg ei svo minnugur, að eg gæti lært þær strax, en skaði minn er víst ei mikill; því þaðan mun ekki vera mikils árángurs að

vænta, heldur en af uppástúngum hans 1857. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það væri máttarstólpi fyrir skoðan okkar niðurskurðarmannanna að sýna, að kláðinn væri útlendur, og er það satt, rètt eins og hann eða sá lærdómur hans, að kláðinn sè innlendur, er máttarstólpi lækníganna. Að kláðinn sè kominn hèr inn í landið með ensku lömbunum, er marg-sannað, og það, hvernig hann hefir breiðzt út, verður rakið bæ frá bæ, sveit úr sveit; en allar hinar mörgu sögur, sem 1857 geingu um það, að hann væri að koma upp af sjálfum sèr vestur á landi, og í Múlasýslum og á ýmsum stöðum, og sem hann þá utan þings vildi, móti öllum sanni, troða inn í almenníng, hafa reynzt að vera alveg ósannar. Hann sagði líka, að alþíngi settist í dómarasæti og felldi þann dóm, sem það ekki væri fært um að fella, en sem ætti að felast lærðum mönnum, en eg held, að það sè skylda alþíngis að flytja fram fyrir stjórnina dóma sína um vilja þjóðarinnar, og að fá hana til þess, að samþykkja vilja þjóðarinnar. Hann vildi ekki gefa bændum sama rètt og sjálfum sèr, og segir, að þeir hafi ekki vit á málinu, og samt hafa bændur læknað eins vel og hann, já, miklu betur en hann. Hann sagði enn fremur, að þó erindsrekarnir færi af landi, þá gæti þeir samt stjórnað frá Danmörku fraukvæmdunum í kláðalækíngunum (*Jón Hjaltalín*: Það hefi eg ekki sagt, það er misskilníngur); þíngmaðurinn sagði það, eg hefi skrifað það; en þó eg sè sannfærður um, að erindsrekarnir vilji koma málinu í hina beztu stefnu, á meðan þeir eru hèr, þá mun þeim samt vera ómögulegt, að stjórna lækníngunum jafnvel einúngis hèr frá Reykjavík, vegna þess, hvað samgaungur eru erfiðar bæði innanlands og svo einnig við Danmörku, og því síður frá Danmörku. Það er enn þá eitt, sem eg verð að svara þíngmanni Reykvíkínga upp á, er hann sagði, að það væri þýðíngarlaust, að þreingja svið lækníganna og um leið kláðans; en eg held, að bæði erindsrekarnir og þíngmenn gæti mikið áunnið hjá landsmönnum í því efni, og þó menn ekki geti neytt bændur með lögum, til þess að eyða sýkinni þannig, mætti samt mikið takast með fortölum góðra manna; þeir verða leiddir, þó þeir verði ekki neyddir.

Forseti: Eg hefi borið mig saman við þíngskrifarana um orð þau, er þíngmaðurinn úr Norður-Þíngeyjarsýslu hermdi upp á hinn 6. konúngkjörna þíngmanns, og skyldu hvorki þeir eða eg orð hans þannig.

Guðmundur Brandsson: Bæði nefndinni og hinum heiðraða þíngmanni Reykvíkínga greinir á í reikníngi þeirra yfir kostnaðinn við

böðunina ; reikníngur hennar er hærri, hans lægri; hann tekur hina bjartari hlið lækninganna, hún hina dimmari, en eg ætla nú ekki að fara út í það leingra; en vildi að eins benda á mismuninn, og ætla ekki að elta reikíngana í smámunum; eins og áætlun þíngmanns Reykvíkínga er vissulega oflág, svo getur líka áætlun nefndarinnar verið í hærra lagi, þó eg haldi það ekki, og styðst eg þar við eigin reynslu í þessu efni. Það hefir verið talað um það, hvað mikið fé hafi hrunið niður í suðuramtinu 1856 og 1857, en eg held, að það sé óþarft, að rífja það upp, sem er umliðið, því einginn kallar fé það til lífs aptur, sem þannig er farið, hversu leingi sem menn eru að tala um það. Þó það kunni að vera satt, að sumt af þessu fé hafi drepizt fyrir handvömm, þá er það vest af öllu; en eg held, að mikið mætti segja bæði með því og mót, og að erfitt verði, að finna takmörkin milli þess, sem þannig kann að hafa drepizt, og hins, sem ómögulegt var að halda lifandi. Mèr sýnist nú, að menn eigi að skoða málið eins og það er nú komið. Veikin var skæðust fyrst, en hefir dofnað, síðan fyrsta skorpan var um garð geingin ; nú er miklu hægra við að eiga, og nú þarf kláðafèð miklu minna fóður en áður; mèr finnst því, að ræður manna þurfi ekki einlægt að vera að snúast um þann niðurskurð og þær lækníngar, sem nú eru um garð geingnar, heldur ætti menn að reyna að koma sèr saman um það, sem nú væri tiltækilegast; nefndin vill, að lækníngar skuli brúka í suðuramtinu, svo það er þess vegna óþarfi að bregða henni um, að hún fari fram á niðurskurð, og vísar hún á það lækníngaform, með hverju bæði hið kláðuga fé verði læknað, og fé það varðveitt frá sýkinni, sem ekki er sjúkt. Þetta er aðalatriðið, og finnst mèr því, að ekki sè vert að menn fari út í mikla króka, en haldi sèr að þessu aðalatriði málsins.

Framsögumaður: Það er reyndar óþarfi fyrir mig að halda svörum uppi fyrir nefndina, því það hafa að eins tveir menn talað á móti henni, og hefir þeim verið svarað af öðrum. Eg skal nú ekki fara í orðakast við þíngmann Reykvíkínga, því eg veit, að hann finnur skyldu sína að verja það, sem hann ætíð hefir varið, hvernig svo sem það er; eg skal ekki reyna til að níða hann af trú sinni, því hver er sæll við sína trú. En eg vil að eins svara því, sem hann sagði, að Norðurland hefði haft eins mikið tjón af niðurskurðinum og Suðurland hefði haft af lækníngunum. Niðurskurðurinn fyrir norðan kostaði um 67,000 rd., er menn reikna verð þeirra 20,000 kinda, sem niður voru skornar; en þessi 20,000 voru í mesta lagi

varla 8. hver kind af 100 kindum, en á Suðurlandi er nú eptir skýrslum stiptamtmannsins sjálfs til stjórnarinnar ekki nema 8. hver kind eptir af 100 kindum, sem á undan kláðanum voru í hinum kláðasjúku hèruðum á Suðurlandi. Þessi munur er auðsjáanlegur, það er sami munur og á svörtu og hvítu, og þó er enn ótalinn allur sá kostnaður og öll sú fyrirhöfn, er leitt hefir hèr af lækníngunum, sem er of fjár. Þeir, sem vilja skoða reynsluna og byggja á henni, sjá muninn, ekki að eins í hugskoti sínu, heldur einnig í því, sem fram er komið. Eg gæti svarað hinum 6. konúngkjörna þíngmanni í þessu efni orði til orðs, ef eg vildi; en eg virði hann of mikils til þess. Eg veit, að hann segir það, sem hann segir, af sannleiksást, því vil eg taka mèr hans orð í munn, og eins og hann spurði: „hvað er sannast“, eins vil eg spyrja: hvað er sannast í þessu máli? Hvort er sannara reynsla 1,000 ára, reynsla 80 ára, og nú reynsla 4 ára, eða álit dýralækníngaráðsins í Kaupmannahöfn? Hvað er sannast, hvort er það kenníngar og getgátur læknanna, er hver er á móti annari? Hvort er það hugsmíði ímyndunarinnar og kappgirni lærdómsmannsins, eður er það sjálf tilvera hlutanna? Já, hvað er sannleikurinn, og hvar er hann að finna? Eg sný mèr að sögunni og reynslunni, þar skal eg leita sannleikans, er eg stend hèr, til þess að tala það, sem eg veit sannast og rèttast fyrir samvizku minni, fyrir öllum þíngheimi, fyrir þjóð minni og konúngi, og til þess að verja sannindi reynslunnar og sögunnar, til þess að verja sannsögli eiðfestra þíngsvitna, samvizkusemi embættismannanna og samhuga álit allrar alþýðu, sem er rödd hins sannasta.

Eiðfastir dýralæknar hafa ekki sagt, eins og hinn 6. konúngkjörni nú fullyrti, að kláðinn væri innlendur. En hvað hafa þeir þá sagt? Þeir hafa að eins sagt, að það *gæti verið*, að hann væri innlendur, en það gæti líka verið, að hann væri útlendur, og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður hefir ekki sagt, að hann væri *ekki útlendur;* hann hefir sagt, að hann gæti eigi fortekið, að hann væri bæði innlendur og útlendur. En hann mun þá svara mèr: kláðinn var kominn hèr um allt Suðurland 1856, og kláðamaur var í Norðurlandi 1857. Eg svara þá: kláðamaur þessi er nú pappírsmaur einn, en hinn sunnlenzki er enn drepmaur í mörgu fè; hann var ekki sóttnæmur; hann dreifðist ekki út og eyðilagði eigi heil hèruð. Það var munurinn, og þessi munur hefir verið og er mikill. Eg ætla mèr annars ekki að elta öll mótmæli hins 6. konúngkjörna, því þótt eg játi, að hann tali af sannfæríngu vísinda sinna og lærdóms, þá

verð eg að benda honum og öllum oss til þess, að vèr eigum að skoða mál þetta frá reynslunnar og búfræðinnar sjónarmiði, en ekki einúngis frá vísindanna sjónarmiði. Vísindin liggja hèr fyrir utan; þetta segi eg ekki af því, að eg fyrirlíti vísindin, því eg virði þau, þar sem þau komast að, en eg segi, að þau liggi fyrir utan þetta mál, því veldur ísinn, fjarlægð landsins frá öðrum löndum, kuldinn og rigníngarnar, vegirnir eður vegaleysið og samgaunguleysið í landinu, en þó einkum allur landbúnaður vor og það, hvernig málið er nú komið, hvernig stjórnin hefir farið að ráði sínu við þíngið, við þjóðina og við embættismenn hennar, þar sem hún hefir rýrt álit allra þessara flokka svo, að eg vil spyrja, hvar dæmi sè til slíks í öðrum löndum, að stjórn hafi þannig borið sannleikann ofan í eiðföst þíngsvitni, ofan í flesta embættismenn sína og alþýðu alla. Hvað skal segja um slíkt? hvar skal hèr staðar nema? til hvers leiðir þetta, ef ekki til fullkominnar sundrúngar mannfèlagsins, til lagaleysis og til algjörðrar siðaspillíngar? Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður hefir brugðið oss um mótþróa gegn stjórninni, eður *„demonstration“*, svo kallaði hann það. En hvað höfum vèr þá sagt? Vèr höfum að eins sagt, að stjórnin hafi um leið og hún tók málið að sèr, tekið upp á sig alla ábyrgð, er af því flýtur. Þetta höfum vèr sagt af því vèr finnum, að þessi ábyrgð er svo þúng, að vèr viljum eigi eiga og getum eigi átt neinn þátt í henni. Eg skal leggja hèr hapt á túngu mína, en sagan mun síðar taka blaðið frá munninum, því sagnarit vor munu lifa hèr eptir, eins og híngað til; hún mun þá skýra frá, hvers ábyrgðin er, og í hverju hún sè fólgin. Eg ætla mèr nú að eins að skýra lítið niðurlagsatriðin; þar sem í 1. grein er talað um stjórn, þá er þess að gæta, að stjórn getur bæði verið konúngur og ráðaneyti hans, og eins ráðaneytið einsamalt, og því er þetta orð tvírætt. Nefndin meinti nú ráðaneytið eingaungu; vil eg því breyta orðinu „stjórn“ í „ráðherra“ og orða greinina þannig: „að ráðherrann hafi með ráðstöfunum sínum í þessu máli tekið að sèr alla þá ábyrgð, er þar af flýtur við konúnginn, við þíng Dana og þjóðina á Íslandi, o. s. frv“. Um sambandið milli 1. og 2. greinarinnar vil eg geta þess, að þar sem stendur undir II. tölulið: „Alþíngi biður *því* konúng vorn“, þá miðar þetta sig við 1. atriðið; að stjórninni beri að halda verði milli hinna sýktu og ósýktu hèraða, leiðir af því, að hún hefir tekið að sèr, að út rýma kláðanum, og varna útbreiðslu hans; en til þessa þarf nú verði milli hèraðanna. Þegar vèr nefndarmenn skrifuðum þetta, geingum vèr út frá því, að

hin ömtin væri nú frí við kláðann, eins og nú er sannreynt orðið, og þess vegna báðum vèr um, að amtmennirnir í þeim ömtunum feingi vald sitt aptur, svo að landstjórnin þar kæmist aptur í samt lag; því þar sem sýkin ekki er, þarf ekki að út rýma henni, og þess vegna vildum vèr, að þeir feingi vald sitt aptur. Með þessu fæst þó það, að landstjórnin verður minna rugluð og ráðstafanirnar til framkvæmdanna fljótari og fullkomnari, þar sem krapturinn getur orðið því meiri hèr í kláðasýslunum, sem svíðið er minna, og má með því allt af gjöra svíð sýkinnar minna og minna. Ástandið í þessum hluta landsins er svo, að ekki er meira sjúkt fè eptir, en menn þurfa til skurðar handa sjálfum sèr; en meðan hið kláðuga fè lifir hjá sumum bændunum, geta hinir ekki feingið fè aptur, sem nú eru fèlausir, en þeir, sem eiga fè í hinum umdæmunum, geta hvorki nè vilja selja þeim fè sitt, meðan kláðinn er hèr. Það hefir eigi verið fundið að 4. atriðinu, sem er um það, að frumvarp verði lagt fyrir næsta þing, og þarf eg því eigi að skýra það. Þar næst kemur III. töluliður um það, að *forseti* skori á erindsrekana: 1, um að lóga fènu á takmörkunum, og 2, að tilkynna amtmönnunum, hve nær þeir fari af landi, og fái þeim þá aptur fullt embættisvald sitt. Eg hefi skilið svo umboð þessara erindsreka, að það standi, meðan sendiförin stendur, en þegar þeir þá fara aptur af landinu, þá er sendiförin á enda, og þá líka umboð þeirra. Eg segi eigi, að þessi skilningur sè öldúngis rèttur, en svona hefi eg skilið það; eg held líka það verði bágt fyrir þá, að skilja hèr eptir ráðstafanir þær, sem amtmennirnir ætti að framkvæma, það mundi verða örðugt, að framkvæma skipanir þeirra, eptir að þeir eru hættir framkvæmdum sínum. Og hver á að hafa ábyrgðina? Eiga amtmennirnir að skrifa þeim til í Höfn um hvað eina, en ekki skrifa stjórninni eitt orð um málið? Og hversu leingi ætti þetta lag eða ólag að standa? Ráðstafanirnar kosta líka nokkuð; hvaðan á að taka kostnaðinn, og hver á að borga meðölin? Á jafnaðarsjóðurinn að gjöra það? Eða á að taka hann af þeim 30,000 rd.? Um þetta allt vita menn ekkert, og því álít eg nauðsynlegt, að þetta atriði stæði hèr, svo menn feingi að vita þýðíngu þess. Ætla eg svo ekki að fara leingra út í þetta mál að sinni.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það var hvorttveggja, að eg hafði aldrei mikla von um, að það leiddi til mikils gagns, þegar þetta mál kom á þíngið, enda virðist mèr það ætla að rætast; það er svo lángt frá, að málið hafi unnið við þetta nefndarálit, að það hefir enn fremur spillt fyrir og reynt að flækja allt, og sèr í lagi

að gjöra okkur, hinum konúnglegu erindsrekum, stöðu okkar sem örðugasta. Og þó er það lakast, að þetta kemur svo óhreinlega fram í nefndarálitinu, að það kemur eins og fram úr þoku. Eg hefði vel getað skilið, þó þíngmaður Borgfirðínga hefði viljað láta þíngmenn hrópa *„pereat“* yfir okkur, en hitt þykir mèr undarlegra, að hann vill láta eins og nefndin og álitsskjal hennar sè með, þar sem það er í rauninni beint á móti okkur. Þannig rekur sig allt svo á sjálft sig, að eitt verður á móti öðru, og er það eðlilegt, því undirstaðan var svo lögð. Nefndin var sett út úr niðurskurðarbænarskrám, í nefndinni eru flestir niðurskurðarmenn, og er því eðlilegt, að hún fylgi niðurskurði. Eg vil nú leyfa mèr að yfirfara nokkuð nefndarálitið, því eg er neyddur til þess. Nefndin segir þá fyrst, að ekkert annað mark og mið sè í þessu máli, en að *út rýma* sýkinni úr fènu, og jafnframt *varna* útbreiðslu sýkinnar; þetta hefi eg sjálfur sagt, og því munu án efa allir vera samdóma; deili eg því ekki við nefndina um það, heldur byggi á því eins og hún. Þegar þá nefndin þar næst ber fyrir sig annara landa lög um það, að eigendum fjárins sè lagt á sjálfs vald, hvort þeir vilji skera niður fè sitt eða lækna, þá er það ránghermt. Í öllum löndum er gjört fyrst og fremst ráð fyrir lækníngum, þar sem nokkur lög eru um þessi mál, og hver stjórn lætur í tè lækna og meðöl eptir þörfum. Í Danmörku var skipað að lækna í tilskip. 1844, um næma sjúkdóma í fè; nú er að vísu sú tilskipun linuð, en þó er eigendum stránglega upp á lagt, að vakta fè sitt, þar til þeir annaðhvort skera eða lækna. Þar hjá skal eg geta þess, að linun þessi var á móti ráði og vilja margra af hinum heldri dýralæknum, sem vilja og álíta nauðsynlegt, að hafa þau lög, að menn verði þvíngaðir til að lækna fè sitt. Það er einnig skiljanlegt, að svo verður að vera, því hvað leiðir af því, ef hver maður má gjöra það, sem hann vill í slíku máli, og segja við stjórnina: þetta kemur þèr ekki við, það er mitt fè, láttu mig um það? Það er furðanlegt, að nefndin skuli eins og vilja færa þessa grundvallarreglu til fyrirmyndar, þar eð það er í augum uppi, að hún leiddi til þess, að hver gjörði eptir geðþekkni sinni. Hún er hið sama og leiðir til hins sama, og hinar hvikulu ráðstafanir, sem hèr hafa átt sèr stað í þessu máli, og lendir í stjórnleysi, ef ekki er við gjört í tíma. Þíngmaður Borgfirðínga vill, að menn megi gjöra það, sem þeir vilja, skera og lækna eptir frívilja, og þetta er grundvallarregla nefndarinnar; það er þá sýnt, til hvers þessi grundvallarregla leiðir, og hver heill landinu muni standa af henni. Eg

veit það eina dæmi úr Noregi, að mönnum eru gjörðir tveir kostir, annaðhvort að lækna eða skera, og kom það af því, að fyrst vildu menn hvorki lækna eða skera, svo að stjórnin varð að skerast í, og fylgdu menn þá ráðum hennar og lækníngaráðstöfunum, og lètu ekki eins og hèr, að ybbast á alla vegu á móti. Lækníngum er því fylgt fram alstaðar í öllum löndum eins og hèr, eða á líkan hátt, eptir ráðstöfunum stjórnarinnar. Þegar sjúkdómurinn er hættulegur, og þegar stjórnin leggur til meðöl og lækna, þá gjörir hún ráð fyrir, að menn sè ráðþægir og aðhyllist ráðstafanir hennar, eins og það er sjálfsagt, að það er hennar bein skylda að gjöra þær; en að einn megi gjöra þetta, en annar hitt, á sèr hvergi stað. Þíngmaður Borgfirðínga vill hvetja menn með góðu til niðurskurðar, en hann mundi bráðum verða þess var, að þær upphvatníngar mundi litlu áorka, sem dæmin hafa sýnt. Niðurskurðurinn hefir ekki alstaðar farið fram með góðu. Hvergi hèr á landi hefir verra gjörræði verið sýnt en þar, sem niðurskurði hefir verið fram fylgt, og þarf eg ekki að sanna það, þar það er öllum þíngmönnum kunnugt og þeir vita, að eg fer ekki skakkt í þessu.

Nefndin álítur sèr samt skylt, að taka heldur lækníngaraðferðina en niðurskurðinn, ef hún með nokkru móti gæti sèð, að tilgánginum yrði með henni náð; niðurstaðan hjá nefndinni verður samt sú, að hún álítur lækníngaraðferðina ónýta og ómögulega. En þar af ætti þá, eptir minni skoðan, að koma fram sú ályktun, að nefndin vildi láta banna allar lækníngar; þessi niðurstaða væri eðlileg, eptir því sem undan er geingið, og það hefði ekki verið nein samstemma í nefndarálitinu, ef það hefði ekki komizt til þessarar niðurstöðu, en nú finnur nefndin þar að auki, „að mjög mikið sè undir því komið, hvort kláðinn sè innlendur eða útlendur, því sè hann innlendur, á þann hátt, að hann komi upp af sjálfum sèr, hèr og þar, þá er eigi mögulegt, að skera fyrir hann eður út rýma honum með niðurskurði alls sjúks fjár, en sè hann útlendur, þá er það vel mögulegt“. Er það þá ekki nefndarinnar meiníng, að kláðanum skuli út rýmt með niðurskurði? Þó segir hún í sömu andránni, að hún vilji ekki niðurskurð. Þetta verður nefndin að útskýra betur, því annaðhvort verður hún að fallast á lækníngar eða niðurskurð, eða gefa öllum frítt svið, að gjöra hvað þeir vilja.

Nú fer þá nefndin að sanna, að kláðinn sè útlendur og fluttur með ensku lömbunum, sem komu í Mýdal 1855. Á þessu eru menn allt af að stagast og rífast um það, og er bágt til þess að vita, að

menn skuli láta allt lenda í að þjarka um svo ómerkilegt atriði, og í sjálfu sèr einkisvert, í stað þess að leggjast allir á eitt að lækna sjúkdóminn sem fyrst, og þannig út rýma honum, þegar það var mögulegt, hvort sem hann væri útlendur eða innlendur. Þetta minnir á hina fornu frásögu, þegar asninn var kominn inn í herbúðir Grikkja, og menn voru einlægt að spyrja og jagast um, hver hefði leitt hann inn, þángað til allt var komið í uppnám, en eingum kom til hugar að reka hann út. Þeir, sem kenna ensku lömbunum um kláðann, styðjast helzt við hið eiðsvarna þíngsvitni, sem þeir kalla; eg hefi lesið þetta þíngsvitni, og verð að játa, að eg hefi ekki fundið neitt það í því, er slík ályktan verði byggð á. Kláði kom líka upp í Bytru í Flóa, og þó komu lömbin þar aldrei. Bóndinn í Bytru segir í hinu sama þíngsvitni, að hann hafi orðið var við kláða hjá sèr að öðru hverju frá því um miðjan vetur 1855 – 56, og að hann hafi *„í huga sínum,* kennt það ensku lömbunum, bæði af því, að hann skoðaði lömbin í Hraungerði, og líka af því, að smalinn í Hraungerði hefði komið til sín, *án þess hann þó viti nokkuð,* hvort hann hafi farið með ensku lömbin“. Þetta er nú öll sönnunin, og sýnist mèr ekki vera nein sönnun; svona er fleira í lausu lopti, og sannar ekki í minnsta máta, að kláðinn sè útlendur; samt segir nefndin, að sú stjórn sè blind, sem sjái ekki, að kláðinn sè útlendur. Mèr virðist öllu fremur mega segja, að nefndin sè blinduð, að byggja ályktanir um svo áríðanda efni, eptir hennar áliti, á svo lausum grundvelli. En þó kláðinn sè útlendur, segist nefndin nú samt aptur vilja lækna, því sèr þyki sárt um það, ef fèð skyldi eyðileggjast, en svo snýr hún enn við allt í einu, og fer að tala um lækníngakák; en eg veit ekki hvað kák er, ef það er ekki það, að hver megi gjöra það, sem hann vill, lækna eða skera, eða ekkert gjöra, eins og eg sýndi áðan að nefndin vildi. Þá fer nefndin að telja vandkvæði á lækníngunum, og er það fyrst, að Ísland liggi milli 63° og 66° norðurbreiddar; eg trúi nefndinni fyrir því, að þetta sè rètt, en það er ekki sönnun á móti, heldur með lækníngunum, því kalt og þurrt loptslag er kláðanum mótstæðilegt, þar sem heitt og votsamt loptslag kveykir hann. Annað vandkvæði er víðátta landsins, en víðáttan er einnig fremur með lækníngunum, því að þar eru svæðin stærri og hægra, að halda fè frá samgaungum; lækníngar eru vandasamastar, þar sem þèttbýlt er, og mun þíngmaður Rángvellínga kannast við það, því hann hefir opt haft það sèr fyrir ástæðu; þar sem er svoddan fjarskalegt víðlendi, eins og sumstaðar hèr, að bæir eiga eins stór lönd

eins og greiſadæmi, þar er hægt að varna samgaungum, eſ menn vilja reyna það. Eg get því ekki betur sèð, en að þessar kríngumstæður, sem neſndin tekur til, tali meir með lækníngum en því, sem neſndin ætlast til. Svo fer nú neſndin að tala um, að samgaunguleysið og örðugir flutníngar hindri lækníngarnar, rètt eins og neſndin viti ekki, hvaða lyf það er, sem þarf, og sem mönnum væri vel borgið með, eſ það væri vel brúkað, og það er tóbaksseyðið; það lyf er ei þúngt að flytja, og þarf ekki að sækja að, því hver maður hefir, eða getur haft tóbak á heimili sínu, og það er svo alþekkt, að landsmenn þurſa ekki að haſa þann beig af því, sem þeir haſa sumir af walziska leginum. Tóbaksseyðið geta menn haft hvort menn vilja til að bera í fè, eða til að baða úr, eytir því sem hentast er, og er vonandi, að mönnum lærist bráðum að þekkja, hversu heilnæm böðunin er bæði sjúku og heilbrigðu fè. Þar á eptir telur neſndin loptslagið svo sem skaðlegt fyrir lækníngar; það getur verið satt, að veðurátta getur verið til baga fyrir þær, en væri loptslagið ekki eins heilnæmt, eins og það er hèr á landi, þá væri hèr pestnæmur kláði á hverju ári, það er eg handviss um, með þeirri hirðíngu, sem hèr er víðast hvar á fènu. Þetta getur hver maður sèð, sem hlutdrægnislaust skoðar, hvernig hèr fer fram; því þegar menn sjá nær því á hverjum bæ kindur með hrúðrum og voggrísum, með skóf og skarni, með lús og óþriſum, þá þarf ekki miklu að muna til þess, að þetta verði ekki að pestnæmum kláða. Eg er hræddur um, að þegar fèð skríður kvikt af lús, eins og sumstaðar er, fram eptir öllu sumri, þá muni þíngmaður Norður-Þíngeyínga eiga fullörðugt með, að stjórna þessum lúsahóp, eſ hann gjörir ekkert annað en það, sem neſndin ráðleggur; en tóbakið, sem svo hægt er að nálgast, er eitthvert hið kröptugasta lyf móti kláða og lús, og veit eg ekki annað, en að nægar byrgðir sè af því, fremur en af flestri annari vöru. Hvað snertir áætlunina yfir kostnaðinn við böðunina, þá er hægt að búa til slíkar áætlanir öldúngis fótlausar; það væri miklu sannara, eſ eg legði niður fyrir mèr og jaſnaði saman, hversu mikið bóndinn hefði fyrir, að haſa þá pössun á fè sínu, að hann gætti að hverri kind, hve nær sem hún klóraði sèr, á móti því, hvert ómak og kostnað og tjón hann hefði, þegar hann lèti allt fè sitt útsteypast í kláða, og færi svo annaðhvort að skera eða lækna; eſ eg tek niðurskurðarkostnaðinn og lækníngakostnaðinn, og gjöri áætlun þar yfir hlutdrægnislaust, þá er það ekki spursmál, að niðurskurðarkostnaðurinn verður miklu meiri, en sá kostnaður, sem er í aðgæzlunni á fènu,

það munar eins miklu og því, að drepa lúsina á kindinni og að drepa kindina sjálfa. En þessi forsómun er vest, að menn vilja ekki gjöra neitt, fyr en menn verða annaðhvort að skera eða lækna, sem hvorttveggja verður til kostnaðar eða skaða, og ef á þar að auki að fara að borga þeim daglaun, sem standa í kríng og horfa á meðan baðað er, eins og mèr skilst á áætlun nefndarinnar, þá þarf flest að borga, og þá hefir áætlunin greinilega hrakið sig sjálf.

Þar eptir fer nefndin að athuga, hvílík áhrif lækníngarnar hafi haft og hljóti að hafa á hugarfar landsmanna, og segir, að þeir sè fáir sem eingir, er verði til að mæla þeim bót. Eg hefi talað hèr bæði við bændur og marga aðra 1557, og eins hefi eg talað við þá nú, og verð eg að segja, að 1857 sýndist mèr tvísýnt, hvort auðið mundi verða, fyrst um sinn, að saunfæra þá almennt um nytsemi lækníganna, en nú hefi eg í sumar sèð fullkomin merki þess, að það getur tekizt; svo mikið hefir mönnum hèr syðra farið fram á þessum tveimur árum; nú eru margir sannfærðir um, að lækníngarnar geta tekizt, ef þær eru við hafðar í tíma og með rèttri aðferð. Það er satt, að sumum hafa mistekizt lækníngarnar, en það hefði verið betra, að nefndin hefði rannsakað, af hverju það hefir verið, heldur en að draga þar af grundvallarlausa ályktun; hún gæti þá sèð, að misheppni þessi hefir komið margopt af handvömm manna eða vankunnáttu; um þetta hefi eg sannfærzt af því, að allmargir hafa komið til mín og sagt, að lækníngarnar dugi ekki, því þeir sè búnir að baða 16—20 sinnum, og kláðinn sè enn þá hjá þeim; hefi eg þá spurt þá, hvernig þeir hafi farið að, og þegar þeir hafa sagt mèr það, hefi eg sèð og sagt þeim, að böðunin hafi mistekizt, af því aðferðin hafi verið raung, eða að þeir höfðu forsómað undirbúníninginn undir böðunina, af því þeir ekki höfðu haft neina tilsögn. Þó fólk sè skynsamt hèr á landi, hugsar það samt opt lítið í kríngum sig í ýmsu því, sem til framkvæmdanna heyrir, og kennir öðru um það, sem mistekst, en ekki sjálfum sèr; þess vegna fer oss svo seint fram í öllu verklegu, af því vèr erum allt of hugsunarlausir um slíkt.

Eptir að nefndin hefir sagt, á þá leið eins og eg gat um fyr, að hún vildi hèr um bil láta hvern ráða sèr sjálfan, um að skera eða lækna, þá kemur hún nú aptur allt í einu, og vill láta segja frá þínginu, að stjórnin fari fram í lagaleysi í þessu máli, og hafi ekkert vald, af því eingin kláðatilskipun sè til; en þó eingin tilskipun sè til, þá mun nefndin ekki geta neitað því, eða neinn maður, að stjórnin hefir hið almenna löglega vald, sem sèrhver stjórn hefir, og hina

almennu skyldu, til að neyta þessa valds. En það er eins og nefndinni líki ekki, að stjórnin hefir beitt þessu valdi sínu fremur til að halda fram lækníngum en niðurskurði, enda þótt nefndin hafi áður sagt sjálf, að hún kysi helzt lækníngar, ef þeim yrði við komið. Hvernig getur þá nefndin fundið að því, að stjórnin reynir að koma lækníngum við, einmitt því, sem nefndin helzt vill? Hún kvartar yfir, að stjórnin tók að sèr málið, en er það nokkur furða, þó stjórnin gjörði það, þegar nefndin kvartar yfir, að stjórn kláðans hafi ekki áður verið annað en kák? Og satt er það, að allt hefir verið hvað mót öðru hèr í stjórn þessa máls. Hèr hefir verið haldið fram lækníngum; nyrðra hefir verið hótað straffi hverjum, sem reyndi lækníngar, og lofað skaðabótum, ef menn dræpi niður; þar hefir verið gjörður aðsúgur að mönnum, til að drepa fè þeirra, og einginn, eða svo fáir sem einginn hefir haft þrek til að bera sig upp undan þessu. Stjórnin hefir forgefins boðið meðöl til að lækna og læknahjálp, en það hefir verið að eingu haft, ekkert búið undir, sem hafa þurfti í tíma, heldur talið sjállfsagt, að skera allt niður, þegar þar að kæmi, því lækníngarnar svari ekki til fyrirhafnarinnar, og skurðurinn er látinn fara fram á amtsins kostnað. Það er að segja með öðrum orðum, að einfaldur almúgi er leiddur eða neyddur, til að lofa skaðabótum og greiða þær, eptir að allt er forsómað, sem gjöra þurfti fyrir fram til að varna tjóni, og án þess nokkur vissa sè gefin fyrir, að þessi almúgi sleppi fyrir útbreiðslu sýkinnar, nema um stundarsakir.

Eptir þetta verður það ofan á hjá nefndinni, að „skynsamlegur niðurskurdur“ verði beztur. En hvað er skynsamlegur niðurskurður? Nefndin veit það ekki, og segir það ekki; hana iðrar einmitt eptir, að hún komst svo lángt, að hún skyldi sannfærast um þetta, því hún segir rètt á eptir: „því niður“, eins og hún sjái eptir, að það hafi skroppið fram úr sèr, að betra væri að skera. En hún tekur sig fljótt aptur, og gjörist þá fremur stórorð, þegar hún fer að boða stjórninni á hendur ábyrgð þessa máls. Eg veit nú ekki, hvort nefndin ætlar, að stjórnin hafi einga ábyrgð af embættismönnum sínum, hvað sem þeir gjöra, og hvort sem þeirra hönd er ein upp á móti öðrum, svo einn rífi niður það, sem annar byggir upp. Eg held, að það sè skýlaus skylda stjórnarinnar að sjá um, að hver embættismaður gjöri skyldu sína og gegni því, sem honum er boðið; enda held eg, að stjórnin viti það sjálf, og þurfi ekki nefndina til að segja sèr, að hún hafi og hljóti að hafa eins ábyrgð í þessu máli og í öðrum stjórnarefnum. Eg held, að nefndin eða þíngið þurfi ekki að boða

stjórninni neitt í þessu efni, til að haga sèr eptir. Nefndin byggir á því, að kláði sè ekki í hinum ömtunum; eg vil gjarnan trúa því, og vona, að þetta sè svo; en ekki get eg neitað því, að á ferðum okkar, bæði í Mýrasýslu og fyrir norðan, virðist þó ásigkomulag fjárins vera nokkuð ískyggilegt, hversu sem það kann að ráðast. En það, sem mest er undir komið, er þó það, að nú er feingin sönnun fyrir, að hinn norðlenzki óþrifakláði sè sömu tegundar og hinn sunnlenzki kláði, og eigum við það að þakka amtmanninum fyrir norðan, að þessi sönnun hefir feingizt. Amtmaðurinn hafði nefnilega til uppdrátt ágætlega gjörðan af kláðalúsinni eða maurnum, sem fannst í fyrra í kláða á fè á Holti á Kolkumýrum, þar sem einginn grunur gat verið um sunnlenzkan kláða, og er þar með skýrsla, sem sýnir, að á kindum þar á bæ og víðar hefir verið kláði í fè í 40 ár, og þessi lús, svo lángt sem menn muna, eða maur, sem í þeim kláða er fundin, er skapaður eins og annar kláðamaur á fè, danskur eða þýzkur eða sunnlenzkur, og það eins og enski fjárkláðamaurinn; það fer þess vegna að verða óvíst, hvort norðuramtið muni heldur hafa feingið kláðann úr suðuramtinu, heldur en suðuramtið frá norðuramtinu, og menn fyrir norðan, sem hafa sèð sunnlenzka kláðann, hafa sagt, að þeir áður hafi sèð miklu verri kláða í Húnavatnssýslu, sem eingum datt í hug að væri útlendur. En þegar nefndin er nú löst á þessu, að kláðinn sè útlendur, verði út rýmdur með fyrirskurði og úti byrgður með vörðum, þá hefði nefndin átt að stínga upp á, að aldrei yrði flutt híngað kind frá útlöndum, og aldrei flutt kind yfir neina á, nema með skoðunum og vörnum, því þá hefði verið nokkuð verulegt og samanhángandi í því, sem nefndin segir; nú er það allt hvað á móti öðru.

Þó eru þessar mótsagnir ekki enn á enda, því þegar nefndin er nú búin að segja, að stjórnin sè blind, allar ráðstafanir hennar lagalausar og heimildarlausar, ekki að nefna fávíslegar, þar eð skynsamlegur niðurskurður á að vera hið eina rètta, þá segist nefndin þó nú, eptir þetta allt saman, hafa sett sèr, að ráða eigi þínginu til neins, sem komið gæti í bága við ráðstafanir stjórnarinnar, enda vill hún heldur ekki ríða í bága við erindsreka konúngs. En þó þetta sè orðað svona, þá má fljótt sjá, að það er ekki annað, en ný mótsögn, sem niður brýtur sjálfa sig. Nefndin segist ekki ætla að stínga upp á neinu móti oss, en allur andinn er beint móti oss, þegar hún þykist sýna, að lækníngarnar sè óhafandi; henni hefði, að minni ætlan, verið nær, að tala hreint út, og segja, að skera skyldi allt niður.

Eg vil þá snúa mèr að uppástúnguatriðunum, og skýríngum *framsögumanns*. Eg skal ekki trúa því, að þíngið fallist á 1. uppástúngatriðið. Eg veit ekki, hver á að hafa ábyrgðina af stjórninni, ef ei þeir, sem stjórna; eður hvernig á þjóðin að hafa ábyrgð á aðgjörðum stjórnarinnar? Hver mundi nokkurn tíma hafa ætlazt til þess? En þegar svo er, til hvers er þá að vera að boða það, sem er sjálfsagt, einkum þegar nú alþíngi eingan lagaveg hefir til að framfylgja ábyrgðinni. Eg held þetta sè ekki annað, en að slá stjórninni selbita í vasa sínum, því ábyrgðin er að einu leytinu sjálfsögð, að öðru leytinu ekki nema orðin tóm. Ef yfirlýsíng þíngsins ætti að hafa nokkra þýðíngu, þá ætti þíngið líklega að stefna konúnginum, sem hefir gjört þær ráðstafanir, sem allt byggist á, og skipað okkur að fara híngað; en eg veit ekki, hvort þíngið mundi í alvöru fara að leggja út í þetta mál. Í ráðgjafana held eg að ekki verði gott að ná, því þar eru eingin lög fyrir ábyrgð þeirra. Ef þíngið vill segja stjórninni með þessu, að það vilji ekki borga aptur þær 30,000 rd., sem ætlaðar eru til kláðalækníngа, þá vona eg, að þíngmenn gæti að sóma þíngsins í því, að fara ekki slíku fram á þann hátt. Ekkert getur að minni hyggju verið fávíslegra eða einfaldlegra, og undir eins óhöndulegra, en að fara slíku fram. Það er líkt og ef einhver veikur maður segði við lækni, sem vildi hjálpa honum: Gjörðu við mig hvað þú vilt upp á þína ábyrgð, en eg styrki þar ekkert til, heldur brýzt á móti hvað eg get; eg ábyrgist þèr líf mitt! Mundi ekki hver einn kalla slíka aðferð heimskulega? Til uppástúnguatriðisins II. 1. sè eg einga ástæðu, því kláðinn hefir ekki útbreiðzt nú í sumar á neinum stað; það er ekki heldur til neins, að heimta verði út í loptið, enda hefi eg einga trú á, að verðir geti orðið að nokkru liði, þegar þeir eru settir á víðlendu svæði; eg held það sè ómögulegt, að koma þeim þar við, og reynslan hefir sýnt, að þeir hafa brugðizt allvíðast. Baðanirnar eru miklu betri og vissari vörn en verðir. Eg sè ekki, hvernig nefndin hefir hugsað sèr II. 2.; hún ætlast þó víst ekki til, að stjórnin gefi amtmönnum vald til niðurskurðar; en að amtmennirnir fái forskriptir frá erindisrekunum, hvernig þeir skuli haga sèr, það finn eg vera á rökum byggt, og það munum við sjá um að verði. Erindisrekarnir hafa ekki skert vald amtmannanna í neinu, heldur er þeim kært, að vera í samvinnu með þeim, en erindisrekarnir hafa skipun, til að fylgja alstaðar fram hinu sama um allt land, því sundrúng sú, sem á var orðin, var aðalorsökin til sendifarar okkar, en sjálfsagt er, að við framfylgjum alls kostar lækníngunum. Væri nú

nefndarinnar uppástúngu fylgt, yrði það til að hleypa upp nýrri sundrúng og spilla öllu málinu. Eg er ekki á móti II. 3., eins og nærri má geta, en það verður þó að vera með þeim takmörkum, sem lögin leyfa. Það er víst, að eingum væri kærara en okkur, að þreingja svið sýkinnar, en þar er í vegi, að einginn hefir rètt til, að skipa mönnum að selja fè sitt, eða öðrum að kaupa, og þeir, sem eiga læknað fè, vilja síður selja en aðrir, því þeir hafa reynt, að hið læknaða fè er meira virði en hitt. Eg get ekki sèð, að neitt komi út af uppástúngunni II. 4., að leggja frumvarp um útrýmíng sýkinnar fyrir alþíngi 1861, því hèr er verið að tala um mátann til að út rýma sýkinni, en ekki um útrýmínguna sjálfa; hvað útrýmíngarmátann snertir, þá lítur helzt út fyrir, að alþíngi 1861 muni verða á líkri skoðun og nú, að meiri hluti verði á niðurskurði, en nefndin getur ekki ætlazt til, að stjórnin samþykki þá niðurskurð, þegar hún hefir áður neitað honum tvívegis, en þá yrði þessi uppástúnga til einkis, nema nýrra vafníng, kostnaðar og sundurþykkis. Alþíngi hefir sýnt í þessu máli slíka aðferð, og sýnir enn, að stjórnin getur ekki haft mikla hvöt til, að leggja mál þetta fyrir þíngið að fyrra bragði, því þíngið hefir ekki haft enn lag á, að vera stjórninni þar til styrktar og vinna saman við hana til nytsamra framkvæmda.

III. uppástúngu nefndarinnar munum við erindisrekarnir svara á sínum tíma. En yfir höfuð að tala er það mitt álit, að þíngið gjörði rèttara í, að snúa sèr að því, að bæta fjárrækt hèr í landi og fyrirbyggja fjárkláðann, en að segja fyrir um stefnu læknínganna, því þó þær hafi geingið seint, þá hafa þær þó geingið í fasta stefnu, og reynslan sýnir, að þeim hefir miðað svo áfram, að nú vantar ekki nema herzlumuninn til þess, að kláðinn verði allæknaður hèr syðra.

Framsögumaður: Eg ætla mèr nú ekki að tína upp öll þau spörð, er hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga elti úr ásnanum á leið hans út úr herbúðunum og gegnum nefndarálitið, því eg ætla mèr ekki að fylgja honum um alla hans leið, en hitt verð eg að segja, að mig furðar stórlega á því, að hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga skuli ekki hafa komið með neina þá ástæðu, sem ekki er byggð á misskilníngi á nefndarálitinu. Hann skútaði nefndina út fyrir það, að hún segir, að það sè lög í Danmörku, að hver megi vera sjálfráður í því, hvort hann skæri kindur sínar eða læknaði þær, en þó sagði hann seinna, að komin væri lög út um það frá 29. desember 1857. Það stendur líka beinlínis í 4. grein laga þessara, að maður sè skyldur að hlýða fyrirsögn dýralæknanna, *„nema* hann gefi sam-

þykki sitt til, að skepnan sè skorin“, og þessi grein hljóðar meðal annars um klábafè. Þessi lög verð eg að álíta að hafi af tekið hin eldri lögin, svo að það er rètt hermt af nefndinni, er hún sagði um lög þau, er nú eru í Danmörku. Þaðan fór hinn háttvirti þíngmaður til Noregs og viðurkenndi, að mönnum stæði það þar í sjálfsvaldi, hvort þeir vildi heldur skera eður lækna, en hann gat ekki um, hverjir hefði þar framkvæmdina á hendi, ef til vill af því, að það var honum í óhag, en það eru amtmennirnir, og það vill hann ekki hafa hèr. Síðan sagði hann, að nefndin hefði varið það, að það væri rètt, að hverjum væri það í sjálfsvaldi hèr, hvort hann vildi lækna eða skera, en nefndin sýndi þvert á mót fram á, að hèr væri ástæða til, að breyta út af þessu, sem væri lög í öðrum löndum, og í nefndarálitinu sýnir hún ljóslega rök að því, hvora aðferðina sè betra að við hafa, skynsamlegan niðurskurð eða lækníngar eintómar, og eptir ítarlega rannsókn er hún á skynsamlegum niðurskurði, en á móti því með öllu, er hinn háttvirti þíngmaður bar henni á brýn. Svona voru nú næstum allar ástæður hins háttvirta þíngmanns, svo mig furðar í rauninni ekki á, þó hann gæti fundið þær nógu margar í misskilníngi sínum. Hann sagði, að það væri eingin ástæða til niðurskurðarins, þó landið lægi norðarlega, en hann sagði, að veðuráttan væri lækníngunum í mót; en er þá ekki veðráttan að kenna því, að landið liggur svo norðarlega? Þetta er nú líklega reiknað út eptir einhverjum af þeim hinum nýju hugsunarreglum, sem hann hefir fundið upp á vegferð sinni með asnanum. Þar sem hann gat þess, að samgaungur við Danmörk væri lækníngum til talmunar, þá er eigi ólíklegt, að hann hafi rekið minni til eigin reynslu, að það væri eigi í annað hús að venda, þegar hann vantar baðlyf, að senda eptir þeim í lyfjabúðirnar þángað, sem eru 300 mílur hèðan. En fjallgarðar, vatnsföll og torfærur hèr þykir honum eingar talmanir, þegar menn eiga að sækja lyfin til Reykjavíkur, og þó, þegar til kemur, eru þau eingin til! Hann fann að því, hvaða klaufar menn væri hèr með að baða, og tók til mann, sem árángurslaust hafði baðað 16 sinnum. Það getur nú vel verið, að þeir hafi baðað 16, 18, 20 sinnum; eg hefi ekki hlýtt þeim yfir, en hitt veit eg, að klábalyfin eru hèr svikin, og það hefir eiðsvarinn dýralæknir sagt mèr sjálfur í votta viðurvist. Eg ætla nú ekki að fara lángt út í amtmannavaldið; en það verð eg að segja, að eg hefi aldrei heyrt, að nokkrum manni hafi verið þraungvað til að skera fè sitt, og eg veit ekki heldur til, að þeim skaða hafi verið jafnað niður á amtsbúa að þeim *nauðugum*. Annars ætla

eg mèr eigi að verja amtmennina fyrir áburði hins háttvirta þíngmanns; þeir þurfa þess eigi við, því þjóðin og áráng̃ur málefnisins sjálfs gjörir það. En hitt verð eg að láta hinn háttvirta þíngmann vita, að eg er eigi í þeim vandræðum af ástæðuskorti fyrir mínu máli, að eg vilji anza ósönnuðum áburði yfir æðstu embættismenn hèr á landi. Eg ætla heldur að snúa mèr að niðurlag̃satriðunum. Þar sem hinn háttvirti þíngmaður talaði um „ábyrgð“, og gjörði lítið úr henni, þá veit eg að sönnu ekki, hvað hann skilur við ábyrgð; en hinn háttvirti þíngmaður veit þó, að ráðgjafarnir hafa *lögábyrgð* fyrir konúnginum, og fyrir þínginu í Danmörk, og þó þeir hafi einga lögábyrgð fyrir þjóð vorri, þá hafa þeir þó *siðferðislega* ábyrgð, sem hinn háttvirti þíngmaður vill þó varla slá stryki yfir. En um þau 30,000 dala, sem ráðherrann sagði á ríkisdeginum að jafna skyldi niður á Íslendínga, ef ekki yrði gripið til þeirra óyndisúrræða, að safna kollektupeníngum handa þeim, í þessu efni, segi eg, er það, sem eg vil, að þjóðin geymi sèr rètt. Hann skildi ekki, að almennir verðir gæti gjört neitt gagn, en það skilur þó hvort mannsbarn hèr á landi, og það hafa löggjafarnir jafnan skilið í öðrum löndum. Aptur á mót hèlt hann, að sýkin hefði ekki útbreiðzt nú í sumar, en það er aptur það, sem einginn maður annar veit enn sem komið er, eins og einginn vissi það fyrir fram um sumarið 1857, að hún mundi þá um sumarið flytjast úr Borgarfjarðarsýslu norður í Húnavatnssýslu. Það eina, sem hann var ekki á móti, var að þreingt væri svið kláðans; en hann var mikið á móti því, að amtmennirnir í norður- og vesturumdæminu feingi aptur fullt embættisvald sitt í þessu máli, en hann gat ekki um, hvort það væri reglulegt, að amtmennirnir væri settir undir sèrstaka valdamenn í einstöku málefni; hann gat þess heldur eigi, hvort það væri nauðsynlegt, að setja kláðastjóra yfir þau ömt framvegis, þar sem einginn kláði er, að vitni sjálfs hins kláðafróða erindsreka. En eg býst nú við því svari, að maurinn í Holti sè samkynja sunnlenzka maurnum, þótt hann hafi enn ekki útbreiðzt eður verið sóttnæmur, því það á nú ekkert að gjöra til, hvort kláðamaurinn er sóttnæmur eður ekki, og þótt hann sè eigi enn orðinn frægur í sögum, fyr en ef hann verður það nú, síðan hinn kláðafróði erindsreki fann hann á pappírsblaði á amtsstofunni fyrir norðan og reiddi hann suður híngað.

Nefndin vildi þannig í eingu ríða í bága við erindsreka konúngs, en hvort þeir vilja nú segja amtmönnunum sinn síðasta vilja, þegar þeir fara hèðan, og halda verndarskildi sínum yfir öllum kláða-

ráðstöfunum, eptir að þeir eru farnir til Danmerkur, þá getum vèr eigi gjört að því, þeir um það; en það sem þá framkvæmt verður eptir skipunum þeirra, það hlýtur þá að vera á þeirra ábyrgð. Hinn háttvirti kláðastjóri og þingmaður sagði, að aðalefnið í erindisbrèfi þeirra væri fjárræktin, en því verð eg að neita, þeir hafa einúngis umboð til að varna útbreiðslu fjarkláðans, og að út rýma honum; en eg veit, að allir, sem hèr erum, viljum styðja að því, að fjárræktin gæti orðið betri hjá okkur, en hún er, þótt vèr biðjum eigi í þessari bæn. Það væri því óskandi, að hinn háttvirti þingmaður vildi gefa út rit um fjárrækt, eins og hann hefir nú gefið út víðfrægt rit um fiskiveiðar.

Páll Sigurðsson: Mèr þótti nýstárlegt að heyra á tölu hins háttvirta þingmanns Ísfirðínga, sem ávallt er vanur að vera sjálfum sèr svo samkvæmur, að hann lenti nú í mótsögn við sjálfan sig. Hann sagði, að það væri ætlunarverk hinna konúnglegu erindsreka, að fyrirskrifa amtmönnunum reglur til lækníngа í útrýmíngu fjárkláðans. Þegar þessir herrar hafa nú slíkt vald, hvar með þeir þykjast geta nauðgað öllum til að lækna kindur sínar, þá finnst mèr það vera hin herfilegasta mótsögn, ef þeir ekki hafa sama vald til að taka burtu svo sem 1,000 fjár í Rángárvallasýslu, eða þreingja að sjúka fènu; eg skil ekki í, að þeir ekki skuli hafa eins vald í því, eins og öðru. Hann sagði, að það væri hætt við klaða í Norðurlandi, og að það væri loptslaginu að þakka, ef hann ekki kæmi þar; það væri þá enn meiri hvöt fyrir menn hèr sunnanlands, til að út rýma honum sem fyrst, og vita svo, hvort við ekki kæmumst upp á betri fjárrækt. Hvað tóbakssósunni við víkur, þá kom hún seint í móð hèr hjá læknum; en þegar verið er að skipa sitt hvað, þá spillir það framkvæmdum lækníngа, því bændur geta ekki án stórs kostnaðarauka verið við búnir, að hafa við sín meðöl í hvert sinn. Hann sagði, að sumir hefði baðað 10 — 20 sinnum, án þess að fèð batnaði, og getur hann þá ekki nærri, að menn muni trènast upp á slíku, þegar til leingðar leikur? Eða á slíkt leingi að gánga? Hvers vegna er kláðanum ekki enn þá út rýmt í Flóanum, þar sem dýralæknirinn var heilan vetur á Eyrarbakka? Hann hafði ekki trú á vörðum, en við höfum trú á þeim, og það byggjum við á reynslunni. Hann sagði, að vèr Íslendíngar viljum ekki hlýða góðum ráðum, en vèr höfum eingin góð ráð sèð enn þá, en þau ráð, sem eru sitt í hvert skiptið, gjöra ekki annað, en deyfð og doða; það kemur af því, að Íslendíngar vilja ekki trúa öllu, og eru fastir fyrir eins og hann, og sýna þeir, að þeir eru skyldir

honum. Eg sá ekki, að hann hrekti í neinu ástæður nefndarinnar, og nefndin greip ekki inn í verkasvið hinna konúnglegu erindsreka hèr. Nefndin vill hepta svið sýkinnar, svo að kraptur lækninganna geti þess betur blessazt, en ef þær ekki blessast, þá er auðsèð, að þær eiga hèr ekki við, og því er skysamleg uppástúnga nefndarinnar, að ef henni ekki verður algjörlega út rýmt á 2 árum, þá að konúngur leggi frumvarp fyrir þingið um að út rýma henni. Ef að margir eru nú hirðulausir og trassar við lækníngarnar, eins og hinn háttvirti þingmaður sagði, og sem eg vil eingan veginn neita, þá þarf því nákvæmara eptirlit með þeim innan takmarkanna, og því minna sem svíðið er, því hægra verður það, og því árángursbetri verða lækníngarnar. Eg sá því ekkert, sem hann hrekti hjá nefndinni, þó hann væri að leita að þeim snögum, sem hann gat, til að halda sèr í, þá gat hann þó hvergi feingið handfestu, svo haldgóður maður sem hann annars er.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Viðvíkjandi því, sem hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að eg hefði sagt, að nýrri löggjöf hefði upphafið hina eldri um kláðafaraldrið í Danmörk, þá var það satt; en eg sagði líka, að allir skynsamir menn, sem vit hafa á, og til þekkja, segði, að þessi hin nýja löggjöf væri öllu lakari í því efni, og að það þyrfti að vera svo fyrir skipað, að halda mætti mönnum til að lækna. Um lög Noregs má geta þess, að til þess að ályktanir amtsráðanna í þessum málum geti haft gildi, verða þær að hafa samþykki konúngs, en hèr eru nú eingin amtsráð; nefndin segir: „í öllum þeim löndum, er vèr þekkjum“; hún telur þó ekki nema Noreg og Danmörku, og það lítur svo út, sem hún ekki þekki fleiri lönd. Einhver þingmanna sagði, að kláðalyfin sè svikin, og getur verið, að hinir háttvirtu þingmenn finni ástæðu til að trúa því, en ekki er annað tilhæfi til þessa, en að það hefir komið fyrir eitthvað á tveim stöðum, að meðölin hafa ekki viljað blandast, og getur það verið ýmsu að kenna; en það hefir ekki einu sinni verið skriflega kært fyrir okkur. Yrði það ákært og sannað, er það í ábyrgð apóthekarans eptir þeim samníngi, sem við hann er gjörður. Hinn heiðraði þingmaður Rángvellínga sagði, að tóbakið væri nýtt lyf; eg sè á því, að hann hefir ekki fylgt vel leiðarvísunum um fjárkláðalækníngarnar, því þegar í hinum fyrsta leiðarvísi er tóbak tekið fram meðal lyfjanna. Hann talaði líka um kláðann, sem væri enn í Flóanum, og trúi eg því vel, þar eð fèð kom þaðan í haust úr Rángárvallasýslu, en bæði er, að betra er að einhver njóti en einginn, því Árnesíngar hafa haft þegar nokkurt gagn af þessu fè, þar sem

Rángvellíngar mundi ekki hafa komið því í lóg, og svo vona eg líka, þó fè þetta hafi mestmegnis haldið kláðanum við í Árnessýslu, að það verði læknað innan skamms.

Ásgeir Einarsson: Eg vil einúngis fara fáeinum orðum um það, sem hinn háttvirti þíngmaður frá Reykjavík sagði áðan, að erindsrekar konúngs hefði ekki vald til, að neyða menn til að hneppa fè sitt saman; en ef þeir ekki hafa vald til þess, þá held eg verði nú lítið úr framkvæmdunum. Þetta er það atriði, sem er skilyrði fyrir lækníngatilraunum; en megi hver sjóðinn gjöra það, sem hann vill, er ekki að hugsa til lækníngа; eg vonaði því, að menn mundi gefa gaum uppástúngum þíngmannsins frá Snæfellssýslu, sem fóru í sömu átt og nefndarinnar, þetta er sú stefna, sem eg hefi verið að reyna til að yrði tekin, og fór því fram við þann erindsreka konúngs, sem kom á nefndarfundinn, og nú álít eg, að ætti að vera aðalumtalsefnið, að reyna að finna upp ráð til þess, að menn gæti komið sèr nokkuð betur saman um þetta mál. Mèr var því að detta í hug, að biðja hinn háttvirta *forseta* að sjá til, að nefndin talaði í tómi við erindsrekana á milli funda, svo að hin ítrasta tilraun yrði gjörð, til að miðla málum í þessu. Því með þessu áframhaldi, sem nú lítur út fyrir, gjörir málið hvorki að reka nè gánga, og menn geta ekki komizt að neinni niðurstöðu.

Indriði Gíslason: Eg vil áskilja mèr að tala einu sinni í þessu máli við ályktarumræðuna, án þess að þurfa beinlínis að halda mig við niðurlagsatriðin, en eigi að síður skal eg ekki fara út yfir verkahríng þess.

H. Kr. Friðriksson: Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði áðan, að eg hefði sagt, að Húnvetníngar hefði beðið eins mikið tjón af fjárkláðanum, og Sunnlendíngar; en það er ekki rètt hermt; eg sagði, að Húnvetníngar hefði beðið eins mikið tjón af niðurskurðinum og Sunnlendíngar af lækníngunum eða meira, og. ef satt skal segja, þá hafa ekki allar lækníngarnar hèr á Suðurlandi kostað eins mikið fè, og lagt hefir verið í sölurnar fyrir niðurskurðinn í Húnavatnssýlsu. Viðvíkjandi böðunum, þá vil eg geta þess í tilefni af tölu hins heiðraða þíngmanns frá Árnessýslu, að hinn sami maður, sem hann bar fyrir sinni sögu um böðin í Grafníngnum, Íngimundur í Króki, kom hèr um sumarið 1857, og sagði, að þá hefði þegar verið gjörðar 2 baðanir í Grafníngi, án þess að fèð hefði læknazt, og eptir hans eigin lýsíng á aðferðinni, þá höfðu þeir farið rángt að, en þegar hann kom heim aptur hèðan, þá fór 3. baðið fram, og ef til

vill, 2 eða þrjú, en fleiri voru þau eigi, en hvort þau voru 2 eða 3, þá hrifu þau, einmitt af því að þá hafði hann rètta aðferðina; það er líka auðvitað, að lækníngar geta misheppnazt á fè, eins og á mönnum, og eins er það eðlilegt, að lyfin kunni að hittast gölluð, án þess menn þar fyrir megi halda, að svo sè ávallt. Það verður heldur ekki sannað, að samgaungurnar sumarið 1857 milli fjárins úr Borgarfjarðasýslu og Húnavatnssýslu hafi flutt kláðann norður, en margt bendir einmitt á það, að kláðinn hafi komið þar upp; þar var kláði eigi alllítill veturinn 1856 og 1857; enda sagði hèraðslæknirinn þar þann vetur við hèraðsmenn: „Gætið yðar; þessi kláði (hinn norðlenzki) getur orðið sóttnæmur“. Hinn heiðraði þíngmaður Strandasýslu benti áðan á þá stefnu, sem hann vildi að menn skyldi taka í málinu, og var það skaði, að hann skyldi ekki gjöra það þegar í byrjuninni; en þar sem hann bar það fram, að eg hefði sagt, að erindsrekar konúngs mætti eigi þraungva mönnum til, að flytja fè sitt, þá var það í því skyni, að það ætti einginn með, að neyða menn til að fara með heilbrigt fè sitt eitthvað, sem menn skyldi til taka, eða að bjóða nokkrum að selja heilbrigt fè, hvort þeir vildi eða eigi; aptur á móti er þeim eflaust leyfilegt, að láta halda svo að fènu, að sýkin ekki geti út breiðzt. Menn tala líka svo iðulega um, hversu mikið fè kláðinn hafi drepið hèr í suðurumdæminu, en ekki, hversu mikið fè hefir farizt áður á annan veg. Hinn heiðraði þíngmaður Árnesínga sagði, að fèð hefði verið yfir komið, þegar það var skorið, en það hefði víst ekki verið yfir komið, ef sönn alúð hefði verið lögð á lækníngarnar þegar frá byrjun. Áður en kláðinn kom, þá drapst árlega í Skeiðahrepp 7. hver kind, eptir sögusögn hreppstjórans, og eptir skýrslum þeim, sem eg hefi haft undir höndum, drapst 6. hver kind í Akraneshrepp, auk þess, sem drepizt hafði úr bráðapestinni, og þá sèst, að heilbrigðin hefir ekki verið svo mikil í fènu, og það er þó ekki verra, að fèð drepist úr kláðanum en bráðapestinni, því það má þó gjöra sèr mat úr kjötinu af kláðafènu, en ekki af því, sem drepst úr bráðapest. Það hefir nú þrisvar sinnum verið dróttað að mèr ósannsögli í Hirði á þessum fundi, því þau orð, sem til mín hafa verið bent, hafa verið sögð í þeim tón; en eg get ekki játað það, að eg sè neinn ósannindamaður, heldur segi eg æfinlega það, sem eg veit sannast og rèttast. Við útgefendur „Hirðis“ höfum gjört oss allt far um, að taka það eitt upp í blaðið, sem við þóttumst vita víst að satt mundi vera, og höfum verið mjög varkárir í því efni,

og allar þær skýrslur, sem eru í „Hirði“, eru opinberar skýrslur, og þess er og getið, hvaðan þær eru.

Sveinn Skúlason: Mig furðaði á því, að hinn háttvirti fulltrúi Ísfirðinga ekki gat séð hinn góða tilgáng nefndarinnar; hann vissi, að nefndin hafði til meðferðar bænarskrár, sem fóru fram á algjörðan niðurskurð, svo hann gat eiginlega ekki búizt við eins góðu nefndaráliti og þetta er; en nefndin vildi ekki fara eptir bænarskránum, þó hún má ske áliti niðurskurðinn hið réttasta, því hún vildi reyna að fara nokkurn veginn bil beggja. Hún vildi ekki hindra lækningarnar hér í suðuramtinu, og hlýtur hann því að viðurkenna, að nefndin hafi sveigt sér til við hans erindsrekavald. Hann kvaðst ei vilja sanna það, sem hann þó var skyldugur til, að þvíngaður niðurskurður hafi verið brúkaður í Norðurlandi, en eg veit ekki til, að slíkur niðurskurður hafi farið þar nokkurstaðar fram, og held eg mér sé það eins kunnugt og hinum háttvirta þíngmanni. Hann gjörir og ekkert úr þeim eiðfestum prófum, sem hér hafa farið fram í þessu máli, ef þau eru ekki með honum, og er það sannarlega furða um hann, slíkur maður sem hann er. Um útbreiðslu kláðans er þó það að segja, að það má rekja ferilinn frá Mýdal, og frá næsta bæ við Hraungerði, þar sem eingelsku lömbin voru, og frá þessum bæjum dreifðist hann fyrst út, en Holtsmaurinn hefir ekki enn þá breiðzt neitt út, og ekki til næsta bæjar, þó einstöku kind hafi má ske drepizt hjá bóndanum sjálfum (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannaböfn: jú, jú.) — sanni þíngmaðurinn það, hann getur það ekki — og á því er auðsèð, að sá maur er ekki hinn sami og hér. Hann segir, að nefndin megi ekki álíta, að það sé óræk reynsla, að lækníngarnar dugi ekki, þó þær hafi sumstaðar mistekizt, og þó að meðölin hafi verið svikin í Borgarfjarðarsýslu, og segir að eitt það sé nóg, ef það sé rètt að farið. Hans eigið það ætti þá að geta gjört mikið að verkum ef svo er, en það var áðan að heyra á þíngmanni Árnesínga, að það mundi líka hafa misheppnazt. Sem *forseti* hins síðasta þíngs hefði hann getað með tillögum sínum við stjórnina stuðlað til, að fá þær ráðstafanir samþykktar, sem meiri hluti þíngsins þá beiddist, og þá mundi allt vera komið í betra horf, en nú er. Um ábyrgð stjórnarinnar í þessu máli vil eg geta þess, að amtmaðurinn í norðuramtinu bað stjórnina um, að reisa aptur kúgildin, þar sem þau hefði verið skorin í fjárkláðanum, en því var neitað; nú var þá amtmönnunum með ráðgjafabrjefinu 30. septemb. 1857 falið á hendur

að ráðstafa kláðamálinu eptir beztu sannfæringu, en þó á nú sá skaði að skella á þeim.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Hinn háttvirti þingmaður frá Norður-Þingeyjarsýslu sagði, að eg sem alþingis*forseti* hefði átt að fylgja fram tillögum meiri hluta alþingismanna í kláðamálinu 1857, en hann má vita sjálfur, að þetta er ekki *forsetans*; alþingis*forseti* hefir ekkert með afgreidslu málanna að sýsla, eptir að þau eru komin frá þinginu, heldur er *konúngsfulltrúi* milligaungumaður milli þingsins og stjórnarinnar. En þar sem hann var að tala um aðferð stjórnarinar við amtmennina, og að hún hefði svo sem eins og dregið þá á tálar, og einkum amtmannlnn í norðuramtinu, þá get eg nú ekki með neinu móti séð að svo sè. Mèr finnst, að álit stjórnarinnar á málinu hafi verið nokkurnveginn ótvírætt frá því um haustið 1857, og öldúngis ótvírætt síðan í fyrra vor, svo sem brèf stjórnarinnar til amtmannanna ljósast sanna. Þegar stjórnin neitar niðurskurðaruppástúngum alþingis þegar um haustið 1857, þá getur hver einn skilið, að hún getur ekki skipað samstundis amtmanninum fyrir norðan enn frekari niðurskurð, og amtmaðurinn hefir alls einga heimild haft, til að skilja svo stjórnarbrèfið, svo sem sjá má af því, að bæði stiptamtmaður og amtmaðurinn í vesturamtinu, að því eg frekast veit, hafa ekki verið í neinum vafa um, að taka brèfið hinsegin. Annað mál er það, að amtmaðurinn fyrir norðan hefir má ske haft aðrar ástæður til að fylgja fram niðurskurðinum.

Sveinn Skúlason: Þegar stjórnin segir amtmanninum að gjöra þær ráðstafanir, sem hann sjái bezt henta, þá álít eg þetta beint „*Conduitespörgsmaal*“, og amtmönnunum heimilað vald yfir málinu, og að stjórnin eigi því að að bera ábyrgðina; því henni var innan handar að gefa þeim hreinar og beinar fyrirskipanir, og þá voru þeir í eingum vafa, og þurftu ekki annað en hlýða.

Magnús Andrèsson: Eg er hræddur um, að lækníngarnar út rými aldrei alveg kláðanum, af því allir eru ekki nógu árvakrir, og hitta ekki rètta aðferð. Líka er eg hræddur um, að það auki skeytíngarleysi, þegar Grafníngsmönnum, sem tókst láng bezt lækníngar, ekki var launað eins og þeim, sem feingu hæst verðlaun fyrir þær, og sem þó enn er kláði hjá í fènu. Eg hefi líka heyrt, að maður hèr suður á Vatnsleysuströnd hafi feingið hæst verðlaun, en þó er það víst, að hann skar allt sitt fè, þegar kláðinn geisaði þar. Eg óttast því fyrir, að kláðanum verði aldrei með því móti út rýmt, svo eg vil áskilja mèr það viðaukaatkvæði, að ef kláði kemur upp í Flóanum í

haust, að þá verði lógað öllu fé þar, og að það verði búið fyrir jól. Nú er búið að baða þar allt fé, og verður líklega gjört aptur, og ef það mistekst enn þá, þá sýnist mèr vera komin nóg reynsla fyrir, að lækníngar ekki geti átt hèr við.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg get nú verið samdóma hinum heiðraða þíngmanni Reykjavíkur í því, að fjárfækkunin hèr í suðurumdæminu sè ekki öll að kenna lækníngunum; en skaðinn við fjárfækkunina er mikið þeim að kenna, og það er lækníngunum að þakka; það má hann virða við þær, að kláðinn er enn til á Suðurlandi, að þessi kjörgripur er enn þá geymdur hèr ótapaður, því það má eg fullyrða, að hefði ekki þessi lækníngakenníng komið inn í málið, svo að skynsamra alþýðumanna ráð hefði feingið að vera ein um hituna, þá væri kláðinn orðinn burt drepinn, og mèr liggur við að segja, að fjárstofn væri kominn hèr eins mikill og hann nú er, og sá munurinn, að hann væri heilbrigður; að minnsta kosti veit eg það, að efni manna væri hèr meiri, en þau eru, hefði þeir skorið og selt allt fèð sitt í fullu gagni kostnaðarlaust haustið 1857, að afgeingnu næstliðnu þíngi, því þeir, sem gjörðu það, þeir eru allir auðþekktir úr að efnum; þeir eru búnir að fá álitlegan stofn af fè aptur, heilbrigðan, og hafa enn efni á að auka hann. Þíngmaðurinn var að slá við því tjóni, sem Norðlendíngar hefði bakað sèr með niðurskurðinum, en þeir skáru líka burt kláðann; þeir ráku þenna óvin af höndum sèr, svo eg held þeir minnist nú ekki þess harmkvælis með skurðinn, heldur hrósi nú happi yfir sigrinum, að fèð er heilbrigt, Eg held það dugi nú lítið, að menn stæli þetta og stríði, hver á móti annars meiníngu, og það eins og sumir þessir lækníngamenn gjöra, að beita einsömlu kappi og þrái, þrátt fyrir alla röksemdafærslu, reynsluna og sannleikann, sem er fyrir augunum, þá þræta þeir og stæla, rètt eins og dæmisagan segir um náttugluna, að þó hún gæti ekki horft fyrir sólskini, þá sagði hún samt, að túnglið væri bjartara en sólin; þess slags ræður hjálpa lítið landinu, það eru, eins og menn vita, 3 vegir, til að fyrirbyggja skaðann af kláðanum og út rýma honum; það eru verðir, eða sundurstíun á sjúku og ósjúku fè, það er fyrirskurður og niðurskurður, og það eru lækníngarnar. Eg held, undir þeim kríngumstæðum, sem nú eru, þá þurfi nú með alúð og forsjálni að hafa allt þetta við, eins og nefndarálitið fer fram á; það er nú forsjállegast, að skera allt kláðaveikt fè, sèrdeilis á takmörkunum að austan- og vestanverðu, eins og nefndin stíngur upp á; þetta er líka hægt að gjöra aldeilis að

skaðlausu, því fèð er nú ekki fleira en það, menn þurfa eitthvað að skera, bæði þeir, sem eiga fè þetta, og svo hinir, sem geta þá keypt það fyrir fullt verð, sem hinir gæti keypt heilbrigt fè fyrir aptur; á suðurskánkanum hèr kynni að vera forsjállegra að lækna á meðan, svo ekki væri allt eyðilagt í einu, því fè kann ske fáist ekki svo nóg allt í einu, og eiga þeir hèr syðra svo lángt tildráttar að ná því, fyr en það færist að í nærhèruðin, en þá þarf þó einatt, á meðan verið er að gutla við þenna kláða, að hafa stöðugan vörð á kláðafènu, svo kláðinn komist ekki í hitt, og verða þá einatt einhverjir kvaldir með fjárleysinu, því fjárlaust bil hlýtur ætíð að vera í kríngum kláðann. Eg hugsaði að það mundi nú verða ætlunarverk bæði þíngsins, læknanna og erindsreka konúngs, að leggjast nú á eitt og hjálpast að, að koma meiníngum sínum saman, og eyða kláðanum með þessum ráðum, og eg vildi nú biðja bæði þíngmenn og þessa sendiboða, að styðja nú hvorir aðra með að eyða þessu tjóni og hjálpa landinu með þeim ráðum, sem bezt eiga við á hverjum stað. Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga sagði, að það væri ekki við því að búast, að stjórnin skipi fyrir niðurskurð í öðru amtinu, en lækníngar í hinu, en þetta sýnir, að hún kann ekki að skipa hèr fyrir, eða að haga sèr eptir kríngumstæðunum, því eins og nú stendur hèr á, eiga lækníngar helzt við hèr á Suðurlandi, til að reyna til að sauðfèð deyi ekki hreint út; það er eins og að halda upp úr höfðinu, svo ekki kafni með öllu, þar búkurinn er kominn í, svo verður lækníngum helzt komið við á þessum fáu kindum; aptur skyldi nú kláðinn gjósa upp á einhverjum bæ í norður- eða vesturamtinu, þá væri miklu forsjállegra, að skera það fè strax burt, svo pest þessi gæti ómögulega út dreifzt, eða orðið fleirum að tjóni.

Ólafur Jónsson: Þessar ræður, sem hèr hafa fram farið í máli þessu, hafa verið fram fluttar með nokkru kappi á báðar hliðar, og er það ekki ónáttúrlegt, því þær eru sprottnar af þeirri ólíku skoðun, sem menn hafa á málinu; þeir, sem halda fram lækníngunum, byggja skoðun sína á því, að kláðinn sè innlendur, og geti því komið upp híngað og þángað án sóttnæmis, en þeir, sem halda fram niðurskurði, byggja sína skoðun á því, að kláðinn sè útlendur, og komi því ekki aptur, sè honum einu sinni út rýmt með niðurskurði. Eg skal nú eingan veginn lá þeim, sem standa fast á þeirri trú, að kláðinn sè innlendur, þó þeir haldi fast fram lækníngaaðferðinni; og af því mèr er það nú kunnugt, að hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga er mjög fastur á þessari skoðun, þá vil eg eingan veginn lá honum, þó hann álíti lækníngaaðferð-

ina þá einu rèttu; en af því við, sem kallaðir erum niðurskurðarmenn, höfum aðra skoðun á þessu máli, þá má hann ekki heldur lá okkur, þó við höldum fram þeirri aðferðinni, sem við álítum hollasta eptir þessari okkar skoðun. Við höfum alla tíð skoðað þetta mál frá búskaparlegu sjónarmiði, og af því við höfum verið, og erum enn þeirrar meiníngar, að kláðinn komi ekki öðruvísi, heldur enn fyrir sóttnæmi, eður með þeim hætti, að sjúkt fè komi saman við heilbrigt fè; vegna þess við vitum ekkert dæmi til þess, að kláðinn hafi komið á nokkurn bæ öðruvísi, þá höfum við álitið, og álítum enn lángtum kostnaðarminna, að skera fyrir hann, sè það gjört í tíma og eptir skynsamlegum reglum, heldur en að reyna að út rýma honum með lækníngum, því það ber öllum lækníngamönnum saman um, að ekki sè til að hugsa að lækna margt fè, svo þegar kláðinn kemur í það hèrað, sem fjárríkt er, þá verður óumflýjanlegt, að fækka fènu, ef lækníngar skal við hafa að nokkru gagni, og álítum við þá lángtum rèttari aðferð, að skera það sjúka, svo kláðinn ekki nái að út breiðast, og menn komist hjá öllum lækníngum. Hinn sami heiðraði þíngmaður talaði um, að það hefði verið beitt æði mikilli harðneskju í Húnavatnssýslu, til að fá fram niðurskurðinn; þetta er nú að nokkru leyti satt, ef hann kallar það harðneskju, að fá einn til að skera fè sitt, móti *fullkomnu endurgjaldi;* eg get nú ekki kallað það nokkra harðneskju, þegar almenníngsheill býður, að svo sè gjört. Eg játa það, að skurðinum í Húnavatnssýslu var fram fylgt með nokkurri alvöru, því við vildum ekki hafa neitt kák í skurðinum, og því annaðhvort *skera,* eður *ekki skera,* því það hefði verið þau mestu óyndisúrræði, sem Húnvetníngar ekki gátu verið þekktir fyrir, að brúka að eins kák í skurðinum, og lofa sýkinni að breiðast út eins eptir sem áður, og það hefði hún sannarlega gjört, ef ekki hefði verið tekið jafn-duglega í streinginn, eins og tekið var; enda eru Húnvetníngar glaðir og ánægðir með afdrifin, sem orðin eru af þessari ráðstöfun, og munu brúka sömu aðferðina framvegis, ef svo óhappalega skyldi til takast, að sýkin flyttist inn til þeirra aptur; þar á móti hefi bæði eg og aðrir heitið því, að þegar við fáum eitt eða fleiri dæmi til þess, að kláðinn komi upp sjálfkrafa, án þess fjársamgaungur valdi því, þá hættum við að halda fram niðurskurði, og förum að aðhyllast lækníngar, og munum við þá framfylgja þeim með jafn-miklu kappi, og við höfum fram fylgt niðurskurðinum híngað til, eins og við líka erum fúsir til að gjöra allt, sem við getum, til að verja fèð óþrifum, og óþrifakláða, því á þetta hafa margir

Húnvetníngar lagt mikla alúð hin seinustu árin, og það áður en kláðinn kom til þeirra, og munu þeir ekki gjöra það síðar hèr eptir. Það getur nu vel verið, og eg kannast fúslega við það, að þeir menn voru til í Húnavatnssýslu, sem þótti skorið of mikið af því fè, sem þeir kölluðu heilbrigt, og eg játa það, að þar hefir sannarlega verið margt fè skorið, sem ekki var búið að fá sýkina, en það gat einginn þekkt þetta fè úr, því eg er orðinn þessum kláða svo kunnugur, að mèr er það fullljóst, að það getur liðið lángur tími, frá því sýkin kemur fyrst í skepnuna, þángað til menn geta sagt með vissu, að hún sè orðin sjúk; það var því annaðhvort að gjöra, að hugsa ekki til að út rýma sýkinni með niðurskurði, ellegar að skera allt, sem menn, eptir skynsamlegri yfirvegun, urðu að óttast, að sjúkt væri orðið, því eins og eg hefi áður sagt, vildum við ekki brúka neitt kák, sem auðsjáanlega hefði leitt til sömu fjárfækkunar, eins og nú er orðin hèr á Suðurlandi.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg held, að eg fari nú að verða kunnugri í Húnavatnssýslu, en hinn heiðraði þíngmaður það an; því þegar eg var þar á ferðinni, voru flestir, sem við mig töluðu, mjög óánægðir með niðurskurðinn, og kölluðu svoddan hörku, sem við suma menn hefði verið beitt, óþolandi.

Ólafur Jónsson: Eg held hinn háttvirti þíngmaður sè þar þó ekki kunnugri en eg. Eg tók það fram áðan, að eg vissi vel, að til væri menn í vesturhluta sýslunnar, sem væri óánægðir með niðurskurðinn á heilbrigða fènu, sem þeir kölluðu, en eg tók það líka fram, að ómögulegt er að segja um nokkra kind fyrir víst, að hún sè heilbrigð, fyr en eptir mjög lángan tíma, því sýkin getur verið komin í kindina, laungu áður en hún fer að koma í ljós; þar er því eingin óánægja yfir aðferð þeirri, sem tekin var, að út rýma sýkinni með niðurskurði, og ekki mun hinn heiðraði þíngmaður geta nefnt mèr nema einn lækníngamann í allri Húnavatnssýslu.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það er þvert á móti, því þegar við fórum um sýsluna, voru margir hræddir við okkur, af því þeir hèldu, að við værum niðurskurðarmenn, og mundum ætla að fara að láta skera enn meira en komið var, en þegar þeir heyrðu að það var ekki, heldur að okkur þótti helzt of mikið að gjört, þá urðu þeir miklu vingjarnlegri, og sögðu okkur þær sögur af aðförunum við niðurskurðinn í Húnavatnssýslu, sem eg ekki vil hafa eptir í þetta sinn.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari und-

irbúningsumræðu lokið; ákveð eg næsta fund til kl. 11 á morgun, og kemur þá vegabótamálið til undirbúningsumræðu.

Fundi slitið.

---

11. ágúst — þrítugasti og fjórði fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Það var ekki af því, að eg myndi ekki eptir orðum hins háttvirta *konúngsfulltrúa* um daginn, um það að hann gæti eigi leingt þingið leingur, en til laugardags 13. þ. mán., að eg setti vegabótamálið á dagskrána í dag, því það er það eina af hinum konúnglegu málum, sem enn eru órædd, er gæti komið til undirbúningsumræðu í dag; eg skal í bráð láta óvikið á þau *privat*málin, sem þegar eru rædd til undirbúnings, og gæti því komið til ályktarumræðu á næsta fundi, og væri þó leitt og næsta ísjárvert, að verða að hætta svona við þau mál útkljáð meir en til hálfs, en eg vil einkum vekja athygli hins háttvirta *konúngsfulltrúa* að því, að ef slíta á þessu þingi þann 13. þ. m., þá gæti eg ekki til neins gagns fyrir málin ákveðið fund til annars á morgun, en til þess að upplesa álitsskjöl í þeim málum, sem þegar eru útrædd. Vegabótamálið yrði þá ei útrætt. Annað konúnglegt mál, um laun embættismannanna, gæti komið til undirbúningsumræðu á morgun, ef þingtíminn yrði leingdur, en í hinu 3. konúnglega máli er enn þá ókomið til mín nefndarálitið, en mun koma á morgun eða á laugardaginn, svo það gæti komið til undirbúningsumræðu á mánudaginn. Þó menn nú ekki hafi tillit til *privat*málanna, sem enn eru eptir, af hverjum 3 eru rædd til undirbúnings, stjórnarbótarmálið, kúgildamálið og fjárkláðamálið, þá sè eg samt, að hin konúnglegu mál geta ekki orðið útrædd fyrri, en í fyrsta lagi á þriðjudaginn, og væri þó eptir að semja og lesa upp öll álitsskjölin, og hversu heppilega sem þinginu tekst, sè eg ekki, að álitsskjalið í vegabótamálinu geti orðið samið á skemmri tíma en 2 dögum, og þó fundir yrði á morgun og laugardaginn, getur það ekki komið til ályktarumræðu fyrri, en á mánudaginn, því eg er ekki meiri verkmaður en svo, að eg treysti mèr eigi til að búa til atkvæðaskrána á skemmri tíma, en heilum degi, því

það má vel gjöra ráð fyrir, að í því máli verði um 200 atkvæðagreiðslur, og hafði eg hugsað mèr að verja frítímum mínum á sunnudaginn til þess, að búa til atkvæðaskrána. Ef hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* mót von minni skyldi slíta þinginu á laugardaginn, sè eg ekki, að hin konúnglegu mál yrði búin, en ef hann skyldi vera tilleiðanlegur til þess, að leingja það enn þá um nokkra daga, sè eg ekki að hin konúnglegu mál geti orðið vel af hendi leyst, fyrri en þriðjudaginn hinn 16., og yrði þá álitsskjölin upp lesin hinn 17. og 18., og þingi slitið hinn 18. þ. m.

Konúngsfulltrúi: Eg er í miklum vafa um, hvað eg á að af ráða í þessu máli. Hinn háttvirti *forseti* hefir nú leitt ljós rök að því, að hin konúnglegu málefni, sem lögð hafa verið fyrir þingið, ekki geta orðið búin öll fyrri en svo, að þinginu ekki geti orðið slitið, fyr en þann 18. þ. m.; og eg verð, eptir að hafa yfirvegað allar kríngumstæður, að halda, að stjórninni muni þykja það áríðandi, að hin konúnglegu málefni geti orðið afgreidd, svo að þau þurfi eigi að bíða næsta þings. En á hinn bóginn verð eg að lýsa því yfir, að þingið ekki hefir brúkað tímann vel, þar sem það hefir varið 20 dögum til þess, sem 4 eða 5 dagar hefði mátt nægja til, nl. að ræða um, hvort *privat*-uppástúngur skyldi taka til umræðu eða fella. Samt sem áður verð eg í þetta sinn að láta það sitja í fyrirrúmi, að hin konúnglegu málefni komist af, þótt það sè mikil ábyrgð fyrir mig, og verð því að neyðast til að leingja þíngtímann þannig, að þinginu verði slitið 18. þ. m.

Forseti: Þó eg viti, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* taki mikla ábyrgð upp á sig, þar sem hann ekki hefir feingið myndugleika frá stjórninni til þess, að leingja þíngtímann í þetta skipti, þá vona eg, að stjórnin líti á kríngumstæðurnar, sem hèr eru, og sjái það, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók fram, að það sè ótækt, að láta konúngleg frumvörp bíða órædd og útkljáð frá þíngi til þings, en það er um 2 ár eða leingur, vegna þess að þetta þíng kemur ekki saman nema annaðhvort ár. Eg get reyndar eigi borið á móti því, að inngángsumræðurnar í sumum málunum hafa verið *óþarflega* lángar, en það er líka aðgætandi, að þetta þíng hefir haft fleiri mál til meðferðar, en nokkurt þíng að undanförnu. Það er einnig ísjárvert bæði fyrir þjóðina og stjórnina, að stuðla til þess, með því að neita um fárra daga viðbót við þíngtímann, að *privat*málin frestaðist hálfrædd eður meir, frá einu þíngi til annars, því þó þau má ske sè ekki eins merkileg og hin konúnglegu mál, eru mörg þeirra mjög

mikilvæg, og verða þau ei vegin á neinni vog, eða sagt skýlaust um, hvort þau sè síður áríðandi, en sum hin konúnglegu mál. En eg finn mèr skylt að þakka hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* fyrir, að hann nú hefir enn leingt þíngtímann þannig, og vona eg, að ábyrgðin verði honum ekki þúng hjá stjórninni, og eg veit, að þjóðin og þíngið vottar honum þakkláta viðurkenníngu fyrir, að 6 mál geta nú ræðzt til lykta, sem stjórninni og þjóðinni þykja mikilsverð, (*Ásgeir Einarsson:* Má eg biðja um orðið?)

Eg get eigi leyft þíngræður hèr um, heldur skal nú hverfa til dagskráarinnar og kemur þá til undirbúníngsumræðu *vegabótamálið*, sem er konúnglegt frumvarp; *framsögumaður* er hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður. Eg hefi látið prenta frumvarp meira hluta nefndarinnar og breytíngaruppástúngur minna hlutans, og vona eg, að hinir heiðruðu þíngmenn hafi hvorttveggja fyrir sèr.

Var nefndarálitið síðan afhent *framsögumanni*, er las það upp ásamt frumvarpi meira hlutans og breytíngaruppástúngum minna hlutans, þannig hljóðandi:

Hið heiðraða alþíngi hefir kosið oss, er ritum nöfn vor hèr undir, í nefnd, til að segja álit vort um frumvarp það stjórnarinnar til tilskipunar um vegina hèr á landi, sem nú var lagt fram fyrir þíngið Eptir að vèr nú höfum rætt frumvarp þetta með oss á fundum, skulum vèr skýra aptur þínginu frá áliti voru um það í sem fæstum orðum.

Nefndinni gat eigi dulizt, undir eins og hún fór að kynna sèr frumvarpið, að það hlyti að verða þjóðvegunum hèr á landi, einkum niðri í byggðum, til mikillar hrörnunar, ef það óbreytt næði lagagildi; því þegar menn á eina síðuna gæta að víðlendi landsins, og um leið að því ílla ástandi, sem þjóðvegirnir nú almennt eru í, og aptur á hina síðuna, að eptir frumvarpsins 15. grein, má allur sá kostnaður, er til þessara vegabóta á að gánga, og sem berast á af jafnaðarsjóðunum, eigi verða meiri á ári en svo, að hann verður greiddur með því, að jafna niður í mesta lagi 2 sk. á hvert lausafjárhundrað, er eptir útreiknîngi alþíngis í hitt eð fyrra eigi þó verður meira, en 1,200 rd. á ári, svo liggur það í augum uppi, að þegar búið er að taka af fè þessu til vegabóta þeirra, sem gjöra þarf á fjöllum uppi, og sem yrði að vera talsvert, ef þær vegabætur ætti ekki að verða tómt ónýtt kák, hlyti fè það, er eptir yrði og verja ætti til þjóðveganna niðri í sveitinni að verða svo lítið, að fyrir það feingist

lángtum minni vegabætur gjörðar, en menn nú geta feingið með að fylgja þeim reglum, sem við hafðar hafa verið hingað til, að hver bóndi hefir lagt til fullgildan mann í vegabætur einn dag á ári eða jafnvel tvo daga, þar sem vegirnir eru mjög slæmir. Það var því sameiginlegt álit nefndarinnar, að óumflýjanlegt væri, að gjöra verulegar breytíngar við frumvarpið, ef það ætti að geta náð augnamiði sínu, að bæta vegina, en af því öll nefndin eigi varð á einu máli um það, hver breytíng á framvarpinu væri tiltækilegust, skiptist hún í tvo flokka, og skal nú meiri hlutinn, vèr *Jón Pèturssón, Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum og *Ólafur Jónsson,* segja fyrst frá áliti voru, og er það á þessa leið:

Oss finnst þá fyrst og fremst, að frumvarpið þrátt fyrir áminnztan galla þess, sem má telja *hinn helzta og þann eina verulega,* hafi svo marga góða kosti, að það yrði sannur ávinníngur fyrir vegina hèr á landi, ef það með tilhlýðilegum breytíngum kæmist á sem lög. Það er að vísu svo, að ekkert væri æskilegra og eðlilegra eptir voru áliti, en að allir þjóðvegirnir í landinu stæði undir sèrstaklegri og sömu stjórn, og að kostnaðurinn til þeirra geingi allur úr sama sjóði, en meðan fjárhagur Íslands eigi fæst aðskilinn frá Danmörku, vitum vèr einga útvegi til að vísa á svo mikið fè, er til þess þyrfti, því vèr búumst við, að það muni eigi fást úr ríkissjóðnum, og vèr verðum líka að vera stjórninni með öllu samdóma í því, að þó það kynni að vera gjörlegt, að þau útgjöld á jafnaðarsjóðu amtanna til vegabóta á ári hverju, sem gjört er í frumvarpinu, þá sè það samt ófært með öllu, að þýngja meira á þeim í þessu skyni, en þar er gjört.

Þegar vèr nú þessu næst gætum að því, hvernig vegabótunum hèr á landi nú er til hagað, þá geingur það þannig til, að hver hreppur annast um vegina hjá sèr niðri í byggðinni, en um vegina uppi á fjöllunum er lítið sem ekkert hirt; hinir fyr nefndu þurfa því minna styrks við af hinu opinbera, en hinir síðar nefndu, og vèr ætlum, að ef fè því, sem eptir frumvarpinu á að gánga af jafnaðarsjóðum amtanna, til að bæta með þjóðvegina yfir höfuð, væri að eins varið til vegabóta á þjóðvegunum upp á fjöllunum, þá mundi þeir fá ekki svo litlar vegabætur við það. Vèr ætlum því tiltækilegast, eptir því, sem nú stendur á, að jafnaðarsjóðir amtanna tæki að sèr fjallþjóðvegina, þó með áðuráminnztri takmörkun, og að hver hreppur, eins og verið hefir, annist þjóðvegina hjá sèr niðri í byggðinni; í þessu virðist og eingin veruleg ósamkvæmni við grundvallarskoðun frumvarpsins, þegar vel er að gáð, því frumvarpið skoðar ekki þjóðvegina

sem sameiginlegt málefni fyrir allt landið, heldur skiptir landinu í því tilliti niður á vissa parta, og álítur svo, að hver þessi partur skuli vera skyldur að annast þá þjóðvegi, sem eru innan hans takmarka, og þurfi ekkert að skipta sèr af þjóðvegunum í hinum pörtum landsins; en í þessum skiptum getum vèr ekki sèð neina nauðsyn á, að rígbinda sig eingaungu við ömtin, hvað þjóðvegina niðri í sveitinni snertir, eins og gjört er í frumvarpinu; því auk þess að þetta, eptir því sem nú á stendur, er ógjörlegt, eins og að framan er sagt, svo verður það líka allt eins eðlilegt, að skipta vegabótaskyldunni á þessum vegum millum hreppanna sem á millum amtanna, því menn hljóta þó að álíta, að allur þorri hreppsbænda verði að fara opt um vegi þá, er liggja innan hrepps hjá þeim, en að allri tiltölu lángtum sjaldnar um vegi í öðrum hreppum, auk heldur í öðrum sýslum amtsins; þessir vegir innan hrepps eru og nauðsynlegir til að komast millum bæja í hreppnum, og liggja um landareigh hreppsbænda sjálfra; öðru máli er þar á móti að gegna um þjóðvegina á fjöllum uppi, því þeir geta þannig eigi reiknazt til neins einstaks hrepps út af fyrir sig, þó þeir ætíð hljóti að leggja upp úr einum hrepp og ofan í annan, heldur eru þeir sem samteingíngarliðir millum hinna einstöku hèraða hvers amts, eða út úr því inn í hin ömtin, og geta því skoðazt lángtum betur sem sameiginlegt málefni amtanna, en nokkurra einstakra hreppa út af fyrir sig. Álík skoðun þessu liggur og til grundvallar fyrir skiptunum í frumvarpinu sjálfu, á vegunum í þjóðvegi og aukavegi, því þar er álitið, að þjóðvegirnir sè sameiginlegt amtsmálefni, en aukavegirnir sè það ekki, heldur eigi hver hreppur að annast sína aukavegi. Og loksins má geta þess, að skipti þessi á vegunum, í vegi á fjöllum uppi og vegi niðri í bygðum, eru þau aðalskipti, sem menn gjöra á vegunum í daglegu tali; við þau eru landsbúar vanir og þau hafa rót sína í því, hvernig sjálfu landinu hagar til.

Vèr ítrekum það aptur, að í stað þess, að frumvarpið leggur alla áherzluna á, hvort það sè þjóðvegir eður aukavegir, og gjörir eingan greinarmun á þjóðvegunum, heldur lætur sama gilda um þá alla, verðum vèr að álíta, eptir því framanskrifaða, að, á meðan menn eigi geta sett alla hina helztu vegi landsins undir eina stjórn í landinu sjálfu, sè það ráðlegast, að láta aðalskiptin á vegunum fara eptir því, hvort það eru þjóðvegir á fjöllum uppi og láta vegabæturnar þar kostast af jafnaðarsjóðum amtanna, eður það eru vegir niðri í sveitum, og láta um þá vegi alla gilda því nær sömu reglur, hvernig

sem menn svo vilja haga vegabótunum á þeim, hvort heldur fylgja þar í frumvarpinu, og út víkka ákvarðanir þess um aukavegina, til að gilda einnig um þjóðvegina í sveitinni, eður láta allt standa í stað, hvað vegi þessa snertir, og við það, sem nú er.

En af þessu leiðir þá aptur, að þó menn eigi vildi út víkka reglur frumvarpsins um aukavegina, til að gilda um þjóðvegina niðri í sveitinni, og vildi heldur, að það fyrirkomulag hèldist, sem nú er um vegabæturnar á þeim, ætti menn þar fyrir eingan veginn að hafna frumvarpinu öllu, því ef menn gjörði það, feingi vegirnir á fjöllunum einga aðgjörð, er þeir þó í sannleika þurfa, og líka eru svo margar góðar og ágætar ákvarðanir í frumvarpinu um vegabæturnar yfir höfuð, hvernig vegirnir skuli vera til að geta heitið svarlegir, hvernig fara skuli þegar nýja vegi þarf að leggja, hvernig haga skuli verkinu við vegabæturnar og hvernig stýra því, um skyldu jarðeiganda að lofa að leggja nýja vegi um land sitt, með mörgu fleiru, sem menn vantar nú því nær með öllu reglur fyrir, að það væri ógjörníngur, að slá hendinni á móti öllum þessum ákvörðununum, og vilja einga af þeim hafa; menn þyrfti ekki nema að láta að eins 16.—26. grein frumvarpsins falla burtu, er hljóðar um aukavegina, en gæti haldið öllu hinu af því með nokkrum breytíngum. En eptir vorri sannfæríngu er það eina úrræðið, sem menn nú hafa, ef menn vilja koma vegunum niðri í sveitinni í nokkurt betra lag, en sem þeir nú eru í — og það munu allir vilja, eður að minnsta kosti mun einginn vilja vera þekktur að öðru, en vilja það — að út víkka áminnztar greinir frumvarpsins 16.—26. til að gilda einnig um þjóðvegina niðri í sveitinni.

Það er auðsèð, að það, sem mest hefir villt sjónir stjórnarinnar, er frumvarpið var samið, og sem gjörir það miður aðgeingilegt, er það, að hún hefir álitið, að aukavegirnir hèr á landi væri svo margir og stórir, að vinnan við þá mundi verða mikil, og það næstum eins mikil og við alla þjóðvegina, eður ef til vill meiri; þetta sèr maður bæði á því, hvað lítið fè hún ætlaði til þjóðveganna, og líka öllum þeim nákvæmu ákvörðunum hennar um aukavegina, sem finnast í 11 greinum frumvarpsins, eður í 16.—26. grein þess, og eins á þeim miklu vinnukröptum, er hún hefir ætlað að verja til þeirra; en bæði eptir því, hvað menn í almennu tali skilja við aukavegi, í mótsetníngu við alfaravegi, og líka eptir útlistun þeirri, sem gjörð er á þjóðvegum í frumvarpsins 2. grein, verða þeir aukavegir, er frumvarpið talar um, bæði mjög fáir og litlir, og vèr þekkj-

um þá hreppa, sem alls eingir aukavegir yrði í, þeir er hreppsbændur þyrfti að við halda eptir frumvarpsins 16. grein, eins og líka í sumum hreppum, að þeir fáu aukavegir, sem þar eru, eru svo góðir af náttúrunni, að þeir eingra bóta þurfa með. Það er því auðsèður hlutur, að hefði henni verið ástandið hèr á landi fullkunnugt, mundi hún hafa dregið lángtum meira inn undir aukavegina, en hún hefir gjört, og vèr erum fullkomlega sannfærðir um það, að ef ákvarðanir frumvarpsins í 16.—26. grein væri út víkkaðar til að gilda einnig um þjóðvegina niðri í byggðum, yrði víða um landið vegirnir niðri í sveitunum, að nokkrum árum liðnum komnir í bærilegt stand. Það verður ætíð að kosta talsvert, hvernig sem menn vilja að fara, að við halda vegunum niðri í sveitinni, auk heldur að koma þeim í betra ástand, en sem þeir nú eru í; híngað til hefir þetta kostað það, að hver bóndi hefir orðið að leggja til einn mann í vegabætur, einn eða tvo daga á ári eptir því, hvort miklar vegabætur hafa verið að gjöra eða litlar. Þessi tilhögun hefir nú ekki verið rètt góð, því fyrst og fremst hafa með þessu ekki feingizt nógir vinnukraptar, til að koma vegunum í gott horf; í annan stað hefir þetta komið jafnt niður á einyrkjann, er varla hefir mátt missa sig heiman að fyrir annríki, og bændur þá, er marga vinnumenn hafa haft, og í þriðja lagi hefir þetta verið skylduvinna, er menn ekki hafa getað keypt sig undan, þó þeir hefði viljað. Á öllum þessum göllum hefir nú frumvarpið, að vorri hyggju mjög happasamlega ráðið bót, án þess þó að yfirgefa þann grundvöll, er hinar núgildandi reglur fyrir vegabótunum hvíla á, og sem vèr álítum mikils umvarðandi, og lángtum betra, en þó það hefði farið að skapa sèr einhverjar nýjar reglur, því svona getur það orðið að sannarlegri rèttarbót, ef það fær tilhlýðilegar breytíngar, en eingin kollsteypíng á lögunum, sem það hefði orðið, ef það hefði farið að byggja á öðrum grundvelli, og smíða sèr reglur, er einginn vissi, hvort yrði geðfelldar þjóðinni, og sem margir, ef til vill, ekki kynni að geta áttað sig á, er þær út kæmi.

Frumvarpið hefir þannig 1, aukið vinnukraptinn til vegabótanna, svo hann má nú álítast nægur til að koma vegunum í gott lag, án þess þó beinlínis að íþýngja á þeim, er vegabótaskyldan áður lá á herðum, einkum þeim fátæku, heldur með að kalla fleiri menn þeim til aðstoðar við það, að gjöra vegabótaskylduna lángtum almennari, en hún áður var; 2, kemur hún nú jafnt niður á öllum þeim, er unnið geta að vegabótunum, og 3, hefir það svo gott sem burt num-

ið skylduvinnuna, einkum ef þingið fellst á breytingu vora við 20. grein, og einúngis lofað þeim, að borga með vinnu, sem vildi; það er því auðsèð, að það er lángtum frjálslegra, en ef það hefði heimtað gjald af mönnum, og neitað vinnu, og einmitt af því það er svona frjálslegt, mun það verða mjög vinsælt, er það kemst á, og margur fátæklíngur verða feginn að nota sèr af þessu frelsi, er það gefur honum, því fátæklíngar hafa opt lítið að borga með, og verða tíðum fegnir, að vinna af sèr skuldir, svo það er ætíð ísjárvert að leggja gjöld á þá, þó lítil sè; menn gæti heldur sagt, ef nokknð væri, að frumvarpið ekki hefði geingið nógu lángt í því, að lofa hverjum, er vildi, að borga með vinnu, þar meiri hluti hreppsbænda getur synjað minna hlutanum um það, ef þeir álíta, að vegabótunum verði betur framgeingt á annan hátt, en frumvarpið hefir þar viljað, að hagsmunir hreppsins yfir höfuð skyldi sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum nokkurra einstakra, og höfum vèr því eigi þorað, að stínga upp á, að þessu yrði breytt.

Loksins skulum vèr geta þess, að af því sumum hreppum, þar sem miklar vegabætur þarf að gjöra, kann að veita það örðugt, að koma vegunum hjá sèr í bærilegt ástand, þá höfum vjer í sèrskildri grein tekið upp ákvörðun, er lítur að því, að aðrir hreppar sýslunnar, þar sem litlar vegabætur er að gjöra, skuli styrkja þá eptir því, sem í nefndri grein er nákvæmar tilgreint, til vegabótanna, hvar við vegabæturnar aldrei geta orðið neinum hreppi of þúngbærar, og tilhlýðilegur jöfnuður fæst millum allra hreppanna í sömu sýslu, hvað vegabæturnar á þjóðvegunum þar snertir.

Breytíngar þær, er vèr nú skulum þessu næst leyfa oss að stínga upp á í frumvarpsins einstöku greinum, hafa flestallar rót sína í því, að vèr að greindum þjóðvegina á fjöllum uppi frá þjóðvegunum niðri í sveitinni, og að vèr álítum, að frumvarpsins ákvarðanir um aukavegina eigi og að gilda um þjóðvegina niðri í byggðinni.

Áminnztar breytíngar eru þessar:

Við 1. gr.

Vegna skipta þeirra, er vjer, eptir áður sögðu álítum, að menn verði að gjöra á þjóðvegunum, verður hèr nauðsynlegt, að bæta við eptir orðið „aukavegi“: „og þjóðvegum aptur í þjóðvegi á fjöllum uppi og þjóðvegi niðri í byggðum“.

Við 2. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er ákvörðun um það, hvað skuli

vera þjóðvegir í mótsetníngu við aukavegina, af því mismunandi reglur eru gefnar í frumvarpinu um hverja vegina fyrir sig. En af því vèr álítum, eptir því fyr sagða, að aðrar reglur verða að gilda um þjóðvegina á fjöllum uppi, og aðrar um þjóðvegina niðri í byggðum, og að þetta eigi að vera aðalskiptin á vegunum, álítum vèr nauðsynlegt, að hèr komi, í stað áminnztrar ákvörðunar frumvarpsins, önnur slík ákvörðun, er sýni, hvað skuli álíta þjóðvegi á fjöllum uppi og hvað þjóðvegi niðri í byggðum, og álítum vèr, að grein þessi orðist bezt þannig: „Þá vegi skal álíta þjóðvegi á fjöllum uppi, er liggja yfir fjöll, heiðar, eða stóra hálsa, byggða á millum, og menn almennt fara, enda þótt samgaungur milli þeirra byggðarlaga eigi sè mjög tíðar. En þá vegi skal álíta þjóðvegi niðri í byggðum, er liggja eptir endilaungum sveitum og eins þvervegi þá, er liggja millum þeirra vega, eður gánga úr þeim upp á fjallþjóðvegina.

Við 3. gr.

Þessi grein frumvarpsins, sem á kveður, að amtmaður skuli í hverju einstöku tilfelli, eptir reglum frumvarpsins, skera úr því, hvað skuli álíta sem þjóðvegi, og hverja vegi sem aukavegi, verður eptir því fyrtèða að breytast þannig, „að amtmaður í þeim einstöku tilfellum skeri úr, hvað skuli álíta þjóðvegi á fjöllum, eður setji takmörkin millum þeirra og þjóðveganna niðri í byggðum“. Það er sjálfsagt, að allir þeir vegir, sem eru fyrir ofan venjulega búfjárhaga, eru fjallvegir, en vèr höldum þó, að amtmaðurinn eigi ætti að vera rígbundinn við þetta í úrskurði sínum, heldur að hann ætti að hafa frjálsar hendur í að ákveða, eptir því, sem tilhagar á hverjum stað, hvað langt ofan í sveitina fjallvegurinn skuli álítast að gánga. Það er víða, að mjög langt er ofan úr efstu búfjárhögum og ofan í byggðina, og mælir þá mikið fram með, að losa hreppsbúa meir eða minna við veginn úr sveitinni upp undir fjallið, eptir því, hvort þeir hafa mikið eður lítið að gjöra við vegina niðri í bygðinni hjá sèr. Eins og vèr nú álítum, að amtmaður ætti að setja takmörkin millum fjallþjóðveganna og þjóðveganna niðri í bygðinni, eins álítum vèr, að sýslumenn aptur eigi að skera úr því, hvað skuli álítast aukavegir niðri í byggðinni í mótsetníngu við þjóðvegina þar. Ömt hèr á landi eru víðlendari en svo, að amtmenn þekki nokkuð til allra þeirra aukavega, sem þar eru, og það væri þýðíngarlaust, að láta þá skera úr þessu, því þeir yrði að fara með öllu eptir skýrslum sýslumanna í því. Og svo álítum vèr nauðsynlegt, að sýslumenn tæki hreppstjóra í ráð með sèr, bæði er þeir gjörði áminnztar uppástúngur til amt-

manns um fjall-þjóðvegina, og eins er þeir sjálfir úrskurðuðu um þjóðvegina í sveitinni og aukavegina, og þessu samkvæmt álítum vèr, að grein þessi ætti að orðast þannig: „Sýslumenn skulu með ráðum hreppstjóra bera upp við amtmann uppástúngu um það, hverja vegi, er liggja í sýslum þeirra, eður upp úr þeim, skuli álíta fjallþjóðvegi, og ber þeim að hafa ofannefndar reglur fyrir sèr í þessu. Skal amtmaður síðan leggja úrskurð á málið, og ákveða um leið eptir málavöxtum, hvað hver fjallþjóðvegur skuli gánga lángt ofan í byggðina, hvort heldur ofan á þjóðveginn niðri í byggðinni, eður að eins ofan á venjulega búfjárhaga. Þessum úrskurði skal síðan lýst á manntalsþíngum í þeim sveitum, er fjallvegurinn liggur millum. Þar á móti skal sýslumaður ákveða, með ráðum hreppstjóra, hverja vegi niðri í sveitinni skuli álíta þjóðvegi, og hverja aukavegi, er sè til almennings þarfa„.

4. gr., frumv. 6. gr.

Í greinum frumvarpsins 4. — 15. eru gefnar ýmsar reglur fyrir þjóðvegunum, bæði hvernig þeir skuli vera, hvernig haga skuli vegabótum á þeim, og hvernig sá kostnaður skuli berast, og er röðin á greinunum þar öll samkvæm stefnu þeirri, sem frumvarpið hefir; en af því vèr höfum gjört aðalskiptin á vegunum öðruvísi, en þar er, verður röðinni á greinunum í frumvarpinu ekki reglulega haldið, og verður þá bezt, til að raska þó röðinni sem minnst, fyrst að gefa almennar reglur fyrir vegunum yfir höfuð, er menn geta gjört með að út víkka reglur frumvarpsins að því leyti verður í 6.—14. gr., svo þær nái til allra vega yfir höfuð, og tala síðan um það sèrstaklega við fjallþjóðvegina, og það sèrstaklega um vegina niðri í sveitinni, en til þess verður að setja 4. og 5. greinina í frumvarpinu aptur fyrir 14. grein. Þessu samkvæmt álítum vèr því, að nú ætti að koma frumvarpsins 6. grein.

Til þess að gjöra hana almenna, verður að setja fyrir orðið „þjóðvegir“ í byrjuninni, orðin: „allir þjóðvegir og aukavegir“; sömuleiðis stíngum vèr upp á, samkvæmt breytíngu vorri við 3. grein, að endir greinarinnar: „þá skal hann . . . í þessari tilskipun“, sè orðaður þannig: „Þá skal sýslumaður, ef vegurinn er fjallþjóðvegur, senda um þetta uppástúngu til amtmanns, er þá ræður málinu til lykta; en sè vegurinn þjóðvegur niðri í byggð eður aukavegur, þá skal sýslumaður með ráði hreppstjóra út kljá málið“.

Af því menn segja heldur „að leggja veg“, en „gjöra veg“, leyfum

vèr oss að stínga upp á sem orðabreytíngu: „eður nýr þjóðvegur sè lagður“, í staðinn fyrir orðin: „eður nýr þjóðvegur sè gjörður“.

5. gr., frumv. 7. gr.

Hèr verður samkvæmt þeirri röð í greinunum, er vèr stíngum upp á, að breyta „í 8. gr.“ til „í 6. gr.“; eins verður, til að gjöra regluna almenna, að bæta inn í eptir orðið „þjóðveg“ orðunum: „og aukaveg“, líka breyta orðunum „við hann“ í „við þá“. Af því stundum getur staðið svo á, að tilfaungin í veginn geti ekki feingizt jarðeigandanum að skaðlausu, verður nauðsynlegt, að bæta við enda greinarinnar orðunum: „nema tilfaungin hafi verið tekin honum í mein“.

6. gr., frumv. 8. gr.

Þessi grein álítum vèr að ætti að vera óbreytt, þó svo að endirinn frá orðunum: „undir hliðsjón sýslumanns“, ætti að falla í burtu. Því 1, sýnist oss, að svo vel jarðeigandinn, sem amtmaðurinn ætti að eiga kost á, að fá yfirskoðunargjörð, ef hann vildi, og að þetta þurfi um hvorugan að til taka, heldur fljóti það af sjálfu sèr, að í þessu tilfelli, sem alstaðar annarstaðar, megi hlutaðeigendur beiðast yfirskoðunar, ef þeir vilja. 2, sýnist oss ósanngjarnt, að eigandinn skuli ekki fá endurgjald, þó nýr vegur sè lagður yfir eingjar haus, ef þar á annað borð fyr hefir legið vegur annarstaðar um eingjarnar; því það getur hæglega svo á staðið, að eigandanum sè til mikils tjóns, að nýr vegur sè lagður á öðrum stað um eingjarnar, en hinn gamli vegur lá.

7. gr., frumv. 9. gr.

Þessari grein viljum vèr halda með öllu óbreyttri, en einúngis til að gjöra greinina almenna, bæta inn í eptir orðin „að minnsta kosti“, orðunum: „en aukavegir 5 álnir“, og er sú ákvörðun samkvæm frumvarpsins 19. gr.

8. gr., frumv. 10. gr.

Af sömu ástæðum stíngum vèr upp á, að þessi grein byrji þannig: „Þjóðvegi og aukavegi skal, o. s. frv.“.

9. gr., frumv. 11. gr.

Þessi grein álítum vèr að eigi að haldast óbreytt.

10. gr., frumv. 12. gr.

Hèr álítum vèr að þurfi að bæta inn í eptir orðin: „skulu torfbrýr þessar“, þessum orðum: „þar sem undirstaðan er mjög laus“; því sè undirstaðan ekki laus í sèr, er það bæði óþarft, og ekki nema til hins verra, að hafa brúna svo háa, sem stendur í frumvarpinu;

eins er það lángtum of mikill halli á brúnni; sè hún mjó, ef hún ætti að vera ½ alin hærri í miðju, en til hliðanna; það verður ætíð að vera nóg, að vel halli út af brúnni frá miðjunni til beggja hliða, og því álítum vèr, að í staðinn fyrir orðin: „en í miðju 2, eður 2½ danskri alin hærri að því skapi, sem torfbrúin er breið“, setjist þessi orð: „og í miðju svo há, að vel halli út af til beggja hliða“.

11. gr., frumv. 13. gr.

Þar eð þessi grein frumvarpsins gæti misskilizt svo, sem þar væri ætlazt til, að brúa skyldi allar litlar ár og læki, en auðsjáanlega þó mun vera meiníngin, að það einúngis sè gjört við þær smáár og læki, er stundum geta orðið í vatnavöxtum hættulegar eða ófærar, þá álítum vèr betra að bæta inn í eptir orðið „skal“ í fyrra hluta greinarinnar: „ef nauðsyn krefur, og því“, en sleppa aptur út úr orðunum: „þar sem þær liggja svo og að öðru leyti“.

12. gr., frumv. 14. gr.

Þessi grein álítum vèr að ætti að haldast óbreytt.

13. gr., frumv. 4. gr.

Reglur þær, er í þessari grein eru gefnar um þjóðvegina yfir höfuð og afskiptum þeim, er amtmaðurinn á að hafa yfir þeim, geta eptir skiptum þeim, er vèr höfum gjört á þjóðvegunum á fjöllum uppi og niðri í sveit, í sambandi við það, að vèr höfum álitið, að vegirnir niðri í sveitinni mestmegnis ætti að standa undir umsjón sýslumannsins, að eins náð til fjallþjóðveganna, og samkvæmt þessu álítum vèr að orða ætti greinina þannig: „Sýslumaður skal á ári hverju innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma skýrslu um þau verk, er vinna þarf hið næsta sumar við fjallþjóðvegi þá, er liggja í sýslunni og upp úr henni; skal þeirri skýrslu fylgja uppástúnga um, hvernig verkið verði sem haganlegast unnið, og með sem minnstum kostnaði, og enn fremur áætlun um kostnað þann, er hann hyggur að til þess þurfi; skal hann í þessu hafa ráðfært sig áður við þá hreppstjóra, er næstir búa fjallvegunum. Amtmaður skal síðan eptir þetta á kveða, með hverjum hætti verkið skuli vinna, og hversu miklu fè megi verja til áminnztra vegabóta næstkomandi sumar; og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar innan loka aprílmánaðar.

14. gr. frumv. 5. gr.

Af þeim í næstu grein á undan umgetnu ástæðum verður í staðinn fyrir orðið „þjóðvegur“ að setja „fjallþjóðvegur“. Vèr ætlum betra, að bætt væri inn í, eptir orðið „uppboðs“, orðunum: „á mann-

talsþingi í næstu sveit við þjóðfjallveginn“. Vèr viljum og láta bæta inn í eptir orðin: „hafa gætur á“, orðunum: „gegn sanngjarnri borgun“; því oss finnst, að umsjónarmönnunum bæri hún.

15. gr., frumv. 15. gr.

Af ástæðum þeim, er fyr hafa verið tilgreindar, verður að byrja greinina þannig:

„Útgjöld til vegabóta á öllum fjallþjóðvegum, og eins til þeirra verka, sem nefnd eru í 12. grein, skal o. s. frv.“, og eins að breyta verður orðunum: „að kostnaðurinn til nýrra vegaviðgjörða og viðhalds allra þjóðvega í amtinu“, og höldum vèr að nægi, að setja í stað þeirra: „í amtinu að allur kostnaðurinn“. Endirinn: „en skyldi — er á kveðið“, hlýtur og af sömu ástæðum að falla burtu, með því oss getur eigi heldur fundizt sú ákvörðun neitt sannsýn, þó sú skylda væri lögð á allt amtið, að bera í sameiníngu kostnað þann, er þarf til þjóðveganna niðri í sveitunum, eins og frumvarpið hefir ætlazt til.

16. gr., frumv. 16. gr.

Samkvæmt því, er vèr höfum sagt áður, álítum vèr, að grein þessi og fylgjandi greinir, er hljóða um aukavegina eigi að út víkkast til þjóðveganna niðri í sveitinni. Frumvarpið gjörir ráð fyrir, að skylduvinnan að vegabótunum skuli hvíla á öllum verkfærum karlmönnum, sem eru millum 18 og 60 ára; en oss þykir hæfilegra, að láta hann að eins hvíla á mönnum millum tvítugs og fimmtugs, því bæði eru fáir fullharðnaðir, eða geta talizt fullkomlega verkfærir, fyr en þeir hafa náð tvítugsaldri, og þeir, sem eru yfir fimmtugt, eru sem optast farnir að fella af, og þola ekki að gefa sig í stránga vinnu; að vísu tapast við þetta nokkuð af vinnukrapti þeim, er frumvarpið hefir ætlazt til, að gánga skyldi til vegabótanna, en þessi vinnumissir getur þó aldrei orðið svo stór, að hann geti orðið vegabótunum til neins verulegs hnekkis, og þessi breytíng ætlum vèr að verði vinsælari meðal almennings. Að hreppsbændum er látið í sjálfs vald, hvort þeir heldur sjálfir vilja vinna að vegabótunum, eður að menn sè leigðir til þess, álítum vèr mjög hagfellt, en kjósi þeir þetta síðara, vantar ákvörðun um það, hvernig meta skuli hvert dagsverk, því borgun sú, er þeir í þessu tilfelli ætti að lúka til vegabótanna, mætti þó eigi verða meiri, en dagsverkum þeim nemur, er þeir eru skyldir að láta, og þess vegna ætlum vèr að dagsverkið ætti að metast eptir verðlagsskránni, og eindagi á því vera um sumarmál, því á því þarf að halda til vegabóta sumarið eptir, og verður þess vegna að mega takast lögtaki, ef það eigi er þá goldið.

Mest samkvæmt þessum breytíngum leyfum vèr oss að stínga upp á, að greinin orðist þannig: „Búendur í hverjum hrepp, og eins húsmenn og lausamenn, þeir sem þar eru heimilisfastir, skulu skyldir að bæta og við halda þjóðvegum þeim, er þar liggja um hreppinn, og eins aukavegum þeim, sem þar eru nauðsynlegir til almennings þarfa, svo að vegir þessir ávallt sè í góðu standi. Það, sem vinna þarf að vegum þessum, er skylduvinna, og skal hún jafnt hvíla á öllum verkfærum karlmönnum í hreppnum, sem eru millum tvítugs og fimmtugs, hvort sem þeir eru af bændastètt eða ekki. Ef hreppsbændur, eða meiri hluti þeirra, kynni heldur að æskja, annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá að menn sè leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppskilaþíngi á haustin, þá er þeim það heimilt, og skal þá fyrir hvert heilt dagsverk greiða borgun, eins og það er metið í verðlagsskránni það ár; húsbóndinn greiðir gjaldið fyrir sig, og þá verkfæru menn, sem hjá honum eru, og skal því gjaldi lokið til hreppstjóra innan næstu sumarmála. Gjald þetta má taka lögtaki, ef það ekki er greitt í tæka tíð“.

17. gr., frumv. 17. gr.

Af ástæðum þeim, er nefndar eru í 16. grein, leiðir, að þær uppástúngur hreppstjóra um vegabætur, er hèr greinir, og svo verða að ná til þjóðveganna þar niðri í byggðinni; oss þykir og betra og ljósara, að halda sömu orðunum um aukavegi þá, er hreppsbúar í sameiníngu eiga að við halda, sem við höfð eru í áðurnefndri grein; orðin: „hina almennu aukavegi“, ætti því að breytast þannig, að í stað þeirra kæmi: „þjóðvegina í hreppnum, og við þá aukavegi, sem þar eru nauðsynlegir til almennings þarfa“. Eptir orðin: „næstu grein á undan“, viljum vèr bæta inn í: „og skýrslu um þá ráðstöfun, er hreppsbændur hafa tekið samkvæmt sömu grein um það, hvernig vinna skuli að vegabótunum“, því þessi skýrsla finnst oss nauðsynleg. Vèr viljum og láta breyta orðunum: „í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar“, til: „fyrir sumarmál“, því vèr álítum ófært, að sá í greininni nefndi úrskurður sýslumanns dragist leingur.

18. gr., ný grein.

Af því vegabæturnar eigi þurfa að fara fram um allt landið á sama tíma, getur svo við borið, að einhver flytti sig úr einum hrepp, áður en farið væri að gjöra þar vegabætur, og inn í annan, þar sem búið væri að af ljúka þeim; og eins líka á hinn bóginn, að ekki væri farið að vinna að vegabótum, þegar hann kemur, í hreppnum,

sem hann flytti sig í, en hefði verið búið að því, þegar hann fór, í hreppnum, sem hann flutti sig úr. Það er nú auðsætt, að í fyrra dæminu slyppi hann með öllu hjá vegabótum heilt ár, en í seinna dæminu yrði hann tvisvar að vinna að þeim á sama ári, ef eigi væri nákvæmar til tekið en svo, að hver skyldi vinna að vegabótum í þeim hrepp, sem hann væri heimilisfastur í, þegar vegabæturnar fram færi þar; það verður því að einskorða þetta betur, en gjört er í frumvarpinu, svo enginn ruglingur geti risið út af því, hvar hver eigi að vinna að vegabótum hvert ár; vèr álítum nú, að bezt sè að fara í þessu eptir því, hvar hver er heimilisfastur um hreppskilaþingin, og að hann ætti að vinna að vegabótum þar í hreppnum vorinu eptir. Þetta kæmi vel saman við það, að hreppstjórarnir eptir 17. grein eiga að gefa sýslumanninum þá nafnaskrá yfir alla, er þá eru í hreppnum og vinna eiga að vegabótum, eins og það er og tilhlýðilegt, að sá, sem reisir bú í einhverjum hrepp, láti eigi fara að vinna þar að vegabótum sem bóndi, fyr en að vorinu eptir; að vísu fram fara eigi hreppaskil á haustin um allt landið sama dag, en þau eru þó haldin um þann árstíma, sem enginn hefir bústaðaskipti á. Vèr álítum bezt, að þessi ákvörðun kæmi fram í nýrri grein, og ætti bezt við millum hinnar 17. og 18., og gæti orðazt þannig: „Í þeim hrepp er hver maður skyldugur að vinna að vegabótum, sem hann var heimilisfastur í haustinu áður, er hreppaskil voru þar haldin“.

19. gr., frumv. 18. gr.

Af sömu ástæðum og nefndar eru í 17. gr. verður hèr að setja fyrir „aukavegum“ orðin: „þjóðvegum niðri í sveit, og þeim aukavegum þar, sem nauðsynlegir eru til almennings þarfa“.

Frumvarpsins 19. gr. verður, eptir breytíngum vorum á frumvarpinu hèr á undan, óþörf, og verður því að falla burtu.

20. gr., frumv. 20. gr.

Hèr er að vísu hverjum leyft, að greiða borgun í peníngum fyrir skylduverk það, er hann á að vinna, en samt er sagt, að hann áður verði þó að koma sèr saman um það við hreppstjórann, sem aptur á að útvega annan mann í hans stað fyrir borgunina. Það er auðsèð, að þetta leyfi mundi koma fáum að haldi, því sjaldnast mundi hreppstjórinn vera viss um, að geta feingið marga utanhreppsmenn í stað þeirra, er beiddu hann um lausnina, og á hreppsmönnum ætti hann eigi völ um þær mundir, svo hann mundi verða neyddur til að neita flestum. Þetta þykir oss miður frjálst, og viljum vèr láta

hvern eiga fulla heimtíngu á því, að þurfa eigi að vinna skylduverkið, ef hann fram býður borgun fyrir það svo tímanlega, að hreppstjórinn getur aptur útvegað annan í hans stað, ef hann er að fá, en þá stoðar það samt eigi, að gjöra hreppstjóranum að skyldu, að útvega þá strax aðra í stað þeirra, er þannig kynni að borga fyrir sig. Ef þörf gjörist, hlýtur hreppstjórinn og ætíð eptir á að geta feingið fyrir borgunina nógu marga, til að vinna þau skylduverk, er eptir urðu, þó hann kann ske ekki geti það, meðan allur almenníngur er við vegabæturnar. Þessu samkvæmt álítum vèr, að orðin „ef áður er“ — „er hann hefir greitt“ eigi að falla burtu, og aptur setjast í þess stað: „ef hann greiðir hreppstjóranum, áður en vegaruðníngsseðillinn fer að gánga um hreppinn, borgun þar fyrir eptir verðlagsskrá þeirri, er þar þá gildir“.

Seinna í greininni er ákveðið, hvernig fara skuli fyrir þeim, er bregðist að koma, þegar hann sè kvaddur til vegabóta, og ef hann ekki hafi lögmæt forföll; en bæði virðist oss hreppstjóranum hèr gefið of mikið vald í að ákveða borgunina, og líka sèst það eigi ljóslega, hvað sá eigi að borga, sem hefir haft forföll, en það er þá auðráðið, að hann muni eiga að borga fyrir sig, en sleppa hjá sektum. Vegna þessa viljum vèr breyta klausunnni: „Bregðist“ — „fyrir annan verkmann“, og orða hana þannig: „Sömu borgun skal og sá greiða, sem sökum nauðsynja sinna eigi getur komið til verka, er hann er til þess löglega kvaddur, þó hann eigi hafi greitt hreppstjóranum borgunina fyrir fram; en hafi eingar nauðsynjar hamlað honum frá að koma, skal hann að auk greiða í sekt 32 sk.“ Setníngin: „það er vitaskuld“ — „einum bæ“ virðist oss óþörf og megi því missa sig; þá verður að laga setníngunа á eptir, svo hún eigi við það undangeingna þannig, að orðunum „og á húsbóndinn“ sè breytt til: „Húsbóndi á“.

Að gjöra húsbónda að skyldu, að borga dagsverkið fyrir þann verkmann hans, er eigi kemur til vegabótanna, og það þó verkamanninum sè um það að kenna, þegar húsbóndinn þó aptur má halda borguninni inni í kaupi hans, finnst oss eðlilegt og gott; en þar á mót finnst oss það miður tilhlýðilegt og óþarft, að skylda hann til að borga sektirnar fyrir verkmann sinn, þó þær sè litlar; það gæti ollað húsbónda málsókn, ef hann stæði í þeirri meiníngu, að verkamaður hans hefði haft forfall, og vildi því eigi borga þær, og ef það nú sannaðist, að verkamaðurinn ekki hefði haft forfall, mundi málskostnaðurinn falla á húsbónda saklausan, og hann einga

leiðréttíngu fá á því hjá verkamanninum, sem hann kann vera búinn að borga kaupið, og sem kann ske ekkert á til. Oss finnst og, að þeir 32 sk., er verkamaðurinn á að gjalda, eigi geti kallazt réttilega sekt, ef það opinbera eigi á aðgáng að honum með að borga hana; þeir verða þá lángtum réttilegar skoðaðir sem skuld, er verkamaðurinn kemst í við húsbóndann. Og loksins vitum vèr ekki, hvernig menn ætti að fara að við húsbóndann, ef hann ekki vill eða getur borgað þessa 32 sk. fyrir verkamanninn. Vèr stíngum því upp á, að þessum orðum: „og gjalda ákveðnar sektir", falli burt, og sömuleiðis, að orðin: „af börnum hans eða vinnufólki", breytist í „syni", því það er nóg, og að eptir orðin: „á burtuverunni" setjist: „sektirnar borgi hinn seki sjálfur". Af því eigi er víst, að hreppstjórinn ætíð geti feingið mann í stað þess, sem ekki kemur til vegabótanna, verður nauðsynlegt, að breyta orðunum „ofannefndar sektir", í: „öll ofannefnd gjöld og sektir". Vèr álítum og nauðsynlegt, að gjörð sè ákvörðun um það, að hreppstjórinn sendi sýslumanni árlega reikníng yfir tekjur og útgjöld vegasjóðsins, og að því eptir orðið „ákveður" verði sett:

„Greinilegan reikníng yfir tekjur og útgjöld sjóðs þessa skal hreppstjóri árlega senda sýslumanni um leið og hann sendir honum skýrslur þær, er getið er um í 17. grein". Oss sýnist greinilegra að orða seinustu klausuna: „Hefjist deila"—„ekki komið" þannig: „Það skal álíta, að sá hafi eingan sent í sinn stað, er sendir þann mann, er hreppstjóri með tveimur tilkvöddum mönnum álítur óverkfæran".

21. gr., frumv. 21. gr.

Hve nær sè hentugasti tími til vegabóta á vorin, er komið undir tíðinni og hvernig árar, hvernig annari vorvinnu fer fram og mörgum fleirum atvikum, sem geta verið ýmisleg í hverjum hreppi; þessu getur sýslumaður eigi verið nærri svo kunnugur um alla sýsluna sem hreppstjórar eru það hver í sínum hrepp; hver hreppstjóri getur því lángtum betur fyrir hreppsbúa sína til tekið, hve nær vegabæturnar skuli þar fara fram, en sýslumaðurinn, og þessu hafa þeir og einlægt ráðið, og vèr sjáum einga ástæðu til, að láta þá fara að hætta því nú. Það er og bezt, að vegabætur fram fari sem fyrst á vorin auðið er, og að þær yrði um garð geingnar alstaðar nokkru fyrir slátt. Þessu samkvæmt skulum vèr stínga upp á að orðið: „sýslumaður" í byrjun greinarinnar breytist í orðið „hreppstjóri", og að orðin „á öðrum tíma, en í maí eða" í „seinna en í". Eptir fyr tèðu má endirinn frá „út af þessu" burt falla.

22. gr. frumv. 22. gr.

Af því seinni hluti greinar þessar getur, ef til vill, nokkuð misskilizt, og það gæti líka stundum orðið of seint fyrir bóndann á seinasta bænum í boðleiðinni, að hafa ekki nema eins dags undirbúning, leyfum vèr oss að stínga upp á, að hann orðist þannig frá orðunum: „bera hann bæja á milli tafarlaust um hreppinn“: „eptir boðleið rèttri. Skal hreppstjóri senda hann svo tímanlega að hann komist alla boðleið í hið minnsta tveim dögum fyrir hinn ákveðna verkdag“.

23. gr. frumv. 23. gr.

Af því það mun veita mörgum örðugt, einkum þeim, sem eiga heima langt í burtu, að koma til vegabótanna fyr en á dagmálum, verður lángtum haganlegra að ákveða, að verkið skuli byrja á dagmálum og enda á náttmálum, en að láta það byrja einni stundu af miðjum morgni, og enda einni stundu eptir miðaptan; vèr ætlum því betra, að setja fyrir orðin: „innan sjöundu stundar að morgni“ orðið: „á dagmálum“, og fyrir: „sjöundu stundar að kveldi“, orðið: „náttmála“.

Ákvarðanir þær, sem eru í seinni kafla greinar þessarar um þá, sem koma of seint, o. s. frv., virðast oss of smásmuglegar *og ósanngjarnar*; vèr ætlum að bezt sè, að yfirláta til hreppstjóra að meta verkfall það, er verður. Það er ekki örðugra, en að meta, hvort einn, sem sendur er í annars stað, sè verkfær eða ekki, og þetta á þó hreppstjóri að gjöra eptir 20. gr., og höldum vèr því, að allur þessi kafli frá orðunum: „tilkvaddur er“, ætti að breytast þannig: „kemur seinna til verka, en nú var sagt, eða fer fyr í burt, eða yfir höfuð eigi er allan hinn til tekna tíma við vinnu sína, þá skal hann gjalda svo mikið í verkfall, sem hreppstjóri með tveimur tilkvöddum mönnum metur, og hafi hann eingar lögmætar nauðsynjar haft, að auk í sekt 32 sk.

Loksins þykir oss viðkunnanlegra, eptir því sem hèr á stendur, að breyta orðunum „á Íslandi“ í orðin „þar í sveit“.

24. gr. frumv. 24. gr.

Þessi grein höldum vèr að ætti að vera óbreytt.

25. gr. frumv. 25. gr.

Eins óbreytt.

26. gr. frumv. 26. gr.

Endirinn, „samkvæmt“—„viðvíkjandi“, höldum vèr að mætti falla burtu, því sè ekki verkið svo af hendi leyst, sem ákveðið hefir verið, getur það ekki sagzt að vera óaðfinnanlega gjört.

27. gr. ný grein.

Það eina verulega, sem menn gæti haft á móti þeirri tilhögun, að hver hreppur skuli kosta allar vegabætur á þjóðvegunum hjá sèr, er óneitanlega það (eins og vèr fyr höfum drepið á), að vegabótaskyldan kemur eptir því nokkuð misjafnt niður á hreppa, þar sem í sumum hreppum er lángtum meira að vinna að vegabótum, heldur en í öðrum, en á þessu mætti ráða bót með því, að gjöra þeim hreppum, sem ekki þyrfti sjálfir á öllum skylduverkum sínum að halda, það að skyldu, að leggja nokkurt gjald til vegabóta í þeim öðrum hreppum sýslunnar, hvar dagsverkin ekki dygði, og þessu samkvæmt leyfum vèr oss, að stínga upp á nýrri grein, er yrði hin 27., og orða hana þannig: „Nú eru vegirnir í einhverjum hrepp búnir að fá þá umbót, að þeir eru komnir í lögboðið ástand, eða þeir eru að landslögun til svo góðir, að ekki þarf að halda á öllum þeim skylduverkum, er þar til falla, til að halda þeim við, þá skal sá hreppur greiða nokkurt gjald til vegabóta í þeim hreppum sýslunnar, sem mest þarf að starfa að vegabótum í. Gjald þetta ákveður sýslumaður með tveim óvilhöllum mönnum, og má það aldrei meira vera en svo, að það sè borgun fyrir helming af þeirri dagsverkatölu, er ekki þurfti að hafa til viðhalds veganna í hreppnum; þegar svona ber undir, skal þess gætt, að gjaldi þessu sè varið til vegabóta í þeim hrepp, sem gjaldendurnir helzt eiga leið um.

28. gr., frumv. 27. gr.

Sem orðabreytíngu leyfum vèr oss að stínga upp á „sínum“ fyrir „þeim sem þeim er trúað fyrir“. Orðin „öðrum vegum í sýslunni“ þykja oss að nokkru leyti of ónákvæm, og ætti í stað þeirra að setjast „nauðsynlegu aukavegum þar“. Oss þykir líka viðkunnanlegra, að sett væri orðin „ástand veganna“ í stað orðsins „það“.

29. gr., frumv. 28. gr.

Þar eð hèr að framan er nákvæmlega til greint, hvaða umsjón amtmenn skuli hafa yfir vegunum í umdæmum sínum, virðist óþarft að taka það hèr upp aptur, heldur að eins að fela þeim á hendur, að þeir skuli hafa nákvæmar gætur að ástandi veganna, þegar þeir eru á embættisferðum sínum, og eins að þeir gæti að því, að sýslumenn og hreppstjórar gæti skyldna þeirra, sem lögin í því efni leggja þeim á herðar. Af því vèr og ekki reingjum, að hver amtmaður muni láta sèr svo annt, sem honum er unnt, um vegina í umdæmi sínu, virðist oss óþarfi, að þeir árlega sendi skýrslur um ástand þeirra til dómsmálaráðsins í Danmörku; einkum þykir oss óþarft, að þeir

skuli senda þángað skýrslur sýslumanns, því bæði sjáum vèr ekki nytsemi þess, og getum eigi skilið, til hvers dómsmálaráðið gæti óskað, að fá þær sèrskilt; þar á móti virðist oss það æskilegt í marga staði, og gæti, ef til vill, komið seinna einhverntíma að liði, ef þær skýrslur lægi kyrrar hèr á landi og væri geymdar hjá amtmönnunum.

„Þegar amtmenn eru í embættisferðum sínum, skulu þeir skyldir að gefa nákvæmlega gætur að vegunum í umdæmum sínum, og að sýslumenn og hreppstjórar gæti skyldna þeirra, er hvíla á þeim eptir þessari tilskipun, og eiga þeir á ári hverju að senda amtmanni skýrslur um ástand veganna; skal í henni vera greint frá, ekki að eins hve mikið, heldur einnig hvernig hafi verið starfað að vegagjörðum á ári hverju".

30. gr., frumv. 29. gr.

Sem orðabreytíngu við þessa grein skulum vèr stínga upp á, að í stað orðanna: „yfirsjónin er framin í fyrsta sinni eða hún er ítrekuð", komi „brotið er framið í fyrsta sinni, eða það er ítrekað", því orðið „yfirsjón" er hèr of lint. Orðin: „vörður og sæluhús", breytist í „sæluhús eða vörður". Eptir orðið „brýr" falli orðið „vörður" burtu, því bæði eru þær optast úr grjóti, er enginn vill fènýta sèr, svoleiðis sem þeinkzt getur um brýr og við úr sæluhúsum, og svo er rètt á undan búið að ákveða hegníngu fyrir það, ef vörður eru skemmdar. Samkvæmt skiptum vorum á vegunum og öðru, er þar að lýtur, verður hèr að setja eptir orðin: „ef þjóðvegur" orðin: „á fjöllum uppi".

31. gr., frumv. 30. gr.

Af því oss þykir sjálfsagt, að tilskipun af 24. janúar 1838 næði til afbrota þeirra, er hèr ræðir um, virðist oss óþarft, að þess sè hèr getið, og stíngum því helzt upp á, að endirinn: „og skal að öðru leyti — 10. gr." falli burt; sem orðabreytíng stíngum vèr og upp á, að orðið „viðvíkjandi" breytist í „út af".

32. gr., frumv. 31. gr.

Þessi grein álítum vèr að eigi að standa óbreytt.

Með áðurtöldum breytíngum ráðum vèr þínginu til að aðhyllast frumvarpið, og látum vèr hèr með fylgja afskript af því, löguðu eptir uppástúngum vorum.

Reykjavík 9. dag ágústm. 1859.

Jón Pètursson, *Ólafur Jónsson*. *Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum.
framsögumaður.

Með tilliti til okkar ágreiníngsatkvæðis:

Ásgeir Einarsson, *Jón Sigurðsson* frá Tandraseli.
formaður.

Vèr minni hluti nefndarinnar, *Ásgeir Einarsson* og *JónSigurðsson* frá Tandraseli, látum þannig stuttlega ágreiníngsatkvæði vort í ljósi.

Það var ekki leingi, sem vèr gátum verið meira hluta nefndarinnar samferða á hinum torfæra vegi frumvarpsins, því þó hann hafi þótt ógreiður híngað til, virtist oss meiri hluti nefndarinnar gjöra hann lángtum ógreiðari, með því að kollvarpa mestöllum grundvelli hans strax í 1. gr. frumvarpsins; vèr leggjum nú eingan dóm á það, þó meiri hlutinn hefði ekkert tillit til þess, sem alþíngi stakk upp á 1855, þegar það hreifði málinu fyrst, og ekki meðferð þíngsins á málinu 1857, einkum þar stjórnin lagði svo harðan dóm á meðferð þíngsins á málinu 1857; en það furðar oss, að meiri hlutinn skyldi ekkert tillit hafa til þess, er stjórnin lagði vægastan dóm á af uppástúngum þeim, sem bornar voru upp á þínginu 1857, því það er auðsèð, að stjórnin hefir ekki leitt hjá sèr galla þá, er mögulegt var að finna að, af þeim aðgjörðum þíngsins þá.

En oss minna hlutann furðar á því, að meiri hluti nefndarinnar skuli hafa strax í 1. greininni kollvarpað mestöllum aðalgrundvelli frumvarpsins (innan um allar þær lofræður, sem meiri hlutinn flytur yfir því), með því að skipta þjóðvegunum í sundur, og þar með að taka upp skylduvinnuna á mikinn eða mestan hluta þeirra, sem reynslan hefir sýnt svo lángan aldur að hefir staðið vegabótunum fyrir þrifum, og það álítum vèr aðalkost frumvarpsins, að hún var að mestu af tekin og hefir stjórninni í því ekki þótt nein vanvirða að fara eptir uppástúngu alþíngis 1855, en ekki er þar með búið fyrir meira hluta nefndarinnar, heldur gjörir hann skiptíngu þessa svo flókna, að furðu gegnir, og viljum vèr að eins taka eitt dæmi úr 3. gr. frumvarps meira hluta nefndarinnar, til að sýna þetta; þar stendur: „Sýslumenn skulu með ráðum hreppstjóranna bera upp við amtmenn uppástúngu, o. s. frv.“; eptir þessari grein á amtmaður að skera úr því meðal annars, hvort fjallþjóðvegur skuli gánga ofan í byggðina, eða að eins ofan í búfjárhaga; á þetta á nú amtmaður að leggja úrskurð í öllu amtinu, nl. hvað lángt búfjárhagar nái; nú vita menn, að „stórir hálsar“, sjá 2. gr., eru opt allir búfjárhagar, þó erfiðara sè að gjöra á þeim vegabætur en yfir litla heiði; getur því orðið hinn mesti ágreiníngur út úr þessu atriði, bæði milli hreppa og sýslna, því það er náttúrlegt, þó hver hreppstjóri vilji, að í sínum hrepp dragist sem minnst undir þjóðvegi í byggð niðri, í þeim hrepp, er hann á að sjá um vegabætur í, einkum þegar vegabóta-

gjaldið kemur svo ójafnt á í hreppnum, eins og meiri hluti nefndarinnar stíngur upp á; það er þó líklegast, að úrskurður amtmanns verði þó optast byggður á uppástúngum hreppstjóranna í þessu efni, því sýslumenn mundi sjaldnast leika sèr að því, að ríða fram til fjallvega í allri sýslunni, þó þeir væri ekki, nema svo sem 10—12, svo þegar leið amtmanns lægi yfir einhvern þessara vega, sæi hann, að vegaskiptíngin milli þjóðvega á fjöllum uppi og þjóðvega í byggðum hefði orðið heldur neðarlega í búfjárhögunum, og kynni honum þá að detta í hug, að hreppstjóri hefði viljað með skýrslu sinni þoka vegabótagjaldinu af hreppnum yfir á jafnaðarsjóðinn, sem á að bera fjallþjóðvegakostnaðinn eptir uppástúngu meira hluta nefndarinnar. Þetta eina dæmi er nóg til að sýna, hvað þessi skiptíng á þjóðvegunum á illa við, og er bæði til að rugla og tefja allar framkvæmdir vegabótanna, því með aðferð þessari er aukið mikið og óþarft umstáng og ágreiníngsefni, sem annars má hæglega komast hjá, því alstaðar, þar sem vèr þekkjum til, eru sæmilega glögg merki veganna, hvað hverjum hreppi heyrir til.

Af tilhögun vegabótanna og skiptíngu þjóðveganna flýtur það, að meiri hluti nefndarinnar hefir orðið að taka til þeirra óyndisúrræða með vegabótagjaldið, sem þínginu 1857 þótti ekki hafandi, og stjórnin hefir viðurkennt (í skýrslu þeirri, sem hún lèt *konúngsfulltrúa* birta alþíngi núna), að væri mjög „vafasamt“; ekki að síður hefir meiri hlutinn öldúngis geingið fram hjá þessum bendíngum stjórnarinnar, hvað vegabótagjaldið snertir. Hvað jafnaðarsjóðsgjaldinu til þjóðvega á fjöllum við víkur, þá vill minni hluti nefndarinnar taka það fram, sem bæði alþíngi 1857, og enda stjórnin hafði bent til, að gjald þetta kæmi misjafnt á efnahag og ástand gjaldþegna, því tíundarframtalið leiðir þetta eingan veginn í ljós, því embættismenn, sem hafa föst laun eða góð embætti, og sumir kaupstaðarbúar og einkum ýmsir ríkismenn, sem lifa af eignum sínum, og útvegsbændur í sjóplássum geta komizt að mestu eða öllu leyti fríir við þetta gjald, þar margir þeirra hafa fáar eða eingar skepnur, sem tíund geldst af, og þar að auki að mestu leyti fríir við skyldu-vinnuna til þjóðveganna í sveitum og aukaveganna, því sumir af þessum mönnum þurfa ekki að halda eins marga vinnumenn og meðalbóndi í sveit, sem ekki mætti heita nema bjargálnamaður.

Þessi stefna meira hluta nefndarinnar er því mjög gagnstæð þeirri *jafnaðar og jafnrèttistilfinníngu*, sem einlægt er að ryðja sèr til rúms í meðvitund þjóðarinnar, og hefir verið einna hárómuðust

einmitt á því þíngi, er vèr sitjum nú á, en ekki er hún lágrómaðri í hèruðum þeim, er vèr til þekkjum; minna hluta nefndarinnar virðist því, að meiri hlutinn vilji í þessu atriði gánga öndvert í móti stefnu og skoðun þjóðarinnar og þíngsins og bendíngum stjórnarinnar í þessu atriði málsins.

Af framangreindum ástæðum hefir minna hluta nefndarinnar þótt yfirgnæfandi ástæða til að breyta 15. gr. frumvarpsins, eins og hann hefir gjört, og fylgt í því sem nákvæmast bendíngum stjórnarinnar, og svo reynt til að greiða úr því, er stjórnin segir að sè að þessari aðferð, nefnil. að hún sè ervið og flókin, enda hefir minni hluti nefndarinnar haft það fyrir aðalaugnamið í þessu atriði, næst því að sanngirni og rèttlæti gæti orðið ofan á samkvæmt aðalstefnu þjóðarinnar og þíngsins.

Hvað frumvarpið að öðru leyti snertir, þá höfum vèr (með ásetníngi) breytt því sem allra minnst að verða mátti, því vèr hugðum það mundi valda ærnum flækjum, ef sá fjöldi breytíngaratkvæða, sem slíkt hlyti að hafa í för með sèr, kæmi saman við öll breytíngaratkvæði meira hlutans, sem hefir ekki einúngis geingið inn í smásmuglegar orðabreytíngar, heldur flutt greinir frumvarpsins fram og aptur selflutníng eptir endilaungu frumvarpinu, og óttuðumst vèr, að sama mundi verða ofan á, sem 1857, að þíngið kæmist í vanda og villu við atkvæðagreiðsluna, ef vèr hefðum farið þessa margskiptu vegi á eptir meira hluta nefndarinnar. Það sem oss virðist helzt vera að frumvarpinu, er það, að margar greinir þess eru fremur erindisbrèf þeirra, er að vegabótunum eiga að vinna, en aðal-vegabótalög; en oss virtist illfært að kljúfa þetta svo nákvæmlega í sundur, að ekki yrði út úr því mesta flækja og ágreiníngur, einkum við atkvæðagreiðsluna, samt skulum vèr vera fúsir að taka til greina breytíngaratkvæði þau, er í þessa átt stefna, ef þíngið að öðru leyti vill aðhyllast aðalskoðun vora; því þó vèr hrósum frumvarpinu ekki eins og meiri hlutinn, virðist oss ísjárvert, að ónýta það algjörlega nú þegar, því ef sjórnin vill leggja það fyrir á ný með sveitarstjórnarfrumvarpi og laga það, er þíngið kynni nú að fallast á, með hógværlegum bendíngum, ætlum vèr, að úr því mætti verða brúkanleg vegabótalög, er samsvöruðu þörfum tímans. Oss virðist það ófært, að svo komnu, og sízt á þessu þíngi, að semja uppástúngu um aðalvegabótastjórn í landinu, einkum meðan það stjórnarfyrirkomulag er ekki breytt, sem nú er.

En komi engin vegabótalög út, en eru þó í smíðum á hverju þíngi,

óttumst vèr það hafi þær afleiðíngar, sem vèr höfum þegar orðið varir við, að allir kinoki sèr við, að ráðast í stórkostlegar vegabætur, þar þeir sjá fram á það, að vegabætur eptir hinum nýju lögum koma á þá jafnt að tiltölu við alla amtsbúa, eptir sem áður, og því viljum vèr ráða þínginu til að fallast á frumvarpið með þeim breytíngum, er vèr höfum gjört við það og skulum vèr nú færa stuttlega ástæður fyrir hverri breytíngu vorri sèr í lagi.

Við 3. og 4. gr.

Þar hreppstjórar eru kunnugastir afstöðu veganna, er það nauðsynlegt, að lagaboðið beri það glögglega með sèr, að ráð þeirra og uppástúngur sè við höfð um það, hvað álíta skuli sem þjóðvegi og hvað sem aukavegi, en ekki eingaungu uppástúngur sýslumanna, sem opt eru í þessu efni ókunnugir. Af sömu ástæðum er það, að hreppstjórar stíngi upp á, hverjar vegabætur verði nauðsynlegar hið næsta sumar, þar þeir jafnan eru kunnugari ástandi þjóðveganna bæði í byggð og á fjöllum, en sýslumennirnir.

Við 8. gr.

Þar vèr ekki höfum viljað leggja neina vegabótabyrði á jafnaðarsjóðinn, flýtur af sjálfu sèr, að þokkabót þá, sem hèr um ræðir, skuli greiða af gjaldi því, sem brúkað er til vegabótanna.

Við 9. gr.

Oss virðist ætíð nóg, að vegir hèr á landi sè 5 álna breiðir, og þar sem undantekníngar verða að vera, þá virðist oss óþarfi, að leingra þurfi að fara, en til sýslumanns, að fá leyfi til þess.

Við 11. gr.

Oss virðist, að umsjónarmenn þeir, sem sýslumaður setur samkvæmt 5. gr. sè bezt til fallnir að ákvarða nákvæmlega á hverjum stað, hvernig brúargjörð og vegagjörð skal löguð vera, þar sýslumenn eru þar sjaldnast nærstaddir, sem líka væri óþarfi; moldarlag ofan á malarbrýr gjörir ekkert, nema illt eitt.

Við 12. gr.

Hæð sú, er þessi grein hefir sett að vera skyldi á brúnum, er fjarska mikil og gjörir meiri veltu á þeim, og að þær hrynja fyrri, því höfum við sett hana lægri, og ætlum vèr, að hún sè þetta nóg, og nógu mismunandi frá miðju til hliða, sem vèr höfum sett.

Við 13. og 14. gr.

Þessi grein virðist oss mega hreint falla burt. þar yfir litlar ár og læki er sjaldnast venja nè þörf að gjöra hèr brýr, sem ekki heldur gæti staðið hèr í vetrarflóðum; virðist oss sú ákvörðun, sem þurfa

þykir í þessu falli, vera innifalin í 12. gr.; af þessu leiðir, að 14. gr. verður að 13. grein.

Við 14. og 15.gr.

Sökum þess að gjald það, sem 15. gr. frumvarsins til tekur, virðist bæði vera fjarska of lítið, til að gjöra nokkra umbót á þjóðvegunum, og líka koma niður á óhentugan gjaldstofn, höfum vèr orðið að finna til annan gjaldstofn, og þess vegna fella burtu mestalla 15. greinina. Einúngis höfum vèr tekið úr henni nokkurn kafla, og gjört að 14. grein.

Í 15. grein höfum vèr ákvarðað, hvernig vegabótagjaldsskyldan verði bæði brotalausast afgreidd sýslumönnum, og líka hentuglegast lögð á gjaldþegnana, fyrst eptir þeim vegabótaskyldumáta, sem verið hefir, og því er innrættur meðvitund þjóðarinnar, sem eru vinnukraptarnir, og þó líka eptir hvers eins efnum og ástæðum; virðist oss, að með þessu fáist líka nægilegt fè, til þess að smámsaman megi komast mikil lagfæríng á þjóðvegina.

Við 16. gr.

Yfir höfuð að tala virðist oss, að vegabótaskylda verði varla lögð á menn, fyr en frá tvítugsaldri, þar fæstir eru fyrri orðnir fullþroska; líka virðist oss, að allar framkvæmdir til viðgjörðar aukaveganna megi einúngis standa undir umsjón hverrar sveitarstjórnar, þar slíkar vegabætur eru við vegi heim til bæja og milli bæja, allar sveitarmönnum sjálfum í hag.

Við 17. gr.

Vegna þess að hreppstjórar geta tæpast verið búnir að vita, hverjir heimamenn eru ráðnir eptirleiðis hjá öllum hreppsbændum, fyr en á útmánuðum, þá sýndist oss hæfilegt og nægilega snemma sett, að nafnaskráin yfir þá verkfæru kæmi til sýslumanns fyrir sumarmál, að hann ætíð vissi þó, hvað mikla gjaldsummu að honum bæri að heimta af hverri sveit nokkrum tíma áður hann færi á manntalsþíngin.

Við 18. gr.

Það flýtur af sjálfu sèr, svo reglan verði samkvæm, að hèr nefnt gjald lúkist af sveitarfènu.

Við 19. gr.

Þar eð þessir aukavegir eru ekki utan smávegir, sem stakir og helzt heimamenn fara um, virðist nóg að setja breidd þeirra 3 álnir; umsjón á breidd og lögun þessara vega virðist ekki að þurfa að

ná leingra, en til hreppstjóra, því síður til amtmanns, sem líkast til aldrei gæti þar upp á sèð.

Við 21. gr.

Af framan settri reglu flýtur, að hreppstjórar skulu ráða, á hvaða dögum að störf skuli fram fara á vegum þessum.

Við 29. gr.

Breytíng sú, sem hèr er gjörð, flýtur af framan settri reglu.

Reykjavík 9. ágúst. 1859.

Ásgeir Einarsson. *Jón Sigurðsson* frá Tandraseli.

Frumvarp

meira hluta nefndarinnar í *vegabótamálinu.*

1. §.

Vegum skal skipt í þjóðvegi og aukavegi, og þjóðvegum aptur í þjóðvegi á fjöllum uppi og þjóðvegi niðri í byggðinni.

2. §.

Þá vegi skal álíta þjóðvegi á fjöllum uppi, er liggja yfir fjöll, heiðar, eða stóra hálsa byggða á millum, og menn almennt fara, enda þótt samgaungur milli þeirra byggðarlaga eigi sè mjög tíðar. En þá vegi skal álíta þjóðvegi niðri í byggðum, er liggja eptir endilaungum sveitum, og eins þvervegi þá, er liggja milli þeirra vega, eða gánga úr þeim upp á fjallþjóðvegina.

3. §.

Sýslumenn skulu með ráðum hreppstjóra bera upp við amtmann uppástúngu um það, hverja vegi, er liggja í sýslum þeirra eða upp úr þeim, skuli álíta fjallþjóðvegi, og ber þeim að hafa ofan nefndar reglur fyrir sèr í þessu. Skal amtmaður síðan leggja úrskurð á málið, og ákveða um leið, eptir málavöxtum, hvað hver fjallþjóðvegur skuli gánga lángt ofan í byggðina, hvort heldur ofan í þjóðveginn niðri í byggðinni, eður að eins ofan í venjulega búfjárhaga. Þessum úrskurði skal síðan lýst á manntalsþíngum, í þeim sveitum, er fjallvegurinn liggur millum. Þar á móti skal sýslumaður ákveða með ráðum hreppstjóra, hverja vegi niðri í sveitinni skuli álíta þjóðvegi, og hverja aukavegi, er sè til almenníngsþarfa.

4. §.

Allir þjóðvegir og aukavegir skulu að öllum jafnaði halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haldið híngað til; en beri nauðsyn til, að á þessu sè gjörð nokkur breytíng, eður að nýr vegur sè lagður, þá skal sýslumaður, ef vegurinn er fjallþjóðvegur, senda um þetta uppástúngu til amtmanns, er þá ræður málinu til lykta; en sè veg-

urinn þjóðvegur niðri í byggð eða aukavegur, þá skal sýslumaður með ráði hreppstjóra útkljá málið.

5. §.

Sérhver jarðeigandi er skyldur til, nema því að eins að svo standi á, sem sagt er í 6. gr., að láta af hendi uppbótalaust land það, er þarf til að leggja þjóðveg og aukaveg um, eður gjöra við þá, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun. Svo er hann einnig skyldur til að leyfa, að á hans landareign sè tekin þau tilfaung, sem kann að þurfa til vegagjörðarinnar, og skal honum það ei heldur að neinu bætt, nema tilfaungin hafi verið tekið honum í mein.

6. §.

Nýja vegi má aldrei leggja gegnum tún eða umgirt graslendi, og að öllum jafnaði ekki heldur yfir eingjar, nema yfirvaldinu virðist svo, að ekki verði hjá því komizt án skaða fyrir almennar samgaungur, og skal, þegar svo stendur á, greiða eigandanum, ef hann krefst þess, úr jafnaðarsjóð amtsins sanngjarna þokkabót, sem óvilhallir menn, þeir er tilkvaddir sè af rèttinum á vanalegan hátt, ákveða fyrir það eptir skoðunargjörð, sem haldin sè undir tilsjón sýslumanns.

7. §.

Þjóðvegir skulu ætíð vera 6 danskar álnir á breidd að minnsta kosti, en aukavegir 5 álnir; samt getur amtmaður eptir uppástúngu sýslumanns leyft undantekníng frá þeirri reglu, þegar landslagi er svo varið, t. a. m. þar sem vegur liggur yfir fjöll eða hraun, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess.

8. §.

Þjóðvegi og aukavegi skal bæta með ruðníngum, ef á þann hátt má fá fasta braut. Ef svo stórir steinar koma fyrir á vegi þeim, er ryðja skal, að þeim verður ekki komið úr götunni, þá skal beggja megin þeirra gjöra mjórri brautir, er aptur ná saman í aðalgötunni. Lausagrjóti því, er liggur á veginum, skal snara svo lángt úr vegi, að það geti ekki fallið í brautina aptur, nema svo sè, að steina þá megi hafa til að bera ofan í veginn.

9. §.

Þar sem ekki verður feingin föst braut með ruðníngum, skal leggja veginn hærra, ef jarðvegur er mjög laus; þyki yfirvaldi það nauðsynlegt, eptir því sem á þeim stað hagar til, skal grafa skurði jafnvel beggja megin vegarins, og skal einnig, ef þörf er á, gjöra

ræsi þvert yfir veginn. Mold þeirri, sem mokað er upp úr skurðunum og ræsunum, skal snara upp á veginn, og skal hafa hana sem undirlag til að fylla upp veginn, en annars skal fylla upp veginn á þann hátt, að hann verði í miðju að minnsta kosti $^1/_2$ danskri alin hærri, en til hliðanna, og skal einnig bera ofan í veginn 5 eður 6 þumlúnga þykkt lag af möl, þar sem hún er fáanleg í nánd. Yfir ræsa þá, er ganga þvert yfir veginn, skal gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè, ellegar hvorutveggja saman, eptir því sem sýslumaður ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað. Ofan á brýrnar skal þar að auki leggja moldarlag.

10. §.

Yfir mýrlendi skal jafnaðarlegast gjöra steinbrýr; en þegar yfirvaldi virðist, að því verði ekki með nokkru móti við komið vegna landslagsins, þá má gjöra brýr úr torfhnausum; skulu torfbrýr þessar, þar sem undirstaðan er mjög laus, vera $1^1/_2$ danskri alin hærri til hliðanna, en grundvöllurinn, er þar að liggur, og í miðju svo háar, að vel halli út af til beggja hliða. Að öðru leyti eiga torfbrýrnar og steinbrýrnar ætíð að vera að minnsta kosti $2^1/_2$ danskar álnir á breidd, og skal gjöra við þær skurði og ræsa sem fyr er sagt.

11. §.

Yfir litlar ár og læki skal, ef nauðsyn krefur, og því verður við komið, gjöra steinbrýr eða trèbrýr; og skulu brýr þessar vera að minnsta kosti $2^1/_2$ danskar álnir á breidd, og skal ætíð halda þeim svo við, að farið verði yfir þær með klyfjaða hesta.

12. §.

Á öllum þeim fjallvegum, sem ferðamenn eru vanir að fara á vetrardag, skal hlaða vörður, og skal einnig gjöra sæluhús, þar sem yfirvaldi þykir þörf á. Eiga vörðurnar að vera, þegar því verður við komið, svo nálægt hver annari, að tvær að minnsta kosti sjáist í einu, þegar þoka er yfir; skal þar að auki á hverri vörðu vera gjörður stallur, eður annað merki, á þeirri hlið, sem snýr til norðurs, ferðamönnum til leiðbeiníngar.

13. §.

Sýslumaður skal á ári hverju innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma skýrslu um þau verk, er vinna þarf hið næsta sumar við fjallþjóðvegi þá, er liggja í sýslunni og upp úr henni; skal þeirri skýrslu fylgja uppástúnga um, hvernig verkið verði sem haganlegast unnið og með sem minnstum kostnaði, og enn fremur áætlun um kostnað þann, er hann hyggur að til þess þurfi; skal

hann í þessu hafa ráðfært sig áður við þá hreppstjóra, er næstir búa fjallvegunum. Amtmaður skal síðan eptir þessu ákveða, með hverjum hætti verkið skuli vinna, og hversu miklu fé megi verja til áminnztra vegabóta næstkomandi sumar, og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar innan loka aprílmánaðar.

14. §.

Öll verk við fjallþjóðvegi skal, að svo miklu leyti sem unnt er, framkvæma þannig, að það sé sett til uppboðs á manntalsþingi í næstu sveit við fjallþjóðveginn, hver vilji takast á hendur að láta vinna verkið fyrir minnst kaup; einúngis þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt, að láta bjóða verkið upp, eða þegar aðgeingilegt boð fæst ekki, á sýslumaður að gjöra samníng um verkið á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sé ákveðin fyrir nákvæmlega til tekinn vegarpart; en fáist það ekki með aðgeingilegum skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin daglaun, og skal sýslumaður, þegar svo stendur á, til kveðja áreiðanlega umsjónarmenn, til að hafa gætur á, gegn sanngjarnri borgun, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

15. §.

Útgjöld til vegabóta á öllum fjallþjóðvegum, og eins til þeirra verka, sem nefnd eru í 12. §, skal greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts; þegar einhver hefir tekizt á hendur að láta gjöra verkið, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sé óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amtmaður, ef sá, sem verkið lætur vinna, krefst þess, og verkið er umfángsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsíngar og uppástúngur frá hlutaðeiganda sýslumanni, láta greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis. Að öðru leyti ber amtmönnum þess að gæta, þegar þeir ákveða, hverjar vegabætur skuli taka fyrir á því ári í amtinu, að allur kostnaðurinn verði eigi meiri en svo, að hann verði greiddur, með því að jafna niður í mesta lagi 2 sk. á hvert lausafjárhundrað.

16. §.

Búendur í hverjum hreppi, og eins húsmenn og lausamenn þeir, sem þar eru heimilisfastir, skulu skyldir að bæta og við halda þjóðvegum þeim, er þar liggja um hreppinn, og eins aukavegum þeim, sem þar eru nauðsynlegir til almennings þarfa, svo að vegir þessir ávallt sé í góðu standi. Það, sem vinna þarf að vegum þessum, er

skylduvinna, og skal hún jafnt hvíla á öllum verkfærum karlmönnum í hreppnum, sem eru milli tvítugs og fimmtugs, hvort sem þeir eru af bændastètt eður ekki. Ef hreppsbændur, eður meiri hluti þeirra kynni heldur að æskja, annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá að menn sè leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppskilaþingi á haustin, þá er þeim það heimilt, og skal þá fyrir hvert heilt dagsverk greiða borgun, eins og það er metið í verðlagsskránni það ár; húsbóndinn greiðir gjaldið fyrir sig og þá verkfæru menn, sem hjá honum eru, og skal því gjaldi lokið til hreppstjóra innan næstu sumarmála; gjald þetta má taka lögtaki, ef það ekki er greitt í tæka tíð.

17. §.

Hreppstjórar eiga á ári hverju innan loka janúarmánaðar að senda sýslumanni uppástúngu um þær vegabætur, er gjöra þarf á næsta sumri við þjóðvegina í hreppnum, og við þá aukavegi, sem þar eru nauðsynlegir til almennings þarfa; skal téðri uppástúngu fylgja nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem skyldir eru að leggja vinnu til samkvæmt næstu grein á undan, og skýrsla um þá ráðstöfun, er hreppsbændur hafa tekið, samkvæmt sömu grein, um það, hvernig vinna skuli að vegabótunum; á sýslumaður síðan fyrir sumarmál að ákveða með úrskurði sínum, hver verk skuli vinna, og gefa hreppstjórunum það til vitundar, en þeir eiga því næst að sjá um, að verkið verði framkvæmt eptir reglum þeim, sem nákvæmar eru til teknar í þessari tilskipun; þess skal gætt, þegar hreppsbúar vinna sjálfir að verkinu, að það komi jafnt niður á þá, sem skyldir eru að leggja verk til.

18. §.

Í þeim hreppi er hver maður skyldugur að vinna að vegabótum, sem hann var heimilisfastur í haustinu áður, er hreppskil voru þar haldin.

19. §.

Að því leyti, sem sèrlegur kostnaður kynni að standa af þjóðvegum niðri í sveit, og þeim aukavegum þar, sem nauðsynlegir eru til almennings þarfa, t. a. m. til brúa, eður til að útvega þær tilfærur, sem ekki verða heimtaðar af þeim, sem skyldir eru að leggja til verk til vegagjörðar, sbr. 23. §, eður púður, til að spreingja steina o. fl., þá skal þeim kostnaði, sem til þess þarf, jafna niður samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í niðurlagi 16. §, að svo miklu leyti,

sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 20. §, hrökkur ekki til þessa kostnaðar.

20. §.

Það skal vera hverjum þeim, er skylduverk á að vinna, heimilt að senda annan verkfæran mann í sinn stað. Vilji hann greiða borgun í peningum fyrir skylduverk það, sem hann á að vinna, þá skal það leyft, ef hann greiðir hreppstjóranum, áður en vegaruðningsseðillinn fer að gánga um hreppinn, borgun þar fyrir, eptir verðlagsskrá þeirri, er þar þá gildir. Sömu borgun skal og sá greiða, sem, sökum nauðsynja sinna, eigi getur komið til verka, er hann er til þess löglega kvaddur, þó hann eigi hafi greitt hreppstjóranum borgunina fyrir fram. En hafi eingar nauðsynjar hamlað honum frá að koma, skal hann að auk greiða í sekt 32 sk.; húsbóndinn á að greiða ofannefnda borgun fyrir hvern verkfæran mann sinn, sem undan bregzt, en aptur á móti á hann rètt á að halda fènu inn í kaupi verkmanns, ef honum verður gefin sök á burtuverunni. Sektirnar borgi hinn seki sjálfur.

Öll ofannefnd gjöld og sektir skal greiða í vegasjóð, sem stofnsetja skal fyrir hreppinn, og skal hreppstjóri geyma hann, og tekjunum verja til vegabóta í hreppnum, eptir því, sem sýslumaður nákvæmar ákveður.

Greinilegan reikníng yfir tekjur og útgjöld sjóðs þessa skal hreppstjóri árlega senda sýslumanni, um leið og hann sendir honum skýrslur þær, er getið er um í 17. §. Það skal álíta, að sá hafi eingan sent í sinn stað, er sendir þann mann, er hreppstjóri með tveimur tilkvöddum mönnum álítur óverkfæran.

21. §.

Hreppstjóri tiltekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera seinna, en í júnímánuði, nema svo sèrstaklega sè ástatt á einhverjum stað, eða eitthvað annað beri til, að óumflýjanlegt sè, að bregða út af þessu.

22. §.

Verkamenn skal hreppstjóri til kveðja með skriflegum seðli, og skulu bændur láta bera hann bæja í milli tafarlaust um hreppinn, eptir rèttri boðleið. Skal hreppstjóri senda hann út svo tímanlega, að hann komist alla boðleið, í hið minnsta tveim dögum fyrir hinn ákveðna verkdag.

23. §.

Sèrhver verkmaður skal með sèr hafa verktól þau, sem til er

tekið, þegar honum er sagt til, en þó ekki önnur en þau, sem almennt eru höfð við moldarverk þar í sveit; skal hann vera kominn á hinn til tekna stað á dagmálum, og vera við vinnu til náttmála; þó skal veita tveggja stunda hvíld á þeim tíma, sem hreppstjóri á kveður. Ef nokkur, sem til kvaddur er, kemur seinna til verka, en nú var sagt, eður fer fyr í burt, eður yfir höfuð ekki er allan hinn tiltekna tíma við vinnu sína, þá skal hann gjalda svo mikið í verkfall, sem hreppstjóri með tveimur tilkvöddum mönnum metur; og hafi hann eingar lögmætar nauðsynjar haft, að auk í sekt 32 sk.

24. §.

Hreppstjóra er heimilt að skipta niður vegastörfum þeim, sem falla á hreppinn, á 2 eða fleiri daga, en samt þannig, að enginn sá, sem skylduverk á að vinna, hafi meira en eins dags verk.

25. §.

Meðan á verkum stendur, skal hreppstjóri skipta verkmönnum í flokka, og skal hverjum þeirra feinginn sinn kafli af veginum. Hreppstjórinn skal ætíð vera við staddur sem umsjónarmaður, meðan unnið er að vegastörfunum; líka getur hann kosið umsjónarmenn sèr til hjálpar meðal hreppsbænda, þegar honum þykir nauðsyn til bera. Skal svo álíta, að bæði hreppstjórinn, og áður nefndur umsjónarmaður, hafi með umsjón þeirri, er þeir þannig hafa haft með vinnunni, fullnægt skylduverki því, er á þeim sjálfum liggur.

26. §.

Þegar verkið eptir 16. §, 2. atriði þessarar tilskipunar er unnið af einhverjum, sem hefir tekizt það á hendur, eða af leigðum mönnum, eiga hreppstjórarnir að hafa umsjón með, að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

27. §.

Nú eru vegirnir í einhverjum hrepp búnir að fá þá umbót, að þeir eru komnir í lögboðið ástand, eður þeir eru að landslaginu til svo góðir, að ekki þarf að halda á öllum þeim skylduverkum, er þar til falla, þá skal sá hreppur greiða nokkurt gjald til vegabóta í þeim hreppum sýslunnar, sem mest þarf að starfa að vegabótum í. Gjald þetta ákveður sýslumaður með tveimur óvilhöllum mönnum, og má það aldrei meira vera, en svo, að það sè borgun fyrir helming af þeirri dagsverkatölu, er ekki þurfti að hafa til viðhalds veganna í hreppnum. Þegar svona ber undir, skal þess gætt, að gjaldi þessu sè varið til vegabóta í þeim hrepp, sem gjaldendurnir helzt eiga leið um.

28. §.

Sýslumenn skulu á ári hverju líta eptir þjóðvegunum í sýslum sínum, og líka hafa eptirlit með hinum nauðsynlegu aukavegum þar, og eiga þeir á ári hverju að senda amtmanni skýrslu um ástand veganna. Skal í henni vera greint frá, ekki að eins, hve mikið, heldur einnig hvernig hafi verið starfað að vegagjörðum á ári hverju.

29. §.

Þegar amtmenn eru á embættisferðum sínum, skulu þeir skyldir, að gefa nákvæmlega gætur að vegunum í umdæmum sínum, og að sýslumenn og hreppstjórar gæti skyldna þeirra, er hvíla á þeim eptir þessari tilskipun.

30. §.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann, og þar að auki sektast frá 1 rd. til 10 rd., eptir því, hvað skemmdin er mikil, og öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort brotið er framið í fyrsta sinni, eða það er ítrekað. Sè sæluhús eða vörður á vetrarvegum skemmd eður eydd, þá skal það sæta 10 rd. til 50 rd. sekt, eða líkamlegri refsingu frá 10 til 27 vandarhagga. Sè mannvirki þau braut tekin, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, svo sem brýr og sæluhús, þá varðar það þjófsstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegníngarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari grein, skulu falla í jafnaðarsjóð amtsins, ef þjóðvegur á fjöllum uppi hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins.

31. §.

Öll mál út af afbrigðum gegn þessari tilskipun skal með fara og dæma sem almenn lögreglumál, að því leyti, sem þau ekki eptir eðli sínu eru misgjörðamál.

32. §.

Hvað hinar almennu ferjur yfir stórar ár og vatnsföll áhrærir, þá skal framvegis farið eptir reglum þeim, sem settar eru í Jónsbókar landsleigubálki 45. kap. og í konúngsbrèfi af 29. apríl 1776 § 6.

Að öðru leyti skulu þær ákvarðanir, sem ofannefnt konúngsbrèf og Jónsbókar landsleigubálkur 44. kap. innihalda um vegina á Íslandi, hèr eptir vera teknar úr lögum.

Breytíngaruppástúngur

minna hluta nefndarinnar við hið honúnglega frumvarp í *vegabóta-málinu.*

Frumvarpsins 1. grein, samþykkt:

Vegum skal skipt í þjóðvegi og aukavegi.

Frumvarpsins 2. gr., samþykkt:

Þá vegi skal álíta þjóðvegi, sem innbúar eins eða fleiri hèraða fara jafnaðarlega, er þeir ætla í kaupstað, fiskiver eða annan stað, þar sem menn almennt koma saman. Sem þjóðvegi ber einnig að álíta þá vegi, er menn almennt fara milli tveggja sýslna, þótt eigi sè miklar samgaungur milli þeirra, og eins hina almennu póstferða-vegi.

Frumvarpsins 3. grein:

Sýslumenn skulu bera upp við hlutaðeiganda amtmann uppástúngu um það, hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi í sýslum þeim, sem þeim er trúað fyrir, og hverja sem aukavegi, og hafa þeir ofannefndar reglur fyrir sèr í þessu; leggur amtmaður síðan úrskurð á málið og birtir auglýsíngu um það, til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 3. grein:

Bætist framan við greinina: „Hreppstjórar stínga upp á, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi og hverja sem auka-vegi í hreppnum, eptir hverjum uppástúngum að“ (sýslu-menn skulu bera upp, o. s. frv.).

Frumvarpsins 4. grein:

Sýslumaður skal á ári hverju innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma uppástúngu um þau verk, er vinna skal hið næsta sumar við þjóðvegi þá, er liggja um sýsluna; skal þeirri upp-ástúngu fylgja skýrsla um, hvernig verkinu skuli haga, og hvernig það verði framkvæmt, samkvæmt 5. gr., og enn fremur áætlun yfir kostnað þann, er hann hyggur að til þess þurfi; skal amtmaður eptir þessu ákveða, að hve miklu leyti og með hverjum hætti verkið skuli vinna, og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar, í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 4. gr.:

Byrjar þannig: Að feingnum uppástúngum hreppstjórans skal sýslumaður. — „Sýslumaður skal“, falli burt.

Frumvarpsins 5. grein, samþykkt:

Öll verk við þjóðvegi skal, að svo miklu leyti, sem unnt er,

framkvæma þannig, að það sè sett til uppboðs, hver vilji takast á hendur, að láta vinna verkið fyrir minnst kaup. Einúngis þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt, að láta bjóða verkið upp, eða þegar aðgeingilegt boð fæst ekki, á sýslumaðurinn að gjöra samníng um verkið á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sè ákveðin fyrir nákvæmlega til tekinn vegapart, en fáist það ekki með aðgeingilegum skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin daglaun, og skal sýslumaður, þegar svo stendur á, til kveðja áreiðanlega umsjónarmenn, til að hafa gætur á, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

Frumvarpsins 6. grein, samþykkt:

Þjóðvegir skulu að öllum jafnaði halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haft hingað til, en þegar sýslumanni þykir nauðsyn til bera, að á þessu sè gjörð nokkur breytíng, eða nýr þjóðvegur sè gjörður, þá skal hann um þetta senda uppástúngu til amtmanns, og ræður hann málinu til úrskurðar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun.

Frumvarpsins 7. grein, samþykkt:

Sèrhver jarðeigandi er skyldur til, nema því að eins, að svo standi á, sem sagt er í 8. gr., að láta af hendi uppbótarlaust land það, er þarf til að leggja þjóðveg um eða gjöra við hann, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun. Svo er hann einnig skyldur til að leyfa, að á hans landareign sè tekin þau tilfaung, sem kunu að þurfa til vegagjörðarinnar, og skal honum það ekki heldur að neinu bætt.

Frumvarpsins 8. grein:

Nýja vegi má aldrei leggja gegnum tún eða umgirt graslendi, og að öllum jafnaði ekki heldur yfir eingjar, nema yfirvaldinu virðist svo, að ekki verði hjá því komizt án skaða fyrir almennar samgaungur, og skal, þegar svo stendur á, greiða eigandanum, ef hann krefst þess, úr jafnaðarsjóði amtsins sanngjarna þokkabót, sem óvilhallir menn, þeir er til kvaddir sè af rèttinum á vanalegan hátt, ákveða fyrir það eptir skoðunargjörð, sem haldin sè undir tilsjón sýslumanns, ellegar þá eptir yfirskoðunargjörð, ef amtmanni þykir vera ástæða til þess; þó hverfur tilkall eigandans til tèðrar þokkabótar, svo framarlega og að svo miklu leyti, sem skylda hefir hingað til legið á jörðinni, til að leyfa umferð yfir eingjar.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 8. gr.:

Breytist þannig: „úr jafnaðasjóði amtsins“ falli burt, en í staðinn komi: „af vegabótagjaldinu“.

Frumvarpsins 9. gr.:

Þjóðvegir skulu ætíð vera 6 danskar álnir á breidd að minnsta kosti; samt getur amtmaður eptir uppástúngu sýslumanns leyft undantekníngu frá þeirri reglu, þegar landslagi er svo varið, til að mynda þar sem vegur liggur yfir fjöll eða hraun, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 9. gr.:

Breytist þannig: „6“ fellist burt, en „5“ komi í staðinn; „að minnsta kosti“ falli burt, og „amtmaður eptir uppástúngu sýslumanns“ falli burt, en komi í staðinn: „sýslumaður“.

Frumvarpsins 10. gr., samþykkt:

Þjóðvegi skal bæta með ruðníngum, ef á þann hátt má fá fasta braut. Ef svo stórir steinar koma fyrir á vegi þeim, er ryðja skal, að þeim verður ekki komið úr brautinni, þá skal beggja megin þeirra gjöra mjórri brautir, er aptur ná saman í aðalgötunni. Lausagrjóti því, er liggur á veginum, skal snara svo langt úr vegi, að það geti ekki fallið í brautina aptur, nema svo sé, að steina þá megi hafa til að bera ofan í veginn.

Frumvarpsins 11. gr.:

Þar sem ekki verður feingin föst braut með ruðníngum, skal leggja veginn hærra, ef jarðvegur er mjög laus; þyki yfirvaldi það nauðsynlegt, eptir því sem á þeim stað hagar til, skal grafa skurði jafnvel beggja megin vegarins, og skal einnig, ef þörf er á, gjöra ræsi þvert yfir veginn. Mold þeirri, sem mokað er upp úr skurðunum og ræsunum, skal snara upp á veginn, og skal hafa hana sem undirlag til að fylla upp veginn, en annars skal fylla upp veginn á þann hátt, að hann verði í miðju að minnsta kosti $\frac{1}{2}$ danskri alin hærri en til hliðanna, og skal einnig bera ofan í veginn 5 eða 6 þumlúnga þykkt lag af möl, þar sem hún er fáanleg í nánd. Yfir ræsa þá, er gánga þvert yfir veginn, skal gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè ellegar hvorutveggja saman, eptir því sem sýslumaður ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað. Ofan á brýrnar skal þar að auki leggja moldarlag.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 11. gr.:

Breytist þannig: „sýslumaður“ falli burt, en aptur komi:

„tilsjónarmaður“; „ofan á brýrnar skal þar að auki leggja moldarlag“ falli burt.

Frumvarpsins 12. gr.:

Yfir mýrlendi skal jafnaðarlegast gjöra steinbrýr; en þegar yfirvaldi virðist, að því verði ekki með nokkru móti við komið vegna landslagsins, þá má þar gjöra brýr úr torfhnausum; skulu torfbrýr þessar vera $1\frac{1}{2}$ danskri alin hærri til hliðanna, en grundvöllurinn, er þar að liggur, en í miðju 2 eða $2\frac{1}{2}$ danskri alin hærri, að því skapi sem torfbrúin er breið. Að öðru leyti eiga steinbrýrnar og torfbrýrnar ætíð að vera að minnsta kosti $2\frac{1}{2}$ danskar álnir á breidd, og skal gjöra við þær skurði og ræsi, sem fyr er sagt.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 12. gr.:

Breytist þannig: „$1\frac{1}{2}$ alin“ falli burt, en komi í staðinn: „1 alin“, og „2 eða $2\frac{1}{2}$“ falli burt, en komi í staðinn: „$1\frac{1}{2}$“.

Frumvarpsins 13. gr.:

Yfir litlar ár og læki skal, þar sem þær liggja svo, og því að öðru leyti verður við komið, gjöra steinbrýr eða trèbrýr, og skulu brýr þessar vera að minnsta kosti $2\frac{1}{2}$ danskar álnir á breidd, og skal ætíð halda þeim svo við, að farið verði yfir þær með klyfjaða hesta.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 13. gr.:

Að hún falli burt.

Frumvarpsins 14. gr., samþykkt:

Á öllum þeim fjallvegum, sem ferðamenn eru vanir að fara á vetrardag, skal hlaða vörður og skal einnig gjöra sæluhús, þar sem yfirvaldi þykir þörf á. Eiga vörðurnar að vera, þegar því verður við komið, svo nálægt hver annari, að tvær að minnsta kosti sjáist í einu, þegar þoka er yfir; skal þar að auki á hverri vörðu vera gjörður stallur eða annað merki á þeirri hlið, sem snýr til norðurs, ferðamönnum til leiðbeiníngar.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 14. gr.:

Að hún nú verði 13. gr.

Frumvarpsins 15. gr.:

Útgjöld til allra vegabóta, sem nefnd eru hèr að ofan, skal greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts. Þegar einhver hefir tekizt á hendur að láta gjöra verkið, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sè óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amt-

maður, ef sá, er verkið lætur vinna, krefst þess, og verkið er umfángsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsíngar og uppástúngu frá hlutaðeiganda sýslumanni, láta greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis. Að öðru leyti ber amtmönnum þess að gæta, þegar þeir ákveða, hverjar vegabætur skuli taka fyrir á því ári, að kostnaðurinn til nýrra vega, viðgjörða og viðhalds allra þjóðvega í amtinu verði ekki meiri en svo, að hann verði greiddur með því, að jafna niður í mesta lagi 2 sk. á hvert lausafjárhundrað. En skyldi í einhverri sýslu þurfa stórkostnað til að leggja nýja vegi eða til að gjöra stórkostlegar vegabætur, þá má, ef amtmanni þykir vera ástæða til þess, eptir að hann áður hefir leitað álits annara um það jafna allt að 1 sk. tillagi meira fyrir hvert lausafjárhundrað á þessa sýslu, heldur en hinar aðrar sýslur, en samt mega tillögin samtals aldrei gánga út yfir það, sem einu sinni er ákveðið.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 15. gr.:

Að hún falli burt, en komi ný grein nefnilega:

14. gr. Útgjöld til allra þjóðvega skal þannig greiða, að af hverjum hrepp í öllu landinu gjaldist svo mikið í penníngum, sem nemur hálfu dagsverki, eptir verðlagsskrá fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, í hverri stöðu sem hann er frá 20 ára að 60. Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþíngi, og leggur hreppstjóri það á hreppsbúa eptir sömu reglum og aukaútsvarið.

Frumvarpsins 16. gr., sem verður 15. gr.:

Það skal framvegis vera skylda innbúanna í hverjum hrepp, að gjöra vegabætur og halda við aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, og sem nauðsynlegir eru til almenníngs þarfa, svo að vegir þessir ávallt sè í sæmilegu standi. Það, sem vinna þarf í þessum tilgángi, er skylduvinna, og skulu allir verkfærir karlmenn í hreppnum frá 18. til 60. árs, hvort sem þeir eru af bændastètt eða ekki, vera skyldir að leggja verk til, eptir því sem á þá skiptist. En ef hreppsbændur eða meiri hluti þeirra kynni heldur að æskja, annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá að menn sè leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppskilaþíngi á haustin, þá er þeim það heimilt, og skal þá hreppstjórinn jafna niður kostnaðinum á hina sömu menn, sem skyldir eru að vinna að vegabótum, eptir því sem áður er sagt, og að öðru leyti

þannig, að húsbóndinn greiðir borgun fyrir börn og vinnufólk, sem er á hans heimili.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 16. gr.:

Breytist þannig: fyrir „18.—60.“ komi: „20.—60.“; og eptir orðið „skiptist“ komi: „af hreppstjóra, að yfirveguðum efnum og ástandi“. Niðurlag greinarinnar breytist þannig: fyrir „börn og vinnufólk“ komi: „verkfæra menn, sem eru í hans þjónustu“.

Frumvarpsins 17. gr.:

Hreppstjórar eiga á ári hverju innan loka janúarmánaðar að senda sýslumanni uppástúngu um þær vegabætur, er gjöra þarf á næsta sumri við hina almennu aukavegi í hreppnum, og skal téðri uppástúngu fylgja nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem skyldir eru að leggja vinnu til samkvæmt næstu gr. á undan; á sýslumaður síðan, í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar, að ákveða með úrskurði sínum, hver verk skuli vinna. og gefa hreppstjórunum það til vitundar; en þeir eiga því næst að sjá um, að verkið verði framkvæmt eptir reglum þeim, sem nákvæmar eru til teknar í þessari tilskipun, og skal þess gætt, þegar hreppsbúar vinna sjálfir að verkinu, að það komi jafnt niður á þá. sem skyldir eru að leggja verk til.

Breytíngaruppástúnga miuna hlutans við 17. gr.:

Að hún falli úr, en komi ný grein, sem verður 16. gr., þannig orðuð:

Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir sumarmál senda sýslumanni nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem samkvæmt 14. gr. eru skyldir að leggja fé til þjóðvegabóta.

Frumvarpsins 18. gr., sem verður 17. gr.:

Að því leyti sem sérlegur kostnaður kynni að standa af aukavegum, til að mynda til brúa, eður til að útvega þær tilfærur, sem ekki verða heimtaðar af þeim, sem skyldir eru að leggja til verk til vegagjörðar, sbr. 23. gr., eða púður til að spreingja steina, o. fl., þá skal þeim kostnaði, sem til þess þarf, jafna niður samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í niðurlagi 16. gr., að svo miklu leyti sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 20. grein, hrökkur ekki til þessa kostnaðar.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 18. gr.:

Að hún standi með þeim viðauka eptir orðið „þarf“: „lúka af sveitarsjóðnum“.

Frumvarpsins 19. gr., sem verður 18. gr.:

Aukavegir eiga almennt að vera 5 álnir á breidd; þó má amtmaður leyfa, að brugðið sé út af þessu, þegar landslagi er svo hátt-

að (sbr. 9. grein að niðurlagi), að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess. Að öðru leyti skal í öllu því, er aukavegi snertir, hvort heldur þeir eru gjörðir að nýju eða endurbættir, og eins hvað skyldu eigandans við víkur til að láta af hendi land það og tilfaung, sem þarf, farið eptir reglum þeim, er ákveðnar eru hèr að framan um þjóðvegi, að svo miklu leyti, sem þær geta átt hèr við.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 19. gr.:

Breytist þannig: í staðinn fyrir „5 álnir“ komi: „3 álnir“; og í staðinn fyrir „amtmaður“ komi „hreppstjóri“, — samanber 9. gr., — að niðurlagið falli burt.

Frumvarpsins 20. gr., samþykkt, sem verður 19. gr.:

Það skal vera hverjum þeim. er skylduverk á að vinna, heimilt, að senda annan verkfæran mann í sinn stað. Vilji hann greiða borgun í peníngum fyrir skylduverk það, sem hann á að vinna, þá skal það leyft, ef áður er um gjört það samkomulag við hlutaðeiganda hreppstjóra, sem þá skal leigja mann, er geingið geti í hins stað, fyrir fè það, er hann hefir greitt. Bregðist nokkur undan að koma til verka, þegar hann er til þess kvaddur, og hefir einga þá ráðstöfun gjört, sem áður er sagt, og hann getur ekki sannað lögmætt forfall, þá á hann fyrir það að gjalda í sekt 32 sk. r. m., og þar að auki greiða slíka borgun, sem hlutaðeigandi hreppstjóri álítur nægja til, að leigja fyrir annan verkmann. Það er vitaskuld, að það, sem hèr segir, á við, hve nær sem verkskyldur maður bregzt undan, eins fyrir það, þó fleiri verkamenn eigi að koma frá einum bæ, og á húsbóndinn að greiða ofannefnda borgun og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern verkfæran mann af börnum hans eða vinnufólki, er undan bregzt; en aptur á móti á hann rètt á, að halda fènu inni í kaupi verkmannsins, ef honum verður gefin sök á burtverunni. Ofannefndar sektir skal greiða í vegasjóð, sem stofnsetja skal fyrir hreppinn, og skal hreppstjóri geyma hann, og tekjunum verja til vegabóta í hreppnum, eptir því sem sýslumaður nákvæmar ákveður.

Hefjist deila um það, hvort sá, er í stað annars geingur, sè verkfær, þá skal hreppstjóri þegar í stað leggja úrskurð á þrætuna með tveimur til kvöddum mönnum. Ef einhver sendir óverkfæran mann í sinn stað, skal álíta, sem hann hafi ekki komið.

Frumvarpsins 21. gr., sem verður 20. gr.:

Sýslumaður til tekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera á öðrum tíma, en í maí eða júnímánuði, nema svo sèrstaklega sè ástatt á einhverjum stað, eða eitthvað annað beri til,

að óumflyjanlegt sè, að bregða út af þessu, og skal þá sýslumaður nákvæmar ákveða verkdaginn.

Breytíngaruppástúnga minna hlutans við 21. gr.:

Breytist þannig: Í stað orðsins „sýslumaður“ komi „hreppstjóri“.

Frumvarpsins 22. gr., samþykkt, sem verður 21. gr.

Verkmenn skal hreppstjóri til kveðja með skriflegum seðli, og skulu bændur láta bera hann milli bæja eptir þíngboðsleið svo tímanlega, að hann sè kominn þíngboðsleið á enda einum degi fyrir hinn ákveðna verkdag.

Frumvarpsins 23. gr., samþykkt, sem verður 22. gr.

Sérhver verkmaður skal með sèr hafa verktól þau, sem til er tekið, þegar honum er sagt til, en þó ekki önnur en þau, sem almennt eru höfð við moldarverk á Íslandi; skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað innan sjöundu stundar að morgni, og vera við vinnu til sjöundu stundar að kveldi; þó skal veita tveggja stunda hvíld á þeim tíma, sem hreppstjóri ákveður. Ef nokkur, sem tilkvaddur er, án löglegra forfalla kemur meira, en einni stundu of seint, eða fer úr verkinu meira, en einni stund of snemma, eða skorast undan að gjöra þa vinnu, sem honum er sagt, þá skal það metið, sem hann hefði alls ekki komið, og lýkur hann þá sekt eptir 20. gr. tilskipunar þessarar, en ef styttri tími en ein stund geingur frá verkinu, annaðhvort af því einhver kemur of seint, eða fer of snemma, þá er hann sekur um helmíng af sekt þeirri, sem ákveðin er í nýnefndri grein.

Frumvarpsins 24. gr. samþykkt, sem verður 23. gr.

Hreppstjóra er heimilt að skipta niður vegastörfum þeim, sem falla á hreppinn, á 2 eða fleiri daga, en samt þannig, að einginn sá, sem skylduverk á að vinna, hafi meira en eins dags verk.

Frumvarpsins 25. gr. samþykkt, sem verður 24. gr.

Meðan á verkum stendur, skal hreppstjóri skipta verkmönnum í flokka, og skal hverjum þeirra feinginn sinn kafli af veginum. Hreppstjórinn skal ætíð vera viðstaddur sem umsjónarmaður, meðan unnið er að vegastörfunum; líka getur hann kosið umsjónarmenn sèr til hjálpar meðal hreppsbænda, þegar honum þykir nauðsyn til bera. Skal svo álíta, að bæði hreppstjórinn og áður nefndir umsjónarmenn hafi með umsjón þeirri, er þeir þannig hafa haft með vinnunni, fullnægt skylduverki því, er á þeim sjálfum liggur.

Frumvarpsins 26. gr., samþykkt, sem verður 25. gr.;

Þegar verkið eptir 16. gr. 2. atr. þessarar tilskipunar er unnið af einhverjum, sem hefir tekizt það á hendur, eða af leigðum mönnum, eiga hreppstjórarnir að hafa umsjón með, að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst, samkvæmt þeim ákvörðunum, sem gjörðar eru af hreppsbændum því viðvíkjandi.

Frumvarpsins 27. gr., samþykkt, sem verður 26. gr.:

Sýslumenn skulu á ári hverju líta eptir þjóðvegunum í sýslum þeim, er þeim er trúað fyrir, og líka hafa eptirlit með hinum öðrum vegum í sýslunni, og eiga þeir á ári hverju að senda amtmanni skýrslu um það; skal í henni vera greint frá, ekki að eins hve mikið, heldur einnig hvernig hafi verið starfað að vegagjörðum á ári hverju.

Frumvarpsins 28. gr., samþykkt, sem verður 27. gr.:

Það er skylda amtmannanna, að hafa yfirumsjón með vegunum í ömtum þeim, sem þeir eru settir yfir, og eiga þeir á embættisferðum sínum nákvæmlega að gefa gætur að ástandi veganna, og að öðru leyti á ári hverju að senda skýrslu til dómsmálastjórnarráðsins um ásigkomulag veganna í amtinu, og láta þar með fylgja hinar ofannefndu skýrslur, sem komnar eru frá sýslumönnum.

Frumvarpsins 29. gr., sem verður 28. gr.:

Verði nokkur uppvís að því, að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann, og þar að auki sektast frá 1 rd. til 10 rd. eptir því, hvað skemmdin er mikil, og öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort yfirsjónin er framin í fyrsta sinn, eða hún er ítrekuð. Sè vörður og sæluhús á vetrarvegum skemmd eða eydd, þá skal það sæta 10 rd. til 50 rd. sekt, eða líkamlegri refsíngu frá 10 til 27 vandarhagga. Sè mannvirki þau burt tekin, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, svo sem brýr, vörður og sæluhús, þá varðar það þjófsstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegníngarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari gr., skulu falla í jafnaðarsjóð amtsins, ef þjóðvegur hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins.

Breytíngaruppástúnga minna hluta við 29. gr.:

Fyrir: „jafnaðarsjóð amtsins“, komi: „til þjóðvegagjaldsins“.

Frumvarpsins 30. gr., samþykkt, sem verður 29. gr.:

Öll mál viðvíkjandi afbrigðum gegn þessari tilskipun skal með fara og dæma sem almenn lögreglumál, að því leyti, sem þau ekki eptir eðli sínu eru misgjörðamál, og skal að öðru leyti, hvað þær

yfirsjónir snertir, sem hèr ræðir um, fara eptir ákvörðunum í tilsk. 24. jan. 1838, 9. og 10. gr.

Frumvarpsins 31. gr., samþykkt, sem verður 30. gr.:

Hvað hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vatnsföll áhrærir, þá skal framvegis farið eptir reglum þeim, sem settar eru í Jónsbókar landsleigubálks 45. kap. og í konúngsbrèfi af 29. apríl 1776, § 6.

Að öðru leyti skulu þær ákvarðanir, sem ofannefnd konúngsbrèf og Jónsbókar landsleigub. 44. kap. innihalda um vegina á Íslandi, hèr eptir verða teknar úr lögum.

Athugag.: Miðhluti 15. gr. verður 14. gr. frá orðunum: „hvers amts“, til orðanna: „að öðru leyti“; og eptir þessu heldur frumvarpsins greinatala sèr.

Framsögumaður (Jón Pèturssón): Frumvarp þetta hefir fyrri komið til þíngsins, og hefir það áður lagað það, en lögunin hefir ekki verið þannig, að stjórnin gæti fallizt á hana. Gallinn á frumvarpinu er einkum sá, að það er ætlazt til, að allur kostnaðurinn til þjóðveganna skuli berast af jafnaðarsjóðunum, en þó á ekki til þess að gánga meira fè, en 2 sk. af hverju lausafjárhundraði; en það er ómögulegt, að gjöra allar vegabætur á þjóðvegum um allt land fyrir svo lítið verð. Aðalspursmálið er, hvernig vegunum verði komið í betra horf, og hvaðan gjaldið til þess eigi að taka; í þessu greindi nefndina á. Meiri hluti nefndarinnar vildi halda frumvarpsákvörðuninni, að jafnaðarsjóðirnir skyldi bera þann kostnað til vegabótanna, sem ætlazt er til í frumvarpi stjórnarinnar, en að því fè skyldi einúngis verja til vegabóta á þjóðvegum uppi á fjöllum, því þeir þyrfti mikilla bóta með. Hann vildi því takmarka ákvarðanir frumvarpsins um þjóðvegina yfir höfuð, til að gilda einúngis um þjóðvegi uppi á fjöllum, og út víkka ákvarðanir þess um aukavegina til þjóðveganna niðri í sveitinni, því hann áleit þetta gjörlegt. Og á þessu eru byggðar flestar breytíngar meira hlutans, en báðir hlutar nefndarinnar hafa að eins gjört lítlar aðrar breytíngar á frumvarpinu. Minni hlutinn vildi ekki, að neitt gjald skyldi leggjast til veganna á jafnaðarsjóðina, heldur vill hann stofna nýjan sjóð, sem hann kallar í annað skiptið þjóðvegagjald, en í hitt skiptið vegabótagjald. Meiri hlutinn sá ekki ástæður minna hlutans, fyrri en hann var búinn að skrifa álit sitt, og gat þess vegna ekki haft tillit til hans ástæða og breytínga, eða svarað þeim í nefndarálitinu, en það ríður á minnstu, því svarið á líka betur heima í ræðunum um málið á

þínginu, en í álitsskjölum sínum eiga nefndirnir einúngis víst að skoða málið sjálft. Minni hlutinn vill, að vegagjaldið, sem á að gánga til vegabóta á þjóðvegunum, skuli jafnast niður á hreppana eptir því, hvað margir verkfærir karlmenn eru í hverjum hreppi, en því sem hver hreppur á að borga, á aptur að jafna niður á hreppsbúa eptir efnum og ástandi. En eg sè ekki, hvers vegna að vegabótagjaldinu ætti þannig að skipta niður á hreppana, eptir því hvað margir verkfærir karlmenn eru í hverjum hreppi, eða hvaða sanngirni sè í því, því eptir þessu yrði að jafna þrefalt meiru gjaldi niður á þann hrepp, sem hefði þrefalt fleiri verkfæra karlmenn, en þann, er þeir væri þrefalt færri í, en ekki er þar fyrir sagt, að menn sè þrefalt efnaðri í þeim hreppnum, þar sem verkfærra manna talan er þrefalt meiri, og ekki einu sinni eins efnaðir og í hinum, sem hefir færri verkfæra karlmenn; verður þá mikill munur á því, hvað hver hreppur ber í samanburði við annan, og gjaldið jafnast ekki niður eptir efnum og ástæðum manna um allt landið, því það er opt mikil velmegun í þeim hreppum, hvar að eins eru fáir verkfærir menn, og kæmi þeir þá til þess að bera minna gjald, en hinir fátækari hreppar, í hverjum fleiri verkfærir menn eru. Upp í sveit eru almennt fáir verkfærir menn, en þó velmegun; aptur á mót eru í sjóplássunum fleiri verkfærir menn, og meiri örbyrgð, og þó kemur eptir þessu meira gjald á þá en hina, og er þetta ekki meiri jöfnuður, en þó gjaldinu væri jafnað niður millum hreppanna eptir nautatölunni í hverjum hreppi. Það er skrítilegt, að ef einhver slóðabóndi hefði mikið rusl af verkfærum karlmönnum á heimili, en lifði í eymd og lægi við húsgáng, þá kæmi lítið gjald á hann sjálfan til vegabótanna sökum fátæktar hans, en hinir bændurnir í hreppnum eiga að gjalda þessa fólksfjölda, sem hjá honum er, og borga fyrir þá sök meira gjald til vegabótanna, en sem þeir þyrfti, ef hann væri duglegri og hèldi færra fólk. Gjaldið er fast ákveðið í 15. gr. hjá minna hlutanum; það er ½ dagsverk fyrir verkfæran karlmann; en það er ekki getið um það, hvort það eigi að gánga allt til vegabóta eður ekki, og hvað eigi að gjöra af afgánginum, ef ekki þarf á því öllu að halda. Hreppstjórarnir eiga að kalla gjaldið inn hjá bændunum, og þeir eiga að koma með það á manntalsþíng og fá sýslumanni, áþekkt því, þegar sýslumenn fyrrum riðu með skattana og sektirnar á alþíngi til höfuðmannsins, en það er ekki um það talað, hvað eigi að verða um það síðar, og ekki er þess getið, að reikníng þurfi að gjöra fyrir því. Eptir hverju á amtmaðurinn að

gjöra áætlunina um vegabæturnar? Það er eingin ráðstöfun gjörð fyrir því, að hann fái að sjá, hvað margir verkfærir menn eru í hverjum hreppi, eður öllu amtinu, þó þegar talað er um aukavegina, þá þarf eptir minna hlutarins skýrslu yfir þá, sem gjalda eiga til þjóðveganna, og þá skýrslu eiga hreppstjórar að gjöra, og senda hana sýslumanni; en það er þá ekki heldur talað um það, hvað sýslumenn eigi að gjöra við þessa nafnaskrá. Frumvarpið ætlaðist til, að þessi skýrsla skyldi vera sýslumönnum til leiðbeiníngar við aukavegina, en það á ei við, að koma með slíka skýrslu fyrir þjóðvegina, þegar talað er um aukavegina; einginn jöfnuður fæst með niðurjöfnuninni milli hreppanna, en má ske milli bændanna í hverjum hreppi; það er eingin grein gjörð fyrir neinu, svo eg sè ekki, að menn geti fallizt á breytíngaruppástúngur minna hlutans; ekki sè eg heldur, að þíngið geti fallizt á frumvarp stjórnarinnar óbreytt, og ef þíngið þá ekki fellst á frumvarp meira hlutans yfir höfuð, þá er ekki annað eptir, en að kasta öllu málinu, og er það mjög slæmt; því í frumvarpinu eru svo margar góðar reglur, um fyrirkomulag veganna yfir höfuð; vegirnir á fjöllum uppi feingi þá heldur einga bót, sem allir þó vita að þeir þurfa. En menn hafa einn útveg enn, ef menn ekki vilja fylgja meira hlutanum í því, að útvíkka greinir frumvarpsins um aukavegina, til að gilda um þjóðvegina niðri í sveit, og hann er sá, að takmarka greinir frumvarpsins um þjóðvegina yfir höfuð til að gilda um fjallþjóðvegina, eins og meiri hlutinn hefir stúngið upp á, og sleppa greinum frumvarpsins 16.—26. um aukavegina, eður láta það fyrirkomulag, sem nú er á vegunum niðri í sveitinni, halda sèr. Eg skal nú tala lítið um hinar aðrar einstöku breytíngar minna hlutans. Í 3. gr. eru sýslumenn eptir uppástúngu minna hlutans bundnir við uppástúngur hreppstjóranna um það, hvaða vegi skuli álíta þjóðvegi, og hverja aukavegi í hreppnum; amtmaðurinn er þá sjálfsagt líka bundinn við uppástúngur þeirra. Í 4. gr. ætti að standa „hreppstjóranna“, en ekki „hreppstjórans“, eins og stendur hjá minna hlutanum, því það eru fleiri en einn hreppstjóri í hverri sýslu. Nýi sjóðurinn er ýmist kallaður vegabótagjald eða þjóðvegagjald, því eg gjöri ráð fyrir, að það eigi að tákna sama sjóðinn. Það er einnig sagt, að sýslumennirnir eigi að ákveða stefnu veganna; það er víst eins gott, að þessi ákvörðun sè yfirlitin af amtmanni. Í 11. gr. þykir mèr „tilsjónarmaður“ ekki gott, það ætti að vera *sýslumaður;* vegurinn getur verið boðinn upp, hver vilji leggja hann fyrir minnst kaup. Í breytíngum sínum við 15. gr. talar minni

hlutinn einúngis um útgjald til allra þjóðvega, en það verður að útvíkka það meir, eins og stendur í stjórnarfrumvarpinu, svo það nái til fleiri vega en þjóðveganna, sem svo kallast, t. a. m. til þeirra vega, sem eru farnir á vetrardag, en ekki eru þjóðvegir svo sem Tvídægra, hún er farin á vetrardag, en er ekki þjóðvegur. (*Ásgeir Einarsson:* Jú). Frumvarpið meinar og til þeirra útgjalda, sem verja verður til varða og sæluhúsa (*Jón Sigurðsson* frá Tandraseli: Frumv. 2. gr.) Minni hlutinn hefir ekki heldur skilið frumvarpið rètt, þegar hann vill bæta inn í 16. gr. orðunum: „að yfirveguðum efnum og ástandi manna"; vinnan þarf ekki að vera 1 dagsverk og getur verið $^1/_2$ dagsverk á ári hjá hverjum; líka má sleppa sumum eitt árið, en þá líka taka þá hitt; þetta er víst meiningin í frumvarpinu, en ekki að jafna dagsverkunum niður eptir efnum og ástandi hreppsbænda. Að setja „hreppstjóra" í stað „amtmanns" í 19. gr., á það get eg ekki fallizt, og meiri hlutinn ekki heldur, því það sýnist fremur heyra undir amtmanninn en hreppstjórann að ákveða, hvað breiðir vegirnir eiga að vera. (*Ásgeir Einarsson:* Þjóðvegirnir. Hríngt); það er þá eins gott að yfirláta hreppstjórunum allt, að mèr sýnist. Meira skal eg ekki tala að sinni.

Ólafur Jónsson: Þó hinn háttvirti *framsögumaður* hafi nú skýrt frá skoðun nefndarinnar, vil eg þó tala fátt eitt. Þegar nefndin skoðaði frumvarp stjórnarinnar, sá hún fljótt, að það þurfti að breyta því; hún fann, að fè það, sem ætlað var til þjóðveganna, var of lítið til þess að endurbæta þá; þetta var annar gallinn á frumvarpinu, en hinn var sá, að eptir þeim takmörkum, sem stjórnarfrumvarpið setur millum þjóðveganna og aukaveganna, verða í sumum hreppum eingir aukavegir til, en aptur í sumum miklir. Meiri hlutinn sá nú, að þetta mundi gjöra mikinn ójöfnuð hreppa á milli, og þótti honum því nauðsynlegt, að breyta ákvörðun frumvarpsins um skiptínguna á vegunum svoleiðis, að láta ákvarðanir frumvarpsins um þjóðvegina ná einúngis til þjóðveganna á fjöllum uppi, en útvíkka aptur ákvarðanir frumvarpsins um aukavegina til að gilda einnig um þjóðvegi í byggðinni. Það vakti líka fyrir meira hlutanum, að það væri ógjörníngur, að breyta allri skylduvinnu í peníngagjald, því margur fátæklíngur á bágt með að láta úti peníng, sem þó getur unnið af sèr skylduverkið. Meiri hlutinn sá það enn fremur, að ef sú ákvörðun frumvarpsins hèldi sèr, að allar vegabætur stæði undir einni stjórn, og að borgun fyrir þær ætti að borga úr sama sjóði, þá flyti þar af, að þessi stjórn hlyti að ákveða, hvaða vegabætur skyldi

vinna á hverju ári, og hún tæki þá vissa vegi fyrir þetta og þetta árið, og sumir hreppar feingi þá einga vegi hjá sèr bætta í mörg ár, þó þeir bæði þyrfti þess og gyldi til vegabóta á hverju ári. Þetta hèlt nefndin að mundi olla óánægju; meiri hlutinn sá ei heldur ráð til þess, að auka gjaldið til vegabótasjóðsins svo, að allar vegabætur gæti legið undir eina og sömu stjórn og nokkru verulegu af kastað; minni hlutinn hefir nú tekið þá stefnu, að binda þetta gjald við alla verkfæra menn, en þó svo, að allir skyldi borga hálft dagsverk. Meiri hlutinn sá, að af þessu mundi fljóta sá ójöfnuður, að í sumum hreppum yrði hver verkfær maður að gjalda að eins $^1/_2$ dagsverk, nefnilega þar sem eingir aukavegir eru til, en í sumum $1\,^1/_2$, þar sem aukavegirnir eru, því þeir frían ekki við þessa skylduvinnu, þó þeir eigi að borga þetta $^1/_2$ dagsverk, þess vegna útvíkkaði meiri hluti nefndarinnar ákvarðanir frumvarpsins um aukavegina til þjóðveganna í byggð. Minni hlutinn hefir sagt, að meiri hlutinn ætli amtmönnunum of mikið, að ákveða takmörkin milli þjóðveganna á fjöllum uppi, og þjóðveganna í byggð, en minni hlutinn ætlar þeim meira, og það er að ákveða takmörk aukavega og þjóðvega í byggð, sem er miklu erfiðara. Minni hlutinn vill senda fyrir sumarmál til sýslumannsins nafnaskrá yfir þá verkfæra menn, sem eru í hreppnum, en það er aðgætandi, að hreppstjórunum er þetta hreint ómögulegt, einkum ef hreppurinn er víðlendur, því fyrir sumarmál er hreppstjórunum ómögulegt að vita, hverjir verkfærir menn verða í hreppnum sumarið eptir, svo þessi skýrsla hlyti að verða með öllu óáreiðanleg, og þó ætlast minni hlutinn til, að grundvallað verði á henni allt gjaldið til vegasjóðsins; meira hlutanum virtist því lángtum rèttara og áreiðanlegra, að byggja þessa skýrslu á tölu þeirra verkfæru manna, sem verða í hreppnum að haustinu. Það sýnist að sönnu óviðkunnanlegt, að hver maður skuli vinna dagsverk í þeim hreppi, sem hann var í um haustið áður, en það er það ekki samt, því hann getur opt verið búinn að af ijúka dagsverki sínu fyrir fardaga, og ef ekki, þá hlýtur hann að borga, ef hann fer burt úr hreppnum. Minni hlutinn talar um, að það sè óþarft og ekki nema til lakara, að bera moldarlag ofan á malarbrýrnar; um þetta er ekkert talað í frumvarpinu, og ekki heldur hjá meira hlutanum, heldur einúngis um moldarlag yfir þær steinbrýr, eða trèbrýr, sem eru yfir ræsum gegnum brýrnar.

Guðmundur Brandsson: Þeir, sem muna hvað mál þetta hefir átt hart uppdráttar á fyrri þíngum, vorkenna víst nefndinni, þó hún

sè nú komin í nokkra bendu með það. Áður þótti það ekki gott, og hefir ekki batnað með þeirri sendíngu, sem kom frá stjórninni í vor, og er ei víst, hvernig nú fer fyrir því. Nefndin skiptist, og ræður nefndarmanna lúta ekki mikið að sameiníngu. Mèr finnast vera 5 aðalatriði í málinu, 1. skiptíng á þjóðvegum og aukavegum; í þessu atriði hefir nefndinni borið á milli. Meiri hlutinn hefir tvenns konar þjóðvegi og þá líka tvenns konar vegabótagjald, vegabætur við þjóðvegi á fjöllum eiga að gjaldast úr jafnaðarsjóðum amtanna, en þjóðvegirnir í byggð eru skylduvinna, og skil eg ekki, að það sè meiri framfaravegur fyrir þá vegi en verið hefir. Þá er 2, breidd og stefna veganna; þetta er einnig verulegt atriði, og hefir meira og minna hluta nefndarinnar líka greint á um það. Þar fer meiri hlutinn nær frumvarpi stjórnarinnar, en minni hlutinn heldur sig nær Jónsbókarlögum og landslaginu; yfirvöldunum er að vísu eptir uppástúngu meira hlutans gefinn kostur á, að gjöra breytíngar um breidd veganna eptir kríngumstæðum; en það eru auðsjáanlegir gallar á því, að leita yfirvaldanna í hvert skipti, sem þessa kynni að þurfa, og er ei sèð, hvernig það geingur. 3. atriðið er, hver stjórn vegabótanna eigi að vera. Minni hlutinn vill draga stjórnina sem mest til hreppstjóranna, meiri hlutinn til amtmannanna; það kemur af fyrsta ágreiníngnum um þjóðvegina; hreppstjórar ætti þó að minnsta kosti að hafa á hendi stjórn aukaveganna, því þeir eru þeim kunnugastir. 4. aðalatriðið er um kostnaðinn, og þar um er verulegur ágreiníngur, sem er, eins og fleira, sprottinn af fyrsta ágreiníngnum; eg sakna þess, sem ákveðið var í álitsskjali þíngsins 1857, að sýslumenn með tilkvöddum mönnum skuli ákveða, hvar leggja skuli vegina; þessu er nú sleppt, af því stjórnin var á móti því; mèr finnst það miður heppilegt hjá minna hluta nefndarinnar, hvernig hann vill jafna niður gjaldinu, og ef einúngis á að leggja það á alla verkfæra menn, getur úr því orðið hið mesta gjörræði, og eg er þess vegna í vafa um það, hvort eg eigi að fallast heldur á uppástúngu meira eða minna hlutans í þessu atriði; í 5. máta er það sjálfsagt, að til taka sektir fyrir afbrot á móti vegabótalögunum; þetta hefir nefndin einnig gjört samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar, sem hún hefir rakið með mikilli nákvæmni og það sumstaðar næstum of vel, einkum þær greinir þess, sem segja fyrir, hvernig eigi að fara að búa til og bæta vegina, bæði með ruðníngum og brúagjörðum, því þetta held eg hefði verið óhætt að fela þeim, sem áttu að stjórna vegabótunum; sumt af greinum þessum má því heldur heita

erindisbrèf en lög, svo sem greinirnar 10.—14., sem eru ekkert annað en reglugjörð um tilbúníng veganna; þetta þykir mèr nú nokkuð smásmuglegt, því það er hèr um bil steypt í sama formi og tilskipunin, sem gefin var út um þúfnaslèttun og garðahleðslu, því þar var til tekið, hvernig ætti að skera þúfuna og brúka úr henni moldina; aðrir eins smámunir og þetta eiga illa heima í lögum og gjöra lítið gagn. 21. grein hefir batnað hjá meira hluta nefndarinnar; þar er sagt, að hreppstjórar skuli til taka, hvaða daga skuli vinna að vegabótunum, en hitt er óþarfi að ákveða, að slíku skuli jafnan vera lokið í júnímánuði, því misjafnlega getur á staðið með það, en það ber samt svo vel til, að undantekníng getur orðið frá því, eptir sem niðurlag greinarinnar er orðað. 22. gr. sýnist mèr óþörf; eg held að ekki þurfi að segja hreppstjórunum, hvernig þeir eigi að kalla saman mennina til verka; eg held að hún hefði mátt missa sig. 24. gr. hefði ekki heldur þurft, hún er í mótsögn við 23. gr.; mèr sýnist að mætti yfirláta hreppstjórunum, að koma sèr saman við mann þann, sem lítið hefði gjört fyrri daginn, að hann gjörði því meir daginn eptir. Uppástúngan í frumvarpi stjórnarinnar og nefndarinnar, að borgunina skuli greiða á hreppskilaþíngum á haustin, líkar mèr ei að því, að til taka á *haustin;* eg held að það hefði verið betra að sleppa því orði, því hreppskilaþíng eru sumstaðar haldin á vorin, og vildi eg setja í staðinn: *árinu áður.* Að minni hlutinn vill láta aukavegina heyra undir hreppstjórana, leiðir af uppástúngu hans um tilhögunina á gjaldinu, og get eg ekki annað, en verið því meðmæltur. Mèr þætti það óskaráð, ef meiri og minni hlutinn gæti nú dregið saman meiníngar sínar, svo flækjan yrði minni, því sem stendur er eg í vafa um atkvæði mitt; það væri má ske rèttast, að fresta öllu málinu og láta það bíða eptir sveitastjórnarlögunum, og eins stjórnarbótinni, ef yfirstjórn landsins yrði breytt.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Minna hluta nefndar þessarar ránkaði við því, að mál þetta komst í töluverða glennu og ágreiníngsatkvæðafjölda á síðasta þíngi, og því ætlar enn ekki að fara svo óliðlega að stofni með það sama, því nokkur breytíngaratkvæði eru komin strax hjá báðum hlutum nefndarinnar, og vonandi, að þíngmenn láti þó ekki sitt eptir liggja, og bæti fáeinum við. Minni hlutinn hafði sèr nú fyrir augum, að varast þetta, og vildi því halda sem fastast við frumvarpið, því honum þótti það í flestum greinum nýtilegt; það er einúngis á tveimur stöðum, sem minni hlutinn breytti nokkuð stefnu frumvarpsins, en þó svo haganlega, að það ekki einu

sinni raskar greinaskipun þess, svo hún heldur sèr til enda. Það fyrra er það, sem allri nefndinni kom saman, að fè það, sem ætti að taka af jafnaðarsjóðunum til þjóðvegabóta, væri bæði fjarskalega of lítið, og líka óhentuglega lagt á, 2 sk. á hvert lausafjárhundrað; því fyrst eru nóg gjöld á lausafènu, og svo geingur lausafjárframtalið misjafnt fram, eins og menn vita; svo er það ekki nema einn flokkur af landsbúum, sem telur fram lausafè; þess vegna vildi minni hlutinn ekkert af vegabótakostnaði láta lenda á jafnaðarsjóðum, og því varð hann að hugsa sèr annan gjaldstofn; þótti honum þá eðlilegast, og öllu málefninu sjálfu sèr samkvæmast, að öll vegabótaskyldan stæði á einum og sama stofni, hvort það væri gjaldskylda eða vinnuskylda; en af því frumvarpið hefir grundvallað vinnuskylduna á þeim stofni, sem áður hefir verið hèr í landi, og þess vegna er innrætt meðvitund þjóðarinnar, og byggður á því, að hver sá maður, sem svo er kominn upp, að hann geti farið að hugsa fyrir sínum og sinna lífsbjargarumsýslunum og útvegum, til hvers ávallt þarf að brúka vegina, sè skyldur að standa undir þessari föðurlandsskyldu, að umbæta og við halda vegunum, þá fann minni hlutinn sèr ánægjanlega orsök til að fylgja frumvarpsins reglu í þessu, og leggja vegabótaskylduna á vinnukraptana, því þá koma inn undir hana allir flokkar landsbúa með jafnri skyldu, bændur, vinnumenn, embættismenn, kaupmenn, handverksmenn, húsmenn og lausamenn við sjó, sem varla standa undir nokkrum skyldum, eða byrðum föðurlandsins. En vegna þess, að vinnuskyldan hefir virzt ónóg, til að lagfæra vegina, og alþingi bæði 1855 og 1857 varð á þeirri meiníngu, að breyta henni í gjaldskyldu, þá hefir minni hlutinn með sinni 15. gr. snúið henni í gjaldskyldu, og hyggur, að það gjald verði líka nægilegt, til að koma lagfæríng á þjóðvegina.

Hin önnur breytíng, sem minni hlutinn gjörði frá frumvarpinu var sú, að honum þótti umsjón á aukavegunum, mega eingaungu standa undir sveitarstjórn, og ekki þurfa að ná til sýslumanns, og því síður til amtmanns; því þegar allir þeir vegir, sem 2. gr. frumvarpsins til nefnir, verða þjóðvegir, þá verða aukavegirnir að kalla sem eingir, nema heim til bæja af þjóðveginum og millum bæja; vinni sveitarmenn það allt fyrir sjálfa sig, er þeir gjöra við þá, og er það sanngjarnt, að þeir fái að ráða því sjálfir með sveitarstjórasamkomulagi, hvað mikið eða lítið menn gjöra við þá, eptir því sem árferði og ástæður manna leyfa í hvert skipti. Minna hlutanum þótti breiddin á vegunum vera nóg 5 álnir, eins og okkar gömlu landslög höfðu

sett, og verður þó breiddin meiri nú, því þá voru álnir styttri, því þær voru ekki danskar; þessi 6 álna breiði lagavegur er nú búinn að standa síðan 1776, og sjá menn nú á vegunum, sem eru, hvað þessi fyrirskipun hefir á unnið. Eg held það mætti þakka fyrir, ef nokkurstaðar sæist 5 álna breið gata; með aukavegina, sem menn pjakka sjalfir heim til bæja sinna munu þeir gjöra sig ánægða, ef þeir eru vel faðmsbreiðir núna fyrst; það vita allir, að hreppstjórar þekkja miklu betur vegina og afstöðu þeirra bæði hvað hverri sveit og sýslu til heyrir af fjallvegum, sem allt er fastsett eptir venju, sem skapazt hefir eptir því, sem búfjárhagar, ítök, fjárgaungur og vatnsfallaaðdragandar hafa til vísað, og eins hvað þjóðvegir eður alfaravegir í sveit hverri geta heitið réttilega, og hvað þar eru aukavegir; þetta þekkja þeir allt miklu betur en sýslumenn, og geta miklu betur á kveðið þessa skiptíngu. Sýslumenn geta víða hvar ekkert sagt um þetta af nokkru viti, nema eptir upplýsíngum hreppstjóra; þess vegna væri það undarleg drambsemi eður ærugirni þeirra, ef þeir ekki vildi láta það strax fylgja lagaboðinu, að þessi ákvörðun ætti að vera sprottin af uppástúngum hreppstjóranna; allt eins er um það, hverjar vegabætur þyrfti að framkvæma á næsta sumri, um stjórn þjóðvegabóta og gjalds þess, er til þess er brúkað, hefir minni hlutinn ekkert breytt stjórnarfrumvarpsins reglu; honum fannst, að 5. greinin ákvæði, að þetta yrði mest í sýslumanna höndum, þar sem þeir eiga að setja til uppboðs eða semja um, hvernig verkið skuli vinna, líka setja umsjónarmenn yfir það, o. s. frv. Nú gjörir 15. gr. minna hlutans ráð fyrir, að vegabótagjaldið gángi til sýslumanns; leingra sýnist óþarfi það fari, því allir vita, að í sýslunum þarf að gjöra vegabæturnar og út býta aptur gjaldinu; þurfi þá ein sýslan að leggja hinni, getur amtmaður ávísað það milli sýslumanna. Minna hlutanum virtist það of snemmt, sem frumvarpið til tekur, að senda nafnaskrána yfir þá, sem skyldir eru að gjalda til vegabóta í janúar, því þá eru hreppstjórar ekki búnir að vita, hverjir menn að eru ráðnir heima eptirleiðis hjá öllum bændum; en um sumarmál geta þeir verið búnir að vita þá flestalla, svo það munar aldrei miklu, sem það breytist eptir það; nafnaskrá þessi, held eg, eins og gjaldið, hafi ekkert að gjöra leingra en til sýslumanns fyr en einhvern tíma, til sönnunar hvað gjaldsumman hafi verið há af sýslunni; það sem meiri hlutinn hefir sett í 18. gr., að hver skuli vinna þar að vegabótum, sem hann var haustinu áður, held eg þyki kátleg regla, ef menn flytja vestan eða norðan af landi; það eru sjaldnast gjörðar vegabætur fyrir far-

daga, þar sem þá er það fyrsta kominn aur úr götum, og sízt á fjöllum; það verður líka með skylduvinnu sjaldan komið við vegabótum um vorvertíð; bændur og vinnumenn eru við sjó, og eins er í sjávarhreppunum, að menn standa þá í sjóróðrum; það er því ætíð vani að taka dagana eptir Jónsmessuna til þessara verka, áður menn fara að fara í kaupstað og að slá, og eru þá allir til jarðar komnir, og held eg þætti þá einslags axarskapt, ef lögin skylduðu menn til, að fara norður eða vestur á land til að gjöra vegabætur, af því að maður var þar í fyrra. Annars þótti minna hlutanum þessar reglur frumvarpsins um skylduvinnu og tilhögun hennar á aukavegunum óþarfar, þar hreppstjórar mundi ráðstafa þessu eins og bezt ætti við í hvert skipti, en við vildum ekki fara að rugla þar frumvarpinu, því það getur ekki skaðað, þó greinar þessar standi.

Meiri hlutinn segir í áliti sínu, að menn sè vanir við þjóðvegaskipti á fjöllum og í sveitum; þetta þekki eg ekki, og eg held menn sè þessum skiptum óvanir,, og ætti nú sýslumenn eða amtmenn að fara um alla þessa hálsa og fjöll, til að skipta þessu í sundur, þá hygg eg túskildingsgjaldið af lausafjárhundruðunum gjörði ekki betur, en duga til þess, að borga rètt skoðunargjörðina sjálfa, og umbættist þó vegirnir lítið við það. Meiri hlutinn segir, að það megi eptir frumvarpinu leggja einum skildíng meira á hvert hundrað í öllu amtinu; en það er ekki satt, það má einúngis í þeirri sýslu, sem nauðsyn er að gjöra stórkostlegar vegabætur; eptir 20. gr. meira hlutans held eg hreppstjórum yrði kann ske örðugt, að skaffa nóga menn í vegabótastörfin, þar sem allir þeir, sem sökum nauðsynja sinna ekki geta komið til verka, þurfa ekki annað, en gjöra honum boð sama daginn, og verkið á að fram fara, að þeir borgi einhvern tíma; þá er nú komið í gamla horfið með vegabæturnar. 27. gr. þykir mèr líka hálfskrítin, þegar sumar sveitirnar eiga að fara leggja hinum vinnuskyldu, og hálfa skyldu, þar sem menn eiga leið um, o. s. frv.; þetta eru hálfvegis ráðaleysis vefjur. Eg held það verði að vera hverrar sveitar notagjald. hvað lítið þarf þar að gjöra við aukavegi, og hvað mikið að þeir sveitarmenn gjöra sjalfir við þá; yfir höfuð er það nú uppástand meira hlutans, að vinnuskyldan standi á öllum þeim vegum, sem helzt þarf að um bæta, og er það þá allt sama og verið hefir, að allt syndir í sama aðgjörðaleysinu, og var þá óþarfi, að vera neitt að tala um þetta mál, fyrst eingu á að breyta, og ekkert að um bæta, nema leggja túskildínginn á lausafjárhundruðin, það eru of litlar álögurnar á því.

Ásgeir Einarsson: Þingmaður Mýramanna hefir tekið af mèr ómak með því, að tala um hinar einstöku greinar frumvarpsins, og vildi eg að eins tala lítið viðvíkjandi vegaskiptíngunni og 15. gr. frumvarpsins; eg er þingmanninum úr Gullbríngusýslu samdóma í því, að þeir sem tala í þessu máli, eiga að halda sèr til aðalatriða málsins; því ef menn fara út í einstakar greinar og orð, þá er eg hræddur um, að það komist ekki af á þessu þíngi, en annaðhvort verður þíngið að fallast á frumvarp stjórnarinnar eins og það er, eða frumvarp meira hlutans, eða breytíngaruppástúngur minna hlutans, því ef menn fara að blanda hinum ýmsu uppástúngum saman, þá hefi eg ekki vit á, að vit verði úr því, og þess vegna var það betra, að nefndin skildi algjörlega strax, og kom með uppástúngur sínar út af fyrir sig, heldur en ef minni hlutinn hefði komið með eintóm breytíngaratkvæði við frumvarp meira hlutans, og allt hefði svo orðið í eintómum graut. Meiri hlutinn gjörði frumvarp sitt sem bezt hann gat, og allar breytíngar á frumvarpi stjórnarinnar eru komnar af því, hvað hann gjörði vegina margskipta; en um það, hvort uppástúngur minna hlutans sè betri eða verri, en uppástúngur meira hlutans, um það ætla eg mèr ekki að dæma. 1855 var send uppástúnga frá þínginu til konúngs, er finnst í alþíngistíðindunum frá því ári bls. 860, og fer fram á, „að skylduvinna bænda til vegabóta, yfir höfuð að tala, sè tekin úr lögum“. Þetta var uppástúnga eins þíngmanns, sem nú ekki leingur situr á meðal vor, er hafði fullt eins mikla greind á þessu máli, og hver helzt annar. Það var embættismaður, sem var vanur ferðalögum og kunnugur búskap og ástandi landsins. Þessi uppástúnga hans var mikið heppileg, að flestra þeirra dómi, er eg hefi heyrt tala um málið, og alþíngi fèllst á stjórnarfrumvarpið 1857 að þessu leyti. Fátækir einyrkjar geta ei lagt menn til til vegabóta án mikils skaða fyrir sig, og án þess að bjargræðisvegir þeirra hindrist; því opt ber það við, að ekki verður gjört við vegi fyrri, en komið er fram á sumar, og sjá þá allir, hvílíkur skaði það er, að taka einyrkjabóndann frá slætti, eða þá hindra kaupstaðarferðir eða fiskiferðir þeirra, og er eg þá hræddur um, að þegar hreppstjórar færi að kalla saman menn til vegabóta, þá mundi þeir ei fá nema helmínginn. Það er misskilníngur hjá sjálfum meira hluta nefndarinnar, að hver maður eigi að leggja mann til vegabóta, þegar þær eru unnar, því þeir geta komizt af með það, að senda gjald, er svarar daglaunum mannsins, eptir uppástúngu meira hlutans, því það flýtur af sjálfu sèr, að ef þeir ekki senda mann til vegabóta, þá verða

þeir að senda gjaldið, en þá kemur mestur vandinn fyrir hreppstjórann, að útvega sèr mann fyrir gjaldið, þegar það kemur svo seint, og hefði það verið betra, að hann hefði vitað það fyrri, að hann hefði þurft að útvega mann; ef tilsjónarmaður eða verkstjóri veit, hvort bóndinn vill leggja mann til þess, og fái hann almennilega menn til þess að vinna, þá er það heldur ekki rètt, að ráðleysíngjar eða öreigabændur eigi að stjórna yfir framkvæmdarverkum. Minni hluti nefndarinnar vildi ekki, að fátæklíngum yrði of þýngt með gjaldið, en þeim verður einmitt of þýngt, þegar vinnuskyldan er út víkkuð eptir uppástúngu meira hlutans, og til þess að endurbæta þá, á að hafa skylduvinnu, er jafnað er niður eptir verkfærum mönnum; þess vegna vildi minni hlutinn hafa þjóðvegina sem mesta, og frá þessari skoðun get eg ekki slitið mig, og get eg ekki geingið frá því, að með þessu komi vegabæturnar lèttar á hina fátækustu eins og ber. Þó mikið sè unnið með því, að þjóðvegir meira hluta nefndarinnar komist á, þá er samt ekki allt unnið með því, og við lífum líklega ekki það, að þeir verði orðnir góðir. Þegar eg gjörði breytíngaratkvæði mitt við 15. gr. frumvarpsins 1857, þá fór eg eptir annari uppástúngu alþíngis, sem stjórnin í öllum verulegum atriðum er ekki fráleit að fallast á, en aðferð sú, sem eg stakk upp á við gjaldheimtuna, segir stjórnin að sè erfið og flókin, og þar eð málið mun verða lagt fyrir þíngið aptur, þykir það rèttast einnig hvað snertir aðferðina, til þess að fá fè í kostnað til þjóðveganna, að láta sitja við frumvarp stjórnarinnar, en þó um leið og málið er lagt fyrir á ný geta þess, að stjórnin játar, að peníngaupphæð sú, sem feingist eptir frumvarpi stjórnarinnar, nefnilega hèr um bil 1,200 rd., mundi verða of lítil, en eptir hinni nýju uppástúngu minna hlutans mundi hún verða helmíngi minni, eins og nú á stendur eða *lítið* yfir 600 rd. Breytíngaratkvæði mitt við 15. gr., sem stjórnin heldur vildi fallast á, hljóðar þannig: „Þá upphæð til vegabóta svo vel þjóðvega sem aukavega, sem amtmaður hefir ákveðið, að lenda skuli á hverri sýslu, skal sýslumaður með 2 tilteknum mönnum jafna niður á hina einstöku hreppa sýslunnar, og hafa við þá niðurjöfnun sèrstakt tillit til efnahags hvers hrepps, sveitarþýngsla og annara aðlútandi ástæðna; síðan greiðir hver hreppstjóri þá ákveðnu upphæð úr sveitarsjóði samkvæmt fyrirlagi hlutaðeigandi sýslumanns“. Mèr fannst þetta sanngjarnt, og 6 þíngmenn viðurkenndu það líka við ályktarumræðuna 1857, en þótti það of margbrotið, meðan ekki væri komin regluleg sveitar- og sýslustjórn.

Þingmanninum úr Gullbríngusýslu þótti meiri ójöfnuður vera í þeirri uppástúngu, er eg nú hefi gjört, heldur en í gömlu uppástúngunni minni, einkum milli hreppanna; en það kom af því, að minni hlutinn vildi nálgast meira hluta nefndarinnar í því, að þetta gjald skyldi hvíla á öllum verkfærum mönnum á þessum tiltekna aldri. Fyrir utan annmarkana á skylduvinnunni, er minni hluti nefndarinnar betri en sá meiri í því, að jafna gjaldið innan hrepps. Af ástæðum mínum fyrir breytíngaratkvæðinu við 15. gr., er eg gjörði 1857 sèst, að eptir uppástúngu meira hluta nefndarinnar, komast margir hjá skylduvinnunni, og væri gott, að fá þann ójöfnuð tekinn af, er jafnaðarsjóðsgjaldið veldur. Ef menn vildi nú fá jöfnuð, þá er spursmálið um það, hvort menn vilja vinna það fyrir jöfnuðinn, að taka uppástúngu mína í breytíngaratkvæðinu undir tölulið 78., en ef menn færi eptir þessari undirstöðu, að hægt væri að ná gjaldi þessu, þá gæti ei of mikið orðið lagt á fátæklíngana. og ríkismennirnir ekki sloppið, og kynni með þessu að geta greiðzt úr frumvarpi stjórnarinnar. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu vildi láta fella margar greinir úr, og getur mikið verið með því, en minni hluti nefndarinnar vildi ekki ríngla svo allt frumvarpið, því hann áleit, að hægt væri að fella þær greinir með breytíngaratkvæðum við atkvæðagreiðsluna. Eg ætla mèr nú ekki að fara fleirum orðum um ástæður minna hlutans, en á eitthvað verða menn að fallast. Það hefir verið stúngið upp á, að leggja nýtt frumvarp fyrir næsta þíng með sveitastjórnarlögunum, og það kann nú að verða það bezta; en ef málið verður nú fellt, þá er ekki að vita, hvenær vegabótalögin kæmi betri, en þau yrði nú, með því að laga frumvarp stjórnarinnar.

Konúngsfulltrúi: Það er svo stuttur tími síðan eg fèkk álit nefndarinnar í þessu máli, að eg hefi ekki getað svo nægilega áttað mig í því, að eg nú geti sagt ákveðna meiníngu um þess einstöku atriði, því bæði hefir nú nefndin skipt sèr í meiri og minni hluta, og líka hefir hvortveggi komið fram með sèrstaklegar uppástúngur, sem eru mjög margflóknar, sèr í lagi meira hlutans. Meiri hlutinn vill víkja öldúngis frá stjórnarfrumvarpinu, og skipta vegum þeim, er frumvarpið kallar þjóðvegi, í þjóðvegi á fjöllum og þjóðvegi í sveit. Eg sè nú gjörla, af hverjum orsökum meiri hlutinn hefir gjört þetta. Hann hefur sèð, að fè það, sem frumvarpið leggur til þjóðveganna, er of lítið, og því hefir hann skipt þjóðvegunum þannig sem hann hefir gjört, af því hann hefir ekki viljað leggja meira gjald á lausafè en frumvarpið; en þar á móti farið því fram, að

þjóðvegirnir í sveitunum skyldi endurbætast með skylduvinnu, eins og aukavegirnir, hvar við skiptíngin milli þjóðveganna í sveit og aukaveganna verður öldúngis þýðíngarlaus. Með þessum uppástúngum hefir meiri hlutinn raskað frá rótum grundvallarreglum frumvarpsins, og á það get eg eingan vegin fallizt. Hin fyrsta orsök til þess, að menn stúngu upp á að breyta vegabótalögunum var sú, að skylduvinna sú, með hverri þeir allir áttu að endurbætast og við haldast, var svo óbærilega misjöfn. Í sumum hreppum, hvar vegum af náttúrunni er svo háttað, að þeir þurfa litla endurbót, var skylduvinnan lètt, og sumstaðar næstum eingin, því hver hreppur átti að annast vegina innan sinna takmarka. Í öðrum hreppum þar á mót, í gegnum hverja margir og torsóttir vegir lágu, var skylduvinnan svo mikil og örðug, að hreppsbúar feingu ekki komizt yfir að fullnægja henni, og þar af leiddi þá aptur, að vegirnir í þessum hreppum voru næstum ófærir, af því þeir gátu einga næga endurbót feingið. Þess vegna var það, að stjórnarfrumvarpið, eptir tillögum manna hèr á landi, fer fram á það, að allir þjóðvegir skyldi verða endurbættir með því, að leigja menn þar til fyrir gjald, og að þetta gjald skyldi koma jafnt á alla amtsbúa, svo að sá ójöfnuður, sem skylduvinnan við þessar vegabætur áður hafði í för með sèr, öldúngis gæti af tekizt. Þar á mót hèldu menn skylduvinnu, hvað aukavegina í hverjum hrepp snerti, af því menn voru hræddir um, að annars mundi peningagjöldin verða of há. Þessa skoðun get eg til að stjórnin muni ekki yfirgefa, og eg held og, að hún gjöri rètt í því. Minni hlutinn hefir nú haldið fast við skoðun stjórnarinnar í þessu efni, eins og hann líka hefir gjört færri breytíngar við frumvarpið, en meiri hlutinn, og því verð eg heldur að fallast á álit minna hlutans, og ræð hinu heiðraða þíngi til að gjöra hið sama, ef það annars, sem eg vona, hefir hug á því, að frumvarpið verði að lögum; það, sem hèr á þínginu stóð mönnum í vegi fyrir því að fallast á stjórnarfrumvarpið, var það, að peningagjald það, sem ætlað var til þjóðveganna eptir frumvarpinu, var of lítið, og það virðist stjórnin einnig að hafa fallizt á. Það, sem því í þessu tilliti einkanlega ríður á, er að finna þann gjaldstofn, eptir hverjum nóg fè getur feingizt til að endurbæta þjóðvegina bæði á fjöllum uppi og í sveitunum niðri. Minni hlutinn hefir stúngið upp á, að þetta gjald skyldi verða miðað við tölu allra verkfærra karlmanna frá 20—60 ára þannig: að $^1/_2$ dagsverk skyldi reikna fyrir hvern mann, en gjald þetta sè greitt af öllum hreppsbúum eptir efnum þeirra og ásigkomulagi; og

eg efa ekki, að upp á þenna máta mætti fá nóg fè til endurbóta þjóðveganna. En mèr virðist gjaldstofn þessi þó vera nokkuð óhentugur. Eg vildi því skora bæði á minna hlutann og þá þingmenn, sem í aðalatriðunum fallast á minna hlutans og frumvarpsins skoðun, að finna einhvern viðkunnanlegri gjaldstofn, og að fram koma með breytíngaratkvæði þar um. Heppnaðist það, að finna betri gjaldstofn í þessu tilliti, mundi eg í öllum verulegustu atriðum geta fallizt á minna hlutans uppástúngu, en þótt eg í þeim einstöku atriðum kunni að hafa aðra skoðun, en minni hlutinn hefir í ljósi látið. Þíngmaður Mýramanna vildi, að hreppstjórar einir rèði vegabótunum, en þessu get eg eigi verið meðmæltur; því þó eg geti gefið hinum heiðraða þíngmanni þann vitnisburð, að hann í sínum hreppi haldi vegunum ágætlega við, þá mun það þó yfir höfuð fara bezt, að yfirvöld, eins og hingað til hefir verið, hafi tilsjón með viðhaldi og endurbót veganna.

Arnljótur Ólafsson: Ja, það stendur eins á fyrir mèr og fleirum, að eg er harðla ókunnugur þessu máli, og á örðugt með að segja nákvæmlega álit mitt um það, því svo eru margar frábreyttar ákvarðanir í því, að það er næstum ómögulegt, að átta sig á þeim í fljótu bragði. Eg vil því að eins taka fram 2. atriði málsins, það er kostnaður og stjórn vegabótanna. Það er mikið komið undir því, hvernig kostnaðurinn leggst á, og hve mikil verður upphæðin; kostnaðurinn er jafnan mikið atriði í hverju máli, því fèð er afl þeirra hluta er gjöra skal. Minni hlutinn hefir nú farið fjær frumvarpi stjórnarinnar í því, að hann vill eigi láta amtssjóðina borga bætur þær, er gjörðar verða á þjóðvegunum, heldur borga þær með hálfu dagsverki fyrir hvern verkfæran karlmann; en aukavegi skal borga með skylduvinnu. Meiri hluti nefndarinnar aptur á móti vill láta amtssjóðina borga þjóðvegina á fjöllum uppi, en skylduverk borga þjóðvegina í sveitunum, og aukavegina. Eg hefi lauslega gjört áætlun yfir, hversu mikið fè muni fást árlega bæði eptir meira hluta og minna hluta nefndarinnar. Í 16. grein í frumvarpi meira hlutans um kostnaðinn til þjóðveganna og aukaveganna í sveitum er ætlazt til, að hver verkfær maður gjaldi allt að einu dagsverki, að segja þeir menn, sem eru milli tvítugs til fimmtugs. Eptir fólkstalinu 1855 voru 12,506 karlmenn á þeim aldri. Í verðlagsskránni hèrna árið 1856 var dagsverkið reiknað á 75 sk. Þegar menn nú reikna dagsverk hinna verkfæru manna í peníngum, og dregur svo marga frá þessum 12,506, sem menn gjöra ráð fyrir, að ekki geti álitizt verkfærir

menn, þá verða það um 9,600 rd. En ef eg nú sný mèr til veganna á fjöllum uppi, þá er ætlazt til, að 2 sk. skuli gjaldast af hverju lausafjárhundraði. Eptir meðaltali skýrslnanna frá 1836—1851, voru á landinu alls 60,000 lausafjárhundruð, en hin síðari árin, frá 1851—1857 hafa þau aukizt svo, að þau voru um 70,000. Reikni menn nú 2 sk. af hverju lausafjárhundraði af þeim 60,000, þá verða það 1,200 rd.; en reikni menn lausafjárhundruðin 70,000, verða það 1,400 rd. Verður þá kostnaðurinn til fjallveganna 1,200 til 1,400 rd., en til veganna í sveitunum 9,600 rd., og fæst þá eptir uppástúngum meira hlutans, í mesta lagi 11,000 rd. til allra vegabóta. Minni hlutinn fer fram á skylduvinnu til þjóðveganna, sem svarar $^1/_2$ dagsverki auk vinnunnar til aukaveganna. Eptir fólkstalinu 1855 voru karlmenn milli tvítugs og sextugs alls 15,160, og reikni menn nú til peninga $^1/_2$ dagsverk allra verkfærra manna milli 20 og 60 ára, eptir því, sem minni hlutinn hefir stúngið upp á við 15. gr. frumvarpsins, þá getur það orðið í mesta lagi 6,000 rd., er gánga skulu til allra þjóðvega. En skylduvinnan til aukaveganna verður eptir atvikum og þörfum, og er eigi auðið, að meta hana til peninga, eptir uppástúngu minna hlutans við 16. gr. frumvarpsins. Eptir uppástúngu meira hlutans gánga þá hèr um bil 11,000 rd. til alls; en eptir uppástúngum minna hlutans skulu gánga 6000 rd. til þjóðvega auk skylduvinnunnar, sem eigi verður ákveðin. Eg verð nú að segja það, að kostnaður meira hlutans til sveitaveganna verður að líkindum of hár, þegar reiknað er 1 dagsverk til 5 marka, en á hinn bóginn verða eigi gjörðir góðir fjallvegir fyrir minna en 12 til 1,400 rd. á ári, þó menn sè eigi færir um, að leggja meira gjald á lausafèð. Mèr finnst uppástúnga minna hluta nefndarinnar um $^1/_2$ dagsverk eða 40 sk. gjaldið vera hið mesta, er megi leggja á hvern verkfæran mann. Þá er nú þess að gæta, að það er ómögulegt að vita, hvernig þetta gjald kemur niður á hverjum hreppi, því til þess þarf sóknarskýrslur yfir fólk eptir aldri í sókn hverri, eður rèttara sagt í hrepp hverjum, og í öðru lagi skýrslur um efnahag sveitasjóðanna. Ef þetta væri gjört, og litið væri til fjölda verkfærra manna og efnahags hreppanna, þá yrði komizt nærri því, er hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* benti til, hvort gjald þetta kæmi nokkurn veginn jafnt niður, eður hvort það kæmi, ef til vill, mjög svo ójafnt niður. Eg hefi getið þessa, svo að menn sjái, hversu ísjárvert það er í raun-inni, að leggja hátt gjald á menn, án þess að hafa minnstu vissu fyrir, að það komi jafnt niður.

Um stjórn veganna hefir meiri hlutinn, að ætlun minni, verið heppnari, en minni hlutinn í ágreiníngsatkvæði sínu. Meiri hlutinn vill, að vegirnir milli umdæmanna eða landsvegirnir, skuli standa undir amtmönnunum, en sveitavegirnir undir sýslumönnunum, og hefir meiri hlutinn verið skarpari í þessum vegaskiptum, en minni hlutinn, er lætur allt gánga frá hreppstjórum til amtmanna. En það er tvennt, er vantar: 1, vegfróða menn, og 2, sveitastjórn. Í Danmörku standa allir leingstu vegirnir undir *Ingenieurcorpset* með tilsjón amtmanna, en amtsvegirnir þar, sem eru eins og sýsluvegirnir hèr, heyra undir amtsráðið, en sóknarvegirnir eða vegirnir til markaða og kirkju, heyra undir sveitastjórnirnar. Hèr þyrfti nú aðalstjórn yfir vegi þá, er liggja milli umdæmanna, og þyrfti þá fyrst vegfróða menn, til að segja til þess, hvar og hvernig vegina skyldi leggja, en amtmennirnir hafa tilsjón með þeim. Vandinn yrði nú hèr miklu minni, vegna þess, að hèr er ekki að tala um vagnvegi, heldur einúngis um vegi fyrir hesta eður lestræka vegi. Í Noregi er gjörður mikill munur á vegum þessum, því vagnvegir hljóta að vera breiðari, og mega ei vera nærri því eins brattir og hinir. Eg gjöri ráð fyrir því, að menn muni ekki halda hinum gömlu vegum nærri því alstaðar, þegar menn leggja hina nýju, því ef menn halda hinum gömlu, eins og gjört er ráð fyrir í frumvarpinu, þá yrði það til þess, að þeir yrði enn helmíngi leingri, en þeir þyrfti að vera. Það er t. a. m. gaman að sjá veginn hèðan upp að Mosfellsheiði; hann geingur í svo stórri bugðu, að hann verður víst þrefalt leingri, en bein lína. Þetta er reyndar ágizkun, en frá minni hálfu er það eingin hlutdrægni. Eg vil því, að stjórnin sè beðin um, að menn hèðan gæti átt kost á því, að læra vegabætur, og er þeir hefði lært vel vegabætur, ætti þeir að gjöra áætlun yfir kostnað vegabótanna hèr, og búa til frumvarp um það, hvernig vegabótunum yrði komið sem haganlegast fyrir; ætti þeir síðan að hafa umsjón með vegabótunum, og yrði þá til teknar í erindisbrèfi þeirra ýmsar ákvarðanir um vegabæturnar, en amtmenn væri látnir hafa tilsjón með þeim. Þó nú vegasjóður sè í Danmörku, er samt mikið fè goldið úr ríkissjóði til vegabóta. Árið 1857 voru tekjur vegasjóðsins 269,063 rd., en útgjöldin til veganna voru yfir 1000,000 rd. Þótt nú allmikið fè gángi til veganna úr vegabótasjóðunum, þá er samt töluvert goldið úr ríkissjóðnum sjálfum, mig minnir hèr um bil 112,340 rd. Eg get nú ekki annað sèð, en rèttast væri, að landsvegirnir væri á landsins kostnað, amtsvegirnir á amtsins kostnað, sýsluvegirnir á kostnað sýsl-

unnar, og hreppsvegirnir á hreppsins kostnað. Eg vil þó ekki með þessu ónýta málið, en eg vildi að eins vekja athygli manna á því, hvort vegabótunum hèr á landi gæti orðið framgeingt, fyrri en menn fá vegfróða menn, er standi fyrir vegabótunum.

Framsögumaður: Eg er nú búinn að heyra, að breytíngaratkvæði meira hlutans hefir eigi náð samþykki hins hæstvirta *konúngsfulltrúa;* eg verð nú að segja, að eg vil ekki vera svo fastur á þessum breytíngaratkvæðum, svo eg ekki spilli því, að þíngið, eptir ráði hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* taki breytíngaratkvæði minna hlutans; en reynslan mun skera úr, hvað happasælast verður. Það kann nú vel að vera, að velmegunin standi í rèttum hlutföllum við tölu verkfærra manna í hverjum hreppi, en þetta er samt ósannað, og eg er nú hræddur um ójöfnuð í þessu tilliti. Gæti menn að Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu, sem er einhver hinn fjölmennasti þar í sýslu, en hinn fátækasti. Enn fremur er það, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að menn hefði aldrei fyr fallið upp á í löggjöfinni, að skipta þjóðvegum í þjóðvegi á fjöllum uppi og þjóðvegi niðri í sveit; þessu neita eg nú ekki algjörlega, því hið opinbera hefir aldrei skipt sèr af vegum á fjöllum uppi, því lögin ná ekki til þvílíkra vega, heldur hafa *privat*menn gjört þær vegabætur, sem hafa verið gjörðar á fjallvegunum; en einmitt við það, að stjórnin aldrei hefir skipt sèr af fjallvegunum, hefir hún sjálf skipt þjóðvegunum í þjóðvegi á fjöllum og þjóðvegi niðri í sveit; mèr sýnist nú eðlilegt, að fjallvegirnir komi inn í þetta frumvarp, eins og það líka ætlast til, þó löggjöfin hafi eigi áður skipt sèr af þeim. Það er hreinn misskilníngur, að meiri hluti nefndarinnar ætlist til, að þjóðvegir í sveitum ætti að gjörast við skylduvinnu; að vísu hèlt hann orðinu „skylduvinnu“ eins og frumvarpið, en það er þó mjög frjálslegt í þessu tilliti, og eptir uppástúngu meira hlutans er öllum lagt það á sjálfsvald, hvort þeir vilji heldur borga með vinnu eða með peníngagjaldi, þegar hagsmunir hreppsins leyfa það; og það sjá allir heilvita menn, að þetta er frjálslegra, en að einskorða af hverjum peníngagjald. Að öðru leyti held eg ekki fast við álit meira hlutans; reynslan sker úr, hvað góðar verða uppástúngur minna hlutans.

Jón Hjaltalín: Eg hefi nú farið um fleiri vegi, en flestir aðrir, og því er mèr nokkuð kunnugt um vegi hèr á landi. Eg verð að játa það, að mèr geðjast hvorki að stjórnarfrumvarpinu, nè meira eða minna hluta nefndarinnar; en eg sè ekki annars úrkosti, en að

eg verði að fallast á stjórnarfrumvarpið, einúngis af því það er komið frá stjórninni. Mèr finnst alla undirstöðuna vanti, að vegir geti komizt hèr á; það er talað um, að sýslumenn og amtmenn eigi að vera í og með, og hafa umsjón yfir vegabótunum; þetta sýnist mèr nú alveg óhafandi, því að þeim mun ekki takast, að koma þessu í hið rètta horf nú betur en fyrri; en skýrslurnar held eg verki lítið. Eins er nú um skylduvinnuna, að mèr sýnist hún til lítils gagns og óhafandi, enda held eg það þætti hart, að skipa mönnum á vorum og sumrum, sem er helzti starftími allra landsmanna, að fara í vegabætur, t. d. að reka menn þá frá sjónum og upp á vegi, eða taka menn frá slætti. Þetta segi eg nú ekki af því, að eg játi það ekki, að hèr sè þörf á vegabótum. Eg held það sè mesta þörf á þeim, og eins mun öðrum sýnast, einkum útlendum ferðamönnum. Þannig var einn enskur maður spurður að því, hvernig honum litist á vegina á Íslandi, þá sagði hann: vegina? eg sá einga vegi. Það er svo margt, sem sýnir það, hvað vegunum er ábótavant, og að það þurfi að bæta þá, en það mun þó naumast takast á þann hátt, sem frumvarpið eða nefndin ætlast til; mèr er nauðugt, að tala móti frumvarpi stjórnarinnar, en það er þó skylda hennar, að gjöra ekki það, sem ekkert gagn er í; það er lítið gagn í öllum umbreytíngum, sem að eins verða gjörðar á pappírnum. Eg held nú bezt væri, að safna vegasjóði, og skipa mönnum að leggja til hans; það er sjálfsagt, að það yrði að fara eptir efnum manna í því tilliti; þegar þessi sjóður væri feinginn, þá held eg ætti að fela verkið á hendur þeim mönnum, sem hefði kunnáttu í þeim efnum, og þá mundi veita hægt, að fá menn í víngarðinn, þegar gjaldið væri í aðra hönd. Þannig mundi vegirnir verða beinastir og laglegastir, en ekki krókóttir og skekktir allir, eins og þeir eru nú. Þetta vil eg biðja þíngmenn að taka nákvæmlega til greina, og eg hefi það traust til *konúngsfulltrúa,* að hann muni skýra stjórninni frá, að þetta sè sá eini vegur, er til gagns megi verða. Það er annars hörmulegt að vita, hvað leingi þetta mál hefir dregizt, þar sem vegirnir eru ávallt að vesna, en ekki lagfærðir hið minnsta. Svona vildi eg nú haga vegabótunum, og lýsi eg því yfir, að mèr geðjast hvorki frumvarpið nè nefndarálitið.

Konúngsfulltrúi: Eg skal svara hinum háttvirta 6. konúngkjörna þíngmanni því, að eg fyrir laungu hefi gjört uppástúngu um það, að skylduvinnunni, hvað þjóðvegina snertir, skyldi vera snúið í peníngagjald.

Guðmundur Brandsson: Eg er hræddur um, að hinn 6. kon-

úngkjörni þíngmaður hafi lesið nefndarálitið lauslega. Minni hlutinn talar einúngis um skylduvinnu við aukavegina í sveitum, sem eptir hans uppástúngu yrði mjög litlir; hinir vegirnir var ætlazt til að yrði boðnir upp, og að sá eða þeir tækist á hendur, að umbæta þá, sem vildi gjöra það fyrir minnst, líkt því og við geingizt hefir, þar sem slík uppboð hafa átt sèr stað. Eg ímynda mèr nú, að þessir vegir gæti orðið leystir vel af hendi, og að þeim einum yrði trúað fyrir þeim, sem menn treysti til þess, að gjöra það viðunanlega, og sem hefði gott vit á, bæði hvar ætti að leggja þá, hvort þeir gæti orðið krókalausir, eða hvort einhver skekkja yrði að vera á þeim vegna landslagsins, því menn verða hèr að fara nokkuð eptir slíku, en ekki eingaungu eptir því, sem er í öðrum löndum, t. d. Danmörku, þar sem ekki er nema um slèttur að tala, en hèr koma fyrir mörg holt og hálsar, sem vegirnir yrði að leggjast yfir; eg held þess vegna að æfðir og verksèðir menn hèr yrði fullt svo góðir sem einhverjir útlendir, þó vegfróðir ætti að heita; það vita allir, að mest ríður á, að vegir liggi hátt, svo vatn geti ekki í þeim staðið, og að þeir sè svo krókalausir, sem framast má verða. Hvað nú orð útlendra manna um vegina eða vegleysurnar hèr snertir, þá hleypur nú ekki stjórnin upp til handa og fóta með endurbætur sínar, þó eitthvað sè hnýtt við þeim, enda verða þeir ekki ruddir og gjörðir greiðir með orðum einum; þar þarf meira til. Nefndin hefir nú gjört allt sitt til að finna ráð, til að bæta vegina, og því get eg ekki verið á því, að það sè ekki betra en ekki neitt, sem hún hefir stúngið upp á, þó það yrði lögleitt; því þá yrði þó líkast til farið að gjöra eitthvað. Eg sagði áðan, að eg væri í vafa um, hvort eg ætti heldur að aðhyllast uppástúngur meira eða minna hlutans um vegabótagjaldið; mèr hefði nú þótt bezt fallið, hefði verið tekið upp breytíngaratkvæði það, sem þíngmaður Strandasýslu bar upp í þessu máli 1857, um þetta gjald, af því menn yrði að álíta það sanngjarnt, og ekki mundi þurfa að óttast ójöfnur í hreppunum, þó það væri lagt á líkt og aukaútsvar, hitt yrði að vera komið undir sýslumanni og mönnum þeim, er hann tæki með sèr til ráðaneytis, hvort rètt hlutfall yrði milla hreppanna; þó er eg ekki hræddur um, að slíkt þyrfti að valda miklum ójöfnuði, þegar kunnugir ætti hlut að máli; en þetta þótti stjórninni of margbrotið, og gat þess vegna ekki fallizt á það, enda þó hún yrði að játa, að það mundi einna rèttast. Hvað aldurstakmarkið snertir, sem sett er um þá, sem álítast eiga vinnufærir, þá getur það valdið misskilníngi, því að menn gæti ímyndað sèr

töluverðan mannamun á þeim aldri, sem hèr rædir um, þar sem sumir varla ynni fyrir mat, og yrði því ekki reiknaðir nema hálfverkfærir, það þyrfti að hafa tillit til þess í skýrslunum, að eigi væri gjört of mikið eða of lítið úr vinnukröptunum.

Ólafur Jónsson: Nefndin hafði ekki annað að byggja á, en stjórnarfrumvarpið, og um það átti hún að segja álit sitt, en ekki að fara að skapa nýtt frumvarp; eg er líka hræddur um, að ef nefndin hefði komið með annað nýtt frumvarp og stúngið upp á, að fá vegfróða menn, til að leggja vegina, að hún þá hefði feingið litlar þakkir af þínginu. Nefndin játar, eins og hún tók fram í nefndarálitinu, að það væri æskilegt, að allir vegir á landinu stæði undir sömu stjórn, og allar vegabætur væri borgaðar úr sama sjóði, en hún sá ekki veg til þess; það er ekki nóg, að það sè æskilegt, ef einginn vegur er til að framkvæma það; hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* gat þess, að ein orsökin til þess, að þetta frumvarp var samið, hefði verið sú, að vegirnir í hreppunum eru svo misjafnir, í sumum góðir, í öðrum aptur slæmir; þetta sá líka nefndin og því setti hún 26. gr., og átti hún að bæta úr þessum göllum. Þó þessi uppástúnga, að skipta vegunum svona, sè ný, getur hún verið góð fyrir það; þær uppástúngur, sem eldri eru, eru ekki betri fyrir það, þó þær sè eldri, ef þær ekki eru rèttari; eg get ei sèð skynsamlega ástæðu fyrir því, að stjórnin hafni þessu af því það er nýtt, því eg held, að þegar hún sèr, að skipti þau, sem frumvarpið setur milli veganna eigi ekki vel við, þá muni hún sannfærast og fallast á breytínguna; og eg verð að segja það, að eg álít ekki lítið unnið, ef þjóðvegirnir á fjöllum uppi batna. Það er ekki heldur nein ástæða til að ætla, að allt verði við hið gamla, þó þetta vegabótafrumvarp verði að lögum; því vinnukrapturinn er þó aukinn, og í frumvarpinu standa margar góðar ákvarðanir um vegina, sem, þegar þeim verður fylgt, mega verða til góðs. Það dugar ekki að rífa niður, án þess að setja annað betra í staðinn; því það er hægt að rífa niður, en hitt er erfiðara, að byggja upp aptur, og eg vil spyrja, hvort ekki muni vera betra og skynsamlegra, að hlynna að því, sem er, þó á því kunni að vera gallar, en að leggja árar í bát, og gjöra ekkert. Eins saknaði eg bæði hjá hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* í frumvarpi stjórnarinnar, og í breytíngaruppástúngum minna hlutans líka, og það er þetta: ef vegabótasjóðurinn verður lítill, eins og hann sjálfsagt verður, og stendur undir einni og sömu stjórn, og sú stjórn ákveður, hvaða vegi skuli bæta á ári hverju, er þá von á vega-

bótum á hverju ári í hverjum hrepp á landinu? Ef ekki skyldi verða von á þessu, þá flýtur af því óánægja í þeim hreppum, sem þurfa vegabóta við innan hrepps og gjalda til vegabótanna, en fá eingar vegabætur, og þá fer svo, að þegar ekki hefir verið gjört við vegina í hreppnum í fleiri ár, og þeir eru orðnir ófærir, þá neyðast bændur til þess, að taka sig til og gjöra við þá sjálfir, og vegna þessa get eg ekki geingið inn á uppástúngur minna hluta nefndarinnar; eg er hræddur um, að niðurjöfnun minna hlutans verði ósanngjörn og óvinsæl; því eg tek til dæmis, að 60 verkfærir menn eru í einum hrepp, og 20 af þeim eru svo fátækir, að þeir borga ekkert aukaútsvar, og hinir eiga að borga fyrir þessa 20, þá er eg hræddur um, að þetta muni valda óánægju, því eg sè einga ástæðu til, að sá, sem borgar mikið aukaútsvar, skuli gjalda þess, að þeir fátæku hafa marga verkfæra menn, auk þess, sem þessi niðurjöfnun er án alls mælikvarða; þetta er eg hræddur um að muni verða mjög óvinsælt; vaninn gjörir gamla álögu, þó hún sè ósanngjörn, bærilega, en ný álaga, sem er ósanngjörn, er óþolandi, og verður mjög óvinsæl; mèr þykir það því ísjárvert, að af taka skylduvinnuna; það getur skeð að sú tíð fari í hönd, að bágt verði fyrir margan hrepp að snara út 40—50 rd., en það þyrfti ekki að vera mjög margir verkfærir menn í hreppnum til þess, að það væri hægt fyrir hann, að borga þetta gjald í skylduvinnu. Eg skyldi samt ekki vera eins fastlega á móti uppástúngu minna hlutans, ef eg gæti sannfærzt um, að vissir hreppar yrði ekki útundan eptir henni með að fá nokkrar vegabætur hjá sèr, þegar skylduvinnan fellur í burtu.

Pètur Pètursson: Það væri sjálfsagt lángbezt, ef Íslendíngar hefði krapta til að gera vegina hèr eins góða og í öðrum löndum, en eg er hræddur um, að það megi leingi bíða þángað til. Þó menn nú feingi 1 vegfróðan mann, þá mundi varla 2 sk. af hverju lausafjárhundraði gjöra betur, en hrökkkva til launa handa honum árlega, svo eg held það sè bezt, að halda sèr til stjórnarfrumvarpsins og nefndarálitsins. Ef eg ætti að segja, hver hluti nefndarinnar er nær stjórnarfrumvarpinu, þá held eg meiri hlutinn sè það í raun og veru, þó minni hlutinn hafi mörg orðatiltæki og geinir, *sem* eru í frumvarpinu. Aðalatriðið er um, hvaðan kostnaðinn skal greiða, og í því held eg meiri hlutinn hafi farið nær, en hinn hefir í orði kvæðnu aukið skylduvinnu fram yfir það, sem stjórnarfrumvarpið ætlaðist til. Eg get ekki gjört mikið úr því, þó þjóðvegur og aukavegur sè ný orðatiltæki, því að hèr geta ekki verið sömu skipti á

vegum og í Danmörku. Eg held hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hafi réttilega sagt um minna hlutann, að hann hafi ekki haft tíma til, að setja sig inn í uppástúngur stjórnarinnar, einkum viðvíkjandi kostnaðinum, þar sem hann hefir sleppt að gjöra áætlun kostnaðarins í hverri sýslu, eins og þó var stúngið upp á 1857, og það hefir þó verið þessi áætlun, sem hefir gjört uppástúngu minna hlutans um kostnaðargreiðsluna aðgeingilega í augum stjórnarinnar. Eg held það liggi í augum uppi, hvílíkur ójöfnuður það yrði, að fara eptir dagsverkatölu, eins og minni hlutinn hefir stúngið upp á, án þess að hafa tillit til efnahags. Eg vil taka til dæmis, ef Neshreppur utan Ennis, sem hefði 100 verkfæra karlmenn, skyldi eiga að borga 60 rd., en Skógarstrandarhreppur ekki nema helmínginn, þá mundi það verða mikill ójöfnuður, því í Neshrepp eru næstum eintómir fátæklíngar, en í Skógarstrandarhrepp eru einhverjir hinir beztu efnamenn í sýslunni; svo eg held það taki eingu tali, að gánga inn á þessa uppástúngu minna hlutans, eins og hún liggur fyrir. Það er annað mál, að gjöra áætlun fyrir hverja sýslu, og sýslumennirnir svo jafni kostnaðinum á hreppana, og hreppstjórarnir síðan á bændur, eptir ástæðum og efnum. En hvað sem nú er um þetta, þá vil eg, ef þíngið fellst á nokkuð af þessum uppástúngum, einúngis biðja um það sem bráðabyrgðalög.

Ásgeir Einarson: Það kemur hèr fram: að ber er hver á bakinu, nema sèr bróður eigi. Segi hinn háttvirti 3. konúngkjörniþíngmaður, að ójöfnuður sè á milli hreppanna, þá á kann ske breytingaratkvæði það, sem hann nefndi, vel við; en segi hann, að hann vilji einúngis jöfnuð á milli sýslnanna, þá er breytíngaratkvæðið með öllu óskiljanlegt; hann er því á milli skers og báru, stjórnarfrumvarpsins, sem honum þykir vafasamt, en vill vernda, og meira hlutans, sem hann ekki er þó ásáttur með; hann er leingi nógu lempinn, komi hann þessu nú í gott lag, og það er þá einmitt með því, að koma á jöfnuði á milli hreppanna og sýslnanna, ef hann fellst á breytíngaratkvæðið við 15. gr., sem eg bar upp 1857, en þá verður hann þó fjær skoðun stjórnarinnar, en eg held hann verði, eptir uppástúngu minna hluta nefndarinnar núna. Hvað Neshrepp, sem hann nefndi, áhrærir, þá eru þar ýmsir ríkir menn innan um, en þar eru líka margir slóðar og drykkjumenn, sem þarfara væri að gánga í vinnu í vegabótunum, en að velta fullir um göturnar; það kæmi held eg vel á vonda, enda gæti þeir líka unnið sèr nokkuð inn með því, að taka

þar vinnu; en eg vil gjarnsamlega taka öllum bendíngum. Þíngmaður Húnvetníngа sagði, að stjórnin væri hèr ókunnug, og því væri frumvarpið eins og það er; en stjórnin fór einmitt í þessu atriði í bendíngum sínum núna til þíngsins eptir uppástúngu þeirri, er eg gat um, og það sem skiptínguna snertir, þá er það líka bendíng frá þínginu, sem stjórnin hefir tekið til greina; það er eins og sumir gjöri þessa þrætni, til að leingja þíngræðurnar sem mest, en það ætti skynsamir menn þó ekki að gjöra. Þar sem talað er um, að fá menn frá Danmörku, til að búa fyrir oss vegi, þá held eg þeir þekki lítið betur steinana hèr en Íslendíngar, ef þeir lærði vegabætur. Þeir þekkja víst vel til vegabóta í Danmörku, en ef menn í Danmörku ekki geta lært að lækna kláðann hèrna, þá mundi eins fara um hitt. Það var nú allur vísinda- og lærdómsmaðurinn hann Kristján í Hrafnhólum, sem fjallvegafèlagið hafði til að gjöra veginn norður yfir Sand, sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður þó áðan sagði, að mundi vera sá bezti vegur á öllu Íslandi, enda veit eg um Okveginn, að hann var góður, þar má víðast hvar aka tvíhjóla vagni, og ef allur vegur væri svo, þá væri lítil þörf á útlendum vegbyggíngamönnum. Þíngmaður Borgfirðínga hreifði verulegu atriði, og sömuleiðis Þíngmaður Gullbríngusýslu, og ef menn vilja nota eitthvað úr þessum þrískæra silúngi, sem fram er borinn hèr, eða hvað eg nú á að kalla frumvarpið, og báða hluta nefndarinnar, annaðhvort til bráðabyrgðarlaga, eða biðja um frumvarp frá stjórninni, eða í sambandi við sveitarstjórnarlagafrumvarpið, þá vona eg menn geti feingið eitthvað nýtilegt úr nefndarálitinu.

Benedikt Þórðarson: Það eru nú margir búnir að taka það fram, er eg vildi sagt hafa í máli þessu, og er eg ekki að tína það; einúngis læt eg þess getið, að eg mun helzt hallast að uppástúngum minna hlutans, því hann fer nærri frumvarpinu í flestum greinum; hvað vegaskiptínguni viðvíkur í 1. greininni, þá hefir nú hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* skýrt það svo vel fyrir þínginu, að ekki þarf betur; eg er líka áliti hans um það að öllu samþykkur, því sè vegunum þrískipt, eins og meiri hluti nefndarinnar stíngur upp á, þá fellur til skylduvinnunnar mikill hluti þjóðveganna í landinu; þetta er auðvelt að sanna; t. a. m. þjóðvegur hèðan frá Reykjavík og allt vestur að Þorskafirði í Barðastrandarsýslu liggur að mestu leyti allur í byggðum, því ekki eru á þeirri leið nema litlir hálsar, á hverjum búfjárhagar mætast; aptur á móti eru þjóðleiðir frá Þorskafirði og á Vestfirði yfir mörg torfær fjöll, og litlar um byggðir víða hvar, svo

þjóðvegir í sveitum eru ærið misjafnir, í sumum eru þeir stuttir, öðrum aptur lángir; af þjóðvega deilíngu meira hlutans leiðir það, að sumar sveitirnar losast við mikið af þjóðvegunum, en aðrar við lítið og ekkert, og þó eiga allar að gjalda eins til fjallþjóðveganna; hèr í felst ekki lítill ójöfnuður; nú hafa verið og eru þjóðvegabæturnar í sveitunum skylduvinna, og menn kvarta yfir, og ekki um skör fram, hvað illa sè að þeim unnið, en ekki verður þeim fremur bata auðið við það, að lagt verði aukagjald á menn, til þess að vinna með vegagjörðirnar á fjöllunum; því hefir verið við barið, að þeir, sem vilji vinna að vegabótum, fái ekki að vinna og megi út með gjaldið; þetta er ekki að öllu rètt á litið, því helzt yrði í hverri sveit keyptir mennirnir til þess, að vinna þar verkin, og feingi þeir um leið að vinna af sèr gjaldið. Í tilliti til vegagjaldsins verð eg að fylgja minna hlutanum, meðan eingin finnur annan betri gjaldstofn eða gjaldmáta. Þar sem segir í 9. grein, að vegir skuli vera 6 álna breiðir, eða eins og minni hlutinn vill það sè, 5 álna breiðir, þá er eg svo kunnugur á Vestfjörðum, að eg veit þetta er ómögulegt þar, ekki einúngis á fjöllum uppi, heldur og líka í byggðum niðri; það er samt lagt hèr til líknar, að amtmaður geti eptir uppástúngu sýslumanns leyft undantekníngu frá þeirri reglu. Þetta leyfi held eg verði þýðíngarlítið, eða eigi það að þýða nokkuð, þá held eg það verði æði ferðaskyflt, að fá það leyfi í hvert skipti, sem þess þyrfti við; eg áskil mèr því breytíngaratkvæði við grein þessa, að eptir orðin: „að minnsta kosti“ bætist við: *alstaðar, hvar því verður við komið,* o. s. frv., og skal eg síðar orða atkvæðið í þessa stefna.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það lítur svo út, sem álit meira hlutans ætli ekki að fá góðan byr hjá þínginu, og held eg að eg reynist linur háseti í slíkum andróðri; eg ætla samt að leyfa mèr að tala nokkur orð, máli þessu til skýríngar. Menn hafa nú helzt steytt sig á skylduvinnu meira hlutans, og vilja draga þá ályktun af undanfarinni reynslu, að hún sè með öllu ótæk; en eg vil halda, að þessir menn hafi ekki lesið nefndarálitið vel ofan í kjölinn; þar er nefnilega tekið skýrt fram, að ef hreppsbændum sýnist óráðlegt, að framkvæma vegabæturnar með skilduvinnunni, þá skuli þeir leysa sig undan vegabótaskyldunni með gjaldi, sem verði varið til vegabótanna; það er því svo sem auðvitað, að þegar hreppstjórum og hinum skynsömustu mönnum sýnist hentara, að setja vegabótaverkið til uppboðs, eins og ráð er fyrir gjört í frumvarpinu, þá verður slíkt

ætíð ofan á. Eg sè því ekkert á móti, að láta þetta vera svona alveg á hreppsmanna valdi, eins og það gæti líka einatt komið fyrir, að hreppstjórum yrði ómögulegt að fá menn, til að vinna að vegabótunum, ef skilduvinnunni er alveg sleppt; því eptir því, sem eg þekki til í sumum sveitum, er næsta örðugt og jafnvel ómögulegt, að fá leigða verkamenn um þann tíma, sem vegabæturnar eiga að fram fara. Eg sè heldur ekki, að menn geti dregið dæmi af reynslunni í þessu tilliti, því frumvarpið hefir svo margar ákvarðanir um aðhaldið við vegabótavinnuna og tilsjón með henni, sem áður voru óþekktar, að slíkt mundi veita fulla tryggíngu fyrir því, að vegabæturnar yrði leystar vel af hendi.

Það hefir enn fremur verið haft á móti skylduvinnu meira hlutans, að hún væri ósanngjörn og legðist ójafnt á; þessu get eg heldur ekki orðið samdóma; því skylduvinnan getur aldrei lagzt þúngt á aðra en þá, sem hafa marga menn verkfæra; en eg þekki eingan mann þann, að hann hafi marga menn verkfæra, en sè bláfátækur; því hitt mun tíðast, að þeir menn, sem hafa mikinn vinnukrapt, hafi og svo nokkuð um sig. Minni hlutinn hefir stúngið upp á gjaldi í stað skylduvinnunnar, sem skyldi jafnast á efnahag bænda eptir sömu reglu og aukaútsvör; þessi uppástúnga sýnist mèr með öllu óhafandi; því fyrst leiddi af því hið mesta gjörræði, að láta hvern hreppstjóra, hvað mikill auli sem væri, jafna svona háu gjaldi niður eptir sömu reglum og fátækratillögin; því slíkar reglur get eg vel ímyndað mèr að á sumum stöðum sè ekki góð skattalög; þar næst held eg þetta vegabótagjald minna hlutans geti í einstökum tilfellum orðið mjög svo ránglátt; eg tek til dæmis mann, sem á 20 hndr. jörð, en er, ef til vill, orðinn ellihrumur, og þarf því afgjaldið af jörðinni sèr til framfæris; nú á þessi maður að greiða vegabótagjald eptir uppástúngu minna hlutans, en meiri hlutinn hefir hann undanþeginn, ef hann er kominn yfir fimmtugt. Það er enn fremur athugandi, að fátækratillög munu ekki verða lögð að lögum nema á lausafè og fasteign; nú veit eg ekki betur, en báðir þessir gjaldstofnar hafi nóg að bera; um lausafèð vita allir, og mèr skilst af ræðum sumra þíngmanna daglega, að þeir ætli sèr að tína svo á fasteignina, að hún fái nóg að bera; eg vil nú spyrja: hvaða sanngirni er í því, að bæta svona háu gjaldi sem vegabótagjaldið er, á þessa tvo gjaldstofna, nefnilega lausafè og fasteign, sem báðir munu fá nóg að bera, en sleppa alveg hinum þriðja, nefnil. vinnukraptinum, sem ekkert hvílir á, en sem óneitanlega getur verið full sanngjarnt að leggja á nokkra byrði, eptir

sem tilhagar hèr á landi. Þá hefir verið sagt, að embættismenn mundi sleppa hjá vegabótum eptir uppástúngu meira hlutans; þetta held eg ekki geti átt sèr víða stað, því eg þekki eingan þann embættismann, að hann ekki hafi einn eður fleiri verkfæra menn í sinni þjónustu.

Nokkrir þíngmenn hafa mest hneykslazt á vegaskiptíngunni hjá meira hlutanum, og hinn hæstvirti *honúngsfulltrúi* taldi hana mest til ógildis frumvarpi meira hlutans. Eg get nú ekki viðurkennt þetta; því fyrst er það, að svo stendur á í mörgum hreppum, sem eg þekki, að þar er einginn aukavegur til, því þjóðvegurinn liggur eptir endilángri byggðinni, og allir bæir í hreppnum geta kostað hann, og fèlli því öll aukavega-skylduvinna minna hlutans hèr í burtu; aptur þekki eg til á sumum stöðum, að maður getur ekki sagt með vissu, að neinn þjóðvegur liggi yfir hreppinn, en að það er fjarska-mikið, sem þarf að gjöra þar að aukavegunum, og að skylduvinna minna hlutans getur orðið þar mjög þúng byrði. Væri nú fallizt á vegaskiptíngu meira hlutans, og allir vegir í byggðum látnir sæta sömu kjörum, hyrfi þessi ójöfnuður með öllu. Það er líka enn til greina takandi, að víðast hvar mun ríkja sú skoðun meðal almennings, að meiri þörf sè á, að gjöra við vegina í byggðunum, en á fjöllum uppi; og mundi því skylduvinnan verða miklu vinsælli og betur af hendi greidd, þegar henni er varið til að bæta alla vegina í byggðinni. Minni hlutinn segir í ágreiníngsáliti sínu, að það muni næsta erfitt fyrir amtmann, að skera úr, hvað fjallvegirnir skuli ná lángt ofan í búfjárhagana eptir uppástúngu meira hlutans; þetta sýnist mèr þó ekki svo torvelt, þegar það á að ske eptir uppástúngum og upplýsíngum frá hreppstjórum og sýslumönnum, því maður getur ekki gjört ráð fyrir öðru, en þær uppástúngur verði sem optast samvizkusamlega samdar. En mèr sýnist miklu torveldara fyrir amtmenn, að gjöra skiptínguna á aukavegum og þjóðvegum í sveitunum eptir stjórnarfrumvarpinu, og sem minni hlutinn hefir aðhyllzt, því eg þekki sumstaðar til, hvar svo mikill efi getur verið á um, hvað er þjóðvegur og hvað aukavegur, að þar um geta orðið jafnmargar meiníngar, og margir eru bændurnir í hreppnum.

Það hafa nokkrir þíngmenn verið að ráðgjöra breytíngar- og varaatkvæði við nefndarálitið, og þar á meðal þíngmaður Borgfirðínga; eg skyldi nú að sönnu ekki vel, hvernig hann hafði hugsað sèr þetta breytíngar- eða varaatkvæði, eða hvort það verður þannig lagað, að það geti komizt að; en ef það stefnir í þá átt, að menn fái hèr sèrstaka vegabótastjórn, og að mál þetta verði tekið fyrir að

nýju, þá er þetta ekkert fjærri minni skoðun, því eg verð að játa, að í þessu frumvarpi, sem hèr liggur fyrir, er hreppstjórum og sýslumönnum miklu meiri skyldubyrði á herðar lögð, einkum eptir uppástúngum minna hlutans, að þeir verða margir hverjir ekki færir um að bera hana, og að vegabætur hèr á landi komast aldrei í gott lag fyrri, en þær verða lagðar undir sèrstaka stjórn, sem ekki hefir um annað að hugsa. En meðan þetta væri að komast í kríng, er þó ekkert á móti, að gánga inn á uppástúngu meira hlutans, því hún bætir þó töluvert úr því, sem er, en breytir eingu í grundvallarreglunni, og því vil eg fúslega halla mèr að breytíngar- eða viðaukaatkvæði hins háttvirta *varaforseta* ef hann heldur því fram, að þetta vegabótafrumvarp löggildist að eins til bráðabyrgða, og ekki leingur, en þángað til sveitastjórnarmálið er komið í kríng.

Ólafur Jónsson: Eptir því, sem þíngmaðurinn úr Strandasýslu breytir meira til uppástúngu minna hlutans, því meira vesnar hún hjá honum; hann fèkk áðan nýja hugmynd, nefnilega, að reikna skyldi saman alla þá summu, sem borgast ætti af allri sýslunni, eptir tölu þeirra verkfæru manna, sem í henni væri; þessari summu skyldi svo sýslumaður jafna niður á hreppana, og hreppstjórinn aptur taka það af hreppskassanum; þetta kalla eg nú sönn óyndisúrræði; nú eru kann ske 1,000 verkfærir karlmenn í einni sýslu og meir, og yrði þá eptir hans reikníngi og uppástúngu 500 dagsverk. Ef nú sýslumaður ætti að jafna þessu niður, þá yrði það mjög óvinsælt, eða eg þekki lítið til; eg veit þó til, að opt er óánægja með það, sem sýslumenn jafna niður, þó lítilræði sè, t. a. m. tillagið til hinna mállausu og heyrnarlausu, sem þeir jafna niður, hvað þá ef þeir ætti að jafna niður 5—600 rd. eptir eigin hugþótta, án þess að vera bundnir við nokkrar reglur; eg skil ekki í, hvernig nokkur maður getur haldið þessu fram, og eg veit ekki hvaða gjörræði af þessu gæti flotið; slíkar álögur, rètt af handahófi, hljóta ætíð að verða mjög óvinsælar. Hann sagði eg hefði sagt, að stjórnin væri hèr ókunnug; eg sagði það nú raunar aldrei, en eg get gjarnan sagt það, ef hann vill; því frumvarpið lýsir því, að svo er á skiptíngu veganna í hreppunum og skylduvinnunni; en það er ekki ástæða til að óttast fyrir því, að stjórnin eigi fallist á vegaskiptíngu meira hlutans, þó hugmyndin sè ný. Hann hefir enn þá ekki svarað mèr, hvernig hann hafi hugsað sèr, að vinna fáist í hverjum hrepp á ári hverju; það er áríðandi; en ef sú verður niðurstaðan, að sumir hreppar einga vinnu geta feingið, til að halda vegunum við, en

allt af þarf þó að halda þeim við, þá hljóta hreppsbændur sjálfir að fara að vinna að vegunum, eins þó þeir borgi til vegabótasjóðsins á ári hverju. Ef nú hver hreppur á að fá vinnu hjá sèr á hverju ári, í hverju er það þá betra, en skylduvinnan; ætla ekki reki að sömu umsjóninni, nefnilega, að hreppstjórunum verði falið á hendur að sjá um framkvæmdina? Eg þarf ekki að vera móti hugmyndinni vegna míns hrepps, því þar þyrfti einginn maður að hreifa hönd, því svo að kalla allir vegir um hreppinn eru þjóðvegir eptir frumvarpinu. En eg get ekki fyrir það sannfærzt um, að uppástúngur minna hlutans sè betri; meira hlutans uppástúngur þykja mèr þar á móti beztar og tiltækilegastar í bráð, og því aðhyllist eg það, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður tók sèr breytíngaratkvæði um, að þetta verði gjört að bráðabyrgðarlögum.

Páll Sigurðsson: Eg er nú búinn að gleyma mestu af því, sem eg ætlaði að segja, svo eg held eg tali ekki lángt í þetta sinn. Það er nú nokkuð óheppið þetta vegabótamál; eg held það ætli að eiga hart í fæðíngunni, en eg held orsökin sè sú, að menn hafa tekið of mikið fyrir sig í frumvarpinu, svo það verður allt og ekkert; eg ætla nú ekki að tala neitt um þessi bráðabyrgðarlög, sem menn hafa verið að tala um. Um aukavegi og skiptínguna á vegunum má nú leingi þrætast; eg veit eingin viss takmörk, og svo er um fleiri. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður lýsti nú nokkuð ástandi veganna, og það var nú yfir höfuð satt, en að ráða bót á því nú, þegar skoðanir manna eru eins margar og krókarnir á vegunum, það spáir ekki góðu; það hefir nú verið slegið upp á ýmsu, en sinn er gallinn á hverju. Aðalgrundvöllurinn er, að koma einhverju lagi á, og hvað kostnaðinn snertir, þá er tvennt til, annaðhvort skylduvinna eða vegagjald; eg held það sè nú ljóst, að menn eru búnir að reyna sig nokkuð á þessari skylduvinnu hèr á landi, sem embættismennirnir hafa haft umsjón um, og hver er ávöxturinn? Þegar nú svo er komið, þá er reynandi að breyta því í vegagjald; vottur fyrir því er fjallvegafèlagið, það varð verk úr því, þó það væri *privat*menn, sem stæði fyrir því; það lítur nú vel út með þá hugmynd, sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður hafði, en hann vildi helzt aðhyllast frumvarp stjórnarinnar, en þó, að borgað væri vegagjald; það getur nú ekki samrýmzt. Eptir meira hlutans uppástúngum verður nú mest skylduvinna, líkt og verið hefir; en um það, að leggja gjald fyrir fjallvegi á jafnaðarsjóðina, er rètt sagt, að það yrði ójafnt. Það var sagt 1855, þegar talað var um þetta mál á þíngi, að ei væri vinnandi,

að koma á gjaldi, og sömu stefnu tók það líka 1857; nú vil eg spyrja, hvort ekki væri mögulegt, að koma þessu í lag, með því að fá menn til að vinna hálft dagsverk af sèr. Eg er nú á sömu skoðun og áður, að eg óttast fyrir, að lítið verði ágeingt með skyldu-vinnunni. Eg hefi verið hreppstjóri, svo eg þekki nokkuð til. Hreppstjórar kalla menn saman, sumir koma þá ekki, eru ekki í standi, þegar þeir koma, eru latir, því þeir fá ekkert fyrir, svo lítið verður gjört, og ekkert úr vinnunni; því er betra að snúa því í gjald. Í minna hlutans uppástúngum er ætlazt til gjalds, og 1857 var stúngið upp á, að minnka dagsverkin í hálf dagsverk, og þá yrði það 6000 rd. Það er nú nokkuð fyrst um sinn til að byrja með, og því vil eg hallast að minna hlutanum. Það eina, sem eg óttast, er, að það verði flókið fyrir með þetta gjald að binda það svona, að láta það fyrst gánga í gegnum sveitarsjóðinn, og svo að jafna því niður sem aukagjaldi; eg kann ekki við það. Hreppstjórar hafa nóg að gjöra, það er ekki á það bætandi, og það er mesta vandaverk að leggja aukaútsvar á, svo það verði í því sanngirni; en það yrði nýr viðauki og mikill vandi á þeim, að jafna sveitarútsvari og þessu aukaútsvari með. Tilgángur minna hlutans er, að draga sem flesta inn undir vegabótagjaldið þó eldri sè, en það verður einúngis í snöggu áliti. Sè hreppstjórar ósanngjarnir, þá verða þeir, sem eldri eru og eiga dálítið til, ekki eptir; en hreppstjórar eiga hægra með, að vera ósanngjarnir, þegar aukaútsvar hreppsins er orðið meira og flóknara, en örðugra fyrir gjaldþegna að sjá það, eða átta sig vel í sveitarreikníngnum; en sè hreppstjórar sanngjarnir, líta þeir eins eptir öllum kríngumstæðum sem eignunum einúngis, og hækka þá nokkuð aukaútsvar hjá þeim, sem þeir álíta að eptir ástæðum hefði getað goldið $^1/_2$ dagsverk til vegabóta, svo þá getur allt jafnað sig sanngjarnlega og á óflókinn hátt. Eg vil því, að fyrirkomulagið sè sem einfaldast og óbrotnast. Eg sè ýmsa galla, þó eigi geti eg bætt úr þeim eða sjái ráð til þess nú; því til að skoða þvílík mál sem þetta, þurfa menn að hafa bæði leingri og rólegri tíma, en hèr er á þínginu; en mèr virðist þó tiltækilegra, að gjaldinu sè sleingt saman við sveitarsjóðinn, og sýslumaðurinn eigi svo að heimta það á manntalsþíngum af hreppstjóra. Það er rèttara, að losa hreppstjóra við þessa gjaldheimtu, þeir hafa nóg að sýsla fyrir launum sínum. Af því eg vil nú ekki fella málið, álít eg rèttast, að taka mèr það breytíngaratkvæði, að það sè sèrstakt gjald, sem sýslumenn heimti, en verði það ekki tekið, þá fellst eg á breytíngaratkvæði hins 3.

konúngkjörna þíngmanns, að það verði bráðabyrgðarlög; verði þá miklir gallar á því, sjá menn þá betur við reynsluna, og þá verður hægra að lagfæra það, sem ábótavant er.

Jón Hjaltalín: Af því eg, sè að menn hafa misskilið mig, vil eg leiðrètta það. Menn hafa skilið mig svo, að eg vildi veggjörðarmenn frá útlöndum, en það var ekki meiníng mín, eg vildi íslenzka menn, menntaða kunnuga menn, og af þeim gætum vèr haft nóga hèr. Eg sagði, að mèr þætti vesti galli á uppástúngunum, að þær væri flóknar, og það eru menn nú farnir að finna, og svo líka hitt, að hreppstjórar hafi nóg að annast, já, nóg og of mikið, og sýslumenn, eptir sem nú er víða ástatt, sömuleiðis of mikið; þetta verður því ljósara, þess leingra sem farið er út í það; verði því þetta frumvarp og uppástúngurnar að lögum, þá vil eg, að það sè einúngis bráðabyrgðarlög, og vona eg, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* greini stjórninni frá, hversu flókið þetta er orðið, og ekki eptir landsins þörfum. Stjórnin verður að taka sèr af þessu máli, ef að eitthvað á að þokast áfram í þessu landi, því eins og vegirnir eru nú, og eins og þeir allt af munu verða, meðan skylduvinnan er við höfð, þá eru þeir minnkun fyrir stjórnina og landið í allra framandi augum. Eg hefi opt haft haugraun af, að heyra útlenda menn tala um þetta, og þá er sannarlega eigi minni hugraun, að verða daglega að ferðast um þessar svokölluðu vegamyndir. Hvað eru okkar vegir? Þeir eru krókóttar vatnsrennur á sumrum, en á vetrum fyllast þeir með snjósköflum, svo maður verður að forðast þá eins og heitan eld. Er þetta eigi minnkun? Er það eigi óhafandi? En nær á að verða einhver endi þar á? Eg þekki ekkert land í allri Norðurálfunni, hvar hægra sè að gjöra vegi, en hèr á landi; efnið er alstaðar við hendina, og það er hið bezta, er feingizt getur. Það er mátulega hart og harðnar við vætuna, eins og allt brunnið grjót gjörir, en á hinn bóginn er það sökum minni hörku, er steinar vorir hafa, hálfu hægra að vinna, en grjót erlendis. Hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga tók sèr breytíngaratkvæði, og gæti verið eg tæki mèr annað í líka stefnu. Menn eru að tala svo mikið um þenna vegaskatt; það er von!! Er þá skylduvinnan ekki skattur? Jú, það sá vesti skattur, það er byrði á þeim einstaka, sem ekki kemur því almenna að neinu liði. Hreppstjórar eiga að amstrast nú fyrst í því, að safna fólki, sem þó eru helmínginn af tímanum eða meira á leiðinni; þá er og sami snúníngur og rekspölur með verkfærin; einn kemur slórandi með pál, annar með reku, og þriðji með járnkall, það eru þá verkfæri eptir

því. Þegar á að fara að vinna, geingur það nú ýmislega og mestpart barnalega, og víst er það, að helmíngur af tímanum og meira fer í ferðalag og snúníngа fram og aptur, og það, sem gjört er, er ekki annað en kák, og verði því haldið, þá verður allt við það gamla. Það er einginn efi á því, að þetta færi öðruvísi, ef menntaðir og æfðir menn hefði umsjón yfir vinnunni, og stöðugt fólk, sem lægi þar við í tjöldum, hefði áhöld öll og tól þar eptir; hver 1 af þeim mundi vinna bæði meira og betur, en 10 af þessum flakkandi vegabótamönnum. Þessi skylduvinna er því, eins og eg sagði áðan, bæði vesti skattur á þeim einstaka, og þar hjá til einkis gagns. Á hinn bóginn getur hver skynsamur maður séð, að þeir, sem vilja nota þann tíma vel, þá verður það meira, en 3 marka virði úr honum, og því er þetta hinn vesti skattur fyrir vinnukraptinn; en skammsýni manna gjörir, að menn kunna eigi að meta hann eins og ber, og þar til kemur hann að eingu liði; það er því vel aðgætandi, að þessi skylduvinna er í raun og veru, hvernig sem það er skoðað, þýngri skattur, en það, sem hèr er gjört ráð fyrir á verkfæra menn; það er því undarlegt, að vera að ota allt af fram skylduvinnunni, eins og erfiðið kosti ekkert, eða menn geti sèr ekkert gagn gjört með því. Allar þessar ræður eru því einúngis til að sannfæra mig enn betur um það, að það sè bezt sem einfaldast, og er óskandi menn hefði tekið þá stefnu fyr. Eg vona, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* og stjórnin sjái, að það er ógjörníngur eins og það hefir verið. Eg sè eigi annað fært, en menn fyrir borgun útvegi sèr vissa og fasta verkamenn, og vegfróða yfirsjónarmenn, er veiti vinnunni forstöðu undir yfirstjórn amtmannanna; en eg vil hvorki troða því upp á sýslumenn nè hreppstjóra, því það er ekki nema til að gjöra verkatöf og gjöra allar sannar vegabætur að sama káki, sem allt af hefir við geingizt hjá okkur Íslendíngum, okkur til skammar og stórskaða. Góðir og greiðir vegir eru hvers lands prýði og þarfasta eign, og aldrei mun það land komast lángt á leið, sem einga vegi hefir.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður vill aðhyllast stjórnarfrumvarpið af því hann vill ekki slæma vegi; en sè honum alvara með það, þá ætti hann sízt að kjósa frumvarpið, því gjaldið er of lítið til vegabótanna, svo með því verður eingu til leiðar komið, svo vegirnir yrði sífellt verri og verri. Menn hneykslast á skylduvinnunni, sem stendur hjá meira hlutanum, en það mundi einginn gjöra, ef uppástúnga hans væri orðuð svona: „Kostnaðurinn á vegum þessum skal hvíla jafnt á öllum verkfærum

mönnum af bændastètt frá 20—50 ára, en ef nokkur ekki vill greiða það með peningagjaldi, þá má hann vinna það af sèr, nema meiri hluti hreppsbænda", o. s. frv., og svona yrði uppástúngan, ef meiníngin úr 16. og 20. gr. frumvarpsins væri tekin og orðuð í einu lagi; þetta er lángtum frjálslegra, en það, sem stendur í frumvarpinu og hjá minna hlutanum um skylduvinnuna. Lesi menn því betur breytíngaruppástúngur meira hlutans, og nenni því, þarf einginn að hneykslast á því, þó meiri hlutinn hèldi orðinu: skylduvinnu. Það getur verið, að meiri hlutinn hafi gjört of litlar breytíngar frá því, sem nú er, en víst er það, að minni hlutinn er ekki betri með allar ójöfnurnar á milli hreppanna, en það er nú á þíngsins valdi, hvernig það vill taka í málið.

H. Kr. Friðriksson: Eptir þeim umræðum, sem um þetta mál eru orðnar fyr og síðar, sannfærist eg ávallt betur og betur um, að með sanni megi segja um þetta mál, eins og þar stendur: „grauta þeir við grallarann, og gjöra hann allan vitlausan"; því meira sem menn fást við þetta mál og tala um það, því torveldara verður það. Það er nú víst, að þetta er mikið vandamál, en mestu vandræðin eru að fá umsjón yfir vegunum, sem menn megi treysta; þótt hreppstjórar og sýslumenn ætti að hafa umsjónina yfir vegabótunum, þá hafa þeir sannlega nóg að gjöra annað, að eg held það verði lítið úr framkvæmdunum, og ekki meira, en híngað til; og því er eg næsta hræddur um, að lítið lið verði að þessu lagaboði, þótt löggildi feingi; suma er eg hræddur um að vanti viljann líka; en enda þótt viljinn væri, neyddist hreppstjórar til að slá slöku við umsjónina á vegabótunum, og það eingu síður, en híngað til. Þegar eg nú lít á þessar uppástúngur, þá eru þær þrjár: stjórnarfrumvarpið, uppástúngur meira hluta nefndarinnar og uppástúngur minna hlutans, og sitt er að hverju og öllum nokkuð. Allir telja svo mikla galla á stjórnarfrumvarpinu, að það sè eigi nýtandi; mèr lízt ekki heldur á uppástúngur minna hlutans; hvernig sem niðurjöfnuninni er hælt, sýnist mèr í niðurjöfnun minna hlutans vera fólgið bert ránglæti, hið mesta ránglæti, sem orðið getur, því að það virðist svo sem ljóst, að talsvert meira af kostnaðinum falli á einstöku hreppa að tiltölu við aðra, og það þá, sem minnst þola það, en það eru sjávarhrepparnir; sè t. a. m. teknir allir karlmenn í Álptaneshrepp eða Akraneshrepp, sem eru á árunum 20—60, og bornir saman við sveitahrepp, þá er ljóst, hver jöfnuður það verður. Að því, er uppástúngur meira hlutans snertir, þá er eg honum ekki samdóma um kostnaðinn til vega

á fjöllum uppi; eg óttast næsta mjög fyrir, að 2 sk. gjald af hverju lausafjárhundraði yrði lítið til framkvæmdanna á þeim vegabótum, og þótt uppástúngunni verði breytt eins og 1857, er hætt við, að það verði óhafandi; eg ætla því ekki að orðleingja þetta, en það er mín sannfæríng, að bezt sè að fresta því að sinni; mèr stendur á sama, hvort þetta frumvarp yrði lög eða ekkert; eg vil ekki heldur biðja um bráðabyrgðarlög, biðja um þau lög, sem eg sè fyrir fram, að eigi geta orðið að neinu liði; sú reynsla, sem menn feingi við það, mundi ei bæta mikið. Eg er sannfærður um, að það verður að eingu liði neitt af því, fyr en regluleg umsjón fæst með vegunum af þeim mönnum, sem vit hafa á. Eg vil því taka mèr það breytíngaratkvæði: 1, að málinu verði frestað; 2, að nefnd verði sett í landinu sjálfu, til að semja vegabótafrumvarp; 3, að efnilegum íslenzkum mönnum verði veitt menntun í veggjörðafræði á kostnað ríkissjóðsins; og hugsa eg mèr þannig, að þessir menn mundi á síðan geta orðið hæfir umsjónarmenn veganna og vegabótanna.

Ásgeir Einarsson: Eg er nú búinn að gleyma mörgu af því, sem eg ætlaði að drepa á; það er nú hvorttveggja, að þíngmaður Suður-Þíngeyínga ekki var fastur við meira hlutann, enda er hann ekki sterkur í því, hvernig hann ætlar að koma við vegfræði sinni og vegabótunum eptir henni. Hann efast um, að hreppstjórar fái menn til að vinna, en meiri hlutinn óttast, að menn fái ekki vinnu við vegabæturnar, og það sè óhæfa, þegar fátækir menn eigi í hlut; þetta er nú hvað á móti öðru, og svona er fleira hjá þeim. Það er mikið talað um, að það verði óhafandi ójöfnuður á milli hreppanna. Eg gat nú ómögulega búizt við, að menn væri svona sljóvskyggnir, sem annars vildi breyta gjaldi í skylduvinnu, að þeir skildi það ekki, að hèr er einmitt sami jöfnuður milli hreppanna; eg skal taka dæmi: í einum hrepp eru 100 verkfærir menn, í öðrum 50; fyrir hvern skal gjalda $^1/_2$ dagsverk; það verður 50 rd. og 25 rd., og sama væri, þó heilt dagsverk væri; það verður þá svona: 100: 50 = 50: 25; er nú þetta ekki rètt hlutfall? Eg get ómögulega skilið, að allir ekki skilji þetta; það hefði mátt segja, að það kann ske yrði ójafnt í hreppnum sjálfum, en það er auðsèð rètt á milli hreppanna; ef menn nú ekki skilja þetta, skal eg reyna til að draga það upp á brèf fyrir þá. Þíngmaður Húnvetníinga spyr, hvaðan vinna eigi að fást í öllum hreppum; eg sagði það í nefndinni og hugði hann mundu skilja: að ef skylduvinna yrði af tekin, þá gæti þeir feingið vinnuna fyrir kaup, sem gæti unnið að vegabótum; yrði

nú oflítil vinnan í hreppnum, sem varla mundi hætt við, þá gæti sá, er vinnu vill fá, leitað hennar í öðrum hrepp, og eins á hinn bóginn, ef vinnufólks skortur er á einum stað, þá leita menn fyrir sèr annarstaðar. Eigi maður að skoða þetta sem amtsmálefni, þá er það líka fèlagsmálefni, að það verði aðalvegabót; meiri hlutinn vill hafa alla vinnukraptana í sinn hrepp, og 1,400 rd. til fjallvega; en 12,000 rd. í hreppunum á öllu landinu; hver er sjálfum sèr næstur, má segja um meira hlutann, hver vill kraka í kríngum sig. Mèr er ekki sárt um álit minna hlutans, þó hann falli, en mèr er annt um, að bæði eg og aðrir sýni, að þeir hafi heilbrigða skynsemi. Breytíngaratkvæði þíngmanns Rángvellínga er sjálfum honum samkvæmt; hann vill láta jafna gjaldinu niður eptir dagsverkatölu, og að sýslumenn heimti gjaldið, eins og hann vildi 1857, en eg vil láta bæta við jöfnuðinum innan hrepps; hann heldur það verði flækíngur úr því hjá hreppstjórum, ef gjaldið ætti að takast af sveitarsjóðnum og svo jafna því niður aptur á hreppinn. Þetta óttast eg ekki, og held, að aðferð sú, er minni hlutinn stakk upp á, sè óbrotnust og sanngjörnust. Þar sem hinn 3. konúngkjörni þíngmaður talaði um Neshreppsinnbúa, svara eg: ætla þeim þætti þá ekki ábætir, að fara lángan veg, til að gjöra skylduvinnu, og fá ekkert fyrir ferðina? ætla það væri þó ekki betra fyrir þá, að róa þann daginn? Vinnuskyldan geingur næst mansölunum; hún er nokkurs konar ófrelsi; menn mega vera til staðar, hvernig sem ástendur fyrir þeim, og óvíst, hvað eða hvar þeir eiga að vinna, en þegar gjald er, vita menn þó, hvað á þeim liggur.

Vilhjálmur Finsen: Eg fellst fyrir mitt leyti á þá meiníngu minna hlutans, að ekki beri að greina þjóðvegi á fjöllum uppi og niðri í byggð; en hvað kostnaðinn til þjóðveganna snertir, þá get eg ekki fallizt á uppástúngu minna hlutans þar um. Eg ætla mèr því að taka mèr breytíngaratkvæði það, sem þíngmaður Strandasýslu tók sèr 1857, nefnilega að amtmaður eptir uppástúngum frá sýslumönnum ákveði, hve mikið hver sýsla skuli greiða af kostnaðinum til þjóðveganna, að syslumenn með 2 tilteknum mönnum jafni sýslugjaldinu á hreppana, en hver hreppur greiði síðan tillag sitt úr sveitarsjóði, en að hrepparnir geti kvartað til amtmanns, ef þeim þykir ójöfnuður í niðurjöfnuninni. Þessi uppástúnga er lík þeirri, sem þíngið bar fram í bænarskrá sinni um vegabótamálið 1855; eins og hinn háttvirti þíngmaður frá Strandasýslu sagði, töluðu 6 menn fyrir henni á þínginu 1857, auk þíngmannsins sjálfs, og nú hefir stjórnin í skýrslu

þeirri, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir lagt fram á þínginu um, hvers vegna vegabótafrumvarp þingsins 1857 eigi gat náð lagagildi, tjáð sig fúsa til, að aðhyllast þessa uppástúngu. Menn hafa nú, ef til vill, það á móti þessari uppástúngu, að það valdi gjörræði, að jafna gjaldinu svona niður; en menn eiga þó von á sveitarstjórnarlögum að líkindum innan skamms, og þá ætti sveitastjórnarnefndir að hafa á hendi það starf, að ákveða tillag hverrar sýslu og hvers hrepps til vegabótanna, eins og líka hreppanefndir mundi þá jafna sveitarútsvarinu niður á búendur í hverjum hrepp, og væri þá full tryggíng fyrir því, að niðurjöfnunin ætti sèr stað gjörræðislaust. Eptir uppástúngum minna hlutans yrði viss upphæð á hverju ári til vegabótanna, sem er óvíst hvort muni hrökkva til; sumstaðar getur líka orðið afgángur, en það getur þó opt verið ástæða, til að hafa gjöldin ýmisleg, eptir því, sem á stendur, stundum minna og aptur stundum meira. Auk þessa hefir það verið tekið fram, að uppástúnga minna hlutans leiði til ójafnaðar hreppa á milli, þar eð dagsverkatalan eigi stendur í hlutfalli við efnahag hreppanna, það væri því rèttast, ef þíngið kynni að fallast á minna hlutans og frumvarpsins uppástúngur, hvað aðgreiníng á vegunum snertir, að taka þetta breytíngaratkvæði, sem eg ætla að bera upp, og sem stjórnin sjálf hefir bent á. Hvað skiptínguna á vegunum í þjóðvegi og aukavegi snertir, þá virðist ekki gild ástæða til að gjöra hana, og þar eð málið með því verður flóknara, þá álít eg að rèttara væri, að þíngið aðhylltist í þessu tilliti uppástúngur frumvarpsins, sem minni hlutinn hefir haldið sèr til.

Ólafur Jónsson: Nú er eg loksins búinn að heyra það, sem eg svo leingi hefi verið að grennslast eptir, hvort minni hluti nefndarinnar ætlist til, að allir hreppar fái árlega vinnu hjá sèr eptir uppástúngu þeirra; já, þeir ætlast til þessa; en sjá nú ekki allir, að þetta er ómögulegt, því hvernig á amtmaður að ákveða, hverjar vegabætur skuli fram fara á ári hverju, ef þær eiga að fram fara árlega í öllum hreppum í amtinu; eg held þar á móti, að hann mundi taka fyrir vissa hreppa það og það árið, og láta gjöra vegabæturnar í þeim, því hitt yrði ekki nema ónýtt kák, og eingu betra en verið hefir, og þá ræki að því sama, sem eg hefi áður sagt, að sumir hreppar feingi eingar vegabætur hjá sèr svo árum skipti.

Eg hældi ekki skylduvinnunni, en eg vildi ekki, að fátækir menn yrði úti lokaðir frá að mega vinna af sèr; það er ófært. Eg ætla nú eingu að spá fyrir breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns,

ef það fær samþykki þingsins; en eg held nærri því að það mundi leiða til þess, að vegirnir hrörnuðu, en bötnuðu ekki. Eg hygg, að amtmönnum þyki viðurhlutamikið, að jafna þessu niður, svo miklu sem þarf, til þess að vegirnir feingi nokkra verulega umbót; það leiddi líka til sama gjörræðisins, þegar sýslumenn ætti að fara að jafna þessu niður á hreppana.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Það er gott hvað við bætist af þessum breytíngaratkvæðum; atkvæðaskráin verður ekki of stór, þegar bæði meira og minna hlutans breytíngar eru komnar á hana með stjórnarfrumvarpinu í þrefaldri tuggu þar innan um, þó hver þíngmaður taki sèr svo sem 1 eða 2 breytíngaratkvæði í viðbót. Eg fagna samt yfir því, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir kröptuglega stutt minna hlutann, eins og hans var von og vísa, að líta á það rètta, og sjá, að þar var ekki vanþörf á. Það er nú einúngis tvennt, sem eg hefi álitið að stæði eða hafi staðið vegabótunum í vegi; það annað, að hreppstjórar hafa átt að gángast fyrir þeim framkvæmdum, sem bæði hafa um nóg annað að hugsa, og í að snúast, svo þeir geta ekki lagt sig alvarlega að því, og svo hafa ekkert í staðinn fyrir neitt, og slá því kann ske slöku við það; því var það á síðasta þíngi, að eg stakk upp á því, að nefnd manna hefði þetta verk á hendi, sem ekkert hefði annað að stunda í hverri sveit; þá mundi verk þetta verða lángtum rækilegar drifið, og þíngið þá fèllst á þetta; en þar stjórnin vildi þetta nú ekki, og sendi frumvarpið nú þínginu aptur, vildi eg ekki ota þessu fram aptur, því þá eg las betur frumvarpið, sèrdeilis 5. greinina, sá eg, að það fullnægði minni skoðun, að skilja vegabótastörfin undan hreppstjóraafskiptum. Sýslumaður á að sjá um þetta að öllu leyti, og setja umsjónarmenn yfir þetta verk, og framkvæmdir þess, og veit eg hann níðist aldrei á hreppstjórunum til þessa, og svo fær umsjónarmaðurinn borgun, og gjörir svo verk þetta með alúð; því undrar mig það, að sumir þíngmenn hafa verið að slá því við, að hreppstjóri eigi að gjöra þetta, og sjá um þetta, og þeir muni eiga bágt með að útvega menn; eg ætla það væri helzt þíngmaðurinn úr Suður-Þíngeyjarsýslu, sem talaði um þetta; það vakir svona einhvern veginn fyrir mönnum, en þeir þurfa að lesa betur frumvarpið; að þjóðvegur sè ekki til í hverri sveit, get eg ekki heldur trúað, eptir frumvarpsins 2. grein; það mun þó úr hverri sveit vera farið í kaupstað, fiskiver eða á einhvern stað, sem menn almennt koma saman.

Hinn annar gallinn, sem staðið hefir vegabótunum í vegi, er

sá, að það hefir verið skylduvinna, svo verkið hefir mest orðið í því, að ferðast til og frá, og til þess hafa verið sendir frá sumum strákar og jafnvel stelpur; á þessari aðferð má líka telja ótal fleiri galla, en það er hvorki tími nè þörf til þess, því allir sjá, að með þessu hafa eingin ærleg vegabótastörf verið gjörð eða fyrir tekin; þetta sama vill nú meiri hluti nefndarinnar láta við haldast; en það liggur annað verra í uppástúngu hans, sem einginn hefir þó sèð eða fram tekið; fyrst vill hann leggja vegabótagjaldið til fjallveganna á upp á þann ósanngjarnasta máta, á einn flokk þjóðarinnar, sem tíundar, og á lausafèð eitt, sem hefir þó ærið nóg að bera; svo vill hann tvöfalda vinnuskylduna við frumvarpið, og skapa aðra vinnuskyldu á þjóðvegum í sveit, og aðra á aukavegum; það sýna greinar hans 1., 3., 16. og 17., að hèr er alstaðar tvöföld skylda, og sýnilega heilt dagsverk af hverjum verkfærum manni á hverjum veginum fyrir sig, svo þetta er tvöfalt meiri útgipt eður byrði á þjóðinni, en þíngmaður Borgfirðínga gjörði ráð fyrir, og þótti þar þó ærin summa. Eg álít nú allt þetta bæði ónáttúrlega og óbærilega álögu á landið, ef þessu er fylgt með strángleika og reglu; en ef vinnuskyldan öll fer eins og verið hefir, þá er líka setníng þessi öll hreint ónýt; því álít eg uppástúngu þessa hreint óhafandi.

Forseti: Það eru 17, sem beðið hafa um, að umræðunum verði nú lokið.

Arnljótur Ólafsson: Eg skal áskilja mèr að koma seinna fram með breytíngaratkvæði við 15. greinina, og skal eg orða það nákvæmar.

Halldór Jónsson: Eg vil einnig áskilja mèr rètt til breytíngaratkvæðis við 15. gr. minna hlutaus á þá leið, að eptir orðið: „hreppstjóra“, bætist inn í: „2—4 menn, sem bændur sjálfir kjósi“.

Síðan bað *forseti* þá, sem heföi áskilið sèr breytíngaratkvæði, að koma þeim til sín fyrir kl. 9 á laugardagsmorguninn, ella yrði þeim eigi veitt móttaka; ákvað hann svo næsta fund til á morgun klukkan 11, og kvaðst birta mundu dagskrá seinna.

Fundi slitið.

---

12. ágúst - Þrítugasti og fimmti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið *um viðreisn ásauðarkúgilda á lènskirknajörðum. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður úr Rángárvallasýslu. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og eg vona, að hinir heiðruðu þingmenn hafi hana við hendina.

Atkvæðaskrá

í málinu um *viðreisn ásauðarkúgilda á lènskirknajörðum.*

1. Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar* og *Páls Sigurðssonar:* Að niðurlagsatriði minna hlutans (tölul. 2) orðist þannig:

   Að þíngið biðji konúng að veita stiptsyfirvöldunum sem fyrst nokkurt fè til umráða, til þess eptir þeim reglum, sem stjórnin fyrirskipar, að styrkja hlutaðeigendur, til að koma upp ásauðarkúgildunum á lènskirknajörðum hèr á landi, þar sem þau hafa fallið vegna fjárkláðans.

2. *Minni hluti nefndarinnar (Páll Sigurðsson)* (uppástúnguatriðið): Að þíngið biðji konúng að veita stiptsyfirvöldunum sem fyrst nokkurt fè til umráða, til þess að styrkja hlutaðeigendur, til að koma upp ásauðarkúgildunum á kirkjujörðunum smámsaman, eptir því sem fjárkláðinn út rýmist þar og þar, og eigi er hætt við, að þau falli aptur hans vegna.

3. Breytíngar- og viðaukaatkvæði *Jóns Sigurðssonar* frá Tandraseli: Að inn í uppástúnguatriði meira hlutans (tölul. 4) eptir orðin: „úr ríkissjóðnum", verði bætt *„sem fyrst"*, („þegar fjárkláðinn" o. s. frv.).

4. *Meiri hluti nefndarinnar, (H. G. Thordersen* og *Jón Pètursson)* (uppástúnguatriðið):

   Að biðja hans hátign konúnginn, að hann allra mildilegast vildi sjá til, að nokkur styrkur yrði veittur úr ríkissjóðnum, þegar fjárkláðinn er um garð geinginn, til að koma upp aptur ærkúgildunum á lènskirknajörðunum hèr á landi, þegar stiptsyfirvöldin (er málefni þetta einkum heyrir undir) mætti álíta, eptir hinum innkomnu skýrslum, annaðhvort að kúgildin væri fallin, án þess landsetanum eða prestinum væri um að kenna, og eins þó þetta ekki hafi átt sèr stað, ef hvorki presturinn nè leiguliðinn hafa efni til, að setja kúgildin inn aptur.

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Mál þetta var nú ítarlega rætt við undirbúníngsumræðuna. Eg veit, að öllum muni vera ljós stefna meira og minna hlutans. Hvað breytíngaratkvæðin, sem fram

komið hafa í þessu máli, snertir, þá eru þau nú ekki mörg. Breytíngaratkvæðið undir tölulið 3. vill sameina meira og minna hluta nefndarinnar, að styrkurinn feingist sem fyrst. Eg get ekki séð muninn á meira og minna hluta nefndarinnar; báðum kemur saman um, að biðja stjórnina um styrkinn til að viðreisa fallin kirkjukúgildi af fjárkláðanum, og eins í því, að ákveða ekki upphæðina; einúngis fer minni hlutinn einu feti leingra, að stjórnin vildi hlutast til um, að styrkurinn yrði veittur sem fyrst þeim sýslum, sem gæti losast við pest þessa fyrri en aðrar, svo að hlutaðeigendur gæti samhliða sjálfseignarbændum reist kúgildin við aptur, svo kirkjujarðirnar yrði ekki fyrir halla; en meiri hlutinn vill ekki, að hann sè veittur fyr, en kláðinn er um garð geinginn, án þess að til taka nokkuð víst svæði fyrir sig, eins og minni hlutinn gjörir. Eg ætla nú ekki að fara fleiri orðum um málið að sinni.

Konúngsfulltrúi: Eins og fyrsta breytíngaratkvæðið nú er orðað, get eg fyrir mitt leyti ekki haft neitt á móti því, annað en það, sem eg yfir höfuð hafði á móti uppástúngu minna hlutans, það nefnilega, að málið væri of snemma upp borið. Menn geta ekki ætlazt til þess, að hlutaðeigandi stjórnarherra muni fara að bera upp frumvarp til ríkisþíngsins um fèstyrk, til að endurreisa hin föllnu ásauðarkúgildi, fyr en hann hefir feingið yfirlit yfir, hvað mikið fallið er af kúgildunum, og álit stiptsyfirvaldanna um, hvað mikils fèstyrks við þurfi, til að endurreisa þau. Eg verð því enn sem fyrri að ráða hinu heiðraða þíngi til, að aðhyllast uppástúngu meira hlutans, en fella þær, sem minni hlutinn hefir komið fram með. Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga hafði það móti máli þessu, að menn hefði einga rèttarkröfu til að fá hinn umbeðna fèstyrk, og það hlýddi ekki vel í þessu efni, að biðja um náðarstyrk. En þar liggur eitt á milli, og það er það, sem menn kalla sanngirniskrafa, sem eg fyrir mitt leyti ekki vantreysti stjórninni til að taka til greina á sínum tíma. Þegar ein plága geingur yfir eitt land, og þannig má nefna fjárkláðann hèr, álítur sèrhver góð stjórn það skyldu sína, að koma þeim til hjálpar, sem annars ekki geta reist sig við sjálfir. En annað spursmál er það, hvort nú er rèttur tími fyrir þíngið, að senda konúngi bænarskrá í þessu máleíni, á meðan fjárkláðinn ekki er að öllu um garð geinginn og meðan ekki verður fyrirsèð, hvað mikið fè muni þurfa til að endurreisa kvíildin.

Magnús Andrèsson: Það er ekki af tölu *konúngsfulltrúa,* að eg læt þá meiníng í ljósi, að eg ætli að fylgja meira hluta nefnd-

arinnar; eg lèt hið sama í ljósi við undirbúníngsumræðuna. Mèr virðist aðalundirstaðan undir þessu máli vera sú, hvort kúgildin fèlli af vangá yfirráðanda og leiguliða eða ekki; ef hið fyrra væri víst, þá gæti eg einga bót mælt þeim; en af því eg veit, að svo var ekki, get eg ekki annað, en verið með því, að styrkur fáist; því að kláðinn var ekki viðráðanlegur 1857, og ekkert ráðrúm til að ráða bót á honum, því að meðöl skorti; en þá var það ekki komið fyrir almenníngssjónir, að tóbak væri brúkanlegt; það kom fyrst seinna í Hirði, og þar er nú talið fleira, t. d. soda. En eg ætla nú að halda mèr við efnið; eins og eg gat um við undirbúníngsumræðuna, þá veit eg ekki betur, en þeir gjörði bezt, sem felldu fèð, því hjá þeim fèll það ekki fyrir ekki neitt, heldur gjöri eg ráð fyrir, að þeir hafi feingið upp úr því helmíng verðs. Eg get nú ekki annað, en verið á því, að biðja um styrk frá stjórninni, en þó ekki fyr, en búið er að sanna með skýrslum, hvernig til hafi geingið, svo að eg sè bil beggja, meira og minna hlutans.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Það, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að konúngur ekki gæti veitt neina hjálp í þessu efni, nema fá fyrst til þess samþykki ríkisdagsins, þá er það nú eitt góðgætið, sem Ísland hefir af því stjórnarformi, sem það stendur nú undir; en allir sjá, hvað hentugt og notalegt og fljótlegt það er, að hafa fjárhaginn svona í graut við Dani, þegar eitthvað þarf að laga, eða einhverju að hjálpa. Að ásauðarkúgildin hafi fallið fyrir hirðuleysi og trassaskap, verður bágt að sanna, nema þau mál sè rannsökuð af dómstólum, og hjálpar það lítið til að halda jörðunum í byggíngu.

Ef að breytíngaratkvæðið, sem fyrst stendur á skránni undir tölulið 1., verður samþykkt, þá fellur mitt í burt, því þá er feingin fram meiníng þess.

Stefán Eiríksson: Eins og þíngmönnum er kunnugt, tók eg ekki til máls við undirbúníngsumræðu þessa máls; en af því eg finn mèr skylt, að láta þíngið vita, hvernig atkvæði mitt muni falla í máli þessu, þá ætla eg að tala fáein orð. Mèr finnst nú yfir höfuð að tala, að minna og meira hluta nefndarinnar komi saman; það er einasta munurinn, að minni hlutinn vill fá þenna kúgildastyrk eptir því, sem mèr skilst, strax sem sýkin virðist að vera út rýmd í því og því hèraði; en aptur á hinn bóginn fer meiri hlutinn fram á, að styrkur þessi ekki verði veittur fyrri, en sýkin sè alveg um garð geingin hèr á landi. Mèr finnst nú, að meiri hlutinn

hafi mikið fyrir sèr í þessu efni, því þó sýkin sè að eins út rýmd úr einni sýslu, er ekki að ætla á, að hún sè svo viss fyrir kláða, að hún geti ekki orðið yfir fallin, þegar minnst varir, ef kláðinn geisar í nærsýslunum. Þess var getið við undirbúníngsumræðu máls þessa, að bændur mundi ekki geta haldið við jarðir sínar í *þessum* kláðasýslum, og því síður látið endurreisa kúgildin; en þó nú stjórnin veitti styrk til endurreisnar kúgildanna, sem eg vona hún gjöri, þá get eg nú ekki vænzt, að styrkur þessi verði svo mikill, að hann geti hjálpað mönnum til að halda við bú, ef þeir á annað borð eru komnir á heljarþrömina; því á sumum jörðum mundi að eins verða styrkt til, að koma upp því hálfa kúgildi, og aptur á öðrum að eins $^1/_3$ parti, og þetta yrði þá í mesta lagi 6 til 12 rd. eður eptir því, sem á stæði með kúgildafjöldann á hverri jörð, yrði hlutfallið í þessa stefnu. Eg vildi einasta benda þínginu á, að mèr finnst uppástúnga minna hlutans undir tölulið 2. taka skýrara fram, hvaða jarðir skyldi njóta styrks þessa, þar sem hún, uppástúngan, talar um allar kirkjujarðir, en meiri hlutinn að eins um lènsjarðir, og af þessum ástæðum ætla eg að gefa atkvæði mitt fyrir tölulið 2. á atkvæðaskránni; en ef hann fellur, þá fyrir uppástúngum meira hlutans.

Guðmundur Brandsson: Eg ætlaði mèr nú við undirbúníngsumræðu þessa máls að reyna, að koma meiníngunum saman hjá meira og minna hlutanum, þess heldur sem mèr virðist, að þeim beri lítið á milli, og að báðir sè samdóma í aðalefninu. Mèr sýnist það nú ótækt, að styrkurinn sè ekki veittur, fyr en eptir að kláðinn er um garð geinginn; því ef kláðinn við helzt, hve nær kemur þá þessi hjálp? Það getur skeð, að menn þurfi á styrk að halda bráðlega; þess vegna vil eg, að hann sè veittur sem fyrst; drátturinn getur leitt til þess, að menn verði lángeygðir eptir hjálpinni, og að hún komi um seinan, ef hún kemur þá nokkurn tíma; það eru ekki einúngis þeir menn, sem eru nú á takmörkum kláðasvæðisins, og sem hafa orðið að fella fènað sinn, sem nú þurfa þessarar hjálpar við, heldur eru það margir aðrir, þar sem kláðinn enn við helzt; það er þó víst einn hreppur á þessu svæði, sem nú er álitinn kláðalaus, á hann þá að bíða þángað til allir aðrir hreppar eru orðnir það líka? Og eiga hinir sauðlausu menn í Borgarfjarðar- og Rángárvallasýslum, sem nú eru utanvert við kláðann, að bíða með þessum, þángað til hvergi verður kláðavart? Eg held það yrði þá líkt, og ef fyrst ætti að fara að lækna, þegar allir væri dauðir; því verð eg að halda mèr við breytíngaratkvæði mitt undir tölulið 1.

Arnljótur Ólafsson: Eg var nú svo óheppinn, að eg skyldi ekki vera við og heyra tölu hins háttvirta *konúngsfulltrúa.* Eg skal því einúngis geta þess, að mèr finnst ekki munurinn á meira og minna hluta nefndarinnar vera mikill; báðir hafa farið fram á, að styrkur fáist, sem stiptsyfirvöldin eiga að út hluta. Það er einkum um tímann, sem þá greinir á. Meiri hlutinn vill láta kláðann vera um garð geinginn; ef þetta á nú einúngis að miða við heilt hèrað, en eigi við land allt, þá mun eg gefa meira hlutanum mitt atkvæði, af því mèr finnst atkvæði hans líka betur samið, en annars ekki. Því þyrfti eg að vita, hvernig ætti að skilja þessa grein: „þegar fjárkláðinn er um garð geinginn", og mælist eg til þess, að hinn háttvirti *framsögumaður* vildi skýra mèr það.

Jón Pètursson: Með tilliti til spurníngar hins heiðraða þíngmanns Borgfirðínga, hvernig ætti að skilja: „þegar kláðinn væri um garð geinginn", þá skal eg leyfa mèr að geta þess, að það lítur til þess, að kláðinn eigi að vera gjörsamlega út rýmdur úr landinu; það er ekki nóg, þó hann sè út rýmdur á vissu svæði, því að hann getur, ef til vill, komið þar aptur, og þá fer styrkurinn að forgörðum; yfir höfuð hèlt meiri hlutinn, að stjórnin mundi ekki veita styrkinn, fyr en kláðinn væri út rýmdur, því að hún mundi þá fyrst hafa tryggíng fyrir, að styrkurinn yrði að liði; og þá feingi hún fyrst yfirlit yfir, hvað hann þyrfti vera stór. Þannig er ekki heldur að búast við, að styrkurinn fáist, og það er með öllu eðlilegt, ef kláðinn hèldist ávallt við í landinu, eins og hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu hèlt; enda mundi stjórnin, sem von væri, trènast upp á, að veita þvílíkan styrk einlægt út í bláinn. Hvað tölulið 3. snertir, þá er eg ekkert á móti, að bæta inn í: „sem fyrst" eptir orðin: „úr ríkissjóðnum".

Framsögumaður: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* rèð þínginu að aðhyllast meira hluta nefndarinnar. Mèr sýnist nú þetta: „þegar kláðinn er um garð geinginn", nokkuð óákveðið líka, og eg er hræddur um, að ef bíða ætti svo leingi, þá mundi sumir hlutaðeigendur, eins og hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu tók fram, verða orðnir lángeygðir eptir hjálpinni. Eg skal til taka eitt dæmi: það skyldi hafa verið 4 kúgildi á einni jörð í Rángárvalla- eða Borgarfjarðarsýslu, sem væri nú fallin, og leiguliðar á kirkjujörðum þar ætti ekki von á, að fá kúgildi þessi, því hvorki hann eða prestur hefði efni til að innkaupa þau, þá er nærri víst, að leiguliðinn yrði sveitinni til þýngsla, og líklega yfirgæfi jörðina, svo í þessu tilliti

yrði það skaði fyrir bæði sveitarfèlagið og hið opinbera, að hjálpin kom ekki í tíma; en nú skyldi hann flosna upp; ætli presti geingi þá vel að byggja jörðina, þegar svona stæði? Eg er hræddur um, að einginn mundi vilja taka jörðina að sèr, utan þá með sárlitlu eða eingu eptirgjaldi, og prestur yrði þá að missa þar embættistekjur sínar mjög leingi; þetta væri eins skaðvænt fyrir prestinn, sveitarfèlagið og hið opinbera. Eg sè ekki, hvaða ábati það er, að þurfa að bíða eptir hjálpinni; eg vildi því og álít betra, að veita hana sem fyrst eptir svo skynsamlegum ástæðum, sem orðið gæti.

Konúngsfulltrúi: Hinn heiðraði *framsögumaður* sagði, að eg hefði bætt inn í uppástúnguatriði meira hlutans: „að öllu“, og mèr virtist, að hann með því hefði viljað beina því að mèr, að eg hefði rángfært orð meira hlutans; en þetta er með öllu ránghermt. Eg var ekki að vitna til orða meira hlutans, en orðin: „að öllu“ komu fyrir í því, er eg sagði sjálfur um málið, af því eg áleit, að það væri meiníng meira hlutans, og að það sè rètt, þar við hefir annar sá nefndarmaður, sem er í meiri hlutanum, kannazt.

Ásgeir Einarsson: Af því eg er í vafa um, hverja uppástúnguna eg á að aðhyllast, þá vildi eg leita mèr upplýsínga, áður en geingið er til atkvæða; ef uppástúnga minna hluta nefndarinnar er tekin, þá feingi menn dálítið, áður en kláðanum væri alveg út rýmt. En *konúngsfulltrúinn* hefir sýnt fram á, að slíkt fè, sem færi til að upprètta kúgildin, yrði ekki feingið úr ríkissjóði smátt og smátt; mèr kemur því til hugar, hvort ekki mætti taka smámsaman af þeim 4,000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda til Íslands, og upprètta fyrir það kúgildin í þeim hèruðum, sem fjárkláðanum væri alveg út rýmt í. Hvað áliti meira hluta nefndarinnar viðvíkur, nefnilega uppástúnguatriðið 4., þá vildi eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *forseta,* hvort ekki megi kljúfa þá grein í sundur við orðið „þegar“, því eg get ekki gefið atkvæði mitt með henni allri. Eptir síðara hluta uppástúngunnar eiga landsetar eða prestar ekki að fá hjálp þessa, ef þeim yrði kennt um fall kúgildanna, en fyrir utan það, að um þetta yrði óhægt að dæma, og ekki til tekið, hverjir ætti að dæma um það, þá fellur uppástúngan um sig sjálfa, þegar efnalitlir hluteigendur eiga að fá þessa penínga, ef þeir geta ekki upprètt kúgildin, þó þeir hafi eyðilagt þau að óþörfu; eg get ekki gefið atkvæði mitt fyrir svona óákveðinni uppástúngu.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hèlt, að stjórnin þyrfti skýrslna, ef minni hluti nefndarinnar væri tekinn; eg verð

að segja, að eg ímynda mèr, að þeirra þurfi líka, þó meiri hlutinn verði tekinn; hún þarf þeirra jafnt í hvorutveggja tilliti.

H. G. Thordersen: Eg ætla nú ekki að bæta miklu við það, sem búið er að ræða um þetta mál; þar sem hinn heiðraði þingmaður úr Strandasýslu sagði, að hann kynni ekki við, að ekki væri haft tillit til hirðuleysis hjá fátækum, þá verð eg að biðja hann að gá að því, að orðið „hirðuleysi" kemur hvergi fyrir hjá meira hluta nefndarinnar, en okkur sýnist, og það mun flestum sýnast, eðlilegra, ef um tvo hirðuleysíngja á annað borð er að ræða, að hinn fátækari fái styrk fram yfir hinn ríka, sem ekki þarf hans með. Eg get ekki fallizt á breytíngaratkvæðin, og ekkert nema meira hluta nefndarinnar.

Sveinn Skúlason: Eg álít það eigi heppilegt fyrir þíngið, að vilja taka fram fyrir hendurnar á stjórninni með það, gegnum hverra hendur þetta fè eigi að gánga, þar sem vèr höfum sèrstaka kláðastjórn. Eg vildi því biðja *forseta,* að bera greinarnar upp hverja fyrir sig, þannig að sleppt sè orðunum: „stiptsyfirvöld" og „umráða". Það má nú segja um þessa atkvæðaskrá, að sitt er að hverjum sonanna minna. Mig furðar á því, að minni hlutinn hefir ekki tekið það fram, sem nefndarálitið í kláðamálinu fer fram á, hvað Rángárvalla- og Borgarfjarðarsýslu snertir, til styrkíngar áliti sínu; því það er auðsèð, að hann hefir haft tillit til þess, þar sem hann segir í sinni upprunalegu uppástúngu: „eptir því, sem fjárkláðinn út rýmist þar og þar"; það er mikið í þeim bænum, sem kláðanefndin fer fram á, og þær mundi styrkja það, að styrkurinn feingist strax til að koma upp kúgildunum, þar sem kláðanum er alveg út rýmt. Eg hefði fallizt á minna hlutann, ef ekki hefði staðið kirkjujörðum, heldur lènsjörðum.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg ályktarumræðu þessa máls lokið, og vil því biðja þíngmenn að gánga til atkvæða, samkvæmt atkvæðaskránni.

Út af því sem hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður hreifði í ræðu sinni í dag, skal eg geta þess, að það var reyndar misprentað í niðurlagsatriðunum, er þíngmenn höfðu fyrir sèr, þegar mál þetta var rætt til undirbúníngs, að þar var sleppt síðara hlutanum í niðurlagsatriði meira hluta nefndarinnar: „þegar stiptsyfirvöldin (er máleíni þetta einkum heyrir undir) mætti álíta, o. s. frv.", en þessi klausa er nú tekin aptur við tölul. 4. á atkvæðaskránni. Hvað viðvíkur því, að skipta þessum tölulið í sundur, eins og nokkrir þíng-

menn hafa farið fram á, og að bera hana upp í þrennu lagi til atkvæða, þá sè eg ekkert á móti því; en það er meiri vafa undirorpið, hvort menn geti látið þessi orð úr falla úr tölul. 1. á atkvæðaskránni: „*stiptsyfirvöld*“ og „*til umráða*“, fyrst ekki var gjört breytíngaratkvæði við það í undirbúníngsumræðunni, en með því þess var heldur ekki kostur þá, þar eð þetta uppástúnguatriði kom ekki fram fyr en síðar, þá er hèr nokkuð öðru máli að gegna (*Guðmundur Brandsson:* Mèr finnst þetta vera líkt og um orðið „skylda“ og „lagaskylda“). Nei! því það var orð, sem mætti miklum mótmælum, þegar í undirbúníngsumræðu þess máls (um auglýsíngu á reikníngum opinberra sjóða).

Eg skal því leggja það á vald þíngmanna að skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort þessi orð „stiptsyfirvöld“ og „til umráða“ eigi að fella burtu úr tölul. 1., áður en hann kemur til atkvæða.

Um það greiddu þíngmenn atkvæði, og var það fellt með 11 atkvæðum gegn 10, að þessi orð mætti úr fella, heldur skyldi stafl. 1. gánga til atkvæða allur í einu lagi, eins og hann væri nú orðaður á atkvæðaskránni. Þar á móti var það samþykkt, að kljúfa uppástúnguatriði meira hluta nefndarinnar í þrennt, og bera það þannig undir atkvæði þíngmanna.

Síðan var geingið til atkvæða, og fèll atkvæðagreiðslan á þenna hátt:

1. Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar* og *Páls Sigurðssonar* undir tölulið 1., fellt með 14 atkvæðum gegn 8.
2. Uppástúnguatriði *minna hluta nefndarinnar* undir tölulið 2., fellt með 14 atkvæðum gegn 11.
3. Breytíngar- og viðaukaatvæði *Jóns Sigurðsonar* frá Tandraseli, samþykkt með 19 atkvæðum gegn 1.
4. Fyrsti kafli uppástúnguatriðis *meira hluta nefndarinnar:* „Að biðja hans hátign konúnginn, að hann allramildilegast vildi sjá til, að nokkur styrkur yrði veittur úr ríkissjóðnum, þegar fjárkláðinn er um garð geinginn, til að koma upp aptur ærkúgildunum á lènskirknajörðum hèr á landi“, samþykkt með 22 atkvæðum.
5. Annar kafli uppástúnguatriðis *meira hluta nefndarinnar:* „Þegar stiptsyfirvöldin (er málefni þetta einkum heyrir undir) mætti álíta, eptir hinum innkomnu skýrslum, annaðhvort að kúgildin væri fallin, án þess landsetanum eða prestinum væri um að kenna“, samþykkt með 14 atkvæðum gegn 9.

6. Þriðji kafli uppástúnguatriðis *meira hluta nefndarinnar:* „og eins, þó þetta ekki hafi átt sèr stað, ef hvorki presturinn nè leiguliðinn hafa efni til, að setja kúgildin inn aptur“, samþykkt með 17 atkvæðum gegn 6.
7. Síðan var leitað um það atkvæða, hvort rita skyldi konúngi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu, og var það samþykkt með 19 atkvæðum gegn 2.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *stjórnarbótarmálið*. *Framsögumaður* er þingmaður Ísfirðínga. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona, að hinir heiðruðu þingmenn hafi hana við hendina.

Atkvæðaskrá

í stjórnarbótarmálinu.

1. Breytíngaruppástúnga *Vilhjálms Finsens:*
   Að úr uppástúngu nefndarinnar verði orðið: „þjóðfundarins“ úr fellt.
2. *Nefndin* (niðurlagsatriði nefndarálitsins):
   Að hann mildilega vilji taka til greina bænarskrár og uppástúngur þjóðfundarins og alþíngis í stjórnarskipunarmálinu og láti flýta svo fyrir þessu áríðanda málefni, að það geti orðið til lykta leitt svo fljótt sem mögulegt er.

Framsögumaður (Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn): Eg sè ekki ástæðu til að orðleingja nú um þetta mál; einúngis skal eg geta þess, að þar sem stendur í niðurlagsatriði nefndarinnar: „bænarskrár og uppástúngur þjóðfundarins og alþíngis“, þá held eg það geti ekki misskilizt, því að það lítur til þeirra bænarskráa og uppástúngna, sem komið hafa frá þjóðfundinum og alþíngi. Alþíngi hefir ávallt meir eða minna haft tillit til þjóðfundarins, og því er ástæða að vísa til hans, og fyrir stjórnina, að gefa því gaum, sem farið er fram á.

Vilhjálmur Finsen: Eg vil geta þess, að í breytíngaruppástúngu minni er orðinu „og“ sleppt fyrir aptan „þjóðfundarins“; eg ætlaðist til, að bæði orðin hefði fallið burtu.

Forseti: Eg kannast við það, að svo sè.

Magnús Andrèsson: Eg ætla að gjöra grein fyrir því, hvað eg ætla að aðhyllast í þessari atkvæðaskrá. Eg get ekki verið samþykkur breytíngaruppástúngunni undir tölulið 1.; eg felli mig betur við, að tekið sè tillit til þjóðfundarins, þó hann færi eins og hann fór; eg get ekki annað ímyndað mèr, en að stjórnin hafi uppástúngur þjóðfundarins fyrir sèr, ásamt með uppástúngum alþíngis síðar.

Guðmundur Brandsson: Það var satt, sem hinn heiðraði þingmaður úr Rángárvallasýslu sagði um daginn við undirbúningsumræðu þessa máls, að nefndarálitið, sem samið var á þjóðfundinum, var þar ekki rætt á lögskipaðan hátt, af því mönnum gagnaðist það *ekki*, og svoleiðis kom það því ekki til stjórnarinnar; það voru samt 36 af þjóðfundarmönnum, sem sömdu ávarp til konúngs, og beiddu um nýtt frumvarp, sem byggt yrði á uppástúngum meira hluta nefndarinnar; þessu hefir alþíngi síðar farið fram í öllu verulegu, enda þó það hafi ekki tekið sèrstaklega upp í bænarskrár sínar til konúngs allar þær uppástúngur, sem þar komu fram, og stjórninni er þess vegna kunnugt, hver vilji þíngsins muni vera í þessu máli; en hún mun hafa vit á, að skamta okkur ekki of mikil rèttindi, þó hún sjái þær uppástúngur, sem nú er verið að ræða, svo eg álít, að það sè óþarfi að fella nokkuð úr niðurlagsatriðum nefndarinnar, enda ætla eg mèr að greiða atkvæði fyrir þeim, eins og þær nú eru.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg vildi, að niðurlagsatriði nefndarinnar mætti standa óraskað, því eg held það sè rètt gjört og rètt orðað, að vísa konúnginum á bænarskrár og uppástúngur þjóðfundarins og alþíngis. Eg veit ekki heldur til, að alþíngi eða Íslands þjóð, þurfi neitt að fyrirverða sig að sínu leyti fyrir þjóðfundinn, svo það þurfi þess vegna að draga út nafn hans.

Konúngsfulltrúi: Eg get eigi annað, en fundið það óráðlegt, að fella breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, að orðin: „þjóðfundarins og“ falli burt, því þau eiga sannarlega ekki við. Þjóðfundurinn ræddi ekki málið út, og sendi því aldrei konúngi nokkra bænarskrá. Þær uppástúngur, sem komu fram á þjóðfundinum, voru einúngis uppástúngur nefndarinnar til fundarins, og þó að 36 menn eptir á hafi sent þær með ávarpi til konúngs, þá voru þessir 36 menn þó einginn þjóðfundur, því þá var fundinum slitið. Þetta atriði álít eg að vera áríðandi, því það varðar þíngið miklu, að uppástúngurnar frá því til stjórnarinnar sè rètt orðaðar.

Framsögumaður: Eg neita eigi því, er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, ef hèr væri um lagagrein að tala; en þar eð það er eigi þess konar grein, þá held eg hèr sè eingan misskilníng að óttast. Að öðru leyti er eg ekki harður á móti, þó þessu væri breytt; það er eptir mínu áliti orðabreytíng, sem þíngið gæti gjört, ef það væri ekki móti vilja *forseta.*

Pètur Pètursson: Eg vildi gjöra eina athugasemd. Eg gat þess við undirbúningsumræðu þessa máls, að eg gæti gefið atkvæði

með niðurlagsatriði nefndarinnar, þó það væri svona, því það er lagt á stjórnarinnar vald, að hve miklu leyti hún vilji taka þessar uppástúngur til greina, og þá eru líka þar með taldar tillögur minna hluta nefndarinnar; en sè það orðað svo, að það sè þær uppástúngur, sem komu frá þjóðfundinum til stjórnarinnar, þá finnst mèr meiníngin breytast nokkuð, því eg er óviss um, hvort uppástúngur minna hlutans hafa verið sendar henni.

Framsögumaður: Þetta er ekki annað, en misskilníngur hjá hinum háttvirta konúngkjörna þíngmanni; hvorki meiri eða minni hlutinn sendi uppástúngur sínar til stjórnarinnar, heldur gjörði stiptamtmaður það sem *konúngsfulltrúi* á fundinum; en hvað því viðvíkur, að meiri hluti nefndarinnar legði fram álit sitt, þá átti hann það ekki, og þurfti þess ekki; því að það mátti gánga að því vísu, að þær yrði stjórninni kunnar gegnum *konúngsfulltrúa;* ef þessa væri getið, þá yrði, ef til vill, allt skiljanlegra.

Arnljótur Ólafsson: Eg tel það sjálfsagt, að í bænarskránni til konúngs verði það tekið fram, hvernig menn hafi skilið þetta orð „þjóðfundarins", og falla þá burt öll vandræðin.

Páll Sigurðsson: Eg er á sama máli; eg vil, að þíngið í bænarskránni gefi stjórninni bendíng um vilja þjóðfundarins í þessu máli, og þíngið hefir bent á það í líka stefnu, og það ætti hún að taka til greina, þegar hún sendi frumvarp í þessu máli, til að leggja fyrir alþíngi eða fund í landinu sjálfu.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg þessari ályktarumræðu lokið.

Eg leyfi mèr að geta þess, að eg er samdóma hinum heiðraða þíngmanni Borgfirðínga um það, að útlista megi í bænarskránni til konúngs, hvað þíngið hafi meint með „uppástúngum þjóðfundarins".

Eg skal því næst biðja þíngmenn að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni. Síðan var geingið til atkvæða, og fèll atkvæðagreiðslan á þenna hátt:

1. Breytíngaratkvæði *Vilhjálms Finsens,* fellt með 18 atkvæðum gegn 3.
2. Uppástúnguatriði nefndarinnar, töluliður 2., samþykkt með 24 atkvæðum gegn 1.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúníngsumræðu nefndarálit um konúnglegt frumvarp áhrærandi *launaviðbót nokkurra embættismanna á Íslandi.* Eg hefi látið prenta niðurlagsatriði nefndarálitsins í þessu máli, og eg vona, að þíngmenn hafi

þau við hendina. *Framsögumaður* er hinn háttvirti þingmaður Ísfirðinga.

Síðan var nefndarálitið afhent þessum þingmanni, og las hann það upp, svo hljóðandi:

„Hið virðulega þing hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um konúnglegt mál, sem lagt hefir verið fyrir þetta þing, sem er frumvarp til opins brèfs um laun ýmsra embættismanna á Íslandi.

Eptir að vèr höfum átt nokkra fundi með oss, og rætt þetta mál, svo og útvegað oss þær skýrslur, sem hèr er auðið að fá, skulum vèr leyfa oss að láta í ljósi álit vort á þessa leið.

Eptir því, sem skýrt er frá í ástæðum hins konúnglega frumvarps, er mál þetta sprottið út af uppástúngum nefndar þeirrar, sem sett var 1857, til að semja frumvarp til nýrra ákvarðana um laun allra þeirra embættis- og sýslunarmanna, er föst laun fá úr sjóði konúngsríkisins Danmerkur. Eptir uppástúngum þessum voru nefnilega samin tvö lagafrumvörp um laun tveggja flokka embættismanna þeirra, er taldir eru til konúngsríkisins; var annar flokkurinn sá, er heyrði undir dómsmálastjórnina, en annar sá, er heyrði undir kirkju- og kennslustjórnina. Í báðum þessum frumvörpum voru einnig taldir með embættismönnum konúngsríkisins þeir embættismenn á Íslandi, sem heyrði til hvorum flokkinum sèr í lagi, og fá laun sín úr ríkissjóði. Lagafrumvörp þessi eru ekki enn lögtekin; en þegar þau komu fram á ríkisþínginu í Danmörku, hefir nefnd sú, sem þar var sett í málinu stúngið upp á, að öllum þeim ákvörðunum, sem snerta laun íslenzkra embættismanna, yrði safnað í eitt og þær teknar í sèrstaklegt lagaboð, og af því henni þótti laun þau, er upp á var stúngið nokkuð há, og hún óttaðist, að ef þau væri nú samþykkt, þá kynni það að koma í bága við, hvernig þeim embættismönnum á Íslandi verður launað, sem ekki fá laun úr ríkissjóðnum, heldur af landinu sjálfu, þá stakk hún upp á, að laun áðurgreindra embættismanna, þau, er ákveðin voru í frumvörpunum, yrði ekki samþykkt, fyr en alþíngi hefði gefizt kostur á, að segja álit sitt um mál þetta. Eptir þessari uppástúngu hefir stjórnin látið gjöra þetta frumvarp, sem hèr er lagt fyrir alþíngi um laun embættismanna þeirra, er fá laun sín úr ríkissjóði; en þar eð alþíngi hefir ekki fjárhagsráð, þá álítur nefndin það óefað, að fyrirætlan stjórnarinnar muni vera sú, að leggja frumvarpið fyrir ríkisþíngið í Danmörku, eptir að alþíngi hefði sagt um það álit sitt, og mundi

þá ríkisþíngið taka tillit til þess álits meir eða minna, eptir vild sinni, en ráða alveg úrslitum málsins, og lagaboð það, sem út kæmi, yrði ríkisþíngsins verk, en ekki alþíngis. Þetta leiðir beint af ásigkomulagi þínganna.

Nefndinni virðist auðsætt, að tvær ólíkar stefnur komi fram í þessu máli hjá stjórninni og hjá nefnd þeirri, sem hún hefir sett, á annan bóginn, og á hinn bóginn hjá nefnd þeirri, sem hefir farið með málið á ríkisþínginu í Danmörku. Stjórnin og nefnd hennar hafa, eins og fyr hefir verið siður, tekið embættismennina hèr á landi í flokka með samkynja embættismönnum í Danmörku, þó hún hafi sett þá skör lægra í laununum; þíngnefndin í ríkisþínginu hefir aptur á móti viljað skilja hina íslenzku embættismenn að, og hafa þá sèr í lagi. Vèr tökum þetta sem vott um, að stjórnin haldi enn fram hinni fyrri skoðun sinni, að álíta Ísland sem einn hluta úr konúngsríkinu Danmörku, eða hjálendu þess, og haldi því íslenzkum embættismönnum saman við embættismennina í Danmörku eins og fjárhagnum; en að ríkisþíngsnefndin vilji heldur að skilja fjárhaginn og taka því hina íslenzku embættismenn sèr í lagi, en setja þá ekki í flokk með hinum, til að undirbúa aðskilnaðinn. Nefndinni virðist nú, að þetta atriði standi á mjög litlu, meðan fjárhagurinn er ekki aðskilinn hvort sem er; því þó hvortveggja flokkurinn standi í hinu sama danska lagaboði, þá virðist það eins lítið geta staðið fjárhagsaðskilnaðinum í vegi á sínum tíma, eins og hitt gæti að skilið, þó sínir stæði í hvorum lögunum, þegar ríkisþíngið eitt hefir ályktanda vald um hvortveggja lögin. Nefndinni virðist aðalatriðið vera þetta, að meðan fjárhagurinn er ekki aðskilinn, þá hafa embættismenn þeir, sem hèr eru á Íslandi, ástæðu til, að bera laun sín saman við laun samkynja embættismanna í Danmörku að svo miklu leyti, sem hvorirtveggja hafa laun sín úr ríkissjóði, og að njóta í þessu tilliti fulls jafnrèttis, eins og verið hefir að fornu.

Nefndin viðurkennir fullkomlega, að uppástúnga nefndarinnar í ríkisþínginu lýsir mikilli kurteysi við alþíngi í því, að þar er farið fram á, að laun íslenzkra embættismanna, þau er ákveðin eru í frumvarpi þessu, skyldi ekki verða samþykkt, fyr en alþíngi hefði gefizt kostur á, að segja um það álit sitt; en nefndinni finnst, að meðan alþíngi hefir ekki fjárhagsráð, og ríkisþíngið í Danmörku hefir í höndum öll ráðin og ályktarvaldið í því efni, þá sè þetta í raun og veru eintómt form, þar eð ríkisþíngið mundi þá þykjast hafa fullan rètt á, að breyta frumvarpinu á hvern þann hátt, sem því litist; það

mundi einúngis hafa tillit til nppástúngna þíngsins eptir geðþekkni; stjórnin mundi taka þessar ályktanir gildar, en ekki alþíngis, og lagaboðið mundi á sínum tíma koma út sem lagaboð frá löggjafarvaldinu í Danmörku, konúngi og ríkisþínginu, en ekki frá konúngi og alþíngi. Ástæður frumvarpsins benda einnig til, að stjórnin líti þannig á málið, þar sem hún minnir á, að meðferð slíks máls sem þetta, er snertir fjárhagsefni, heyri ekki undir verkasvið alþíngis. En þegar þannig á stendur, þá yrði réttur alþíngis í þessu máli einginn, og ályktunarvald þess ekkert, en ráð þess metin eptir því, sem þau hefði tog til á ríkisþínginu. Nefndinni virðist því, að alþíngi yrði með þessu móti eins konar ráðgjafaþíng undir ríkisþínginu í Danmörku, og þar finnst nefndinni einskis verulegs gagns af að vænta fyrir þíngið eða þetta land. Enda virðist því síður ástæða til fyrir alþíngi, að velja sèr þá stöðu í þessu máli, sem þíngið hefir stöðuglega framfylgt því við stjórnina, að fá ályktunarvald í fjárhagsmálum Íslands, og ríkisþíngið hefir nokkrum sinnum stutt það mál.

En fyrir utan þessa formlegu hlið málsins, þá er einnig í því sjálfu að efninu til fólgið margt, sem að ætlun nefndarinnar gjörir það óráðlegt, að alþíngi ráði nokkuð til lykta um þetta frumvarp, þannig lagað sem það er, og sömuleiðis virðist nefndinni jafnvel vera ómögulegt fyrir þíngið, að bera upp ákveðnar uppástúngur um þess einstöku atriði.

Ef svo stæði á, að alþíngi hefði fjárhagsráð hèr á landi og gæti haft yfirlit yfir allan landsins hag, þá væri það án efa vel til fallið, að ákveða í lagaformi laun embættismanna. En það er auðsætt, að með þessu ásigkomulagi, sem nú er, og með þeim skýrslum, sem nú eru fyrir hendi, verður þessu ekki við komið af alþíngis hálfu, því til þess hefir það fyrst og fremst einga köllun að þessu sinni, eingan undirbúníng af stjórnarinnar hendi, og eingar skýrslur, sem nægja. Frumvarp þetta, sem fyrir er lagt, ber menjar þess, hversu það er orðið til, að það er einúngis samsett úr nokkrum liðum úr tveimur frumvörpum, sem ætlazt hefir verið til að yfirgrípi þá embættismenn, sem hafa laun úr ríkissjóði í Danmörku, og heyra undir tvenn aðskilin stjórnarvöld. Þessir liðir eiga líklega vel við í heild sinni, þegar allt er skoðað frá sjónarmiði Danmerkur; en þegar þeir eru teknir út úr, og skoðaðir sem heild frá sjónarmiði Íslands, þá eiga þeir ekki vel við. Nefndin þarf í því tilliti einúngis að geta þess, að þessir liðir minna á hina óheppilegu sundurdeilíngu embættismanna hèr á landi í tvo flokka, annan þann, er laun hefði úr

ríkissjóði, og annan þann, er laun hefði úr landssjóði, sem kom fram í uppástúngum stjórnarinnar til þjóðfundarins 1851. En þessi skiptíng getur að eins átt við, meðan fjárhagur Íslands er ekki að skilinn, en ekki leingur, og leiðir þar af, að ef fjárhagurinn yrði nú að skilinn innan skamms tíma, þá yrði þetta lagaboð, sem nú kæmi út með þessu lagi, öldúngis ónýtt, og yrði þá annaðhvort að búa til nýtt frumvarp á öðrum grundvelli, eða hafa aðra aðferð, og ákveða launin öll sèr í lagi.

Það er hverjum auðsætt, og nefndin þarf ekki að taka það ítarlegar fram, að yrði fjárhagur Íslands að skilinn frá Danmörk, þá yrði að líkindum ýmsu breytt í framkvæmdarstjórninni hèr á landi og skattalögunum, og þessar breytíngar yrði miðaðar við hag þessa lands. Menn gæti hugsað sèr t. d., að skattheimtu yrði komið öðruvísi fyrir, að dómaraembætti yrði að skilin frá skattheimtusýslunum, að sumum embættum kynni að verða fækkað, sum aptur ný upp tekin og margt fleira. Um allt þetta getur þíngið að sinni eptir nefndarinnar áliti ekkert annað sagt, en að það hlýtur að gjöra ráð fyrir því, vegna þess það hefir ástæðu til, að gjöra ráð fyrir, að fjárhagurinn verði að skilinn, en að gjöra um það uppástúngur við þetta frumvarp, geti alls ekki átt við. Þegar það nú liggur beint við að ætla, að lagaboð þetta gæti eptir efni sínu einúngis verið til einskonar bráðabyrgða, þá virðist nefndinni enn síður ástæða til, að þíngið fylgdi fram, að það kæmi út sem sèrstök lög eptir ályktun ríkisþíngsins í Danmörku.

En nefndinni virðist þar að auki eingin brýn nauðsyn á, að þetta frumvarp komi út í lagaformi á þenna hátt, heldur verður nefndin að halda, að því mætti koma fyrir öðruvísi. Vèr gátum þess áður, að oss virðist á eingu standa í verunni, þó svo stæði, sem stóð í frumvörpum stjórnarinnar öndverðlega; en stæði ekki svo, þá virðist oss ákvarðanir um laun íslenzkra embættismanna, þeirra er laun hafa af ríkissjóðnum, geta staðið í fjárhagslögunum, eins og þar stendur um tekjur og útgjöld Íslands árlega, og verður ákveðið af ríkisþínginu. Því eins og stjórnin hefir hingað til borið upp fyrir ríkisþíngið og látið það ákveða, ekki einúngis, hvað þyrfti að skjóta til Íslands þarfa á hverju ári eptir hinu venjulega reikníngslagi stjórnarinnar, heldur og einnig jafnvel tekjur landsins, eða skatta og skyldir landsmanna, ekki að nefna útgjöld þau, er til landsins gánga, og þetta allt án þess, að nokkur fulltrúi frá Íslands hendi ætti þar þíngsetu, eða alþíngi hefði þar um nokkurt atkvæði, eins mundi henni

ekki vaxa í augum, að láta ríkisþíngið ákveða þessi atriði, sèr í lagi um nokkurra ára bil.

Það er því álit nefndarinnar, að alþíngi eigi að ráða frá, að frumvarpið komi út í lagaformi sèrstaklega að svo stöddu, heldur að ákvarðanir þess verði með nauðsynlegum breytíngum teknar í fjárhagslögin árlega, eða þeim komið fyrir á einhvern annan hátt, sem hæfa þætti, meðan svo stendur sem nú er.

En þó þetta sè álit nefndarinnar með tilliti til frumvarpsins, eins og það er lagað, þá getur þó nefndin ekki leitt hjá sèr, að tala um þá reglu, sem kemur fram í frumvarpi þessu, að gjöra mun á launum samkynja embættismanna hèr og í Danmörku, því nefndinni virðist, að regla þessi sè ekki byggð á neinum gildum rökum, eptir því, sem nú stendur á. Það hefir ávallt verið vani að undanförnu, að viðurkenna jafnrètti milli íslenzkra og danskra embættismanna, og það er öldúngis samkvæmt þeirri skoðun stjórnarinnar, sem verið hefir og er enn, að halda sameiginlegum fjárhag, og vilja álíta Danmörku og Ísland sem eina heild. Ef nú stjórnin lýsti því yfir, að hún sleppti þessari einíng, og vildi að skilja fjárhag og stjórn Íslands og Danmerkur, þá gætum vèr skilið, að ekki væri teknir í einn flokk danskir embættismenn og íslenzkir, eða þó menn vildi ákveða laun á sinn máta handa hverjum; en á meðan einíngin stendur í fjárhag og stjórn, þá virðist oss það ekki geta verið neinum efa undirorpið, að embættismenn hèr eigi jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku, og að þeir geti vænt jafnrèttis. Það er og fyrst á seinni tímum, helzt síðan 1830, að mest hefir borið á, að embættismenn hèr hafa feingið lægri laun, en samkynja embættismenn í Danmörku. Ástæða sú, sem til hefir verið greind, að tekjur af Íslandi væri of litlar til móts við útgjöldin, er af slíku leiddi, getur því að eins átt við, að fjárhagur sè að skilinn og hreinir reikníngar gjörðir; en þegar það er ekki, þá vitum vèr ekki til, að slík ástæða geti haft nokkurt gildi, enda vitum vèr og ekki heldur til, að hún komi fram við nokkurn þann part, sem er talinn með í ríkinu og settur undir sömu fjárhagslög. Menn geta ekki í sömu andránni skoðað Ísland, eða hvern hluta ríkisins sem er, svo sem óaðskilinn landspart, með sameiginlegum sjóði, og sem aðskilið land með frjálsu forræði á öllum sínum fjárhag. Menn geta ekki heimtað, að alþíngi vísi á fè eða leggi álögur á landið í sömu andránni og þínginu er neitað um, að hafa nokkurt atkvæði í fjárhagsmálum landsins eða um reikníngа þess. Nefndinni virðist auðsætt, að meðan fjárhagurinn er ekki að

skilinn, geti ekki þessi ástæða komið að réttu lagi til greina. Þarfir Íslands og janrétti á við hina hlutana, sem það er í sameiníng við, hljóta að vera grundvallaratriðið. En þar við bætist, að þegar nefndin rennir að eins lauslega auga yfir reikníngana þá, sem nú eru taldir árlega árs í fjárhagslögum Danmerkur fyrir Íslands hönd, þá getur hún ekki betur séð, en að þeir lýsi bezt, hversu léttvæg sú ástæða er, sem af þeim verður dregin; því svo vér drepum að eins á eitt atriði, þá er tilfærð árlega í útgjöldum þeim, er áður geingu af eignum biskupsstólanna allt að 20,000 dala, en ekkert talið aptur til inngjalda, jafnvel þó eignir þessar væri á sínum tíma teknar í ríkissjóðinn með þeim skildaga, að hann stæði straum af þeim útgjöldum, sem á eignunum lágu, svo að þessi útgjöld geta með réttu skoðazt sem árleg kvöð á ríkissjóðnum, eða útsvar á ársgjaldi eptir fé, sem hann hafði áður meðtekið. Sama kemur fram, ef vér skoðum hinar svonefndu konúngsjarðir, seldar og óseldar. Það er þess vegna að nefndarinnar ætlun ekki sem réttast álit, að Ísland hafi ekki, sem kallað er, borið sig sjálft hingað til, ef reikníngar væri rétt skoðaðir; enda hefir og stjórnin sjálf viðurkennt þetta optar enn einu sinni, og meðal annars í ástæðum til fjárhagslaga 1850—51.

Það, sem skyldi þá setja hina íslenzku embættismenn á lægra bekk, en samkynja embættisbræður þeirra í Danmörk, ætti þá að vera sjálft ásigkomulagið hér, að verð á öllum hlutum væri hér lægra, eða hægra væri að ná til þess, sem maður þyrfti með, o. s. frv. Nefndin ætlar, að í þessu efni megi segja allmikið bæði með og mót; en hún ætlar, að niðurstaðan muni verða sú, og það ávallt meir og meir, að þarfir embættismanna hér verði ekki minni, en í Danmörku fyrir utan Kaupmannahöfn, ef til vill, og sé þess vegna eins frá þessari hlið ástæða til, að láta þá njóta jafnréttis með embættismönnum í Danmörku.

Nefndin hefir áður getið þess, að stjórnin hefir ekki sent þínginu neinar þær skýrslur, að menn geti þar af leingið fullkomið og ljóst yfirlit yfir málið. Eins er það, að nefndin hefir ekki séð neitt fullkomið yfirlit yfir samburð launa embættismanna hér og í Danmörku, og getur því ekki ábyrgzt, að samburðurinn sé réttur, en eptir því, sem hún ætlar muni fara nærri sanni, þá er jöfnuðurinn þessi milli launa þeirra, sem stúngið er upp á í Danmörku og hér, að:

Stiptamtmenn hafa þar 4,000 til 6,000 dala, og amtmenn byrja með 2,600 dala, auk skrifstofupeninga, en geta stigið til 3,600 dala.

Hèr eru stiptamtmanni ætluð 3,000 og 400 rd. í borðfè, en amtmönnum 2,000 rd., sem geta stigið til 2,800 rd.

Biskuparnir í Danmörku hafa hver um sig, fyrir utan Sjálands biskup, rúm 4,000 rd.; hèr er biskupinum ætlað alls 3,200 rd.

Landfógetinn fær 1,000 dali í stað 600 rd., og 300 rd. þar að auki sem bæjarfógeti.

Efstu dómendum í yfirrèttinum í Danmörku er nú ætluð 3,000 rd., og *assessórum* í Kaupmannahöfn frá 1,600—2,400 rd., og í Vebjörgum frá 1,400—2,200 rd., en hèr er *justitiarius* ætluð frá 2,000—3,000 dala og *assessórum* frá 1,000—2,000 dala auk skrifstofulauna fyrir fyrsta *assessor*.

Landlækni hèr er ætlað 1,000 rd. í laun, en hèraðslæknum 600 rd. og allt að 1,000 rd.; þessi launaupphæð er ápekk því, sem hæst er í Danmörku.

Laun skólakennara voru hækkuð í Danmörku með lögum 28. marz 1855; en sú endurbót náði ekki hingað, fyr en að stúngið er upp á sömu launum í þessu frumvarpi, sem hèr er fram lagt; hafa því kennarar hèr beðið nú í 3 ár eptir því jafnrètti, sem stjórnin sjálf viðurkennir þeir eigi.

Á þessum samjöfnuði má sjá, að stiptamtmaður, amtmenn og biskup eru settir skör lægra, en samkynja embættismenn í Danmörku; þykir þó nefndinni ástæða til, að álíta stiptamtmann hèr, sem í mörgum efnum þarf að sýna tign embættis síns, jafnvel fremri en samkynja embættismenn í Danmörku, þar eð hann er í mörgum efnum og í viðlögum í landstjóra stað; en allir þessir embættismenn hafa svo merkileg embætti á hendi í sjálfu sèr, og svo víðlend hèruð til umráða, að embætti þeirra virðast geta staðið jafnfætis samkynja embættum í Danmörku. Hið sama má og segja um yfirdóminn hèr, í samjöfnuði við yfirdóminn t. d. í Vebjörgum. Um hèraðslækna virðist nefndinni þess nokkuð gætt, hversu mjög örðugri þessi embætti eru hèr en í Danmörku; en hvað landlækni viðvíkur, virðist oss efasamt, hvort þar sè tekið sanngjarnt tillit til þeirrar tignar og ábyrgðar, sem embætti hans fylgir, og jafnframt til þess, að honum er miklu meira verk á herðar lagt, en embættisbræðrum hans í Danmörku, þar sem hann er jafnframt hinn eini læknir í Reykjavíkurbæ og í stóru hèraði að auki. Um land og bæjarfógetann má geta þess, að embætti hans er nokkuð sèrstaklegt í samanburði við embætti í Danmörku, og er einnig nokkuð haft tillit til þess í frumvarpinu; en þar hjá er þess að geta, að hann hefir hing-

að til haft húsaleigustyrk, sem ekki er hèr talinn með; en af því nefndin ætlar, að tilgángurinn hafi verið, að veita þessum embættismanni sem launabót, það sem hèr er stúngið upp á, þyrfti að taka tillit til þess, að því yrði við bætt. Hvað viðvíkur kennurunum við prestaskólann og latínuskólann, þá virðist nefndinni það vera aðgætandi, einkum með tilliti til undirkennaranna, að hèr má gjöra ráð fyrir, að kennarar geti ekkert töluvert unnið sèr inn misreitis, til að bæta með tekjur sínar, en á hinn bóginn er mikil nauðsyn að fá hina duglegustu menn að þessum skólum, og uppörfa þá til að leita sèr þar til sem beztrar menntunar. Fyrir þá sök virðist nefndinni ástæða til, að láta undirkennara byrja með 600 og enda með 1,200 rd., og þykir oss það svara sèr betur. Þó þetta sè hærra, en í Danmörk, þá er þar allt öðruvísi ástatt, því þar taka kennarar hlut í kennslukaupi lærisveina og ýmsum öðrum hlunnindum, sem ekki eiga sèr hèr stað, og þar að auki eiga þeir þar lángtum hægra með, að vinna sèr í hag með ýmsu móti en hèr.

Þetta hefir og verið viðurkennt að undanförnu, því laun kennaranna við skólann hèr hafa verið sett hærra að tiltölu en í Danmörku, einkum undirkennaranna. Um hin önnur laun, sem ákveðin eru til skólans, hefir nefndin einkis sèrlegs að geta, nema þess, að hún hlýtur að vera stjórninni samdóma um, að laun fyrir umsjón í skólanum megi ekki vera minni en 300 rd.; nefndin ætlar, að þau væri hæfilega sett til 500 rd.

Frá þingmanni Reykvíkínga er komin uppástúnga til þingsins um, að dómkirkjupresturinn í Reykjavík mætti fá húsaleigustyrk sinn, sem nú er 150 rd., aukinn um 400 rd., og hefir þingið vísað þessari uppástúngu til nefndarinnar. Nefndinni virðist, eptir því sem nú stendur á tímum, meðan Reykjavík er ekki stærri bær, en hún er, vera sama ástæða til, að auka þann styrk, sem dómkirkjuprestinum er veittur úr ríkissjóðnum, eins og til að auka laun annara embættismanna ; því í raun og veru er þó sá styrkur, sem honum er veittur, ekki annað en launabót, og dómkirkjuprestarnir hafa því meiri þörf á þessum styrk, sem þeir neyðast til, að kaupa sèr hús í bænum, en geta ekki búið til leigu.

Það hefir verið bent til, að þegar laun embættismanna þeirra, er fá laun sín úr ríkissjóði, yrði ákveðin, þá yrði að hafa tillit til annara embættismanna á landinu, sem ekki fá laun sín á sama hátt. Þetta væri þá helzt sýslumenn, en þó laun þeirra fari nokkuð eptir árferði, þá er það víst, að embætti þeirra sum þola, að sínu leyti

að tekjunum til, samjöfnuð við hvert það embætti, sem nú tekur laun úr ríkissjóði.

Um þessi atriði, sem hèr eru fram tekin, þykir nefndinni þó ekki hlýða, að alþíng gjöri neinar uppástúngur eða greiði um þau atkvæði, af þeim ástæðum, sem vèr höfum áður tekið fram; en vèr ætlum það eiga við og muni duga, að þíngið, jafnframt og það vísar til þessa álitsskjals nefndarinnar, eða tekur í álitsskjal sitt þessar bendíngar eða aðrar þar að lútandi, þá um leið biðji konúng vorn, að hann vilji mildilega sjá svo um, að embættismenn hèr á landi njóti alls þess jafnrèttis, og allrar þeirrar sanngirni með tilliti til launa þeirra, sem fremst má verða, í samanburði við samkynja embættismenn í Danmörku.

Nefndinni þykir enn fremur nauðsyn að geta þess, að eptir því, sem ástatt er, að verð á öllum hlutum fer hèr eins og annarstaðar hækkandi, að þetta kemur einkum fram við þá, sem fá laun sín í peníngum, og að þeir embættismenn, sem hèr ræðir um, hafa leingi mátt bíða þeirra launabóta, sem þeir virðast hafa átt sanngirniskröfu til, þá þykir nefndinni ástæða til, að alþíngi beiðist þess, að launaviðbót sú, sem veitt yrði, væri veitt sem fyrst.

Eptir áður sögðu leyfir því nefndin sèr, að stínga upp á:

1, *að alþíngi ráði konúngi frá, að láta þetta frumvarp þannig lagað koma út sem opið brèf, heldur að ákvarðanir þær, sem gjörðar verða um laun embættismanna hèr á landi, verði teknar í fjárhagslögin árlega eða á annan hátt ákveðnar, meðan svo stendur sem nú er.*

2, *að alþíngi biðji konúng, að hann vilji mildilega sjá svo um, að embættismenn hèr á landi njóti alls þess jafnrèttis og allrar þeirrar sanngirni með tilliti til launa þeirra, sem fremst má verða, í samburði við samkynja embættismenn í Danmörku, meðan ekki er að skilinn fjárhagur Íslands og Danmerkur.*

3, *að sú launabót, sem ákveðin verður handa embættismönnum hèr á landi, þeim er fá laun úr ríkissjóði, verði ákveðin sem fyrst að verða má.*

Reykjavík 9. ágúst 1859.

Ásgeir Einarsson, formaður nefndarinnar. *Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn, framsögumaður.

Arnljótur Ólafsson, Indriði Gíslason. Páll Sigurðsson“.

einúngis í tilliti til míns ágreiníngsatkvæðis.

Eg gat með eingu móti fallizt á þá skoðun meira hlutans, að ráða þínginu til, að biðja konúng um, að lagafrumvarp þetta nái eigi lagagildi, og það af þeim rökum, að málið kæmi þínginu eigi við, eins og nú á stæði; því þótt eg játi, að það heyri til ríkisdagsins, að gefa samþykki sitt til, að ákveða launaupphæð hinna íslenzku embættismanna, þeirra er nefndir eru í frumvarpinu, meðan laun þeirra eru greidd úr ríkissjóðnum, sem að þessu leyti verður að álíta sem sameiginlegan sjóð Íslands og Danmerkur, þá þykir mèr samt hitt efalaust, að embættismenn þessir og embætti þeirra sè íslenzkt málefni, eins og það er auðsætt, að landinu og alþíngi getur eingan veginn staðið á sama, hver laun þessum embættum fylgir, þar eð undir launununum er svo mjög mikið komið, bæði hverja þýðíngu embættin hafa í sjálfu sèr, og í samanburði við samkynja embætti í Danmörku, og svo í annan stað, hversu góðir embættismenn geta í þau feingizt. Þetta verður augljóst, þegar þess er gætt, að Íslendíngar, sem af lokið hafa embættisprófi við háskólann, eiga nú að lögum sama rètt og Danir til embætta í Danmörku, og væri nú embættislaunin hèr á landi talsvert lægri en þar, eins og nú hefir verið síðustu árin, þá er full ástæða til, að óttast fyrir því, að Íslendíngar sæki úr embættum hèðan um embætti í Danmörku. Þetta er nú því bagalegra fyrir landið, sem til þessa hljóta einkanlega að verða einmitt þeir mennirnir, sem mest álit hafa á sèr í Danmörku fyrir kunnáttu og dugnað, og því bezt að sèr; en auðsætt er, að það er hinn mesti bagi, og sem optast enda óbætanlegt tjón fyrir landið, að missa af þeim mönnum, er það má sízt missa, og er sitja í þeim embættum, sem mest ríður á, að hinir beztu embættismenn veiti forstöðu. Þetta verður þó því bagalegra, sem embættismenn vorir eru bæði í sjálfu sèr fáir að tölu, og þó jafnframt er skortur á lærðum mönnum í embættin, ekki sízt hin æðri, sem sjálfsagt er því að kenna, að launin eru svo lág, í samanburði við lærdómskostnaðinn, sem allajafna er að vaxa. Afleiðíngin af þessu er sú, að þeir, sem gánga í skólann, eru að fækka ár frá ári, sem væntanlegt er, því hvötin til að gánga hinn lærða veg verður minni með ári hverju, og horfir þetta nú þegar til fullkominna vandræða. Í annan stað ber og þess að gæta, að embætti þessi sè með svo miklum launum, að menn veljist í þau; fyrir því verða þau að vera yfir höfuð að tala betri, en önnur embætti á landinu, svo eptirsókn gæti orðið eptir þeim. Þegar alls þessa er vandlega gætt, þá er auðsætt, að mál þetta er mikils umvarðandi fyrir landið, og verð

eg því að álíta þá skoðun mína á góðum rökum byggða, að málið komi að þessu leyti landinu við.

Eg álít mèr og hlýða, að taka eigi að eins frumvarpið allt, heldur og hverja grein þess til nákvæmrar yfirvegunar, áður en þær sè bornar undir álit þingsins. Eg get og eigi fundið, að um þetta mál skuli gilda önnur regla, en hver þau mál önnur, sem alþingi hefir haft með höndum og álítur koma sèr við, þótt það hafi beðið um, að kostnaður til þeirra yrði greiddur úr ríkissjóði, hefir mèr þótt því síður ástæða til þessa um þetta mál, sem stjórnin hefir, eptir tillögum ríkisdagsins, borið það sjálf undir þingið, þar eð gánga má að því vísu, að ríkisdagurinn, sem alla tíð hefir verið svo örlátur við oss, og tekið svo vel undir fjárhagsmál vor, muni nú gefa tillögum alþingis sèrlegan gaum, sem það gefur eptir samkomulagi milli stjórnarinnar og ríkisdagsins.

Þegar eg nú þessu næst sný mèr að málinu sjálfu, þá er eg meiri hlutanum með öllu samdóma í því, að þeir íslenzkir embættismenn, sem hèr er um að ræða, eigi að njóta *jafnrèttis* við samkynja embættismenn í Danmörku, með því að sömu hæfilegleikar eru gjörðir að skilyrði fyrir því, að öðlast embætti þessi hèr sem þar, og embættin hèr eru öll fremur vandameiri, en að þau sè vandaminni, en samkynja embætti í Danmörku, auk þess að Íslendíngar hafa jafnan rètt við Dani, að sækja um og fá embætti í Danmörku. Eg verð að byggja á jafnrètti þessu sem frumreglu; en með því að sumum af embættismönnum þeim í Danmörku, er hèr koma til samanburðar, hafa mishá laun og óvíst er, hvort þeir fái allir jafnhá, þá verður og að taka mismun þenna til greina.

Eg get eigi fundið, að ástæða sè til, að setja laun embættismanna hèr lægra en í Danmörku, allra-sízt svo nokkru muni, fyrir því, að hèr sè ódýrara að lifa; því hèr mun eigi, ef á allt er litið, reynast ódýrara að lifa fyrir embættismenn en í Danmörku, einkum ef Kaupmannahöfn er undan tekin. Því fyrst er það, að allar lífsnauðsynjar, sem fluttar eru frá útlöndum, eru og hljóta að vera talsvert dýrari, en í Danmörku, og það eru allar nauðsynjar embættismanna hèr, nema kjöt, fiskur, mjólk og smjör. En nú er nýtt kjöt orðið hèr í Reykjavík á 10—16 sk. pundið; smjörpundið á 32—36 sk.; nýmjólk á 8 sk. potturinn; fiskurinn, einkum nýr fiskur, er talsvert ódýrari en í Danmörku. Yfir höfuð að tala hefir landvara öll hækkað mjög í verði síðan verzlunin varð frjáls, og nú hefir og öll matvara sveitamanna hækkað sakir fjárfellis. Í öðru lagi hljóta

menn að gæta að því, að embættismenn hèr á landi verða að sýna metnað sinn í því, að ganga á undan öðrum í gestrisni og öðrum höfðingsskap, og mega ekki verða eptirbátar annara í því; annars er áliti þeirra sem embættismanna hætta búin í augum alþýðu. Embættismenn mega hèr hvorki vera öðrum háðir vegna skulda, og heldur eigi smásýmir, ef þeir eiga að halda svo embættistign sinni, sem nauðsynlegt er; því meðal þjóðarinnar lifir enn sú skoðun á embættismönnum, að þeir eigi að vera sem höfðíngjar voru í fornöld, örlátir og hjálpsamir, en þó jafnframt auðugir og ríkir. Skoðun þessi hefir hin mestu áhrif á hlýðni hinna undirgefnu við yfirvald sitt. Að öðru leyti er það viðurkennt af öllum þeim mönnum, er vel hafa vit á slíku, að örsökin til þess, að nú er orðið svo margfalt dýrara að lifa en fyrrum, liggur í menntaframför tímans, og því sè eigi rètt, að meta embættislaun eptir matvælum einum eða helztu lífsnauðsynjum; á þetta sèr þó einkum stað með Ísland og þó einkum Reykjavík nú síðan verzlunin varð frjáls, og samgaungur við önnur lönd eru komnar á; því nú er Ísland eigi leingur „óþekkt land“, heldur heimsækja það margir útlendir menn á hverju sumri, einkum frá Frakklandi og Englandi, og leita þeir þá til embættismannanna, meðan þeir dvelja hèr, því til annara er varla að fara á svo fábyggðu landi. Það er því bæði eðlilegt og í sjálfu sèr æskilegt, að embættismenn vilji og þá jafnframt geti sýnt sig við þá, eins og samboðið er embættisvirðíng þeirra og tign ríkisins.

Að svo mæltu skal eg snúa mèr að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

1. gr. Af ástæðum þeim, sem þar eru teknar fram í áliti meira og minna hlutans finnst mèr öll nauðsyn á vera, að borðfè stiptamtmanns verði hækkað um eigi minna en 400 rd., því borðfè það, sem stiptamtmaður nú hefir, er bæði of lágt, þegar litið er til stöðu hans, sem ímynd konúngsdómsins við alla útlenda menn, og þess kostnaðar, er af henni leiðir; svo væri það og einginn jöfnuður, að stiptamtmaður hefði eigi meira borðfè, en í ráði, er að amtmaðurinn á Færyjum fái. Þar sem skrifstofupeníngar eru eigi nefndir í grein þessari, þá álít eg, að það hafi þótt sjálfsagt, að þeir hèldist við framvegis, og vil eg að eins vekja athygli að því, en hitt ætla eg, að bæta ætti við húsaleigustyrk landfógetans 150 rd., sem hefði átt að vera getið í síðasta hluta greinarinnar.

2. gr. Mèr getur eigi dulizt, að hèr er gjörður fjarskalega mikill munur á launum háyfirdómarans og samkynja embættismönn-

um í Danmörku, sem eiga að byrja með 3,000 rd., og finnst mèr munurinn undir eingum kríngumstæðum mega meiri vera en svo, að háyfirdómarinn hèr byrji með 2,200 rd., og endi á 3,200 rd., það er einum 200 rd. meira en amtmenn, er þó hafa húsaleigu eða bústað að auki. Einnig finnst mèr sjálfsagt, að hann ætti að fá launaviðbót 3. hvert ár, en eigi 5. hvert; því bæði er stúngið upp á því, að yfirdómarar í Danmörku skuli fá launaviðbót 3. hvert ár, og svo er það í sjálfu sèr svo sanngjarnt, og enda sjálfsagt, ef launaviðbótin á að geta komið að tilætluðum notum; því yfirdómarinn hlýtur jafnan að vera hniginn á efri aldur, þegar hann kemst í það embætti, og eru því eingin líkindi til, að hann muni lifa þar eptir í 25 ár, sem er tími sá, er hann þarf, til að fá þessa launaviðbót, ef hún er bundin við 5 ára tímann.

3. gr. Laun landlæknis ætla eg að eigi megi minni vera, en að hann byrji á 1,200 rd og endi á 1,600 rd., því staða hans er bæði vandasöm og svo harðla áríðandi fyrir landið, þar öll læknismál og stjórn á þeim er svo mjög undir þessum eina manni komið.

4. gr. Þar eð prestaskólinn er, eins og þegar er fyrir laungu játað af ráðherra kirkju og fræðslumálanna í reglugjörð prestaskólans 30. júlí 1850, 13. grein og ástæðunum við hana, óneitanlega æðri menntastofnun, en hinn lærði skóli, með því að stúdentar frá lærða skólanum gánga á prestaskólann, til að undirbúa sig þar til prestlegra embætta í landinu, þá finnst mèr eigi tilhlýðilegt, að setja laun forstöðumannsins og kennaranna við hann, eins og gjört er í frumvarpinu, þar sem forstöðumaðurinn er gjörður jafn rektor og kennararnir við prestaskólann jafnir kennurunum við hinn lærða skóla. Þess ber og að gæta, að embættislaun forstöðumannsins og fyrsta kennarans ætti eigi að vera minni, en tekjur eru á hinum beztu brauðum á landinu, svo að þeir hefði eigi sèrlega orsök til að sækja um þau frá kennsluembættinu við prestaskólann; því bæði útheimtist til þess, að vera forstöðumaður prestaskólans, að hann sè prestvígður, og mundi þá varla sá verða til þess, er sæti á því nær eins góðu brauði, sem forstöðumannsembættið er að öllu samanlögðu, og er nauðsynlegt, að eigi verði opt kennaraskipti, því laung bókaiðn og fastur áhugi útheimtist til að geta staðið vel í kennaraembættinu. Eg ætla því, að forstöðumaður prestaskólans ætti eigi að hafa minna, en að minnsta kosti 200 rd. meir en rektor. Laun fyrsta kennarans við prestaskólann ætla eg að ætti að vera eins há og laun yfirkennarans við hinn lærða skóla, en laun annars kennarans 100 rd.

meir, en kennararnir fá við latínuskólann, sem ætti að byrja á 600 rd.

Um laun dómkirkjuprestsins, þá finnst mèr full nauðsyn á, að honum verði veittir 400 rd. úr ríkissjóði; aptur á móti mætti þá húsaleigustyrkur sá falla burt, er dómkirkjuprestinum er veittur með konúngsúrskurði 17. nóvember 1835, eða launaviðbótin verði einúngis sett á 250 rd., auk húsaleigustyrksins. Laun dómkirkjuprestsins eru nú eptir meðaltali í 12 ár um 1,010 rd., og þegar þá þeim 250 rd. er bætt við, sem hèr er upp á stúngið, verða laun hans eigi nema 1,260 rd. Laun þessi mega eigi minni vera, þegar litið er til þess, að dómkirkjuprestinum er gjört að skyldu, að vera búsettur hèr í bænum, og að tekjur hans eru bæði mestmegnis aukatekjur og því mjög breytilegar, og að þær eru eigi goldnar í landaurum, nema einir 32 fjórðúngar smjörs og 3 vættir í fríðu. En nú með því að brauðið mun batna með tímanum, vil eg stínga upp á, að laun þessi verði veitt fyrst um sinn.

Af framangreindum ástæðum vil eg ráða þínginu til, að biðja konúng vorn um, að frumvarp þetta nái lagagildi hèr á landi með breytíngum þessum og viðaukum:

1. gr. *„800 rd.“ í stað „400 rd. í borðfè“.*
   Við niðurlag greinarinnar bætist:
   „Þar að auki fær hann (landfógetinn) 150 rd. í húsaleigustyrk sem hingað til“.
2. gr. Fyrri hluti greinarinnar orðist þannig:
   „Háyfirdómarinn í hinum íslenzka landsyfirrètti fær í laun 2,200 rd. á ári, og þar að auki fær hann 200 rd. í launaviðbót fyrir hver 3 ár, sem hann er í embættinu. Dómararnir fá 1,000 rd. í laun hvor þeirra, og þar að auki 200 rd. í launaviðbót fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum. Þó geta o. s. frv.“
3. gr. *„1,000 rd.“* í upphafi greinarinnar breytist í *„1,200 rd.“* og *„1,400 rd.“* í sömu grein í *„1,600 rd.“*
4. gr. Grein þessi orðist þannig:
   „Forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík fær í laun 1,800 rd. á ári, og þar að auki í launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu. Þó geta laun hans eigi orðið hærri en 2,400 rd. Hann fær þar að auki 150 rd. í húsaleigu eins og hingað til.
   „Fyrri kennarinn við prestaskólann fær í laun 1,000

rd. á ári; 200 rd. viðbót veitist honum fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu. Þó geta laun hans eigi orðið hærri en 1,600 rd. Hinn annar kennari við skóla penna fær í laun 700 rd. á ári; 100 rd. veitist honum fyrir hver 3 ár, sem hann er í embættinu; þó mega laun hans eigi hærri verða en 1,200 rd.“

„Skólameistarinn við hinn lærða skóla í Reykjavík fær í laun 1,600 rd. á ári, þar að auki fær hann í launaviðbót 200 rd. fyrir hvert 5. ár, sem hann er í embættinu. Þó geta laun hans eigi hærri orðið en 2,200 rd. Skólameistarinn fær þar að auki frían bústað í skólahúsinu eins og hingað til“.

„Yfirkennarinn við hinn lærða skóla“ o. s. frv.

En í þriðja kafla greinarinnar falli úr orðin: *„prestaskólann og“*; *„500 rd.“* breytist í *„600 rd.“*

Við enda greinarinnar bætist ný grein þannig orðuð:

Dómkirkjupresturinn í Reykjavík fær fyrst um sinn 250 rd. í laun úr ríkissjóði auk húsaleigustyrksins.

Reykjavík 10. ágúst 1859.

Arnljótur Ólafsson.

Framsögumaður (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn): Eins og þingið sèr, þá er munurinn á meira og minna hlutans áliti fremur í forminu en í efninu. Meiri hluti nefndarinnar sá ekki neitt verulegt gagn að því, að alþingi kæmi fram með ákveðnar uppástúngur í þessu máli, eða færi að til taka nú upphæð á launum embættismanna. Meira hlutanum þótti rèttara, að þingið fylgdi nú sömu skoðun eins og í hitt eð fyrra í málinu um áætlun reiknínganna, að gefa sig ekki út í það. Svo var það og því til fyrirstöðu, að skýrslur vantaði frá stjórninni; menn verða að gánga einúngis eptir því, sem hèr liggur fyrir. Það væri heldur ekkert unnið, þó þingið færi að gefa atkvæði um hin einstöku atriði, frekar en eins og meiri hlutinn hefir stúngið upp á, því vèr hljótum þó að játa, að vèr höfum ekkert ályktarvald, heldur yrði málið að gánga hèðan til ríkisþíngsins í Danmörku til ályktunar. Það, sem vèr samþykktum, yrði þá lagt sem frumvarp fyrir ríkisþíng Dana, og það, sem ríkisþíngið ályktaði, kæmi út sem lagaboð, án þess haft væri tillit til ályktunar alþingis. Oss í meira hlutanum sýndist því ástæða til, eingaungu að taka fram almennar grundvallarreglur, svo sem þær, að embættismenn hèr á landi njóti jafnrèttis, hvað launin snertir,

á við samkynja embættismenn í Danmörku. Eptir því sem þingmenn hafa heyrt, þá er lítill ágreiningur milli meira og minna hluta nefndarinnar; en vèr, sem vorum í meira hlutanum, sáum ekki álit minna hlutans, fyr en eptir að álit meira hlutans var búið, svo oss gafst ekki færi á, að hafa tillit til hans í áliti voru, þó vèr hefðum viljað; en vèr þykjumst ekki hafa þurft þess, því að vèr höfum ekkert sèrlegt á móti því, að efninu til, sem hann fer fram á, að laun embættismannanna verði hækkuð, og það meira reyndar, en minni hlutinn hefir til tekið. En oss sýndist það nógur grundvöllur fyrir stjórnina að byggja á, sem meiri hlutinn fer fram á, og það má án efa vona svo góðs til hennar, að hún sjái svo um, að þetta mál verði ekki dregið, og að það muni enginn óhagur fyrir nokkurn rísa af, þó þingið taki þannig í málið.

Arnljótur Ólafsson: Það er ekki í fyrsta sinni, að eg er í minna hluta nefndar, en þó hefir það aldrei verið eins og nú, þar sem eg er einn á móti fjórum. Eins og þingmaður Ísfirðinga sagði, þá var nú ágreiningurinn eingaungu um meðferð málsins; þingmenn hafa nú heyrt, hvernig meiri hlutinn hefir tekið í málið, og get eg ekki neitað því, að mèr sýnist það skakkt, og eg held, að það geti haft slæmar afleiðingar. Eg sè nú ekkert á móti því, þó farið sè fram á styrk úr ríkissjóðnum, hvað sem ályktarvaldi ríkisdagsins líður, og það því heldur, sem vèr höfum í fleiru en einu máli leitað styrks úr þessum sjóði; mèr sýnist það því ekki gegna neinum svörum, að þetta sè mál, er heyri undir ríkisdaginn, og það, sem hann gjörir, komi út sem lagaboð, því vèr höfum í málum vorum vísað á ríkisjóðinn, hví skyldum vèr þá eigi gjöra það eins nú, þegar ríkisdagurinn og stjórnin sjálf biðja oss þess? Það getur vel verið, að ríksidagurinn breyti tillögum vorum og uppástúngum, en það hefir engin ástæða verið sýnd fyrir því, að þingið hafi eingan rètt til, að biðja um neitt úr ríkissjóðnum, og það er þessi rèttur, er vèr eigum nú að neyta. Mèr sýnist það því vera að selja öll þau mál úr höndum vorum, er að fjárbónum lúta, að taka í þetta mál eins og meiri hlutinn hefir gjört, og það er sannarlega undarlegt, að hinn háttvirti *framsögumaður,* svo skarpskyggn maður, skyldi ekki sjá það. En það, sem hann var að tala um, að nefndina hefði vantað skýrslur, þá held eg, að nefndin hafi ekki þurft að kvarta svo mjög yfir skýrslnaleysi í þessu máli, þar sem hún hafði lista yfir laun embættismanna í Danmörku, ríkisdagstíðindin, og fleira. Málið verður nú borið undir ríkisdaginn á eptir, og þá verður lagt frumvarp fyrir hann, en það

frumvarp verður ekki á íslenzku, heldur á dönsku, og þess vegna eigi frumvarp það, er héðan kemur frá þínginu; þá eru nú tveir vegir; annaðhvort verða laun þessi veitt árlega, og árlegur launalisti stendur í fjárhagslögunum, eða það kemur út sérstakt lagaboð á dönsku, sem ákveður laun þessara embættismanna. Þetta verður þá danskt lagaboð, en eigi íslenzkt, því hið íslenzka frumvarp liggur á skrifstofunni, á meðan þessu fer fram; en síðan ætla eg, að hið íslenzka lagafrumvarp verði undirskrifað af konúngi og gefið út sem íslenzkt lagaboð, reyndar sjálfsagt samhljóða hinu danska lagaboði. Mér þykir þetta því mjög ísjárverð aðferð, sem meiri hlutinn fer fram, og eg er hræddur um, að ríkisdagurinn muni segja við oss Íslendínga: „Nú hefi eg skotið einu fjármáli til yðar álita, og þér hafið sagzt eigi geta talað neitt um það, því málið kæmi yður alls ekki við; nú aptur á móti þegar þér komið til mín í fjárbónum, þá segi eg — það er eigi meira en kaup kaups —: Yður kemur þetta mál alls ekki við; það hafið þér sjálfir sagt; eg skipti mér ekki hót af því; sjáið þér þar sjálfir fyrir". Eg álít það því ekki rètt, að vèr skjótum málinu fram hjá oss, og eg sè ekki, hvernig þíngið getur gefið atkvæði með meiri hlutanum, eða hvernig enda *forseti* getur farið að bera uppástúngur hans upp til atkvæða, eins og þær nú eru lagaðar. Að minnsta kosti verður málið á þann hátt öldúngis árángurslaust, og það ef bezt fer.

Jón Hjaltalín: Þetta frumvarp hefir nú lík áhrif á mig og á hinn háttvirta þíngmann Borgarfjarðarsýslu; því ef ástæður meira hlutans verða teknar til greina, þá held eg þessu máli sè óhætt að leggjast til hvíldar. Því hefir verið hvíslað að mèr af manni, sem þekkti þó töluvert til, að ríkisþíngi Dana hafi verið um og ó; því hafi þótt þetta nógu mikil laun, sem embættismönnunum eru ætluð á Íslandi; hefir þíngið þar þá hugsað sem svo: Íslenzku bændurnir eru víst ekki of ríflr; við skulum senda þeim þetta; þeir kunna að lækka það nokkuð. Ríkisþíngið getur nú ekkert feingið betra en uppástúngur meira hlutans til að styrkja ástæður sínar; því þeir þar halda, að allt sè hèr svo ódýrt, og það dugar ekki, þó þeim sè sagt að öðruvísi sè, því þeir trúa því ekki. Þó menn nú á þíngi Dana ekki vildi gánga inn á þetta áður, þá kynni þeir þar á móti neyðast til þess, þegar þeir sjá, að íslenzku bændurnir vilja fara leingra, því þeir hugsa sem svo, að eitthvað muni vera í því, að embættismennirnir þurfi nokkurra launa með hèr eins og þar. En ef vèr förum að segja, að það sè gott að fá eitthvað, okkur er sama hvað

mikið, við ákvörðum það þá fyrst, er vèr höfum feingið að skilinn fjárhag vorn frá fjárhag Danmerkur, þá held eg stjórnin fari sèr nú hægt, og láti, ef til vill, fjárhagslagafrumvarpið dragast nokkur ár til, svo að loksins situr allt við hið gamla; eða hver er svo einfaldur að hann haldi, að henni geti verið svo um launabótina að gjöra, að hún þess vegna hlaupi upp til handa og fóta og fari að flýta sèr með þetta fjárhagsfrumvarp? Eg skil ekki í því, að hver maður, sem þekkir, hvað þing Dana er varkárt, skuli ekki sjá það fyrir, að það muni velja þenna veg; stjórnin má sannarlega halda, að þegar þingið vill ekki gánga inn á þetta frumvarp, þá er líklegt, að það vilji bíða með það, þángað til skattalögin koma, svo það verður í öllu falli ekki sèrlega fljótt, að þessi sanngirnis launabót fær framgáng. Þó eg játi því, að meiri hluti nefndarinnar þykist vilja bæta vel úr launum embættismanna hèr, og fari í því mjög frjálslega, þá sè eg ekki, að það verði að liði með því móti, sem meiri hlutinn ætlast til. Við embættismenn lifum eigi á tómu jafnrètti eða sanngirni, sem á að koma svona einhvern tíma og einhvern tíma, og eg fyrir minn hluta vil heldur hafa þessa litlu launabót, sem stendur í frumvarpinu, en að stóla upp á þessi mörgu orð, sem nefndin er að lauma í vasa okkar, en sem aldrei mun gjöra hann einu grani þýngri, en hann nú er. En verði minni hlutinn ofan á, þá er þó von um, að stjórnin kunni má ske að gánga inn á það, sem í frumvarpinu stendur, og það er það mesta, sem eg get búizt við, og eg held, að hver sá, sem þekkir ríkisdaginn, geti kannazt við, að hann hlaupi ekki á sig í launaviðbótum sínum, og þó eg hafi ekki mikinn spádómsanda, þá hygg eg, að það rætist, að ef meiri hlutinn verður ofan á í þessu máli, þá kunni það að dragast í fyrstu 10 árin, og næstu 10 árin til.

Framsögumaður: Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti þingmaður Borgfirðínga tók fram, að þingið með því að fallast á álit meira hluta nefndarinnar, seldi úr höndum sèr rètt til fjárhagsmálanna, þá get eg ekki sèð, hvernig honum skilst það, því eg veit ekki til, að þingið hafi neitt ályktaratkvæði í því, sem við kemur fjárhagsmálum, og þetta mál fer eins og önnur mál hèðan frá alþingi, ekki til ríkisþingsins, heldur til konúngs. Allar þær ákvarðanir, sem alþingi vildi gjöra í þessu máli, held eg því að verði með öllu þýðíngarlausar sem ályktanir. Þingið getur á margan hátt látið í ljósi meðmæli sín með því, að embættismannalaunin verði hækkuð, og þetta gjörir meiri hlutinn enn kröptuglegar í nefndarálitinu, en minni hlutinn með öllum sínum ályktunum, nema hvað meiri hlut-

inn gjörir það í almennara orðatiltæki, og mig furðar á því, að hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður ekki skuli sjá það. Þetta frumvarp hefir ekki ríkisþínginu samið, eður samþykkt, heldur hefir nefnd manna frá ríkisþínginu sèð það, en ekki einu sinni samþykkt það, og stjórnin hefir viljað gjöra alþíngi það til geðs, að leggja frumvarpið fyrir það, þó það sè alveg þýðíngarlaust sem ályktan, en einúngis til að heyra álit þíngsins. Og að svo miklu leyti, sem leitað er álits alþíngis, þá þykist eg viss um, að ef þíngið segði eitthvað embættismönnum sínum til liðs, mundi stjórnin taka því vel, en eg held, að uppástúngur um það gjöri ekki meiri áhrif, en þó farið sè að eins og meiri hlutinn ræður til. Stjórnin mun sjálf án efa vera sannfærð um, að embættismennirnir hèr hafa eins mikla þörf á launaviðbót, eins og embættismenn í Danmörku, og eg get ekki betur sèð, en að frá þeirri hlið skoðað, sè aðferð meira hlutans sömuleiðis í alla staði formleg og regluleg. Þar sem þíngmaður Borgfirðínga talaði um, að það væri bágt að bera uppástúngur meira hlutans upp til atkvæðagreiðslu, þá get eg ómögulega sèð, að það sè bágara hèr, en í öðrum málum, þeim sem fara í sömu stefnu. Eg veit, að ríkisþíngið muni sjá það ljóslega, hvar fyrir alþíngi vildi ekki greiða atkvæði um frumvarpið, þegar það vissi, að ríkisþíngið mundi færa á eptir allar ákvarðanir þess til og frá upp og ofan, eptir því, sem því sýndist, og þetta mátti þíngmaður Borgfirðínga einnig viðurkenna, að svo mundi verða. Þetta bendir ljóslega til, að alþíngi á ekki að gefa atkvæði um greinir frumvarpsins, þar eð það hefir ekkert ákvörðunarvald um það; það er miklu eðlilegra, að eins sè farið með þetta mál, og þegar alþíngi annars biður um fè úr ríkissjóðnum, að það ákvarði ekki peníngaupphæðina, heldur til taki að eins og haldi fram grundvallarreglum þeim, sem upphæðin byggist á. Þetta er nú mín meiníng, hvort sem hún kemur af glámskyggni eða ofskyggni; sannfæríng mín er enn hin sama og áður, því mèr finnst hún vera á rökum byggð.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg verð að vera með nefndaráliti meira hlutans, því strax þegar eg hafði sèð og yfirvegað þetta málefni, þá hafði eg, án þess þó að vita neitt, hvað fram fór hjá nefndinni, hugsað með sjálfum mèr, að það ætti að svara því máli rètt eins og meiri hlutinn hefir gjört. Fjárforráðin eru í höndum Dana, stjórnarformið, launaveitíngar og staða embættismanna hèr, þetta er allt verk Dana, og eg held við megum trúa þeim fyrir embættismönnum vorum, og eg held, að embættismenn vorir trúi þeim

sjálfir bezt fyrir kjörum sínum; það sýndist mèr á atkvæðum þeirra hèrna á alþíngi í hitt eð fyrra, þegar talað var um, að alþíngi feingi vald til að sjá yfir fjárhagsmál Íslands; því gef eg atkvæði mitt með meira hluta nefndarinnar.

Pètur Pètursson: Eg viðurkenni, að hinn meiri og minni hluti nefndarinnar hafa sýnt embættismönnunum hèr alla þá sannsýni, sem þeir geta átt heimtíng á, og meiri hlutinn hefir þó farið enn þá leingra, þar eð hann tekur fram jafnrèttið við embættismenn í Danmörku, og það er víst óneitanlegt, að menn hèr eiga rètt á þessu; en stjórnin hefir ekki ætlazt til þess, að þíngið skyldi segja álit sitt um þetta jafnrètti, heldur um hitt, hvort það hlutfall muni vera sanngjarnlegt, sem stúngið er upp á í frumvarpinu; við heyrðum það líka á nefndarálitinu, að ríkisdeginum hafi þótt þessi laun, sem stúngið er upp á í frumvarpinu, heldur há, og eru þau þó lægri, en embættismanna í Danmörku. Hvernig geta menn þá ætlazt til, ef þíngið biður um að hækka launin, eins og farið er fram á í áliti meira hluta nefndarinnar, að það muni fást? Mèr er það öldúngis óskiljanlegt. Hafi þá verið stúngið upp á of háu, hver áràngur getur þá verið af, að biðja um meira? Eg ætla nú ekki að tala um það, að hve miklu leyti þíngið sleppi rètti sínum, þó það fallist á, að frumvarpið komi út sem opið brèf, en þegar eg lít á sjálft nefndarálitið, þá er það svo vel orðað, og lýsir svo mikilli sanngirni og eðallyndi, að það hlýtur hver embættismaður að vera henni þakklátur fyrir það, og það er þar tekið fram, að þó alþíngi ráði frá, að löggilda þetta frumvarp, þá sè það rètt, að taka það upp í fjárhagslögin; en þetta er nú komið nokkuð öðruvísi fram í 1. niðurlagsatriðinu, og þess vegna vil eg, ef meiri hlutinn verður ofan á, stínga upp á varaatkvæði við 1. gr. í niðurlagsatriðinu á þá leið, að ákvarðanir frumvarpsins verði með hæfilegum breytíngum teknar upp í fjárhagslögin. Þetta getur ekki gjört neina verulega breytíngu, en er tekið úr nefndarálitinu, og eg held það muni gjöra nokkra tryggíngu. Þó minni hlutinn hafi farið fram á minna, þá gjöri eg mig ánægðan með það, því eg kæri mig ekki um meiri laun, en eg kemst af með; eg kæri mig ekkert um jafnrètti við embættismenn í Danmörku, og er eins vel ánægður með frumvarpið, eður minna hlutann.

Sveinn Skúlason: Eg ætla nú að vera miðill, en ekki málaspillir í þessu máli. Eg verð að segja, að mèr sýnist meiri hlutinn hafa alveg rètt fyrir sèr að forminu til, og þess vegna tókst hinum heiðraða þíngmanni Borgfirðínga ekki að sannfæra mig með tölu sinni,

hvað þetta snertir. Eg mun því að öllum líkindum geſa atkvæði mitt fyrir meira hlutanum, en ef hann fellur, þá vil eg reyna að fara meðalveg, þó hann sè vandhittur, og vil eg einkum gjöra það til að hjálpa hinum 6. konúngkjörna þíngmanni. Hann kvað það vera gott, ef fallizt yrði á uppástúngur minna hlutans, því þá heſði stjórnin nokkuð til að slá af, þángað til hún kæmi niður að því, sem til er tekið í frumvarpinu. Eg ætla þá að fara nokkuð hærra, en minni hlutinn, ef meiri hlutinn fellur; og vil eg því áskilja mèr breytíngaratkvæði við tölurnar í öllum töluliðum minna hlutans; en af því eg heſi ekki hugsað áður nákvæmlega um það, þá mun eg til taka það seinna.

Konúngsfulltrúi: Eg játa það fúslega, að embættismennirnir hèr á landi mega vera bæði meira og minna hluta neſndarinnar þakklátir fyrir það, hvernig þeir haſa tekið í þetta mál; því af álitsskjölum og uppástúngum hvorstveggja sèst það skýlauslega, og er með berum orðum sagt, að embættismennirnir hèr á landi þurfi hærri launa við, en þeir nú haſa; og með þessari viðurkenníngu hvorstveggja hluta neſndarinnar álít eg þeirri spurníngu svarað, er stjórnin, með því að fram leggja frumvarpið, hefir borið undir þíngið, neſnilega hvort hækka þurfi laun þeirra embættismanna hèr á landi, er fá þau úr ríkissjóðnum, með fullkominni játun. Meiri hlutinn vill bæta kjör embættismannanna upp á þann máta, að embættismennirnir hèr á landi fái jaſnhá laun, sem samkynja embættismenn í Danmörku, eður, sem meiri hlutinn kallar það, njóti jaſnrèttis við þá. En þetta get eg ekki ráðið þínginu til að aðhyllast; því fyrst álít eg það ekki nauðsynlegt, að embættismenn hèr á landi fái eins há laun, sem embættisbræður þeirra í Danmörku; því eg álít það vel viðunandi t. a. m. ef amtmennirnir hèr, eins og frumvarpið fer fram á, byrjuðu með 2,000 rd. og enduðu með 2,800 rd., hvar á móti eg álít það að vera of há laun, eptir ásigkomulagi hèr, ef þeir t. a. m. ætti að byrja með 2,600 rd. og enda með 3,600 rd.; og þar næst get eg eigi ætlað annað, en að fyrsta uppástúnga meira hlutans, er ræður frá, að frumvarpið skuli koma út sem lög, verði, ef þíngið fellst á hana, málinu til fyrirstöðu, og embættismönnum hèr á landi til skaða. Eg ræð því hinu heiðraða þíngi frá, ef það annars er á því máli með neſndinni, að laun embættismanna hèr þurfi að hækka, að aðhyllast meira hlutans uppástúngu nr. 1; því verði hún tekin af þínginu, mun það sannast, að embættismenn hèr á landi fá einga launaviðbót. Minni hluti neſndarinnar ræður þar á móti til, að

frumvarp stjórnarinnar verði samþykkt af þinginu, og síðan gjört að lögum, þó með nokkrum breytingum, er miða til, að hækka nokkuð laun sumra þeirra embættismanna, sem nefndir eru í frumvarpinu, upp úr því, sem þar í er til tekið. Eg ræð þinginu innilega til þess, að samþykkja þá uppástúngu minna hlutans, sem fer því á flot, að frumvarpið verði gjört að lögum, en þar á móti skal eg láta það vera á valdi hins heiðraða þings, að hve miklu leyti það vill aðhyllast þær breytingaruppástúngur, sem minni hlutinn hefir gjört við frumvarpsins einstöku greinir.

Arnljótur Ólafsson: Mèr þótti vænt um, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* skyldi vera á máli minna hlutans, og færði til þess aðrar og betri ástæður, en eg hefi gjört, og vona eg, að orð hans hafi mikil áhrif á þingmenn, þó mín hafi það ekki. Hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að þessi aðferð sín spilli ekki fyrir fjárleitum þingsins við Dani; en það er sannfæring mín enn sem áður, að hún gjöri það, og því vil eg vara þingmenn við. Hann bar fyrir, að málið færi til konúngs; jú, víst gjörir það svo; eða fer ekki allt til konúngsins, sem kemur hèðan frá alþingi? En þegar um fè er að gjöra, þá verður konúngur aptur að fara til ríkisdagsins, og það vil eg biðja þingmenn vel að athuga. Hinn háttvirti *framsögumaður* lagði áherzlu á, að það væri þýðingarlaust, að til taka nokkuð dalatal, því að ríkisdagurinn kvæði á um upphæðina; en hann verður að gá að því, að þetta frumvarp er samið eptir tilmælum launanefndarinnar á ríkisdeginum, og þannig hefir ríkisdagurinn eins og þegjandi samþykkt það, og stjórnin hefir sjálf sent það til alþingis, og þannig þegjandi samþykkt það, og þetta allt er orðið beiðnislaust frá vorri hálfu. Ef hinn háttvirti *framsögumaður* heldur það sè þýðingarlaust, að ákveða upphæðina í dalatali, af því ríkisþingið breyti henni, er þá ekki þýðingarlaust að biðja um jafnrètti? Eða ætli ríkisdagurinn geti ekki breytt til með það? Eg vil líka spyrja: hvað er jafnrètti? Á að taka það eptir hinum minnsta mælikvarða í Danmörk, eða mesta, eða þá hverjum? Eg er öldúngis hissa á, að hinn háttvirti *framsögumaður* ekki skuli sjá, hvað það er þýðingarlaust, að biðja um svona ótiltekið. Honum er svo sárt um, ef ríkisdagurinn kann að breyta uppástúngum alþingis um einskildíng, en þá held eg honum mætti vera sárt um, ef jafnrèttinu væri neitað. Alþingi hefir áður ekki tekið sèr það nærri, þó það feingi minna, en það hefir beðið um, því menn vita, að það hefir ekki þann rètt í fjárhagsmálum, að stjórnin sè skyld að fylgja bók-

staflega uppástúngum þess, og minni hlutinn fer heldur ekki fram á, að stjórnin breyti ekki neinu í uppástúngum hans. En það segi eg fyrir mig, sem þíngmaður, og enn fremur ef eg væri bóndi, að eg mundi gefa atkvæði mitt fyrir, að laun embættismanna okkar væri hækkuð frá því, sem ríkisdagurinn stíngur upp á, svo að eg sýndi þar með, að eg hefði ekki óvild á embættismönnum; það væri fagurt til frásagna, það mæltist vel fyrir því í Danmörku, og það væri samkvæmt því hrósi, sem bændur hèr á Íslandi hafa feingið, að þeir sè um fram aðra bændur miklir bókmenntavinir, að þeir þá líka kynni betur en aðrir að meta bókmenntir og bóklærða menn. Það kynni nú einhverjum að detta í hug, að gefa ekki atkvæði sitt með embættismönnunum, einkum þegar konúnglegir embættismenn eiga í hlut, og segja, að þeim væri það rètt mátulegt; en þá vil eg kenna þeim þá reglu, sem liggur í Franklíns orðum: þèr er bezt að gjöra þèr góðan vin, með því að gjöra honum gott, eða að biðja hann einhverrar bónar. Eg er nú reyndar ekki meiri embættismanna vin, en meiri hlutinn; en hitt er það, að það eru vissir menn, sem hann mælir fram með, af hverju það kann nú að koma, hvort það eru nú má ske lækníngamenn, þar skal eg eingum getum um leiða, en eg kasta því svona fram; en minni hlutinn talar ekki um nokkra embættismenn, heldur um alla.

Framsögumaður: Eg vil leyfa mèr að biðja þíngmenn að gæta að uppruna máls þessa, sem er þannig, að stjórnin setti nefnd til að búa til frumvarp um laun embættismanna; þetta frumvarp var lagt fyrir ríkisþíngið, sem aptur valdi nefnd í málið, og eptir því áliti, sem sú nefnd samdi, var það, sem við kom launum embættismanna hèr á landi, tekið sèr út úr hinum dönsku frumvörpum og gjört að frumvarpi sèr í lagi, þessu sem hèr liggur fyrir. Ástæður þær, sem nefndin hafði fyrir því, að launin væri of há hèr, var samanburðurinn við laun annara embættismanna hèr, sem ekki fá launin úr ríkissjóðnum, og var hún hrædd um, að þetta mundi verða ójöfnuður milli hinna íslenzku embættismanna sín á milli. Sökum þessa sýndist meira hlutanum rèttast, að taka fram það, sem ekki hafði verið að gætt í Danmörku, jafnrèttið við embættismenn þar. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri vafasamt, hvað meina mætti með þessu jafnrètti; þetta ætla eg þó ekki vera svo vafasamt, ef ekki skal hánga í orðinu of mjög, því ekki tek eg til þess, þó gjörður sè nokkur munur á samkynja embættismönnum, eins og sá, sem er t. d. á stiptamtmanninum yfir Sjálands-stipti, og

amtmönnum á Jótlandi; það er einúngis umtalsmál, þar sem sýnist vera allt of ójafnt milli Danmerkur yfir höfuð og Íslands. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* lagði fullkomna neitun í 1. niðurlagsatriði meira hlutans; eg get nú ekki gjört að skilníng hans á því, en það ætla eg, að meiri hlutinn sjálfur muni víst vera beztur túlkur sinna eigin orða, en ekki *konúngsfulltrúinn*. Þíngmaður Borgfirðínga sagði, að alþíngi spilli, með því að vera með meira hlutanum, atkvæði sínu í fjárhagsmálinu, en það get eg ekki séð. Konúngurinn lætur líklega málið gánga til ríkisþíngsins, stjórnin fer með ástæður alþíngis sömuleiðis til ríkisþíngsins, og þær eru þó skýrt teknar fram í nefndarálitinu, og sýna, hvernig þíngið hefir litið á það. Hann fann að því, að meiri hlutinn mælti misjafnt fram með embættismönnunum, og fór jafnvel að blanda þar inn í kláðamálinu, eins og að meiri hlutinn hefði helzt hlynnt að lækníngamönnum. En það vil eg þó segja honum, án þess eg vilji skensa hann, að slík einstakleg meðmæli koma miklu fremur í ljós hjá honum sjálfum, þar sem hann fer að skamta. Eg held fleiri hafi tekið eptir, að hann hefir einkanlega gjört mun á skólunum, því aðal-uppástúnga hans er, að hækka laun forstöðumanns prestaskólans, og mun það þó ekki vera af því, að hinn 3. konúngkjörni þíngmaður sè niðurskurðarmaður; eg segi þetta einúngis til þess að öllum verði ljóst, hversu öldúngis ástæðulaus að er tilgáta þíngmanns þessa. Þó að eg fyrir mitt leyti vilji alls ekki segja mig frían fyrir mannlegum breyskleika, að draga fram þeirra hluta, sem eru á mínu máli, þá veit eg, að meiri hlutinn hefir ekki gjört sig sekan í slíku í þessu máli, og eg er viss um, að einginn segir það, sem vill unna mönnum sannmælis.

Jón Hjaltalín: Það gladdi mig að heyra, að fleiri eru á sama máli og eg, enda held eg það væri til að gefa stjórninni inn *„ópíum“*, með því að senda álit meira hlutans svona frá þínginu, og ef hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki getur sannfært menn um það, þá er ekki von að eg geti það. Þegar við höfum feingið frumvarp frá stjórninni til meðferðar, og þíngið kastar því, og vill ekkert segja um það, þá segir ríkisþíngið náttúrlega: „Við þekkjum ekki til þar uppi; þeir eru víst ánægðir með það, sem þeir hafa, það þykjumst vèr sjá, en þeir þurfa heldur ekki að stássa sig þar, eins og hèr; þeir búa þar í moldarkofum, og geta verið í duggarapeisum“, o. s. frv.; eg held, að hver maður ætti að sjá í hendi sèr, að ríkisþíngið muni ekki gjöra mikið úr þessari launabót, þegar alþíngi þykir nóg, að láta oss lifa á jafnrèttis- og sanngirnis-glósum einum. Hinn

háttvirti *framsögumaður* sagði, að þetta færi ekki til ríkisdagsins, heldur til konúngs; en eg vil spyrja: kemur ekki allt í sama stað niður? Fer það ekki frá konúnginum til ríkisdagsins? Og menn ætti þó að vita, hvaða tillit er tekið til Íslendínga af ríkisdeginum; menn ætti að muna eptir „byggtillegginu“ um árið, þegar það var gefið eins og það var í Danmörk, en ekki haft tillit til þess, að það kostaði má ske meir en tvöfalt hèr. Þar sem í 2. atriði meira hlutans stendur: „með hæfilegum breytíngum“, þá finnst mèr það liggja æðilaust, og gæti verið, að ríkisdagurinn fyndi úr því miður hæfilegar breytíngar, því þeir halda, eins og eg sagði nú þegar, að hèr þurfi menn svo lítils með til að lifa, og það hefir einginn getað sannfært þá enn um, að öðrn máli sè að gegna hèr, og eg er hræddur um, að hinn háttvirti *framsögumaður* verði ekki búinn að koma þeim á trúna, þegar þetta kemur frá þínginu. Hann segir, að þíngið sè bezti túlkur sinna eigin orða, en það verður þó að tala, svo það skiljist; en hèr er eingin ákvörðun, heldur má skilja þetta á hvern veg, sem maður vill, svo það verður ekki nema eitthvert hríngl fram og til baka, sem má skilja rètt eins og hver vill. Eg hèlt aldrei, að bændur væri hèr svo lítilfjörlegir eða sínkir, að þeir ekki vildi gefa embættismönnum sínum eins og vinnumönnum, nefnilega svo, að þeir hafi í sig og á; eg ætla nú að taka til dæmis, að bóndi spyr einhvern vinnumann að: viltu vera hjá mèr? Ja, hvað viltu gefa mèr? segir vinnumaðurinn; þetta „vanalega, sannsýnilega, jafnrèttislega“, segir hinn, en svo hugsar hann sig betur um og segir: eg veit þó ekki; við skulum láta sýslumann eða amtmann ráða því, hann getur kann ske fundið út úr því. Eg er hræddur um, ef að fallist verður á meiri hlutans uppástúngu, að þetta mál fari þá ofur líkt, og að það verði þá kann ske nokkuð að bíða eptir launaviðbót, og mun þá einhver okkar verða kominn undir græna torfu, um það hún kemur, svo við þurfum eingra launabóta við. Eg hefi nú talið upp allar þær ástæður, sem mèr sýnast fyrir máli þessu, og mun eg því ekki leingja þíngræðurnar með að taka aptur til máls í því.

Jón Pètursson: „Hver er sjálfum sèr næstur“; eg ætla nú ekki út í formið, heldur að eins halda mèr til efnisins. Eg sè, að laun assessóranna í landsyfirrèttinum, hafa ekki orðið fyrir miklu meðhaldi, hvorki í frumvarpinu nè hjá minna hluta nefndarinnar. Því í samanburði við laun háyfirdómarans eru þau eptir frumvarpinu eins og 1 : 2, og eptir minna hlutans uppástúngu að eins eins og 5 : 11, svo minni hlutinn hefir lækkað hlutfallið frá því, sem það var í

frumvarpinu, og litið ómildari augum til assessóranna, en það. Justitiarius á eptir uppástúngu frumvarpsins að fá 400 rd. viðbót í launum sínum, og ef haldast ætti það hlutfall óbreytt millum launa hans og assessóranna, sem nú er, og eg sè einga ástæðu til að breyta því, þá ætti laun assessóranna að verða 1,250 rd. Hefði nú minni hlutinn, sem vill láta háyfirdómarann fá 2,200 rd., viljað líta assessórana sömu augum og stjórnarfrumvarpið, þá hefði hann átt að ætla þeim 1,100 rd., og hefði hann viljað halda því hlutfalli óbreyttu, sem nú er millum launa þeirra, þá hefði hann átt að setja laun þeirra til hèr um bil 1,400 rd.; og ef hlutfallið væri hèr eins og er milli launa jústitiarii og assessóranna í Danmörku, nl. hèr um 3 : 5, og laun justitiarii sett hèr 2,200 rd., þá yrði laun assessóranna hèr 1,300 rd., og mèr getur ekki skilizt, að assessórarnir hèr á landi eigi ekki fulla heimtíngu á því, að laun þeirra sè sett í sama hlutfall til launa justitiarii, sem assessóranna við yfirrèttina í Danmörku við laun háyfirdómaranna þar, því staða assessóranna við landsyfirrèttinn í tilliti til justitiarii, er með öllu hin sama, sem assessóranna við yfirrèttina í Danmörku til stöðu háyfirdómaranna þar, og ekkert lægri; það er og heimtað af þeim, að þeir skuli hafa feingið hina sömu einkunn til embættisprófs sem þeir, og yfir höfuð að tala verð eg að álíta, að embættismenn hèr á landi eigi að hafa fullkomið jafnrètti með samkynja embættismönnum í Danmörku, þegar þeir hafa alla hina sömu hæfilegleika, sem lögin heimta af slíkum embættismönnum þar. Vegna þessa sýnist mèr meiri hlutinn hafa verið mildari við assessórana við landsyfirrèttinn en frumvarpið, og þá því mildari en minni hlutinn. Form meira hlutans sýnist mèr vera allt eins gott og minna hlutans. Eg held annars, að báða hluta nefndarinnar mætti mjög vel samrýma, með því að setja aptan við 2. gr. meira hlutans orðin „þannig, að“, og tiltaka svo upphæðina á launum þeim, er menn vildi láta hvern embættismann fá, t. d. ef hinn háttvirti þíngmaður frá Norður-Þíngeyjarsýslu vildi setja þar inn tölur þær, er hann stakk upp á, að hann ætlaði að koma með. Hvað landfógetaembættið snertir, þá er það bæði vandasamt og áríðandi, og eru ákveðin laun hans í frumvarpinu til 1,000 rd., en mèr finnst hann ætti að fá 200 rd. í launabót 5. hvert ár, eins að justitiarius ætti að fá launaviðbót hvert 3. ár.

Guðmundur Brandsson: Það bryddi snemma á meiníngamun í þessu máli, og mun ekki vera gott fyrir okkur bændurna að tala lángt út í það. Eg get nú ekki að því gjört, að mèr finnast ákvarð-

anir frumvarpsins og minna hlutans vera gjörðar af handahófi; sumir embættismennirnir fá má ske nægilegt, en sumir aptur lángtum of lítið, og þó þykir mèr takmarkið, sem sett er við, hvað há launin megi vera hæst, vera vesti þrösköldurinn. Ef að t. d. kæmi hèr í landi dýrtíð á allri nauðsynjavöru, og ef sama ætti sèr þá stað um útlendar vörur, hvað ætli þá þessi laun mundi nægja. Það yrði þá ástæða til að breyta þessu enn þá einu sinni. Það er nokkuð öðruvísi fyrir þá embættismenn, sem fá landaura í allar tekjur sínar; þeir fá að vísu þeim mun minna peningavirði eptir því, sem þær eru ódýrari, en aptur eru hlutirnir, sem þeir verða að brúka, eins haganlegir og notadrjúgir fyrir því; og þó sèst þetta enn betur, þegar landvörurnar hækka mjög mikið í verði, en eitt er þó sameiginlegt fyrir alla, og það er verðlagið á útlendu vörunni, t. d. korni, kaffe, o. s. frv.; þá feingi nú hinir konúnglegu embættismenn harðærisstyrk, en prestar og sýslumenn verða út undan; svona gæti það geingið, svo aldrei stæði neitt stöðugt í þessu; öðruvísi var áður ástatt með þetta; þá lifðu biskupar og aðrir embættismenn af landauratekjum og voru ríkir höfðíngjar, og þurftu ekki að sækja um neinar launaviðbætur, en hver veit, hvar þetta lendir að lokunum? Hinn háttvirti 5. konúngkjörni þíngmaður sýndi fram á, hve ósanngjarnt væri, að gjöra svo mikinn mun á launum justitiarii og assessóranna, og það verður ekki varið, að svo sè, en mèr sýnist þó enn meiri ójöfnuður á milli skólameistarans og kennaranna við lærða skólann, þegar þeir ekki hafa nema vart helmíng launa við hann. Eins þykir mèr undarlegt hjá minna hluta nefndarinnar, að setja hærri laun handa forstöðumanni prestaskólans, en skólameistarans við lærða skólann, því þó hinn hafi veglegs og vandamikils embættis að gæta, þá mun þó rektor ekki hafa minni vanda á hendi; því það er ætíð meiri vandi að stjórna mörgum en fáum, eða að vera formaður á skipi, heldur en bát, og líkt ætla eg þessu varið. En þegar kemur nú til fþróttakennarans, þá fer heldur að smækka tillagið; þegar í fyrstu er byrjað á 200 rd. og hækkað svo hver 3 ár um 25 rd., en þó ekki meira en þángað til komin eru 300 rd.; sama sýnist mèr vera með saungkennarann. Þetta getur nú einginn jöfnuður verið, þegar allir þessir menn verða að lifa á sama stað. Það er reyndar auðvitað, að í fyrstu kosta þeir meiru til, sem bókfræði nema, en allir, sem kenna, munu þó þurfa að hafa allt athygli á þeirri list, er þeir kenna, og allir hafa þeir orðið að nema sjálfir í fyrstu, og það ekki án tilkostnaðar. Mèr sýnist fþróttakennslan vera nauðsynleg, því þar með æfa menn líkamann,

herða og liðka, sem er svo ómissandi fyrir únga menn, eins eykur saungurinn fegurðartilfinníng, og við það læra prestaefni það, sem bæði er inndælt og uppbyggilegt, og sem styður að því, að messugjörð þeirra geti farið vel úr hendi fyrir þeim, og við það getur dreifzt út í alþýðulífið smekkur fyrir fegurð og reglu; eins þarf líka saungkennarinn að eiga bækur, eins og aðrir kennarar við skólann. Dyravörðurinn við skólann á að hafa 200 rd., en það munu margir vita, hvað þeir hafa híngað til verið lausir á ásnum, og getur það varla komið af öðru, en að launin eru of lítil. Sýslumaðurinn í Gullbríngu og Kjósarsýslu fær 230 rd. úr konúngssjóði, en það hefir ekki verið hækkað, og held eg þó það hefði ekki verið ástæðulaust, þó það hefði verið gjört. Líka eru hèr pólitíþjónar í Reykjavík, sem launað er úr ríkissjóðnum, og munu ekki vera of vel í haldnir með þau laun, sem þeir nú hafa; eg vil einúngis benda hinum háttvirta þíngmanni frá Norður-Þíngeyjarsýslu til þessa alls, að hann taki tillit til þess í breytíngaratkvæðum sínum, því ef hann gjörir það ekki, þá ætla eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði um það. Hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður sagði áðan, að það væri ekki ódýrara að lifa hèr en í Kaupmannahöfn, en það er þó í mótsögn við tölu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa,* þar sem hann kvaðst vera ánægður með þau laun, sem tekin eru til í frumvarpinu, og er það þó minna, en ákveðið er í minna hlutanum hjá nefndinni; sama heyrðist líka á þíngmönnum, þegar talað var um lagaskólastofnunina, að dýrara væri að lifa í Kaupmannahöfn en hèr. Mèr þykir líka minni hlutinn hafa stigið stórt fet framar, en stjórnarfrumvarpið, með að skamta stiptamtmanninum borðfè, en um leið hefir hann gleymt að gæta að því, að hinir amtmennirnir búa líka á aðalkaupstöðum, og að þeir líka geta orðið heimsóttir af framandi þjóðum, og er það þá samkvæmt embættistign þeirra, að þeir geti tekið á móti þeim, eins og sannir höfðíngjar. Eg get þó varla skilið, að hann sè eins ókunnugur og stjórnarherrann, sem hèlt hèr um árið, að amtmaðurinn í vesturumdæminu þyrfti ekki að fá borðfè, af því hann byggi lángt frá sjó. Eg vil að eins benda hinum háttvirta þíngmanni frá Norður-Þíngeyjarsýslu líka til þessa, svo hann geti haft það í huganum, þegar hann fer að búa til breytíngaratkvæði sín.

H. Kr. Friðriksson: Það er eðlilegt, að eg tali lítið eitt í þessu máli. Mèr sýnist einúngis vera sá munurinn milli meira og minna hlutans í þessu máli, að meiri hlutinn tiltekur í almennum orðatiltækjum það, sem hann fer fram á, og bendir til í ástæðum

sínum, en minni hlutinn í niðurlagsatriðunum, því að báðir halda fram jafnrèttinu, og byggja á því; en minni hlutinn hverfur frá þessu jafnrètti aptur, og allar hans uppástúngur eru lángt undir því, sem hann þó segist vilja hafa fram. Eg er nú einn af þeim, sem eigi vil vinna það fyrir eitt atkvæði, að hafa fram uppástúngur minna hlutans; eg vil miklu heldur uppástúngur meira hlutans með samhljóða atkvæðum þíngmanna, en uppástúngur minna hlutans með litlum atkvæðamun. Eg ætla því að halla mèr að meira hlutanum, en vil þó samrýma hann að svo miklu við minna hlutann, að bætt verði við 2. niðurlagsatriðið bendíng fram fyrir sig til upphæðarinnar í ástæðunum, eða þá taka þar fram uppástúngurnar um upphæðina, og bæta við enda greinarinnar orðinu „þannig“. Af því leiðir, að launaupphæðin verði til tekin í niðurlagsatriðunum, og áskil eg mèr rètt til, að setja tölurnar við hverja grein. Hinn heiðraði þíngmaður frá Gullbríngusýslu sagði, að það hefði áður verið sagt, að dýrara væri að lifa í Kaupmannahöfn en hèr, og færði það sem ástæðu fyrir, að laun embættismanna hèr ætti að vera lægri en í Danmörku, en hann verður að íhuga, að fleiri embættismenn eru í Danmörku, en þeir, sem búa í Kaupmannahöfn, og er þetta því eingin ástæða fyrir, að embættismenn hèr eigi ekki að hafa jafnrètti við Dani. Það getur nú vel verið, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* og hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður sè ánægðir fyrir sína hönd með það, sem frumvarpið fer fram á; en þá er eg þó ekki ánægður með það fyrir þá, að minnsta kosti ekki fyrir amtmennina. Það er í frumvarpinu til tekið, að stiptamtmaður og biskup skuli hafa 3,000 rd. Mèr sýnist nú, að stiptamtmaðurinn ætti að hafa jafnt stiptamtmönnum í Danmörk; þeir hafa fyr kvartað hèr yfir of lágum launum, þótt þeir ekki hafi haft mikla fjölskyldu, og þegar hann er fjölskyldumaður, held eg 3,000 rd. sè hvergi nærri nógir hèr. Hann hlýtur fremur öðrum að sýna tign embættis síns og sóma hèr, þegar útlendar þjóðir koma, og þarf því að kosta meiru til, en aðrir embættismenn; og þegar stiptamtmenn í Danmörk fá 4—6,000 rd. laun, þá þætti mèr hèr vera tilhlýðilegt, að hann að minnsta kosti fái 4,000 rd.; þeir 400 rd., sem ætlaðir eru fyrir að taka móti framandi þjóðum, álít eg vera eins og ekki neitt. Eg get heldur ekki verið ánægður með, að amtmennirnir í norðurumdæminu og vesturamtinu fái 2,000 rd.; það er eingin ástæða til, að þeir fái minna en amtmenn í Danmörk, og hækki eins 3. hvert ár og þar. Landfógetinn á að hafa 1,000 rd., og minni hlutinn hefir ekki hækkað það, nema það er sjálfsagt, að

sá húsaleigustyrkur haldist við, sem verið hefir; þó að hann sè um leið bæjarfógeti hèr í Reykjavík, og fái fyrir það 300 rd., þá má geta nærri, að þetta eru of lítil laun, þar sem skrifstofa hans kostar víst 6—700 rd. Þó málin sè nokkru færri, sem hèr eru dæmd í yfirdóminum, en í yfirdómunum í Danmörku, þá hafa þó yfirdómendurnir hèr eins mikinn vanda á hendi og ábyrgð, og finnst mèr því, að þeir eigi að hafa sömu laun og hinir, og hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður hefir sýnt, að hlutfallið milli launa yfirdómarans og meðdómandanna sè ekki hèr eins og í Danmörk. Þegar til læknanna kemur, þá á landlæknirinn að fá 1,000 rd., og er það líkt og í Danmörku; en hver, sem til þekkir, veit, hve mikill munur er, að vera hèr landlæknir eða þar; hèr er í umdæmi læknisins stórt hèrað, auk Reykjavíkurbæjar, sem hann á að annast; hèr fær læknirinn miklu minna fyrir lækníngar, en læknar fá þar, og yfir höfuð er þar miklu meiri *Praxis;* hèraðalæknar kunna nú að eiga í sumu hægra, en læknirinn hèr; en þó sýnist mèr ástæða til, að hækka laun þeirra. Eg sè ekki ofsjónum yfir því, þótt forstöðumaður prestaskólans fái það, sem minni hlutinn til tekur; en þegar sagt er, að hann eigi að hafa hærri laun en skólastjóri við latínuskólann, af því prestaskólinn sè æðri vísindastofnun, þá eiga menn jafnframt að taka tillit til hins, að störf skólastjórans eru miklu meiri, og vil eg því stínga upp á, að báðir hafi 1,800 rd. Nú kem eg til mín, og vona eg til, að allir vorkenni mèr, þótt eg vilji skara eld að minni köku, ef eg gjöri það með sanngirni. Þegar eg lít á laun kennaranna við latínuskólann, þá eru þeir minnstir allra postulanna, því að þeir hafa minni laun, en nokkur annar embættismaður, sem í frumvarpinu er nefndur. En vèr verðum þó að hafa þau laun, er við getum lifað af, þar eð við erum fastir embættismenn, og það er ekki nóg að segja, að við fáum það með tímanum, það er að segja, þegar við erum dauðir af sulti og seyru. Eg gæti sýnt þingmönnum reiknínga fyrir því, að 1,000 rd. eru ekki nógir til fæðis og klæðnaðar, hvað þá fyrir meiru; sumir okkar erum þó fjölskyldumenn, og þurfum eitthvað handa börnum okkar, til að koma þeim upp. Mèr þykir því, að launin eigi að byrja á 700 rd. og hækka til 1,400 rd. Fyrir umsjón í skólanum álít eg að 300 rd. kunni að vera nóg, ef umsjóninni er haganlega fyrir komið, og vil eg því ekki fara fram á, að breyta því; en þegar kemur til saungkennarans, þá fara að smækka stykkin; það eru einir 300 rd., og sjá allir, hvaða laun það eru hèr; eg vil því gjöra breytíngaratkvæði um, að hann byrji á

400 rd., og hækki um 50 rd. 5. hvert ár, þángað til komin eru 600 rd.; eins vil eg, að laun íþróttakennarans byrji á 300 rd. og hækki til 400 rd. Eg hefi sjálfur stúngið upp á því, að dómkirkjupresturinn fái nokkra viðbót við það, sem hann nú hefir, og gekk mèr það til, að dómkirkjubrauðið hefir verið metið hèr um bil 1,000 rd. í árlegar tekjur, en eg hefi sjálfur sèð skýrslu frá dómkirkjuprestinum, sem nú er, sem sýnir, að hann fær varla svo mikið. En það verður hver kunnugur maður að játa, að 1,400 rd. eru ekki of mikið fyrir hann, sem gegnir svo örðugu embætti, þegar haft er tillit til þeirra sýslumanna, sem hafa hèr um bil aðrar eins tekjur, og veitir ekkert af; menn vita líka, hvað mikið verður úr hverjum ríkisdalnum hèr, þar sem allt er keypt fyrir peninga. Hinn heiðraði þíngmaður frá Gullbríngusýslu gat líka um, að rètt væri að hækka laun sýslumannsins í Gullbríngu- og Kjósarsýslu, og mun eg einnig taka það í breytíngaratkvæði mitt.

Arnljótur Ólafsson: Eg finn mèr skylt að bæta það upp, sem mèr hefir orðið á, að vera hlutdrægur við dómarana í yfirrèttinum við tölul. 3., og viðurkenni eg sjálfur, að það er ósamkvæmni og ósanngjarnt, að gjöra meiri mun á jútitíaríus og assessórunum, en stjórnin sjálf hefir gjört, og vil eg því breyta því, og láta laun þeirra byrja á 1,100 rd., og ná að 2,100 rd. Þar sem hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að mèr hefði verið annt um forstöðumann prestaskólans, þá er það auðsèð, að eg hefi ekki gjört það vegna frændsemi, því þá hefði eg ekki gleymt assessórunum. Mèr gekk það til, að hækka laun forstöðumanns prestaskólans, að prestaskólinn er æðri menntunarstofnun, og það hefir *Madvig,* sem þá var ráðherra kirkju- og kennslumálanna, viðurkennt, og það lítur út fyrir, að hann hafi fundið, að menn gjörði eigi rèttan mun á honum og latínuskólanum, en eptir frumvarpinu er prestaskólinn, ekki að eins ekki settur jafnhliða latínuskólanum, heldur neðar, því við latínuskólann er yfirkennari, sem síðar er ætlazt til að verði rektor, en við prestaskólann er einginn yfirkennari með yfirkennaralaunum; kennararnir þar byrja, sem undirkennararnir við latínuskólann, og svo er húsleigustyrkur forstöðumanns prestaskólans eigi nærri því jafnvirði bústaðar rektors í skólanum, þegar ljós og brenni og 14 dala tíund fylgir með. Mèr sýnist nú, að laun prestaskólakennaranna ætti að vera mun hærri en hinna; því að virðíng fyrir prestaskólanum hverfur, ef það verður viðurkennt, að stúdentar frá latínuskólanum læri þar ekki neitt. Menn segja, að kennararnir við prestaskólann hafi eigi meira að gjöra en

hinir; það vil eg heldur eigi fullyrða, en hitt er þó auðvitað, að það er vandameiri kennsla, sem embættismannaefnum er kennd, en hin almenna bókfræði, sem kennd er í latínuskólanum. Það er ulíka sum brauð í landinu, sem eru hærra launuð, en kennaraembættið við prestaskólann, en þar eð ríður á, að fá sem færasta menn við prestaskólann, þá verða menn að gjöra launin svo rífleg, að menn sè vissir um, að þeir menn, sem bezt eru að sèr, geti orðið við hann. Hinn heiðraði þingmaður frá Gullbringusýslu tók sèr breytingaratkvæði um laun íþróttakennarans, en hann hefði þá átt að hafa skilyrði fyrir því, að íþróttakennarinn kenndi líka glímur; því þá kynni hann að meta gagnið af íþróttinni, og þá sjá, hvers kennslan væri verð.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það er sannarlega bágt, hvað menn greinir á um hið formlega í þessu máli; því ef sjálfir vitríngarnir eru í vafa um, hvað rèttast sè, þá er ekki að undra, þó við bændurnir leiðumst í villu. Eg segi fyrir mig, að eg vil styðja að því, að hækkuð verði laun embættismannanna, en sè ekki, hvort það geingur greiðar eptir uppástúngu minna eður meira hlutans; þó er mèr nær að halla mèr að meira hlutanum, ef breytíngaratkvæði hins háttvirta *varaforseta* kemst þar að. Mèr liggur við að hneykslast á þeim mun, sem minni hlutinn hefir gjört á rektor við hinn lærða skóla og forstöðumanni prestaskólans; eg sè ekki, á hverju það er byggt, að raska þeim jöfnuði, sem átt hefir sèr stað um laun þessara manna á undan. Líka þykir mèr þíngmennirnir úr Gullbríngusýslu og Reykjavík ætla að verða nokkuð stórtækir á launaviðbótinni, og álít, að það sè yfir höfuð betra, að fara varlega í þetta mál í bráð, því ef menn verða of heimtufrekir, getur það spillt fyrir málinu, og orðið til þess, að menn fái ekki neitt.

Benedikt Þórðarson: Eg er samþykkur þíngmanninum, er nú settist í því, að mèr þykir ísjárvert, að fara fram á talsvert meiri hækkun launanna, en frumvarpið bendir á; eg er hræddur um, að slíkt kynni geta orðið góðu málefni til falls; það er þó betra, að biðja um hið minna, og eiga von á, að það fáist, en að biðja um hið meira í vonleysu. Eg ætla nú ekki að fjölyrða um þetta, og ekki heldur að fara að tala aptur og fram um niðurlagsatriðin, sem svo ósköp mikið er búið að ræða um; einúngis ætla eg að geta þess, að fari svo við atkvæðagreiðsluna, að töluliðurinn 3. í uppástúngu meiri hluta nefndarinnar yrði samþykktur, en ekki töluliðurinn 7. hjá minna hlutanum, þá áskil eg mèr það viðaukaatkvæði við töluliðinn 3., að eptir orðið: „ríkissjóði“, bætist inn í orðin: „og eins dóm-

kirkjuprestinum“ — „verði“, o. s. frv.; hèr að auki áskil eg mèr viðauka-atkvæði á þessa leið: „að konúngur mildilegast veiti sýslumönnum í Snæfellsness-, Barðastrandar-, Ísafjarðar- og Strandasýslum nokkra launaviðbót af ríkissjóði, og eins nokkurt fè til nauðsynlegrar uppbótar öllum hinum fátækari prestaköllum í landinu.

Pètur Pètursson: Af því að talað er um prestaskólaforstöðumanninn, ætla eg að leyfa mèr að tala hálfyrði. Eg lèt það áðan í ljósi, að eg felldi mig vel við frumvarpið, og þó náttúrlega enn betur við minna hlutans uppástúngu, því eg hèlt, að hún færi ekki fram á annað, en sanngjarnt var, og eg ímynda mèr ekki, að hinn háttvirti *framsögumaður* hafi sleppt mèr, af því að hann gæti haft ímyndun um, að eg væri niðurskurðarmaður, því hann hafði ástæðu til að hugsa hið gagnstæða, þar eð eg mælti á móti, að nefnd væri kosin í fjárkláðamálið; eg kasta þessu svona fram í spaugi, eins og eg tók það af honum; eg hefði betur skilið hitt, ef hann hefði sagt, að það væri gjört af frændsemi, en það sýnir, að minni hlutinn er ekki frændrækinn, að ekki var munað eptir hinum öðrum dómara við landsyfirrèttinn. Eg vil stuðla að því, að laun rektorsins verði hækkuð, því það er mjög vandasamt embætti, og þó forstöðumaður prestaskólans standi fyrir hærri menntastofnun, þá gjöri eg ekki svo mikið úr því; en eptir því sem nú er, þá eru laun mín minni en rektors, því hann hefir frítt húsnæði, sem er víst eitt hið bezta húsnæði í bænum; hann hefir tún, ljós og eldivið, og það er þó meira en 150 rd.; eg álít, að það sè 3—400 rd. virði, svo launin yrði jöfn, þó bætt væri við forstöðumann prestaskólans, en ekki við hann; en eg ætla ekki að fara fram á það, því ef eg hefi nóg, þá sè eg ekki ofsjónum yfir annara launum. En það er öðru máli að gegna með kennarana við prestaskólann eða við latínuskólann, því að kennararnir við prestaskólann verða ekki að eins að vera vel að sèr í því, sem lesið er í skóla, heldur og í sèrstökum vísindagreinum, sem þeir verða að iðka betur og betur, en í latínuskólanum er ávallt kennt upp hið sama, svo mèr sýnist ekki ósanngjarnt, að 1. kennari við prestaskólann fái sömu laun og yfirkennarinn við latínuskólann og 2. kennari sè líka vel úr garði gjörður. Um aðjúnktana er öðru máli að gegna hèr og í Danmörk; þar eru teknir úngir kandídatar, sem að fáum árum liðnum fá góð brauð, en sá, sem einu sinni hefir feingið hèr embætti við skólann, getur má ske aldrei sótt þaðan um brauð, þegar hann er orðinn hèr búsettur, á konu og börn, og þegar hann ekki getur lifað af launum sínum, þá er hann kann ske

kominn hèr í skuldir, svo hann ekki getur losazt hèðan, þó hann vildi; þetta sýnist mèr að ætti að vekja athygli þíngmanna á að sjá um, að þeir fái hèr meiri laun, en adjúnktar við skóla í Danmörku.

Gísli Brynjúlfsson: Eg get ekki neitað því, að eg er hræddur um, að það verði heldur til að spilla fyrir málinu, heldur en hitt, ef menn fara nú að ráðum meira hlutans og ráða konúngi vorum frá, að bæta kjör embættismanna hèr í landi á þann hátt, sem stjórnin hefir til ætlazt. Og segi eg þetta þó ei í þeirri veru, að eg í minnsta máta ímyndi mèr, að þessi hafi verið tilgángur meira hlutans; því bæði þekki eg of vel veglyndi og örlæti hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga til þess, að mèr skuli koma slíkt til hugar um hann, og svo get eg líka bætt því við, að eg veit einmitt, að það er skoðun hans á þessu máli í sjálfu sèr, að embættismenn eigi að hafa ríflег laun, en þá líka af kasta miklu; og um hina aðra nefndarmennina hefi eg einga ástæðu til að halda annað, en að þeir einnig hafi viljað allt hið bezta í þessu máli. Þíngmaður Strandasýslu er mönnum of alkunnur að góðu í þessa stefnu, til þess að menn nú þurfi að efast um tilgáng hans; um þíngmann Rángæínga verð eg að segja það, að mèr hefir æfinlega helzt fundizt hann koma fram á þessu þíngi, til þess að mæla með því, sem gott hefir verið og rètt, og með tilliti til hins háttvirta varaþíngmanns úr Dalasýslu skal eg að eins geta þess, að það sæti nú sízt á mèr að efast um, að annað en gott væri upp runnið úr Skagafirði. Eg held því eingan veginn, að það hafi verið tilgángur meira hlutans, að eyða málinu á nokkurn hátt með uppástúngu sinni, heldur er eg sannfærður um, að hann hefir einnig viljað greiða það fyrir því, sem hann þóttist geta með góðri samvizku; en hitt er eg þá líka sannfærður um, að aðferð hans í þessu máli mun samt sem áður heldur verða til að spilla fyrir því en bæta, og því verð eg í þessu efni heldur að fallast á álit minna hlutans. Eg efast nú reyndar ei um, að meiri hlutinn hefir ímyndað sèr, að hann með aðferð sinni mundi geta komið því til leiðar, að við feingjum því fyr að ráða fjárhag sjálfra vor, þegar danska stjórnin sæi, að við annars ætluðum að setja sem mest upp á hana; og væri þetta rètt, þá skyldi eg og vera manna fúsastur til, að fallast á þessa aðferð, því eg hefi svo opt fundið til þess, hve aflaust alþíngi í raun og veru allt af er, og hve hlægilegar hinar miklu umræður vorar um ýmisleg mál í sjálfu sèr eru, á meðan vèr ekki eigum ráð á svo miklu sem einum einasta skildíng af landsins fè. Eg vildi því vinna mjög svo mikið til þess, að

alþíngi mætti sem fyrst fá að minnsta kosti nokkurn þátt í fjárhagsráðum landsins, því þau eru undirstaðan undir öllu, og án þeirra eru allar tölur vorar hèr á þíngi ekki annað, en eins og maður sè þetta að strokka æ og æ, en aldrei komi þó smjör; og hefi eg svo opt tekið þetta fram, að eg efast ei um, að menn muni nú trúa mèr, þegar eg segi, að eg skyldi fúslega gefa uppástúngu meira hlutans atkvæði mitt, ef eg ímyndaði mèr, að hún gæti komið þessu til leiðar. En því miður held eg, að menn hafi mjög svo litlar ástæður til að ímynda sèr þetta, því stjórnin mun þá miklu fremur sleppa að hugsa um launabót embættismanna hèr á landi, heldur en hún vinni það til, að sleppa fjárhagsráðunum við okkur Íslendínga, að eins til þess að koma henni í kríng, ef hún vill það annars ekki; og því verð eg nú í þessu efni alveg að fallast á uppástúngu minna hlutans, sem eg efast ei um, að einhver muni þó verða árángurinn af, án þess eg í minnsta máta geti sèð, að alþíngi þó sleppi nokkru af þeim rètti sínum, sem meiri hlutinn sýnist að vera svo hræddur um. Og það verð eg einnig að segja, að mèr finnst hann yfir höfuð hafa tekið of mikið tillit til hinnar formlegu hliðar á málinu að eins, og þykir mèr því vænt, að hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga, sem mèr þó eingan veginn hefir æfinlega áður fundizt vera síður fús að halda sèr stundum um of við hinn formlega rètt eingaungu, heldur en hinn háttvirti *framsögumaður,* hefir nú einnig farið í aðra stefnu, en hann stundum er vanur; því að minnsta kosti man eg það, að hann var nógu fastur á einhverjum ímynduðum formlegum rètti Íslendínga, þegar við áttum saman um fiskiveiðamálið og útboðið á þínginu hèrna um daginn. En hvernig sem svo á því stendur, að hann hefir nú nokkuð aðra skoðun, þá þykir mèr þó æfinlega vænt um það, og einkum verð eg að þakka honum fyrir, að hann hefir svo vel sýnt fram á, að alþíngi lèti eingan vernlegan rètt með því að taka alveg undir þetta mál, eins og stjórnin hefir ætlazt til; og skal eg þá að eins bæta því við, að eg held miklu fremur, að alþíngi búi sig vel undir að taka nú senn við fjárhagsráðum landsins, ef það leysir þetta mál vel af hendi, því eg álít það sjálfsagt, að það, sem menn samþykkja að embættismenn skuli hafa í laun, það heitir þíngið nú líka um leið að veita þeim, er það fær fjárhagsráðin. Því á það heldur ekki við í þessu máli að segja, að menn vilji veita úr sjóð annara manna, þó menn nú til taki eitthvað víst um upphæð launanna, þar sem allt þó á endanum mun reka að því, að þau skal gjalda af landsins eigin fè; og því vil eg nú einkum

segja bændum, að nú er einmitt gott tækifæri fyrir þá að sanna, að það sè satt, sem eg sagði um daginn, og ýmsir þá tóku mèr svo illa upp, að menn vildi hèr um of reyna að komast undan öllum gjöldum til allsherjar þarfa, og sagði eg þetta þó fremur, af því eg er hræddur um, að þetta brenni víða við hjá almenníngi, heldur en hèr í landi að eins, og án þess að eg því í raun og veru vildi drótta því að Íslendíngum einum; en hitt vil eg nú og segja þeim, sem þá hèldu, að kjósendum mínum mundi mislíka slík orð, að eg efast ei um, að þá mundi nú laun embættismannanna fyrst verða bætt að gagni, ef margir skagfirzkir bændur sæti nú hèr á þíngi; því svo segir í Sturlúngu, að þeir hafi æ haldið höfðíngja sína með miklum kostnaði, og efast eg ei um, að hinn sami andi lifi þar enn. En að öðru leyti skal eg nú ei tala meir um þetta mál í bráð, því þó ýmislegt kunni að vera í uppástúngum minna hlutans, er eg fellst á yfir höfuð, sem mèr ei líkar alveg, eins og t. a. m. þar sem laun rektors eru gjörð minni, en laun forstöðumanns prestaskólans, þá skal eg þó ei taka mèr neitt breytíngaratkvæði til að bæta úr þessu, þar sem eg hefi heyrt, að tveir háttvirtir þíngmenn einmitt áður hafa áskilið sèr breytíngaratkvæði bæði um það, og annað —, því það ætla eg mèr æfinlega að styðja, að laun rektors verði gjörð jafnhá því, sem stúngið er upp á að forstöðumaður prestaskólans fái.

Páll Sigurðsson: Eg held það verði vandi fyrir mig að tala í þessu máli, því eg held það ætli að rætast, sem vakti fyrir mèr, þá eg velti þessu máli fyrir mèr, að þó gjörðar væri uppástúngur um launaupphæð embættismanna með tölum, þá mundi þar við koma svoddan trossa af breytíngaratkvæðum, og á þessu er nú farið að brydda; svo þó minni hlutans uppástúngur hefði verið aðgeingilegar, eru þær nú orðnar óaðgeingilegri, svo eg óttast fyrir, að það verði glompur á þessu máli, eins og vegabótamálinu; en ef nú þessi spá mín rætist, þá vísar stjórnin því líklega frá, eins og hinu, eða tekur ekkert tillit til þess. En þó nú mörg sè breytíngaratkvæðin, þá eru þau ekki nóg, og vil eg bæta einu við enn, að sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum einnig fái launaviðbót, sem eg seinna skal ákveða nákvæmar. Eptir því, sem enn þá er fram komið, get eg ekki annað, en álitið skoðun meira hlutans þá rèttustu, eða álitið, að það muni standa embættismönnum fyrir launaviðbót, því nú er það þó lagt fyrir þíngið, en híngað til hefir þeim verið veitt það, án þess þíngið hafi beðið fyrir þá; því get eg ekki skilið hvernig, það ætti að verða þeim til fyrirstöðu fremur nú; það er nú borið undir þíng-

ið, eigi svo eiginlega af stjórninni, eins og af Dana þingi, eða eptir uppástúngu frá nefnd úr þínginu; þó hún gjörði nú þessa uppástúngu að álitum, þá bendir hún þó í ástæðum fyrir frumvarpi þessu þingmönnum hèr á það, að af því mál þetta snerti fjárhagsmál, þá komi það eptir stjórnarreglum sínum ekki þínginu við, þó hún nú gjöri þar á undantekníngu. Mèr datt þá í hug, að ef vèr hefðum farið að biðja um þetta að fyrra bragði, að vèr hefðum feingið það svar, að oss kæmi það ekki við. Eg er hræddur um, að eptir uppástúngum minna hlutans með öllum breytíngaratkvæðunum verði nokkur ósamkvæmni í ályktan þíngsins í þessu máli, svo að sumir verði nokkurs konar albogabörn, og ríkisdagurinn geti ekki vel kippt því aptur í liðinn, sem heldur ekki er von; meiri hlutinn vildi komast hjá öllum þessum formgöllum; það eru líklega allir, sem mundu vilja launa embættismönnum sínum viðunandi og vel, ef þeir ætti þess ráð, og þeir væri duglegir og þjóðhollir; en fjárráðin eru ekki nú í okkar höndum. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að embættismennirnir gæti þó ekki minna haft, en í sig og á, eins og vinnumenn, en það er tröppustig milli þess, að hafa í sig og á, og vera svínalinn eða sárkvalinn, og það millistig ætti menn að bera sig að hitta á, þegar skamta á embættismönnum; en það er á hinn bóginn munur á að vera kvalinn og sárkvalinn; og það held eg embættismenn vorir, sem laun hafa úr ríkissjóði, ekki sè af launum þeim, er þeir nú hafa, eða ekki þyrfti að vera, ef sparsamlega er á haldið, þó eg sjái, að dýrt sè að lifa praktuglega á mölinni hèrna í Reykjavík. Eins og mèr í þessu máli finnst óviðurkvæmilegt að segja við mann, sem ljær mèr mann, að hann skyldi ákveða upphæð kaupsins, ef hann þá segði, að það kæmi sèr ei við. Ef nú yrði ákveðin mikil laun, óttast eg fyrir, að um oss yrði sagt, „að óþokki gæti rist breiða leingju af annars húð“. Eg álít þetta meira vandamál en svo, að það verði fljótt rætt, það veitti ekki af, að setja nefnd í það á milli þínga, og að það kæmi til umræðu ásamt fjárhagsmálinu, eða þá þegar vèr hefðum feingið fjárhag vorn; en mèr þykir óviðkunnanlegt, að fara að ákveða með tölum laun embættismanna, sem stjórnin hefir tekið að sèr að launa, og þó þíngið hèr upp kvæði tölur, þá eru þær að því leyti þýðíngarlausar, að ríkisþíngið getur um bylt þeim eptir velþóknun, og því eru uppástúngur minna hlutans óhafandi, því formið fellir þær, og var rèttara, að samþykkja frumvarpið óbreytt.

H. Kr. Friðriksson: Eg vil áskilja mèr breytínagratkvæði við

3. uppástúnguatriði nefndarinnar, að launabótin byrji 1. dag aprílm. 1860.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg held mèr fari nú að þykja vænt um álit minna hlutans, því eg sè, að menn geta trossað við það öllum, sem þeir vilja, svo það horfir nú helzt til, að hreppstjórarnir fái einhverjar góðgjörðir líka; eg held það væri ekki svo ótilhlýðilegt, að hnýta þeim aptan í höfðingjarófuna, þegar menn eru farnir annars til að bera sýslumennina og prestana fram á bænarörmunum, og biðja konúnginn að bæta við þá launum, þá þykir mèr óþarfi að vera að skilja hreppstjórana eptir. Það geingur annars yfir mig, að menn skuli geta lagt þá alúð við þetta mál, að vera að fara fram í smásmuglegar grafgötur og reikníngsdæmi; bera saman embættismenn og ástæður og kjör og húsnæði og ómegð þeirra, og hitt og þetta; menn vita þó, að þjóðin og þíngið hefir beðið um, að Ísland feingi stjórnarform sèr, og fjárhag sinn sèr, og konúngur hefir ekki af tekið, að svo mundi verða, og það er líklegt, að svo muni fara; er þá ekki nógur tími til, að tala um og fastsetja laun embættismanna hèr á landi? Það eru nóg mál önnur nauðsynlegri fyrir þessa fáu daga, sem eptir eru af þínginu; stjórnarformið allt, bústaðir, staða og laun embættismanna, er nú sniðið eptir og í dönsku formi, og fjárhagurinn allur er líka í danskra höndum, og á meðan er bezt, að lofa þeim að ráða því öllu saman, hvernig þeir skamta, en ekkert af þessu sè Íslendínga eða alþíngis verk; vèr vitum ekki, hvort neitt af þessu getur staðizt, þegar alþíngi fær fjárhagsmál Íslands, og stjórnarskipunarmál þess í hendur; það kann ske þurfi að haga öllu allt öðruvísi, eptir því, sem bezt á við ástand og svo efni landsins, og er þá óþarfi fyrir alþíngi að vera búið að binda sig sjálft. Það hefir einginn orsök fyrir þessu, að gruna Íslendínga um, að þeir ekki vildi fara sómasamlega með yfirvöld sín, eptir því, sem ástandið á þá bezt við; það var ekki látinn standa ver en nú búhagur þeirra hèr á fyrri árum, þegar Ísland hafði sjálft stjórnarform sitt; það getur heldur einginn ætlað þeim yfirvöldum í eptirtíðinni, sem vilja vera embættismenn landsins, að þau ekki gjöri sig ánægð með þau kjör og laun, sem landið er fært um að skapa þeim, og efnin að láta í tè.

Alþíngi ætti því, nú sem stendur, ekkert að segja í þessu máli, nema það, sem stendur undir tölulið 2. í niðurlagsatriðunum. Það fellur mèr líka svo ágæta-vel, því það er í okkar forna Íslendínga anda sniðið, að Íslendíngar þóttust ekki þurfa, og þurftu ekki að

standa á baki annara, þá þeir voru með útlendum konúngum og herrum, og ekki að sitja lægra en aðrir hirðmenn þeirra, þá þeir voru í þeim flokki, en gátu þó unað við íslenzk kjör og búnað sinn, þegar þeir voru hèr heima; eins er það enn, að á meðan embættismenn vorir eru í hirð Dana, og undir handarjaðri Danastjórnar, þá er rèttvíst, að biðja þá Dani, að láta þá ekki sitja á lægri bekk, eða við verri laun en heimamenn; en þegar við förum að búa okkur, þá varðar þá ekkert um, hvernig við búum eða skömtum, ef við bara stöndum í skilum.

Indriði Gíslason: Þegar maður ber meira hluta nefndarinnar saman við ástæðurnar í stjórnarfrumvarpinu, sem segir: „Þar sem nefndin hefir farið því fram, að lagafrumvarp þetta verði lagt fyrir alþíngi, þá heyrir meðferð slíks máls, er snertir fjárhagsefni, ekki undir verkasvið alþíngis, eptir tilsk. af 8. marz 1843, 1. grein; samt sem áður þótti, það ekki hlýða, að færast undan því, að breyta í þetta skipti út af reglunni"; beri nú hver rèttsýnn maður þetta saman, við meira hluta nefndarinnar, þá held eg það megi segja eins og þar stendur; eg held henni hafi ekki verið lægt að fara öllu leingra; það var eingan veginn meiníng nefndarinnar, að vilja spilla fyrir embættismönnunum, heldur miklu fremur bæta. Eg held, að minna hlutann hafi verið að dreyma það, að við værum búnir að fá fjárhagsráðin, og þess vegna farið að ákveða, hvað hver skyldi fá í laun, en því miður verður það meira til að spilla, en bæta fyrir embættismönnum vorum, að fara að biðja um ákveðna upphæð í sèrstöku lagaboði. Eg verð sem ómenntaður maður að draga dæmi af því, sem viðgeingst í daglegu lífi, og eg þekki til; eg hefi vitað þær bænir optast gánga bezt, sem að eru óákveðnar og auðmjúkar, en hinum, sem að eru ákveðnar og ákafar með krefjandi tón, þar þvert á móti, því þær þykja kenna af heimtufrekju. En hefði þíngið verið búið að fá fjárráð, þá fyrst hefði verið ástæða til að kasta þúngum steini á nefndarinnar meira hluta; en hefði hún farið einu feti leingra, en hún nú fór undir þessum kríngumstæðum, þá hefði mátt segja um hana, að óþokkin væri örastur á annara.

Jón Hjaltalín: Það er danskur málsháttur: „Loven er ærlig, Holden besværlig"; þegar menn koma með aðrar eins ástæður og nú, og halda menn taki það fyrir góða og gilda vöru, þá vil eg segja, að svo sè ekki, og eg vil segja, að þeir tali ekki af sannfæríngu, sem tala fyrir meira hlutanum. Þíngmaður Rángvellínga segir, að uppástúngur minna hlutans sè lausari, heldur en meira hlutans, en

eg veit ekki, hvað getur verið lausara, en 2. gr. meira hlutans; eg sè ekki, hvað getur verið óákveðnara, en að biðja um, að embættismennirnir njóti *jafnrèttis* og *sanngirni*, og ætlast til að þeir lifi á þessum gyllinioröum, um sama leytið, er menn hèr á þingi eyðileggja launaviðbót þá, er stjórnin fram bíður. Eg vil spyrja þá herra, hvað í þessu liggur; eg vil nú taka mig sjálfan til dæmis. Eg hefi 900 rd., en í Danmörku er landphysicis skipt í 3 flokka, sem hafa 700, 900, 1,000 rd. í laun; haldið þèr nú, að stjórnin af þessari jafnrèttisprèdikun alþingis þykist sjá, hvert hún á að bæta við landlækninn eða eigi? Eg tala ekki fyrir sjálfan mig, heldur fyrir embættið, því það er skylda mín eptirmanna minna vegna, og því verð eg að fara því á flot, að landlæknirinn hèr fái það hæsta eða 1000 rd.; en þegar nú á að leggja móti þessu, og taka einhvern veg út í bláinn, þá vil eg spyrja, hvort það sè nokkuð jafnrètti? Í Danmörk hafa landlæknar 1000 rd. í laun, en þar að auki hafa þeir 1000 rd., já mörg þúsund í „Sportler", og sem þeir þèna þar að auki. Í Holstein taka menn 1 mrk courant = 4 mrk fyrir hverja sjúkravitjun *(Sygebesög)*; eg veit ei, hvað það er nú annarstaðar í Danaveldi, en eg veit, að læknar gjöra þar ótæpa reikninga, og sem eingum dytti í hug að gjöra hèr, enda mundi þeir ekki verða borgaðir, og fæstir sem hefði brjóst á því; svona var, er og verður það; en þekkir stjórnin þetta svo nákvæmlega, hvernig hèr stendur á, og veit það? Mèr stendur hèr um bil á sama, hvort eg hefi 900 rd. eða 1000 rd.; eigi nokkur launaviðbót að vera, þá er það hið minnsta, sem minni hlutinn hefir stúngið upp á. Eg og formaður minn höfum reiknað saman allar okkar „Sportler" og höfum feingið mest 300 rd., eða ekki $^1/_{10}$ part af því, sem maður hefir í Danmörku; er þetta skiljanlegt? Eg skil eigi 2. gr.; hver ætla skilji þetta? Hvernig fara menn að kalla þetta annað en laust, og út í loptið, þegar ókunnugir menn eiga að fara að byggja þetta á einhverju jafnrètti, en þar á móti að kasta því, sem er í tölum, sem er það mest ákveðna, sem verið getur, eða halda menn að hitt sè skiljanlegra? Þetta má teygja eins og hrátt skinn í allar áttir, og eg get eigi skilið, að menn geti sent slíka bænarskrá; það er þá betra, þegar vèr ekki viljum til taka með tölum, það sem er skýrt og ljóst, að vèr þá segjum: Vèr viljum *ekkert hafa* með það að gjöra og fleygjum því öllu saman. Þá kemur nú þingmaður Mýramanna með hreppstjórana; eg skal vera fyrsti maður til að hjálpa hreppstjórunum, en eg vil ekki hafa neinar vífileingjur, en eg vil hafa það hreint og

beint, og þá verður það að vera í tölum. Þeir, sem vilja hafa meira hlutann, segja þetta komi af sljófskyggni; já! verði þeim að góðu, sem illt vilja hafa; þeim er ekki illt of gott. Eg þykist sjá í hendi mèr, að þegar þetta kemur til stjórnarinnar og ríkisdagsins, segja þeir: Þessir þingmenn vita ekki, hvað þeir vilja þeir látast ætla að gjöra einhver ósköp fyrir embættismennina, en hamingjan má vita, hvort það er nema í munninum, því á meðan við eigum að launa þeim, þá vilja þeir láta þá lifa á rèttsýni og sanngirni.

Guðmundur Brandsson: Hinn 6. konúngkjörni þingmaður misskilur meira hlutann og dæmdi hann of hart; það mun hafa vakað fyrir meira hlutanum, að ef svona væri tekið í málið, eins og hann hefir ætlazt til, þá yrði það hvöt til aðskilnaðar fjárhagsmálanna; því þætti stjórninni embættismennirnir þúngir á fóðrunum, þá hugsaði hún, að það væri bezt að sleppa beizlinu fram af því öllu saman. Sama getur hafa vakað fyrir minna hlutanum og því farið fram yfir það, sem stjórnarfrumvarpið fer, og hugsað, að þegar stjórnin sæi, hvað mikið Íslendíngar heimta, en gjalda þó ekkert til ríkisþarfa, eptir sem hún reiknar það, þá mundi henni þykja bezt, að skipta fjárhagnum og það heldur í fyrra lagi, og ef þessi er tilgángur bæði meira og minna hluta nefndarinnar, þá fara báðir í sömu átt, þó sína aðferð brúki hver; en fari nú svo, að stjórnin gángi inn á hvorugt, þá frestast aðskilnaðurinn, og það má ske nokkuð leingi. Því er annaðhvort að gánga inn á minni hlutann eða frumvarpið, ef menn ekki vilja aðhyllast meiri hlutann; en tilgángurinn er góður fyrir báðum hlutum nefndarinnar. Þingmaður Dalamanna talaði um, að þetta heyrði nú ekki undir þingið; en þar svo opt hefir verið beðið um, að fá fjárhagsmálin til meðferðar, ætti maður ei að slá hendinni á móti því, þar það væri fyrsta spor til slíks myndugleika. Þetta frumvarp, sem nú liggur fyrir þínginu er einúngis spurníng frá stjórninni, hvað mikil laun þessir menn þurfi? hvað sè nóg? Þá er að segja skýlaust, það sem manni sýnist. Meðan fjárhagurinn ekki er að skilinn, getum vèr verið þekktir fyrir að gefa bendíngar um slíkt, en það nær eigi leingra, en til aðskilnaðarins, og er því einúngis sem bráðabyrgðarlög; þá er það komið undir skoðun manna og kríngumstæðum, hvernig það verður eptirleiðis haft með laun þessara embættismanna, og til þessa er einnig bent í nefndarálitinu. Það getur má ske verið, að eg taki mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu, sem eg nú hefi talað um þetta.

Stefán Jónsson: Það er nú komið í meiri vandræði, en var

áður; eg hèlt fyrst, að það ætlaði að gánga saman með mönnum, því mèr fannst, að hèr væri ekki um neitt stórræði að gjöra milli beggja hluta nefndarinnar. Meiri hlutinn vill ekki til taka dalatal, en það vill minni hlutinn, en hvortveggi vill mæla fram með málinu sem bezt má verða; eg vonaði því, að það mundi jafna sig, en mèr sýnist það ætla að gánga seigt. Mèr þykir nú vera komin æðimörg breytíngaratkvæði við minni hlutann; eg skal nú ekki segja neitt um, hvernig þeim muni farnast, en þó verð eg að segja, að eg get einmitt þess vegna ekki fylgt minna hlutanum, og þyki því meiri hlutinn fullt eins álitlegur. Það hefir mikið verið kvartað yfir, að laun embættismanna í Danmörku væri svo misjöfn sín á milli, og því yrði ekki miðað við þau; en eg skil ekki, hvaða vandræði eru á því að ákveða hæfileg laun fyrir embættismenn hèr, þó ekki hafi allir þar jöfn laun. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það væri líklegt, að bændur vildi láta embættismenn sína ekki hafa lakara en vinnumenn, nefnil. í sig og á, en það er nú undir kríngumstæðunum komið, að vinnumennirnir fái í sig og á; það er komið undir árferðinu, og einkum undir því, hvernig afdrif verða á öðru máli, sem bráðum kemur til atkvæða þíngsins. Eg get nú vel ímyndað mèr, að það sè einkum mikill mismunur á launum lækna hèr og í Danmörku, eins og hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður sagði; en einkum verður mestur munur á aukatekjum (*„Sportler“*) þeirra þar og hèr, því hèr er fátækt land, en þetta mætti kann ske lagfæra með því, að skýra málið í útlendum blöðum, eins og þótt hefir þörf um annað mál, sem alla landsmenn snertir.

Framsögumaður: Eg skil nú alls ekki, hvað þessi mörgu breytíngaratkvæði eiga að þýða; allar ákveðnar uppástúngur um launaupphæð hvers einstaks embættismanns lenda þó við það, að alþíngi ályktar, að aðrir skuli greiða upphæðina úr sínum vasa; það er að rista breiða reim af annars húð. Mèr sýnist það hlægilegt, að þykjast vera að veita laun og færa þau upp og niður á ýmsa bóga, og verða þó að segja: það er ríkisþíng Dana, sem ákveður, hver launin skuli vera, hvað sem við segjum; það er ríkisþíngið í Danmörku, sem veitir launin. Eða er það ekki hlægilegt, að gjöra sumum flokkum embættismanna lægra undir höfði en sumum, og vilja biðja til þess, að gjöra þessum lægra undir höfði en hinum? eg veit ekki hvað er að strokka, án þess að fá smjör, ef það er ekki þetta; en ef menn eru ánægðir með þau laun, sem þeir vilja á pappírnum, þá hefi eg ekkert á móti, þó það væri 10,000 rd. handa hverjum. Það

hefir verið sagt, að vèr sleppum eigi rètti vorum í fjárhagsefnum, þó vèr gefum atkvæði fyrir smágreinunum; það kann vel að vera það stæði á sama, en hvað *vinnum* vèr með því? Vèr sleppum ekki heldur fjárhagsrètti vorum með hinu, meðan hann einginn er. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður á gott; mönnum þykir gaman að hlýða á, hvað hann segir; hann þarf eigi að lesa málin; hann getur altènd sagt eitthvað skemmtilegt, og stundum er hann líka rètt heppinn, að minnsta kosti í að fá menn til að brosa að því, sem hann getur sýnt manni í málunum, og einginn annar sèr. Það er einna lakast hjá honum í þessu máli, að honum finnst allt svo laust fyrir, að hann nær eingri festu; en hefði hann lesið nefndarálitið, þá hefði hann efalaust getað feingið handfesti á einhverju; eg get t. d. huggað hann með því, að skilji hann ekki 2. atr., þá skal eg vísa honum til þess 3., og þess, sem tekið er fram í ástæðum meira hlutans, að hve miklu leyti íslenzkir embættismenn njóti ekki jafnrèttis fullkomlega. Að hugsa, að stjórnin kasti málinu fyrir þá sök, væri alveg ástæðulaust; það er ekki hætt við því; ekki væri það að gæta jafnrèttis, eða gefa launaviðbót, enda væri það þá ekki alþíngi að kenna, ef svo færi, heldur væri það af því, að stjórnin hefði þá skipt um meiníngu sína. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að það sè almenn trú í Danmörku, að menn geti lifað hèr á loptinu; en ef svo er, þá munu menn eigi sannfæra ríkisþíngið í Danmörku með því, þó þeir sjái, að Íslendíngar eigi hægt með að skrifa tölur á pappír og setja þær eptir atkvæðum; menn sanna ekki heldur með því, að dýrt sè að lifa á Íslandi. Það er einmitt af þessu, að meiri hlutinn vill ráða þínginu frá, að eyða atkvæðum sínum upp á að ákveða tölur á pappírnum, sem einga verulega þýðíng hafa; hann vill, að þíngið bendi einúngis á hina rèttu reglu, sem fylgja eigi, þegar launin sè ákveðin. Það er verulegt, ef stjórnin sannfærist um, að meira tillit þurfi að taka til embættismanna hèr, en híngað til hefir verið gjört, og það er bót, ef stjórnin sannfærist um, að embættismenn hèr eigi jafnrètti með embættismönnum í Danmörku.

Þórður Jónassen: Skoðun meira hlutans á þessu máli hefir, að mèr virðist, orðið fyrir nokkuð hörðum dómi hjá sumum þíngmanna, og það án þess hún eigi hann skilinn; mèr þykir þvert á móti mikið mæla með henni, því hún heldur fram því, sem eg álít rètt og sanngjarnt; hún heldur fram jafnrètti milli íslenzku og dönsku embættismannanna, sem eru í sömu eða í líkri stöðu þar og hèr, og þessi skoðun er rètt og sanngjörn, þegar að öðru leyti eru gjörðar

sömu þekkíngarkröfur til beggja; en annað mál er það, hvort stjórnin þykist geta aðhyllzt þetta jafnrètti; eg held við þurfum því miður ekki að gjöra okkur neina von um það, og það sýnist mèr mega ráða af sjálfum frumvarpsástæðunum, en þegar svo er, þá hallast eg að skoðun minni hlutans, því hann heldur sèr sem næst frumvarpinu og stíngur einúngis upp á nokkrum breytíngum í því, en það er sjálfsagt, hann sleppir um leið jafnrèttinu. Stjórnin hefir ætlazt til, að þíngið segði álit sitt um frumvarpið, um það, hvort embættmennirnir, sem frumvarpið talar um, þyrfti launaviðbætur, og þá hverjar, og þetta tekur minna hlutinn fram í breytíngum sínum við frumvarpið, og af því eg held ekki hjálpi að fara leingra, þá felli eg mig betur við þessa aðferð minna hlutans, og eg vona, að stjórnin og ríkisþíngið gefi tillögum minna hlutans góðan gaum, því þær eru sannarlega mjög sanngjarnar, og geta vissulega ekki verið minni, en þær eru. Að fara að tala hèr um aðra embættismenn, en frumvarpið talar um, álít eg ekki eiga við, það er að fara út í aðra sálma, og getur, ef til vill, spillt fyrir málinu; eg segi þetta ekki í þeirri veru, að eg ekki viðurkenni, að þessir menn þurfi að fá betri kjör, en þeir hafa, heldur af því að eg sè ekki, að þeir geti komizt hèr að.

Að öðru leyti skal eg lýsa því yfir, að eg treysti stjórninni og ríkisþínginu svo vel í þessu máli, að þó álit meira hlutans verði ofan á, og þannig ekki komi frá þínginu neinar beinlínis uppástúngur, en einúngis verði beðið um, að laun íslenzku embættismanna verði sem fyrst bætt, eins og verða má, í hlutfalli við dönsku embættismennina í sömu eða líkri stöðu, af því þeir þurfi þess fyllilega við (og það hefir meiri hlutinn beinlínis sagt), muni það verða tekið til greina með allri þeirri sanngirni, sem gjöra má ráð fyrir hjá hverri góðri og rèttvísri stjórn, og þannig álít eg málinu borgið, hver aðferðin, sem enn er viðhöfð, og skal eg ekki fara um málið fleirum orðum.

Arnljótur Ólafsson: Hinn háttvírti þíngmaður Ísfirðínga gjörði mikið úr, hvað uppástúngur minna hlutans væri hlægilegar, og margir gamansamir þíngmenn taka víst undir það með honum. Honum þykir hlægilegt, að biðja um eitthvað í tölum, en honum þykir ekki hlægilegt, að biðja um það í bókstöfum eður í bókstafareikníng, sem þó er mikið hærri, því sá reikníngur er ótakmarkaður; hann vill ekki opið brèf með tölum, en opið brèf með bókstöfum *(Framsögumaður:* Nei). Jú, því ekki það; það er þó einmitt talnareikníng-

ur minna hlutans, er hinn háttvirti þingmaður hefir á móti; en hann elskar bókstafareikning sinn. Allt hjá meira hlutanum er svo óákveðið, að það er eigi of sagt, þegar hinn 6. konungkjörni líkti því við hrátt skinn, eður þá við marglittu; en hver á nú að ákveða það, sem svona er óákveðið? Þingmaður Mýramanna segir: þegar eg veiti launin, þá skal verða veitt; eg skal láta ærlega í askana ykkar, piltar, þegar eg á að fara að skamta í þá, en núna fáið þið ekkert". Þeim kemur dável saman, honum og þingmanni Ísfirðinga; þingmaður Ísfirðinga segir: „eg vil þeir fái launaviðbót, en gjör þú það, eg vil ekki gjöra það; eg vil einúngis, að þeir fái jafnrètti; en svo getur hvorki hann nè nokkur annar sagt, í hverju þetta jafnrètti sè innifalið, þó hèr svo lægi fèlisti yfir laun allra embættismanna í Danmörku. Þá kemur nú nr. 3, „sem allrafyrst". Sumir halda þetta standi nú í sambandi við fjárhagsmál vort við Danmörku, og er þá eiginlega beðið um fjárhag sem fyrst, en ekki launin; en mèr sýnist nú meiri hlutinn ekki gjöra ráð fyrir neinu sambandi milli fjárhags og launa, því eg sè ekki annað, en að þeir vilji einhverja óendanlega bókstafastærð. Eg vil í annan stað halda mèr við jörðina, og segi, hvað eg vil í tölum. *Framsögumaður* segir um meira hlutann: „Vèr segjum álit vort". En hvaða álit er þetta? Það er getgáta, svar út í hött; þingmenn vilja senda bænarskrár um lagaskóla, búnaðarskóla, kollektusjóð og allt þess konar, en þeir, sem hafa viljað biðja um þetta allt saman og ákveðið upphæðir, þeir vilja ekki ákveða 1 skild., þegar stjórnin segir, að vèr skulum biðja. Það er ekki hlægilegt, að biðja um kollektusjóð, eins og vèr hefðum fjárforráð, en nú þegar oss er leyft að biðja, þá er það hlægilegt, og því má ekki biðja um 1 skildíng úr ríkissjóði, heldur einúngis um jafnrètti úr ríkissjóði og sanngirni að auki. En hvernig fer nú, má eg spyrja, ef konúngur gæfi oss lagaskóla, lofaði oss fè úr ríkissjóði, og spyrði oss svo að, hve mikið fè þyrfti til hans, og segði oss að til taka laun kennaranna? Ætli hinn háttvirti þingmaður Ísfirðinga komi þá til og segði: „Í öllum bænum ákveðið þèr eingar tölur, byggið þèr skólann með tómum bókstöfum og launið kennurunum með bláberu jafnrètti og sanngirni. Eg vil heldur eingan lagaskóla, það segi eg satt, heldur en að ríkisdagurinn fái fíngur í tölum vorum; þèr getið ekki nærri, hvað mèr er illa við, að ríkisdagurinn fari með tölur, ekki sízt núna, síðan að hann lagðaði einhverja með þessum 30,000!"

Gísli Brynjúlfsson: Mèr finnst þetta mál í sjálfu sèr vera of-

boð einfalt, þar sem stjórnin að eins hefir spurt oss um álit vort á máli, sem vèr eigum svo ofboð hægt með að svara upp á, og furða eg mig því á því, hve *framsögumanni* hefir tekizt prýðilega að vefja það; en þá eru nú ástæðurnar farnar að verða heldur en ekki veikar, þegar menn einnig eru farnir að ráða þingmönnum til, að fallast þó heldur á álit minna hlutans, því annars verði atkvæðaskráin svo laung. Eg tók það fram áðan, að ef vèr nú samþykkjum, að laun embættismannanna skuli vera svo og svo mikil, þá lægi beinlínis í því, að vèr um leið segjum oss fúsa til, að leggja þetta fè fram, hve nær sem vèr fáum fjárhagsráð landsins, og orð *framsögumanns* um, að vèr tölum hèr að eins um, að taka úr sjóði annara manna og slíkt sè að eins hlægilegt, sem satt er, eiga hèr því enn hvergi við; en hitt hefir mèr þótt vænna að heyra, að varaþingmaðurinn úr Dalasýslu og eins hinn háttvirti þingmaður Mýramanna hafa tekið svo vel undir það, að þá mundi þeir fúsir á að sýna, hve vel þeir vildi fara með embættismennina, ef við nú sjálfir hefðum fjárhagsráð vor, því þá held eg að þeim væri einnig nú rèttara, að gefa atkvæði sitt með minna hlutanum, ef menn að eins geta sannað þeim, að alþingi á þann hátt eingan veginn bindi hendur sínar fyrir fram með tilliti til fjárhagsmálsins. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir nú reyndar viljað segja þetta, en eg held þó ei, að hann hafi sannað það, því eg get ei með nokkru móti sèð, að það rýri rètt alþingis hið allraminnsta með tilliti til fjárhagsins, þó það nú segi meiningu sína um laun hinna íslenzku embættismanna; í því liggur þó alveg engin viðurkenning á hinu, að vèr álítum það rètt, að hinn danski ríkisdagur ráði einnig fjárhag Íslands, og stjórnin hefir þá allt eins bundið sig fyrir fram í hina stefnuna, með því að vera nú að spyrja alþingi að meiningu þess um slíkrar tegundar mál. Og hvað jafnrèttinu viðvíkur, þá sè eg nú æ betur og betur, því leingur sem eg hugsa um það, að það er eingan veginn nokkurt verulegt jafnrètti fyrir Íslendínga, sem hèr ræðir um, heldur að eins sá rèttur vor, að mega nú gjöra alla embættismenn landsins að dönskum, en ei íslenzkum embættismönnum; því þetta gjörum við óneitanlega með því, að svara stjórninni nú að eins því upp á spurníngu hennar, að vèr getum ekkert um málið sagt, þar sem það ei komi oss hótið við, heldur að eins ríkisdeginum danska og konúngi vorum. Finnst mèr þetta því í rauninni mjög háskaleg skoðun, þar sem svo margt annað leynist í henni, en eiginlega kemur fram, og ekki á eg heldur hægt með að skilja, hvernig slík aðferð eigin-

lega á að flýta fyrir, að fjárhagsskilnaðurinn komist á milli Íslands og Danmerkur; því eg held varla það bæti nokkuð, þó menn nú vilji fara að blanda fleiru saman, fyrst slík óeðlileg samblöndun svo leingi hefir átt sèr stað um eitt eða fleiri áríðandi mál.

Framsögumaður: Þíngmaðurinn úr Borgarfjarðarsýslu tók það fram, að vèr hefðum haft bókstafareikníng í uppástúngum vorum, en hann talnareikníng; mig furðaði á því, að hann skildi finna að því, að vèr hefðum brúkað bókstafareikníng, þar sem hann hefir þó opt sjálfur brúkað hann; hann tók líka fram, að bókstafareikníngur hefði verið hafður við annað mál áður, og var hann álitinn þá nógu skýr; og eg held, að bókstafareikníngur meira hlutans sè svo skýr, að ekki þurfi að útskýra hann með tölum. Hann fann líka að því, að meiri hlutinn færi fram á, að embættismönnum hèr væri gjört jafnrètti við samkynja danska embættismenn, en minni hlutinn hefir ekki sjálfur getað komizt hjá því, að brúka þetta orð jafnrètti, og er þetta orð víst ei óskiljanlegra hjá meira hlutanum, en hjá minna hlutanum (*Arnljótur Ólafsson:* Jú); eg held, að jafnrètti sè auðskilið, og allir sjái, að það er ekki jafnrètti, sem farið er fram á í 5. gr., þar sem embættismannalaunin eru sett lægra hèr, en allra tilsvarandi embættismanna í Danmörku; því eins og það ekki er jafnrètti, að embættismenn hèr skuli hafa jöfn laun við þá, sem bezt eru launaðir í Danmörku, eins er það ekki jafnrètti, að þeir skuli hafa sömu laun og þeir, sem minnst laun fá þar, og gegna hinum tilsvarandi embættum, en allrasízt er það jafnrètti, að þeir skuli hafa lægri laun en þeir allir saman. Það er ekki heldur satt, sem þíngmaður Skagfirðínga sagði, að uppástúngur meira hlutans miðuðu til þess, að gjöra embættismenn vora danska. Vèr viljum, að embættismenn vorir hafi jafnrètti við tilsvarandi danska embættismenn meðan fjárhagurinn er óaðskilinn, annað ekki; vèr höfum ekki gjört ástandið eins og það er orðið, en vèr verðum að taka ástandið eins og það er, og laga oss eptir því, og vèr höfum rètt til að byggja á því; þetta er allt annað, en að flokka embættismenn vora með dönskum embættismönnum. Frumvarpið á ekki við, af því það tekur fyrir að eins einn flokk íslenzkra embættismanna, og þarf ekkert opið brèf til þess, að veita þeim launahækkun; það hafa áður fyrri ekki orðið nein vandræði úr, að ákveða laun þeirra í fjárhagslögunum, og verða líklega ekki heldur hèr eptir, og er það því ekki að svara út í hött, þó vèr segjum, að til þessa þurfi ekkert opið brèf.

Vilhjálmur Finsen: Ef fjárhagur Íslands yrði innan skamms

að skilinn frá Danmerkur, eins og ríkisþíngið og alþíngi hefir farið fram á, þá ímynda eg mèr, að það gæti fremur verið hagur fyrir Ísland, að launalög fyrir embættismenn hèr væri komin út fyrir aðskilnaðinn, því við aðskilnaðinn mundi að líkindum árlegt tillag verða lagt Íslandi úr ríkissjóðnum, sem yrði reiknað út eptir mismuninum á tekjum og útgjöldum landsins, og væri þá ekki ólíklegt, að farið yrði eptir útgjöldunum eins og þau væri, þegar aðskilnaðurinn yrði, svo að ef búið væri þá að hækka laun embættismanna, þá mætti gjöra ráð fyrir, að tillagið yrði þeim mun hærra. Ef þar á móti mál þetta biði, þángað til eptir að fjárhagurinn væri að skilinn, þá væri hið fyrsta, sem þá kæmi fyrir þíngið, að hækka laun embættismannanna, og yrði þíngið þá að taka við þeim í bágu ástandi og í skuldum, og yrði þá að taka þá launaviðbót úr landsins sjóði. Eg skal skýra þetta betur með tölum. Ef fjárhagurinn yrði að skilinn í ár, eins og nú stendur, og menn setti svo, að mismunurinn á tekjum þeim, sem taldar eru frá Íslandi og útgjöldum landsins væri t. a. m. 10,000 rd., þá mætti gjöra ráð fyrir, að Ísland feingi í árstillag úr ríkissjóðnum þessa 10,000 rd. Ef þar á móti að skilnaðurinn yrði að 2 árum liðnum, og í millitíð væri búið að hækka laun embættismanna hèr á landi, um t. a. m. 2,000 rd., þá mætti gjöra ráð fyrir, að tillagið hækkaði um þessa 2,000 rd., og yrði þá 12,000 rd. Af þessu leiðir, að ei verður sagt, að alþíngi með því að fallast á þetta frumvarp ákveði, hvað leggja eigi úr sjóði Íslands, heldur er það lagt úr ríkissjóðnum, og er þetta ekki ósanngjarnt, af því embættismenn hèr hafa í seinni tíð ekki haft jafnrètti við embættismenn í Danmörku í samkynja embættum, sem þeir þó höfðu áður, því frá aldamótunum og lángt fram eptir höfðu embættismenn hèr hèr um bil jöfn laun við tilsvarandi danska embættismenn, en smámsaman gleymdust hinir íslenzku embættismenn, þegar dönsku embættismennirnir feingu launahækkun. Sem dæmi upp á þetta skal eg geta þess, að t. a. m. háyfirdómarinn í landsyfirrèttinum hafði áður fyrri hèr um bil öldúngis sömu laun og háyfirdómarar í Danmörku; landfógetinn hefir staðið með sömu launum síðan 1812, nefnilega 600 rd., og munu amtsforvaltarar í Danmörku, er honum mun helzt verða jafnað saman við, þá eigi hafa haft meira, en nú eru laun amtsforvaltara í Danmörku stigin til 1,200—2,500 rd. árlega. Það er nú í sjálfu sèr einginn verulegur munur á meira og minna hluta nefndarinnar, en ef menn fallast á uppástúngu meira hlutans, sem geingur út á, að ráða frá að frumvarpið fái lagagildi,

þá er það spursmál, hvort það ekki muni spilla fyrir málinu; þetta er einkum komið undir því, hvort hlutaðeiganda ráðgjafa er mjög umhugað um þetta mál, sem mèr ekki er kunnugt um, og gæti eg hugsað, að honum, ef til vill, ekki væri það svo mjög, af því að það er fjárhagsmál, en í þeim málum sýna ráðgjafarnir alla sparsemi, og veita ekki gjarnan meira en ekki verður hjá komizt; ef honum nú ekki er mjög umhugað um málið, getur verið að hann hafi sent þessar uppástúngur um launaviðbót til þíngsins, af því hann hefir ekki getað komizt hjá því, að hugsa líka um íslenzku embættmennina, úr því að verið er að búa til lög um launahækkun fyrir embættismenn í Danmörku; og ef þíngið ekki fellst í því verulega á frumvarpið, heldur setur fram kröfu um jafnrètti, þá er ekki ómögulegt, að ráðherranum kunni að þykja málið ekki nægilega upplýst, til þess að veitt yrði slíkt jafnrètti, og hann tæki svo tilefni af þessu til að fresta málinu, þángað til málið um fjárhagsaðskilnaðinn væri um garð gengið, og kann þá að verða svo, að málið eyðist með þessu; en þetta er sem sagt komið undir því, hvort ráðgjafanum er mjög umhugað um málið eða ekki. Það er enginn vafi um, að íslenzkir embættismenn hafa heimtíngu á jafnrètti við þá dönsku, og hafa haft það til skamms tíma, og er engin ástæða til að víkja frá kröfunni til jafnrèttis, en það er spursmál um það, hvort menn með því muni ná tilgánginum, því það er lángt að stökkva allt í einu frá því, sem nú er, og til fullkomlega jafnra launa við tilsvarandi danska embættismenn. Eg held því, að rèttast sè að halda sèr við frumvarpið, en gjöra að eins nokkrar ekki of verulegar breytíngar á því, eins og minni hlutinn hefir gjört, því ef svo er farið að, þá má álíta víst, að nokkur launahækkun fáist, sem er fullkomnasta þörf á fyrir embættismennina. Það er ekki rètt skoðað, að þó þíngið segi álit sitt um þetta mál, þá veiti það þar með penínga þessa, því stjórnin hefir einúngis sent þínginu þetta frumvarp til þess að leita álits þess um það, hvort þessi launahækkun, sem það hefir stúngið upp á, sè hæfileg, og mèr sýnist, að þíngið eigi að svara þessari spurníngu blátt á fram eins og hún er fram sett, og segja hreinskilnislega, að þau sè of lítil og þurfi að hækka þau hæfilega.

Framsögumaður: Eg vil að eins svara hinum heiðraða 4. konúngkjörna þíngmanni upp á það, er hann sagði, að allt væri komið undir því, hvort stjórnarherranum væri annt um málið eður ekki, þá er það satt að vísu, en þíngið má ekki binda skoðun sína um það, hvað rètt sè, við það, hvaða álit þessi og þessi ráðgjafi hafi á

málinu, því þó þessi ráðgjafi kunni ekki að hafa hug á málinu, getur vel verið, að annar ráðgjafi komi eptir hann, er hafi aðra skoðun, og það er ekki einu sinni víst, að sá ráðgjafi, sem sendi frumvarpið til þingsins, verði ráðgjafi, þegar það kemur aptur frá þinginu; en eg gjöri að öðru leyti ráð fyrir, að ráðgjafinn vilji fara eins vel með embættismennina hèr, eins og embættismennina í Danmörku, og hafi tillit til bendínga þingsins um það, að láta embættismenn hèr hafa sömu kjör og embættismenn í samkynja embættum í Danmörku. Hinn 4. konúngkjörni þingmaður sagði, að embættismenn hèr ætti að hafa jafnrètti við hina dönsku, en hann hikaði sèr samt við, að krefjast sömu launa fyrir þá; í þessu þykir mèr liggja mótsögn, því annaðhvort er fyrir hann, að fallast þá á uppástúngur meira hlutans, eða tiltaka þá svo háar launaviðbætur, að jafnrètti fáist, svo að hann verði ekki á móti sinni eigin skoðun. Eg er ekki eins harður eins og hann, því mèr sýnist nóg, að taka fram í álitsskjalinu þær grundvallarreglur, sem ætti að hækka laun embættismannanna eptir, en það er allt annað, en að biðja um löggildíngu frumvarps til opins brèfs í því máli, sem alþíngi hefir ekkert atkvæði í.

Vilhjálmur Finsen: Þíngmaður Ísfirðínga hefir ekki skilið mig rètt ef hann heldur, að eg áliti að jafnrètti væri komið fram í frumvarpinu; þetta var ekki mín meiníng, en eg áleit, að frumvarpið, einkum með nokkrum hæfilegum breytíngum, væri betra en ekki neitt.

Framsögumaður: En mín meiníng var sú, að geingi hinn 4. konúngkjörni þíngmaður út frá jafnrètti og vildi heimfæra það upp á frumvarpið, þá yrði að tiltaka launaupphæðina með svo háum tölum, að jafnrètti feingist. En ef hinum 4. konúngkjörna þíngmanni sýndist ekki að fara svo lángt, þá sýnist mèr að sè hið eina rètta, að benda stjórninni á jafnrèttið, og sýna henni, hvernig á því stendur, að því er ekki gefinn gaumur.

Vilhjálmur Finsen: Eg hefi ekkert á móti því, að íslenzkir embættismenn hafi heimtíngu á jöfnum launum við danska, en eg er hræddur um, að stjórnin gángi ekki inn á það, vegna þess að menn hafa þá meiníngu i Danmörku, eins og líka sjá má á ástæðum frumvarpsins, að menn þurfi ekki eins há laun hèr og þar.

Arnljótur Ólafsson: Eg ætla mèr ekki að tala um jafnrètti eða um opið brèf, eða eins og meiri hlutinn, að gefa það í öðru orðinu, sem eg tek í hinu, en eg tek það fram, að ef þíngið ei tekur uppástúngur minna hlutans, þá vil eg spá því, þótt eg ekki sè fornspár, að það verður því að kenna, ef embættismenn fá ekki launa-

viðbót, en ef stjórnin af sjálfri sèr veitir þeim hærri laun, þá hefir alþingi gefið sjálfu sèr á munninn. Ef þingmenn fallast á meira hlutann, þá leggja þeir á tvær hættur um það, hvort nokkuð muni fást, og eru þá líkastir þeim mönnum, sem ekki vilja gjöra neitt gott sjálfir, en vilja láta aðra gjöra það; en af þessu kann það að leiða, að ekkert verði gjört fyr en fjárhagurinn er að skilinn, og þá verður landið að taka við embættismönnum sínum því nær hrepplægum. Það er mèr óskiljanlegt, ef þingmenn vilja spilla bæði fyrir sèr og embættismönnum sínum af tómum orðaleik meira hlutans.

Ásgeir Einarsson: Eg var búinn að einsetja mèr að standa ekki upp, og það var má ske óþarfi fyrir mig, því mèr mun ei takast að sannfæra þingmenn um það, sem þeir ekki vilja sannfærast um, en eg vil ekki sleppa því, að geta um nokkuð í áliti minna hlutans, sem mèr ei líkaði. Þegar eg fyrst sá álit minna hlutans, voru þar ýms orð, sem eg hèlt að hann hefði sett þar að gamni sínu, en sem eg nú sè að muni eiga að vera alvara; þar sem minni hlutinn talar um gestrisni embættismanna og segir, að alþýða sýni embættismönnum því meiri virðingu og hlýðni sem þeir eru gestrisnari og ríkari, þá eg vil nú spyrja: hvað ætli að ríkisþing Dana hugsi um hlýðni manna hèr, þegar þingið segir því og stjórninni, að hún sè grundvölluð á gestrisni embættismannanna, eða að embættismennirnir á Íslandi sè gestrisnir, til þess að fá alþýðu til að hlýða sèr? Minni hlutinn var einnig óviðurkvæmilegur í orðum, þegar hann sagði, að meiri hlutinn vildi hefna sín á hinum konúngkjörnu (*Arnljótur Ólafsson: Eins og* vildi hefna sín). Það er eins óviðurkvæmilegt, því það er hið sama sem að segja um þá, að þeir brjóti á móti sannfæríngu sinni, samvizku sinni og alþingistilskipuninni, ef hefnd þessi ætti að vera fólgin í atkvæðagreiðslu konúngkjörnu þingmannanna, því það er það helzta, sem bændur eiga hèr að sælda við embættismenn þessa. Þingmaðurinn hefði átt að fara varlega út í það, að stínga upp á miklu úr ríkissjóðnum, því í það vildi meiri hlutinn fara varlega, þó hann feginn vildi taka sem flesta embættismenn, ef hann hefði mátt, inn undir launaviðbótina; en ef meiri hlutinn ekki hefði gjört það, sem hann mátti, þá hefði mátt brigzla honum; eg þarf ekki að svara ástæðum minna hlutans, það er nóg búið að gjöra það, en eg vildi að eins sýna þetta viðkomandi stefnu nefndarinnar, og var eg í vetur heima hjá mèr ekki lítið glaður, þegar eg frètti, að mál þetta mundi verða lagt fyrir þingið, því eg hèlt það yrði gjört á annan hátt, en nú er orðið; eg hèlt að þessi

launaviðbót næði til allra embættismanna, og að alþingi ætti algjörlega að gjöra út um það, en þegar nú á að leggja álit þingsins undir dóm ókunnugra manna á ríkisdeginum, þá er varla vanþörf á því, að skýra frá því í smjörpundum og kjötpundum, hvað það kostar að lifa hèr, en nú verður ríkisdagurinn kunnugur öllu ástandi hèr, þegar hann fær skýrslur minna hluta nefndarinnar. Meira hlutanum þótti lítið í varið, að segja álit sitt um fáa einstaka embættismenn, og vildi líka mega hækka laun þeirra, sem vest er launað, og mest eru þurfandi. Sama skiptíngarhugmynd kom fyrir á þjóðfundinum, og ætla eg ekki að lofa þá sanngirni, sem lýsir sèr í henni. Það getur vel verið, að einhverjir kunni að álíta, að bændurnir í nefndinni hafi níðzt á embættismönnunum af heimsku og nirfilsskap, en eg þekki þíngmann Ísfirðínga svo, að eg veit, að það er óþarfi að bregða honum um þetta, og veit hann eins vel og hver annar, hvernig þessu máli hagar í Danmörku. Meðferðin á þessu máli sýnir, hvernig menn geta gjört málin flókin; því nú eru komin svo mörg breytíngaratkvæði við minna hlutans uppástúngu, að eg tel það óvíst, hvort ríkisdagurinn muni nú heldur fallast á minna hlutans uppástúngur, en jafnrèttis uppástúngur meira hlutans, ef báðar uppástúngur yrði lagðar fyrir hann.

Arnljótur Ólafsson: (— Í því hann stóð upp, kvaðst *forseti* eigi mega gefa fleirum orðið að sinni, því margir þíngmenn hefði þegar beðizt þess, að leitað væri atkvæða um, hvort þessari umræðu mætti eigi vera hèr með lokið). — Það voru að eins fáein orð, er eg vildi fá að tala! (— *Forseti:* Já, þau verða þá að vera sárfá fyrst um sinn!) Mèr þótti nú heldur en ekki vera kominn hiti í grjónin hjá þíngmanninum úr Strandasýslu, er hann færði það að mèr, að eg hefði talað um gestrisni embættismannanna svo sem að gamni mínu. Svo kom hann þá með nýja ástæðu fyrir meira hlutanum, og það var sú, að sèr hefði dottið þegar í vetur einmitt hin sama skoðun í hug sem honum. Skoðun meira hlutans er þá orðin veturgömul; það er ljótur skaði, að hún er eigi eldri en tvævetur. . . . .

Forseti (hríngdi): Þetta ætlar að verða heil ræða, er krefur svars í móti, en eg verð nú að taka orðið frá þíngmanninum, vegna þess að 16 þíngmenn hafa þegar beðizt þess skriflega, að leita atkvæða um að umræðunum sè hætt, og má því ei gefa tilefni til nýrra umræðu að sinni.

Leitaði *forseti* síðan atkvæða um það, hvort þessari undirbún-

íngsumræðu skyldi hèr með lokið, og var það samþykkt með atkvæðafjölda.

Skoraði *forseti* síðan á formann nefndarinnar í málinu um *úrræði við hallæri,* að hann sæi til að nefndarálitið kæmi ei seinna til sín, en snemma á sunnudaginn, þar málið að öðrum kosti gæti eigi komizt að á þessu þingi.

Ákvað *forseti* því næst fund næsta dag kl. 11, og gat þess, að þá mundi *læknamálið* koma til undirbúningsumræðu, og *fjárkláðamálið* til ályktarumræðu.

Fundi slitið.

---

13. ágúst - Þrítugasti og sjötti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu málið um *stofnun læknaskóla hèr á landi.*

Eg hefi látið prenta niðurlagsatriði nefndarinnar í þessu máli, og eg vona þingmenn hafi þau við hendina.

Framsögumaður er hinn háttvirti 6. konúngkjörni þingmaður.

Málið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Eg ætla að leyfa mèr að geta þess, að eg hefi beðið annan þingskrifaranna, að lesa upp nefndarálitið, af því mèr er hálfillt í augunum.

Síðan las annar þingskrifaranna upp nefndarálitið svo hljóðandi:

Alþingi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um uppástúngu dags. 22. júlí þ. á. frá mèr, landlækni Dr. Hjaltalín, um, að alþingi endurnýi þá bæn sína til konúngs, að endurbót verði gjörð á læknaskipun hèr á landi.

Eptir að vèr höfum haft fund með oss, og rætt þetta mál, skulum vèr hèr með leyfa oss, að láta í ljósi álit vort um málið á þessa leið.

Eins og þingmönnum mun kunnugt vera, hefir læknamálið opt verið borið upp á alþingi, og hefir þingið jafnan sýnt, að því er mjög annt um þetta mál, eins og von er til, þar eð læknaskorturinn á landi þessu verður að því skapi þúngbærari og tilfinnanlegri, sem fólkið fjölgar meira. Stjórnin hefir nú að vísu í þetta sinn

eins og fyr, látið hinn háttvirta *konúngsfulltrúa* skýra þínginu frá, að henni sè og mjög annt um þetta mál; en þó vèr fúslega og þakklátlega viðurkennum hennar góðu tillögur og ákvarðanir, þá hefir það þó eigi dulizt fyrir þínginu, að hún sýnist eigi enn þá að hafa fallizt á aðalstefnu þá, sem þingið hefir jafnan haft fyrir augum í þessu máli, en sem er því afsakanlegri og náttúrlegri, sem hún er byggð á ásigkomulagi landsins sjálfs, og á þeirri tilhögun, sem höfð var á læknaskipuninni hèr á landi um lángan tíma, eptir að hún var sett á fót.

Þegar vèr nefndarmenn grannskoðum mál þetta, getum vèr ekki betur sèð, en að hin fyrri álitsskjöl frá alþíngi í þessu máli, og einkum álitsskjalið frá 1847, sè á góðum rökum byggð, og mest samkvæm þörfum landsins og skoðun þjóðarinnar. Það vakir hèr ávallt fyrir landsmönnum, að naumast muni hèr verða komið á læknaskipun, nema menn, eins og áður var títt, setji á stofn læknakennslu hèr á landi. Saga lands vors sýnir það og, að með því fyrirkomulagi, sem haft var á læknakennslunni hèr á öldinni, sem leið, gekk læknaskipunin lángtum greiðara og fljótara áfram, en á þessari öld, eptir að þessu fyrirkomulagi var breytt, og menn fóru að treysta einúngis þeim læknum, sem lært hefði erlendis.

Vèr vitum það vel, að margir eru þeir, sem álíta það ógjörníng, að stofna læknaskóla hèr á landi, bæði af því, að hèr sè svo fólksfátt, og líka af því, að hèr vanti öll áhöld til slíkrar kennslu; kennslan mun, segja þeir, verða mjög ófullkomin og ónóg til þess, að mynda góða lækna. Slíkt verður eigi lært nema í stóru stöðunum, þar sem er mikil mannmergð og stórir spítalar; öll læknakennsla hèr verður að eintómu káki; það verður nokkurs konar hálflærdómur, sem til einkis er nýtur. Það mætti nú virðast nóg, að svara slíkum mótbárum með reynslu fyrri aldar, því hafi menn þá, þegar fólksfæðin var lángtum meiri, en hún er nú, þegar allar kennslubækur voru lángtum ófullkomnari, en þær eru á vorum dögum, þegar menn vantaði mestöll þau verkfæri, er menn hafa nú til slíkrar kennslu, hafi kennslan þá, segjum vèr, verið viðunanleg, og komið að góðu haldi, því skyldi hún þá eigi geta orðið að góðu gagni nú á vorum dögum?

Allir þeir, sem mæla svo mjög á móti læknakennslunni á landi hèr, virðast að gleyma því, að land þetta, eins og hvert annað land í heimi, hefir sína sèrstaklegu sjúkdóma, sem menn þurfa að þekkja rèttilega, áður en menn geta komizt niður í þeim. Það er nú að

vísu satt, að hin almenna læknamenntun, sem kennd er við alla háskóla í norðurálfunni gjörir það að verkum, að læknirinn getur með *tímanum* áttað sig á sjúkdómum sérhvers lands, *þegar fram líða stundir,* en bæði er það, að þetta er eigi *ætíð svo hægt,* sem menn hugsa, enda skal og ekki allítinn tíma til, að átta sig réttilega í sjúkdómatilfellum á eins margbreytilegu og einkennilegu landi, sem land vort er. Til að sannfærast um þetta, þurfum vér ekki annað, en nefna þá 2 sjúkdóma, sem hér eru hvað algeingastir og hættulegastir, sem er holdsveikin og lifrarveikin, og það mun varla nokkur efi á, að hefði spítali og læknakennsla verið hér um hríð, mundi þekkingin á þessum sjúkdómum vera leingra á veg komin, en hún nú er. Að hvert sérstakt land hafi sína sérstaklegu sjúkdóma, bæði að eðli og tegund, og með ýmsum mismun og tilbreytíngum á ásigkomulagi þeirra og framkomu, er almennt viðurkennt á vorum dögum; en þar af virðist þá beinlínis að leiða, að hér þyrfti læknakennslu sérstaklega fyrir þetta land. Vér sjáum og heldur ekki, að þessi læknakennsla þyrfti að verða svo örðug hér á landi, sem margir virðast að ímynda sér; því eins og kennslubækur og önnur kennsluáhöld í læknisfræðinni eru nú orðin miklu fullkomnari og almennari en áður, þá mundi og úngum mönnum, sem feingið hafa hinn nauðsynlega vísindalega undirbúníng í skólanum ekki veita örðugt, að nema svo mikið í læknisfræðinni, sem þarf, til að fara með þá sjúkdóma, er hér koma fyrir á Íslandi, og vér ímyndum oss, að þeir gæti orðið því leiknari í meðferð hinna innlendu sjúkdóma, sem þeir hefði þá ávallt fyrir augum, meðan þeir væri að læra. Það virðist og sem nú sé talsvert efni til sjúkdómaþekkíngar í Reykjavík og nágrenni hennar, því að meðtöldum 3 hinum næstu sóknum, eru nú hér um bil 4,000 manns hér á litlu svæði, að vér eigi tölum um fjölda fiskiveiðamanna og ferðamanna, sem sækja híngað í bæinn og hér um nesin, og dvelja hér leingur eða skemur.

En eins og læknakennslu mundi verða hægast við komið, ef hér væri sjúkrahús, eins er og þess háttar stofnun nú orðin bráðnauðsynleg, bæði fyrir bæinn, fiskiverin hér á Suðurnesjum, og aðkomumenn og ferðamenn, sem opt leggjast veikir hér í bænum. Það hefir flestum útlendum ferðamönnum þótt heldur aumlegt og næstum óþolanda, að ekkert sjúkrahús skuli finnast á öllu landinu, enda er það og óneitanlega heldur aumlegt, að þegar ferðamenn, sem opt ber við, verða veikir eða slasast á einhvern hátt, þá liggur opt við, að þeir megi liggja hér á götunum, og dæmi eru til, að ferðamenn,

sem veikir hafa verið, hafa mátt bíða heila tíma, áður en eitthvert húsaskjól yrði feingið handa þeim. Þegar þeir eru þjáðir af næmum sjúkdómum, eða þess konar sjúkdómum, sem þykja andstyggilegir. er varla eða ekki mögulegt, að fá þeim húsaskjól. Þegar næmur sjúkdómur kemur upp á einu heimili, þá er ekki um að flýja, heldur hljóta allir í húsinu að verða veikir, af því enginn verður fluttur burt. Þetta þykir öllum, sem um það tala, því óþolanlegra, sem það er heyrum kunnugt, að fátækir fiskimenn verða ár eptir ár að gjalda hinn svo kallaða spítalahlut, enda er nú svo komið, að menn eru orðnir harðla óánægðir með þenna toll, er enginn þykist sjá fram á að komi þeim, sem veikir eru, að nokkru haldi. Það mundi, að voru áliti, eins og nú á stendur, lítið fullnægja almenníngi, þó menn segði honum, að spítalasjóðirnir ætti að vera til þess, að koma upp nýjum læknaembættum hèr á landi; því eins og það hefir híngað til verið ómögulegt, að fá innlenda lækna í þessi fáu læknaembætti, sem nú eru til, þegar átti að fá þá alla frá háskólanum í Kaupmannahöfn, eins er og eingin útsjón til, að betur muni fara, þó embættunum sè fjölgað. Þar á móti efum vèr ekki, að fleiri læknaefni feingist, ef kennslan yrði hèr innlend, og þeir, sem frá læknaskólanum kæmi, gæti feingið tækifæri og styrk til, einkum þeir, sem efnilegastir væri, að fara til Danmerkur og annnara landa, til að auka og efla mennt sína.

Að vísu viðurkennir nefndin, að mikinn kostnað þurfi til, að koma þessum stofnunum á fót svo vel sè; en nefndin getur ekki efazt um, að stjórn vor muni fylgja því dæmi, sem vèr vitum alstaðar vera fylgt, að álíta læknaskipun í landi, og hvað sem styður til heilsu og lífs þegnanna, vera eitthvert hið merkilegasta atriði í allri landsstjórninni, og láta það gánga á undan flestu öðru.

Þess vegna getum vèr ekki annað, en verið sannfærðir um, að stjórnin láti ekki hóflegan kostnað standa í vegi, og að hún finni, að sanngirni krefji, að þegar landið leggur til það, sem það á, þá muni einnig mega vænta nokkurrar tillögu af ríkissjóðnum. En nefndinni þykir að eins nauðsyn, að geta þessa, án þess að bera upp um það uppástúngur.

Af ástæðum þeim, er nú voru taldar, viljum vèr ráða þínginu til, að það að nýju riti konúngi vorum þegnlega bænarskrá um þetta efni með þeim niðurlagsatriðum, er nú skal greina:

1, *Að konúngur vilji mildilega skipa svo fyrir, að stjórnin flýti*

svo fyrir læknaskipunarmálinu, að það geti orðið lagt fyrir næsta alþingi.

2, *Að stjórnin við undirbúning þessa máls einkum hafi tillit til eptirfylgjandi aðalatriða:*

a, *Að stjórnin stuðli til þess, að læknaskóli geti komizt á í Reykjavík, svo stúdentar frá hinum lærða skóla hér geti lært þar það, sem nauðsynlegt er til að geta orðið læknir á Íslandi.*

b, *Að spítali eða spítalahús geti komizt á í Reykjavík.*

c, *Að spítalasjóður sá, er nú er fyrir hendi, verði hafður til að koma upp þessum stofnunum, að svo miklu leyti, sem ágóði höfuðstólsins og hinar árlegu tekjur hrökkva þar til.*

Reykjavík 8. ágúst 1859.

Jón Hjaltalín, formaður og framsögumaður. *H. G. Thordersen.* *Jón Sigurðsson,* skrifari.

Gísli Brynjúlfsson.

Eg undirskrifaður get ekki verið mínum heiðruðu meðnefndarmönnum samdóma í því, að verja skuli öllum ágóða höfuðstóls spítalasjárins og árlegum tekjum þess öllum, til að koma upp læknaskóla og spítala hèr í Reykjavík, því spítalafèð er eign allra landsmanna, og hafa þeir því allir tiltölulegan rètt til að hafa not spítalasjóðsins; en þessi not geta þeir ekki haft, ef einn spítali er settur í Reykjavík, því sökum vegaleingdar og örðugleika með flutníngа og ferðir hèr á landi, getur hann ekki komið neinum að verulegum notum, nema þeim, sem eru hèr í Reykjavík og í næstu sýslum. Hin mesta þörf er aptur á móti á því, að koma smátt og smátt upp hæfilega stórum sjúkrahúsum á öllum eða flestum aðalverzlunarstöðum hèr á landi, þar sem læknar hafa aðsetur, og hlýtur þetta að verða landsmönnum til miklu meiri nota, en einn spítali fyrir allt land hèr í Reykjavík. Samkvæmt þessu verð eg að ráða þínginu til, að aðhyllast í stað 2. c meira hlutans, svolátandi uppástúngu:

Að helmíngur af árstekjum spítalasjóðs þess, er nú er fyrir hendi, verði hafður til að koma upp þessum stofnunum, en hinum helmíng af árstekjum sè safnað saman og stofnað fyrir það fè, smátt og og smátt, hæfileg sjúkrahús á aðalverzlunarstöðunum hèr á landi.

Reykjavík 8. ágúst 1859.

Sveinn Skúlason".

Framsögumaður: Þessi stefna er nú lík þeirri, og kom fram á þínginu 1847; þar á móti fór þingið 1857 í aðra stefnu; eg sendi þá bænarskrá inn á það, sem eg vildi, að það tæki til greina, en það misskildi mig. Eg hafði stúngið upp á, að kenna á prestaskólanum, hvernig ætti að meðhöndla voveiflег tilfelli; þetta var nú tekið svo, að eg ætlaði að hafa hèr verulega læknakennslu; þetta er nú merkilegur misskilníngur, og mèr kom það undarlega, að hann skyldi finnast hjá svo lærðum manni, og forstöðumaður prestaskólans er, og að stjórnin skyldi líka misskilja mig; það kom mèr nú líka undarlega; eg fèkk brèf frá stiptamtmanni, hvar í hann skorar á mig, að gefa til kynna, að hve miklu leyti eg vilji kenna prestaefnum læknafræði fyrir ekkert. Þetta er allt saman argur misskilníngur, að það tekur eingu tali. Eg held það hefði verið hægt fyrir mig að gánga á prestaskólann 1 tíma eða 2 í viku, og eg get ekki sèð, að forstöðumaður prestaskólans þyrfti að vera hræddur við 20 eða 30 tíma; þó eg viðurkenni dugnað hans í, að veita forstöðu prestaskólanum, þá held eg prestar hans hefði ekki þurft að vera í minna áliti, þó þeir hefði kunnað að fara með voveifleg tilfelli; eg held, að þessum 50 eða 60 tímum í 2 ár hefði ekki verið illa varið, og eg hefði gjarnan viljað gjöra það ókeypis. Af því hinn háttvirti *forseti* nefndi breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Norður-Þíngeyjarsýslu, þá ætla eg að fara nokkrum orðum um það; eg sè, að höfuð-augnamiðið er hið sama, og hjá meira hluta nefndarinnar, og því er eg í rauninni ekki á móti því, því eg neita því ekki, að það sè nauðsyn á spítala annarstaðar en hèr; hins vegar verða menn þó að gá að því, að allt landið hefir gagn af spítala hèr. Eg ætla nú ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en eingaungu láta þá von mína í ljósi, að því verði góður gaumur gefinn. og eg ætla að biðja hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa* að skýra stjórninni frá, hvort það muni vera til nokkurs, að upprètta hèr læknaembætti, meðan ekki eru nema 3 læknar á landi, og eingir menn eru til, að gánga í þau; en úr því mætti nú bæta, ef læknaskóla væri komið hèr á, þar sem mundi fást eins happasæl kennsla fyrir landið, eins og sú, sem fæst í Danmörku, og menn mundi komast í embættin á únga aldri, sem víst ekki væri neinn skaði, þar sem embætti lækna eru svo örðug.

Sveinn Skúlason: Hinn háttvirti *framsögumaður* viðurkenndi þó, að eg ekki vildi spilla fyrir málinu; og hann verður að játa, að eg hefi látið Reykjavík fá bróðurpartinn, þar sem eg ætlast til, að

hún fái helmínginn af öllum spítalaeignunum til spítalans, og ef nokkuð verður þá afgángs, að það þá verði brúkað til skólans. Að öðru leyti finnst mèr sjálfsagt, að þar sem Reykjavík er fær um, að stofna dýran barnaskóla, þá muni hún geta styrkt til þess, að koma hèr upp spítala. Mig sakar það nú ekki neitt, þó eg sè álitinn *„separatisti“*. Það er nú búið að svipta Norðurland öllum almennum stofnunum nema amtmannsembættinu; biskupsstóllinn og skólinn hefir verið tekinn burtu, og þó prentsmiðja sè þar nú, þá er það ekki stjórninni að þakka, og stjórnin hèrna syðra hefir gjört sitt til að drepa hana; við vitum, að það er álitið í siðuðum löndum, að það sè einkenni ófrjálsrar stjórnar, að stjórnin sè sem mest dregin saman á einstöku stöðum; þetta er viðurkennt bæði á Englandi og í Norðurameriku, og þó er hèr sí og æ verið að reyna, að safna öllum kröptunum til Reykjavíkur. Eg held nú, að þessi skóli þurfi ekki að verða fjarskalega kostnaðarsamur, einkum ef vel er á haldið; það er álit mitt, að smáskólar verði landinu eins hollir og hollari en einn háskóli. Það verð eg að álíta misskilníng að halda, að landið allt hafi gagn af spítala hèr; eg held það verði ekki að öðru leyti en því, að þeir, sem lesa læknafræði, geta geingið á hann og numið þar. Eg held það sè fullt eins mikil þörf á spítala á öðrum stöðum en hèr, þó eg nú ekki viti glöggt, hvað marga sjúklínga læknirinn hefir undir höndum hèr, og hvort menn opt eru í vandræðum, að koma veikum mönnum hèr fyrir. Fyrir norðan eru menn það, svo að þar væri mesta þörf á spítala, enda hefir Dr. Schleisner farið fram á, að spítali væri stofnaður í hverjum fjórðúng, og eg held spítalafèð sè nóg til þess. Þar sem hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að hèr væri eingaungu 3 læknar, þá held eg það sè nú rángminni hjá honum, því þeir eru 5; hann gleymdi Skúla lækni Thorarensen og Gísla Hjálmarssyni. Þó læknaskólinn kunni nú að vera nauðsynlegur, þá álít eg þó fleiri vegi til að koma upp læknum, t. a. m. eins og menn gjörðu áður, þegar læknarnir kenndu sjálfir, og það mundi þeir gjöra fyrir borgun. Hvað uppástúngu *framsögumanns* snertir, um að kenna prestaskólamönnum nokkuð í læknisfræði, þá álít eg hana ónýta, og það ekki eiga við, að fara að gjöra presta að skottulæknum.

Ásgeir Einarsson: Ágreiníngurinn milli meira og minna hlutans er fólgin í því, að minni hlutinn vill ekki, að eins mikið sè tekið af spítalasjóðnum til læknaskólans í Reykjavík; en ef þíngið á að geta sagt álit sitt um málið, þá sýnist mèr vanta, að áætlunarreiknínga sè lagðir fram, sem sýni, hvað mikið mundi þurfa til að koma

stofnun þessari á fót. Hvað nú sjúkrahúsin snertir, þá vill minni hlutinn, að helmíng af ársleigum og árstekjum sè safnað saman, til að stofna þau smátt og smátt, eptir því sem tímar líða fram, á öðrum stöðum, en hèr í Reykjavík, þar sanngjarnt sè, að Reykjavík og spítalasjóðir hèr syðra kosti hann, en eigi ekki með að taka spítala hinna amtanna til þess. Þetta held eg væri nú æskilegt, ef læknaskóla yrði samt komið á, og það munu fleiri álíta; þannig vildi *Veivadt*, sem álitinn var góður læknir, mikillega koma á sjúkrahúsi á Ísafirði, og hann sagðist ætla að skrifa stjórninni um það efni, en hann fór bráðum eptir það hèðan af landi, og hann hèlt, að það mundi ekki kosta mjög mikið.

Eg neita því nú ekki, að menn geti sagt, að næstu þíng á undan hafi verið á valtri skoðun í þessu máli; en þess er þá að gæta, að þá var enginn læknir á þínginu, því að orð hans hljóta þó að hafa töluverð áhrif í þessu efni; nú er öðru máli að gegna, og því vona eg, að þíngmenn bindi sig ekki of fast við næstu skoðanir. Stafliður *a* undir tölulið 2. talar eingaungu um stúdenta frá hinum lærða skóla, sem eigi að læra við læknaskólann; mèr þykir þetta of þraungt takmark, því eg vil, að efnilegir úngir menn, þó þeir sè ekki lærðir úr skóla, fái aðgáng til kennslunnar, og ætla eg að áskilja mèr viðaukaatkvæði í þá stefnu.

Mèr finnst minni hluti nefndarinnar hafa mikið fyrir sèr um spítalahluti norður- og austuramtsins; þeir eru miklir, og því væri mikið unnið, að fá Norðlínga inn á málið; og vona eg þeir láti til leiðast, því að allt landið verður að stuðla að því, að kennslan verði innlend, og má því ekki sundra kröptunum of mjög. Áður á þínginu hefir verið talað um, að koma reglugjörð á um spítalahlutaheimtíngu og meðferð, svo það komist í betra horf; þessa held eg nú þyrfti, og því vil eg fallast á breytíngaratkvæðið, sem að því lýtur.

Guðmundur Brandsson: Hinn hattvirti 6. konúngkjörni þíngmaður heyrðist mèr dæma þíngið of hart; hann hefði, áður en hann lagði dóm á gjörðir þess, átt að gæta að undirbúníngi málsins; 1847 var formaður hans í læknisembættinu hèr á móti þessu máli, svo stjórnin setti sig líka á móti því; þegar það nú eigi fèkkst, sem þíngið þá fór fram á, þá fór þíngið öðru fram í næsta skipti, sem það tók mál þetta fyrir, nefnilega að fá læknaembættunum fjölgað; það vakti samt fyrir þínginu, eins þá og áður, að stofna þyrfti bæði læknaskóla og spítala, þegar fèð jykizt, svo eg held þíngið hafi verið hèr í sjálfu sèr samkvæmt. Það er nú ekki ofsagt, að spítala-

hlutirnir sè goldnir með óánægju; það er ekki af því, að mönnum þykja þeir of miklir, heldur af því, að þeir eru ekki brúkaðir til neins, og líka þykir eigi rètt, að leggja þá á fugl og fisk eingaungu, en láta alla aðra gjaldstofna sleppa. Málinu hefir nú eigi þokað áfram í 12 ár, og það hefir frá stjórnarinnar hendi ekki átt að fagna meðbyr, þó hún þykist hafa róið að því öllum árum. Mèr sýnist það ekki hefði verið af vegi, að nefndin hefði stúngið upp á breytíngu í tilhögun á uppboði spítalahlutarins; í gömlu tilskipuninni var sýslumönnunum lögð sú skylda á herðar, að taka móti hlutum þessum og bjóða þá upp, án þess þeir þó feingi sölulaun, nú ímynda eg mèr, að ef hreppstjórarnir væri látnir bjóða þá upp, þá mundi þeir gjöra það fyrir ekkert, því þeir eru svo vanir að vinna kauplaust, og tekur einginn til eða vorkennir þeim, og þó þetta væri ekki stór breytíng, þá mundi hún samt verða í hag bæði fyrir spítalasjóðina og hreppana. Það hefir verið mikið talað um það áður hèr á þíngi, að spítalahlutirnir væri eign holdsveikra manna; skyldi nú svo vera, þá er ekki af vegi, að stofna þenna spítala að nokkru leyti handa þeim. Það er sagt, að það sè einkum tveir sjúkdómar hèr á landi, sem allt af fari vaxandi, nefnilega holdsveiki og lifrarveiki, og það eru þeir 2 sjúkdómar, sem helzt þyrfti að stemma stiga fyrir. Eða á leingi að vera að safna þessu fè í sjóð, og eigi brúka það til neins? Áður hafa hrepparnir átt að borga lækníngu holdsveikra, hefði hún nokkur verið; en eg held, að lítið hafi komið út af því, og var þó farið fram á þetta eptir tilhlutun sjálfs landlæknisins. Eg held nú, eptir því, sem eg hefi áður sagt, að það væri ekki af vegi, að styrkur feingist af spítalasjóðnum til meðalakaupa handa holdsveikum, og ætla eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu; eg ímynda mèr að mundi nægja frá 2 til 300 rd. árlega, og skeð getur, að eg líka komi með breytíngaratkvæði um það, að gjörð sè ný tilhögun með spítalahlutina.

Framsögumaður: Það gleður mig mikið að ræðurnar eru málinu í vil; en eg vil biðja þíngmenn að taka eptir því, að aðalaugnamiðið er, að koma stjórninni í þá stefnu, sem flestir óskað hafa, því að eg álít mikið unnið, ef læknaskóli feingist; þegar hann væri feinginn, þá er tími til, að koma með margar af þeim uppástúngum, sem nú er ekki ráðlegt að blanda inn í málið. Þar sem hinn heiðraði þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu var að tala um, að læknarnir ætti að kenna sjálfir, þá játa eg nú það fúslega, að embættisbræður mínir geti kennt, en þeir munu hafa nauman tíma til

þess, og þar að auki eru þeir ekki vel settir; Læknirinn hèr er bezt settur; en eg ímynda mèr, að það þyrfti að vera einhver kennsluskóli, og hann ætti að vera hèr, því hèr getur feingizt mest æfíng, þar sem fólksfjöldinn er hèr mestur, og læknirinn hefir í kríngum sig frá 4 til 5,000 manna. Eigi læknakennsla að koma að notum, þá þarf áhöld til líkauppskurðar, uppdrætti, og ýms önnur verkfæri. Í útlöndum kenna menn „*Anatomi*“ með því, að sýna ýmsa parta líkamans, sem eru fylltir með vaxi og þar eptir þurrkaðir, og má þá sjá hverja taug, hverja æð og hvern vöðva. Til efnafræðinnar þarf sèrstakt herbergi, þar sem menn hafi fyrirliggjandi alls konar meðalaefni, og er menn hafa þetta ásamt lyfjabúð, þá þarf ekki svo mikinn tíma, til að komast niður í þessari fræði í hið minnsta svo, að til mikils gagns geti orðið. Eigi læknakennsla að verða svo fullkominn sem unnt er, þá er mjög ísjárvert, að tvístra henni út um landið, því auk þess, er nú var talið, þyrfti og bókasafn eins og á prestaskólanum. Á sumrin held eg nú að hèraðslæknar hefði lítinn tíma til að kenna, en þá gæti sá, er hefði þann starfa á hendi, bezt kennt grasafræði og ýmislegt í náttúrufræði, sem læknum er nauðsynlegt að vita. Hvað sjúkdómafræðina sjálfa snertir, þá eru öll líkindi til, að menn mundi geta lært hana, eins og áður. Hvað breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns úr Gullbríngusýslu snertir, þá veit eg það, að hann hefir haft góðan tilgáng með það; en eg held óráð, að fara því fram að sinni. Stjórnin á að sjá aðalstefnu okkar, og eg vildi óska sem minnst hreift við öðru.

Pètur Pètursson: Eg var svo óheppinn, að eg var ekki við, þegar hinn háttvirti *framsögumaður* hèlt fyrstu tölu sína í þessu máli áðan; en eg kom að, þegar hann var að tala um aðgjörðir þíngsins 1857, og um uppástúngu sína, að kenna prestaefnum læknisfræði, og þar á meðal minntist hann á mig, og sagði, að eg hefði orðið hæddur við það, að hann feingi nokkra tíma á prestaskólanum til þessarar kennslu sinnar. Eg man nú ekki til, að eg nokkurn tíma hafi feingið þessa vegna hjartastyrkjandi dropa hjá hinum háttvirta *framsögumanni*, svo hann getur víst ekki borið um neina hræðslu hjá mèr; það er víst, að eg hèlt, að þessi kennsla mundi ekki verða að neinu liði, og ekki nema kákið eintómt. Ef hann hefir lesið ræðu mína, þá hefir hann sèð, að það var ekki af vantrausti til hans, að eg var á móti þessu, heldur var eg hræddur um, að landlæknirinn mundi ekki komast til þess, sökum annara embættisanna hans. Vilji stjórnin koma slíkri kennslu á, þá verður hún að

vera um það, það er hennar að ábyrgjast. Eg verð nú að láta sama ótta í ljósi, hvað þenna skóla snertir, og við lagaskólann, að eg held þeir muni verða fáir, sem sækja þá, ef á að binda kennsluna einúngis við þá, sem hafa geingið í gegnum hinn lærða skóla. Eg er ekki móti skólanum sjálfum, heldur sè eg ekki, eptir því ásigkomulagi, sem nú er í landinu, að hann geti komizt á; hverjir ætti nú að verða kennarar við slíkan skóla? Það eru víst fáir Íslendíngar til; það skyldi þá vera danskir. Eg játa það, að það væri ágætt, ef Íslendíngum gæfist kostur á, að nema læknisfræði hèr í landinu, og að skóli kæmist á, einkum í sambandi við spítala, því með honum ætla eg að gefa atkvæði mitt, en hvað skólann snertir, þá ætla eg að heyra, hvernig ræðurnar falla, og hvort ekki kemur neitt breytíngaratkvæði, um að ríghinda ekki kennsluna við þá fáu stúdenta, sem út skrifast úr skóla.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður hèlt, að læknisfræðslan á prestaskólanum mundi ekki verða nema eintómt kák; eg vil nú spyrja, hvað hann hefir meint með því (*Forseti:* Eg get ekki leyft meiri umræður um þetta mál, því nú liggur ekki fyrir nein uppástúnga um læknakennslu við prestaskólann). Mèr sýnist eg megi hafa sama rètt og aðrir (*Forseti:* Það var annað mál með hinn háttvirta 3. konúngkjörna þíngmann; hann varð að fá að svara því, sem *framsögumaður* hreifði um þetta í hinni fyrri ræðu). Eg verð að gjöra skýríngar um það, sem eg fór fram á í tilliti til þessarar kennslu á prestaskólanum (*Forseti:* Eg verð að ítreka það enn alvarlega: eg verð að biðja hinn háttvirta þíngmann, að tala ekki meira um þessa kennslu á prestaskólanum, það eru útúrdúrar og óviðkomandi málinu, nema því að eins, að hann ætli sèr að koma með breytíngaratkvæði í þá stefnu. Að öðru leyti vil eg biðja hann að halda sèr við efnið). Þó mèr þyki það hart, að *forseti* kalli það útúrdúra, sem eingir útúrdúrar eru, heldur máls regluleg vendíng í ræðu minni, þó ætla eg samt að hlýða, og því vera svo stuttorður sem eg framast get, jafnvel þó ræða mín þar við hljóti að verða stutt og ósamanhángandi. Því var hreift, að fáir mundi sækja þenna skóla; það er nú sama mótbáran og komið hefir fyrir áður, þegar máli þessu, til mikillar óhamíngju fyrir land og lýð, var traðkað sem fremst menn gátu; en eg held menn þurfi ekki að óttast slíkt. Eg vil nú eigi geta þess, að hinn háttvirti forstöðumaður prestaskólans sè hræddur um, að þeir mundi fækka, sem sækti prestaskólann, ef læknaskóli kæmist hèr á. Það er annars bágt

að segja, hvað muni verða; en eg vona einúngis, að þíngmenn láti ekki slíkar mótbárur hræða sig.

Sveinn Skúlason: Eg held það hafi verið misskilníngur hjá hinum háttvirta *framsögumanni*, þar sem hann var að tala um, að það gæti látið sig gjöra, að kenna læknisfræði á prestaskólanum; eg held það yrði ekki nema kák úr því, og eg held það hefði betri árángur, ef hann vildi gefa út þèsa um það, hvernig ætti að fara að í bráðum sjúkdómstilfellum. Eins held eg það lýsi misskilníngi, hvernig hann tók undir það, er eg sagði, að það væri þó einn útvegur til, þó læknaskólinn eigi feingist, sá, að læknar kenndi sjálfir; þetta hèlt hann mundi eigi geta tekizt, einkum vegna þess, að hèr vantaði ýmislegt, er á þyrfti að halda við kennsluna; en eg held hann hafi farið of lángt, þar sem hann var að tala um verkfærin, og það, er þyrfti til sáralækníngа; þar sem hann var að tala um, að 4 til 5,000 væri hèr í kríngum hann, þá mun það nú ekki vera, nema hann reikni allt svæðið innan fjallanna, og held eg mætti fá eins marga íbúa á ekki stærra svæði kríngum Akureyri.

Nefndin öll ætlaðist til, að stjórnin styrkti þenna skóla, eins og hún styrkir aðrar stofnanir, og það því heldur, sem benda má til sjóðs hèr í landinu, sem má hafa til styrktar.

Ásgeir Einarsson: Eg held það væri ekki af vegi, að nefndin gæfi áætlunarreikníng fyrir kostnaðinum; það má víst fá skýrslur hjá biskupinum yfir spítalasjóðina. Eg vildi nú leyfa mèr að biðja hinn háttvirta *framsögumann* að svara því, hvort öðrum mundi verða gefinn kostur á, en stúdentum, að gánga í þenna skóla, því að eg var búinn að áskilja mèr breytíngaratkvæði í þá stefnu; eg ímynda mèr, að leikmenn gæti orðið nýtilegir læknar hèr á landi, ef þeir væri lægnir til þess af náttúrunni, eg meina menntaða og skynsama leikmenn, því reynslan hefir sýnt þetta áður.

Framsögumaður: Eg er skyldur að svara hinum heiðraða þíngmanni úr Strandasýslu upp á það, er hann spurði, hvort leikmenn mundi geta feingið inngaungu í skólann, og verð eg þá að segja, að eg sè ekkert á móti því, ef þeir eru gáfaðir og lagaðir fyrir þessa mennt. Það eru mörg dæmi til þess í útlöndum, að ólærðir menn hafa orðið frábærir læknar; þetta mun því vel geta látið sig gjöra; en eg held það sè ekki vert, að fara núna lángt út í það, heldur vil eg, að menn geymi það þángað til seinna, og að menn nú einúngis gángi inn á höfuðmálið.

Páll Sigurðsson: Það hafa komið hèr fram 2 mismunandi

stefnur; önnur vill halda kröptunum saman, en hin vill dreifa þeim meira. Ef ekki er efni nema í smáspítala, sem, ef til vill, verða að litlu gagni, þá held eg sè betra að bíða; eg álít betra, að halda þessum litlu kröptum, sem nú eru til, sem fastast saman, því það getur landið þó haft eitthvað gott af; eg veit nú ekki glöggt, hvað efnin leyfa, og álít eg þörf, að fá yfirlit yfir það fyrir þingmenn.

Guðmundur Brandsson: Eg er ekki viss í, hvort eg á að aðhyllast meira eða minna hluta nefndarinnar, fyr en áætlunin, sem hinn heiðraði þingmaður úr Strandasýslu minntist á, kemur fyrir sjónir og skýrslurnar frá biskupinum um leið, um það, hvað mikið fè nú væri til í spítalasjóðnum, og hvað miklar hinar árlegu tekjur hans eru vanar að vera; því þegar menn væri búnir að velta því fyrir sèr, hvað skólinn og sjúkrahúsið mundi kosta, þá gæti menn sèð, hvort fært væri að byrja nú þegar að koma á fót stofnunum þessum. Eg get nú vorkennt þingmanninum úr Norður-Þingeyjarsýslu, þó hann vilji hafa nokkurt tillit til Norðlendínga; mèr finnst uppástúnga hans vera byggð á sanngirni; hitt er annað mál, að mèr finnst hún svo löguð, að hún yrði til að spilla fyrir málinu, ef hún feingi framgáng. Það er margt, sem mælir með því, að uppástúngur meira hlutans um spítalana feingi góða áheyrn; margir úr öðrum sýslum eiga dvöl hèr syðra meira hluta ársins, og á vertíðinni eru opt vandræði að koma þeim hèr fyrir, sem veikir verða; en að byggja upp á það, sem þingmaðurinn úr Norður-Þingeyjarsýslu sagði, að hèr væri svo margir, er gæti tekið þá í hús sín, held eg sè ekki gjörlegt; eg held það sè því ómissandi, að fá hèr sjúkrahús, og að landið allt gæti að nokkru leyti haft gott af því. Hvað únglíngana snertir, sem þingmaður Strandasýslu var að tala um, að þeir, þótt ólærðir sè, eigi að fá inngaungu í skólann, þá er það hið sama og farið var fram á við lagaskólann, og held eg sè ekkert á móti því, að hreifa því strax, þó það væri á *framsögumanni* að heyra, að hann vildi sem fæst breytíngaratkvæði um sinn; eg held það sè ekkert að þeim, meðan þau eru í sömu stefnu og aðalstefna nefndarinnar er, og að það sè ekki betra, að fara að koma með þau seinna, þegar frumvarp í þessu máli kæmi frá stjórninni; þau kynni að verða nóg samt, þó þetta kæmist nú að.

Forseti: Eg held, að áætlunin yfir tekjur spítalanna og efnahag þeirra, eins og hann er nú, sè ekki eins nauðsynleg, eins og nokkrir þingmenn hafa gefið í skyn; það er ekki áhlaupaverk að búa hana til svo hún sè óyggjandi; þíngtíminn er orðinn of naum-

ur til þess; eg álít líka, að menn geti haft hliðsjón af áætluninni, sem gjörð var 1857, og finnst hún í þess árs þingtíðindum; en hægt er að ætla á, hve mikið spítalatekjurnar hafi aukizt um þau 2 árin, sem síðan eru liðin.

Framsögumaður: Eg held menn gjöri of lítið úr nauðsyn læknaskólans í Reykjavík og spítala þar, þar sem það liggur þó í augum uppi, að hvorttveggja væri nauðsynlegt; hingað koma margir alstaðar að, bæði úr vestur- og norðuramtinu, sem hafa orðið að gánga um kríng og útvega sèr hæli. Eg held nú, ef þessir menn sýktist, að spítalinn gæti orðið þeim að liði, og að hin ömtin þannig gæti haft mikið gagn af spítala hèr í bænum. Það er ekki svo lángt síðan, að erfitt veitti, að koma fyrir 7 mönnum skammköldum, aðframkomnum, er komu hèr mitt í vetrarhörkunum. Á hinn bóginn er hægt að sjá, að landið allt hefði gagn af skólanum, þar sem víða um land hefir verið læknislaust í svo mörg ár, eins og t. d. á Vesturlandinu, og Norðlíngar held eg gæti þáð fleiri lækna, en þar eru nú um stundir, einkum ef allir Austfirðir eru nú orðnir hjálparlausir sökum þess, að hèraðslæknir þeirra er orðinn útslitinn og nú búinn að sækja um lausn. Það er ekki tilgángurinn, að menn, sem gánga á læknaskólann, sè hèr, eptir að þeir eru búnir; heldur eiga þeir að fara *út um allt landið*. Nú höfum við bráðum ekki nema 3 lækna; og mèr láðist eptir að segja, að Skúli Thorarensen sagðist ætla að segja af sèr í sumar, og allir vita um Hjálmarsen. Nú er verið að tala um að fjölga læknaembættum; en má eg spyrja: hvar á að fá mennina í þau? Eg held það sè einmitt mesta þörf á læknaskóla hèr, til að fá menn í embættin, bæði sem nú eru og eiga að verða, og gagnið mun þá ekki verða fyrir Reykjavík eina. Eg ætla nú ekki að tala meira um þetta mál, fyr en eg er knúður til þess af mótbárum, er hèr kunna að koma fram úr ýmsum hornum.

H. Kr. Friðriksson: Þar sem hinn heiðraði þíngmaður úr Strandasýslu var að biðja um að útvega skýrslu um fjárhag spítalasjóðsins, þá er eg sannfærður um, að skýrslurnar fáist hjá forstöðumanni spítalasjóðsins; en bæði er það, að tíminn er farinn að verða naumur til að semja slíka reikníngа, enda held eg það sè óþarft, að útvega slíkar skýrslur nú; því að það er tekið skýrt fram í áliti nefndar þeirrar, sem sett var í málinu hèr á þíngi 1857, alþíngistíð. bls. 454; þá voru árstekjurnar 2,393 rd.; en innstæðan var 31,637 rd. 56 skk., og eptir því mun innstæðan vera nú orðin fullar 34,000 rd.

Ásgeir Einarsson: Það var ekki um spítalasjóðinn, sem eg var að spyrja, heldur hvað þyrfti til að koma upp spítala. Eg vil nú eingan veginn spilla þessu máli, og til þess hafa ekki orð mín átt að miða; en eg vildi að menn hefði þessa áætlunarreikninga, til þess að geta bent stjórninni á þá, því að eg ímynda mèr, að það sè nauðsynlegt, til þess að einhver árángur verði af þessu máli, og því skora eg á hinn háttvirta *framsögumann,* að hann gefi upplýsíngar í þessu tílliti, því áætlunarreikníngarnir frá fyrri þíngum geta kann ske verið ófullkomnir, og sjóðirnir, sem til eru, hafa breytzt.

Gísli Brynjúlfsson: „Kaupmaður vill sigla, en byr hlýtur að ráða", segja menn, og eg held, að nú ætli að fara nokkuð líkt fyrir mèr, þó á gagnstæðan hátt sè; því nú lángaði mig sannarlega til að sitja, og eg mundi líka hafa gjört það, hefði ei þau orð komið fram í ræðu eins af meðnefndarmönnum mínum, hins háttvirta þíngmanns fyrir Norður-Þíngeyjarsýslu, er beinlínis knýja mig til þess, að þegja ei alveg við þeim. Hinn háttvirti þíngmaður sagði, að hann byggist við því, að menn mundi álíta hann norðlenzkan *„separatista"* fyrir ágreiníngsálit sitt um spítalasjóðina; en eg verð þá strax að segja honum, að mèr skyldi aldrei hafa dottið þetta í hug, ágreiníngsálitsins eins vegna, sem eg veit, að gjört hefir verið í góðum tilgángi, þó eg reyndar haldi, að það sè byggt á misskilníngi á hinum sanna hag Norðurlands, og eg tek það því undir eins fram, að þar sem eg nú er miklu fúsari á, að kalla hann *„separatista"* í ekki sem beztum skilníngi, þá kemur það að eins af þeim orðum, sem hann reyndi að verja ágreiníngsálit sitt með. Eg held, að mèr þyki ekki síður vænt um Norðurland, en öðrum Norðlendíngum, og eg er manna fúsastur á, að álíta það höfuð og megin þessa lands; eins líka hefði eg, ef til vill, meiri ástæðu en nokkur annar í þessum sal, til þess að álíta mig sem nokkurs konar *„incarnatio"* af sjálfu norð-austuramtinu, þar sem eg er fæddur fyrir austan, en uppalinn í bernsku fyrir norðan. En samt sem áður, þá get eg þó með eingu móti fundið mèr skylt, að halda með þeirri þrískiptíngu á landinu, sem gjörð var í Kaupmannahöfn fyrir aldamótin; og þó þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu væri að tala um, að *„Centralisation"* hefði drepið Ísland, þá held eg þó, að það sè mikill misskilníngur, að segja þetta með tilliti til landstjórnarinnar, því ef satt skal segja, þá fer svo fjarri því, að hún sè um of *„centraliseruð"*, að það væri miklu rèttara að segja, að eingin ein landstjórn og ekkert eitt Ísland væri leingur til í stjórnlegu tilliti; nú eru að eins þrír partar

af landinu, eða þrjú nýbökuð ömt, sem hvert í sínu lagi stendur beinlínis undir ráðherrunum í Kaupmannahöfn, en eingin einíng fyrir landið allt. Það á því heldur hvergi við í þessu tilliti, að vera að benda til Englands, því svo frjálsir og óháðir yfirstjórninni sem menn þar með fullum rètti vilja vera í sveitum, þá vantar þar þó vissulega eigi eina sameiginlega landstjórn fyrir því; og þó England einu sinni líka væri sjökonúngaríki, þá hefi eg þó ekki heyrt nokkurn Englendíng óska þess, að svo mætti nú verða optar; eg er miklu fremur sannfærður um, og segi eg það þó ei beinlínis með tilliti til hins háttvirta þíngmanns Norður-Þíngeyjarsýslu, sem eg ei skal brigzla um landráð fyrir ræðu hans, að hver Englendíngur mundi nú álíta þann mann landráðamann, sem óskaði, að ástand Englands með tilliti til landstjórnar yrði nú aptur hið sama, sem enn er á Íslandi, svo að t. a. m. Norðymbraland, þar sem Eirekur blóðöx einu sinni sat að ríki með blóðugu sverði, og heldur stirðlyndur, eins og Egill Skallagrímsson segir („stýrir konúngur við stirðan hug í Jórvík úrgum hjörvi"), feingi nú aptur jarl sèr, sem stæði undir einhverri yfirstjórn í útlöndum, t. a. m. í Parísarborg. Hinn háttvirti þíngmaður þekkir sjálfsagt hina gömlu setníngu: *„divide et impera"* (skiptu í sundur og ráddu svo), og verð eg þá að segja honum, að mèr finnst sú margskiptíng á landinu með tilliti til yfirstjórnarinnar, sem hann heldur svo mjög upp á, miklu fremur bera keim af þessari alræmdu reglu, en af sannri föðurlandsást. Eg held eg geti með fullum rètti sagt um sjálfan mig, svo eg noti mèr af orðatiltæki eins af kennurum okkar á Bessastöðum, og sem þíngmaðurinn sjálfsagt líka man eptir, að eg hafi inndrukkið með móðurmjólkinni ást á Norðurlandi, fremur en nokkrum öðrum parti þessa lands; en eg hefi þó aldrei skilið norðlenzkuna svo, að hún ætti að eins að koma fram, til þess að tvístra og eyða því, sem sjálfsagt verður að vera sameiginlegt fyrir allt landið, ef nokkuð á að geta orðið úr því, og eg treysti hverjum góðum Norðlendíngi svo vel, að hann vilji ei heldur þetta, nè misskilji svo orð mín, að hann haldi eg tali á móti Norðurlandi, þó eg vilji það leggi líka sinn skerf til almenns spítala og læknaskóla fyrir allt landið í Reykjavík. Það er í augum uppi, að spítalasjóðirnir allir til samans munu varla nægja til slíks fyrirtækis á einum stað, og hvert gagn mundi menn þá hafa af að tvístra þeim, þar sem það þó er auðsætt, að Norðurland væri þó ei nokkru nær til þess að fá sèr spítala eða læknaskóla fyrir sinn litla sjóð? En hitt álít eg aptur sjálfsagt, að ef slík stofnan kæmist á í Reykjavík með styrk alls

landsins, þá lægi í því sú skuldbindíng, að menn á sama hátt ætti að stofna slíkan skóla og spítala norðanlands, þegar nauðsynlegt þætti, og hve nær sem færi væri á. Af slíkri aðferð get eg ei annað sèð, en að Norðurland í raun og veru mundi hafa miklu meira gagn, en af hinni, sem þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu hefir stúngið upp á, því hún getur að eins orðið til að ónýta málið með öllu, og draga dug úr stofnuninni fyrir fram, án þess það komi nokkrum til nota; og skal eg því ei vera að eyða fleiri orðum um þetta, í þeirri von, að menn láti ei leingi slíkt villa sjónir fyrir sèr.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það er nú ekki margt, sem eg þarf að segja; hinn háttvirti þíngmaður Skagfirðínga tók flest af því fram. Þíngmaðurinn úr Norður-Þíngeyjarsýslu á hèr eitt breytíngaratkvæði, en eg sè ekki, að það sè nema til að eyða málinu; hið sama gætum við Vestfirðíngar gjört, ef við vildum ekki málinu of vel til þess. Hið eina, sem eg ætlaði að bæta við, var viðvíkjandi áætluninni, sem hinn heiðraði þíngmaður úr Strandasýslu óskaði; hann man það, að sú áætlun var gjörð á þíngi 1847 og 1857, og nefndin þóttist ekki geta neinu bætt við, eða neitt verulegt fundið að þeim áætlunum; 1857 er gjört ráð fyrir, að kostnaðurinn verði árlega 2,920 rd. Þar er til tekið, að 4 holdsveikir skuli hafa rúm í sjúkrahúsinu, og það er auðsjáanlega ekki vikið frá tilgángi spítalanna, þó sjóðirnir sè ætlaðir til, að koma á læknakennslu og lækníngum, þegar holdsveikir hafa þess meiri not, en þeir höfðu af spítölunum, meðan þeir voru. Þíngmaður Reykjavíkur sagði, að tekjurnar af spítalasjóðnum, eptir því, sem á stóð 1857, mundu verða nægilegt fè, til að stofna læknaskóla og sjúkrahús, en ef það nú reyndist ónóg, þá er ætíð nógur tíminn, að biðja stjórnina um fèstyrk á næsta þíngi, og það væri líklegt, að stjórnin mundi telja sèr skylt, að leggja nokkurn styrk til, þegar vèr leggjum allt það fram, sem vèr eigum til.

H. Kr. Friðriksson: Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðinga tók það fram, sem eg vildi sagt hafa, að sýna þíngmanninum frá Strandasýslu þá áætlun, sem nefndin hafði gjört 1857, og þíngið 1847, um kostnaðinn við stofnun læknaskóla og spítala hèr í Reykjavík, og eg held menn komist ekki nær, þótt farið væri að reikna kostnaðinn upp aptur, enda álít eg það vera nógan leiðarvísi. En breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns frá Norður-Þíngeyjarsýslu, get eg ekki verið samdóma, því menn mega ekki hafa tillit til eins hluta landsins, heldur til þess alls; en að að greina þetta spítalafè, og gjöra spít-

ala hèr og þar, er ekki til annars en skemma, eða rèttara sagt, ónýta málið.

Konúngsfulltrúi: Þegar sú uppástúnga, sem hèr er til umræðu, kom hèr fyrst inn á þíngið í þetta sinn, virtist mèr, sem það væri óþarfi, að ræða hana hèr nú, þar eð konúngur í auglýsíngunni til þessa árs alþíngis hefir lýst því yfir, að stjórnin eptirleiðis muni láta sèr annt um, að betra skipulag komist á um lækna og yfirsetukonur á Íslandi á þann hátt, sem áformað hefir verið, samkvæmt fyrri tillögum alþíngis, en þíngið hefir nú samt með miklum atkvæðafjölda aptur á ný tekið þetta málefni til yfirvegunar. Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um þetta mál, sem opt og ítarlega hefir verið rætt hèr að undanförnu, og um hvert eg hefi gefið þíngi þessu ítarlega skýrslu um stjórnarinnar álit á málinu, hvar af þíngið mætti geta ráðið, hvað farandi er fram á, og hverja stefnu stjórnin muni taka. Eg get eigi sèð betur, en stjórnin hafi tekið það bezta ráð, til þess á fljótasta hátt að koma hèr upp læknum, með því að veita þeim, er læknisfræði vilja stunda við Kaupmannahafnarháskóla svo mikinn styrk, að þeir þar geta stundað þessa fræði, hvað fátækir sem þeir eru. Þar á móti virðist mèr eingin líkindi til, að stjórnin muni þvert á móti því, sem lýst er yfir í hinni áðurnefndu konúnglegu auglýsíngu, fallast á, að stofna hèr læknaskóla í Reykjavík, hvar til fè ekki fæst úr ríkissjóðnum, og hvar til fè er ekki heldur til hèr í landinu, því spítalasjóðurinn mundi ekki vinnast til, að koma hèr upp bæði læknaskóla og sjúkrahúsi. Þar á móti mundi leigurnar af spítalasjóðnum og hinar aðrar árlegu tekjur sjóðsins með tímanum hrökkva til, að launa hèr svo mörgum læknum, að landinu sè borgið; og læknar held eg fáist fyrst upp á þann máta, sem stjórnin hefir stúngið npp á, en þar á móti mundi þess verða lángt að bíða, þángað til læknaskólinn væri kominn í það lag, að dugleg læknaefni feingist frá honum. Eg get eigi heldur verið því samþykkur, að sjúkrahús sè stofnað einúngis í Reykjavík, því þar af hefði ekki gagn nema bærinn sjálfur og næstliggjandi hèruð. Aðrir verzlunarstaðir landsins, hvar læknar eru búsettir, hafa hinn sama rètt til að fá sjúkrahús stofnuð hjá sèr, því gjöldin til spítalasjóðsins hafa verið greidd af öllum pörtum landsins, eins og allir fjórðúngar þess höfðu áður hver sinn spítala.

Sveinn Skúlason: Mèr varð ekki kápan úr því klæðinu, að einginn mundi mæla á móti þessu ágreiníngsatkvæði mínu, því flestir þeir, sem nú nýlega hafa talað, hafa verið því mótfallnir,

nema hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*. Það var annars skaði, að byr hlaut að ráða ræðu þíngmanns Skagfirðínga, því það mun hafa verið lítill róður á fari hans, og ræða hans mun heldur ekki hafa rist sèrlega djúpt; hann dró reyndar úr því, þar sem hann ætlaði að fara að drótta að mèr, að eg væri landráðamaður, en mèr finnst hann ekki hafa fært nein rök að því. Þar sem hinn háttvirti *framsögumaður* líkti uppástúngu minni við regluna: „*Divide et impera*“, þá á það hvergi við, því eg hefi aldrei viljað hnekkja því, að skólinn kæmist á; en eg sagði, að eg vildi ekki láta verja spítalafènu til annars, en til að stofna spítala, og mèr finnst eins eðlilegt, að biðja um fè frá stjórninni, til að stofna þenna skóla, eins og til lagaskólans; en það er eins og þíngmaður Sagfirðínga vilji nú klóra yfir það, með því að segja, að landið allt muni seinna meir veita fè til að koma upp sjúkrahúsum fyrir norðan og annarstaðar, þegar búið sè að verja spítalafènu til spítala og skóla hèr í Reykjavík. En mèr finnst eiga hèr við danska máltækið: „*Bagefter kommer tyndt Öl*“. Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga sagði, að þessi brúkun af spítalafènu væri rètt og samkvæm tilgánginum, en það er nú ósamkvæmni við það, sem hann sagði um daginn. að menn mætti ekki hagga tilgángi sjóðanna. Þíngmaðurinn frá Reykjavík kvaðst ekki kæra sig um, að spítali væri nú stofnaður á Vesturlandi, svo að ekki drægist frá spítala þeim, sem hèr ætti að koma, þó hann væri Vestfirðíngur, en hann er nú hættur að vera fjórðúngsmaður; enda veit eg ekki, hvort Ísfirðíngar kunna honum mjög miklar þakkir fyrir, að hann legði á móti, að þeir geti feingið spítala. Þíngmaður Strandasýslu tók það fram, að það væri gagn fyrir allt landið, að spítalinn væri hèr í Reykjavík við skólann, en sjúklíngar koma þó ekki nema úr nærsýslunum, og þó nokkrir vermenn komi suður að norðan, þá koma þó líka kaupamenn norður að sunnan, og því á það ekki við, sem þíngmaður Ráng vellínga sagði: „það er betra, að bróðir njóti en einginn“. En eg get sagt honum, að við getum haft hin beztu not af sjúkrahúsi. Eg held, að Norðlendíngar hafi lítil not af þeim spítala, sem er í Reykjavík. Eg vil styðja breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Gullbríngusýslu, um að biðja sem fyrst um reglugjörð fyrir að heimta spítalahlutinn; og eg er viss um, að það má auka spítalasjóðinn með betra fyrirkomulagi í heimtíngunni; en eg er hræddur um, að Norðlendíngar verði tregir að láta hlut sinn, þegar þeir vita, að þeir hafa ekkert verulegt gagn af því; og eg er

jafnvel viss um, að það hafa ekki komið fleiri til *framsögumannsins* úr Norðurlandi, en að sunnan frá honum til Homöopathanna.

Framsögumaður: Eg ætla einúngis að leyfa mèr að gjöra fáeinar athugasemdir viðvíkjandi ræðu hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*, því mèr þykir það ískyggilegt og hryggilegt, að hann skuli allt af vera mótfallinn þessu málefni. Það er og sannarlega því hryggilegra, sem það getur verið málinu til algjörðrar fyrirstöðu, nema því að eins, að þíngið taki sèr alvarlega af því. Hann segir, að það hafi vakað fyrir stjórninni, að fjölga embættum, en hvaðan skaffar hann okkur lækna í embættin? Eg sè ekki, hvaða gagn er að nöfnunum einum. Læknaembættin tóm, án lækna, hjálpa eigi einum einasta sjúklíng, hvað sem honum svo við liggur. Og þar sem hinn háttvirti þíngmaður frá Norður-Þíngeyjarsýslu vill stofna spítala hèr og þar, þá veit eg ekki, til hvers slíkt kann stoða að svo komnu; því hverjir eiga að lækna sjúklíngana? Spítalarnir gjöra það þó ekki sjálfir; eg veit reyndar, að hann stærir sig af Homöopöthunum á Norðurlandi, en eg hefi nú ofur-litla trú á þeim. Eg vil spyrja alla þínnmenn að, hvaða meiníng sè í því, að stofna læknaembættin, þar sem þó enginn fæst læknirinn í þau? Það er víst sjálfsögð regla, sem menn eiga að fylgja í þessu máli, að fjölga fyrst læknum, þá embættum, og síðast spítölum, en ekki öfugt. Eg ætla nú ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því menn munu ekki sannfærast betur af því, þó menn tali lángt en styttra. Hèr eru nú, eins og eg áður hefi sagt, 8 læknisembætti, og að eins 4 íslenzkir læknar, og einn þeirra er á förum af þreytu, og þá eru 4—5 auð embætti hèr. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hèlt, að það mundi vera örðugt, að fá híngað lækna, til að vera við skólann, en eg held það væri hægt, ef skólinn væri hèr í Reykjavík, og læknirinn feingi góð laun; en hitt held eg sè satt, að ef skólinn væri á Austfjörðum eða Vestfjörðum, þá mundi varla fást maður þángað. Eg efast um, að nokkur danskur læknir fáist híngað í embætti, nú sem stendur, og þeir Íslendíngar, sem nú lesa læknisfræði, eru nýbyrjaðir, og óvíst, að þeir allir ljúki sèr nokkurn tíma af, og þá álít eg eina ráðið til að fá lækna, að stofna hèr innlenda kennslu. Það er þannig sagan, þörfin og raddir þjóðarinnar, sem skora á þíngið, að gefa máli þessu alvarlega gaum, og eg vona, að þíngmenn sýni það líka í undirtektum undir þetta mál. Það er að vísu satt, að stjórnin og *konúngsfulltrúinn* virðist híngað til að hafa tekið púnglega undir þetta mál; en eg held það komi mikið af því, að læknar þeir, er áður

hafa fjallað um þetta máleſni, einkum landlæknir sál. *J. Thorsteinson* og justitsráð *Schleisner*, voru því mjög mótfallnir. Eg þykist fullkomlega sannfærður um, að stjórnin líti á þörf landsins, þegar menn á ný með ljósum rökum bera það fram fyrir hana, og eg get ómögulega trúað, að hinn háttvirti *konúngsfulltrúi*, sem nú að eins hefir 1 lækni í öllu amti sínu, og hvar sömuleiðis allt, sem læknaskipuninni viðvíkur, er í hinu aumasta ástandi, muni líta betur á mál þetta, þegar hann sèr, að það er eindreginn vilji þíngsins, og hann sjálfur má viðurkenna, að það er sorglegt, að þessu máli nú hefir verið eytt í 10 ár, og það til lítils gagns fyrir landið.

H. Kr. Friðriksson: Hinn háttvirti þíngmaður frá Norður-Þíngeyjarsýslu kvað nauðsyn á, að sjúkrahús væri stofnuð á Akureyri, því að margir sækti þángað líka til lækninga hèðan frá Suðurlandi; eg held nú reyndar, að þeir sè fáir, sem fara þángað hèðan. Eg veit heldur ekki, hverja hann ætlar að láta hafa umsjón yfir spítalanum þar, eða sjúklíngum þar, nema ef það væri „*Homöopatharnir*"; en það held eg hafi ekki verið ætlun hans. Þegar vèr höfum fè, til að koma upp sjúkrahúsi, þá ætti menn að koma því á einn stað, en ekki á 2 eða 3, því það er sama, sem að láta fèð vera ver en ónotað; ef spítalinn er stofnaður, álít eg bezt, að láta hann vera á hentugum stað, og það álít eg Reykjavík vera; en það er auðvitað, ef menn fá svo mikið afgángsfè, eður ef stofnanin auðgast svo, að nokkuð verði afgángs, að það fè verður notað til að stofna spítala annarstaðar, þar sem helzt þykir þörf vera. Eg er líka samdóma hinum háttvirta *framsögumanni* í því, að það sè til lítils, að stofna embættin, án þess að nokkrir sè til í þau.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr þykir vænt, að svo fljótt hefir slett í logn fyrir hinum háttvirta þíngmanni frá Norður-Þíngeyjarsýslu, því hann þorði nú ei leingur að halda því fram, sem hann upprunalega hafði sagt, og var allur miklu vægari í svari sínu, en áður. Sè eg og á því, að hversu grunnt sem orð mín svo kunna að hafa rist, þá hafa þau þó æfinlega verið nóg til þess, að róa í kaf þá hina aumlegu síldarferju, er hann ætlaði að fara að hamla hèr inn á þíngið. Að öðru leyti skal eg nú að eins geta þess, með tilliti til þess, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að eg er fús á að viðurkenna, að menn „*de jure*" eigi ei með, að nota spítalasjóðina í hverjum landsparti öðruvísi, en upprunalega var til ætlazt; en mèr finnst þá að eins spursmálið vera, hvort ei sè rèttara og meiri föðurlandsást í því fyrir hvern fjórðúng, að sleppa heldur sínu í bráð,

ef þá er von um, að eitthvað almennt megi stofna, heldur en hitt, að standa fast á hinum einstaklega rètti sínum, og láta svo ekkert verða úr neinu.

Ásgeir Einarsson: Eg veit ekki, hvort eg hefi skilið rètt hinn hæstvirta *konúngsfulltrúa.* En mèr finnst sanngjarnt, sem hinn háttvirti þíngmaður frá Norður-Þíngeyjarsýslu sagði, að allt landið stuðlaði til, að koma upp læknastofnun; en feingi hver hluti landsins sitt sjúkrahús, er eg á sama máli, og hinn háttvirti *framsögumaður* sagði, að það er ekki til neins, að stofna læknaembættin meðan einginn læknir er til í þau, og þá ekki heldur sjúkrahús; það er eins og að eiga skip, en eingan mann á það. Eg vona, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* greiði úr þessu máli með lipurleik sínum og djúpsæi við stjórnina; hún kynni má ske vilja gefa fèstyrk til þessarar nauðsynlegu stofnunar hèr fyrir tillögur hans.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það er sannarlega bágt, að einginn verður til að styðja minna hluta nefndarinnar; eg held þó, að okkur Norðlendíngum geti ekki staðið það á sama, hvort Möðrufellsspítali er tekinn frá okkur eður ekki; og eg vil spyrja hinn háttvirta þíngmann Skagfirðínga, sem hefir verið einna ákafastur um þetta mál, hvort honum ekki þyki þegar nóg búið að rýja Norðurland, þó þessi eina stiptun, sem það nú á eptir af hinum gömlu, sè ekki tekin líka; hann man þó eptir, hvernig farið var með Hólastól og skóla, og svo prentsmiðjuna, sem var alveg norðlenzk að uppruna, og eg get vitnað um það, hvað meðferð prentsmiðjunnar hefir verið almenníngi ógeðfelld á seinni tíð. Hinn sami heiðraði þíngmaður vill að sönnu láta stofna sjúkrahús nyrðra, eg held af leifum spítalans og læknaskólans hèrna, og svo því, sem hann á að geta lagt upp árlega; en eg gjöri mèr nú ekki svo miklar vonir um þessar afgángsleifar; og eg held sannarlega, að reynslan sanni það, að þessar 30 til 40 þúsundir, sem spítalarnir nú eiga, gjöri ekki betur, en hrökkva til þessara stofnana, sem verið er að ráðgjöra hèr í Reykjavík; svo að við báðir, þíngmaður Skagfirðínga og eg, verðum líklegast komnir undir græna torfu, þegar spítala verður komið upp af þessu fè á Akureyri. Eg get því ekki betur sèð, en að þeir, sem eru að halda þessu fram, vilji hafa okkur fyrir ginníngarfífl Norðlendínga. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður vildi telja þínginu trú um, að þessi spítali væri jafn-nauðsynlegur fyrir allt landið; þetta er nú rètt að því leyti, sem spítalinn er nauðsynlegur fyrir læknaskólann, því hann álít eg nytsaman og ómissandi fyrir allt landið,

og vil af alefli styðja að því, að hann komist á, án þess þurfi að gjöra öðrum landsins fjórðúngum rángt til hans vegna; en hitt er ekki satt, að allir landsmenn geti haft jöfn not af aðhlynníng og læknahjálp á spítalanum hèrna; því Norðlendíngar og aðrir, sem lángt eru í burtu, mundu naumast vilja vinna það til, að fara að flytja sjúklínga híngað á spítalann. Hinn sami þíngmaður sagði líka, að hèr væri opt svo margir útróðrarmenn norðlenzkir, sem gæti notið aðhlynníngar á spítalanum; en eg get sagt honum það aptur, að það er einatt kaupafólk hèðan fyrir norðan, sem gæti komið það vel, að sjúkrahús væri á Akureyri; svo að þetta gæti þá orðið sem menn segja kaup kaups.

Magnús Andrèsson: Mèr þykir þíngmönnum hafa mjög snúizt hugur um þetta mál, síðan í hitt eð fyrra; þá var talin hin mesta þörf á, að fjölga læknum, en nú er þess ekki talin þörf, þó læknarnir sè orðnir færri, en þeir voru þá; en það er þó líka sagt, að nú sè nokkrir að lesa læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla, og úr þeim verða þó víst nokkur læknaefni. Það er sjálfsagt gott og æskilegt, að stofna læknaskóla í Reykjavík, og sjúkrahús; en þó er Reykjavík ekki svo illa stödd með þess konar, því hèr er bæði læknir og lyfjabúð, og líka svo fjölbyggt hèr, að hægt er að koma fyrir sjúklíngum; lítil fyrirstaða hefir verið á því að undanförnu, það eg til veit. Eg vil því áskilja mèr breytíngaratkvæði þannig, að biðja stjórnina um, að stofna hèr ný sýslulæknaembætti í 3 sýslunum, sem helzt eru lángt burtu frá lækni; og var einnig beðið um þetta í álitsskjali alþíngis til konúngs árið 1857. Eg orða breytíngaratkvæðið nákvæmar áður en það kemur á atkvæðaskrána.

Brynjólfur Jónsson: Eg ætla einnig í fám orðum að segja álit mitt í þessu máli. Mèr finnst, að hið fyrsta skilyrði fyrir því, að betri læknaskipun komist hèr á, sè það, að læknaskóli sè stofnaður í Reykjavík, og þá sjálfsagt sjúkrahús með; því hvernig eiga læknaefnin að læra að þekkja sjúkdóma þá, sem hèr eru á landi, svo til hlítar sè, nema því að eins, að spítali sè stofnaður jafnhliða sjálfum læknaskólanum, þar sem gefst færi á, að kynna sèr hina innlendu sjúkdóma? Það er og mín sannfæríng, að þessum stofnunum verði ekki með öðru á komið, en að öllum tekjum og leigum spítalasjóðanna verði til þess varið. En vegna kjördæmis míns vil eg þó gjöra þá uppástúngu, að Vestmannaeyjar sè undanþegnar frá, að leggja til þann spítalahlut, sem þar til fellur; því með konúngsbrèfi 1750 voru Vestmannaeyíngar fríteknir frá, að borga þenna spít-

alahlut, og máttu halda honum sjálfir, þar þá voru svo margir fátækir, og Vestmannaeyíngar tóku sjálfir að sèr, að annast sína fátæku sjúklínga. Á alþíngi 1847 og 1857 komu uppástúngur um, að þessi ákvörðun frá 20. febr. 1750 væri úr lögum tekin, og á alþíngi 1857 færði einn háttvirtur þíngmaður margar ástæður fram fyrir, að þessi ákvörðun væri nú orðin óþörf, og tóku fleiri í þann sama streing, og færðu til, að nú væri ástandinu öðruvísi varið, en þá; nú væri t. a. m. efnahagur manna miklu betri þar, og mest var gjört úr þeirri ástæðu, að nú væri læknir þar, sem einginn hefði áður verið. En eg fyrir mitt leyti verð að segja, að kríngumstæðurnar sè að miklu leyti hinar sömu nú, og áður fyrri, þegar ákvörðunin 20. febr. 1750 kom út; það vita þó allir, að ekki hafa Vestmannaeyjar færzt nær landi, en þær voru áður, og að enn er viðlíka brim við Landeyjasand og fyrir 100 árum síðan, og ekki muni því vera liðugra um samgaungur milli lands og eyja en áður. Það má að vísu segja, að ástandið sè nú orðið öðruvísi að því leyti, að þar er kominn læknir. En þá verð eg einmitt að halda enn meiri ástæða sè fyrir, að Vestmannaeyíngar haldi sínum gömlu spítalahlutum; því nú fyrst geta þeir rèttilega komið þeim að haldi; ef spítalahlutirnir áttu að vera mönnum til lækníngar, þegar einginn var læknir, þá get eg ekki sèð, að þessi hlunnindi kæmi þeim þá að hinum tilætluðu notum; spítalahluturinn gat ekki verið þeim til lækníngar, nema þeir hefði einhvern lækni. Mèr virðist því, að á fyrri tímum hefði þó verið meiri ástæða en nú fyrir Vestmannaeyínga, að láta spítalahlutinn af hendi, svo þeir gæti haft gott af honum, með því að leita sèr lækníngа annarstaðar, þar sem einhver spítali eða læknir var. En nú er svo komið, að þeir hafa lækni, og geta þess vegna nú haft not af þeim spítalahlutum, er til falla á eyjunum, og þegar eg lít til ástands Vestmannaeyínga, hvað efnahahag snertir, þá er mèr það fullkunnugt, að þar eru margir bláfátækir; og því fleiri fátæklíngar munu þar vera nú, sem fólksfjöldinn mun vera töluvert meiri, en áður fyrri, og því meiri sem fjöldinn er, þess fleiri má búast við að verði sjúklíngarnir, og margir af þeim, sem ekki eru færir um, borga mikil meðul eða læknishjálp. Eg vil einnig geta þess, að ljósmæðrum eru þar greiddir 30 rd. úr fátækrasjóðnum, sem að mestu leyti fær tekjur sínar af spítalahlutunum, og opt er þeim goldið af sjóðnum fyrir þá, sem eru svo fátækir, að þeir ekki geta sjálfir goldið þeim. Það sýnir líka, hve mikil þörf er á, að þeir taki þetta undir sjálfum sèr, þegar þeir í fyrra urðu að fá 350 dala lán úr innstæðu sveit-

arsjóðs þeirra í jarðabókarsjóðnum, til að kaupa korn fyrir. Það er líka aðgætandi, að þar er ekki teljandi neitt lausafé, sem fátækraútsvar verði goldið af, því þó goldin væri fátækratíund af þeim fáu lausafjárhundruðum, sem þar eru, mundi það lítið hrökka til, að bæta úr þröfum fátækra; því eg veit, að í ár er aukaútsvarið þar hèr um bil 4,000 fiskar, sem verður eptir peningareikningi hátt á 4. hundrað dali, sem jafna verður niður á hèr um 100 búendur, og eru margir af þeim svo, að þeir liggja við sveit.

Guðmundur Brandsson: Mèr þykir nú ætla að flókna málið, þegar hver hreppur vill fá spítala sèr. Eg held það sè víða meiri fátækt en í Vestmannaeyjum, t. d. í Rosmhvalaneshreppi í Gullbríngusýslu og víðar, og það munu fáir hreppar hafa verið í eins miklum uppgángi og Vestmannaeyjar, og fáir hreppar eiga meira fè í jarðabókarsjóðnum. Þó þar sè læknir, þá er honum launað úr opinberum sjóði, og aukalaun fyrir sèrstakar lækníngar verður hver einstakur maður að borga, hvar sem er, og finnst mèr Vestmannaeyíngar eigi ekki fremur en aðrir rètt til, að fá aukastyrk til þess, og það getur verið spursmál um, hvort þeir ekki verða skyldir til að borga rentur af þeim spítalahlut, sem þeir hafa haft í mörg undanfarin ár; þó býst eg við, að ekki verði farið fram á það, en þá ætti þeir því heldur að láta sèr lynda, þó þeir hefði ekki leingur þessi ósanngjörnu einkarèttindi; það er þess vegna sjálfsagt, að spítalahlutir þeirra ætti hèr eptir að falla í sama sjóð, og aðrir spítalahlutir. Viðvíkjandi ljósmæðrunum, sem þíngmaður Vestmannaeyja var að tala um, þá skal eg geta þess, að þeim er óvíðast borgað af opinberum sjóði, heldur eru laun þeirra að mestu leyti aukatekjur, og eru þær látnar sitja við það, sem einstakir menn borga, sumir borga þá vel, og sumir aptur lítið. Um það, að tíundin sè lítil af lausafè, geta víst margir kvartað, því það má geta nærri, að svo er í flestum sjávarhreppum, og er ekki áreiðanlegt, að fara eingaungu eptir henni, þegar meta á efnahag manna; því það hefir kunnugur maður sagt mèr, að Vestmannaeyjar væri eitt hið bjargvænlegasta pláss, því maður þurfi þar ekki annað, en nenna að rètta handleggínn frá hliðinni, til að fá nóg að lifa af. Eg veit ekki, hvort eg hefi skilið rètt hinn heiðraða þíngmann frá Árnessýslu, þegar hann var að tala um að fjölga læknaembættunum, hvort hann ætlaðist til, að það væri gjört á undan eða eptir að læknaskólinn væri kominn á. Ef það á að vera á undan, þá er það málinu til fyrirstöðu, ef það á að vera samsíða, truflar það, en ef það á að vera á eptir,

þá vil eg fallast á það, því aðaltilgángur þessa máls er, að fjölga læknum, þó það komi nú fram í öðru formi, heldur en 1855 eða 1857; því þá vissu menn ekki um þann læknaskort, sem nú er kominn í ljós, og hinn háttvirti *framsögumaður* gat þess, að fáir læknar væri líka í Danmörku, svo það eru ekki líkindi til, að danskir læknar sæki hingað, þegar þeir ekki vilja embætti í Danmörku, eða eru svo fáir þar, að Danir eru sjálfir ekki aflögufærir með þá. Mèr finnst vera óþarflegt breytíngaratkvæði hins heiðraða þíngmanns frá Suður-Þíngeyjarsýslu, því það er auðvitað, að nefndin hefir ekki ætlazt til, að skertur verði höfuðstóll þessa spítalasjóðs, heldur er sú meiníngin, að vextirnir yrði brúkaðir og aðrar árlegar tekjur, sem sjóði þessum gæti til heyrt.

Brynjólfur Jónsson: Eg vil leyfa mèr að svara hinum heiðraða þíngmanni frá Gullbríngusýslu því, að ef hann gæti flutt Vestmannaeyjar eins nálægt Reykjavík og Rosmhvalaneshreppur er, sem eg held að honum muni þó seint takast, þá hefi eg ekki á móti, að Vestmannaeyíngar svari spítalahlutunum í hinn almenna spítalasjóð, því þá væri ekki svo mikil vandkvæði á, að koma sjúkum mönnum til spítalans í Reykjavík; Vestmannaeyíngar hafa lítið gagn af því, þó Rosmhvalanesmenn geti sótt spítala hèr. Eg get ekki sèð, að Vestmannaeyíngar skuli gjalda þess, þó þar kunni að vera hægt að komast af, sem eg vil láta ósagt, og úr því þar er læknir, þá væri spítalahlut þeirra bezt og rèttast varið, til að stofna þar sjúkrahús, eins og þeir áður af honum hafa að nokkru leyti stofnað fæðíngahús. Eg sè því einga sanngirni, að þeir skuli mega til að verða úti með hann; það væri líka öðru máli að gegna, ef þar væri ekki læknir, eins og eg hefi áður sagt, því þá væri rètt, að þeir borguðu spítalahlutinn til hins almenna spítalasjóðs.

Guðmundur Brandsson: Lækninum á Vestmannaeyjum er borgað úr ríkissjóði, eins og öðrum læknum hèr á landi, svo það nær eingri átt, að koma með þessa viðbáru; en það væri má ske ástæða fyrir Vestmannaeyínga að fara fram á, að halda spítalahlutunum, ef þeir sjálfir ætti að borga honum; en þessi uppástúnga, sem þíngmaðurinn kom með, er eins og að ætlast til, að spítalasjóðnum verði skipt milli allra hreppa í landinu, og þá þyrfti menn ekki framar að tala um neinn spítalasjóð. Um það, að fæðíngahúsið hafi verið stofnað á Vestmannaeyjum, þá hefi eg heyrt, að það hafi verið í ráði hjá stjórninni, að í sama húsinu yrði haldið þíng, og að líka yrði geymdir þar fángar; en eg veit, að það muni ekki í fyrstu

hafa verið tilgángurinn með stofnun þessa sjóðs, að byggja skyldi af eigum hans fángahús eða þínghús, og líklega ekki heldur fæðíngarhús.

Brynjólfur Jónsson: Hinn heiðraði þíngmaður frá Gullbríngusýslu hefir víst misskilið orð mín, að eg hefði sagt, að læknirinn feingi laun sín af þessum sjóði, því það var ei mín meiníng, heldur hitt, að þegar einhverjir væri svo fátækir, að þeir ei gæti borgað meðöl eða læknishjálp, þá yrði að grípa til sveitarsjóðsins, því þó læknirinn fái laun sín af ríkissjóði, þá er honum ekki ætlandi, að lækna eða veita meðöl fyrir ekki neitt. En hvað fángahúsið, sem þíngmaðurinn nefndi, snertir, að það hefði átt að byggjast í sameiníngu með fæðíngarhúsinu, þá veit eg ekki að neinn fótur sé fyrir því.

Páll Sigurðsson: Eg finn mig knúðan til, að svara hinum háttvirta þíngmanni frá Vestmannaeyjum, því mèr finnst hann hafa skilið mál þetta svo herfilega, þegar hann vill, að Vestmannaeyíngar fái spítalahluti sína, til að gefa mönnum á eyjunum til að kaupa sèr fyrir meðöl eða þess háttar. Vestmannaeyjar, sem eru ekki eins víðlendar og minnsti hreppur annar á landinu hafa nú feingið lækni, sem margar sýslur, auk heldur hreppa, vantar. Spítalahlutir landsmanna eru nú ekki brúkaðir til meðalakaupa, heldur er þeim safnað í sjóð, til að reyna með því, á sínum tíma, að bæta úr þessum læknaskorti og ætti Vestmannaeyjar að leggja sinn skerf til þess augnamiðs eins og aðrir, og svo held eg, að Vestmannaeyjar hafi áður borið drjúgan hlut frá borði, þar sem þær hafa tekið spítalahluti af þeim skipum Ránga̧inga, er þar hafa sótt sjó um vetrarvertíðir. En eg vil segja þíngmanninum, að það er tvísýnt um, hvort betur muni fara, þó Vestmannaeyíngar vilji gjöra undanþágu, því ef lènið er skoðað og konúngsbrèfið frá 1750, þá er hætt við að uppgötvist, að þeir hafa farið leingra, en þeim bar, og þeir hafi tekið hlut af landskipum úr Ránga̧rvallasýslu, en í brefinu stendur: „af sínum eigin skipum"; svo að skeð gæti, að þeim væri eins hollt, að fara ekki fram á þessa undanþágu.

Framsögumaður: Eg sè, að það munu flestir fara hèðan með sömu sannfæríngu, og þeir komu híngað, nefnilega, að hin brýnasta þörf sè á, að fá máli þessu framgeingt, nema þeir fáu, sem vilja koma fram þeirri kenníngu: „*divide et impera*" sem er: *skiptu og ónýttu;* og er á breytíngaratkvæðum þeirra og ástæðum auðsèð, að þeir vilja eyða málinu, fæstir beinlínis, heldur óbeinlínis; en þetta

er því hörmulegra, sem málinu hefir verið traðkað í 10 eða 12 ár; það var fyrst rætt á þinginu 1847, þegar formaður minn gekk bezt fram í að eyða því. Nú virðist mèr hin brýnasta nauðsyn að taka þetta mál upp aptur, því nú stendur svo á, að einúngis 1 læknir er í vesturamtinu, og er hann orðinn útslitinn af argi, beinbrotinn og bæklaður; sá sem var í austuramtinu er fallinn frá; á Suðurlandi er ekki nema 1 fyrir utan mig, sem bráðum hættir líka, og svo eru að eins 2 á Norðurlandi. Hinn háttvirti þíngmaður frá Norður-Þíngeyjarsýslu sagði, að þar væri svo fjöldamargir læknar; en það er yfir þeim einhver hulinhjálmur, nema þegar þeir birtast í Norðra, og eg veit til, að þaðan koma margir híngað til lækníngа, en fáir fara hèðan og þángað; það er helzt úr sýslunum fyrir austan fjall, og hafa þeir allir komið verri aptur, en þeir fóru, úr þessari norðlenzku pílagrímsferð; það fer líka að verða óþarfi að *citera* í „Homöopathana“, því það er nú búið að dæma þá og flæma frá Englandi og Frakklandi. Satt er það að vísu, að læknirinn á Akureyri hefir sagt, að fáir vitjuðu sín úr Norður-Þíngeyjarsýslu, en af skýrslunum sèst þó, að þar deyja æði-margir, svo þar er víst eingin algjörð heilbrigði; það er þó vanalegt, að menn deyja ekki nema þeir verði veikir, og þess vegna held eg þar muni eigi vera svo sjúkdómalaust, eins og sumir láta. Það er hægt að segja og skrifa, að menn hafi óbrigðul meðöl við því, en það er reynslan búin að sýna, hversu óbrygðul þessi Norður-Þíngeyjarsýslumeðöl eru.

Ásgeir Einarsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta *framsögumann*, hvort hann meinar það til míns breytíngaratkvæðis, að það sè til að eyða málinu?

Framsögumaður: Nei, það var sagt í tilliti til sumra annara breytíngaratkvæða.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg undirbúníngsumræðu þessari lokið.

Kemur þá samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu *málið um fjárkláðann*. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona, að allir þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í fjárkláðamálinu.

A, Breytíngaruppástúnga *H. Kr. Friðrikssonar:*

Að hans hátign konúngurinn vilji allramildilegast láta framhalda þeim ráðstöfunum, sem þegar eru gjörðar af hendi

stjórnarinnar, til að út rýma fjárkláðasýkinni hèr á landi með lækníngum, uns kláðinn er allæknaður.

B, Nefndin:

Að í uppástúnguatriðinu I *(C,* I), í staðinn fyrir „stjórnin", verði sett: *„ráðgjafarnir"*. Enn fremur, að orðið: „bæði", falli burt, en í þess stað verði sett: *„við konúnginn"* („við þíng Dana"), o. s. frv.

C, Nefndin (uppástúnguatriði nefndarálitsins):

I. Alþíngi lýsir yfir því áliti sínu, að stjórnin hafi með ráðstöfunum sínum í þessu máli tekið að sèr alla þá ábyrgð, er þar af flýtur, bæði við þíng Dana og við þjóðina á Íslandi, og geymir alþíngi, sem fulltrúaþíng þjóðarinnar, sèr og henni allan rètt í þessari grein.

II. Alþíngi biður því konúng vorn:

1. Að stjórnin haldi á kostnað ríkissjóðsins fulltrygga verði alstaðar milli hinna sýktu og ósýktu hèraða, bæði í suðurumdæminu og á umdæmamótum, og sè þessir verðir settir á þann hátt, er segir hèr að framan í nefndarálitinu.
2. Að amtmennirnir í norður- og vesturumdæminu fái sem allrafyrst fullt embættisvald sitt aptur, til að ráðstafa þessu máli framvegis í sínum umdæmum.
3. Að svið sýkinnar verði þreingt smátt og smátt, eptir því sem haganlegast er.
4. Sè sýkinni eigi algjörlega út rýmt um nýár 1861, að þá leggi konúngur frumvarp fram á alþíngi sumarið 1861 um algjörða útrýmíng sýkinnar. Konúngur veiti þá alþíngi fullt löggjafaratkvæði í málinu, en fulltrúa sínum á þínginu vald til að staðfesta frumvarp þíngsins sem bráðabyrgðarlög.

D, Breytíngaratkvæði *Páls Melsteðs:*

Við nefndarinnar III, 1. (stafl. *E):*

1. Allt sauðfè í þeim hreppum Rángárvallasýslu, hvar sýkin hefir komið, skal flytja vestur yfir Þjórsá. Sömuleiðis skal flytja allt fè úr Borgarfjarðarsýslu suður fyrir Hvalfjörð, þannig að hvergi verði kláðsjúkar sauðkindur til nema í Árnes-, Gullbríngu- og Kjósarsýslu; þetta skal allt gjört fyrir veturnætur í haust.
2. Eigendur fjárins í Rángárvalla- og Borgarfjarðarsýslu skulu selja mönnum í Árnes-, Gullbríngu- og Kjósarsýslu og Reykjavík fè sitt eptir samkomulagi. Geti þessir eigi keypt, skulu

þeir styrktir með láni af þeim 30,000, sem ætlaðir hafa verið til þessa kláðamáls.

3. Það er vitaskuld, að eigendur fjárins í Borgarfjarðarsýslu og Rángárvallasýslu geta skorið fé sitt til heimilisþarfa, ef þeir vilja, en lokið skal því um veturnætur í haust.
4. Allar menjar, sem vera kynni eptir hið kláðsjúka fé í Borgarfjarðarsýslu og Rángárvallasýslu skulu af máðar í vetur með hreinsun og öðrum slíkum meðulum.
5. Lækníngum skal með hug og dug fram fylgja á því svæði, sem fèð er fært saman á, og skulu settir hæfilega margir menn yfir þann starfa með nauðsynlegu valdi, og fyrir hæfileg laun.
6. Rángæíngar og Borgfirðíngar skulu að vori komanda eiga kost á, að fá keypt fé úr ósýktum hèruðum fyrir sanngjarnt verð, og að öðru leyti til sín flutt kostnaðarlaust.

E, Nefndin (uppástúnguatriði):

III. Alþíngi skorar gegnum *forseta* sinn á hina konúnglegu erindsreka:

1. Að þeir hlutist til, að lógað verði þegar í haust öllu fé í Holtamanna- og Vesturlandeyjahrepp í Rángárvallasýslu, en að í efra hluta Borgarfjarðarsýslu ofan að Skoradalsvatni og Andakílsá, að með töldum bænum Svánga, verði lógað öllu sjúku fé, og því er sýkzt hefir.
2. Viðaukaatkvæði *Magnúsar Andrèssonar:*
   Að aptan við uppástúngu nefndarinnar III, 1. (stafl. *E* III. 1.) bætist:
   Og að einnig verði lógað eða út rýmt á komanda hausti eða vetri öllu fé úr Flóanum í Árnessýslu, ef þar kemur upp kláði á ný.
3. Að þeir gefi amtmönnunum í norður- og vesturumdæminu, eigi síðar en annar þeirra (hinna konúngl. erindsreka) eður báðir fara hèðan í haust, tilkynníngu um, að þeir (amtmennirnir) hafi fullt embættisvald sitt, til að ráðstafa máli þessu framvegis.

F. Uppástúngur *H. Kr. Friðrikssonar:*

Að konúngur vilji allramildilegast stuðla að umbótum sauðfjárræktarinnar hèr á landi framvegis og útbreiðslu meiri þekkíngar á rèttri meðferð sauðfjárins; og að hann til þess:

a, vilji allramildilegast hlutast til um, að 3 eða 4 Íslendíngar

læri sem allrafyrst dýralækníngafræði og rètta meðferð á skepnum á landbúnaðarskólanum í Danmörku, er á eptir setjist að hèr á landi, og fái viðunanleg laun úr opinberum sjóði.

b, Að hann allramildilegast vilji stofna 3 eða 4 föst dýralæknaembætti hèr á landi, og veita fè til að launa dýralæknum þessum.

c, Að hann allramildilegast vilji bjóða stjórn sinni og embættismönnunum hèr á landi að hlutast til um, að það verði almenn venja hèr á landi, að bændur baði sauðfènað sinn, að minnsta kosti einu sinni á ári hverju, úr hinum „valziska“ kláðalegi, eða öðrum þeim lyfjum, er dýralæknar telja hagkvæm til að verja óþrifum.

G, Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt atkvæðagreiðslunni við *C* II. 1.—4., með *C* 1. sem undirstöðuatriði?

Forseti: En áður en byrjað er á umræðunum, vil eg vekja athygli hinna heiðruðu þíngmanna að uppástúngunum undir staflið *F,* og vil eg biðja þá að athuga þær nákvæmlega, og hvort þær sè málinu viðkomandi, og geti komið til umræðu og atkvæðagreiðslu; eg verð reyndar að álíta þessar uppástúngur alveg sèrstaklegar, og að þær yrði að bera upp sèr í lagi, ef þær gæti orðið teknar til greina á þínginu, en sè þessu máli (fjárkláðamálinu) alveg óskyldar og óviðkomandi, hvort heldur að litið er til uppástúngnanna í bænarskránum, sem nefndinni voru feingnar til meðferðar, eða til uppástúngna þíngnefndarinnar sjálfrar. En af því þessar uppástúngur, stafl. *F,* voru reglulega upp bornar og ráðgjörðar í undirbúníngsumræðunni, varð eg að álíta rèttara, að taka þær á atkvæðaskrána, en vekja að þeim athygli hins heiðraða þíngs, og leggja þínginu á vald, hvort þeim ætti að hrinda frá umræðum og atkvæðagreiðslu eður eigi. Þessu vil eg því skjóta til atkvæða hinna háttvirtu þíngmanna nú þegar, áður en umræðurnar byrja um sjálft málið. Er auðvitað, að hver hinna háttvirtu þíngmanna, er vill ræða með eður móti þessum staflið fyrirgjörir ekki þar með rètti sínum til að taka einu sinni til máls um sjálft aðalmálið. Eg skora því fyrst á þíngmenn, að þeir ræði þetta atriði, og að þeir gángi síðan til atkvæða um, hvort staflíðurinn *F* eigi að koma til umræðu og atkvæða ásamt sjálfu aðalmálinu.

Ræddu þá þíngmenn um þetta atriði um hríð, og eptir nokkrar umræður með og móti var geingið til atkvæða um það, hvort staflið-

urinn *F* skyldi koma til umræðu og atkvæða ásamt aðalmálinu, og var honum hrundið með 15 atkvæðum gegn 7.

Var þá málið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Arnljótur Ólafsson): Eg vil leyfa mèr að fara nokkrum orðum um uppástúngurnar, til þess að skýra þær, áður en þíngmenn taka til máls. Þá er fyrst breytíngaruppástúnga þíngmanns Reykvíkínga undir staflið *A*; eg veit ekki, hvort uppástúngumaður vill taka hana aptur *(H. Kr. Friðriksson:* Nei). Þá tala eg um hana, og verð eg að segja það, að eg skil ekki, hver tilgángur er með hana; eg veit ekki, hvort uppástúngumaðurinn vill biðja konúng um, að öllum þeim ráðstöfunum verði framhaldið, sem gjörðar hafa verið, áður en erindsrekarnir komu, eða eptir að þeir komu, það sèst ekki á uppástúngunni, og ekki sèst, hvort hann vill, að ráðstöfunum erindsrekanna sè haldið áfram í hverri grein, svo sem í því, að verða uppiskroppa með kláðalyf og verða svo að grípa til tóbaksins, svo að allt verði sama tóbakið og áður, því það get eg sagt hinum háttvirta uppástúngumanni með sanni, að Norðlendíngar og Austfirðíngar, og eg ætla eflaust Vestfirðíngar líka, hafa laungu síðan haft tóbaksseyði til að drepa lús í kindum sínum, einkum lömbum, og varna óþrifum í þeim, svo að nú er svo komið, að kláðastjórarnir sjálfir eru eingu meiri lækníngamenn orðnir, en vèr niðurskurðarmennirnir höfum verið um langan aldur. Eg ætla nú ekki að fara leingra út í ráðstafanirnar, en ef þíngmaður Reykvíkínga heldur uppástúngunni áfram, sem sèrlegri uppástúngu, þá verðum vèr í álitsskjalinu neyddir til að taka fram allar mótbárur, og taka það fram, hvaða ástæður meiri hlutinn hefir á móti ráðstöfunum þeim, sem gjörðar hafa verið, og vil eg þá biðja þíngmann Reykvíkínga vel að athuga, hvort það sè nokkur bót að því fyrir þá menn, sem hann vill vernda. Þar næst er stafliður *B,* og hefir nefndin gjört við hann orðabreytíng, sem líka er efnisbreytíng; þessi breytíng er komin af því, sem eg gat um við undirbúníngsumræðu málsins, að stjórn er tvírætt orð; nefndin meinti með orðinu „stjórn", ráðaneytið, það er að segja, dómsmálastjórnarherrann og fjárhagsstjórnarherrann; af því þessi skilníngur vakti fyrir nefndinni, og hún varð því að gjöra þessa breytíngu, sem á er orðin, var nauðsynlegt, að bæta inn í síðar í greininni „við konúnginn", og vona eg, að greinin *C* I. hafi unnið við þessar breytíngar. Eg tók þetta fram sem svar upp á spurníngu þíngmanns Ísfirðínga við undirbúníngsumræðuna, hvað nefndin hefði meint með ábyrgð ráðgjafanna

við konúng; og eg skal taka það enn fram að nýju, að ábyrgð þeirra er tvöföld; þeir hafa bæði ábyrgð við konúnginn, sem danskir ráðgjafar, og líka fyrir Íslands hönd; dómsmálastjórnarherrann hefir bæði ábyrgð fyrir konúngi, eins og áður, meðan einveldið stóð, og líka lögábyrgð frá sjónarmiði Danmerkur, því hann verður að fá samþykki hinna ráðgjafanna og svo ríkisdagsins til þess, að geta útvegað fèð. Mèr fannst nauðsyn á að taka þessa ábyrgð fram hvorutveggja, og skal eg skýra þýðíngu þess betur, ef þörf er á. Þar næst kemur breytíngaratkvæði þíngmanns Snæfellínga undir staflið *D*; munurinn á þeim og uppástúngu nefndarinnar undir staflið *E*, III. 1. er í því fólginn, að uppástúngumaður geingur leingra en nefndin, þar sem hann vill láta lóga öllu fè í Borgarfjarðar- og Rángárvallasýslu og fer fram á það, að ef eigendur fjárins í sýslum þessum geta ekki sjálfir keypt sèr fè aptur, þá skuli þeir fá styrk til þess, að kaupa það af þeim 30,000 rd., sem ætlaðir eru til kláðalækninganna. Nefndin gekk alveg fram hjá því, að fara að mánga til við þessa 30,000 rd. Hin uppástúnguatriðin hjá hinum háttvirta uppástúngumanni eru að eins útskýríngar og nokkrir viðaukar, sem eg þarf eigi að útlista. Þar næst kemur *E*, III. 2., sem er varaatkvæði þíngmanns Árnesínga, sem fer fram á það, að lógað verði eða út rýmt öllu fè í Flóanum í Árnessýslu, ef þar kemur kláði upp á ný. Eg veit ekki glögglega, hvort það er meiníngin, að út rýma eigi einúngis fè því, er kláði kemur í hèr eptir, eða því fè, sem kláði er í enn þá. Eg ætla reyndar, að meiníngin muni vera hin síðari, en eg vona, að hinn háttvirti uppástúngumaður út skýri það sjálfur betur. Öll breytíngaratkvæðin að undanteknu hinu fyrsta undir staflið *A*, gánga þá leingra en nefndin, og sýnist mèr því, að þíngmaður Ísfirðínga hafi ekki ástæðu til þess, að bregða nefndinni um, að hún hafi farið of lángt, og eg vona, að þíngið virði það við nefndina, hvað hún hefir verið hæg og nærgætin í uppástúngum sínum.

Stefán Eiríksson: Eins og þínginu er kunnugt, hefi eg ekki tekið til máls fyrri í þessu máli, og eg má að vísu játa, að eg er ekki af eigin reynslu kunnugur málinu; en eg hefi á ferð minni til þessa þíngs kynnt mèr það nokkuð af viðræðum um það við ýmsa í Rángárvalla- og Árnessýslum, og var það hið helzta, er vakti fyrir mönnum, að bæði væri óhönduleg aðferð ýmsra við böðun fjárins, og í annan máta, að það væri aðalgalli lækninganna, þegar hverjum einstökum manni væri ætlað að setja saman meðulin, þetta álit manna

er aldeilis samkvæmt skoðun minni; því að ætla hverjum einstökum að setja saman meðöl, sem þó hvorki hefir neina smávigt eða smámæli, það væri rètt eins og mèr væri sagt að fara í apóthekið, að setja saman meðöl, einasta eptir forskript, en eg hefði hvorki metaskálar eða lóð; eg vil leyfa mèr að skýra þinginu frá sögu, sem sèra Sigurður í Hraungerði sagði mèr, þá eg kom til hans; hann sagði nefnilega, að einhver bezti baðmeistarinn í hans sýslu hefði í vor baðað hjá sèr 6 gemlínga, en strax eptir baðið hefðu 2 gemlíngarnir drepizt; þarna fór nú $^1/_3$ af þessari miklu hjörð í böðuninni, og má af þessu sjá, að verk þetta er þó ekki ætlandi hverjum slóða; en hvað nú þessu líður, þá er annað atriði, sem eg ætlaði að minnast á; nú set eg svo, að menn hafi fram að lækna, svo að kláðinn sýnist horfinn, þá verður nú farið að hleypa upp fènaði og við hafa sömu hirðíng og áður; en þá held eg komi nú fram, það sem hinir háttvirtu erindsrekar konúngs í máli þessu segja í ávarpi sínu til Íslendínga, að kláðinn komi þráfaldlega fram í öðrum löndum; en hvað sýnir nú þetta *þráfaldlega?* Ekki annað en það, að kláðanum verði aldrei út rýmt með lækníngum, mèr þótti það merkilegt, sem hèrna kom fram um daginn við undirbúníngsumræðu milli tveggja hinna háttvirtu þíngmanna, nefnilega þíngmanns Reykjavíkur og þíngmanns Gullbríngusýslu; hinn fyrri sagði, að ekki þyrfti nema 2 menn til að baða kindina, en hinn síðari sagði það þyrfti 6. Það má nú vera mikill handlægnismunur á þíngmanni Reykvíkínga og annara við böðunina, þar sem þó allir eru á, að 6 menn þurfi við böðin; þetta er nú eins og margt annað af þíngmanninum í máli þessu ekki sem bezt hugsað, og það er sannarlega illa gjört af þíngmanni Reykvíkínga, að kasta slíku blori í augu þíngmanna. Eg ætla nú ekki að tala meira í þessu máli, nema að lýsa því yfir, að eptir sem eg hefi nú sagt, ætla eg að gefa atkvæði mitt með nefndinni.

Ólafur Jónsson: Allir sjá, að nefndin hefir farið mjög varlega í þetta mál, og má ske skemmra, en hún hefði átt að fara; eg ætla ekki að tala um mögulegleika lækníganna, því eg hefi aldrei neitað því, að lækníngar sè mögulegar, og af því aldrei er tiltækilegra að reyna þær heldur en nú, þegar fèð er orðið svona fátt, þá vil eg, að þær sè reyndar til hlítar; en svo að ósýktu hèruðin hafi ei illt af því, vil eg, að þreingt sè að kláðafènu á báðar hliðar; því það er auðvitað, að það er hægra að fást við lækníngarnar, þegar sviðið minnkar, og getur þetta því ekki riðið neitt í bága við ætlunarverk hinna konúnglegu erindsreka. Eg held, að *framsögumaður* hafi mis-

skilið breytíngaratkvæði þíngmanns Snæfellínga undir staflið *D*, 2.; því meiníngin mun vera, að Árness-, Gullbríngu- og Kjósarsýslur og Reykjavík sè af þessum 30,000 rd. styrktar til þess, að kaupa fèð úr Borgarfjarðar- og Rángárvallasýslu; en aðaltilgángurinn er sá, að út rýma öllu fè úr hinum 2 síðastnefndu sýslum, og þó breytíngaratkvæðið geingi í því leingra en uppástúnga nefndarinnar, þá er eg með því, að það sè rètt hugsað; því eg get nú ekki sèð betri veg til þess, að hjálpa hinum 3 suðursýslunum, en þenna; því þó lækníngar heppnuðust, er það fè, sem nú er í þessum sýslum, orðið svo fátt, að fólk getur ekki lifað á því; en Borgfirðíngum er ekki mikill skaði að því, að selja fè sitt í haust í fullum holdum, því fyrir verð þess geta þeir aptur keypt fè að norðan að ári, og ef uppástúnga þessi fær framgáng, verða allir fyrir norðan fúsari á að selja þeim aptur fè, og sè eg ekki, að máli þessu verði betur hjálpað við, upp á annan máta en þenna; því þess minna sem sviðið er, sem kláðasjúkt fè er á, því hægra verður að lækna, og er því hèr ei farið fram á, að spilla lækníngunum; menn þurfa þar að auki að farga fè til skurðar, og er þá bezt, að skurðarfèð sè tekið af þessu sviði. Breytíngaratkvæði þíngmanns Árnesínga geingur í sömu átt, og finnst mèr það vera vel til fallið, þó nefndin vildi ekki gánga svo lángt, því milli ánna eru fram undir 5,000 fjár að norðan, sem allt er heilbrigt, og væri það ekki lítið tjón, ef það sýktist af hinu fènu í Flóanum; eg vil því, að þessu Flóafè sè þokað vestur fyrir, en ekki að það sè skorið, fremur en þörf gjörist, heldur að eins hreinsað bilið milli ánna, svo eingin hætta standi af því fyrir hitt fèð; reyndar veit eg ekki tölu hins sjúka fjár í Flóanum, en hún mun þó vera minni, en hins heilbrigða. Eg vildi minnast á það, sem þíngmaður Ísfirðínga sagði um daginn, um óánægjuna í Húnavatnssýslu yfir niðurskurðinum þar, því eg kannast ekki við hana, og vona eg hann gjöri grein fyrir því, hvar hún hefir verið; eg játa það, að það voru einstakir menn, sem þótti of mikið skorið, en eg veit ekki til, að það sè nema einn lækníngamaður í allri Húnavatnssýslu; það er því alls eingin óánægja í Húnavatnssýslu yfir því, að niðurskurður var við hafður, til að út rýma kláðanum, heldur einúngis hjá einstöku mönnum yfir því, að þeim þótti ofmikið skorið, t. d. einn maður í Miðfirðinum, sem nú er fluttur út á Vatnsnes; hann áleit fè sitt heilbrigt, og var óánægður með að skera það, en eg er hræddur um, að það hafi ekki verið heilbrigt.

Ef þingmaður Ísfirðinga hefir fundið hann á ferð sinni, þá kann hann að hafa heyrt óanægju á honum.

Framsögumaður: Eg vil benda þingmanni Snæfellinga á það, sem þingmaður Húnvetninga sagði um breytingaruppástúngu hans undir staflið *D*, 2., er eg hafði eigi athugað vel, að hún fer fram á, að þeir fái styrk, sem eiga að kaupa fèð; en undir tölulið 6. stendur, að Rángæingar og Borgfirðingar eigi að fá keypt fè úr ósýktu hèruðunum, og fá það til sín flutt *„kostnaðarlaust“*; eg vil biðja hann að útskýra það, hvernig hann hefir hugsað sèr þenna *kostnaðarlausa* flutning, hvort hann ætlast til, að kostnaðurinn sè tekinn af þeim 30,000 rd. eða af jafnaðarsjóðnum.

Páll Melsteð: Eg þarf reyndar fáu til að svara um breytingaratkvæði mín, því þingmaður Húnvetninga tók fram með skýrari orðum, en eg get, hugsun þá, er eg vildi í þeim væri fólgin, en þar sem eg hafði sagt, að eigendur fjárins, sem lèti það af hendi í haust, skyldi fá aptur til sín flutt fè að vori „kostnaðarlaust“, þá var meining mín sú, að kostnaður sá, er flutningur fjárins leiddi af sèr, skyldi greiddur af opinberum sjóði, hvort það nú væri af þeim 30,000 rd., eða öðrum sjóði. En þessi var aðaltilgángur minn að gjöra svið sýkinnar sem allraminnst, til þess að gjöra lækningunum því hægra fyrir; gjöra hinum konúnglegu erindsrekum störf þeirra lèttari; gjöra vestur- og norðausturumdæminu hughægra, og hjálpa við efnahag manna í þremur sýslum hèr syðra, sem nú eru ekki vel staddar. Eg veit þetta, að gott eitt gekk mèr til, og eg vildi vinna öllum í hag. Það getur vel verið, að uppástúngur mínar sè miður orðaðar en vera skyldi, en það má þá lagfæra slíkt, og bæta úr því, áður en atkvæði verða greidd. Mín hugsun er þessi, að nú sè það aðalatriðið, að menn reyni að koma sèr saman sem bezt, og allir leggist á eitt í þessu vandamáli, og beri sig að bjarga sèr og öðrum sem skynsamlegast. Og er það þá ekki fleira, sem eg þarf um þetta að tala, og læt þar við sitja.

Pètur Pètursson: Það var skaði, að þingmaður Snæfellinga skyldi standa svo fljótt upp, því eg hefði viljað biðja hann að útskýra betur fyrir mèr uppástúngur hans. *(Forseti:* Eg álít að þessleiðis útskýringar komi ekki aðalmálinu við, og að þingmaðurinn eigi því frjálst að taka til máls aptur um þær, ef honum þykir þörf á, þó að hann sè búinn að tala einu sinni um aðalmálið). Eg vildi biðja hann að útskýra það, hvernig hann hafði hugsað sèr flutninginn; hvort hann ímyndar sèr, að erindsrekarnir hafi vald til

þess, að skipa mönnum að láta fèð af hendi, ef þeir ekki skyldi vilja það sjálfir; ef svo er, að erindsrekarnir hefði vald til þessa, þá er eg á því, að sviðið sè þreingt saman, svo lækníngunum verði betur við komið og hinar ósýktu sýslur geti verið öruggari. Eg sè ekki á breytíngaratkvæðunum, hvernig þetta er hugsað, en óska, að það sè útskýrt, áður en geingið er til atkvæða. Ætla eg svo ekki að tala meira í þessu máli.

Framsögumaður: Eg skal skjóta því til uppástúngumanns, hvort meiníngin sè ekki hin sama og í uppástúngu nefndarinnar undir staflið *E*, III. 1., að alþíngi skori gegnum *forseta* sinn á hina konúnglegu erindsreka, eða rèttara sagt, hvort að uppástúnga hans komi inn undir þessi orð *E*, III: Alþíngi skorar gegnum *forseta* sinn á hina konúnglegu erindsreka, o. s. frv.?

Forseti: Eg bar mig saman um það við hinn heiðraða uppástúngumann, og var það meníng hans, að fyrirsögnin undir staflið *E*, III, ætti að haldast, þetta nefnilega: „Alþíngi skorar gegnum *forseta* sinn á hina konúnglegu erindsreka“, og að sú sama fyrirsögn ætti einnig að haldast fyrir breytíngaruppástúngum hans, ef þær yrði samþykktar.

Indriði Gíslason: Eg ætla nú að lofa hinum háttvirta þíngmanni Ísfirðínga því, að ef eg tala nokkuð í þessu kláðamáli, þá skal eg láta það að skapi hans, að vera annaðhvort hrár eða soðinn, annaðhvort lækníngamaður eða niðurskurðarmaður, þar eg heyrði hann finna það eitt með öðru að nefndarálitinu. Það má segja um þetta mál frá upphafi þess: „Sjaldan er eymd ein“, eða „ein bára stök“.

Nefndarálit þetta, sem hálofað er af öllum, nema lækníngamönnum, getur nú eingan veginn feingið það hrós hjá mèr, sem margur ímyndar sèr, af öðrum eins niðurskurðarmanni, og eg er; en eingum er alls varnað, segja menn. Það er sögulegt og fullt með ímyndanir, en ekki búmannlegt eða framkvæmdarlegt; en það er nú sjálfsagt, að það hefir í mörg horn að líta, nefnilega, það hafði í þrjú horn að líta; fyrst að snúa sèr til konúngs, eins og vant er; það er nú sjálfsagt; síðan til erindsreka konúngs, og í þriðja máta til eiganda fjárins; en það var nú ógæfan, að það vantaði; því það var það eina ráðið, til þess að geta nokkuð framkvæmt; en þetta hefir nú ekki þótt eins virðulegt eða tilhlýðilegt, eins og láta málið gánga þessa formgötu á pappírnum gegnum þíngið. Það er annars merkilegur tímans púnktur, sem vèr stöndum nú á, að hafa konúnglegan erindsreka hèr á þíngi með fullu valdi í eins miklu vanda-

máli, og þetta er, og þó skyldi nú þingið ekki ná hylli þess mannsins, sem allir mega vænta af að meti mikils þjóðviljann og þjóðréttindin; og þótt vèr nú misstum úr höndum okkar það gullvald, sem þingið hafði 1857, þá skal eg nú ekkert örvænta þess, að hinn konúnglegi erindsreki fai-st inn á þá hina réttu skoðun þessa máls, ef ekki hèr innan þings, þá utan þings, ef að þingmenn alvarlega leitast við það. Já, eg er enn sömu vonar og eg var, þegar eg las blaðið, „Þjóðólf“ 29. marz nr. 18.—19., og sá, að ríkisþing Dana hafði veitt Íslandi 30,000 dala til kláðans, jafnvel þótt mèr dytti í hug, sem mörgum fleiri, það sem Grettir sagði, að þess yrði getið sem gjört væri; já, eg vonaði þá, þegar eg líka í sama blaði sá, að hinn göfugi landi vor, þingmaður Ísfirðinga, mundi eiga að stjórna þessu fè, að hann mundi verja því samkvæmt þörfum landsins, og vilja þjóðarinnar. Það má annars furðu gegna, hversu viljugir og fljótir að Danir voru á, að veita oss þetta fè, og það óbeðið, án þess það horfi til neinnar hagsældar, ef því yrði varið til þess, að við halda kláðanum með lækníngakáki, heldur þvert í móti, þar sem þegar vèr biðjum um fè til stofnana þeirra, er þjóðinni horfa til ævarandi gagns og hagsmuna, þá fáum vèr einga áheyrslu, og enda þó vèr bendum á það fè, sem vèr eigum og höfum fulla heimtíngu á, gefið oss í sèrstökum tilgángi. En fátt er svo, að ekkert megi af því læra; hèr af má sjá, hversu fráleitt er, að Danir ráði oss einir, bæði vegna ókunnugleika og fjarlægðar, eða þá eptir einræðis villtri sögusögn einstakra manna, og má segja, að þessum 30,000 dölum sè ver en í sjóinn kastað, ef þeim er varið til þessa skaðlega lækníngakáks, og er of miklu til kostað, að saga landsins geymi dæmi þess, hvað ókunnug stjórn í fjarlægu landi, því að öllum háttum ólíku, getur villzt í háskalega heimsku, er getur orðið til ævarandi og óbætanlegs tjóns, eins og fjárkláðinn mun verða, sè hann gjörður innlendur, og mega hèr upp á heimfærast orð Rikkarðs snauða, að það, sem ein heimska kosti, sè nóg handa tveimur börnum; það er nú reyndar hægt að reikna, hvað margra barna uppeldi að eru 30,000 dala; en hitt er ekki eins hægt að segja, hvað mikil mannfjölgun og framför gæti aukizt, ef að þessu fè væri varið oss til viðreisnar, en ekki til þess, að gjöra aðalatvinnustofn vorn armæðusaman og leiðinlegan, og rýra þar með fjölgun vora og framför. Eg vona, að það taki einginn orð mín svo, að eg ekki álíti fè þetta veitt oss í bezta tilgángi og góðri meiníngu; en sú góða meiníng gjörir einga stoð. Eg er nú enn þá góðrar vonar, að hinn háttvirti erindsreki,

er svo mjög ann löndum sínum, muni taka hina réttu stefnu, þegar hann yfirvegar málið betur. Við skulum nú gá vel að. Það er nú, sem hann veit, allur þorri landsmanna, hvar á meðal eru hinir beztu og hyggnustu búmenn, sem álíta betri niðurskurð en lækníngar, og að niðurskurðurinn ekki verði að nærri eins lángvaranlegu tjóni og lækníngarnar; því nú sýna dæmin víða, hversu vel þeim mönnum reiðir af, er fyrir sakir kláðans skáru niður allt sitt fé, og það enda sumir, sem þó skáru að vorinu; þessir hinir sömu menn eru nú búnir að hleypa upp nálega eins miklu heilu og hraustu sauðfé aptur, auk þess, sem þeir höfðu nægan heyforða, á nýafstaðinni fellistíð, og gátu líka mörgum hjálpað um matvæli, þar sem að hinir þvert á mót, er við lækníngarnar fást, þurfa að eyða margfalt meira fóðri handa kláðafénu, með ómetanlegum tímaspilli, kostnaði og vandræðum, og verður það eins og þær mörgu *Faraónis*-kýr, sem æ og jafnan uppetur búsæld þeirra og blessun. Þó tekur það nú út yfir allt, ef að vor heiðraði landi ekki léti enn nú sannfærast, sem þó er þvert á móti von minni, það, segi eg, tekur út yfir fyrir mína tilfinníngu, ef hann skyldi verja þessu fé til kláðakáksins, sá maðurinn, sem flestum mun þykja mest fyrir, að neita um það, að leiða yfir oss óhamíngju þessa; neita þeim manninum, sem vér höfum híngað til mátt bezt trúa, og megum enn í öllu því, sem honum er sjálfrátt; þeim manninum, sem varið hefir öllu sínu lífi til mennta þeirra, er hann gæti gagnazt ættjörðu sinni með, og væri það hin mesta skapraun, ef að hann óviljandi yrði oss eitt hið þýngsta hrís. Hvað er nú hyggilegast, landar góðir, og heiðruðu þíngmenn, ef þannig verður fram haldið fyrirhugaðri athöfn (réttar sagt óstjórn)? Halda menn, að þetta nefndarálit muni sækja þau höpp suður til Danmerkur, að það varðveiti oss fyrir útbreiðslu sýkinnar? Nei. Vér verðum, ef vér ekki viljum leggja árar í bát, að taka valdið hjá okkur sjálfum með amtmönnum vorum, þar sem það dugar; en bændurnir að verja sig sjálfir, þar sem amtmennirnir ekki verða notaðir. Eigum vér að láta kláðann útbreiðast, þar sem menn hafa áður til kostað ærnu fé og gjöra það allt saman ónýtt? Þér norður- og vesturamts þíngmenn, eg vona að þið ekki látið bleyðast, heldur haldið ykkar beinu stefnu, sem þér hafið tekið, eins og líka eg óska og vona, að innbúar suðuramtsins ekki freistist á kláðanefndarembættaveitíngum og launum þeirra, eða mútum til lækníngganna, og selji ekki frelsi sitt og eignarréttindi og niðja sinna í hendur blindri stjórn fyrir lítinn stundarhagnað, heldur fylgi sannfæríngu sinni í því, sem þeir álíta rétt-

jörðu sinni hagkvæmast, og gæti þess, hvað skaðlegt er, að gjöra kláðann innlendan. Að eg nú snúi mèr þá aptur að atkvæðaskránni, þá tel eg henni það eitt til gildis, eða nefndaráliti þessu, að hèr kom fram sú sanna kláðasaga, og menn hèr á þingi náðu að láta meininguna í ljósi; en hvað það framkvæmdarlega snertir, met eg að engu; eigi að síður mun eg styðja það með atkvæði mínu. En hvað breytíngaratkvæði þingmanns Snæfellínga snertir, þá furðar mig, hvað jafnónýt breytíngaratkvæði gátu glatt mig; því eg sè hèr á, að annaðhvort hefir fleiri en mig langað í þessar 30,000 um daginn, sem þó ekki hafa þorað að standa upp fyrir því, ellegar þeim er snúinn hugur, og þeir hinir sömu orðnir á mínu máli, þar sem þessi kostnaðar er samkynja Skaptártúnguverðinum. Að öðru leyti get eg ekkert fundið nýtilegt í þeim, og læt þau því hlutlaus; því eins og menn nú vita um óvilja erindsrekanna, að skipa þetta, eins er sjáanlegt, að Borgfirðíngar muni fara að sínum ráðum fyrir þessum pappírsskipunum, og ekki fara að lóga fènu til þess, að kaupa fè á næsta vori, þegar allt er kláðugt í Gullbríngu-, Kjósar-, og Árnessýslu, og þó er nú gjört ráð um, að lækna þó það, sem pest kemur upp í. Núna einmitt er tíminn að semja við Sunnlendínga um lógunina í haust, sem öllum getur orðið að skaðlausu, ef rètt er að gáð; fèð orðið örfátt, og Sunnlendíngum mun varla veita af því fè, sem nú er kláðasjúkt, til að skera það. Að eg nú ekki sè að orðleingja þetta meira, því það getur geingið út í hið óendanlega, þá vil eg að lyktum geta þess, að hversu hörðum dómum sem eg verð fyrir út af þeirri meiníngu, sem eg hefi í ljósi látið, læt eg mèr liggja í lèttu rúmi, og enda þótt talin væri þörf á herliði til framkvæmdar vilja lækníngamanna, þá mun eg, já, ekki alleinasta eg, heldur allir niðurskurðarmenn rósamir styðja sig við herlið góðrar samvizku.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum. Eg held eg megi nú gjöra hina sömu játníngu, og þíngmaðurinn, sem nú settist niður, að eg ætla mèr að vera annaðhvort hreinn og beinn lækníngamaður eða niðurskurðarmaður, því eg vil ekkert kák. Eg er nú á sama máli, eins og hann, að mèr þykir nefndin, sem kosin var í þetta mál, hafa farið heldur til skammt; en eg get virt henni þetta nokkuð til vorkunar, vegna kríngumstæðanna, því eg sè, að hún hefir viljað hlíðra til á allan hátt við hina konúnglegu erindsreka, eins og svo ljóslega var tekið fram við undirbúníngsumræðuna. Þá var nú talað margt með og móti þessu máli; þá var sýnt fram á, hvernig því nú

er komið, og í nefndarálitinu er greinilega rakin stjórnarsaga málsins; þar er ljóslega sýnt, hvað stjórn þessa máls í norður og vesturumdæmunum hefir verið sjálfri sèr samkvæm, og samkvæm vilja þjóðarinnar, og hvað þessi stjórn hefir borið heillaríka ávexti; þar er einnig sýnt, hvernig hið gagnstæða hefir átt sèr stað í suðurumdæminu. Mèr skildust svo orð hins háttvirta þingmanns Ísfirðinga við undirbúningsumræðuna, eins og hann ekki vilji gjöra svo mikið úr þjóðviljanum í þessu máli, og að það yrði ekki tekið tillit til hans, þegar hann ekki stefndi í sömu átt, og vilji stjórnarinnar; en eg get þó sagt honum það, að okkur Íslendingum er þá illa í ættina skotið, ef við látum til leingdar stjórna okkur í lagaleysi, og í gagnstæða átt vorum eigin vilja, og um þetta mun reynslan sannfæra hann, áður lángir tímar líða.

Eg skal þá snúa mèr að atkvæðaskránni, sem hèr liggur fyrir, og þá fyrst að breytíngaruppástúngu þingmannsins úr Reykjavík undir staflið *A.* Hún fer fram á, að stjórnin fram haldi sömu ráðstöfunum í kláðamálinu hèr eptir, sem hingað til; þetta held eg gefi manni tilefni til, að íhuga nokkuð gjör þessar ráðstafanir, og sjá til, hvort þær eru einhlítar til þess, að ná því takmarki, sem allir stefna að, nefnilega útrýming fjárkláðans. Það er nú að vísu svo, að nú er komið nýtt hljóð í strokkinn hjá stjórninni, því hún hefir tekið miklu alvarlegar í þetta mál en fyrri, og er það sannarlega viðurkenníngarvert, en þótt maður því miður verði að viðurkenna, að hún hefir tekið aptan í málið, og að þessar nýju ráðstafanir hennar hefði því að eins getað komið að tilætluðu liði, að hún hefði gjört þær 2 eða 3 árum fyrri; og hverjar eru nú þessar ráðstafanir? Hún hefir sent hingað tvo menn með svo miklu valdi, að þess eru engin dæmi, að nokkur maður hafi haft jafnmikið og ótakmarkað vald á þessu landi, nema hafi það verið Gissur jarl, þegar hann var forðum settur yfir Ísland; það er nú að vísu gott, að annar þessara manna er Íslendíngur, og allir munu viðurkenna, að hann sè *sannur Íslendíngur*, og því bera hið bezta traust til hans. En hvað gjöra nú þessir menn? Þeir sitja hèr í Reykjavík og skipa að *baða;* sumir hlýða þessu, kann ske af því, að þeim þykir silfrið fagurt; aðrir hlýða af ótta fyrir straffinu, því hèr er viðlögð fjársekt og hegníng eptir málavöxtum, en sannfæríngarlaust, og hinir þriðju hlíða ekki. Hvers getur maður nú vænt sèr af slíkri stjórn? og hver getur kallað hana góða? Hèr á bætist, að baðmeðölin reynast sumstaðar svikin, og hverjar bætur liggja til þess? Þíngmaður Ísfirðínga

svarar, eða því svaraði hann við undirbúníngsumræðuna, að þetta væri í ábyrgð lyfsalans í Reykjavík, en ekki kláðastjóranna; en eg vil nú spyrja hinn háttvirta þíngmann Ísfirðínga að því, hvort lyfsalinn er maður til að ábyrgjast allt, sem af því getur leitt, að meðölin reynist ónýt? Hèr við bætist enn, að baðmeðölin eru upp geingin og fást ekki, þó víða sè enn óbaðað, og því þörf á meðulum; kláðastjórarnir fyrirskipa tóbakssósu úr lyfjabúðinni hèr í Reykjavík, en bændur vilja hana ekki, og segja hún sè ónýt, eins og annað úr þeim stað; og hvað gjöra kláðahöfðíngjarnir nú til? Þeir vísa bændum í búðirnar til kaupmanna, og segja þeim, að kaupa þar tóbakið sjálfum, og búa til sósuna; mætti renna grun í, að þeim bændum, sem þykir góður tóbaksmolinn, en eru daufir á lækníngar, yrði fyrri fyrir, að stínga honum upp í sig, en að verja honum til kláðalækníngа. Þegar maður nú lítur yfir allar þessar ráðstafanir í einu, og hvernig þeim er framfylgt, fær maður að sjá, að hèr er sama ráðleysið og óstjórnin, og fyrri hefir verið, og að það eru eingar líkur, að kláðinn út rýmist með slíku háttalagi, heldur er miklu fremur auðsætt, að þessi eyðileggíngaralda skellur yfir okkur í hinum ömtunum, þegar minnst varir, nema rammar skorður sè við reistar í tíma.

Eg skal þá snúa mèr að breytíngaratkvæðum þíngmannsins úr Snæfellsnessýslu, og verð eg að viðurkenna, að mèr falla þau betur í geð, en uppástúngur nefndarinnar, af því þau fara nokkuð leingra og eru ákveðnari. Eg verð líka að mæla fast með breytíngaratkvæði þíngmanns Árnesínga, því það er mjög svo nauðsynlegt, að hreinsa Flóann, og hefði átt að vera búið að því fyrri; eg held það hafi verið eitt hið mesta óhapp kláðamálsins, að þetta var ekki gjört í hitt eð fyrra, þegar Hreppa- og Skeiðamenn hreinsuðu hjá sèr, því eg get vitnað um það, að við Norðlendíngar mundum hafa selt þeim fleira fè, en það, sem þeir áttu, og ekki gjört þeim harðara til í kaupunum en öðrum Sunnlendíngum; hefði þá verið ólíkt hægra aðstöðu núna, hefði Flóinn verið alveg kláðalaus, bæði fyrir lækníngamenn og niðurskurðarmenn. Eg vil því alvarlega hafa tekið það fram, að það er hæst nauðsynlegt, að hreinsa allt fè úr Flóanum, en þótt það hefði verið betur gjört fyrri.

Því var miður, að breytíngaruppástúngur þíngmannsins úr Reykjavík gátu ekki komizt að, því eg hefði ekki verið fjærri, að styðja þær, altènd sumar af þeim; því eg vil altènd styðja að því, sem miðar til að bæta fjárræktina, og efla landbúnaðinn.

Forseti: Eg held það sè árángurslaust, að halda nú leingur

áfram umræðunum að sinni; margir eru hjá mèr uppteiknaðir, er þegar hafa beðið sèr hljóðs, og eg gjöri ráð fyrir, að flestir af þingmönnum vilji tala í þessu máli, og vil eg því heldur fresta fundi að sinni, og ákveða fund í kvöld; en áður en eg slít fundi, vil eg biðja þingmenn að hlusta á nokkrar bænarskrár og álitsskjöl til konúngs, sem til mín eru komin.

Síðan var lesið upp og samþykkt:

1. Álitsskjal alþingis til konúngs um stofnun *barnaskóla í Reykjavík*, svo hljóðandi:

Til konúngs.

Fulltrúi yðar konúnglegu hátignar lagði fyrir alþingi að þessu sinni konúnglegt „frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík", til þess að þingið kvæði upp um það álit sitt.

Þingið kaus þrjá menn í nefnd, til að íhuga málið, og ræddi það síðan á 2 aðalfundum, eins og í lögum er fyrir mælt, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast, að skýra yðar konúnglegu hátign frá áliti sínu.

Þetta þing getur eigi annað, en verið sannfært um nauðsynina á, að stofnaður verði barnaskóli í Reykjavík, eins og alþingi lèt í ljósi þegar 1853, og sömu skoðunar hafa margir hinna merkustu bæjarbúa, bæjarstjórnin og stiptsyfirvöldin verið; og með því bæjarstjórnin í Reykjavík hefir nú vísað á það fè og þá gjaldstofna, að Reykjavíkurbúar fái borið árleg útgjöld til barnaskólans, án þess þeim verði íþýngt um of, þá virtist alþingi ekkert vera því til fyrirstöðu framar, að bætt verði úr þessari nauðsyn Reykjavíkurbúa.

Þingið verður að fallast á það, sem sagt er í ástæðunum fyrir frumvarpi þessu, að það sè í alla staði rèttast og eðlilegast, að fara með allar ákvarðanir um tilhögun skólans, aðferð á kennslunni, o. s. frv. sem stjórnarmálefni, og að stjórnarherra kirkju - og kennslumálanna skipi fyrir um allt slíkt með ráði stiptsyfirvaldanna og bæjarstjórnarinnar. Reyndar var nokkur ágreiningur um það, hvort eigi væri rèttast, að fela þetta stiptsyfirvöldunum á Íslandi, án þess að það geingi til stjórnarherrans; því að bæjarstjórnin og styptsyfirvöldin væri þó í rauninni þeir, er kunnugastir væri öllum þörfum og högum bæjarins, en stjórnarherrann, sem væri öllu þessu ókunnugur, mundi í öllu fara eptir tillögum þeirra, og væri það því tilgángslaust, að lögin legði fyrir stjórnarherrann, að semja reglugjörðir skólans; en meira hluta þingmanna (12 atkvæði mót 11) þótti þó

betur við eiga, að sú ákvörðun hèldist óbreytt, sem um þetta efni væri sett í frumvarpinu.

Þingið tók það og til íhugunar, hver væri hin eiginlega ætlun skólans, og með því það var öllum þingmönnum ljóst, að kenna yrði fleira í þessum skóla, en það, sem lög bjóða, að hvert barn skyldi nema, og sem því eitt mætti telja *nauðsynlegt* fyrir hvern mann, virtist þinginu rèttast, að bæta einhverri þeirri ákvörðun við, er bæri það með sèr, að fleira yrði kennt, en það, sem núgildandi land-lög bjóða að kenna skuli hverju barni, til þess, að það geti orðið staðfest, og því virtist þinginu að bæta við fyrri kafla fyrri greinarinnar þessum orðum: „sem almennt er kallaður vel að sèr".

Með þessari þegar greindu breytingu leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast með samhljóða 24 atkvæðum:

> *að biðja yðar konunglegu hátign, að hið umrædda frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík verði að lögum gjört, þó með þeirri breytingu* (með 18 atkvæðum gegn 4), *að fyrir aptan orðin: „er nauðsynleg þykir fyrir hvern mann", í fyrri kafla fyrri greinarinnar, verði bætt þessum orðum: „sem almennt er kallaður vel að sèr".*

Allraþegnsamlegast.

Reykjavík 13. ágúst 1859.

J. Guðmundsson. H. Kr. Friðriksson.

2. Bænarskrá alþingis til konúngs, um *skattgjald af samanlagðri fasteign og lausafè,* þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Fulltrúi Árnessýslu, *Magnús Andrèsson,* bar upp á alþingi í þetta skipti uppástúngu um það, að hinn gamli þegnskylduskattur Íslendínga, ekki verði heimtaður af gjaldþegnunum af öðrum gjaldstofni en þeim, sem lög áskilji. Þingið kaus 5 manna nefnd til þess að yfirvega þetta mál, og ræddi það síðan ítarlega á 2 aðalfundum, og leyfir nú þingið sèr allraþegnsamlegast að segja álit sitt um málið á þessa leið.

Eptir þeim skilníngi á Jónsbókarlaga þegnskyldu 1. Cap. um skattgjald, sem allur þorri lögfræðínga hèr á landi hefir fyr og síðar aðhyllzt, á hinn svo kallaði skattur, sem er 20 álnir á landsvísu af hverjum skattskyldum bónda, en í peníngum eptir verðlagsskránni samgildir rúmum 3—4 ríkisdölum, einúngis að greiðast af tíund-

arbæru lausafè, og þannig þykir mega fullyrða, að skatturinn hafi verið krafinn og greiddur niður eptir öldum, en á seinni tímum hefir þetta breytzt nokkuð á annan veg, og sú venja sumstaðar farið að ryðja sèr til rúms, að taka skatt af samanlögðu lausafè og fasteign, þegar svo stendur á, að hlutaðeigandi ekki á svo mikinn gjaldstofn í lausafè, að hann sè í skatti, en hann þó á svo mörg hundruð í fasteign, sem gæti fyllt upp þá hundraðatölu í lausafènu, sem á vantar, og skattskyldan er bundin við.

Fyrir þessari samlagníngu lausafjárins og fasteignarinnar skortir samt, að því er þínginu er kunnugt, skýra lagaheimild; því sú eina heimild í þessu efni, sem þínginu er kunnug, er rentukammerbrèf frá 30. sept. 1823 (samanborið við innanríkisráðherrabrèf frá 30. apr. 1855), sem leggur samþykki á, að skattur sè tekinn í Gullbríngu- og Kjósarsýslu af samanlögðu lausafè og fasteign; en eins og þetta brèf eptir þess hljóðun einúngis er gefið fyrir tèðar sýslur, þannig verður það eigi heldur eptir eðli sínu skoðað sem lagaboð, heldur einúngis sem sèrstök heimild fyrir hlutaðeigandi embættismenn, til að mega halda þeirri reglu fram eptirleiðis, að því leyti hún, viðvíkjandi skattheimtunni, værin fari að tíðkast eða orðin venja í þeim sýslum.

Að því leyti þessi skattheimta því er farin að tíðkast í öðrum sýslum landsins, skortir fyrir því aðra heimild en venjuna, og hún er aptur leingri eða skemmri, og sumstaðar ekki leingri en svo, að það, ef til vill, verður rakið fyrir, nær hún fyrst byrjaði; en aptur virtist mega ráða af því, er kom fram undir umræðunum á þínginu, að þessi venja væri sumstaðar nú fyrst, ef til vill, að ryðja sèr til rúms.

Þíngið hlýtur því að álíta, að það sè með góðum ástæðum, er í uppástúngunni er farið á flot, og leyfir sèr enn fremur allraþegnsamlegast að láta í ljósi, að þó það viðurkenni, að venjan í öðru eins máli og þessu hljóti að ráða miklu, sè það þó einúngis að skilja um þá venju, sem er orðin föst og fullkomin, eða sem um lángan aldur hefir geingið almennt og óslitið yfir alla gjaldþegna í því og því lögsagnarumdæmi; en að þar á móti ekki geti orðið spursmál um, að taka þá venju til greina, sem ekki er búin að ná þessari staðfestu, og þannig eigi heldur er komin inn í rèttarmeðvitund almennings, sem eðlilegt er að hafi fastan augastað á því, sem almennt er álitið sè lög í þessu efni, og þannig komst þíngið til þeirrar niðurstöðu, að ekki ætti hèr að ráða úrslitum önnur venja,

en sú, sem væri orðin svo lángvinn, að ekki yrði rakið fyrir upptök hennar. Það er nú að vísu svo, að þessi regla getur í einstökum sýslum haft veruleg áhrif á tekjur hlutaðeigandi sýslumanns; en þínginu virtist þó, að þetta atriði því síður gæti til greina komið, sem þess mundi að öllum líkindum eigi verða lángt að bíða, að skattgjaldslögunum yrði breytt hèr á landi, samkvæmt þörfum og kröfum þessara tíma.

Þíngið áleit, þegar svona væri ástatt, ætti sú meðferð málsins bezt við, að skýra yðar hátign frá málavöxtum, og allraþegnsamlegast að beiðast þess, að á þetta mál kæmist skipulag, er svaraði til þess, sem að framan er til greint, viðvíkjandi gildi venjunnar í skatttökunni, og þannig leyfir þíngið sèr, með 13 atkvæðum gegn 11, að senda yðar konúnglegu hátign þessu samhljóða bænarskrá, og með 14 atkvæðum gegn 7 allraþegnsamlegast að beiðast þess:

1, *að yðar hátign mætti allramildilegast þóknast, að skipa svo fyrir, að skrifað verði amtmönnum hèr í landi til birtíngar fyrir sýslumönnum, að ekki verði tekinn skattur af samanlögðu lausafè og fasteign, nema því að eins, að fyrir því sè full og föst venja.*

2, (með 14 atkv. gegn 8), *að þessi venja verði einskorðuð þannig, að hún sè orðin svo lángvinn, að hún ekki verði rakin að upptökum sínum.*

Reykjavík 13. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. *Þórður Jónassen.*

3. Álitsskjal alþíngis til konúngs *um löggildíngu útkominna danskra lagaboða 1857—59,* svo hljóðandi:

Til konúngs.

Fulltrúi yðar konúnglegu hátignar á alþíngi hefir einnig í þetta skipti samkvæmt allrahæstum úrskurði frá 10. nóv. 1844 og að boði löggæzluráðherrans frá 6. maí þ. á., lagt fyrir alþíngi til þess álits og yfirvegunar, hver af þeim lagaboðum, sem út eru geingin í Danmörku á árunum 1857—58 gæti átt við að lögleiða hèr á landi, annaðhvort eins og þau eru, eður og með þeim breytíngum, sem þínginu mætti þykja ástæða til, að bera upp og mæla fram með.

Til að yfirvega þetta mál var kosin 3 manna nefnd, og síðan var það ítarlega rætt á 2 aðalfundum, og leyfir nú þíngið sèr allraþegnsamlegast, að segja álít sitt um málið, þannig sem hèr eptir fylgir.

Löggæzluráðherrann hafði í brèfi sínu, hvers þegar var getið, tekið fram þau lagaboð, sem honum virtist geta orðið spursmál um í ofangreindu tilliti, en þau voru þessi, sem hèr segir:

1. Lagboð frá 21. jan. 1857, um illa meðferð á skepnum.
2. Lagaboð frá 4. marz s. á., um breytíngu á tilskipuninni um skírnina frá 30. maí 1828.
3. Lagaboð frá 30. nóv. s. á., sem nemur úr lögum nauðsyn skírnarinnar, sem skilyrði fyrir arftökurètti.
4. Lagaboð frá sama degi, áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhúsvinnu.
5. Lagaboð um innkallanir í búum.
6. Lagaboð frá 29. des. s. á., um breytíngu á tilsk. frá 21. des. 1845.
7. Lagaboð frá 29. des. 1857 um myndugsaldur kvenna.
8. Lagaboð frá s. d., sem breytir 10. atriði 3. greinar í tilsk. frá 30. apríl 1824, viðvíkjandi embættisskyldu prestanna með tilliti til hjónabandsins.
9. Lagaboð frá s. d., um heimildarlausa prentun bóka og rita, o. s. frv., sem aðrir hafa forlagsrètt að.
10. Lagaboð frá 30. nóv. 1858, er inniheldur nákvæmari ákvarðanir um meðferð á þrotabúum og öðrum búum.

Þíngið var eindregið á þeirri skoðun, að eingin önnur en þessi af þeim mörgu lagaboðum, sem hèr var um að ræða, gæti komið til yfirvegunar, þegar spursmál væri um, hvort þau gæti breytt eða óbreytt átt við á Íslandi; en það komst jafnframt til þeirrar niðurstöðu, að einúngis nokkur af þeim lagaboðum, sem yðar hátignar ráðgjafi hafði tekið fram, og þegar voru tilgreind væri, þess eðlis, að í þeim væri veruleg rèttarbót fyrir þetta land, en aptur voru nokkur af þeim tilgreindu lagaboðum, er þíngið varð að ráða frá í einu hljóði að lögleidd yrði hèr á landi. Í þessum flokki eru fyrst lagaboðin nr. 2 og 3, áhrærandi skírnina, frá 4. marz og 30. nóv. 1857, og er þar til sú ástæða, að það er svo algjörlega gagnstætt hugsunarhætti almennings hèr á landi, að láta barnaskírn dragast leingur, en kríngumstæðurnar ítrast leyfa í hvort skipti, auk heldur að sleppa henni algjörlega; þíngið þóttist því geta fullyrt, að þessi lagaboð, þótt lögleidd yrði fyrir þetta land, vissulega ekki mundi geta komizt inn í meðvitund alþýðu, og yrði þannig að verða þýðíngarlaus.

Ekki gat þíngið heldur fundið ástæðu til, að mæla fram með löggildíngu lagaboðsins frá 29. des. 1857, um breytíngu á tilsk. frá

21. maí 1845, sbr. tilsk. 21. sept. 1850 §. 22. Því fjórðúngsgjafarrètturinn, sem Jónsbók heimilar, er orðinn þjóðinni svo innrættur, og hún unir honum svo vel yfir höfuð að tala, að þingið áleit, að yfirgnæfandi ástæða væri til þess, að mæla fram með því, að hèr stæði allt við það sama, og nú er í lögum í því efni.

Til sömu niðurstöðu komst þingið og um lagaboðið frá 29. des. 1857, um óheimila prentun bóka og rita, o. s. frv., er aðrir ætti forlagsrètt að; því bæði inniheldur þetta lagaboð ýmsar ákvarðanir, sem með eingu móti geta átt við hèr á landi, og líka virðist rètti manna hèr á landi vera til hlítar borgið með þeim ákvörðunum, sem í þessu efni eru gildandi hèr á landi.

Lagaboðið frá 30. nóv. 1858, um meðferð á þrotabúum og öðrum búum, gat þingið því síður aðhyllzt, að yrði hèr lögleitt, sem það í mörgum greinum gæti ekki átt hèr við, nema með mikilli breytíngu, sem þingið ekki treysti sèr til að gjöra svo vel væri í þetta skipti, auk þess að hinar strángari rèttargángsreglur um aðfarir í skuldamálum, persónuleg höpt, uppboð, o. þvl., því nær aldrei koma hèr fyrir, nè eru við hafðar, þar sem allt í þessu efni er svo einfalt og óbrotið, og því var þingið eindregið á því, að ráða frá þessa lagaboðs löggildíngu.

Þar á móti kom fram í þínginu meiníngarmunur um það, hvort lagaboðið frá 29. des. 1857, sem breytir 10. atriði 3. greinar í tilsk. frá 30. apr. 1824, ætti ekki að löggilda fyrir þetta land, annaðhvort óbreytt, eður og með nokkurri rýmkun í þeim 5 ára fresti, sem fjárstyrkur, þeginn af sveit, er eptir tèðu lagaboði bundinn við; en þingið komst þó með 20 atkvæðum gegn 2 til þeirrar niðurstöðu, að ráða frá því, að löggilda þetta lagaboð fyrir þetta land.

Lagaboðið frá 30. nóv. 1857 um betrunarhúsvinnu virtist þínginu þar á móti að ætti að lögleiða hèr á landi, þar sem það, eins og hèr hagaði til, yrði opt að koma fyrir, að sakamenn hèðan frá landi yrði dæmdir til slíkrar hegníngar, en af því löggjöfin í sakamálum hèr á landi er í því efni meðal annars frábrugðin hinni dönsku, að 2 ára opinbert erfiði afplánast hèr á landi með vandarhagga refsíngu, og hegníng fyrir betl og flakk ekki er hin sama hèr og þar, hefir þingið jafnframt stúngið upp á þeim breytíngum í því, sem virtust nauðsynlegar, til þess að koma þessu lagaboði í samhljóðun við þá hèr gildandi löggjöf, og með þessum breytíngum, sem hèr á eptir verða teknar fram, aðhylltist þingið, að biðja allraþegnsamlegast um, að þetta lagaboð yrði hèr lögleitt.

Til hinnar sömu niðurstöðu komst þingið áhrærandi lagaboðið frá 30. nóvember 1857 um „*Proclamata*“ eða innkallanir í búum; en vegna þess, hvað hèr hagar öðruvísi til, en í Danmörk, hefir þingið leyft sèr að stínga upp á nokkrum breytíngum, sem eiga að miða til þess, að gjöra lagaboð þetta hagfelt fyrir Ísland, og samboðið þess kröfum.

Enn fremur aðhylltist þingið, að það ætti allraþegnsamlegast að biðja um löggildíngu lagaboðsins frá 29. des. 1857 um myndugsaldur kvenna, en þó með nokkrum viðauka, miðandi til þess, að koma lagaboði þessu í samhljóðun við það, sem á sèr stað um ekkjur.

Um lagaboðið frá 21. janúar 1857, hvers löggildíngu þingið einnig aðhylltist, sendir þingið yðar konúnglegu hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá sèr í lagi.

Samkvæmt því, sem þannig er tilgreint, leyfir þingið sèr í einu hljóði allraþegnsamlegast:

A, að ráða frá, að eptirfylgjandi lagaboð verði hèr lögleidd:

1, Lagaboð frá 4. marz 1857, um breytíngu á tilsk. um skírnina frá 30. maí 1828.

2, Lagaboð frá 30. nóv. s. á., sem nemur úr lögum skírnarnauðsynina, sem skilyrði fyrir arftökurètti.

3, Lagaboð 29. des. 1857 um breytíngu á tilsk. 21. maí 1845 (cfr. 21. sept. 1850 § 22).

4, Lagaboð frá sama degi, um óheimila prentun bóka, sem aðrir hafa forlagsrètt að.

5, Lagaboð frá 30. nóv. 1858, um meðferð á þrotabúum og öðrum búum, og með 20 atkvæðum gegn 2, að

6, lagaboð frá 29. des. 1857, um breytíngu 10. atr. í 3. gr. tilsk. frá 30. apríl 1824, eigi heldur nái hèr lagagildi; en

B, allraþegnsamlegast að beiðast þess, að eptirfylgjandi lagaboð fái hèr lagagildi:

1, með 23 atkvæðum móti 1: lagaboðið frá 30. nóv. 1857, um betrunarhúsvinnu með þeim breytíngum:

a, að síðasta atriði 1. gr.: „*undanskilinn er þó*“ — „*verið gildandi*“ fellist úr.

b, að fyrsti kafli 2. gr. orðist þannig:

„*Þeir afbrotamenn karlkyns frá Íslandi, sem dæmdir verða til vinnu í betrunarhúsi, eiga yfirhöfuð að tala að afplána þá hegníngu í einhýsi, og hafast þar við bæði nótt og dag með þeirri linun í hegníngartíman-*

um, að hann færist niður um þriðjúng fyrir 3 fyrstu árin, og um helmíng fyrir hvert af árunum, sem þar er fram yfir".

2, Lagaboð frá 30. nóv. 1857 um innkallanir í búum, með þessum breytíngum:

a, í einu hljóði, að fyrri kafli fyrstu greinar orðist þannig: *„Eptirleiðis skal bæði í dánarbúum, uppboðsbúum, þrotabúum og öðrum búum, sem proclama er gefið út í til skuldaheimtumanna, gefa það út með 6 mánaða fyrirvara, þegar svo stendur á, að hlutaðeigandi ekki getur álitizt, að hafa átt í skuldaskiptum annarstaðar en á Íslandi, en ellegar með 12 mánaða fyrirvara".*

b, að úr síðari kafla 1. gr. sè úr felld orðin: *„í Evrópu eða"* og orðin: *„eða á Færeyjum".*

c, að 2. gr. orðist þannig:
„Þær innkallanir, sem samkvæmt 1. gr. geta farið fram með 6 mánaða fresti, á að birta i dagblöðum, sem koma út hèr á landi, og stjórnin ákveður. Þar á móti eiga þær innkallanir, sem gjöra skal með 12 mánaða fyrirvara, auk þess að þær á að birta á fyrnefndan hátt, jafnframt að auglýsast í Berlínga „politiske og Avertissements"-tíðindum. Frestinn á að telja frá seinasta birtíngardegi".

d, að síðari kafli 3. greinar falli allur burt, nema sjálft niðurlag hans þannig breytt:
„Norskulaga 5 - 13—27 er hèr með, að því er Ísland snertir, úr lögum numinn".

e, að 6. grein orðist þannig:
„Þetta lagaboð fær lagagildi 1. júlí 1860".

3. Lagaboðið frá 29. des. 1857, um myndugsaldur kvenna, með þessum breytíngum:

a, að upphaf 1. gr. orðist þannig:
„Frá 1. júlí 1860, o. s. frv."

b, með 22 atkvæðum gegn 2, að aptan við greinina bætist:
„En hafi þó í vandamálum valinkunnan mann sèr til ráðaneytis, eins og á sèr stað með ekkjur".

Með tilliti til aðferðar þeirrar, sem híngað til hefir verið fylgt hèr á þínginu með þau lagaboð, sem ástæða hefir þótt til, að leita þíngsins álits um, hvort þau ætti að lögleiðast hèr á landi, að yðar

hátignar fulltrúi hefir lagt þau fram í frumriti, og nefnd sú, sem feingið hefir málið til íhugunar, síðan að hans undirlagi annast um, að þau lagaboð, sem spurmál gæti orðið um, að löggilda á Íslandi, yrði lögð út á íslenzku, og á þessu máli síðan lögð fram á þínginu ásamt nefndarálitinu í málinu, skal þíngið að lyktum allraþegnsamast leyfa sèr að taka fram, að þessi meðferð málsins þykir, skoðuð frá formlegri hlið, ekki í eðli sínu, heldur sú, að þau lagaboð, sem í þessu tilliti gæti orðið spursmál um, að lögleiða á Íslandi, sè lögð fyrir alþíngi á íslenzku sem frumvarp, og hvert sèr í lagi með þeim breytíngum, er þörf þætti til, og þannig leyfir þíngið sèr í einu hljóði allraþegnsamlegast að beiðast þess:

að hvert það almennt lagaboð, sem stjórn yðar hátignar álítur nauðsyn til, að verði lögleitt á Íslandi, verði hèðan af lagt fyrir alþíngi á íslenzku sem frumvarp, og hvert sèr í lagi, með þeim breytíngum, sem þætti nauðsynlegar.

Reykjavík, 13. dag ágústmánaðar 1859.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. Þórður Jónassen.

4. Bœnarskrá alþíngis til konúngs um *breytíngu í hjúskaparlögunum,* svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis komu í þetta sinn tvær bœnarskrár, sem kvarta yfir þeim vandræðum, sem standi af ótakmörkuðum giptíngum öreiga og óreglumanna, er verða sveitunum til mikilla þýngsla, og það þegar á hinum fyrstu hjúskaparárum þeirra, og biðja þær þíngið um, að gjöra þær uppástúngur í þessu efni, sem þætti bezt fallnar til, að ráða bót á áminnstri óreglu með lagaboði.

Til að íhuga þetta mál, kaus þíngið 5 manna nefnd, ræddi það síðan á 2 aðalfundum sínum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast, að láta um það álit sitt í ljósi á þessa leið:

Þíngið hlýtur að játa, að sú umkvörtun er almenn hèr á landi, að þær skorður, sem löggjöfin, einkum tilsk. 30. apr. 1824, setur við öreigagiptíngum, og sem sèr í lagi eru innifaldar í því, að banna þeim að giptast, sem eiga óendurgoldinn sveitarstyrk, sè með öllu ónógar; með því reynslan sýnir, að sveitarþýngslin nálega hvervetna koma til af því, að óráðs- og óreglumenn giptast undir eins og þeir ná lögaldri; hlaða síðan niður börnum, sem þeir geta ekki staðið straum

af, og fara með hyski sínu á sveitina að fám árum liðnum. Sömuleiðis er almennt kvartað yfir því, að þessar giptíngar sè hin helzta orsök í þeim hjúaskorti, sem alstaðar gjörir vart við sig, með því flestir vilji eiga með sig sjálfir, undir eins og þeir komast í hjónaband og reyni til að kotra sèr einhverstaðar niður, annaðhvort á fáeinum jarðarhundruðum, eða í tómthúsum hjá kaupstöðum, eða í veiðistöðum, hvar við sveitirnar missi vinnukrapta, jarðirnar verði ekki ræktaðar til hlítar, þar eð bændur geti ekki aðdugað þeim sökum hjúaleysis, eða að þær verði svo stykkjaðar sundur í mörg smábýli, að enginn geti á þeim lifað, sèr eða sveitarfèlaginu til uppbyggíngar, og sè þetta fyrirkomulag landbúnaðinum til hins mesta hnekkis, eins og það líka stofni sjóplássunum í hin mestu vandræði, þegar öreiga fjölskyldumenn flykkist þángað.

Þó nú þíngið verði að viðurkenna, að þessar umkvartanir sè á góðum rökum byggðar, þykir því þó að hinu leytinu mikið vandhæfi á, að stínga upp á nokkrum þeim takmörkunum í þessu efni, sem kynni um of að þraungva náttúrlegu frelsi manna, og því getur þíngið ekki lagt það til, að öreigagiptíngar verði beinlínis takmarkaðar með nýju lagaboði fram yfir það, sem gjört er í tilskip. 30. apr. 1824, þar eð það virðist óeðlilegt, að gjöra ákveðin fjárstofn að skilyrði fyrir giptíngarleyfi, með því líka það er ekki fátæktin út af fyrir sig, sem mest orsakar sveitarþýngslin, heldur fátækt samfara óreglu og ónytjúngsskap, og reynslan hefir sýnt, að fátækir menn hafa auðgast og orðið sveitarfèlagi sínu til uppbyggíngar, þegar það hafa verið ráðsettir reglumenn. Öðru máli er að gegna um giptíngar alþekktra óráðs-og óreglumanna og ónytjúnga, og verður þíngið að halda, að það sè hinn eini rètti vegur, til að ráða bót á fyrtöldum vandkvæðum, að leitast við að reisa nokkrar, þó ei sè nema óbeinlínis skortur við ótakmörkuðum giptíngum slíkra manna. Virðist það því öldúngis nauðsynlegt, að gefa hlutaðeigandi sveitarstjórn, það er að skilja, sóknarpresti og hreppstjórum, nokkurn atkvæðisrètt í þessu máli, en þó ekki svo mikinn, að hún geti beitt nokkru gjörræði gegn þeim, heldur að hún fái einúngis nokkra tryggíngu fyrir því, að sveitarfèlaginu sè ekki búin *bersýnileg* þýngsli af þvílíkum giptíngum, að minnsta kosti í bráð, og sýnist þessi tryggíng hæfilegast til tekin með því, að svaramönnum sè gjört að skyldu að ábyrgjast, að ekki skuli standa sveitarvandræði af þeim í hin næstu 3 ár; og að það jafnframt sè ákveðið, að svaramenn eigi að vera fullveðja menn, svo að ábyrgðin verði ekki þýðíngarlaus. En af

því svo getur að borið, að annarhvor þessara svaramanna eða þeir báðir deyi á hinum til tekna þriggja ára tíma, virðist það í þessu tilliti enn meir tryggjandi, að þeir sè ekki færri en 4, nær sveitarstjórnin óskar þess. Þar á mót getur þessi aukna tala svaramanna ekki lagt of hörð bönd á giptíngar óreglumanna; því hvorki mundi hún eiga sèr stað nema í einstöku tilfellum, og þar að auk lèttist fjárábyrgðin því meir, sem hún er borin af fleiri mönnum. Þegar þess er gætt, að sveitarstjórnin samanstendur af sóknarpresti og einum eða tveimur hreppstjórum, sem nákvæmlega þekkja alla sveitarbúa og hafa fullkomna ábyrgð á gjörðum sínum, og sem yfir höfuð að tala verði að álítast einhverjir hinir beztu og skynsömustu menn sveitarinnar, sýnist eingin hætta búin af því, að trúa þeim fyrir, að ákveða í hverju einstöku tilfelli, hverjir skuli álítast óráðs-og óreglumenn og ónytjúngar, heldur mætti öllu fremur óttast fyrir hinu, að þeir mundi hlýfast ofmjög við, að láta það álit sitt í ljósi, eða að minnsta kosti mundi þeir gjöra það með hinni mestu varúð og samvizkusemi, og ekki nema þegar brýn og bersýnileg nauðsyn til bæri. Þar að auk er hèr ekki talað nema um *alþekkta* óráðs-og óreglumenn og ónytjúnga, sem fyrir svall og brutl og ómennsku eru orðnir illa ræmdir, og getur því síður gjörræði átt sèr stað. Af því sú óregla við geingst víða hèr á landi, að óráðs- og óreglumenn eru feingnir til að giptast í öðrum hreppum en þeim, sem þeir eiga sveit í og eiga þar kvennmenn, sem þegar eru búnar að orsaka sínum hreppi þýngsli með einu eða fleiri börnum, en eru síðan ásamt konunni og hennar börnum þegar þar að kemur, rekinir á sína sveit, virðist nauðsynlegt, að gjöra samþykki þeirrar sveitarstjórnar, hvar maðurinn á framfærisrètt, að skilyrði fyrir giptíngarleyfi slíkra manna. En sökum þess, að það yrði opt örðugt fyrir þá, að ná þvílíku samþykki svo bráðlega úr fjarlægum sveitum, mundi ábyrgð svaramanna í slíkum tilfellum verða að álítast nægileg tryggíng. Þegar þess er gætt, hvað hèr er meint með alþekktum óráðs- og óreglumönnum og ónytjúngum, virðist það nógu tryggjandi, að ákveða ábyrgðartíma svaramanna til þriggja ára, og hann alls ekki eiga að vera leingri, eins og sumir hafa stúngið upp á; því það mundi annaðhvort fæla alla frá, að takast slíka ábyrgð á hendur, eða hún yrði þeim til ofmikils byrðarauka, því tilgángur hennar er ekki einúngis sá, að reisa nokkrar skorður við áminnstum gigtíngum með því að sýna mönnum fram á, að það sè eigi með öllu hættulaust, að hrapa að því, að takast svaramennsku á hendur, heldur öllu fremur hitt, að

gjöra tilraun til að bæta ráðlag og siðferði þeirra manna, sem hèr ræðir um; því það hlýtur að vera beinlínis hvöt fyrir svaramennina, að hafa vakandi auga með þeim, áminna þá og ráðleggja þeim heilt, þegar þeir geta búizt við, að ómennska, óregla eða ráðleysi þeirra kunni að baka sèr fjárútlát, og þessi tilsjón virðist því nauðsynlegri, sem þessir menn, eptir hinum gildandi lögum mega giptast á únga aldri, áður en þeir eru orðnir fullmyndugir og hafa náð þeirri staðfestu eða lífsreynslu, sem þó er nauðsynleg, til að geta haft ofan af fyrir sèr og sínum, ekki sízt hèr á landi, hvar bjargræðisvegirnir eru fáir og erfiðir, og útheimta dugnað, útsjón og reglusemi, eigi vel að fara. Því hefir verið hreift, að það mundi auka ósiðsemi og fjölga óskilgetnum börnum, ef reynt væri til, að reisa nokkrar skorður við giptíngum óráðs- og óreglumanna, enda þó þær ekki væri meiri, en hèr er farið fram á; en þessi mótbára virðist ekki á gildum rökum byggð; því hún sýnist gánga út frá því sem gefnu, að það verði svo örðugt eða ómögulegt fyrir hlutaðeigendur, að fá fullveðja svaramenn; en þetta mundi þó alls ekki verða, þegar ábyrgðartíminn er miðaður að eins við 3 ár. Þar að auki er það aðgætandi, að hið siðferðislega aðhald, sem áður er getið, hlyti að hafa heillarík áhrif á siðferði og ráðlag manna, og miða til að eyða ómennsku og óreglu, og yfir höfuð að tala virðist hin áminnsta mótbára ekki geta sýnt annað, en að lausaleiksbörn mundi fjölga í samanburði við hórgetin börn. Líka ber þess að gæta, hversu skaðlegar afleiðíngar það hefir fyrir félagið og hina uppvaxandi kynslóð, þegar slíkir menn verða húsfeður og eiga að uppala mörg börn, og stjórna heilum heimilum.

Af áðursögðum ástæðum leyfir þíngið sèr þegnsamlegast, að biðja yðar hátign (með 16 atkvæðum gegn 9) að gefa út lagaboð þess efnis:

1., *að alþekkta óráðs- og óreglumenn og órytjúnga megi ekki gefa í hjónaband hèr á landi, nema sveitarstjórnin í þeim hrepp, hvar maðurinn á framfœrisrètt, samþykki það, eða svaramenn hjónaefnanna vilji ábyrgjast, að ekki standi af þeim sveitarvandræði í hin næstu 3 ár; og skuli svaramennirnir vera fullveðja menn og að öðru leyti þeim kostum búnir, sem tilsk. 30. apríl 1824 til tekur;* með 15 atkvæðum gegn 9.

2., *að nær hlutaðeigandi sveitarstjórn, samkvæmt 1. grein* (með 15 atkvæðum gegn 9) *óskar þess, skuli hjónaefni*

skyldug til, að útvega sèr 4 svaramenn; með 14 atkvæðum gegn 11.

Reykjavík 13. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. P. Pètursson.

Ákvað *forseti* því næst fund kl. 7 í kvöld.

Fundi slitið.

---

13. ágúst- Þrítugasti og sjöundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni verður nú haldið áfram álykt-arumræðunni í *fjárkláðamálinu. Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga.

Var málið síðan afhent *framsögumanni.*

Forseti: Eg hefi fyr og síðar verið svo mikið viðriðinn þetta mál, að eg get ekki leitt hjá mèr, hvorki sem þingmaður, og heldur ekki sem *forseti* þessa alþingis, að tala fáein orð í því; og vil eg því biðja þingmenn að hafa þolinmæði á meðan, og vildi eg, að orð mín yrði til þess, að skýra málið, en ekki til þess, að aflaga það eða flækja. Það eru 2 ár síðan, að mál þetta var rætt á þingi hèr í þessum sal; síðan er mikil breytíng orðin á stöðu þess og öllu ásigkomulagi fjárkláðans, og mikil reynsla. Málið er nú orðið svo að segja allt annað mál, heldur en það var 1857, bæði andspænis stjórninni, þinginu og þjóðinni; þessi breytíng er svo veruleg, að menn ekki mega með neinu móti missa sjónar á henni, og allra sízt má missa sjónar á því, hve ólíkt þingið stendur nú að málinu, andspænis stjórninni, hjá því sem var í hitt eð fyrra. 1857 var amtmönnunum falið á hendur, að semja og ræða lagafrumvarp um, að út rýma fjárkláðanum og aptra frekari útbreiðslu hans; amtmennirnir urðu ekki á eitt sáttir, og hin ólíku frumvörp þeirra voru lögð fyrir þingið. Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um, hver afdrif málsins urðu hèr; alþingi bjó til nýtt lagafrumvarp, og samþykkti með miklum atkvæðafjölda, og sendi það síðan með bænarskrá til konúngs sem lagafrumvarp, til þess að það næði staðfestíngu konúngs; eg kalla það *lagafrumvarp,* því þinginu var þá veitt löggjafaratkvæði í málinu, þar sem stjórnin

hafði leyft, að frumvarp það, er alþíng gjörði, mætti jafnsnart verða að *bráðabyrgðarlögum* yfir allt land, ef amtmennirnir fèllist á það; einnig er þetta frumvarp alþíngis nefnt „*lagafrumvarp*“ í ráðherrabrèfi 30. sept. 1857, og sýnir það, hverja skoðun ráðherrann hafði þá á frumvarpi þíngsins. En síðan hafa menn ekki getað sèð, hvenær lagafrumvarp þetta var ónýtt, hvort það hafi nokkurn tíma verið lagt fyrir konúng, eða hvort hann hafi nokkurn tíma neitað, að samþykkja það; um þetta vita menn ekkert enn í dag. Ráðgjafinn segir í brèfi sínu 30. sept. 1857, til amtmannanna, um ráðstafanir sínar í fjárkláðamálinu, „að hann gjöri þær upp á væntanlegt samþykki konúngsins“; „lagafrumvarp þíngsins“ sè nýlega komið til sín; konúngur sè þá á ferðum staddur, svo að ekki hafi orðið færi á, að leggja það fyrir hann; með þessu hefir ráðgjafinn játað, að það þyrfti að leggja lagaframvarp þíngsins fyrir konúng til samþykkis eða ósamþykkis, og þetta er mjög mikilsvert atriði í þessu máli, að ráðherrann játar sjálfur, eins og er, að „lagafrumvarp“ þíngsins 1857 hljóti að leggja sem fyrst fyrir konúnginn til samþykkis eða ósamþykkis; ráðherrann játar sjálfur, að þángað til því verði við komið, gjöri hann bráðabyrgðarráðstafanir í fjárkláðamálinu, upp á væntanlegt samþykki konúngsins. Svona var skoðun ráðherrans á málinu í septbr. 1857; en hvað skeður? Dómsmálaráðherrann gjörir nýjar ráðstafanir, og lætur út gánga nýjar skipanir í málinu, fyrst með brèfi frá 15. apríl, og síðan aptur með brèfi 3. nóv. 1858. Af þeim brèfum verður ekki sèð, að konúngsósamþykki sè útvegað á lagafrumvarp þíngsins, að konúngssamþykki eða konúngsheimild hafi verið útveguð fyrir þeim skipunum og ráðstöfunum, sem þar með voru gjörðar; ekki svo mikið að þess sè getið, að þær sè gjörðar upp á væntanlegt samþykki konúngsins, svo að einginn gat af þessum brèfum annað sèð, en að dómsmálastjórnarherrann væri allt í einu orðinn einvaldur yfir Íslandi í þessu máli. Nú vil eg spyrja: voru þessar stjórnarráðstafanir hins danska ráðgjafa í alla staði óyggjandi, í alla staði löglegar? Voru þær að öllu bindandi fyrir þetta þíng og þegna og embættismenn landsins? Eg segi: nei; ráðstafanir dansks stjórnarherra í þessu máli gátu ekki verið bindandi, hvorki fyrir þjóðina nè þíngið, á meðan konúngurinn sjálfur var ekki búinn að leggja ósamþykki sitt á lagafrumvarp alþíngis. Þetta finn eg mèr skylt að taka fram hátt og skýrt frá þessum stað; því bæði er hèr að ræða um þann rètt, sem atkvæði alþíngis hafa að lögum, þann rètt, að konúngurinn einn getur lagt á það ósamþykki, er þíngið fer

fram á í þegnsamlegum bænarskrám sínum og uppástúngum, og þar að auki hefir mikið verið talað um óhlýðni eða vangæzlu æðri og lægri stèttar manna við þær skipanir stjórnarherrans, sem hèr ræðir um; en menn verða að gjöra sèr ljóst, hvaða stað þessar skipanir eiga sèr, því það er mikill munur á því, hvort þeim skipunum er látið óhlýtt, sem skorta löglega undirstöðu, eða þeim, sem fullan lagarètt hafa. Eg tala að þessu sinni ekkert um sjálft frumvarp alþíngis 1857 og stefnu þess; eg fer eingum orðum um það, að hve miklu leyti stjórnin hafi haft nægar ástæður til að vefeingja þær uppástúngur og hafa þær að eingu, að hafa að eingu atkvæði nálega allra alþíngismanna í þessu máli, sem þeir einir máttu bera bezt skyn á, sakir reynslu og þekkíngar á öllum landshögum, ástandi og búnaði þessa lands, að hafa að eingu tillögur og meiníngar hinna beztu manna í landinu, bæði embættismanna og bænda, en fara eingaungu eptir áliti og tillögum hinna sárfáu manna, er hèr voru í móti á þínginu 1857, þeirra er sízt allra þekktu hèr til, sízt höfðu vit á málinu, og voru því allra manna sízt færir um, að eiga í því atkvæði; — um þetta tala eg ekki nú, en um hitt tala eg, og um það er mèr skylt að tala, því það er verulegast, að löglega upp borið atkvæði alþíngis var ekki lagt fyrir konúnginn til samþykkis eða ósamþykkis, að minnsta kosti, að því menn vita, ekki svo fljótt sem þetta velferðarmál landsins krafði; eg tala um það, að almennar og yfirgripsmiklar ráðstafanir hafa verið gjörðar aptur og aptur í kláðamálinu, frá því um lok alþíngis 1857 og til 27. maí 1859, þvert ofan í lagafrumvarp alþíngis, en þó án konúnglegrar heimildar, að því er menn framast vita.

En nú er hèr á orðin veruleg breytíng, þar sem konúngur hefir með allrahæsta erindisbrèfi sínu 27. maí þ. á. gefið ráðstöfununum löglega undirstöðu og löglega stefnu, og þessa verðum vèr vel að gæta, þegar vèr nú förum að ráða þessu máli til lykta. Kláðamálið er nú í annari stöðu í tilliti til þíngsins, heldur en var 1857, vegna þess að brèf konúngs til erindsrekanna í kláðamálinu er nú útgeingið; þá (1857) átti lagafrumvarp alþíngis, löggilt af *konúngsfulltrúa* og amtmönnunum, að verða bráðabyrgðarlög í þessu máli; en nú er erindisbrèf hinna konúnglegu erindsreka lög í því. 1857 áttum vèr, eptir heimild og skipun stjórnarinnar, að ræða frumvarp til laga í þessu máli, en nú getum vèr að eins rætt það með þeim bænarskráarètti, sem alþíngistilskipunin heimilar.

En kláðamálið hefir og tekið mikla breytíngu hèr á landi í þessi

2 ár, að því er snertir sjálft kláðafaraldrið; þá var kláði sagður svo að segja um allt land; hann var á Suðurlandi, og sagður fyrir vestan og austan, og hann kom upp fyrir norðan, eptir að lagafrumvarpið var rætt hèr á þinginu; hinir stórvitru lækníngamenn þóttust þá hafa sannar sögur um kláðann í ýmsum fjarlægum hèruðum, og geta fullyrt, að hann væri innlend sýki, er kæmi upp sjálfkrafa hèr og hvar, og þar sem menn varði sízt, og hinir varfærnari þíngmenn og aðrir þóttust að vísu þá ekki hafa alveg óræka reynslu eða sönnun fyrir hinu gagnstæða. En nú, 1859, er reynslan búin að leiða í ljós, að kláðinn hefir einúngis útbreiðzt og útbreiðist einúngis fyrir samgaungur; menn vita hvergi af þessum smittandi kláða, þar sem samgaungur hafa ekki valdið honum; menn vita þannig nú takmörk kláðans, og þau þektu menn ekki 1857. Það hefir að vísu verið sagt hèr í salnum, að menn viti enn nú ekki, hvar kláðinn er, og hvar hann ekki er; að menn viti eingin takmörk hans, en eg segi, að við vitum og vitum nú með vissu, að hann er hvorki fyrir vestan eða norðan, nè heldur í suðuramtinu fyrir austan Aflallið og Markarfljót, og sönnunin fyrir því er sú, að hinir konúnglegu erindsrekar hafa eingar ráðstafanir gjört á neinum þessum stöðum til lækníngа, hvorki í norð- austur- nè í vesturamtinu, nè í austari parti Rángárvallasýslu nè í Skaptafellssýslu; hinir konúnglegu erindsrekar hafa sjálfir leitt í ljós með ráðstöfunum sínum órækan vitnisburð um *þetta, um hin nú verandi óyggjandi takmörk kláðasýkinnar;* þetta verður ekki hrakið, því eptir hinu konúnglega erindisbrèfi mætti erindsrekarnir ekki annað, en vera búnir að kynna sèr, hvar kláðinn er, og hvar sè óyggjandi kláðalaust, og að haga ráðstöfunum sínum þar eptir, til þess að út rýma kláðasýkinni, hvar sem hennar yrði vart að þeirra áliti. Vèr verðum að halda oss til þess, hvar kláðinn er nú, og hvar hann ekki er, því það er stjórninni og erindsrekunum og öllum of vaxið að segja, hvar hann *geti komið,* og verðum vèr því að halda oss til þess, hvar hann er nú, og hvar honum er út rutt; um þetta hafa hinir konúnglegu erindsrekar fullvissað oss svo með ráðstöfunum sínum, að eingінn getur framar um það efazt. En þegar vèr gáum að því, hvernig stjórn kláðamálsins nú er ráðið til lykta, þá virðast menn ekki geta, í von um vissan árángur, farið fram á annað hèðan frá þíngi, en að fá hinu konúnglega erindisbrèfi frá 27. maí þ. á. breytt, eða að það verði takmarkað með tilliti til tíma og svæðis; eg get því ekki sèð, að það leiði til nokkurs árángurs, að fara fram á annað í bænarskrá til konúngs,

en það, sem farið er fram í uppástúngum nefndarinnar undir staflið *C.* II. 3. og 4. tölulið. Á staflið *C.* II. 2. vil eg einnig minnast, og vil eg leiða athygli að því, að þó það sè gott og nauðsynlegt, að amtmennirnir fái vald sitt aptur, þá verðum vèr, áður en vèr biðjum um þetta, að vera á því hreina með það, að þeir sè sviptir valdi sínu í nokkru, og eg fyrir mitt leyti get ekki skilið, að þeir sè það, því eg get ei betur sèð, en að vald erindsreka konúngsins nái einúngis þángað, hvar kláðinn er, og á meðan kláðalaust er fyrir vestan og norðan, en það hafa hinir konúnglegu erindsrekar staðhæft að sè, þá hafa amtmennirnir þar sitt fulla vald; eg get ekki skilið það öðruvísi. En allt, sem að öðru leyti þætti nauðsynlegt og liggja næst að fara fram á, annað en það, sem stefnir að því, að fá upphafið eða takmarkað erindisbrèf hinna konúnglegu erindsreka, það virðist mèr vera fólgið í nefndaruppástúngunum undir staflið *E,* eða breytíngaratkvæðin undir staflið *D,* og virðist eins og þar er gjört, eiga að stefna að því, að þíngið verði að koma sèr saman við hina konúnglegu erindsreka um það, og leitast við að vinna þá til, að takmarka og færa saman svið sýkinnar sem mest, og innan sem tryggastra varnartakmarka náttúrunnar; þetta álít eg hið verulegasta og nauðsynlegasta og eina skynsamlega, sem í málinu verður gjört, eins og því er nú komið, hvort sem litið er til stjórnarfyrirkomulags þess, eða til faraldursins sjálfs, eins og það nú er. Það hefir verið sagt hèr í salnum, að annar hinna konúnglegu erindsreka hafi ekki verið tilleiðanlegur til samkomulags við nefndina í þessu máli, en eg vona samt, að ef þessi yrði aðalstefna þíngsins, muni sá hinna háttvirtu erindsreka, sem situr hèr á þíngi, taka skynsamlegum tillögum alþíngis í því efni, og gefa góðan gaum að atkvæði þess, og það því fremur, sem þær styðjast við tveggja ára reynslu og álit og þekkíngu reyndustu og beztu manna yfir allt land. Eg get ekki leitt mèr í grun, að hinir háttvirtu erindsrekar haldi svo til streytu sinni skoðun á málinu, að þeir vilji hafna stuðníngi og að eingu hafa tillögur, hvorki eins nè annars af þeim mönnum, sem kunnugastir eru málinu og reyndastir og bezt þekkja til; að þeir vilji að eingu meta tillögur og atkvæði alþíngis og annara beztu manna í landinu; því þó hinir háttvirtu erindsrekar vildi vefeingja vit landsmanna á málinu, þá mega þeir samt vita það, að það er ekki mögulegt fyrir þá nè stjórnina að stjórna svo til leingdar, að þeir hafi að eingu ráð og tillögur hinna vitrustu og beztu manna, og hafni alveg öllu fylgi þeirra og samkomulagi við þá, og eg veit ekki til, að stjórn vor hafi

áður haldið neinu innlendu máli svo til streytu, að hún hafi farið beint á móti yfirlýstum vilja og tillögum allrar þjóðarinnar, og eg er því hræddur um, að ef hinir konúnglegu erindsrekar hèldi málinu þannig áfram á móti tillögum og atkvæði alþíngis, og vilja og tillögum allra hinna beztu manna í landinu, þá fái þeir ekki miklu til leiðar komið, hversu margir sem þeir væri, og þó þeir hefði dýralækna hundruðum saman og óuppausanlegt fè. Eg óska erindsrekunum til lukku, geti þeir feingið sínum málum nokkurn framgáng með því móti; því þá tekst þeim það, sem eingri stjórn og eingum manni hefir tekizt híngað til í öðru eins máli og þessu.

Fyrst eg stóð upp á annað borð, skal eg fara fáeinum orðum um staflíðinn *A* á atkvæðaskránni; eg vil nú sjálfsagt eigi spilla fyrir þessari uppástúngu nè leitast við, að hafa nein áhrif á atkvæðagreiðslu þíngmanna; en mèr finnst þessi uppástúnga stefna allt annað, en lýsa trausti til erindsrekanna, og að þessu finnst mèr skylt að vekja athygli; því hèr er einmitt farið fram á, að binda hendurnar á þeim miklu meir, en þær eru bundnar í hinu konúnglega erindisbrèfi þeirra; þar gjörir konúngur ráð fyrir tvenns konar ráðstöfunum, til þess að út rýma sýkinni, ýmist lækníngum, eða förgun fjárins, sumsè niðurskurði eptir þörf og kríngumstæðum; en breytíngaratkvæði þetta fer auðsjáanlega fram á, að takmarka svo ráðstafanir og framkvæmdir erindsrekanna, að þeir megi ekki ráðast í neinar ráðstafanir, til að út rýma sýkinni, nema með lækníngum einum saman.

Að endíngu vil eg biðja þíngmenn að virða mèr á hægri veg, að eg hefi þreytt þolinmæði þeirra svo leingi.

Konúngsfulltrúi: Það var eitt atriði í ræðu hins háttvirta *forseta*, sem eg eigi má láta ósvarað; hann sagði nl. eptir því, sem eg skildi hann, að ráðstafanir eða skipanir ráðgjafans í fjárkláðamálinu, sem ekki hefði verið bornar undir konúng, ekki væri skuldbindandi fyrir embættismennina. En þetta er ekki rètt; því sèrhver undirgefinn embættismaður er skyldur að hlýða þeim, sem yfir hann er boðinn, því annars færi öll regla og öll stjórn að forgörðum.

Að öðru leyti vil eg geta þess, að eg hefi tekið svo lítinn þátt í umræðunum um þetta mál, af því hèr er til staðar á þínginu annar þeirra manna, sem er erindsreki stjórnarinnar, og æðsti fulltrúi stjórnarinnar í þessu máli, og því er næstur til að halda uppi svörum af hennar hendi, og það því heldur, sem eg ekki er persónulega sannfærður um, að þær ráðstafanir, sem hèr hafa fram farið híngað til, til að út rýma kláðanum, sè eptir þessa lands kríngumstæðum

þær hentugustu, þó það að öðru leyti virðist sem stjórnin hafi á þær fallizt.

Forseti: Hvað það snertir, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* nú sagði, þá lá það ekki í orðum mínum, eins og allir máttu heyra, sem hann hermdi upp á mig; eg talaði alls ekki í þá átt, að embættismenn hèr ætti ekki eða þyrfti ekki að hlýða ráðherranum; en eg sagði, með tilliti til ráðstafana þeirra og skipananna í fjárkláðamálinu, sem út geingu frá dómsmálaráðherranum frá því í öndverðum septbr. 1857 til 27. maí 1859, að það gæti verið spursmál um, að hvað miklu leyti sumir embættismennirnir hèr gæti álitizt eins sekir í löglegri óhlýðni við þær, eins og þeim hefir verið borið á brýn af læknîngamönnunum, og það á prenti, og við þetta stend eg.

Þórður Jónassen: Þegar mál þetta kom fyrst til umræðu hèr á þínginu, og farið var að setja nefnd í það, lèt eg í ljósi, að eg væri hræddur um, að það mundi koma í bága við þá meðferð málsins, sem stjórnin er búin að skipa fyrir, og gjöra erindsrekum hennar jafnframt örðugra fyrir, að gegna verki köllunar sinnar. Þetta ætlar nú, að mèr virðist, að koma fram, og það enda í rýmra skilníngi, en eg gat gjört ráð fyrir, og kalla eg það mikið mein í svo árríðandi máli fyrir allt landið, sem þetta mál er, því í slíku máli ætti allir að leggjast á eitt, til þess að fá því beint í þá stefnu, sem öllum yfir höfuð gæti orðið hagkvæmust. Það liggur nú beint við, í hverju landi sem er, að þegar stjórnin er búin að skipa fyrir um meðferð á einhverju máli, eða þegar hún er búin að gefa einhverjum fullt umboð sitt, til þess að ráða því til lykta, þá ber öllum því að hlýða, hvernig sem menn svo skoða ráðstöfun stjórnarinnar með sjálfum sèr; þetta held eg sè, og hljóti að vera grundvallarregla í allri stjórn, og að menn, með því að raska henni, kyppi fætinum undan allri stjórn og hlýðni við hana. Nú hefir honúngur falið meðferð þessa máls í öllum greinum 2 mönnum; hann hefir gefið þeim fullt umboð sitt, til að gjöra allar þær ráðstafanir í þessu máli, sem þeim þætti hagfelldar og nauðsynlegar, og þannig að þeir gæti ábyrgzt það fyrir hans hátign á eptir; hann hefir skipað embættismönnum þessa lands að láta þessum sínum erindisrekum alla aðstoð og liðsinni í tè, svo erindi þeirra gæti orðið sem bezt framkvæmt, og lagt á ónáð sína, ef á brysti, og þessu konúngsboði eiga allir hèr að hlýða, því fremur, sem öllum hlýtur að vera annt um þetta mál, og allir hljóta að vilja styrkja þá, sem að því vinna; eg segi því fyrir mig sem embættismann og þíngmann, eg álít mig

skyldan til, hverja helzt skoðun sem eg svo hefði á málinu og meðferð þess, að forðast allt, sem komið geti í nokkurn bága við framkvæmdir og ætlunarverk þessara konúngsins erindsreka; þetta sýnist mèr liggja beint við, og eins það, að uppástúngur nefndarinnar ekki geta komizt heim við þessa skoðun, og eins og hèr stendur á, skil eg ekki, hver árángur þar af geti orðið, þegar allt framkvæmdarvaldið er lagt í hendur hinna konúnglegu erindsreka; eg skil ekki, hvernig nefndin eða þíngið hugsar sèr að geta útvegað ályktunum sínum, að því leyti þær taka fram fyrir hendurnar á þeim útsendu erindsrekum, nokkra þýðíngu, því þeir geta sagt: híngað, en ekki leingra, og þá stendur, sem menn svo kalla, hnífurinn í kúnni; þetta atriði var skýrt tekið fram á þínginu 1857, því menn vissu, að stiptamtmaður hafði aðra skoðun á kláðamálinu, en þíngið, og að hann hafði allt framkvæmdarvaldið; hvað gjörði þá þíngið? Það talaði sig saman við hann. Þetta átti einmitt við í þessu máli; menn áttu að koma sèr saman við þá konúnglegu erindsreka, og ekki að fara leingra. Þíngið getur verið sannfært um, að þessir menn hefði tekið og munu taka öllum sanngjörnum uppástúngum um meðferð málsins, því þeim er líka annt um málið; þeim er annt um aðstoð og fylgi allra góðra landsmanna, og það rekur þó að þessu samkomulagi, ef nokkru á að verða ágeingt af því, er þíngið vill hafa fram; öðruvísi fær það það ekki. Þetta held eg nefndin hafi orðið að sjá fram á, og eg get því ekki álitið það, sem hún hèr hefir gjört og stúngið upp á, fyrir annað en það, sem menn kalla *„Demonstration“* á móti stjórninni; þetta er mín skoðun, og þá er öllum þeim umræðum, sem orðnar eru eða verða um þetta mál, hreift til ónýtis.

Eg hefi hèr einúngis haldið mèr við málsins formlegu hlið; um efnið skal eg ekki tala, nè um þær uppástúngur, sem nefndin hefir gjört; eg hefi ekki þá þekkíngu eða þá reynslu í þessu máli, að eg geti haldið, að mitt álit í því hafi nokkuð að þýða hjá þínginu, og eg skal því heldur vara mig á að fara inn í málefnið sjálft, sem hinn heiðraði *forseti* sagði áðan, að stjórnin hefði aðhyllzt þá skoðun á málinu, sem þeir hefði haldið með, sem minnst hefði haft vit á málinu; eg veit líka, að þeir taka til orða í þessu máli, sem hafa vit á því. Eg óska þess einúngis, að hinir heiðruðu þíngmenn vilji allir hjálpast að því, að beina máli þessu í þá stefnu, sem bezt gegnir. Eg skal eingan dóm leggja hvorki á niðurskurð nè lækníngar; hvorutveggi fylgja vissulega sinni sannfæríngu, einúngis skal eg taka það fram, að þetta má með eingu móti koma í bága hvað við annað, óg sízt við framkvæmdir hinna konúnglegu erindsreka.

Arnljótur Ólafsson: Hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður talaði mest um það, hvernig með málið skyldi fara, og skildi eg orð hans svo, sem hann áliti, að þíngið ætti að snúa sèr einúngis til erindsrekanna. Hann byrjaði með því að segja, að allir yrði að hlýða, og að menn ætti að koma sèr saman við erindsrekana. Honum er vorkun, og hverjum embættismanni, þó hann tali þannig, því það er rètt talað af honum sem embættismanni, eður í tilliti til hans sjálfs, en það er ekki rètt talað af honum sem þíngmanni, eður í tilliti til alþíngis og þjóðarinnar, og í þessu máli, sem tekur allan landslýð, eigum vèr sannarlega að gleyma sjálfum oss eða hagsmunum vorum. Hinn háttvirti þíngmaður verður þó að vita, að alþíngi stendur ekki undir hinum konúnglegu erindsrekum, og sendir ekki bænarskrár sínar til þeirra, heldur sendir það þær í gegnum *konúngsfulltrúa* sinn til konúngsins sjálfs. Vèr höfum hèr á þíngi annan konúnglegan erindsreka, en erindsreka kláðamálsins á þínginu, og hann á að bera og mun bera bænir þíngsins fram fyrir konúng vorn; vèr höfum alþíngistilskipunina og hún er með mèr, en móti hinum háttvirta 1. konúngkjörna; eptir henni ætla eg að fara. Hinn háttvirti 1. konúngkjörni talaði svo um stiptamtmann og samband hans við þíngið 1857, eins og þíngið hefði átt að koma sèr saman við hann einan, eins og hann hefði verið einvaldur um, að gjöra frumvarpið að lögum; en þetta er eigi rètt; stiptamtmaðurinn stóð ekki ofar í þessu máli, en hinir amtmennirnir; þeir stóðu allir jafnhliða, með því þeim var öllum jafnt boðið af konúngi vorum, að semja frumvarp það, er *konúngsfulltrúinn* síðan lagði fram á þínginu. Samkomulag það, er *forseti* þíngsins þá á eptir var að reyna að koma á milli þíngsins og stiptamtmanns, er hvergi boðið, og eigi einusinni ráðgjört í ráðherrabrèfinu 30. apríl 1857, og hafa því sáttatilraunir *forseta* þá ekkert við að styðjast, enda bera þær og sinn dóm með sèr. Hinn háttvirti 1. konúngkjörni sagði, að hinir konúnglegu erindsrekar ætti að standa ábyrgð af öllu því, er þeir gjörði fyrir konúnginum; það er satt, og þeir eiga þá líka að standa fyrir honum ábyrgð af öllu því, sem þeir gjöra á móti ráðum hinna beztu manna; hver veit nema sú ábyrgð verði þúng, ef eigi fyrir konúngi, þá fyrir dómsorði ókomins tíma.

Eg ætla að eins að gjöra fáar athugasemdir við hina snjallorðu ræðu hins háttvirta *forseta,* því ræða hans líkaði mèr ágæta vel, eins og hún mun hafa fallið fleirum vel í geð; en þar sem hann talaði um fyrri meðferð málsins, og mótmælti henni, en vildi samt

gánga fram hjá uppástúngu nefndarinnar undir staflið *C*, I, fannst mèr það ei vera sem samkvæmast; því hvers vegna má þjóðin ekki gegnum þíngmenn sína lýsa yfir áliti sínu á meðferð þeirri, sem hinn háttvirti *forseti* hefir sjálfur álitið sèr skylt að mótmæla úr *forseta*-sætinu fyrir þíngsins hönd? Hinn háttvirti *forseti* lýsti yfir ábyrgð stjórnarinnar; það sama gjöri eg og sem *framsögumaður* nefndarinnar og í hennar nafni, og það sama liggur í uppástúngu nefndarinnar. Þar sem hinn háttvirti *forseti* sagði, að kláðinn væri ekki fyrir norðan nè vestan, og sannaði það með vitnisburði erindsrekanna, þá er það öldúngis satt; en eg get eigi eins fallizt á það, að af þeirri orsök sè valdi amtmannanna eigi raskað, og að þess vegna sè eigi þörf á að biðja um, að þeir fái vald sitt aptur; því í erindisbrèfi erindsrekanna stendur: „þannig er það vor vilji og boð, að *allir embættismenn Vorir* og *þjónar* á Íslandi, sem þèr kunnið að snúa yður til, skuli eigi að eins gefa ykkur allar þær skýrslur og láta ykkur í tè alla þá aðstoð, sem þið kunnið að beiðast af þeim, til þess að þið rekið erindi það, sem ykkur er þannig á hendur falið, en einnig, að þeir tregðulaust hlýði þeim tilskipunum, sem þið kunnið að telja nauðsynlegt að setja þeim í því skyni". Orðið embættismenn yfirgrípur einnig þessa menn, er hèr ræðir um, og umboð erindsrekanna nær því einnig yfir þá, og geta þeir því skipað amtmönnunum þar, eins og þeir geta það hèr. Nefndin var nú sannfærð um, að einginn kláði væri í hinum umdæmunum, eins og nú er fullsannað; hún vissi og eigi til þess, að erindsrekarnir hefði gjört þar nokkrar ráðstafanir til lækninga, en hitt var henni eigi með öllu ókunnugt, að þeir hafi þó gjört þar einhverja ráðstöfun, án þess að láta amtmann af vita, og var því nefndin um það hikandi, hvort amtmennirnir hefði fullt vald sitt, og vildi hún því fá vissu um það, því alþíngi verður að vita það, sýslumennirnir verða að vita það, og alþýða verður að vita það, hvort hún á að hlýða skipunum amtmannanna í þessu máli, eður þá annara manna skipunum. Nefndin vildi, að vissa feingist í stað óvissu þeirrar, sem leitt hefir af erindisbrèfinu, og að vissa þessi væri tilkynnt amtmönnunum. Aðrar athugasemdir hefi eg ekki að gjöra að svo komnu.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg óska og vona, að allir í þessum sal sè nú með einum huga, að þíngmenn og þíngheimur (tilheyrendur) sè nú með einum huga, að stefna að einu og sama augnamiði, nefnilega að finna ráð til, að út rýma því óttalega tjóni, sem hèr hefir náð fótfestu í landi voru; þessum óttalega óvin velvegn-

unar og lífsheilla föðurlands vors, nefnilega fjárkláðanum. Eg veit, að allir þingmenn, fulltrúar þjóðarinnar, vilja sem fyrst og fastast stefna að þessu augnamiði; eg veit, að konúngkjörnir menn og yfirvöld landsins vilja það sama; eg veit, að erindsrekar konúngsins, sem hingað eru sendir, vilja það sama, og eg veit, að konúngur sjálfur og stjórn hans vilja líka það sama; það sýna þær höfðínglegu tiltektir, þau nýstárlegu ærlegheit, sem stjórnin og ríkisþíngið hefir nú auðsýnt í máli þessu, með framlagi þeirrar verulegu gjaldsummu 30,000 dala; það sýnir sú forsjálni og alúð, sem stjórnin hefir haft við útvalníngu þessara sendiboða sinna, þar sem hún fèkk og ávann sèr þann vin okkar og landa, sem bæði hafði ótvíluga vitsmuni og velvilja, og vèr mundum og hún mætti trúa til þessara erindagjörða; eg veit líka, að ráðið er til að út rýma fjárkláðanum, og eg veit, að allir í þessum sal, sem eru með skynsemi, sjá ráðið; en hvað kemur til, hvaða töfrar eða hulinshjálmur er yfir þessu máli, að eingínn getur hreinlega eða opinberlega sagt fram ráðið, sem til er, og dugað getur? Eíngir embættismenn landsins og ekki sjálfur *konúngsfulltrúinn* þykist mega eða vilja tala opinberlega út eptir sannfæríngu sinni; það er auðsèð, að eitthvað er óhreint í málinu, eða eitthvað í því sprottið af einhverri illgresisrót, eða það hvíla yfir því stök óhöpp. Þegar eg fyrst heyrði þessar höfðínglegu tiltektir Dana, þá fagnaði eg innilega, og þóktist sjá ráðið, og nú væri björninn unninn, með að út rýma fjárkláðanum, og að bæta úr tjóni þessara Sunnlendínga; hèr sýndist nú hægt við að gjöra, eptir því sem ástandið var nú orðið; kláðafèð var nú orðið svo sárfátt, eptir blaðaskýrslunum hèr um bil 15,000. Sjállsagt var nú ráðið, sem allir vita, að gjöreyða þessu fè, og kláðanum með, og hafa hann þannig burt úr landi voru; nú stóð vel á, að þar fèð var orðið svo fátt, svo mögulegt sýndist, að geyma það í sumar og verja það samgaungum við það heilbrigða, og farga því svo á þeirri hentugustu tíð í haust, og þannig ná upp úr því hinu fyllsta verði, þar skurðarfè verður nú vegna eklunnar geisi-dýrt; brúka síðan verð þess, og leggja þar við þá 30,000 rd., sem stjórnin veitti, til að kaupa fyrir heilbrigt fè, sem enn er fáanlegt; þannig gátu suðuramtsbúar fyrir forsjáleg ráð, og höfðínglega hjálp Dana, eignazt fleira fè og það allt heilbrigt, heldur enn þeir nú áttu undir *sjúkt;* augnamiðinu varð náð, og kláðinn rekinn úr landi.

En stefna sú, sem ráðstafanir þessa máls hafa tekið nú, sýnast vera allt öðruvísi, sýnast vera hryggilegar; það er hörmulegt, ef

þessi höfðingshjálp Dana, þessi stóra summa 30,000 rd., skuli nú verða brúkuð til þess, að halda við kláðanum, og gjöra hann innlendan, til þess að afla eptirkomendum okkar þessa arfs eptir okkur, að hafa um allar ókomnar aldir þessa fordjörfun og eyðileggíngu lífsbjargar og velmegunar þjóðarinnar innan múranna, innan landsins takmarka; það er umhugsunarvert, þegar svona verða beztu hlutir að hinum vestu; en það hefir hver hlutur sína orsök, af hverju hann er kominn. Í fyrstunni vildi til það stærsta slys, og sú mesta yfirsjón, sem landinu hefir á síðari tímum viljað til; menn vita það, að háyfirvöld og embættismenn landsins, *þessir menn,* sem landið fæðir og elur sómasamlega önn fyrir, *þeir eiga,* þeir eru *skyldugir,* að vaka yfir velferð landsins; þeir eru að lögum skyldugir að aðgæta hvert skip, sem leitar til hafnar, hvort heilbrigðisástand manna sè þar óyggjandi og hafa strax varúðarreglur, ef nokkuð er uggvænt; en því skyldi þá ekki vera allt eins með heilbrigði skepna þeirra, er híngað flytjast, þar skepnurnar eru lífsbjargarmeðal mannanna? Menn vita líka, að þessi ensku lömb komu híngað, og voru geymd hèrna á stiptamtmannsgarðinum, og hèrna voru háyfirvöld landsins, hèrna var landlæknirinn, hèrna var dýralæknir, og þessir menn lètu lömb þessi, sem þoldu ekki við fyrir kláða og nögguðu sig við stokka og steina, og skyldu eptir af sèr ullina í flekkjum um túnin, lètu þau gánga aðgæzlulaust í gegnum greipar sínar, upp í fè landsmanna, til að breiða þar út fordjörfun eg eyðileggíngu, sem landið bíður aldrei bætur á; og hvað gjöra þeir síðan? Þeir forsvara þessa yfirsjón sína með því, að þræta fyrir þetta, jafnvel móti eiðsvörnum vitnum, og koma upp með, og vaða fram með þá kenníngu, að kláðinn sè innlendur og kominn upp af trassadómi bænda, og það sè hægt að lækna hann, og koma landinu í þann háska, og málinu í þá spennu, sem einginn sèr fram úr. Menn vita, að þessi yfirsjón hefir þeim orðið óviljandi, af hirðuleysisgáleysi, og hefði þeir nú á eptir viljað leggjast á eitt með þjóðviljanum, og taka það ráðið, sem dugar, til að út rýma úr landinu sem fljótast þessu tjóni, þá hefði menn í hjarta sínu stigið yfir allt þetta; því ekki hefir það af illvilja sprottið, og hefði nú erindsrekar konúngs viljað styðjast við ráð alþíngis, og skynsömustu og reyndustu manna landsins, og skera burt kláðann, þá hefði nú enn mátt lagast; þetta máttu þeir, til þessa höfðu þeir fullt vald, eptir því, sem eg hefi lesið erindisbrèf þeirra; þeir máttu út rýma kláðanum með hverjum þeim ráðum, sem þeir sáu forsjálegust. Þegar eg studdi að því, að mál þetta

kæmist inn í þíngið, og þjóðin feingi að neita málfrelsis síns í gegnum þíngið við stjórnendurna um þetta, þá hugsaði eg, að það mundi geta orðið til þess, að koma meiníngum manna saman, og sannfæra þá, sem mælti á móti reynslunni og sannleikanum, altènd að hvor mundi þá sveigja til við annan, þeir eð væri á gagnstæðri skoðun; eg sè nú líka, að nefndin hefir gjört það; hún hefir sveigt mikið frá skoðun sinni, til að laga sig eptir vilja og stefnu þessara konúngsmanna, sem hèr eru á ferðinni; en eg vona þá, eg skal vona, að þeir sveigi til við þíngið og þjóðina, og verði nú við bænum og tillögum alþíngis; því eg veit, að þeir vilja það bezta, og við vitum allir, að þessi erindsreki, þessi landi okkar, sem hèr situr, hefir ætíð viljað og vill enn gjöra allt til heilla og hagsmuna landsins, og innbúa þess. Atkvæðið, sem fyrst stendur á atkvæðaskránni, tek eg ekki; það miðar til að halda við kláðanum, og taka fram fyrir hendurnar á konúngsins erindsrekum.

Konúngsfulltrúi: Í tilliti til þess, er hinn 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, skal eg geta þess, að eg verð að vera *framsögumanni* samdóma í því, að þíngið hafi rètt til, að senda konúngi bænarskrá í þessu máli, og það þó hin einstöku atriði hennar má ske ekki sè svo á sig komin, að stjórnin geti veitt þeim áheyrslu. Þíngmaður Mýramanna gat þess, að nokkurs konar hulda væri yfir embættismönnunum í þessu máli. Eg fyrir mitt leyti hefi talið þá sèrstaklegu ástæðu til þess, að eg tala svo fátt í þessu máli; en þessi ástæða hindrar mig ekki, og mun ekki hindra frá, að skrifa stjórninni mína fullu sannfæríngu í þessari sök *(Arnljótur Ólafsson: bravo! bravo!)*.

Brynjólfur Jónsson: Eg vil leyfa mèr að spyrja þíngmenn að því, hvort ekki ætti bezt við, að þegar stafliðurinn *A* kæmi til atkvæða, hvort sem hann verður samþykktur eða ekki, að hann þá væri borinn upp, að úr felldum orðunum *„með lækníngum“*, því í erindisbrèfinu er það ekki til tekið, heldur óákveðið, hvernig út rýma skuli kláðanum, hvort heldur með lækníngum eða niðurskurði, og vil eg því, að þessum orðum sè sleppt úr. Um hina stafliðina hefi eg lítið að segja; einúngis vil eg geta þess, að mèr virðist stafliðurinn *D* fara í sömu stefnu og uppástúnga nefndarinnar undir *C*, II, 3. og get eg ekki annað, en álitið það nauðsynlegt, að svið sýkinnar sè þreingt sem mest má verða, ef nokkru á að verða framgeingt með lækníngar; því eins og hægra er fyrir lækni að lækna marga sjúklínga, sem eru saman á einum spítala, heldur en þegar þeir eru híngað og þáng-

að, út um allt læknisdæmið, þá mun og vera hægra, að lækna fénað, þegar hann er á minna sviði, heldur en þegar hann er tvístraður hingað og þangað; að öðru leyti er eg samþykkur breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Snæfellsnessýslu, tölulið 3.

H. Kr. Friðriksson: Allir segja það, og það mun víst eínginn efi vera á því, að allir vilji beina máli þessu í hina beztu stefnu, og stuðla að því, að fjársýkinni verði út rutt sem fljótast og bezt. Eg kom fram með uppástúngur, sem miðuðu til hins sama, að því, sem eg hèlt, en þeim hefir þíngið hafnað, og ætla eg því ekki að tala um þær; en eg ætla að tala um uppástúngur nefndarinnar, sem þíngið ekki hefir hrundið frá atkvæðum. Eg get ekki sèð, að breytíngaratkvæði mitt undir staflið *A* sè takmörkun á valdi erindsrekrekanna, en samt ef menn skyldi vilja fallast á uppástúnguna að öðru leyti, er eg fús á, að taka úr orðin: *„með lækníngum“*. Eg hefi ætíð skilið erindisbrèfið svo, sem einkum ætti að hafa við lækníngar, og eg hèlt líka, að erindsrekarnir mundi ekki taka önnur ráð, en lækníngarnar, til að út rýma sýkinni, og svo veit eg ekki, hvort þeir hafa vald til þess, að bjóða niðurskurð hjá nokkrum manni; en ef þessi orð valda nokkrum misskilníngi, og menn halda, að þau geti skilizt svo, að þau takmarki erindsrekana í aðgjörðum þeirra, þá skal eg taka úr þessi orð; eg er sannfærður um, að erindsrekarnir vilja báðir, að mál þetta fái hinn bezta enda, og vil eg því ekki takmarka aðgjörðir þeirra í neinu. Það er eitt aðalatriði í þessu máli, sem eg vil biðja þíngmenn vel að athuga, hvort það sè rètt, að berja þá stefnu blákalt fram, sem ekkert annað verður á unnið með, en að spilla fyrir verki og framkvæmdum erindsrekanna; þá stefnu, sem deyfir þá, sem nú eru ötulir, og gjörir þá daufu enn þá daufari, svo að þeir leggja, ef til vill, árar í bát, og gjöra ekki neitt, þar sem þó niðurskurður aldrei verður fram hafður; þetta finnst mèr vera mikill ábyrgðarhluti fyrir þíngið, því stefna þess getur eigi leitt til annars, en úlfúðar og stífni milli manna; það stælir reyndar upp niðurskurðarmennina, og niðurskurðarákafinn getur aptur gjört menn að afbrotamönnum, eins og þegar er orðið, þar sem í vetur í Landeyjunum 2 menn gjörðust glæpamenn sökum þessa niðurskurðaræðis, er þeir fóru inn í fjárhús nábúa síns um nótt, og kyrktu allt fè hans, og þetta getur enn þá leitt af niðurskurðarstefnunni, og því vil eg biðja þíngmenn að athuga þetta vel, þegar þeir halda fram uppástúngum nefndarinnar. Þó eg væri niðurskurðarmaður, sem eg alls ekki er, og vonast aldrei að verða, þá

legði eg ekki til, að halda niðurskurðinum fram, þegar eg sæi, að ekkert gott gæti áunnizt með honum. Ef þingmenn aptur á móti sjá þetta, og vilja leggjast á eitt með erindsrekunum, og stuðla að því, að lækníngarnar takist sem bezt og greiðast, þá gæti þeir mikið aðgjört, til þess að út rýma kláðanum sem fyrst; en hin stefnan getur ekki annað, en spillt fyrir málinu og dregið árángur þess. Þingmaðurinn frá Austur-Skaptafellssýslu tók það fram, að menn kynni ekki að blanda lyfin; en ef alþýða vill fara að ráðum dýralæknanna, þá er það ekkert vandaverk, og þar að auki fá menn lyfin blönduð úr lyfjabúðinni, og þá þarf ekki annað, en að blanda vatni saman við þau. Hann talaði líka um mismuninn á reikníng mínum og þingmannsins frá Gullbríngusýslu, en eg ætla nú ekki að halda því til kapps eða þræta leingi um það; en hitt veit eg vel, og það þurfti þingmaðurinn úr Gullbríngusýslu ekki að segja mèr, að það er hægra fyrir 6 menn, að fást við að baða fèð, en fyrir 2, en það er spurníngin um, hvort fleiri en 2 menn þurfi við hverja kind; tveir menn geta baðað, og eg er sannfærður um, að lækníngarnar þurfa ekki að vera og eru ekki dýrari, en eg hefi talið. Eg veit og, að þingmaðurinn frá Gullbríngusýslu verður að viðurkenna, að hið læknaða fè sè bæði faungulegra, þriflegra og betra en hitt, svo það hlýtur að geta svarað kostnaði, að baða það. En mèr virðist sem sumir þingmenn ekki leggi þá alúð, sem óskandi væri á að sannfærast um, hvort auðið sè, að við hafa lækníngar, hvað þær kosti, og hver árángur þeirra sè; því ef þeir hefði látið sèr annt um það, þá hefði þeir átt að gjöra sèr allt ómak fyrir, að skoða læknað fè, hvernig það líti út, en hverjum þeirra hefir orðið að vegi, að fara svo mikið sem á næstu bæina hèrna við, til að skoða það? En það er heldur ekki von, að þeir menn, sem ekki hafa sèð kláðafè læknað, hafi svo nákvæma þekkíngu um það, að þeir geti um dæmt. Þingmaðurinn frá Mýrasýslu sagði, að þíngið ætti að koma sèr saman við erindsreka konúngs, og það er alveg satt, og ef þingmenn sjá, að þeir eigi geta komið því fram, sem þeim sýnist hentast, þá eiga þeir að styrkja erindsrekana af öllum mætti í þá stefnu, sem þeir hafa, en ekki að spilla fyrir þeim. En þar sem nefndin vill lýsa því yfir, að stjórnin hafi ábyrgðina, þá get eg ekki sèð, hvaða þýðíngu það getur haft; því ef það er að eins siðferðisleg ábyrgð, þá þarf ekki að minna stjórnina á það; en ef það er rèttarábyrgð, þá sjá allir, hvað hún er þýðíngarlaus; og mèr þætti sannarlega gaman að vita, hvort hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* getur mælt með

slíkri uppastúngu. Þar sem nefndin stíngur upp á, að hafa verði, þá er það hið sama, sem að biðja stjórnina um, að ónýta erindisbrèf erindsrekanna, því nú hafa þeir vald til, að gjöra það, er þeim þykir þurfa í þessu máli, og stjórnin getur þó ekki ónýtt vald þeirra, fyr en hún hefir feingið skýrslu um, hverju þeir hafa komið til leiðar; svo mèr sýnist þessi uppástúnga, um að fyrir skipa verði, vera öldúngis óþörf. Um II. 2 fannst mèr hinn háttvirti *forseti* taka ljóslega fram, að amtmennirnir hefði fullt embættisvald sitt, meðan kláðinn er þar ekki, svo það er óþarfi, að biðja um það sem er, en það kemur þá fyrst til, þegar kláðinn kemur, og það er auðvitað, að stjórnin fer ekki að skerða það vald, sem konúngurinn hefir gefið erindsrekum sínum, meðan þeir ekki hafa gjört glögga grein fyrir árángrinum af ferð sinni, en það geta þeir með eingu móti enn, þar sem þeir ekki hafa verið hèr leingur en rúman mánuð. Menn geta þó ekki ætlazt til, að sjá árángurinn undir eins af læknúngunum og aðgjörðum þessara manna; það verður þó að vera dálítill tími til reynslu. Eg get heldur ekki sèð til neins, að biðja um, að lagafrumvarp verði lagt fyrir alþíngi 1861, því að þá verða menn búnir að sjá, hvort kláðanum verður ekki út rýmt. Það er nógur tími til, að fara því á flot, þegar það sèst, að kláðanum eigi verður út rýmt innan þess tíma. Þriðja atriðið finnst mèr vera beinlínis ofan í hið fyrsta, því að mèr finnst ekki eiga við, að tala um, að þreingja svið sýkinnar undir eins og talað er um, að setja fulltrygga verði; en svo koma nú breytíngaratkvæði hins háttvirta þíngmanns Snæfellínga; það á víst að vera einhver endurbót á nefndarálitinu; hann kvaðst reyndar vera í vanda staddur, þar sem hann væri þíngmaður Snæfellínga og sýslumaður í Gullbríngusýslu, og það er líka auðsèð á breytíngaratkvæðinu, að hann hefir verið í eigi alllitlum vanda, þar sem hann vill vera báðum til geðs; eg efast reyndar um, að honum hafi tekizt það, og er miklu hræddari um, að breytíngaratkvæði hans verði eingum til geðs. Það, sem þau fara fram á, er, að biðja erindsrekana um það, sem þeir ekki hafa vald til; því eg sè ekki, að þeir geti neytt menn til þess, að selja eða skera niður heilbrigðan fènað, og konúngur sjálfur hefir ekki vald til þess, að heimta fèð úr höndum eigandanna drepið eða selt, nema það sè í almennings þarfir, og það móti fullu endurgjaldi; en þegar eign fjárins eingan skaða gjörir, heldur miklu fremur er til gagns, sè eg ekki, að nokkur megi heimta, að það sè eyðilegt á nokkurn hátt eingum til gagns. Enda er eg sannfærður um, að margir Borgfirðíngar vilja

ekki farga fè sínu. Eptir áliti nefndarinnar á að farga öllu því fè, sem einhvern tíma hefir haft kláðann, þótt nú sè heilbrigt, en ekki því, sem keypt hefir verið; en eg held þá, að það sè bágt að sanna það, að hið keypta fè hafi ekki komið saman við hitt, og til hvers er þá að farga heldur hinu. Nú eru hèr um bil 7 – 8 þúsund fjár í Borgarfjarðarsýslu, og eg vil spyrja þingmann Snæfellinga að því, hvort hann geti ábyrgzt Borgfirðingum og erindsrekum konúngsins, að þeir geti feingið jafnmargt aptur nú þegar úr Snæfellsnessýslu. Ef hann getur það, þá getur hann fyrst talað um, að farga fènu, en fyrri ekki. Það var farið fram á líkt 1857, og kom þá lítið út af því, og það er víst öllum ljóst, að menn geta ekki skyldað neinn til slíks, og þingmenn ætti að vita það, að þetta er ekki almennur þjóðvilji, að Borgfirðingar lógi fè sínu, þegar sjálfir Borgfirðingar ekki vilja farga því; þeir einir vilja það, sem standa fyrir utan málið, og það má skilja það, að þeir eigi hirða um, að halda lífinu í fènu, þótt það sè næsta óeðlilegt og heimskulegt. Borgfirðingar mega gjöra sjálfir við fè sitt, það sem þeir vilja; þeir mega skera það eða selja það eða lækna það, en þeim verður hvorki skipað nè bannað að skera það. Það er reyndar nokkuð fyrir utan atriðin hèr, sem *forseti* sagði, að uppástúngur alþingis 1857 hefði ei náð löglegu ósamþykki konúngs, en þó segir konúngur í auglýsingu sinni til þingsins núna, að „uppástúngurnar sè eigi svo, að þær verði teknar til greina“; með þessu hefir konúngur lýst því yfir, að hann hafi verið ósamþykkur uppástúngunum, og þá verður hann að hafa sèð þær, og þarf ekki að reingja auglýsingu hans um hans eigin skoðun á málinu. Þingmaður Árnesinga fer leingra, en nefndin, og jafnvel leingra, en þingmaður Snæfellinga, þar sem hann fer fram á, að lógað sè öllu fè í Flóanum; eg veit ekki, hvort hann meinar, að lóga skuli hinu sjúka eða hinu heilbrigða, og eg veit ei heldur, hvort hann treystist til, að telja Flóamenn á það, og svo hitt, að útvega þeim fè aptur í skarðið, því eg er hræddur um, að það, ef til vill, verði örðugra, að útvega það, þegar til kemur, en að tala um að útvega það. Á síðasta vetri og vori dó mörg kindin, svo bændur eru nú ekki eins aflögufærir, og þeir voru í fyrra haust, og þó að svo margt fè kunni að vera í hans sveit, að þeir hafi nú góðan stofn, sem skáru 1857, munu þeir samt ekki hafa svo mikið, að þeir geti miðlað öðrum, svo að það verði að liði eða nokkrum mun; svo er eg ekki heldur sannfærður um, að þetta aðkeypta fè sè eins heilbrigt, og sagt er; því þótt það sè, ef til vill, nú kláðalaust, þá

er ekki víst, nema það hafi einhver önnur óþrif, sem hinar læknuðu kláðakindur eru lausar við. Því öllum er kunnugt, að hið læknaða fé hefir síðar drepizt úr bráðapestinni en hitt, og að skepnuhöld hafa í vor verið góð í hinum kláðasjúku sýslum, þar sem þau annars hafa verið slæm. Í gær var mèr sagt, að hið keypta fé í Flóanum, í Hrúnamannahrepp og á Skeiðunum hefði reyndar ekki kláða, en að það hefði verið nakið og bert af óþrifum, ullin dottið af, svo að kroppurinn hefði verið ber eptir, og lýsir það ekki miklum þrifum eða heilbrigði, og ef svo er, þá er það eigi svo hættulegt, þótt þetta fé eyddist, og svo vil eg spyrja þingmann Árnesínga að því, hvort hann sè viss um, að þetta fé muni ekki hafa haft samgaungur við fèð í Flóanum, eða hvort ekki muni geta verið, að kindur hafi komizt þaðan upp í Hreppana; hann veit líklega eitthvað til þess, ef það skyldi hafa verið, en eg ætla ekki að segja meira um það. Eg ætla ekki að reyna, að telja þingmönnum hughvarf, því að það mun ekki vera til mikils; þingmenn ráða sínum gjörðum, og eg ræð mínum hugsunum, en hvað þeir gjöra við uppástúngu mína, læt eg mèr liggja í lèttu rúmi.

Jón Hjaltalín: Þegar eg nú á þessum stað stend upp, til að tala í þessu máli, þá finn eg til hins sama örðugleika, sem fleiri hafa fundið á undan mèr, sem voru meiri mælskumenn, vitrari og framsýnni, en eg er, þess örðugleika, að sannfæra menn um það, sem þeir ekki vilja sannfærast um af skynsömum og skynseminnar ástæðum, en einúngis vilja trúa. Á þessu hafa margir mælskumenn strandað; mannkynssagan sýnir það, að þjóðirnar hafa opt komið með meiníngar, sem þær segja, að sè sín trú og sín sannfæríng, og við þær hafa þær haldið, þrátt ofan í reynslu og vísindi. Veraldarsagan er full af þessu, og saga lands vors sýnir þetta nú ljóslega. Vèr höfum nú feingið fjárkláða í landið, og það er sagt, að hann hafi komið með enskum lömbum, sem komu hèr 1855. Þetta er almenn trú; á þessu byggja menn skoðanir sínar, og á þessari trú vilja menn byggja heill lands og lýða. Eru þá nokkrar sannanir fyrir þessari trú? og hafa menn ástæður fyrir henni? Er hún byggð á vísindum og reynslu? Nei! Það er ekki byggt á því; þessi trú sjálf er byggð á trú, og þessi trú er máttarstólpi gjörða og hugsana manna hèr nú í 3 ár. Það er þessi trú, sem nú í 3 ár hefir mótstaðið þeirri reglu, sem nú er fylgt um allan heiminn, og sem hefir verið fylgt frá hinum elztu tímum, er vèr höfum frásögur um. Allt frá dögum Rómverjanna, og þángað til nú, hefir fjárkláði ekki verið álitinn nein drepsótt í öðrum löndum; Íslendíngar hafa gjört þessa

nýju uppgötvun; en sú uppgötvun varð dýrkeypt á fyrri öld, því hún kostaði Ísland fjórða hvert manns líf á öldinni, sem leið (nei! nei!). Jú! sagan segir það, og þeir, sem ekki skilja söguna svona, þeir kunna ekki að lesa hana. Nú kemur hin sama, trú og það í enn verra hami en fyr, og setur sig aptur upp á móti nýrri tíma reynslu; það geingur nú svo ítarlega, að menn þræta þvert ofan í hið æðsta læknaráð í Danmörku, og hafa meiníngu þess á málinu að minna en eingu. En er þetta nú ekki það sama sem að vèr Íslendíngar segðum: „Vèr einir höfum vit á slíku máli. Vèr einir þekkjum kláða; vèr þekkjum hann einir til hlítar"? Reynsla tímans gabbar oss og hlær að oss! En gjörum vèr oss Íslendíngar eigi að spotti með þessu meðal þjóðanna? Vèr segjum: Evrópa er öllsaman full af kláða, en við erum fríir við kláða. Þèr hinir èruð narrar og heimskíngjar! Þèr kunnið ekki að meðhöndla þessa pest; þèr kunnið ekki að fara með fè, og þetta segir þjóð með litlu fjármagni, og með slíkri slóðaskaps-fjárhirðíngu, að erlendir fjármenn, sem sæi fè okkar, mundi segja: það eru allt saman kláðarollur fèð ykkar, piltar góðir. Þið þekkið enn þá varla, hvað fjárhirðíng er. Ykkur þykir þetta má ske vera hörð kenníng, en hvar sem farið er um Evrópu, sèr maður ekki þau óþrif, þessa skel og þetta hárlos, sem hèr er, því þar er *fjárrækt,* en hèr er enn þá í rauninni eingin fjárrækt; þegar vèr höfum komið með 6—8 pnd. af ull og 6—8 fjórðúnga af kjöti af hverri fullorðinni kind, þá getum vèr talað um fjárrækt, en fyr ekki. Af því vèr ekki þekkjum annað betra, getum vèr ímyndað oss, að það sè fagurt og gott, er vèr nú höfum, og einkis sè ábótavant, þó fè vort velli í kláða og óþrifum. Ef það heyrðist í öðrum löndum, hvað vèr segjum hèr, þá værum vèr álitnir vesalíngs-aumíngjar, sem ekki þekktum fjárhirðíng eða fjárrækt; en vèr þykjumst hafa hana svo góða, að hún sè óbetalanleg. Menn hugsa allt af hèr á þá leið, að þó megnustu óþrif sè í fènu, þá gjörir það ekkert, þó vèr fáum ekki nema $^1/_3$ af ull og kjöti af okkar fè í samanburði við það, sem aðrir fá af fè sínu. Þrátt fyrir þetta segjum vèr samt: „Við erum munstur fyrir ykkur, komið og lærið af okkur". Hvað ætli Evrópuþjóðir mundi segja við þessu? Eg veit, að þið munuð nú segja: „Hvað segir þú á móti okkur? Hvað ertu að koma með kenníngar utan úr heimi? Við þekkjum þetta betur, þú hefir ekki gjört annað, en íllt eitt, það væri mátulegt við dræpum þig. Svona er talað í sveitum, og svona er mönnum leyft að tala. Mundi slíkt vera leyft í öðrum löndum?

(*Forseti* hríngir: Eg ætla að biðja þingmenn, að draga ekki yfirvöldin til ansvars í ræðum sínum). Forseti má hríngja, ef honum svo þóknast; eg verð að halda á fram ræðu minni, og mèr finnst ekkert íllt, þó slíkt heyrist í salnum, því eg þykist vita, að það, sem hèr er gjört, kemur út annarstaðar, og fyrir annara manna dóm, þeirra manna, sem eru eins rèttvísir og hèr, og eins skynsamir og rèttlátir í dómum sínum, eins og menn eru hèr á þessu þíngi; þetta mál hefir nú tvisvar sinnum verið borið upp á alþíngi, og hvað hefir alþíngi gjört við það? Það hefir sett sig í dómarasætið og sagt: „Við hèrna viljum eingar lækníngar hafa, heldur niðurskurð"; þetta er meiníngin af því, er á tveim þíngum nú hefir gjörzt hèr í salnum. Á öllu, sem hèr er gjört, skal hvergi sjást farið fram á annað, en beinlínis niðurskurð, og þetta liggur nú jafnvel eptir þann mann, sem eg hefi jafnan álitið að vera góðan dreing. Eg er og viss um, að hann hefir meint það vel, en hann sèr ekki afleiðíngarnar af, að svipta tvær sýslur allri læknahjálp; er það, að stuðla að lækníngunum, að neyða 2 sýslur til, að eyða öllu því fè, sem þar er? Er þetta gjört eptir fyrirlagi ráðherrans, þar sem hann sagði á þíngi Dana, að hann ætlaði að fylgja fram lækníngum með krapti; en nú vill þíngið svipta menn þeim kindum, sem að nú eru eptir í heilum tveimur sýslum. Eg held, að eg eigi þó nokkurn part í lífi þeirra 40.000 kinda, sem nú eru í þessum sýslum, jafnvel þó sumir segji við mig: „Hafðu skömm fyrir; þær eru kláðugar"; því að almenníngur er gjörður svo, að hann heldur, að hver gómstór blettur af skel eða hrúðri, sem finnast kunna á fènu í Gullbríngusýslu, sè pestnæmur, en hver lóastór blettur í norðurumtinu af hinum sama sjúkdómi er saklaus. Þegar hafís, illviðri og óþurkar vílja eyðileggja landið, þá eru menn enn svo blindaðir, að bjóða sèr samt þetta. En viti menn það, að þó þíngmenn með forakti kasti frá sèr reynslu allra síðaðra þjóða, þá standa þeir samt undir dómara, og þessi dómari er saga landsins. Eg hefi lært mikið af 3 ára reynslu, og er nú orðinn þreyttur, já, þreyttur á að fylgja fram sannleikanum, er allmargir vísvitandi skella við skolleyrunum. Eg hefi stuðlað að því, að halda lífinu í 40,000 fjár; en eg ætla nú ekki að skipta mèr af kláðanum framar, eg ætla að gjöra nokkuð annað; eg ætla þegar mèr þykir tími til kominn, að setjast niður, og skrifa kláðasöguna, og hún skal koma fyrir dóm, þegar húngursneyðin og afleiðíngar fjárdrápsins dynja yfir, eða þá seinna ef mèr lízt svo. Það er mikið gjört úr því, að vèr getum feingið fè úr austri og

vestri, og það fè á sjálfsagt að vera kláðalaust, en Norðlendíngar sögðu líka fyrir 2 árum, að fèð sitt væri kláðalaust; en 6 mánuðir liðu, og kláðinn var þar; allur fjárskurðurinn átti að vera um garð geinginn hèr á Suðurlandi, áður en kláðinn kom þar upp, og þetta hefði staðizt á endum, hefði honum hèr orðið framgeingt. Svona fór það 1857, og ætli það fari ekki svona 1859? Menn vilja nú hèr gjöra stjórnina ansvarlega fyrir afleiðíngum fjárklâðans; en halda þeir þá ekki, að alþýða hafi neina ábyrgð af því, að skera niður fèð, þegar hver kind er gullvæg, eða er það eigi ábyrgðarhluti fyrir þjóðina, að strádrepa heilbrigð kúgildi hins opinbera, eins og gjört hefir verið? *Forsèti* sagðist sannfærður um, að kláðalaust sè fyrir norðan og vestan; verði honum gott af og öðrum, er hafa líka trú; en eg er tortrygginn, því eg hefi heyrt, að *prófessor Tchernìng* hafi fundið kláðamaur fyrir norðan, sem í mörg ár hefir drepið margt fè á ári, og að vestan komu kindur að Þíngvöllum, sem ekki höfðu haft samgaungur við kláðafèð sunnlenzka, og þær voru að sögn með allmiklum kláða. Eg hefi verið of tortryggður, til þess að eg trúi því, sem niðurskurðarmennirnir segja mèr, þeir eru hlutdrægir og kappsamir, og hafa kapp þar, sem kapp ekki á að eiga sèr stað. Eg veit það af reynslunni, að það gagnar lítið, þó eg vilji fræða menn um kláðann, og segja þeim það, sem sannast og rèttast er; en sjái þeir fyrir því, hvernig fer; þeirra er ábyrgðin; þeir hafa nú í 3 ár kastað frá sèr reynslu allra Evrópuþjóða, og við vitum ekki, hvað fyrir liggur; en það segi eg, að betri er 1 fugl í tösku, en 10 í lopti. Þeir segja enn fremur: við söknum ekki kláðarollanna ykkar; en það munu þó vera menn í kjördæmi þíngmanns Borgfirðínga, sem ekki vilja missa sitt læknaða fè, og sem hafa tekið eptir því, að það er skeð umbreytíng við það; þeir sem þessu játa, eru óvilhallir dómendur; en þíngmenn segja; „Það er ekki vor reynsla“. En hafa þeir þá hlýtt á reynsluna? Þeir hafa hlustað á sögur í „Þjóðólfi“ og „Norðra“, en sjálfir hafa þeir ekki skoðað fèð, sjálfir hafa þeir ekki læknað fèð; en er það nú rètt, að kalla þetta reynslu? Er það rètt, að kalla það reynslu, sem menn trúa, af því menn að eins heyra aðra segja það? Er það rètt, að taka Jón Eiríksson og Magnús Ketilsson til vitnis, og segja, að það sè allt rètt og satt, sem þeir segja? En eru nú ekki teikn tímanna svo alvarleg, að við ættum lángtum fremur að segja: Það er rèttast, að við hlýðum ráðum þeirra, sem vit hafa á málinu? Menn þykjast hafa vit á því, en hafa þó ekki skynbragð á því; þeir

þykjast fara eptir reynslunni, en þeir fara eptir trú, og það einmitt eptir þessari óhappalegu trú, sem kviknaði hèr á fyrri öld, og sem nú í annað sinn ætlar að verða landi þessu til óláns og óhamingju. Eg hefi að vísu lært að þekkja marga af þessum mönnum, er svona hugsa, sem heiðarlega menn, og þeirra trú er föst; það er reynslan búin að sýna; en það er munur á því, að trúa og vita. Fólk hefir opt trúað því, sem síðan hefir reynzt að vera öðruvísi, og sem hefir orðið því til hinnar mestu ógæfu; en það sem vísindin segja, það er hinn bezti grundvallarstólpi þess, er menn vita, og eiga að rèttu lagi að fallast á, og það er mjög hættulegt, að setja trúna yfir þekkínguna. Eg hefi raunar einga von um, að geta snúið hugum manna í þessu máli; eg hefi einga von um, að geta komið þeim á rètta stefnu; þó eg sè sannfærður um, að það, sem eg segi, muni eigi hafa framgáng, þá verð eg samt að láta það í ljósi; en eg segi þá líka: „þeirra er ábyrgðin, er kasta sannleikanum, og í sögu landsins mun sú ábyrgð verða þeim fullþúng“. Menn vilja gjöra danska ráðgjafann ansvarlegan fyrir það, sem hann hefir gjört; en hann getur eins vel gjört landsmenn ansvarlega fyrir það, sem þeir hafa gjört. Hann gæti sagt: „Eg hefi sagt, hvað eg vil, að þið skuluð gjöra, en þið hafið ekki hlýtt; sjáið þið nú fyrir“. Það er undarlegt, að fara fram á þetta við ráðgjafann undir eins og menn biðja stjórnina um, að reisa upp aptur hin föllnu kúgildi. Eg játa það, að stjórnin tók of seint í taumana; hún lèt stjórnleysi lausan tauminn, en nú hefir hún tekið í hann, og þingmenn geta verið vissir um það, að ráðgjafinn og erindsrekar konúngsins munu naumast verða krafðir til ansvars. Ef eg væri nú erindsreki konúngs, þá þættist eg sannarlega vera illa staddur, og eg mundi finna mig knúðan til, að gjöra allt, hvað eg gæti, máli þessu til viðreisnar. Eg veit ekki, hver úrslit máls þessa eiga að verða; en skilji þeir við hálfsoðinn grautinn, þá mundi eg, ef eg væri í þeirra stað, segja um sjálfan mig, það sem hershöfðínginn *Wrangel* sagði um sjálfan sig, þegar hann varð að fara burt af Jótlandi, sem hann var kominn inn í: *Wir sind als Narren hier gekommen, und gehen als Narren wieder davon*“. En eg er viss um, að þessi orð rætast ekki á hinum konúnglegu erindsrekum, fyrir því er mèr föðurlandsást annars, og þekkíng hins fullkomin borgun; eg er því rólegur, hvað sem alþíngi gjörir; en það gefur mèr litla trú til alþíngis, að það hefir tekið svona í þetta mál, og mun það seinna verða því fullþúngur steinn. Af þeim uppástúngum, sem eru hèr á atkvæðaskránni stendur mèr

á sama, hver er, þegar eg undan tek hina 1. uppástúngu, sem þíngmaður Reykvíkínga hefir gjört, því allar hinar miða til þess, að ónýta lækníngarnar, takmarka svið þeirra, og gjöra þær sem árángursminnstar eða jafnvel ónýtar. Eg ber virðíngu fyrir þíngmanni Snæfellínga, eins og eg áður hefi sagt, og eg veit, að uppástúngur hans eru gjörðar í hinni beztu meiníngu, en eptir þeim ætti að fá lækníngarnar á sem minnst svið, en það er raunar hið sama sem að ónýta þær, og eg vil spyrja hann, hvort hann vilji standa inni fyrir því, hvort hann vilji ábyrgjast það, að kláði sè ekki í vesturamtinu, og að kláðinn geti ekki komið í Borgarfjörð, nema hann komi að sunnan. Þetta er ekki gott að ábyrgjast; en eg ætla ekki að þreyta *forseta* leingur, því hann mun verða fullþreyttur um það þessum ræðum er lokið. Eg þykist hafa gjört skyldu mína í þessu máli, allt fram á þessa stund; verkum mínum í því er nú lokið; eg hefi einúngis eitt eptir, þegar tímar líða, og það er, eins og eg sagði áðan, að skrifa kláðasöguna. En hún getur naumast orðið eins og *framsögumaður*, þíngmaður Norður-Þíngeyínga og varaþíngmaðurinn úr Dalasýslu vildu á kjósa; við tölum um það síðar, og tíðin mun í ljós leiða, hver rèttast hefir; en eg ætla ekki að leggja söguna í dóm alþíngis, heldur í annan dóm. Sú meðferð, sem á mèr hefir verið höfð í þessu máli, er eins þrælsleg og margt annað, sem niðurskurðarmennirnir hafa gjört í því; þeir hafa logið því upp á mig, að mèr sè að kenna útbreiðsla kláðans, en eg lýsi því yfir frá þessum stað, að þetta eru ósannindi. Eg hefi að eins gjört það, er hver dýralæknir gjörir, en þeir hafa niðurbrotið alla skynsama meðferð á veikinni, drepið niður fèð í einhverju æði, þó heilbrigt hafi verið, og þannig eru þeir skuld í þeirri eyðileggíngu, er hèr er orðin bæði á fè einstakra manna og á eignum hins opinbera. Eg hætti þá, því eg hefi einga von um, að orð mín hafi sannfært nokkurn þíngmann; því miður! Eg hefi talað af sannfæríngu, og þó eg ekki sè lærður, þá hefi eg þó betri þekkíngu á þessu, en flestir aðrir hèr í salnum. Eg er nú raunar viss um, að *framsögumaður* og aðrir fleiri finna nú eitthvert orðaglamm, til þess að hrekja ræðu mína, því hann veit, að eg get eigi talað optar í þessu máli; en hvað um það, eg hefi nú sagt það, sem satt er, og það getur hann ekki hrakið.

Gísli Brynjúlfsson: Mèr þykir nú ætla að fara að grána gamanið, þegar menn berjast svo á alla bóga, sem hinn háttvirti sessunautur minn, er nú settist niður, og næstum því eins og ham-

ast á málinu. Eg ber æfinlega mikla virðíngu fyrir og mèr þykir vænt um flest það, sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður segir, hvort sem hann svo vill gánga berserksgáng eins og áðan, eða vera hægur og stilltur, en þó jafnan góðglaður og skemmtinn, sem eg ætla helzt við eðli hans; því eg veit, að hin sama einlægni og hreinskilni ræður þó æfinlega orðum hans, og að hann talar það æfinlega af fullri sannfæríngu í hvert sinn, sem hann þá segir. Hann sagði það reyndar líka nú, að hann væri sannfærður um, að hann mundi ekki geta sannfært þíngið um nokkuð, og eg skal bæta því við, að mèr er enn nokkuð óljóst, hvað hann eiginlega vildi reyna að sannfæra það um; en samt sem áður skal eg þó bera mig að svara nokkuð orðum hans, og byrja þá á því, sem hann sjálfur fyrst hóf máls á.

Hinn háttvirti konúngkjörni þíngmaður sagði þá fyrst, að hann ætlaði strax í upphafi að ráðast á sjálfa máttarsúluna undir áliti þeirra, sem hann kallar niðurskurðarmenn, og brjóta hana niður; og hann sagði þetta í svo miklum reginmóði, að eg ei segi jötunmóði, að mèr datt ósjálfrátt í hug fornsagan um Hými jötun, er hann kom af veiðum, sem kveðið er:

En váskapaðr
varð síðbúinn
harðráðr Hýmir
heim af veiðum:
gekk inn í sal,
glumdu jöklar,
var karls er kom
kinnskógr frörinn.

Þá var nú heldur usl á Hými jötni, er hann kom svo seint af veiðum, og ekki batnaði til, þegar honum var sagt, að Þór og Týr væri þar komnir, og hefði falið sig bak við súlu eina í höll hans eða helli, því þá varð augnaráð hans svo hart, að hin forna kviða segir:

Sundr stökk súla
fyrir sjón jötuns,
en áðr í tvö
áss brotnaði.

En þeir urðu þá að sýna sig æsirnir, fjandmenn hans, og einkum Þór, sem enn er kveðið:

Fram geingu þeir,
en forn jötunn

sjónum leiddi
sinn andskota.

Nokkuð líkt þessu fannst mèr nú hinn háttvirti sessunautur minn ætla að fara að í byrjun ræðu sinnar, þar sem hann hèt að brjóta niður máttarsúluna undir máli mótstöðumanna sinna; en sá var þó munurinn, að honum hvorki tókst að brjóta hana með orðum sínum, auk þá heldur með augnaráðinu einu, og það sem vest er, þó honum hefði tekizt að brjóta hana, þá held eg þó ei, að hinn eiginlegi fjandmaður hans, sem honum um hvern mun er um að gjöra að fella, hefði komið fram fyrir því, svo hann hefði getað ráðizt á hann. Hinn háttvirti þingmaður segir, að það sè máttarsúlan undir allri skoðun niðurskurðarmanna, að álíta, að fjárkláðinn hèr í landi sè sprottinn af útlendri rót; en bæði er það, að hann hefir hvorki sannað með öllum ræðum sínum, að hann ekki sè það, og eptir öllu, sem eg hefi heyrt, þykir mèr enn miklu líklegast, að svo sè; og svo er hitt enn fremur athugavert, að það er ei sagt, að máttarsúlan færi svo mjög undan málinu, þó það nú sannaðist, að kláðinn væri ei af útlendri rót. Það, sem er alveg víst, er að eins þetta, að hèr á Suðurlandi er mjög sóttnæmur og háskalegur kláði, sem mönnum enn hefir tekizt að verja hina fjórðúngana fyrir með fyrirskurði; því hinn háttvirti sessunautur minn hefir enn ei sannað með öllum umræðum sínum eða spám, að kláðinn nú sè í Norðurlandi, eða að það muni ei framvegis takast að halda honum á burt þaðan á sama hátt. Hèr er því að eins sem stendur spursmálið um, hvað sè kostnaðarminnst fyrir landið, og leiði fyrst til að út rýma kláðanum alveg, og sè niðurskurðurinn það, þá er sjálfsagt, að hann tapar ekki gildi sínu, hvort sem svo kláðinn er í fyrstu útlendur að uppruna eða innlendur, *úr því hann einu sinni er orðinn sóttnæmur*. Og þar kemur eiginlega aðalatriðið í öllu málinu, því sóttnæmið er það, og ekki uppruninn, sem nú er einkum um að gjöra, eins og á stendur hèr í landi; og gæti hinn háttvirti 6. konúngkjörni þingmaður sannað, að fjárkláðinn væri ekki sóttnæmur, heldur kæmi allt af upp af sjálfum sèr á ýmsum stöðum, þá mundi hann miklu fremur hafa brotið á bak aptur eina af aðalástæðum niðurskurðarmanna, heldur en þó hann svo ótal sinnum sannaði, að kláðinn væri ei í upphafi af útlendri rót. Eg er hvorki læknir nè lækningamaður á þann hátt, sem hinn háttvirti sessunautur minn; en það get eg þó sèð, sem einföld skynsemi segir; og af því þetta atriði er svo mikilsvert, þá neyðist eg nú strax til að fara nokkuð leingra út í það,

en eg upprunalega ætlaði mèr, eða annars mundi hafa gjört, ef hinn konúngkjörni þíngmaður hefði ei talað, sem hann talaði. Það hefir verið sagt, að hinn sunnlenzki kláði sè sömu tegundar sem óþrifakláði sá, sem viðgeingst sumstaðar annarstaðar um landið, og eins fyrir norðan; en þó þetta kunni að vera satt að nokkru leyti, þá bið eg menn að íhuga, að það sannar samt ekki neitt með tilliti til þessa máls. Það er auðvitað, að allir sjúkdómar verða að hafa uppruna sinn af einhverri rót, og eins er það alkunnugt, að sumar hinar skæðustu og ógurlegustu drepsóttir eru í eðli sínu mjög svo líkrar tegundar, sem aðrir miklu vægari sjúkdómar, er þeir að líkindum upprunalega eru sprottnir af, eins og t. a. m. *Cholera* og *Cholerine;* en það gjörir muninn, að þegar slíkur sjúkdómur verður að reglulegri landfarsótt eða bráðafári, þá hleypur eitthvað það í hann, sem magnar og tryllir hann, og sem eg þó held það sè sannast að segja, að eingir læknar viti enn í raun og veru fremur hvað er, heldur enn Gyðíngar vissu, hvernig á því stóð, þegar djöfullinn fór í svínin forðum. Þetta hefi eg heyrt mikla og góða lækna játa, og ef mig minnir rètt, einnig hinn háttvirta sessunaut minn, og er það heldur ekki nokkur skömm fyrir læknisfræðina, þó hún sè ei enn komin leingra en þetta; því það held eg einnig, að því fróðari og djúpskyggnari sem maður er um eðli náttúrunnar, eða þá læknir um sjúkdóma, því fúsari sè hann einnig á að játa, að vit hans nái ei enn til, þegar um hina mestu leyndardóma ræðir, svo sem um uppruna lífs og dauða. En hvað um það er, þá er hitt nú víst, að sá er munurinn á óþrifakláðanum og hinum sunnlenzka kláða, að hinn síðari að eins er sóttnæmur, en hinn alveg ei; og eptir því verða menn því einnig alveg að laga aðferð sína, svo þetta verður í raun og veru að eins búnaðarmál, sem vísindin ekki einu sinni ná til, þar sem þau ekki geta sagt oss, hvernig á muninum stendur, en hann er þó einmitt það, sem vèr þurfum að gjöra við.

Það hefir og verið sagt og mikið úr því gjört, að Íslendíngar tæki ei nóg tillit til, heldur forsmáði alveg reynslu allra annara þjóða. En þetta á heldur hvergi við, og er þess utan eigi satt; því auk þess, að allar kríngumstæður þessa lands vel geta valdið því, að hèr sè ómögulegt að koma því við, sem hægt kann að vera annarstaðar, þá er það og einkum athugavert, að menn hafa einga reynslu frá öðrum löndum um þetta eður líkt mál. Það er alkunnugt, að hver drepsótt verður vægari, og tapar sèr smátt og smátt, eptir því, sem hún verður innlend í hverju landi, þó hún hafi verið mjög svo geyst

í fyrstu; og fjárkláðinn er nú líka þannig fyrir laungu orðinn innlendur í allri norðurálfunni, og það er satt, að hann er læknaður í flestum löndum þar, þar sem nóg er af dýralæknum og öll læknaskipan í góðu lagi. En hvar eru þeir menn, sem segi oss, hvernig að var farið í þessum löndum, því svo lángt nær eingin saga, þegar fjárkláðinn kom þar fyrst upp, og varð þá að vera eins voðalegur í augum manna og hann nú er í augum Íslendínga? Einginn getur t. a. m. sagt oss, hvað gjört var, þegar fjárkláði fyrst kom upp á Íslandi, o. s. frv., og finnst mèr það þá nokkuð undarlegt, að vera nú að brigzla Íslendíngum um, að þeir vilji ei fara að dæmum annara manna, þegar einginn nú rèttilega getur sagt þeim, að hverra dæmum þeir ætti þá helzt að fara. Menn vita, að þegar *Cholera* kom fyrst til norðurálfunnar, þá varð fólk víða ótt og uppvægt, svo læknar rèðu ekkert við, þó nóg væri til af þeim; og hver getur nú þá með rètti brigzlað Íslendíngum um siðleysi, þó þeir helzt vilji grípa til þess eina meðalsins, sem þeir híngað til hafa sèð að eitt hefir dugað, þegar þeir á annan bóginn sjá allan aðal-bjargræðisstofn sinn, sem er fjáraflinn, í húfi, en á hina hliðina ekki annað, en heitorð og vísindalegt tal einstakra lækna og læknírngamanna, án þess að þeim þó sè fremur borgið fyrir það? Það er eðlilegt, að menn nú sem stendur hugsi einkum og fyrst um það, að reka sem fyrst þann vogest, sem komizt hefir inn í landið, aptur út úr því, með hverju móti, sem það svo má verða, svo að landið hafi sem minnstan skaða af, og svo því enn verði varnað, ef mögulegt er, að hann fleingist eða flendist hèr framvegis; og þó eg einnig sè manna fúsastur á að játa, að það líka væri mjög nauðsynlegt og gott, að bæta alla fjárrækt hèr yfir höfuð, og þó eg líka treysti því, að sá muni meðal annars á endanum verða árángurinn af öllu því kláðatali, sem nú geingur hèr í landi, úr því eptirtekt manna á þessu máli nú einu sinni er vöknuð, — þá verð eg þó að segja, að mèr finnast læknírngamennirnir einmitt nú hafa valið hinn óhentugasta tíma til þess að eins að tala um þessa endurbót á fjárræktinni, og reyna því einnig um of í þeim tilgángi að berja eins og blákalda fram læknírngakenníngu sína, án þess að taka nógsamlega tillit til þess, hvort hún í raun og veru sè svo hæfileg, til þess að ávinna það, sem vèr þó allir verðum að vera samdóma um að nú sè einkum áríðandi, en það er að reka kláðann sem fyrst úr landinu, eins og sagt hefir verið. Því það kann vel að vera, og er einnig mjög eðlilegt, að almenníngi, sem, eins og von er, einkum og að eins hugsar um, að

losast við fjárkláðann sem fyrst, kunni þá fremur að hætta við, að skoða lækníngamennina í sama ljósi, sem menn með rètti mundi skoða þann lækni, er fremur hugsaði um, að treina sèr eins og sem leingst háskalegan sjúkdóm á manni, sem honum hefði verið trúað fyrir, svo hann gæti því betur kannað eðli og uppruna hans, heldur en að eins að gjöra sèr allt far um, að lækna manninn sem fyrst.

En eg skal nú ei vera leingur að fara orðum um þessa hlið á málinu, sem eg að eins hefi leiðzt svona lángt út í, af því eg neyddist til, að svara því á nokkurn hátt, sem hinn háttvirti sessunautur minn hafði sagt; því að öðru leyti skal eg vera manna fúsastur á að trúa því, að við allir, bæði læknar og aðrir, megum játa ófróðleik vorn, þar sem um eðli og uppruna fjárkláðans ræðir í raun og veru; og liggur mèr þá nærri því að segja í því tilliti, eins og Arnljótur gellina sagði forðum við Ólaf konúng hinn helga, þegar hann fór að boða honum trú: „Heyrt hefi eg getið hvíta Krists", sagði hann, „en lítt er mèr kunnugt um afreksverk hans". En sá er nú þó munurinn, að oss er því miður um of kunnugt um afreksverk fjárkláðans hjá oss, þar sem við allir vitum og sjáum, hvernig hann hefir farið með Suðurlandið, þó oss á hinn bóginn heldur sè hitt ókunnugra, hvernig eiginlega muni standa á honum í fyrstu; en því tek eg það nú líka aptur fram, að þetta er í raun og veru að eins vísindalegt atriði, sem, eins og nú er ástatt, gjörir lítið til eða frá, þar sem aðalhliðin á málinu þó æfinlega verður hin búnaðarlega hlið þess, eða spursmálið um það, hvernig menn eigi sem fyrst og sem kostnaðarminnst að losast við hinn háskalega gest, sem nú fyrst í annað sinn, að menn viti, hefir heimsótt þetta land. Og með tilliti til þessa, þá held eg víst að einginn, sem satt vill segja, geti í raun og veru neitað því, að reynslan er nú nógsamlega búin að sýna, að sú aðferð, sem höfð hefir verið fyrir norðan og vestan hafi hingað til orðið heilladrjúgust eptir því, sem á stendur hèr í landi; því það eru ekki nema tóm orðalæti, sem í raun og veru eiga hvergi við, og eru því alveg marklaus, þó þau að vísu geti orðið nógu mikil í munni og sýnzt þeim sennileg, sem ekkert þekkja til, hvernig á stendur, þegar Íslendíngar eru kallaðir skrælíngjar, og sagt þeir hati vísindin og læknisdóm yfir höfuð, eða sè fráhverfir því, að vilja hafa nokkuð tillit til aðferðar siðaðra þjóða, þó þeir vilji verja eigur sínar fyrir eyðileggíngu á þann hátt, sem reynslan hingað til hefir sýnt að er alveg óyggjandi, og ei þola það til leingdar, að allur fjárstofn þeirra sè eins og hafður að leiksopp, til þess að gjöra á honum

ýmsar efasamar tilraunir í læknisfræði, sem ei er sýnilegt annað en að tjóniö þó æfinlega muni verða meira af, jafnvel þegar bezt tækist, heldur enn hinni aðferðinni; því það er mönnum vissulega lítil bót, eptir að menn einu sinni hafa beðið skaðann, þó þá eigi að hugga menn með því, að menn hafi beðið hann í vísindanna nafni, og það væri þá eðlilegast, að þeir að eins, sem hafa svo mikla ást á vísindunum, legði fúslega sinn fènað fram í þeirra þarfir, en ofmikið er að heimta það af öllum búandi mönnum á Íslandi, fremur enn alstaðar annarstaðar. Og ekki er það heldur rètt, að telja skynsaman niðurskurð sem vott um nokkurt hatur til lækninganna í sjálfu sèr, þar sem þær eiga við, eða láta sèr detta í hug, að telja Íslendínga með einhverjum óþjóðum hans vegna; því hvað er hann í raun og veru annað, en beinlínis afleiðíng af þeirri reglu, að varna útbreiðslu næmra sótta með tryggum vörðum, eins og algeingt er í útlöndum að læknaráði? Og að minnsta kosti mun eg þá tíð, að hinn háttvirti sessunautur minn, hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, var mjög svo fastur á því, að ófært væri að sleppa slíkum vörðum, þar sem um háskalegar farsóttir væri að tala, eins og t. a. m. *Cholera;* því þó það sè óneitanlegt, að það sè víst að fara leingra, að skera líka niður, heldur en að eins að halda verði, þá vona eg þó, að læknínga mennirnir muni vera svo sanngjarnir að viðurkenna, þar sem reglan og tilgángurinn þó í raun og veru eru hin sömu, þó aðferðin sè nokkuð önnur, að það gjöri þó líka nokkurn mun, hvort menn eiga við menn eða að eins skepnur, og að þeir því framvegis verði sparari á, að kalla það að eins ómannlega grimmýðgi eða óþjóðasið, að skera niður fènað á ýmsum stöðum, til þess að varna útbreiðslu háskalegrar sýki, úr því þeir ei á annað borð álíta það óleyfilegt yfir höfuð, að skera nokkurn tíma nokkra skepnu. Allt er því í raun og veru undir því komið í þessu máli, hvort fjárkláðinn sunnlenzki sè sóttnæmur eða ei; og þar sem það nú er öldúngis víst, að einginn getur í sannleika neitað því, að svo sè, þá held eg og, að eg hafi með því, sem eg hefi áður sagt, einnig sannað það, að sú hin nýjasta uppgötvan, að kláðamaurinn, sem fundizt hefir í Holti í Húnavatnssýslu, sè alveg samkynja hinum sunnlenzka kláðamaur, og sem læknínga mennirnir hafa viljað gjöra svo mikið úr, rètt eins og þeir hefði þá himininn höndum tekið, sè í raun og veru alveg þýðíngarlaus, og geti eingin áhrif haft á skoðun manna á kláðamálinu yfir höfuð; því auk þess, að það er enn alveg óvíst, hvernig eiginlega stendur á Holts-maurnum, þá sannar ekkert betur en ein-

mitt hann, ef hann sjálfkrafa hefir komið í fèð, að það er satt, sem eg áðan sagði, að læknarnir vissu ei heldur eiginlega mikið um eðli eða uppruna hins eiginlega drepefnis í næmum og skæðum bráðasóttum; því það vita allir, að frá Holti hefir aldrei nokkur drepkláði út breiðzt, og sè því maurinn í fènu þar hinn sami sem fyrir sunnan, þá sèr það hver, að það verður þá líka að vera *eitthvað annað* en þessi maur, sem veldur illsku og sóttnæmi hins sunnlenzka kláða. En *hvað* þetta sè, það hafa læknarnir ei enn getað sagt oss, og held eg því einnig, að allt það, sem þeir hafa viljað byggja á Holtsmaurnum, sè með þessum fáu athugasemdum brotið á bak aptur; og þykir mèr það þá ei sízt vænt, ef mèr hefir tekizt, að ónýta þessa ástæðu strax í byrjuninni, af því sumir voru hróðugir yfir því, að hinn háttvirti amtmaður Norðlendínga hefði sjálfur orðið til að fá lækníngamönnunum það vopn í hendur með þessum maur, er allt í einu ónýtti þann grundvöll, sem hann og allir Norðlendíngar híngað til hefði staðið svo fast á. En, sem betur fer, er nú þessu heldur ekki þannig varið, og mèr finnst miklu fremur sá maður eiga hið mesta lof skilið fyrir þann ágæta dugnað og staðfestu, sem hann allajafna hefir sýnt í þessu máli, svo að hann hefir aldrei látið bilast, við hversu erfitt sem hann svo kann að hafa átt að etja úr ýmsum áttum, heldur sífellt haldið hina sömu beinu stefnu, og svo með styrk allra Norðlendínga varið þann hluta landsins, sem honum hefir verið trúað fyrir, gegn miklu tjóni. Og þó þeir sè til, sem hafi ei viljað viðurkenna þetta, þá má honum æfinlega vera það mikið traust að vita, að allir Norðlendíngar fylgja honum nú samhuga og svo ljúflega, að eg veit eg tala að eins í anda þeirra, þegar mèr nú dettur í hug, að segja um hann hin sömu orð, sem áður voru sögð um Eirík jarl:

Allvalds nutu aldir,
una líkar vel slíku,
skyldr lèzt hendi at halda
hann yfir Noregsmönnum.

Því mèr finnast það nú eingar ölgar, og eg held allir Norðlendíngar sè samdóma um það, að amtmaður þeirra hafi í þessu máli með allri forgaungu sinni og stökum dugnaði haldið eins og verndarhendi yfir Norðurlandi, því

skyldur lèzt hendi að halda
hann yfir Norðanmönnum.

Og þó sumum kunni að þykja hann hafa verið nokkuð harðráður

sem Bárður Snæfellsás, þá bið eg menn að minnast, að það hefir ei verið orsakalaust, og að Bárður var þá líka hinn mesti bjargvættur, og þess utan einnig vinur Ármanns, sem frá fornu fari hefir verndað alla fjárrækt Íslendínga; og er svo að sjá sem Ármann hafi nú ei heldur mislíkað við Bárð kunníngja sinn, því verkin sýna merkin, og ekki er nú fjárrækt Sunnlendínga með meiri blóma, en þeirra bændanna norðanlands.

En eg þarf eigi leingur að vera að tala um þetta, því eg held það sè hèr um bil víst í hverja stefnu þíngið muni fara. Eg sagði það strax við inngángsumræðu þessa máls, að það væri traustir verðir, sem mèr þætti mest undir komið, og af því þetta líka er aðaltilgángurinn með uppástúngur nefndarinnar, þá mun eg gefa atkvæði mitt fyrir þeim, þó eg geti ei í öllu fallizt á það, hvernig nefndarálitið sumstaðar er orðað. En eg veit, að þetta mál hefir verið mjög svo örðugt á marga vegi, og eg skal því ei nú fara að tala um nein einstök atriði; það, sem mest er áríðandi, er það, að stjórnin sjái, hver meiníng alþíngis er yfir höfuð, og í því vil eg fúslega eiga þátt. Verðir og niðurskurður á takmörkum eru ómissandi til þess, að gjöra menn trygga og óhulta, þar sem fè er heilbrigt, en þar sem sýkin er orðin út breidd, er nauðsyn að færa fèð saman, og þá fyrst reyna að lækna það. Að þessu vona eg erindsrekarnir muni einnig styðja, og vil eg því ei heldur reyna að ákveða neitt svo nákvæmt um sjálfa aðferðina, með því að fallast á uppástúngu þíngmannsins úr Snæfellsnessýslu. Um uppástúngu þíngmannsins úr Árnessýslu er eg og efablandinn, hvort rètt muni að fallast á hana, því eg held helzt, að það sè rèttast að svo stöddu að skera að eins á takmörkunum.

Guðmundur Brandsson: Það ætlar að fara eins og beit á mig með þetta mál; eg held það ætli að verða örðugt, og þó hefir nefndin gjört allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að geingið gæti saman með henni og hinum konúnglegu erindsrekum; og hefði á báðar síður verið slegið af, eins og nefndin gjörði, þá hefði þó verið gjörð tilraun til, að halda saman meiníngunum. Eg hefði viljað óska, að þetta mál hefði mátt dragast leingur, til þess, ef mögulegt hefði orðið, að reyna að koma meiníngunum saman; og þó þá enn hefði farið á sömu leið, þá varð það ekki skoðað öðruvísi, en eins og hið sífellda ólán, sem kláðamálið hefir orðið fyrir híngað til, nefnilega, að einínguna vantar allt af í því; þetta eru eins og 2 mótstæðir kraptar, sem hvorugur getur unnið annan. Eg vil nú ekki svara öllu því, sem

sagt hefir verið; það er svo margt, að það mundi verða leiðinlegt. Það hefir verið sagt, að fáir mundi verða, eða hafa verið með lækníngunum, nema það sè stúngið skildíngum í vasa hans; ekki er þetta satt og ekki vel talað; því einginn ráðvandur maður selur sannfæríngu sína fyrir penínga, og verð eg að álíta lækníngamenn ekki miður vandaða en niðurskurðarmenn, þegar hvorir fyrir sig eru skoðaðir í heild sinni; verið getur samt, að útbýtíng þessara verðlaunapenínga hafi ekki bætt þetta mál, því hún var mjög af handa hófi, og sèst það bezt af því, þegar lækníngamenn í sjávarhreppunum eru settir til jafns við slíka menn í sveitahreppunum, þar sem annríkið eða fyrirhöfnin hefir verið eins og 1 á móti 10 eptir fjármegninu og öðrum tilkostnaði, og get eg af „Hirði" sannað, að svo hafi verið, eða hlutfallið milli hèraðanna sè þetta, og þá hafa þeir menn, sem standa fyrir lækníngunum í sjávarhreppunum lítið að gjöra, en mikil laun; þar hafa launin verið 50 rd. hæst, eins og hjá nokkrum mönnum í sveitahreppunum; en svo hlaupa laun þessi allt í einu niður í 30 rd., og þau launin fá einmitt þeir, sem allt af hafa verið álitnir beztu lækníngamennirnir, Grafníngsmenn; svo það lítur út, eins og þeir hafi átt að gjalda þess, að þeir drápu kláðann fyrstir af öllum, en hinir hafi átt að njóta þess, að þeir hèldu honum við með nokkru lífsmarki; eg verð að sýna fram á þetta, því það hrekur viðbáruna, að menn hafi gjört það vegna skildínganna, sem þeir hafa feingið, að sýna alúð og þrek við lækníngarnar. Það hefir verið sagt, að flestir væri orðnir leiðir á lækníngunum, og að það væri ekki nema til að útarma menn, að halda þeim áfram; á þessu seinna get eg nú ekki verið; því eg veit menn, sem þær hafa ekki orðið til skaða, fremur til góðs; hitt er ekki hægt að dæma um, hvort menn allt af vinna að þeim með jafnljúfu geði; en menn ætti þar fyrir aldrei að spilla lækníngum, og það gjörir nefndin ekki heldur, og ætlaði sèr aldrei að gjöra. Eg hèlt ekki, að þíngmaður Reykjavíkur mundi fara aptur út í reikníngа okkar við undirbúníngsumræðuna, því hans reikníngur var þá hrakinn svo, að ekki stóð í honum steinn yfir steini; það sem er sagt um ýmsa reikníngsáætlun nefndarinnar, í ágreiníngsáliti mínu, þá nær það ekki hèr til, því eg vil ábyrgjast, að þessi áætlun sè rètt, en það er satt, sem þíngmaðurinn minntist á, að ekki stóð í nefndarálitinu neitt um það, hvort böðin bötuðu sauðfènaðinn, þar sem þau heppnuðust, en því er líka sleppt þar, sem þau mislukkuðust. Hann sagði, að vald erindsrekanna næði ekki til alls landsins, og því þyrfti ekki að setja amtmennina inn í

völd sín aptur; en eg skil þó ekki betur, en vald erindsrekanna nái til alls lands; því svo er að sjá af erindisbrèfi þeirra, og að amtmennirnir eins vel og aðrir embættismenn sè skyldir til, að gjöra það, sem erindsrekarnir leggja fyrir þá; en aptur á hinn bóginn er ekkert lagt fyrir þá, hvaða meðöl þeir skuli hafa til að stemma stiga fyrir sýkinni, eða hindra hana, svo það er á sjálfra þeirra valdi. En þó þeir vilji það, sem þeir álíta bezt, og fram fylgi því, skal eg ekki láta mèr detta í hug, að lá þeim, og þó þeir fari mjög varlega í því, að gánga inn á niðurskurð, en vilji reyna lækníngar til hlítar, þá er það eðlilegt, meðan þeir ekki sannfærast um, að þær sè ónógar, til að út rýma kláðanum. Eg álít samt rètt, að þeir legði góð orð til, að halda kláðafènu saman, að því leyti menn geta, svo það dreifist sem minnst út, á meðan það er ekki allæknað. Menn hafa sagt, að þeir gæti ekki skipað mönnum slíkt; eg skal láta það ósagt, en tillögur þeirra gæti þó án efa gjört mikið til, ef allir fara í sömu stefnu. Úr því nefndin slakaði það til, að snúa sèr að lækníngunum, þá er það ekki meira en sanngjarnt, að erindsrekarnir gjörði sitt til að stuðla að því, að tryggilegt svið yrði autt í kríng um lækníngarnar, svo að þeir, sem búa á þessu sviði, og sem víst vilja fá sèr nýjan fjárstofn, svo fljótt þeir geta, ekki gæti kennt því um, að þetta nýfeingna fè þeirra feingi sýkina af hinu hálflæknaða fè. Þíngmaður Reykjavíkur sagði, að erindsrekunum væri bannaður niðurskurður; það er nú ekki svo, því slíkt er óákveðið í erindisbrèfi þeirra; en það er von, þó þeir grípi ekki til hans, fyr en í seinustu lög; þeir hafa ábyrgð af verkum sínum. Það er ekki ástæðulaust, þó menn óttist fyrir, hvernig þessar lækníngar muni takast, það er orðið framorðið sumartímans; baðanir þær, sem skipaðar hafa verið, hafa víða ekki farið fram enn þá, og það er meiri og minni kláði alstaðar frá að heyra; það segja bæði lækníngamenn og þeir, sem erindsrekarnir hafa trúað fyrir böðununum á fènu. Eg hèlt áðan, að ræða hins 6. konúngkjörna þíngmanns ætlaði seint að taka enda, eg hèlt hann ætlaði að bannsýngja þíngið með hríngdum klukkum og steyptum kertum, eins og siður var í gamla daga, þegar einhverjir urðu fyrir ónáð biskupanna, og mèr þótti þessi ræða hans gánga nokkuð lángt, því sumt, sem hann sagði, held eg hann ætti bágt með að sanna. Það er sá harðasti dómur um þjóðþíng og embættismenn landsins, sem eg hefi heyrt; það er merkilegt, að allt af var hann að berjast við niðurskurð, sem hvergi lá fyrir; það er merkilegt, að halda svo lánga ræðu út í bláinn. Hann hafði drjúg orð um, að

aumkva *konúngsfulltrúann* fyrir það, að hann ekki gæti hnýtt sannfæringu sína í þessu máli aptan í stjórnina; hann mun nú sjálfur ætla sèr að bera ábyrgðina af því; enda mun stjórnin varla heimta slíkt; því lög gjöra ráð fyrir, að hver maður fylgi sannfæringu sinni; hann má ei binda sig við annað. Þetta er ljóst af alþingistilskipuninni, og því má einginn ætla öðrum, að hann fari eptir öðru en því, sem hann álítur rèttast fyrir samvizkunnar dómi. Hann sagði „sagan“ skyldi og mundi segja frá þessu; eg trúi því vel; hann ritar líka og hefir ritað nokkurs konar sögu; „Hirðir“ er líka sögublað, og það nokkuð einkennilegt, og á hann víst margt gott orð í honum; hann hefir nú ritað í bók þessa ýmsa kafla úr kláðasögunni, og suma víst mjög merkilega, að eg nú ekki tali um áreiðanlegleik þeirra; hann heldur nú má ske áfram með þetta, en það liggur þá á, að hann segi satt; hann hefir bezta vilja, það viðurkenna allir, en þar fyrir hafa ekki allir hinir vondan vilja, sem hafa nokkuð aðra skoðun á máli þessu en hann. Hann segist hafa reynsluna við að styðjast, þó má ske ekki nóga; eg vildi að minnsta kosti fá meiri reynslu í þessu efni, og hana fæ eg, ef verðir eru settir og læknúngunum svo fram fylgt innan þeirra; eg veit ekki enn með neinni vissu, hvort kláðinn er innlendur eða útlendur, ekki heldur, hvort hann verður læknaður að fullu; en þetta vil eg fá að vita af reynslunni. Það er von, þó þessi þíngmaður setji vísindin ofar en trúna; en stundum hefir þó vísindunum skeikað, svo maður gæti sagt, að þau sè ekki sönn nema þau sè byggð á reynslunni. Það var víst ekki af reynslu, þegar vísindafèlagið danska spurði hèrna um árið, hvað hafísinn þyrfti að verða gamall til þess menn gæti brennt honum, og hefði slíkt þótt heimskulega spurt af íslenzkum bónda. Eg held, að vísindin verði að vera reynslunni samferða, svo að hvað styðji annað. Eg veit hann lítur til erlendra þjóða, því hann elskar framför; eg vil líka, að menn lagi sig eptir útlendum þjóðum í öllu, sem betur má fara; en eg held það sè varlega gjörandi í þessu máli; því hèr hagar töluvert öðruvísi til en þar, eins og margbúið er að sýna fram á, og hvaða stefna, sem tekin verður í þessu máli, mun þó reynslan í því sem öðru, verða á endanum bezti lærimeistarinn.

Stefán Jónsson: Þeir tveir heiðraðir þíngmenn, hinn 6. konúngkjörni þíngmaður og þíngmaður Reykjavíkur töluðu mikið um, að byggja á reynslunni, en geingu þó báðir fram hjá því, hvað reynslan þegar er búin að sýna. Þíngmaður Reykjavíkur talaði um, að menn væri svo bráðlátir; en hann var þó sjálfur mikið bráðlátari á þíngi 1857,

þegar hann stakk upp á og taldi víst, að búið yrði að út rýma sýkinni fyrir veturnætur um haustið, og vildi að öðrum kosti skera allt veikt fè; en nú veit hann, hvað reynslan síðan hefir kennt; hann taldi þá geldfèð hèr í kláðasýslunum 45.000, og 90,000 rd. skaða að lóga því um haustið; en reynslan sýnir, hvort skaðinn hefir nú orðið minni, því bæði þó hann og fleiri mótmæli nefndarálitinu og hártogi það, er því þó ei mótmælt eða í neinu hrakið, sem sagt hefir verið um fækkun fjárins hèr á Suðurlandi, að einúngis líðu 8 af 100. Það er ekki, ef til vill, að öllu leyti að kenna lækníngunum, en þó er það að kenna fjárkláðanum; það er talað um tjón af niðurskurði í Húnavatnssýslu; en það tjón er mikið að kenna því, hve nær kláðinn kom þar í fjárríkasta hèrað, svo farga varð á óhentugasta árstíma svo mörgu fè; en menn hafa þó ekki haft meira tjón, en að missa sem svarar 1 af 20 kindum, þegar talað er um allt amtið, og þá sjá menn afleiðíngarnar af hvorutveggja. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður talaði nú nokkuð hart um það, að menn ætti að gefa sig undir dóm menntaðra manna, þíngmenn hefði hvorki vit á þessu nè öðru, en það mun þó bezt að hafa kunnugleika til þess lands, sem maður vill dæma um. Ef það er ísjárvert, að láta menn dæma beinlínis eptir lögum og rètti, af því þeir væri útlendir og þekkti ei, hvernig til hagaði í þessu landi og þyrfti að lesa prófin, sem snúið væri á annað túngumál af einstökum mönnum, eins og sagt var af einum þíngmanni í öðru máli fyrir fáum dögum, þá er ísjárvert, að leggja sig undir dóm dýralæknaráðsins í Kaupmannahöfn, sem ekkert þekkir til, nema hvað einstakir menn segja þeim, hver eptir sinni skoðun; það er viðurhlutamikið fyrir bændur, að leggja sig undir dóm ókunnugra manna, þegar um þau mál er að gjöra, sem kalla má, að um lífið sè að tefla; þó þeir vildi gjöra manni rètt, og enda gjöri rètt eptir því, sem málið er fyrir lagt, þá getur það vegna vanþekkíngar á kríngumstæðunum orðið rángt og háskalegt. Það er nú og fyr sagt bæði í ræðum og ritum, að kláðinn ætti að kenna mönnum fjárhirðíngu; bændur þurfa að lifa leingi áður en þeir sannfærast um slíkar kenníngar. Ef þeir læra ekki fjárhirðíngu af öðru, þá gef eg lítið fyrir þann lærdóm. Sagt hefir verið meðal annars, að hið læknaða kláðafè sè framúrskarandi að öllum afnotum, en það sannar ekkert. Reynslan sýnir, að þegar farið er vel með fè, þá er það bæði vænna og gjörir meira gagn, það þarf því ekki að vera kláðaveikt fè til að sýna gott gagn; það má eins vel taka heilbrigt fè og fara vel með það, og getur það þá orðið ekki að eins að sömu

notum, heldur miklu betri, því fáir munu trúa, að fjárkláðinn sé hollur eða nauðsynlegur. Kláðinn var leingi kenndur vanhirðíngu, stjórnleysi og trassaskap bænda, en að ekki tekst að lækna, er líka kennt trassaskap, slóðaskap og ýmsum ónotum bænda í meðhöndlun skepnanna, en þó sagði þíngmaður Reykjavíkur, að ekki þyrfti nema lítið atvik í samsetníngu meðalanna til að gjöra verkið allt ónýtt. Það hefir nú verið minnzt á meðalaskortinn, og það ekki án orsaka, svo eg ætla ekki að minnast á hann. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður taldi sem ástæðu fyrir lækníngunum hið ískyggilega tíðarfar; eg skal nú ekki neita því, að tíðarfarið er ískyggilegt, en ef nú veðuráttufarið gjörir lækníngarnar ómögulegar, eins og margir kannast við um kulda og rigníngar, að eg ekki tali um snjóbleytur, og ísinn, sem hindrar siglíngarnar, þá er það beinlínis ástæða til að reyna, að verjast kláðanum og ekki taka á móti honum, til að fara að lækna hann; því þá fást hvergi meðöl, nema ef það skyldi vera hèr í Reykjavík, og verður lángt fyrir marga að sækja híngað. Hvað staflið *A* snertir, sem er breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga, þá get eg ekki skilið, að það komi fyrir, að það verði samþykkt; það er ekki líkindi til, að kláðanum verði strax út rýmt, en eg býst við, að stjórnin hiki við að senda 30,000 rd. á hverju ári, til að út rýma sýkinni og því er miklu betra, að fella það breytíngaratkvæði; um hinar uppástúngur þíngmanns Reykjavíkur skal eg ekki tala; það sýnist eins og þær eigi hèr ekki við, heldur við búnaðarskóla, eða má ske barnaskóla, en eg var ekki við, þegar ræður byrjuðu um þetta mál, svo eg veit ekki, hvort þær geta komið til umræðu. *(Forseti:* Þær eru með atkvæðagreiðslu þíngsins felldar frá umræðum). Þar sem talað hefir verið um aðferð embættismanna, þá er eg í því efni á sama máli og þíngmaður Skagfirðínga, og samsinni flestu af því, sem hann sagði; það má leingi bíða, að allir verði ánægðir með gjörðir þeirra, og ekkert verði að fundið; en þeir verða að taka þá stefnu, sem þeir álíta að flestum verði til gagns og góða, og flestum að skapi, en einginn gjörir svo öllum líki, og ekki sá, sem öllu ræður. Það er flestu svarað, sem fram er komið viðvíkjandi uppástúngum nefndarinnar. Eg held það, sem nefndin fór fram á, verði erindsrekunum fremur til góðs, að það sjúka fè verði varið frá því heilbrigða, svo það gæti sannfært menn á endanum; því meðan það sjúka er svona haft varúðarlaust, verður því kennt um, ef kláðinn kemur upp, þar sem hann ekki er nú. Reynslan sker úr, og er búin að því. Þíngmenn muna kláðasögurnar 1857 um kláða, sem þá átti

að vera í Norðurlandi, og söguna um kláðann í Barðastrandarsýslu, sem bárust hingað, og allt það uppþot, sem af þeim leiddi, og vèr vitum, hvernig þeim lauk; þetta kalla menn einga reynslu, og það er þó furðanlegt.

Sveinn Skúlason: Mèr þótti ætla að fara að viðra, þegar hinn 6. konúngkjörni þíngmaður stóð upp; það er sá vesti belgíngur, sem eg hefi heyrt, því honum nægir ekki að æpa í þíngsalnum, heldur kallar hann út fyrir vebönd, út um allt land, allan heim; kalla mundi hann, ef hann hefði betri málstað. Ekki er að undra úr þeirri átt, þó hann sveigi að mönnum, og segi, að sannfæríng þeirra sè ekki á rökum byggð, allir trúi blint, nema hann einn; en þó er það hart, þar sem það er sýnt, hvaða árángur stefna hans í þessu máli hefir haft; hann hefir áður sagt, að hann viti ei, hvort kláðinn sè í hinum ömtunum, en þar á móti veit hann og má vita, að hann er hèr. Mig furðaði, hvað þíngmaður Reykvíkínga var spakur í samanburði við fèlaga hans, hinn 6. konúngkjörna, því hann er þó vanur að vera harður á sprettinum. Hinn 6. konúngkjörni talaði um ósannar kláðasögur í „Norðra“ og „Þjóðólfi“, og kvaðst ætla að skrifa sögu þessa máls, líklega til að halda uppi minníngu sinni; en hann á nú eptir að skrifa hana svo, að „Norðri“ og „Þjóðólfur“ geti ekki sèð neinstaðar í saumana hjá honum. Og mèr þykir líklegt, að þeir, sem þekkja til þessa máls, reyni til þess, því kláðasaga hans verður eflaust sannarlegt *„Curiosum“* eða sjaldgæti í bókmenntum vorum. Eg hefi lesið margar skýrslur hans í útlendum blöðum og innlendum, þar sem hann hefir ekki hlífzt við að svívirða hina æðstu embættismenn þessa lands og embættisbræður sína opinberlega. Enginn fær hrós, nema Halldór einn (hríngt). Hann talar um keppni; en þegar þess er gætt, að hann er mest orsök í, að svo illa hefir farið hèr í kláðamálinu, þá er það auðsætt, að það er sjálfs vörn miklu fremur en keppni. Það hefir skyndilega breytzt fjárfjöldinn hèr á Suðurlandi. Eptir skýrslum „Hirðis“ í vetur voru eptir á öllu kláðasvæðinu rúmar 16,000 með öllu aðkeyptu fè, en nú segir þíngmaður Reykvíkínga, að í Borgarfjarðarsýslu sè 35,000, og hinn 6. konúngkjörni, að í Gullbríngu- og Kjósar-sýslum sè 40,000 fjár. Þetta væri nú fljót viðkoma, en eg held þetta sè eigi sem sannast.

Hinn konúnglegi erindsreki, sem situr hèr á þíngi, vèk á það um daginn, að töluverð óánægja væri í Húnavatnssýslu út af ráðstöfunum um kláðann þar. Hann hefir enn ekki svarað spurníngum þíngmanns Húnvetníinga þar að lútandi, og vil eg því vekja máls á

því, svo að hann skýri þessa sögu sína sem glöggast. Eg hefi verið að rekja spor hans þar í sýslu, og held eg hann geti ekki komið fram með það, og þessi framburður hans sè ómerkur, nema hann nafngreini þá, er svo hafa talað; eg hefi rakið ferð hans, og finn eingan, nema ef það skyldi vera bóndinn á Ánastöðum og herkerlíng ein á Kárastöðum. Því hefir verið hreift, að amtmaðurinn í norðuramtinu hafi óhlýðnazt skipun stjórnarinnar; en eg get ekki sèð, að það sè rètt hermt, eða neitt hæft í því; þegar hann ásamt hinum amtmönnunum bjó til frumvarpið, sem leggja átti fyrir alþíngi, þá sagði hann meiníngu sína, svo hún var stjórninni fullljós; síðan var honum falið á hendur með brèfinu 30. sept. 1857, að gjöra það í fjárkláðamálinu, sem hann áliti bezt henta. Eptir að niðurskurðurinn í Húnavatnssýslu var geinginn um garð, er sama ofan á; því stjórnin segist að vísu vera á lækníngum, en segist þó ei vilja grípa fram í aðgjörðir amtmannsins, meðan kláðinn ekki fari út fyrir Húnavatnssýslu; hann hefir því í eingu óhlýðnazt stjórninni. Hvað áhrærir II. 2. á atkvæðaskránni, um að amtmennirnir fái vald sitt aptur, og þar sem nefndin ræður þínginu til, að snúa sèr að erindsrekunum, þá vildi þíngmaður Ísfirðínga ekki gánga inn á neitt af því, sem nefndin og þíngið hefir farið fram á. Hann sagði, að ef að amtmenn feingi valdið aptur, mundi þeir fara að byrja á sínum gamla niðurskurði. Menn máttu nú vita það fyrir, að hann mundi ekki fallast á neitt. En hvað á þá að gjöra? Hèr er meðalalaust, og ekkert til nema tóbak, sem nú er reyndar orðið mest í móð, þegar ekkert er annað til; en annarstaðar eru eingin meðöl, og ekki einu sinni tóbak; því eg veit ekki til, að þeir hafi sèð hinum landsfjórðúngunum fyrir neinum meðulum, og ekki einu sinni fyrir tóbaki, og eg veit þess eingar vonir, að kaupmenn flytji þángað meira tóbak en vant er, og sem varla er nóg handa tóbaksmönnunum. Vilji þeir nú ekki gefa amtmönnunum í norður- og vesturamtinu vald til að kyrkja kláðann með niðurskurði, ef hann skyldi einhverstaðar koma upp, þá verða þeir nú að sjá um, að alstaðar sè nóg kláðalyf. Eg get ekki í skikkunarbrèfi þeirra sèð neina undantekníngu og ei annað, en að þeir hafi vald yfir öllum embættismönnum, og því get eg ekki skilið, að það sè rètt, sem þíngmaður Reykjavíkur sagði, að amtmennirnir hefði vald sitt óskert, meðan kláðinn ekki kæmi þar upp; og hinn erindsrekinn hefir að minnsta kosti látið í ljósi, að hann hafi vald yfir þeim öllum. Þegar þessir kláðaherrar eru nú farnir hèðan af landi, og eingin meðöl eru til, og amtmennirnir

mega ekki skera, ef kláði kæmi upp á einhverjum stað, hvað á þá að gjöra? Á þetta vitlausa vald, sem eingum getur þá að gagni komið, að drepa landsmenn niður, af því að amtmennirnir mega ekki fá aptur vald sitt? Ástæða til breytíngar á valdinu er sú, að þegar ferðalagið er á enda, þá er líka sendiförin á enda, og valdið er þá líka á enda. Eg held nú þeir hafi ekki grætt mikið á ferðinni, því enn þá geta þeir ekki verið orðnir nákunnugir, þó þeir sè greindir menn og góðir. Vèr vitum, að stefna 2 amtmannanna hefir verið niðurskurður, til að bæla sýkina niður. En ef þeir nú ekki mega gjöra neitt, nema kann ske baða úr keitu — því meðöl hafa þeir ekki — þá geta þeir, ef sýkin kemur upp við samgaungur t. a. m. á Vatnsnesinu, eða einhverstaðar, ekkert gjört. Þó að nú erindsrekarnir gefi skipanir til að baða úr tóbaki, getur skeð, að amtmennirnir hafi ekki og geti ekki feingið neitt tóbak, og þá geta þeir ekkert gjört, nema þeir megi sjálfir ráða, eptir því sem til hagar, og þetta held eg ekki væri úr vegi; því eg ætla þeir hafi vit á þessu máli á við hina, og mundi það varla hættulegt; enda má það þykja nýlunda í landstjórn vorri, ef einn nýr riddari og danskur dýralæknir hafa vald til, að setja af amtmenn vora og *konúngsfulltrúann* sjálfan; eg held því, að þeim sè bezt og ráðlegast að takmarka vald sitt í kláðamálinu til hins sýkta svæðis. Hvað atkvæðaskrána snertir, þá ætla eg að styrkja þau breytíngaratkvæði, sem heldur skerpa niðurskurðinn. Eg skil ekki, að hinn 6. konúngkjörni eigi óhægra með lækníngarnar, þó kláðafènu sè þjappað saman; og get eg ekki sèð neinar líkur til, að lækníngarnar ekki megi takast eins vel fyrir það, þó kláðasvíðið nái ekki meira, en austur að Ölfusá og upp að Hvalfirði.

Páll Sigurðsson: Það er svo að sjá, eins og eitthvert eiturblandið töfraafl sè ætíð samferða þessu kláðamáli, því hvernig sem nefndin hefir kostað kapps um, að þræða þann meðalveg, með að sameina sundurleitar meiníngar, bæði þíngmanna, og hinna konúnglegu erindsreka, í þessu mestáríðandi málefni fyrir velferð þessa lands, þá er það allt ónýtt gjört; en þegar verið er að reyna að draga saman stjórnina og þjóðina í málinu, þá rís upp hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, og æðir fram á völlinn, og lætur rigna eldi og brennisteini yfir þíngið, yfir æðri og lægri embættismenn landsins og yfir alla þjóðina, og reynir til með tröllauknum krapti að draga allt sundur, róta öllu um, sem naut í flagi, og spilla allri von um nokkur happasæl afdrif málsins. Það var bæði sorglegt og líka hlægilegt að sjá hann

og heyra; hann snýst um sjálfan sig líkt og skaptkríngla, og allt, sem dregið varð út úr þessari marklitlu rollu, að öðru en hljómnum, var helzt niðurskurðarkenníng, en á meira hríngli, en eg hefi heyrt koma hjá nokkrum skynsömum niðurskurðarmanni; því þar sá eg fyrst mann, sem var sannarlega æstur. Hann sagði, að Íslendíngar hefði ekkert vit á neinni meðhöndlun þessa kláðafaraldurs; hann einn og hans áhángendur þekktu það út í æsar, hann einn hefði í hendi sèr öll vísindi allrar norðurálfunnar, og því ætti menn að trúa sèr í blindni, en hugsa ekkert; æðstu embættismenn, amtmennirnir fyrir norðan og vestan, væri blindir, og með ráðstöfunum sínum steypti þjóðinni í eyðileggjandi kvalir og dauða; þessu var því ómannlegra að útausa yfir amtmann Norðlendínga, sem hann var áheyrandi, en gat ekki borið sjálfur hönd fyrir höfuð sèr; en það þótti ætíð að fornu þrælslegt, að vega að liggjandi mönnum, og var kallað skammarvíg. En eg ætla nú að segja honum, og það í fullri alvöru frá þessum stað í nafni þjóðarinnar, sem fulltrúi hennar, að öll sú óhamíngja, sem Íslendíngar hlotið hafa og enn hljóta af meðferð þessa máls, er að sumra meiníng honum, og í öndverðu honum einum að kenna, því það er eins og hann ekki viti, að hann er manna- en ekki dýralæknir, og þar af flaut ógæfan; hann þóttist í fyrstu þekkja kláðann, en þekkti hann ekki, og því fèkk sýkin að útbreiðast hans vegna; þessi vanþekkíng var nú fyrirgefanleg, þó hún yrði landinu dýrkeypt; því allir eru menn, og getur því yfirsèzt; en þegar hann enn stálsýður heimsku sína með tómu embættisdrambi, og reynir til að villa augu stjórnarinnar, en ausa bannfæríngum yfir þjóðina og þá beztu embættismenn hennar, sem hafa stjórnað í máli þessu vel og viturlega með beztu manna ráði, og samkvæmt vilja hennar, þá sè eg alvarlega svívirðíng foreyðslunnar standandi á helgum stað; því þetta er sú synd, sem ekki verður fyrirgefin; því hefði hann feingið að ráða, þá væri vogestur þessi kominn nú um land allt. Hann kvað nú upp líkan dóm yfir Íslendíngum og Gyðíngahöfðíngjar yfir lýðnum, þeir væri blindir, vissu ekki lögmálið og því bölvaðir; en þá heyrðist önnur rödd, er sagði þeim, að sjáandi sæi þeir ekki, og áheyrandi skildi þeir ekki, og fyrir þeirra drambs- og þvermóðskusakir yrði þeim hús þeirra í eyði látið. Eg vildi nú óska, að ekki lægi þvílík eyðileggíng yfir okkur Íslendíngum eða sonum vorum, sem þá lá fyrir Jerúsalemsborg; en hitt er víst, að fyrir eins manns synd höfum vèr hlotið og kann ske hljótum enn stórkostlega eigna-eyðileggíngu, og ráðist ekki því bet-

ur úr, þá líklega mikið manntjón. Skoði eg nú hins vegar málið frá búsældarhlið okkar Íslendínga, þá er það áður margsýnt, sem og reynslan er allt af að staðfesta, að þar á ber hann ekki hið minnsta skynbragð eða vill ekki bera, og er þar sjáandi blindur. Hann talar mikið um tjón það, sem Norðlendíngar hafa beðið við niðurskurðinn; en heftr nokkru sinni öflugur óvinur, sem vaðið hefir inn á lönd annara, orðið út rekinn utan með eignatjóni, og einkum þegar hann hefir náð að leggja undir sig nokkurn hluta lands, áður hann yrði á hæl rekinn? Og tjónið þótti ætíð lèttbærara, ef sigurs varð auðið, og hann út flæmdur; því þá var með áhuga og fjöri hugsað um, að bæta tjón þetta svo fljótt sem yrði. En hvað er eignatjón Norðlendínga að meta á móti eignatjóni Sunnlendínga? Norðlendíngar hafa unnið sigur á sýkinni, og hafa þar með sameinuðum kröptum hjálpað sèr sjálfir og það vel, og þar til hjálpað Sunnlendíngum um nýjan og mikinn fjárstofn, og eru manna fúsastir til, að gjöra það enn, ef hættunni væri frá rýmt. En hvernig stendur nú hagur Sunnlendínga? Hvílíkt ógurlegt eignatjón er hèr ekki orðið nú í 3 ár? Nú er ekki lifandi í þessum læknîngasýslum meira en 8 kindur af hundraði hverju, og mèr er nær að halda, að það sè svo gott sem eingin sè lifandi af því öllu fè, sem í þessum 3 sýslum var áður; því mjög margt er á næsta ári inn flutt úr Ráng árvalla- og Mýrasýslum, sem eg ekki veit tölu á, en mun nú vera komið í skýrslurnar. Fyrir utan fjártjónið sjálft eru aðrar eigur manna svo burtu foknar í ýmsum tilkostnaði og fyrirhöfn þessara árángurslausu læknîngatilrauna, meðalakaupum fram að þessum tíma, og allt, sem sá kostnaður hefir haft í för með sèr, að það væri ógurleg summa, og verður ekki til ríkisdala virt; jafnaðarsjóðurinn eyddur, og búið að taka upp á hann stórkostlegt lán frá Danmörku; sveitarsjóðir eyddir, og þeir, sem geymdir voru sem helgidómur í svo nefndri fjárhirzlu þessa lands undir æðstu vernd landstjórans, sem til yrði gripið, ef á lægi að kaupa þeim fátæku meðlimum hvers sveitarfèlags brauð með, og einginn annar mátti snerta til annarar brúkunar, eru teknir með valdi, og fleygt út fyrir ónýt kláðameðöl, móti vilja þeirra, er áttu; dýralæknar feingnir frá Danmörku, sem stjórnin verður að senda með ærnum kostnaði hingað, til að hlaupa um meðal fólksins og kláðakindanna, og eiga að ryðja sýkinni burt; hún situr kyr fyrir, og skepnurnar drepast allt í kríngum þá og í höndum þeirra, og þegar þetta ekki dugar, sendir konúngur vor enn 2 fulltrúa sína, til að gjöra nú enda á þessu og reka út þenna ófögnuð, og leggur í

lófa þeirra 30,000 rd. til kostnaðar við þessa athöfn; — er þetta ekki eignatjón? Því þó Danir í beztu meiníngu hlaupi manndómslega og bróðurlega undir bagga, þegar innbúar suðurumdæmisins, sem liggja undir þessum ófögnuði, eru þrotnir að efnum, þá kemur það fyrir sama, það er jafnt eignatjón fyrir því, þó Danir hafi lagt fram styrkinn, þegar hinir voru þrotnir að efnum. En hver er nú orðinn árángurinn? Má eg spyrja: eru þessar fáu skrýmur, sem eptir slóra, læknaðar? Eg segi nei! það fer fjarri, eða sýnið þið mèr allæknað fè! Eg held einginn geti það; því enn er, og það hèr í kríngum sjálfan aðseturstað landlæknisins sjálfs kláðavella á öðrum hvorum bæ, og uppi í ýmsum stöðum í þessum fáu hræðum, sem enn slóra, þrátt fyrir öll þessi mörgu böð og alla fyrirhöfn; svo eg er allt af af reynslunni að sannfærast um, að þessi djöfull ekki verði út rekinn utan með hnífnum, og þó það sè nú orðið miklu verra en fyr, þá er samt betra seint en aldrei. Þó þetta sè nú mín sannfæríng, þá vildi eg samt sem nefndarmaður svo mikið beygja hana undir þá konúnglegu erindsreka, að leggja ekki til að svo komnu algjörðan niðurskurð, heldur að þeim gæfist færi að reyna lækníngar eitt árið enn, og færa það sjúka fè nú saman, svo hægra veitti fyrir þá, að beita lækníngatilraunum sínum með fullum krapti, en hafa utan um súrdeig þetta svo öfluga verði, að það ekki gæti spillt öðru, og því verð eg að vonast svo góðs til hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga, sem er annar þeirra konúnglegu erindsreka, sem er landi vor, og oss að góðu einu kunnur, og sem vèr höfum borið hið mesta traust til, og berum enn, og var því svo viturlega gjört af vorum góða konúngi, að senda oss hann, til að reyna að stilla vandræði þessi, og annan mann danskan, ágætismann og spekíng að viti, þá vona eg svo góðs til þíngmanns Ísfirðínga, að hann muni bæði finna sèr þarft og skylt, að fara líka nokkuð að skynsamlegum ráðum fulltrúa þjóðarinnar; því það veit hann vel, að það hefir enn í gegnum aldir ekki tekizt nokkrum konúngi eða hershöfðíngja, hversu voldugur eða vitur sem verið hefir, að bera sigur úr býtum, hafi liðsmenn eða þegnar þeirra ekki með alefli viljað fylgja, heldur skotizt undan merkjum þeirra, og með því eina ráði er ekki vonarlaust enn, að hann sigrist á óvin þessum, að hann taki þá stefnu, sem allir vilja með alhuga leggjast á eitt með honum, sem eg verð að vona að hann gjöri.

Það er eitt, sem ekki hefir gjört lítið til í þessu máli að æsa það, og þar liggur nú einkanlega í það töfra-afl, er eg um gat, það

er villupostulinn „Hirðir“, sem sá 6. konúngkjörni hefir á kostnað prentsmiðju vorrar verið að púnga út í þjóðina ásamt með þíngmanni Reykvíkínga, sem hann þá fór að hnýta aptan í sig, en sem hefir ekkert vit á þessu máli, hvorki sem vísindamaður í þeirri grein, og í búsældartilliti miklu minna, en vesalasti smaladreingur í sveit; það sýndist þó nær formi, að taka með sèr til þess starfa Teit Finnbogason; hann er þó nefndur dýralæknir, þó aumur þyki í þeirri mennt. Í riti þessu hafa þeir drjúgum gortað yfir framgaungu sinni og aðgjörðum með lækníngaheppni, sem reynslan sýnir þó nú að hefir verið eintómt skrum; töfrað með því suma menn til að leggja trúnað á þetta, og komið þeim til að eyða efnum sínum og kröptum til ónýtis, og dregið þá með því niður í vesöld og volæði; lastað gýfurlega aðgjörðir bæði embættismanna og annara, er ekki hafa viljað dansa í blindni eptir þeirra pípu, og hrópað svo aðgjörðir þeirra sem skaðsamt eitur fyrir velmegun þjóðarinnar, bæði frammi fyrir henni sjálfri, og eins frammi fyrir stjórninni, og með því reynt að sá sandi í augu henni, fyrst með að hafna viturlegri ályktun flestra þíngmanna 1857, og svo að hún vogaði ekkert að gjöra fram að þessum tíma; en eins og þeir hafa kallað hèr til hærra og hærra, svo vil eg nú sem bóndi, og meðbróðir þeirra hèr í salnum, ráðleggja þeim heilræði, og einkum þíngmanni Reykvíkínga, sem ekki hefir betra vit á máli þessu en kláðakind, að þeir fari nú að kalla lægra í þessu máli, og helzt að þeir vildi þagna; því það segi eg þeim satt, að flestir sveitabændur, sem skoðað hafa ritið, og kenníngar þess, og sjá afleiðíngar þær, sem nú eru fram komnar, virða minna þetta óp þeirra, en Þrændur virtu forðum gól hundsins Saurs (*Forseti* hríngir), þegar hann var settur í hásæti konúngs þeirra að þeim nauðugum. Þíngmaður Reykvíkínga sagði, að framið hefði verið glæpaverk með kindadrápi í Rángárvallasýslu af niðurskurðarmönnum; eg legg nú eingan dóm á það; mèr þykir það alllíklegt, að einhverir kunni að finnast í þeim flokki, sem er allur þorri landsmanna, sem kunni að gjöra eitthvert illt verk, og hafa mörg þau afbrotaverk, sem hèr hafa áður á landi fyrir komið, ekki verið í neinu sambandi við þann niðurskurð, sem nú hefir gjörður verið, til að hefta framrás sýki þessarar. En við svo kölluðu niðurskurðarmenn teljum það líka illt verk, ef leitazt er við, að flytja kláðasjúkar kindur inn í heilbrigð hèruð, sem eg hefi þó líka dæmi upp á að bæði hefir verið gjört, og líka leitazt við að gjöra. Eg veit, að þíngmanni Reykvíkínga þykir það ekki illt verk, því hann vill einga verði hafa á hentug-

um stöðum, og lætur sig eingu skipta, þó sýki þessi gángi yfir allt land; en þetta álítum við eitt hið vesta verk, ef heilbrigð byggðarlög af þessu handarviki eru sett í kvalir og dauða. Eg vil því vona, að þingmenn ekki láti tóma háreysti fæla sig, en skoði sig vel um, hvort þeir sjá annað betra ráð, eins og nú á stendur, en halla sèr að uppástúngum nefndarinnar; ef þingmönnum sýnist ráð, að fallast á breytíngaratkvæði þau, sem leingra gánga, þá mun eg verða þá líka fús að fylgja þeim.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Við undirbúníngsumræðu máls þessa reyndi eg til, að sýna fram á allan þann tvískinnúng, sem var í öllu álitsskjali nefndarinnar. Það þykist gánga út frá því, að lækníngarnar sè hið æskilegasta, en þegar öllu er á botninn hvolft, er auðsèð, að hinn strángasti niðurskurður liggur til grundvallar. Þetta gefur mèr enn ástæðu til að fara nokkrum orðum um málið, og einkum um samjöfnuð milli lækníngа og niðurskurðar, og gjöri eg það reyndar einna helzt til þess, að sýna virðíngu mína hinum háttvirtu þingmönnum, sem eru á annari skoðun en eg í þessu máli. Eg ætla þá fyrst að skoða þetta mál frá því sjónarmiði, sem allra næst liggur, og sèrhverjum er í augum uppi. Þegar skepna manns verður veik, þá verður það flestum fyrst fyrir, að gjöra henni til góða meðan menn geta, en hlaupa ekki í að drepa hana fyr en útsèð er um, að hún getur ekki lifað; þetta sýnir nú reynslan; en hèr er nú öðru máli að gegna, þegar tekið er til niðurskurðar; því að eigendurnir eru eins og í bardaga við sínar eigin skepnur, og þá er sjálfsagt, að þær verða að lúta, vegna þess þær eru varnarlausar, og lagðar undir fætur húsbænda sinna. Þetta er það, sem hefir leitt menn til þeirrar skoðunar, að menn sè skyldir að bæta veikindi skepna sinna, og hjúkra þeim, og með því gjöra þær arðmeiri fyrir sjálfa sig. En þegar veikindi á skepnum manns koma fyrir, þá fara menn í þeim efnum að eins og í flestum öðrum, að menn leita lags, eða leita sèr ráða hjá þeim, sem hafa bezt vit á meðferð skepna og lækníngum. Þetta er líka samkvæmt því, að menn fylgja sjálfir ráðum læknanna, því þegar menn eru veikir, þá gjöra menn það, sem læknirinn leggur fyrir mann, og taka hans ráðum og áliti á eðli sjúkdómsins; ættum vèr þá ekki eins að fylgja læknaráðum, þegar skepnur vorar eru veikar?

Þegar mál þetta kom til umræða á seinasta þingi, voru menn því miklu ókunnugri en nú, og hafði þá svo að segja einginn aðra hugmynd, en að kláði þessi væri ólæknandi pest, og vildu því ekki

einu sinni reyna lækníngar; þessar umræður ollu því, að margir gripu það haust til niðurskurðar. Menn höfðu þar að auki fyrir sèr dæmið af fyrra kláðanum, frá 1772, þegar Thodal stiptamtmaður gekkst fyrir, að niður væri skorið. Af þessu leiðir, að menn hafa byrjað á, að álíta niðurskurðinn eina meðalið, en eg get sagt þeim það, að með því sýna þeir, að þeir eru lángt á eptir tímanum, því menn hafa síðan fundið þau meðöl við sjúkdómi þessum, sem hafa reynzt óyggjandi, og eru nú við höfð í flestum löndum, og eru þessi meðöl þar að auki miklu mannneskjulegri. Mèr sýnist, að menn hefði fullkomlega getað ætlazt til, að Íslendíngar hefði í fyrstu af allri alúð reynt að lækna skepnur sínar, og þegar reynslan hefði þá sýnt, að lækníngar gæti ekki dugað, þá fyrst hefði þeim orðið fyrir að grípa til óyndisúrræðanna, að drepa niður; því sú skepna, sem einu sinni er dauð, lifnar þó ekki aptur, hún er misst að fullu og öllu. En þetta er nú ekki gjört, heldur er fylgt hinni fyrri stefnu, að eyða öllu fyrir sjálfum sèr, án þess að reyna fyrst að bjarga því, sem kostur væri á að bjarga. Aðferðin í þessu mali er annars hèr á landi öldúngis hin sama, eins og ávallt endranær, þegar einhver ný skoðun fer að ryðja sèr til rúms; þeir sem fyrst koma með hana, eru kallaðir heimskíngjar og föðurlandssvikarar og öðrum illum nöfnum; hinir, sem fylgja gömlum óvana, eru kallaðir hyggnustu og reyndustu og beztu menn landsins; en hin nýja skoðun ryður sèr smásaman til rúms, eptir því sem menn fara að smásjá fram á, að sú aðferðin er betri, að reyna að bjarga skepnum sínum, heldur en að skera þær jafnskjótt og þeim verður illt. Nú eru menn komnir á næsta stig frá beinlínis niðurskurði, því nú eru margir, eða allir enda, sem játa, að sýkin sè vel læknandi í sjálfu sèr, en ekki *hèr*, vegna þess að við sèum hèr undir verra loptslagi, en allar aðrar þjóðir; menn sè hèr almennt slóðalegri og trassasamari en annarstaðar; við getum ekki hèr náð til meðala, vegna þess landið sè svo afskekkt, o. s. frv. Eg vildi nú helzt óska, að vèr tækjum heldur það ráðið, sem betur gegnir, þó að seint sè; og þó að margar hindranir sè á að fram fylgja lækníngum, þá megum vèr þó ekki ímynda oss þær ógurlegri, en þörf er á, fyr en vèr sjáum, að vèr getum ekki yfir stigið þær. Ef kláðinn væri ólæknandi, þá yrði hann að vera það annaðhvort af náttúrunni, eða af þeim kríngumstæðum, sem eru komnar undir frívilja manna. Nú er einginn, sem segir, að hann sè ólæknandi af náttúrunni, fremur hèr en annarstaðar; þá hlyti hann að vera það af frívilja manna, eða af því, að þeir hefði

ekki alúð í sèr eða framtak til að gjöra það, sem gjöra þarf; en eg hefi nú í sumar heyrt marga menn segja, að eptir því, sem þeim lærist aðferðin við lækníngarnar, þá þykir þeim ekki orðið annað en leikur að lækna kindur af kláða á 6 vikum; og þetta eru sömu mennirnir, sem töldu kláðann ólæknandi pest í hitt fyrra, áður en þeir þekktu meðölin og aðferðina. Þessum mönnum trúi eg, og þeir hafa líka reynslu fyrir sèr; eða skyldi þeir nú vera orðnir heimskari en þeir voru þá? Skyldi þeir þá hafa verið teljandi í röð spekínganna, en nú vera setjandi í hóp heimskíngjanna?

Viðvíkjandi því búmannslega, þá kunna sumir að vera á því, að það sè rètt búnaðaraðferð, að drepa niður fèð; en þeir verða þá að gefa sèr *það* fyrir fram að minnsta kosti, að nógur fjárstofn sè til, svo að þeir geti feingið fè aptur í staðinn. En þetta verður ætíð hæpið, og ekki nein búmannsaðferð, jafnvel fyrir einstaka menn, en alveg ófært, þegar talað er um, að drepa allt fè í 4 sýslum. Það, sem mest ríður á í þessu atriði, er, að hafa það hugfast, að hinn einstaki maður má ekki líta á sín eigin not einúngis, eða hvað hann geti komizt af með, heldur verður hann að skoða fè annara, sem sitt eigið. Eg á einga kind, en samt get eg ekki annað, en skoðað hverja skepnu annara í þessum kríngumstæðum sem eg ætti hana sjálfur, eða sem landsins eign, sem eign þjóðarinnar, og því vil eg að sem bezt sè farið með hverja skepnu, og sem flestu bjargað, en eg álít synd að drepa þær að nauðsynjalausu, þegar þeim verður bjargað, og eyða þannig fè landsins. Niðurskurðurinn er því ekki búmannslegur, en lækníngar eru á fremra stigi í búmennsku en niðurskurðurinn; eða skyldi það vera búmannslegt, að láta fèð út steypast í kláða, án þess að hyggja að því, eða hafa aðgæzlu á því? Það mun þó hver búmaður sanna með mèr, að minna kostar að hafa stöðuga aðgæzlu á fènu, en að láta það steypast út fyrir nenníngarleysi, og neyðast síðan til, að verja margföldum kostnaði og umhyggju til lækníngа fjárins, eða að skera niður fè sitt að öðrum kosti. Það hefir verið sagt, að niðurskurðurinn kæfi kláðann í fæðíngunni, en lækníngarnar ali hann; eg neita því ekki, að niðurskurðurinn tekur fljótar af, og hin dauða kind verður ekki aptur sjúk, en dautt er og verður þó altènd dautt, fjáreignin er eydd, stofninn er eyðilagður, mikil auðæfi eru spillt fyrir landinu, og það eina, sem menn geta huggað sig við, er það, sem hrossalæknirinn sagði forðum um sjúklíng sinn: hann dó reyndar, en sóttin fór úr honum. Hèr munar ekki um fáar kindur, 4 eða 5, en það munar um 10 til 20,000 fjár,

og hverju eru menn nær, þegar menn vita svo ekki, hvort sjúkdóminum sè út rýmt eða ekki, en það vita menn aldrei með niðurskurði; það er víst, að lækníngarnar þurfa lángan tíma og mikið ómak, og nákvæma pössun, en með þeim vita menn þó, hvað menn gjöra, og hvernig á stendur. Í fyrra haust þótti mönnum ekki ísjárvert, að skera niður á nokkru svæði á Suðurlandi, því þá var nóg fè bæði fyrir norðan og austan, en hvernig fór? — Fellivetur kom á eptir, og nú er ekki fè aflögu, hvorki fyrir norðan nè austan. Nú mega Rángæíngar, sem skáru niður í fyrra, og treystu fjárkaupum nyrðra og eystra, nægjast með lítinn eða eingan stofn. Ef nú kemur aptur annar eins vetur og seinast, hvar er þá stofn að fá? Menn vita heldur ekki, nema kláðinn liggi niðri í sumar og framan af í haust, og komi upp í vetur, eins í þessu aðkeypta fè og hinu, eða í þeim svo kölluðu heilbrigðu hèruðum, þegar ekki er hugsað fyrir neinu, nema niðurskurði. Það er ekki heldur vissara, að verja samgaungum með vörðum en með lækníngum. Niðurskurðurinn er eins og þegar menn höggva rjóður í skóg, þá slær stormum og hretviðrum niður í rjóðrið, og blæs upp allan skóginn, en hinn, sem kann aðferðina, grisjar skóginn þar sem við þarf, gróðursetur og læknar hann og hlynnir að honum, en eyðileggur hann ekki.

Eg hefi nú sýnt þessi tvö aðalsjónarmið, sem skoða má þenna sjúkdóm frá, og eg vil segja hinum háttvirtu alþíngismönnum það, að þeir verða að vera mjög aðgætnir í þessu máli, að þeir ekki spilli þar, sem þeir eiga að bæta, og án efa vilja bæta. Eg vil, að alþíngi sýni það í þessu máli, að það geti sett sig á það sjónarmið, sem sýnir augljóslega, að það sè fært um, að eiga þátt í að stjórna þessu máli. Það getur sýnt þetta með því, að byggja að eins á dómi þeirra manna, sem hafa fullkomna þekkíngu á málinu í eðli þess, byggða á reynslu margra landa; með því, að styrkja framkvæmdir stjórnarinnar í þá stefnu, sem byggð er á þessara manna dómi og reynslu, en alþíngi má ekki sýna sig í, að vilja grípa inn í það, sem gjört er, til að raska því, eða að kveykja efasemdir og dreifa sögum út um landið, sem skemma alþýðu og spilla vilja hennar til að gjöra það, sem rètt er. Ef menn vilja hafa út rýmt kláðanum með lækníngum, — og það segist nefndin þó helzt vilja, — þá verða menn að vara sig á því, að ala ekki niðurskurðarhugmyndir, og það situr ekki á þeim, sem eiga ósjúkt fè, eða alls ekkert, að kreppa að hinum, sem eiga kláðasjúkt fè, til að eyða stofni þeirra bótalaust. Það er sjálfsagt, að það er vorkun, þó menn kvíði fyrir, ef kláðinn kem-

ur til þeirra, en hinir háttvirtu þingmenn að norðan, austan og vestan verða að setja sig í hinna stað, og vara sig á því, að þó sumir kunni enn að vera niðurskurðarmenn í suðuramtinu, þá eru hinir enn fleiri nú, sem vilja lækna, og eg vil ekki á nokkurn hátt vera með að hindra þá, því mèr þykir of mikið varið í framfarir þeirra til þess, að eg vilji gjöra þær að eingu út í bláinn. Ef alþingi hefði löggjafarvald, þá kynni það að geta framfylgt öðrum ráðum í þessu máli, eða neytt stjórnina til að fara öðruvísi að, eða stökkt þeim úr sæti, sem ekki væri eptir þess vilja; en nú er alþingi ekki nema ráðgjafarþing, og á meðan skoða eg alþingi eins og úngan mann, sem verður að læra að hlýða, áður en hann getur feingið að skipa. Eins verður alþingi að vita, hvernig ráðgjafaþing verður að fara að, áður en það fær framkvæmdina í hendur. Hinir háttvirtu þingmenn vita, að þeim er feingin framkvæmdin í hendur, sem jafnvel þingmenn sjálfir þykjast hafa bezt traust til, eða sem bezt eru faung á. Eg ætla ekki að ætlast til meira trausts af þinginu, en eg á, en það þykir mèr undarlegt af nefndinni, að hún vill hindra það, sem hún þykist vilja, bandar á móti lækningum, en þykist þó vilja þær; kvartar um útlenda harðstjórn, en gjörir þó alla innlenda stjórn ómögulega; segir að lækningar sè æskilegastar, en heldur þó einmitt fram því embættisvaldi, sem mest hefir fylgt fram niðurskurði, og vill sem fyrst hafa því valdi af lètt, sem fram fylgir lækningum. Mèr sýnist nú, að þegar menn viðurkenna, að lækningar liggi næst og sè beztar, þá ætti þingið að taka með þökkum fè því, sem veitt er til að fylgja þeim fram, og láta þær í tè, eða lofa mönnum þó að minnsta kosti að vera í friði, til að koma fram lækningunum sem bezt þeir geta.

Það hefir verið rætt mikið um, hvort kláðinn sè innlendur eða útlendur, og það hefir verið sagt, að það sè svarið með eiðum, að hann sè útlendur, en það verð eg nú að segja, að er ekki nema undarlegur misskilningur. Eiðarnir eru ekki annað en það, að hèr hafa einúngis verið yfirheyrð fáein vitni tveim árum eptir að hin ensku lömb komu að Mýdal. Sá maður er hèr á þingi, sem stóð fyrir þessum þingsvitnum, og ef eg man rètt, þá hefir hann skrifað, að hann áliti þar með alls ekki sannað, að kláðinn sè kominn af þessum lömbum; hann getur sagt til, hvort eg mishermi þetta, en um sama leyti og kláðinn brauzt út í Mýdal og var hèr syðra, skrifaði amtmaðurinn í vesturamtinu stjórninni til, — eg trúi um veturinn 1856—57 —, að kláði væri í Mýra- og Dalasýslu, og bað stjórnina

um lyf og um að senda dýralækna, til að reyna að lækna hann. Sama árið var talað og ritað um óþrifakláðann í Húnavatnssýslu; skoðanir á kláða fóru fram í Eyjafjarðarsýslu, og í Axarfirði voru um haustið 1857 skorin lömb úr kláða; það hefi eg brèflegt. Menn geta sagt, að kláðinn þar sè ekki saknæmur, en hvað kemur þá til, að hann er saknæmur hèr? Eða ætli það sè af því, að kláðinn sè annar í eðli sínu? Það segir einginn af þeim læknum, sem hefir til hlítar rannsakað þetta mál, heldur er það komið undir ýmsum kringumstæðum. Eigi að síður, þó kláði hefði stúngið sèr niður hèr og hvar um allt land, stóðu margir fastir á því, að sannlenzki kláðinn væri hinn eini saknæmi, og ætluðu að verja honum með vörðum á fjöllum uppi. En reynslan sýndi, að ári eptir hafði kláðinn smogið verðina, sem voru á fjöllum, og komið — svo segir sagan — frá Reykholtsdal norður í Húnavatnssýslu. Læknar segja nú reyndar að Reykholtsærin muni hafa verið saklaus, og að kláðinn muni hafa verið innlendur í hèraðinu; en hvort sem er, þá er það víst, að verðirnir hafa ekki varið kláðanum.

Nú vil eg sýna hinum háttvirtu þingmönnum fram á, hvað niðurskurðurinn hefir áorkað. Árið 1857 var skorinn valdskurður á tveim bæjum í Rángárvallasýslu, og þá var sagt, að nú hefði verið nóg skorið, og hinn háttvirti þingmaður Rángvellínga sagði 1857 á þingi, að þá væri sú sýsla alveg heil og kláðalaus, en í fyrra var hún samt öll saman útsteypt. Þá var aptur skorið niður eptir því, sem menn vildu sjálfir, sjúkt fè eða heilbrigt eða grunað, og eyðilagður mestur hluti af fjárstofni sýslunnar, svo nú er helmíngur hennar alveg sauðlaus; í hinum sýslunum eiga læknínga rnar að hafa drepið, en ef satt skal segja, þá eru það niðurskurðarmennirnir einmitt sem hafa valdið því, bæði með sínu dæmi, og með því, að þeir hafa komið þeim ótta inn hjá öðrum, að læknínga rnar dugi ekki, nema um tíma, og þeim verði ekki komið við, nema á 10—20 kindum, þar sem hið sanna er, að maður getur haldið svo mörgu fè heilbrigðu og læknað það, sem maður hefir efni á að hafa undir reglulegri pössun. Viðvíkjandi niðurskurðinum, þá er það sagt í nefndarálitinu, að í suðurumdæminu hafi farizt 5 kindur af 100 af kláðanum, en nefndin getur ekki þess, að í Húnavatnssýslu var á einum mánuði drepinn niður þriðjúngur af öllu fènu í sýslunni, mestallt heilbrigt, og þar hjá á vesta tíma árs, og hvað eru þá Húnvetníngar nú betur farnir? Þeir hafa litlar sem eingar skaðabætur feingið, og hinir amtsbúar hafa beðið miklar búsyfjar af, sem ekki er sèð fyrir endann á.

Að svo mæltu ætla eg að leyfa mèr að snúa mèr að uppástúngunum á atkvæðaskránni. Um staflið *A* ætla eg nú ekki að fara mörgum orðum, því hann mun líklega þegar vera dæmdur, eptir þeirri stefnu, sem málið hefir haft hèr á þínginu. Eg get enn sem fyr einga þýðíngu sèð í uppástúngu nefndarinnar *C*, I; það getur ekki staðið á neinu, þó alþíngi fari að lýsa yfir ábyrgð þeirri, er stjórnin hefir hvort sem er á meðferð þessa máls; eg held, að sá rèttur, sem alþíngi þar með ætlar að geyma sèr, verði ekki árángursmikill, því það eru ekki nema tóm orð; eg læt það öldúngis vera komið undir hinum háttvirta *konúngsfulltrúa*, að hve miklu leyti honum þykir eiga við, að taka á móti eða mæla með slíkri uppástúngu. *C*, II, 1., um hina svo nefndu tryggu verði, held eg að rèttast væri, að yfirláta mönnum heima í hèruðum, og eg verð að játa, að eg hefi ekki mikla trú á fjallavörðum, eða að setja verði á Kjöl, því það álít eg ekki annað en barnaspil; það getur verið, að á sumum stöðum sè gagn að verði, en nú sè eg einga ástæðu til þess, þegar menn gjöra sèr allt far um, að að skilja sjúkt fè frá heilbrigðu, gæta fjárins heima, þar sem grunað er, og baða svo víða sem þarf. Þar sem í uppástúngunum er talað um embættisvald amtmannanna, þá get eg ekki skilið, að þíngmenn sè í vafa um, að þegar hinir konúnglegu erindsrekar finna ástæðu til, að gjöra ráðstafanir í þeirra umdæmum, þá hafa þeir vald til þess, og amtmaðurinn er skyldur að styrkja þá til, að fylgja því fram, eins og stiptamtmaðurinn hefir líka hingað til með allri alúð styrkt okkur; hins sama vonum við einnig af hinum amtmönnunum, ef á þyrfti að halda. Eg er samdóma hinum háttvirta *forseta*, að það sè gott að þreingja svið sýkinnar, og það munu eingir fremur vilja en erindsrekarnir; við vildum helzt, að kláðasvæðið væri svo þraungt, að það væri ekki nema einn bær; en það er yfir höfuð mest komið undir því, hvað menn meina, þegar menn tala um að þreingja svið sýkinnar. Hinn háttvirti *forseti* hèlt líka fram *C*, II, 4, en á því er eg töluvert deigari. Breytíngaratkvæði þíngmannsins frá Snæfellsnessýslu komu mèr reyndar nokkuð á óvart, því eg hèlt hann væri meiri lækníngamaður en svo, og væri ekki svo mjög á eptir tímanum, eins og mèr sýnist lýsa sèr í uppástúngum hans, því þær eru líkastar því, að þær væri komnar fram á dögum Loðvíks fjórtánda. Eg veit ekki, hvort hann ætlast til, að menn skuli virða að vettugi rètt eiganda á fènu, þar sem menn eiga að vera skyldir til að selja það eður skera. Hann ætlar kaupendum styrk af þeim 30,000 rd.; en það er skoðunarmál,

hvort fèð yrði ekki dýrara en þeir 30,000 rd., eg er reyndar viss um það yrði. Það er yfir höfuð að tala skrítið, hvað mart menn ætla að gjöra með þessum 30,000 dölum; það er eins og þeir væri slík uppspretta, sem aldrei gæti geingið upp; þegar þeir eru nefndir, þá segja þeir, eins og haft er eptir manninum: „nóg er hafið til að drífa í", en eg er samt hræddur um, að þeir mundi ekki endast til að kaupa allt það fè, sem nú er í Borgarfjarðarsýslu einni, auk heldur meira. Af uppástúnguatriðunum geta menn heldur ekki sèð, hvaða fè meint er, hvort það er kláðafè eða allt fè, sem til er í sýslunni; eg ímyndaði mèr, að þingmaðurinn mundi álíta það heilbrigt fè, sem ekki er með kláða, og viðurkenna, að læknaða fèð væri eins heilbrigt og hitt, sem eingan kláða hefði feingið; en eg get einga ástæðu sèð til að út rýma því fè, sem er jafnvel betra en hitt mundi verða, sem aptur kæmi. Þar sem nefndin talar um, að skora á erindsrekana, þá er það öldúngis á þingsins valdi; við munum gjarnan vilja koma okkur saman við góða menn í þessu máli, en eg vona, að þingið misvirði ekki, þó við skipum ekki mönnum tilgángslaust að kaupa eða selja fè sitt; okkur hefir ekki einu sinni komið til hugar, að gæta að, hvort við hefðum vald til þess eða ekki. Eg er viss um, að hin fyrri áskorun er ekki að skapi Borgfirðínga, svo eg veit, að þingmaðurinn þaðan hefir ekki meiri hluta kjósenda sinna með sèr.

Nú vil eg leyfa mèr að svara því nokkrum orðum, er einstöku menn hafa orðið til að benda að mèr. Þingmaðurinn frá Austur-Skaptafellssýslu skýrskotaði til „Ávarps" okkar til Íslendínga um, að kláði kæmi þráfaldlega í öðrum löndum; en þar er ekki sagt, að hann komi upp aptur og aptur, heldur að hann komi þar opt fyrir, og það er ekki að undra, þó kláði komi þar í fè undir heitu og saggasömu loptslagi, en það er einmitt þetta, sem hefir kvatt þá til, að bæta fjárrækt sína. Þar eru trassar líka, eins og hèr, en stjórnin í hverju landi tekur alvarlega í taumana þegar þarf, og lætur annaðhvort lækna eða skera eptir vissri stefnu. Hann sagði líka, að einstakir menn kynni ekki að blanda lyfin; en þau eru blönduð, þegar menn fá þau, og þarf ekki annað, en slá í þau vatni eða hlandi. Þar sem þingmennirnir frá Norður-Þingeyjarsýslu og Húnavatnssýslu sögðust ekki skilja í, að menn fyrir norðan væri óánægðir með niðurskurðinn, og skoruðu á mig, að tilgreina þá, þá finn eg mèr ekki skylt, að nefna alla þá, sem eg talaði við. Eg get sagt það, að það var almennt álit í vesturhluta Húnavatnssýslu og norðurhluta Strandasýslu, að niðurskurðinum hafi verið framfylgt gíf-

urlega, bæði með lögum og ólögum. Hvernig hefir verið farið að við Kristján í Stóradal, eða við sèra Gísla á Staðarbakka? Fleiri bændum hefir verið gjörður aðsúgur, jafnvel um nótt, til að kúga þá til að skera niður heilbrigt fè; þarf eg að geta um, hver aðferð hefir verið höfð við Jónas á Rófu, Andrès á Bjargi og fleiri? Eins hefði verið skorið á Vatnsnesi, ef einstakir menn hefði ekki sett sig á móti því, og hefði því orðið framgeingt, þá hefði Vatnsnes verið í fári nú. Stefán bóndi á Ánastöðum, merkur maður, sagði mèr, að hann hefði opt sèð og haft kindur með verri kláða, en þessum svo kallaða sunnlenzka, og hafi hann æfinlega læknað hann; hann hèlt þess vegna, að kláði þessi þyrfti alls ekki að vera útlendur, heldur gæti vel verið innlendur, og komið upp hvar sem er. Þíngmaður Húnvetníinga mun nú reyndar ekki gjöra mikið úr dómi hans, af því fáir þar í sýslu eru, ef til vill, á hans máli, en það er ekki víst, að hans dómur sè þar fyrir rángur, þó maðurinn sè einn á bandi. Þíngmaðurinn frá Dalasýslu fannst mèr eins og halda bagal sínum á lopti, og ætla að lesa messu yfir mèr; eg viðurkenni andagipt þá, sem lýsir sèr í ræðu hans, en þar sem sú var niðurstaðan í henni, að eg bryti af mèr hylli þjóðarinnar, ef eg yrði ekki niðurskurðarmaður, þá mun eg þó ekki láta af sannfæríngu minni þar fyrir, meðan eg veit hún er rètt. Það getur og vel verið, að lækníngarnar kunni að misheppnast, en eg geing glaður frá vinnu minni hèr, þó kríngumstæðurnar kunni að hindra, að verk mitt fái svo fullkominn framgang, sem það gæti feingið; eg hefi kann ske komið of snemma, en það vona eg að lagist með tímanum. Hann sagði, að menn gjörðu kláðann innlendan með lækníngakáki, en hann mun geta skilið það, ef hann gætir vel að, að kláðinn loðir við fèð, meðan fè er til, eins og *menn* geta feingið kláða, meðan menn eru til, og þessi kláði, sem hèr er, er eflaust innlendur, þó eg vilji eingan veginn neita því, að kláði geti einnig komið frá útlöndum. Þíngmaðurinn úr Suður-Þíngeyjarsýslu sagði, að stjórnin færi fram með lagaleysi; það er þá gott að þeir hafa haft lög fyrir niðurskurði sínum Norðlendíngarnir! Eg skil ekki, að það geti verið lagalaust, að fara eptir konúngsskipun, og í hans umboði segja fyrir, því sem þarf; hann sagði, að sumir hlýddi fyrir penínga. og væri keyptir til að lækna, en ætla mætti ekki segja líka, að sumir hafi verið lokkaðir til niðurskurðar fyrir penínga. Það munu þó allir vita, að það var vonin um skaðabætur og um fè aptur, sem lokkaði flesta; og hvort ætli að sè mannúðlegra, að leggja fè til skyrks við lækníngar,

eða að koma fram niðurskurði ýmist með hótunum eða loforðum, sem þá stundum aldrei verða ent. Hann sagði, að meðölin væri svikin og upp geingin; það held eg hann hafi dæmt bæði af hlutdrægni og ókunnugleik. Það eru meðöl til víða uppi í sveitum, þar sem veikt fè er, og að þau sè eða hafi verið svikin, neita eg með öllu. Það getur æfinlega við borið, að þau ekki vilji renna í sundur, og það geta menn eingin svik kallað. Tóbakið held eg að Norðlendíngum farist ekki að lasta, því þeir hafa svo opt læknað með því, og það meðal hefir bæði verið til og ósvikið, sem eg vona þíngmaðurinn megi játa. Það er að öðru leyti ekkert líklegra, að kláðinn hafi komið frá Suðurlandi í Norðurland, heldur en að norðan suður, eptir þeim upplýsíngum, sem nú eru komnar fram um norðlenzka óþrifakláðann; því hver getur sannað, að maurinn í Holti sè annarar tegundar, eða að hann geti ekki tímgazt? Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *forseti* sagði, þá þarf eg ekki að halda svörum uppi fyrir stjórnina í því efni, en eg ætla einúngis að vekja athuga manna á, að konúngurinn er vanur að svara ekki fyr tillögum alþíngis, en í auglýsíngu til næsta þíngs; en hann hefir þó svarað þessu máli fyr, því svarið liggur í ráðherrabrèfinu til stiptamtmannsins, sem hann að minnsta kosti skildi fullvel, og eins amtmaðurinn fyrir vestan, að því eg hygg, svo það var ekki líkindi til, að hinn þriðji amtmaðurinn gæti verið í vafa um það. Hann sagði, að við hefðum eingar ráðstafanir gjört í hinum ömtunum, og þar væri því einginn kláði. Þetta er satt, að við höfum ekki fundið þar kláða, svo þörf væri á nokkrum ráðstöfunum þess vegna að svo stöddu, en við fundum, að heilbrigðisástand fjárins var víðast hvar á þann veg, að kláði mundi geta upp komið, þar sem nokkrar kindur voru nær á hverjum bæ á bezta tíma árs með hrúðrum og jafnvel voggrísum, ekki að nefna færilús og fellilús. Samt hèlt *prófessor Tscherning,* að ekki þyrfti að gjöra ráðstafanir til lækníngа á þessu, eptir því, sem á stendur hèr á landi, þó hann ekki hefði þorað annað, ef það hefði verið í Danmörku. Af þessu er auðsætt, að heilbrigðisástand fjárins er eingan veginn tryggt, það er sem menn segja milli húsgángs og bjargálna. Það hefir verið sagt, að baðanir sè víða ekki framfarnar, og það er satt, einkum í efra hluta Árnessýslu; en það er því að kenna að nokkru leyti, að undirbúníngur baðanna var svo lángur, að komið var fram á slátt, þegar til átti að taka. Sumir eru heldur ekki eins viljugir að lækna og aðrir, og svo var það líka í Árnessýslu, og þá þarf tíma til að fá menn til að gjöra það, sem gjöra skal;

en eg held það sè eingin ástæða fyrir þíngið til að óttast, að þessum sýslum verði ekki óhætt, ef þessu verður haldið áfram með stöðuglyndi, sem nú er byrjað, og vonum við, að kláðanum verði hèr bráðum með öllu út rýmt, því hann er víða horfinn við fyrsta og annað bað. Sumstaðar er hann að vísu ekki horfinn, en þar verður haldið áfram að baða, þángað til fèð er heilbrigt. Hinar almennu baðanir eru líka miklu betur tryggjandi, en verðir á fjöllum, því baðanir verja miklu betur útbreiðslu kláðamaursins en nokkrir verðir. Þó að stjórn þessa máls af okkar hendi kunni því að vera ábótavant í sumu, þá verða menn að gá að því, að á sex vikna tíma verður ekki annað eins mál á enda kljáð, og eg held, að ef hvert annað mál hefði á hverjum sex vikum annan eins framgáng og þetta hefir nú haft, þá mætti alþíngismönnum þykja það allgott, eptir því sem við höfum átt að venjast.

Jón Pètursson: Eg finn mèr skylt, að svara áskorun þíngmanns Ísfirðínga um próf það, sem eg tók í Mýdal og Hraungerði 1857. Fyrir alþíngi um sumarið skipaði stiptamtmaðurinn mèr að rannsaka, hvort fjárkláðinn væri kominn af ensku lömbunum; og samkvæmt þessari skipun tók eg þá próf bæði í Mýdal og Hraungerði um það, hvað menn vissu um uppkomu og útbreiðslu fjárkláðans á þessum stöðum og þar í grennd, sem ensku lömbin höfðu verið; en um leið og eg skilaði prófi þessu stiptamtmanni, gjörði eg honum skriflega grein fyrir, að það að eins hefði getað geingið út á að rannsaka, hvað menn vissi um upptök og útbreiðslu kláðans, en mèr væri ómögulegt að segja, að kláðinn væri kominn af ensku lömbunum, því mig vantaði til þess, að geta sagt það með rökum, alla þekkíngu í dýralækníngafræði; eg gat sumsè ekki tekið upp próf, nema um það *„factiska“*, eða um sjálfa útbreiðslu kláðans, nè upplýst annað; en að draga út af þeim órækar ályktanir um orsökina, gat eg ekki, því mig vantaði, sem sagt, næga þekkíngu til þess.

Framsögumaður: Eg skal ekki þreyta þíngið með lángri ræðu, enda get eg ekki búizt við því, að þíngið mundi vilja hlýða eins leingi á mig, eins og þíngmann Ísfirðínga; eg þarf og heldur ekki að eyða svo mörgum orðum til að svara hinni laungu ræðu þíngmannsins, því hann kom nú með fátt það, er eigi er búið áður að svara, og reynslan búin fullkomlega að hrekja. Fyrst var nú þíngmaðurinn leingi að berjast við skugga sinn, þar sem hann var að tala um algjörðan niðurskurð í nefndarálitinu, því hann er hvergi nefndur þar á nafn, heldur er þar að eins talað um skynsamlegan niðurskurð. Ef eg

annars ekki vissi, að þíngmaðurinn væri svo vel læs á skinnbækur, sem hann er, þá mundi eg efast um, að hann væri lesandi, því svo mjög hefir hann ránglesið, að eg eigi segi rángfært orð og greinir nefndarálitsins. Þíngmaðurinn var heilan tíma að klifa á því, að nefndin hefði viljað lækníngar, en lenti þó í niðurskurði. Þetta er nú meðal annars öldúngis ránghermt; nefndin sýndi fram á, að tvær aðferðir eða vegir væri fyrir hendi, til þess að ná tilgángi málsins; væri annar lækníngar, en hinn niðurskurður. Nú segir nefndin, að af þessu tvennu vildi hún heldur lækníngar, *ef hún með nokkru móti gæti séð,* að tilgánginum yrði náð með þeim. En nefndin hefir sýnt með þeim ástæðum, er þíngmaðurinn hefir varla reynt að bifa, að fjársýkinni mundi aldrei verða út rýmt hèr á landi með eintómum lækníngum, heldur að eins með skynsamlegum niðurskurði. Þetta er nú allur sá tvískinnúngur, er þíngmaðurinn hefir getað fundið í nefndarálitinu, að hvortveggja aðferðin er athuguð og metin, en eigi einblínt á aðra þeirra einúngis, eins og hinn háttvirti kláðareki hefir jafnan gjört. Þíngmaðurinn fór þessu næst að tala um þá framför, að nú áliti menn kláðann eigi framar ólæknandi. Eg veit ekki til, að menn hafi nokkru sinni, sízt nokkuð almennt, neitað því, að eigi mætti lækna kláða á kind og kind, en hitt efast menn um, að þær verði svo allæknaðar, að kláðinn komi aldrei aptur fram í sömu kindinni, og um það er allur almenníngur *nú* orðinn sannfærður af reynslu þriggja ára, að útbreiðslu kláðans verður eigi varnað, hvað þá heldur, að kláðanum verði út rýmt með eintómum lækníngum, og það er aðalefnið í þessu máli. Aptur á mót get eg sagt þíngmanninum frá annari framför í vísindasögu kláðans, og hún er sú, að þar sem sumir sögðu, er vit hafa þótt hafa á kláðanum, að hann væri ósóttnæmur, þá játa þeir nú fúslega, að hann sè harðla sóttnæmur. Þá fór þíngmaðurinn þessu næst að sýna, hvílíkur búhöldur hann væri, og að lækníngar væri góðar og þarfar til þess að bæta fjárkynið, og jafnframt því búnaðarháttu manna. Þíngmaðurinn sýndi nú einkum búvit sitt í því, að bera lækníngar á mönnum og skepnum saman. Það gegnir furðu, að nokkur vel menntaður maður skuli leggja að jöfnu líf mannsins og líf sauðarins, eður taka sèr þau orð í munn, *að það væri synd* að skera kind (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn: að nauðsynjalausu); það er það sama; *synd* getur það aldrei verið, enda hefi eg aldrei heyrt það kallað svo, en hitt hefi eg opt heyrt, að hollur væri haustskurður; og sè það nú synd, sem þíngmaðurinn segir, þá er mörg synd drýgð hèr á landi, því nokkur ár

að undanförnu hafa verið skornar hèr um bil 200,000 sauðfjár á hausti hverju. Þingmaðurinn ætti þó að vera svo vel að sèr í búskaparefnum, að hann ætti eigi að álíta hverja þá kind týndan sauð og tapaðan penìng, sem skorin er, sem hann þó hefir gjört í ræðu sinni; hann ætti að vita, að sauðskepnurnar eru manninum undirgefnar, að þær eru eign mannsins, sem hann hefir rètt til að láta lifa eður deyja, eptir því sem hann álítur sèr hentugast og þarfast. Þessu hafa niðurskurðarmennirnir fram fylgt, þeir hafa stöðvað framrás sýkinnar með niðurskurði og fyrirskurði, og reynslan er nógsamlega búin að sýna, að skaði þeirra er ekki teljandi hjá hinu mikla fjártjóni læknìngamanna. Reynslan hefir í einu orði sýnt, að læknìngatilraunir eru í búskaparlegu tilliti niðurdrepandi og óhafandi. Vèr getum borið saman afleiðíngarnar af læknìngunum og niðurskurðinum. Af því að sjúku kindurnar í Mýdal voru eigi skornar um vorið 1856, heldur sleppt á fjall, þá út breiddist sýkin um sumarið; af því þá var ekki skorið um haustið allt sjúkt fè og grunað, þá hefir sýkin breiðzt út um fjórar sýslur í suðurumdæminu, og eytt þar svo mjög sauðfè manna, að eptir skýrslum þeim, er stjórninni hafa verið sendar í fyrra, lifðu að eins eptir 8 af hundraði hverju. Þetta er sýnt í nefndarálitinu, en hinn háttvirti þingmaður sneri því svo við í ræðu sinni, að nefndin hefði sagt, að dáið hefði 5 af hundr. hèr í suðurumdæminu. En þó nú fèð væri fátt eptir í kláðasýslunum, þegar stjórninni var send skýrsla þessi, þá hefir það samt fækkað eptir það eigi svo lítið. Eptir búnaðarskýrslunum 1858 voru 5,092 fullorðins fjár í Árnessýslu, 2,145 í Gullbríngu- og Kjósarsýslu, og 4,089 í Borgarfjarðarsýslu. Lík fjártala verður, þótt farið sè eptir „Hirði", lækníngablaðinu sjálfu. Það hefir verið sýnt, að í suðurumdæminu væri hèr um bil 11,000 eptir af hinu gamla fè; það hefir og verið sýnt, að nálega helmíngur af öllu því fè, sem nú er í þessum kláðasýslum, sè keyptur að norðan og vestan, eður fullar 8,000 sauðfjár. Þrátt fyrir allt þetta spyr þó þingmaðurinn, hverju menn sè bættari í Húnavatnssýslu fyrir niðurskurðinn. Norðlendíngar eru því bættari, að þeir hafa getað varnað sýkinni að breiðast út um norður- og austurumdæmið, með því að skera að eins niður þriðjúnginn af sauðfè í einni sýslu af sex; Norðlendíngar eru því bættari, að þeir hafa getað með þessum niðurskurði varnað útbreiðslu sýkinnar og út rýmt henni með öllu; Húnvetníngar eru og því bættari, að þar er nú einginn fjárkláði framar. Hví spyr hann þá ekki líka að, hverju menn sè bættari í Hvítársíðunni? Af því að lík-

indum, að það er honum enn meira á móti, því niðurskurðurinn þar er ekki teljandi. Og hverju eru þá Sunnlendíngar bættari fyrir lækníngarnar? Því, að nú eru þeir að kalla fjárlausir orðnir, og ala þó enn hjá sèr sýkina. Munurinn er þá þessi, að Norðlendíngar og Vestfirðíngar eru því bættari, að þeir hafa varið fè sitt fyrir sýkinni, og getað selt það Sunnlendíngum; þeir hafa út rýmt sýkinni með litlum halla, en Sundlendíngar eru hvergi nær, og hafa þó misst flestallt fè sitt. Þíngmaðurinn sagði, að náttúran hèr og ástand landsins væri hentugt fyrir lækníngar. Ef það er gott fyrir lækníngar, að hafa að eins 1 dýralækni á öllu landinu, að eiga að sækja lyf 300 vikur sjávar suður til Danmerkur, og það á þeim tíma, sem eingin skip sigla híngað, og, ef til vill, öll höf eru full af ís; ef það er hentugt fyrir lækníngar, að eingir vegir eru til í landinu, eður eingir vegir færir, og eingar samgaungur í landinu, og þar á ofan stormar, kuldar og illviðri; ef þetta allt og annað fleira er gott fyrir lækníngar, þá er flest gott fyrir þær. Þá beindi hann því að alþíngi, að það væri ekki stjórnandi; en hvar á þetta við, hvar fer nefndin fram á það? Það er ekki að stjórna, þótt það skori á þessa herra kláðareka. Þíngmaðurinn hefir áður sagt í riti, að gagnlegt væri, að þíngið hefði *skarpa tilsjón* með framkvæmdarvaldinu; hann hefir sagt á prenti, að alþíngi ætti að hafa þessa nákvæmu tilsjón, en nú segir hann, að alþíngi eigi bara að hlýða, það er, að taka annaðhvort málið ekki að sèr, eður leggja það í auðmýkt fyrir fætur kláðarekanna. Eg veit nú ekki, hvort það er alvara þíngmannsins, að vilja hepta bænarrètt þíngsins til konúngs vors, og setja sjálfan sig eins og þröskjöld milli þjóðar og konúngs. Þá fór þíngmaðurinn að minnast á fègjafir stjórnarinnar í kláðamálinu; en hann má eigi gleyma því, að hann hefir gjört örlæti þetta að ískyggilegri harðstjórn; og er það nú víst, að fè þetta sè veitt að gjöf? Þíngmaðurinn veit líklega, hvað ráðherrann sagði á ríkisdeginum, þá er málið var rætt, og hvað þetta mikla „dýralækníngaráð“, sem nú á að stjórna Íslandi eins og hörkramarafèlagið forðum daga, stakk upp á. Það kvaðst þurfa 30,000 rd., og fór fram á, að fè þetta feingist annaðhvort með því, að safna kollektu, eður jafna því niður á landið. Þetta bar *framsögumaður* fram á ríkisdeginum, og ráðherrann sagði, að mikil vankvæði væri á því, að safna kollektu, og því væri ekki annað fyrir, *en jafna þessu niður á landið*. Þetta eru eptirtakaverð orð og alvarleg, og því er ekkert ódæði eða of mikið, þó á þau sè minnzt. Þar á móti hefir nefndin ekki talað

um þau 6,000 rd., sem stiptamtmaður tók að láni til lækninganna, eigi heldur þau 1,900 rd., sem hann hefir látið eyða úr sveitarsjóðunum, og eigi það fè, sem tekið hefir verið úr jarðabókarsjóðnum, og ekki þau 3,000 rd., sem þingmaður Reykjavíkur segir, að varið hafi verið til meðalakaupa. Þó þetta og annað lángtum fleira sè eigi mikið, þá er það hó dálítið öðrumegin á hest á móti því, sem þingmaður Ísfirðínga taldi fram um aðgjörðir amtmannanna í hinum ömtunum. Nefndin hafði um auðugan garð að gresja; hefði hún viljað týna allt þess konar til, en hún týndi ekki hvert berið á götu sinni; *hún* var sannlega ekki í því ástæðuhraki, að hún vildi fara og þeyta út ósönnuðum áburði og gersökum um yfirvöld landsins; það mega aðrir gjöra. Þá fór þingmaðurinn að tala um eiðsvarin vitni, og skírskotaði til manns hèr á þingi; en þingmaður sá, sem málið lá næst, sagðist ekki vera dýralæknir og kvaðst því að eins hafa getað borið um það *„factiska“*, eður hvernig hann hefði breiðzt út, en ekki um það, hvernig kláðinn væri upp kominn. Það fór því fjarri, að hann sannaði gátu þingmannsins um það, að kláðinn væri kviknaður hèr á landi, með því að útbreiðsla kláðans hefir ljóslega bent til þess, að hann sè að fluttur. Eg sá nú ekki gleðisvip á þingmanninum fyr en hann fór að draga þetta eiðsvarna vitni í sundur, þá brá hann á leik eins og gæðingur; það get eg ekki gjört með honum; eg tala nú og skal jafnan tala í alvöru, þá um eiðinn er að ræða. Eg veit nú lítið um próf þessi, og enn minna um prófin í Húnavatnssýslu; en hitt get eg sagt þingmanni Ísfirðínga, að erindsreki sá, er stendur við hliðina á hinum heiðraða þingmanni, hefir í vitna viðurvist sagt, að kláðamaurinn gæti vel falizt í 9 mánuði eður jafnvel leingur, án þess vart yrði við hann, og það gæti því vel verið, að hann hefði flutzt norður með Reykholtsánni. Þá talaði þingmaðurinn um saknæman og ósaknæman kláðamaur. Það er og svo; Holtsmaurinn, sem nú mun eiga sèr lánga sögu, síðan kláðarekinn rakst á hann á skrifstofunni á Friðriksgáfu, er og verður einúngis saknæmur á pappírnum, hinn sannlenzki er saknæmur; Holtsmaurinn á skepnunni hefir ekki gjört mein í 40 ár; hinn hefir gjört óbætanlegan skaða eigi á fullum 4 árum. Þingmaðurinn gjörði Húnvetníngum gersakir í ræðu sinni; það þarf hvorki stóran mann nè sterkan til þess; eg skal ekki eyða orðum að því; það er þingmanns Húnvetníngа að svara því, en það veit eg, að þeir eiga annað skilið fyrir það, hvernig þeir hafa komið fram í þessu máli, en að fá óhróður og tvímælgi á bak sèr; eg veit ekki aðra en bóndann á Ána-

stöðum og þessa hina kanversku kvinnu á Kárastöðum, sem ekki tóku vel ráðstöfunum þeim, sem þar voru gjörðar. Eg fyrir mitt leyti fyrirverð mig ekkert fyrir, hvernig Húnvetníngar hafa komið fram í þessu máli, og er eg þó bæði Húnvetníngur og vil vera það, og þess vegna mótmæli eg því sem Húnvetníngur, að þeir hafa haft aðra túngu í höfði við þíngmanninn, eður rógborið yfirvöld sín og fèlagsviljann við hann. Þíngmaðurinn minntist á niðurskurðinn í Rángárvallasýslu; eg skal ekki annað um hann segja, en að hann kom bæði of seint og var of lítill. En þar sem hann drap á skaðabæturnar í Húnavatnssýslu, þá hefi eg ásámt öðrum þíngmönnum svarað því, og það get eg huggað hinn háttvirta kláðareka með, að hann má vera öldúngis óhræddur um, að Norðlendíngar munu ekki ætla sèr að sækja neitt af þessum 30,000 rd. í vasa hans; hann fær sjálfur að hafa þá í friði fyrir þeim. Þótt nú þíngmaðurinn hafi borið á móti öllu því, sem sagt hefir verið um það, að eingin valznesk baðlyf sè nú til að fá, og að lækníngarnar fari því víða í ólestri, þá get eg þó tilgreint honum einn mann úr Borgarfjarðarsýslu, en eg nafngreini hann einan, því eg hefi brèfið frá honum í vasanum. Hann hefir skrifað mèr svo: „kláðinn er í fullu áframhaldi, og víða er enn óbaðað í fyrsta sinn fram í Reykholtsdal“. Eg skal gjöra þíngmanninum þann greiða, að segja honum, hver maðurinn er; hver veit nema hann kannist við hann; það er Jóhann bóndi Jónsson á Breiðabólstað, og brèfið er skrifað 8. ágúst. Þíngmaðurinn sagði, að meðölin væri ekki *svikin;* það getur verið, en það er þá orðamunur eintómur, því þau eru ónýt og að eingu gagni, en ekki voru önnur meðöl til; þetta hefir dýralæknirinn í Borgarfjarðarsýslu sagt mèr sjálfur í votta viðurvist, og því komu þeir báðir suður, að þeir höfðu ekkert að gjöra (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn: Það er ósatt). Það er fullkomlega satt, og eg skal þá bæta því við, að til er skriflegt skýrteini frá dýralækninum um, að baðlyfin væri ónýt.

Eg skal nú ekki enn að nýju fara í gegnum allar aðfinníngar hans við nefndarálitið. Þess vil eg þó geta, þar sem þíngmaðurinn kallaði yfirlýsínguna eins þýðíngarlausa, eins og að gefa selbita í vasa sinn. Eg veit að vísu, að hún er líklega ekki eins þúng í vasa sem sumt hvað annað, t. a. m. sá hluti, er hann fær af þessum 30,000 rd., en þýðíngarmeiri er hún þó, og fullt svo sómasamleg. Þá sagði þíngmaðurinn, að það væri skýlaust, að embættisvald amtmannanna væri óskert. Það er vel, ef svo er, en þá hefði kláðarekarnir þurft að taka það fram, er þeir riðu út um landið. Eg veit til þess, að

þíngmaður Ísfirðínga hafði á orði uppi í Reykholtsdal, að gánga fram hjá amtmanninum í vesturamtinu, með því hann lofaði Reykhyltíngum, að ónýta þegar eina skipan sýslumannsins í Mýrasýslu, án þess að snúa sèr fyrst til amtmannsins (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn: Þetta er ósatt). Eg skal leiða vitni að því, ef þíngmaðurinn vill, að hann lofaði Reykhyltíngum þessu; en hvort hann hefir efnt heit sín, veit eg eigi svo gjörla, þó mun hann hafa gjört það. Þá hefir þíngmaðurinn nú mikið á móti uppástúngum þíngmanns Snæfellínga; eg skal þá ekki halda höfðinu á þeim uppi, ef að þíngmaðurinn vill það ekki sjálfur, því verið getur, að þær spilli fyrir málinu hjá kláðarekunum, og sem þíngmaður Borgfirðínga held eg það sè minni þörf á, að út rýma fènu úr neðri hluta Borgarfjarðarsýslu. Kláðinn er nú að eins á einum eða tveimur bæjum í Hálsasveit, á sjö bæjum í Reykholtsdal; hinir bændurnir hafa flestir feingið sèr fè aptur, einkum norðan til í dalnum, og þar eru að eins 2 bæir sauðlausir; líkt er ástatt í Lundareykjadal; í Skorradal eru hèr um bil 4 eður 5 bæir með kláða, en af 24 búendum eru þar 8 búendur sauðlausir. Þess vegna held eg nú, að hægt væri að skera á þessum fáu bæjum, svo hinir geti feingið heilbrigt fè og haldið því ósjúku. En það er eins og að koma við hjartað í kláðarekunum, þegar talað er um, að lóga einni kláðakind, þá þykjast þeir ekki hafa vald til neins, eingin lög fyrir sèr í nokkru. Eg skil ekki, hvernig þessir herrar erindsrekar skilja stöðu sína; þeir þykjast hafa vald til lækníngа; þeir álíta, að þeir geti lagt sektir á menn, þótt þeir hafi eingin lög fyrir sèr í því, eingin lög, sem fyrir almenníng gilda, því *„administrativt“* boð er ekki lög; það hefir víst eingum dottið í hug, að skoða það svo, og þó þykjast þeir hafa vald til að þraungva mönnum til lækníngа, en ekki til að þreingja að sýkinni, og þar geta þeir þó haft fyrir sèr lagaboðið frá 1772, 1. og 2. gr.; þeir þykjast ekki geta farið eptir lögum, en álíta sèr þó heimilt, að fara eptir boði landstjórnarinnar og kúga almenníng til að hlýða því, sem þó hvergi stendur í umboðsskrá þeirra.

Eg ætla nú ekki að orðleingja framar um þetta mál, málið er nú lagt í dóm alþíngis, í dóm konúngs vors og í dóm seinni manna; vèr megum vera vissir um, að dómsorði verður á lokið, og hver nú hafi rèttast að mæla, það á tíminn að sanna. Eg stend óhræddur; nefndin stendur óhrædd, og eg veit, að þíngið stendur óhrætt frammi fyrir dómi þeim, er lagður verður á málið. Að lyktum hlýt eg að minnast á eitt, og það er það, er þíngmaður Ísfirðínga hefir brugðið

mèr svo opt um, að eg áður hafi verið lækníngamaður, en nú sè eg orðinn niðurskurðarmaður. Eg skal gjöra þá játníngu, að eg var lækníngamaður 1857 og 1858; en þegar eg sá, hvernig þær fóru úr hendi, hugsaði eg, að eitthvað væri bogið í þessu efni, og eg hèlt þá helzt, að það væri ráðstöfununum að kenna. Þíngmaður Ísfirðínga veit það sjálfur, að eg er ekki á móti lækníngum, ef þær duga, en hann veit líka, að eg er og hefi jafnan verið á móti lækníngum í lagaleysi; og hver er það nú, sem vill leggja þjóðina undir lagaleysisokið? Það skyldi einginn vera fúsari á að lækna en eg, ef eg sæi, að það gæti orðið að gagni fyrir þjóðina, og ef eg sæi, að lækníngunum væri framfylgt með stillíngu og skynsemi, með góðum árángri og að lögfullu; en eins og nú er að farið, og eins og lækníngarnar reynast enn á þessum degi eyðileggjandi fyrir búsæld manna, þá get eg ekki verið lækníngamaður leingur, heldur skynsamur niðurskurðarmaður. Þetta er ekki af hviklyndi komið, enda mun eingum, sem þekkir mig, bregða mèr um hviklyndi; þrár kann eg að vera, það hefi eg heyrt menn segja, en svo sauðþrár er eg þó ekki, að eg vilji halda fram skoðun minni, þegar eg sè, að hún er föðurlandi mínu til ills eins, heldur breyti eg henni óðara og læt mèr einga lægíngu í þykja.

Magnús Andrèsson: Eg ætla ekki að tala margt í þessu máli, þess gjörist eingin þörf; eg vil meina, að flestir sè orðnir ánægðir með umræður kláðans, þó ekki sè við þær bætt. Eg vil einúngis leyfa mèr að fara nokkrum orðum um viðaukaatkvæði það, sem mèr kemur við hèr á atkvæðaskránni, jafnvel þótt það verði líklega árángurslítið eptir því, sem ráða er af ræðu hins háttvirta þíngmanns Ísfirðínga. Eg vil þá fyrst skýra hinum heiðraða *framsögumanni* frá því, að þó eg orðaði viðaukaatkvæðið þannig: „ef þar kemur upp kláði á ný“, þá er meiníngin einúngis sú, ef kláði verður í Flóanum í haust, en eg ímyndaði mèr, að hann mundi endilega hverfa fyrst um sinn, eptir þá nýafstöðnu böðun, en óvíst er að svo verði eptir því, sem er að frèttast; hreppstjórinn í Villíngaholtshreppnum sagði mèr í gær, að í þeim hrepp hefði kindur í Hnausi verið með kláða, þegar baðað var, nú væri búið að þríbaða þær, og jafnvel mun þar hafa verið víðar kláðavottur, því ítrekuð hefir verið böðun þar á fleiri bæjum. Úr Sandvíkurhrepp var eg áður búinn að frètta kláða, eins og eg gat um við fyrri umræðuna, en þó kláðinn má ske hverfi nú um stund, þá er eg mjög hræddur um, að hann komi í ljós á ný, þegar haustveðurátta fer að sýna sig með snjó ag rigníngum; svo hefir það verið til þessa; það hefir reynslan sýnt, að kláði hefir

komið upp aptur og aptur á sömu bæjum og í sömu kindum, þó sýnzt hafi heilbrigðar um tíma. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður heldur, að mèr verði takfátt að vísa Flóamönnum á fè til kaups, ef því væri fargað, sem þar er nú; þetta kann nú að vísu vera svo, en þó má eg fullyrða það, að heldur mundi Skeiða- og Hreppamenn að ári liðnu kjósa sèr, að selja nokkrar kindur af sínum heilbrigða fjárstofni, en að vera síhræddir við kláðasýkina í Flóanum. Eptir seinustu skýrslu í „Hirði“ var allt fè í 5 hreppum Flóans 1,661 kind í marzmánuði næstliðna, en þá var eptir sömu skýrslu 4,828 kindur í Gnúpverja-, Hrunamanna- og Skeiðahreppum, og er þó sú misfella á þeirri tölu í „Hirði“, að lömbin, sem þá voru, eru ótalin í tveimur sveitunum; má af þessu sjá, að þeir 3 síðastnefndu hreppar eru á betra stigi enn Flóinn, í tilliti til fjáreignar, þó þeir gjörfelldi fèð haustið 1857; enda má líka með sanni segja, að ekki allfáir af sjálfum Flóamönnum eru óánægðir með ástandið, sem þar er, og óttaslegnir fyrir viðhaldi sýkinnar; t. d. eru þar nokkrir hyggnustu ríkismenn, sem misstu allt úr kláðanum, fjárlausir enn í dag, því þeir álíta ógjörníng að fá sèr kindur, meðan hið veika og grunaða fè er allt í kríng. Sjálfir lækníngamennirnir kvarta mjög yfir því, hversu miklu þeir sè búnir að kosta upp á lækníngar, og er það ekki um skör fram; því ef sá kostnaður allur yrði sýndur með tölum, þá væri hann að sínu leyti eins óttalegur og fjártjónið sjálft, og lakast er þó það, að hann verður að líkindum óendanlegur og kláðinn að kynfylgju landfjárins hèr í landi, eins og í þeim löndum, hvar hann geingur þráfaldlega, en eg veit það vel, að mögulegt er að eiga nokkrar kindur með því, að við hafa sífelldar lækníngar, og hafa þær sumar og vetur í heimahögum; því annars er ómögulegt að gjalda nógu fljótt varhuga við, þegar kláðinn kemur upp í einhverri kindinni, en sauðfjáreign með þeim hætti verður víða hvar lítill atvinnuvegur.

Það hefði verið betra fyrir þíngmann Reykvíkínga að leggja ekki út í það í ræðu sinni, að skýra frá því, hvernig fèð gekk undan í vor á Skeiðunum, og svo líka hèr syðra, því það tókst svo óheppilega, að frásagan varð gagnstæð því sanna og rètta, og er honum slíkt til vorkunar virðandi, því hann er miklu ókunnugri slíku, en hann ætlar sig vera. Mèr er það kunnugt, að þær norðlenzku kindur, sem nokkrir Flóamenn áttu í vetur er leið í sveitunum fyrir ofan Merkurhraun, voru yfir höfuð að tala í góðu standi, en að ull hafi losnað á einhverri þeirra, áður en hún var vel fylld, fyrir

það skal eg ekki þræta, jafnvel þó eg geti vel ímyndað mèr, að einhver hafi skrökvað þessu að þingmanni Reykvíkinga annaðhvort að gamni sínu, eða til að þóknast honum. Um þau góðu!! fjárhöld hèr syðra er mèr að vísu minna kunnugt, en þó sögðu sannorðir menn mèr það í vor um vertíðarlokin, að þeir hefði sèð ljótar kláðakindur í Höfnunum að eins tórandi, og líka búka af nokkrum dauðum, þar fyrir utan túngarðana; um þetta eða þvílíkt úr Hafnahrepp mun þingmaður Gullbringusýslu geta borið mèr meðvitni; líkt þessu mun hafa verið í Rosmhvalaneshrepp, en í Grindavík eru því nær allar sauðkindur fallnar.

Eg held, að hinn háttvirti 6. konúngkjörni þingmaður hafi í hinni stálhörðu og stórkostlegu ræðu sinni ætlað að ógna mèr og öðrum þingmönnum með þeim spádómi, að við ættum í vændum hallæri og húngursdauða, og það allt af okkar vitlausa niðurskurði, eins og skeð hefði á 18. öld, því hann álítur, að manndauðinn mikli eptir 1784 hafi allur orsakazt af niðurskurðinum 1772—79 í nokkrum sýslum landsins. Mig furðar mikið á því, að hann, svo sögufróður maður og líklega sanngjarn, skuli bera þvílíkt á borð fyrir almenníng. Hann veit þó víst það, sem því nær allir vita, að haustið 1783 eptir Skaptárjökuls eldgosið voru í landinu 232,731 sauðkind; þar af dóu 1784: 190,488, eða 81 af hverjum 100, og annar fènaður fèll þá í líku hlutfalli á þeim afarharða vetri 1783—84, sem almennt er nefndur „Stúfur“. Hvernig er nú mögulegt að ímynda sèr, að þessi fjárfellir og þar af leiðandi manndauði hafi verið afleiðíng niðurskurðarins? Það getur eingin heilbrigð skynsemi. Þess væri óskandi, að þegar hinn háttvirti konúngkjörni þingmaður gefur út *kláðasöguna* — eins og hann segist ætla að gjöra á sínum tíma —, að hún ekki innihaldi margar þvílíkar klausur. Annars mundi henni ekki reiða betur af, en blaðinu „Hirði“.

Það er á þingsins valdi, hvað það gjörir við hið fyrnefnda viðaukaatkvæði mitt, og vilji þingið aðhyllast það, þá er það þar á eptir á valdi hinna konúngkjörnu erindsreka, hvort þeir í nokkurn máta vilja styðja það. Einúngis vil eg að endíngu láta það álit mitt í ljósi, að það sè mjög ísjárvert fyrir hina konúnglegu erindsreka, að framfylgja kröptuglega hverju því, sem er gagnstætt áliti og meiníngu meiginhluta alþýðunnar í þessu kláðamáli, því meðal þeirra, sem mótmæla læknîngakákinu eru ekki allfáir hyggnustu búmenn, og er álit þeirra ekki að vettugi virðandi, þegar um hag

sjálfra þeirra er að ræða, enda þó það grundvallist ekki á vísindalegri skoðun í líkum tilfellum suður í heimi.

Benedikt Þórðarson: „Lög eru bræðra sættir", og svo á hér að vera; menn ætti þó að verða á eitt sáttir í máli þessu, sáttir á það, sem öllum gegnir bezt og gagnar mest; það veit í einga góða átt, að allur þingheimur berjist; nei, það er skynsamleg eindrægni í anda, orði og verki, sem hér þarf við að hafa, annað dugir ekki; eg verð að geta þess, og því stóð eg upp, að mér varð heldur hverft við skýrslu þá, sem fulltrúi Borgarfjarðarsýslu gaf um kláðann núna í Reykholtsdal og fleiri sveitum þar í grennd, og þetta því heldur, sem eg vissi, að læknar og meðöl höfðu nú í vor þángað senzt, og þeir sjálfir, erindsrekar konúngsins, höfðu báðir ferðazt þar um í öndverðum næstliðnum mánuði, og gjört hvað þeir gátu gjört, til þess að kláðinn yrði læknaður, og nú eru lækníngarnar þarna samt ekki betur á veg komnar en þetta, og þó eiga menn að treysta þeim. Er nú þá ekki þörf að gjöra þar betri gángskör að með lækníngarnar, þá gángskör, að kláðinn verði allæknaður undir eins í sumar? Af því mig vantar veð fyrir, að svo verði, ætla eg að fallast á uppástúngur nefndarinnar í von þeirri, að verði þeim framgeingt, þá verði nú í haust kláðanum algjörlega út rýmt í öllum efri hluta Borgarfjarðarsýslu; þar er að líkum ekki orðið um margt fé að gjöra, sem eyða þarf í þessu skyni; en því minna, sem það er, því meira er óvitið að halda í því líftórunni, til þess að kláðinn haldist við; þaðan er Mýrasýslu og öllu Vesturumdæminu hættan búin; það ætti þó ekki að vera gamanleikur, að stefna með fáeinum kláðarollum í Reykholtsdal og sveitum þar í kríng öllu vesturumdæminu til tjóns og eyðileggíngar; menn muna svo lángt, að kláðinn komst þaðan í Hvítársíðuna, og hefði þá ekki yfirvaldið vestra með ráði beztu manna drýgt þá dáð, að út rýma honum þaðan með eyðíngu fjárins á 9 bæjum, þá er ekki annað líkara, en að kláðinn væri nú um mikinn hluta vesturumdæmisins. Eg hefi aldrei neitað því, að lækna mætti kláðann nokkurn veginn, því mér hefir þótt það mjög líklegt; en hvað kemur þá til, að hann er ekki læknaður hér syðra eptir svo lángan tíma, sem síðan er að hér átti almennt að lækna hann? Það sýnir sig sjálft, hvernig enn er háttað hér; alstaðar er verið að tala um kláðakindur innanum hálf- og allæknaðar; hvergi er enn orðið óhult neinni skepnu, og einginn getur enn séð hér fyrir endann á því, hvort ekki þar og þar taki sýkin sig upp aptur og út breiðist til hinna heilbrigðu héraða landsins, þetta má ekki svo leingur

fram fara. Lækníngarnar hljóta að komast leingra, en í munninn og á pappírinn, ef duga skal. Nú í sumar ætti allt fé að lækna, sem læknandi er, og nú í haust drepa allt niður, sem ekki er þá heilbrigt orðið, — í einu orði að segja — kláðasýkinni á að út rýma á allan hátt sem fyrst og bezt verður, svo menn geti farið að koma sèr upp nýjum fènaði heilbrigðum, þetta held eg öllum hina mestu nauðsyn. Ætti menn þá ekki hèr að hyllast þau ein ráðin, sem þar til duga? Það sýnist mèr.

Ásgeir Einarsson: Það hefir verið talað um breytíngaratkvæðið undir staflið *A*, en einginn hefir talað um þá breytíng, sem nú er orðin á því, þar sem uppástúngumaður hefir dregið út orðin: „með lækníngum“; en svo koma þar rètt á eptir orðin: „uns kláði er allæknaður“, en þessi orð fella breytíngaratkvæðið aptur. Um hin atriðin hefir verið talað svo margt, og mèr fannst hinn konúnglegi erindsreki ekki taka illa undir það, að koma sèr saman við þíngið um þær uppástúngur, sem fara fram á það, að minnka svið sýkinnar, svo eg er ekki alveg vonlaus um það. En þó farið væri svo lángt, að hið kláðasjúka fé sè eyðilagt í Borgarfjarðar- og Ráng-árvallasýslu, þá er annað unnið með því, nefnilega, að þá eru verðir á amtamótum síður nauðsynlegir, og sè eg einga sèrlega erfiðleika á þeim, ef góður vilji er fyrir, ef erindsrekar, bændur og embættismenn væri á einu máli, þá þyrfti ekki að beita neinu ofbeldi, til þess að út rýma sýkinni; þó ekki yrði af neinum fundi milli nefndarinnar og erindsrekanna fyrir þessar umræður, þá vona eg að svo megi miðla málum, að ekkert standi í vegi fyrir sáttatilraunum. Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður talaði um formhlið málsins, og sagði, að álit þíngsins yrði að gánga til erindsrekanna; en hvað á að gjöra, ef þeir ekki fallast á tillögur þíngsins? Þá er eptir bænarskrárrèttur þíngsins til konúngs; en eg held, að ef menn ekki geta komið sèr saman við erindsrekana, þá takist illa fyrir framkvæmdum þeirra, af því landsmenn kynni ei að hlýða þeim, eða kann ske eitthvað annað kæmi frá stjórnarinnar hendi, þegar þeir væri farnir burt. Eg er líka hræddur um, að lítið muni verða eptir af þessum 30,000 rd., ef kláðanum ekki er út rýmt að hausti, og þá held eg sè ástæða til, að segja stjórninni álit þíngsins og þjóðarinnar, því ef kláðanum þá ekki er út rýmt, mun stjórnin ekki þreingja að mönnum að út rýma kláðanum með lækníngum á móti vilja landsmanna; því hver skynsöm stjórn verður að sjá það, að ekkert vit er í því, að ætla sèr að fram halda því verki móti vilja alþýðu, sem mestöll framkvæmd-

in er í höndum bænda, og ómögulegt að halda vörð á, að hlýtt sè, það mun og dæmafátt á nokkru landi. Ef nú alþýða er mótfallin lækníngum, og ekki er þrýst saman kláðafènu, þá væri framkvæmdin lögð í hendur hvers slóða, og þetta sagði eg strax, áður en nefnd var kosin í málið. Þíngmaður Reykvíkínga sagði, að nú væri ekki hægt að fá fè í stað þess, er menn eyddi, og er það satt, að nú er óhægra að fá það, en í fyrra haust; hefði verið fylgt ráðum alþíngis, þá væri kláðanum nú út rýmt, og þetta er meiníng skynsamra manna. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður, sem þrumaði mest, talaði um trú, sem hefði heldur átt að heita trúarleysi, og setti vísindin á móti trúnni; þessu hefir nú verið svarað; en eins og hann vísaði til manna í útlöndum, eins get eg vísað til útlendra manna, sem ekki eru haldnir neinir heimskíngjar, og sem við þekkjum, og það eru *Professor Maurer* og *Dr. Winkler;* eg átti tal við hinn síðarnefnda, og sagði hann mèr, að hann sæi ekki betur, en að sú aðferð, sem hefði verið brúkuð í Norðurlandi, væri hin hentugasta hèr á landi, til þess að út rýma kláðanum, og var *Professor Maurer* á sama máli, hvort sem þeir nú hafa sagt það, af því þeir væri auðtrúa, eða af því þeir hafa sèð, að hèr eru aðrar kríngumstæður, og öðruvísi landi háttað, en annarstaðar, eða þíngmaðurinn álítur þá heimskíngja og sóða eins og Íslendínga, veit eg ekki, en þó vil eg skýrskota til þessara manna, einkum þar sem menn nú eiga von á, að kláðasagan komi út, og að í henni verði Íslendíngum lýst svo sem heimskíngjum og þverhöfðum; þegar talað er um fjárfækkunina á Vesturlandi og Norðurlandi, þá sýnir „Þjóðólfur", að sagan er nokkuð blönduð og reikníngurinn ekki sem rèttastur, svo hætt er við, að sagan verði í tvennu lagi í fleiru en einu, og hálfsögð af einum. Það hefir verið sagt, að lækníngarnar eyði bráðapestinni og lúngnaveikinni, en merkur maður hefir sagt mèr, að 10 vetra gamlar kindur, sem hann skar, hafi verið allar lúngnaveikar, og voru þær þó allæknaðar að sjá. Lækníngarnar eru góðar, ef þær eyða lúngnaveikinni, en ef þær auka hana, þá eyða þær ekki öllum sjúkdómum; hèr kemur vísindavit og reynslan saman, og ætti menn ekki að dæma það mál fyrir tímann, eða dæma of hart og segja: „Eg veit einn allt, þið vitið ekkert"! Því hefir verið flestu svarað, sem þíngmaður Ísfirðínga sagði, en þar sem hann sagði, að þíngið og þjóðin væri nú komin einu stigi leingra með lækníngar en 1857, þá get eg ekki skilið það; 1857 var stúngið upp á, að lækna vissa tölu af fè, og þetta er það sama, sem þíngið nú stíngur upp á, að þjappa fènu

saman, og lækna fátt eitt; þess vegna get eg ekki séð, að skoðun manna hafi breytzt í þessu. Það er ekki heldur rètt skoðað, að menn álíti rètt, að skera heilbrigt fè; en eg fellst á, að menn eigi að brúka meðöl í tíma, en þegar fè er orðið ólæknandi, þá sè skynsamlegt að skera það. Hann sagði, að það sæti ekki á heilbrigðu sveitunum, að vilja skera niður hjá hinum sjúku. Rángvellíngar og Húnvetníngar drápu sjálfir fè sitt, og hefði eins staðið á fyrir okkur og þeim, hefðum við gjört hið sama. Hann sagði líka, að löggjafarþíngin veldi þann til framkvæmdanna, sem þau hefði bezt traust á; því hefir nú verið lýst yfir, að landsmenn hefði hið mesta traust til hinna konúnglegu erindsreka, svo mikið traust, að þegar þeir fara burtu, þá þarf stjórnin ekki að senda neina aðra að þeim frá geingnum; en þeir ætti vel að hugsa um það, hvort það muni vera tilhlýðilegt með stífni að halda áfram á móti vilja þjóðarinnar; væri það mikill skaði, ef þetta mál skyldi verða til þess, að þíngmaður Ísfirðínga bregðist oss í öðrum málum, því það væri hinn mesti skaði. Það var satt, sem hann sagði um kláðann í vesturamtinu 1857. Það var skrifað híngað suður, að þar væri kláði, en þá voru menn hræddir við allt, en þessi kláði batnaði af sjálfu sèr. Um þenna kláða hefði ekkert frètzt, ef yfirvöldin hefði viljað draga dulur á, að kláði væri í vesturamtinu. En það vildi einginn draga dulur á það; menn voru meir vakandi en svo í þessu máli, og því gat eingin ástæða verið til, að ætla neinum slíka varmennsku. Þíngmanni Ísfirðínga hafa víst orðið mismæli, þar sem hann talaði um norðari hluta Strandasýslu, því hann hefir ekki komið þar (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn: Ekki mismæli samt). Eg vona nú, að erindsrekarnir stuðli að því, að framkvæma vilja þíngsins, sem að miðar til sætta og góðra framkvæmda í málinu. Menn hafa reynsluna fyrir sèr í því, að sú aðferð, sem þíngmanni Ísfirðínga þykir ískyggilegust í aðferð Norðlendínga, hefir orðið til góðs vegna samvinnunnar; því þó fyrir þeim hafi farið í sumu eins og á vígvellinum, að ekki komi hvort högg í hentugasta staðinn, heldur komi einstöku skeifhögg innan um, er það ljós vottur til þess, hversu mikið hèr má til leiðar koma með samtökum og samlyndi, einkum þegar yfirvöldin leggjast á eitt með alþýðu; en sundurlyndið í suðurumdæminu hefir verið mest eyðileggjandi, og að því vil eg að þíngmenn gæti, að sundurlyndið er hið vesta í öllum framkvæmdum, en samlyndið hið bezta, og vona eg, að allir hlutaðeigendur gæti þess í þessu áríðandi máli.

Halldór Jónsson: Af því svo að segja allir þingmenn hafa gjört sèr það að skyldu, að taka til orða í máli þessu, vil eg ekki gjöra mig með öllu frásneiddan, en ekki skal eg tefja tímann. Sú almenna hluttekníng þingmanna í málinu er augljós vottur þess, hvað það er í sjálfu sèr mikilsvarðandi, og hvað það liggur þeim þúngt á hjarta. Eg hafði þá von, og lèt hana í ljósi við inngángsumræðu málsins, að gott mundi af því leiða, að það yrði tekið til meðferðar á þínginu; og þó nú þessi von ekki sè enn þá uppfyllt, og mèr jafnvel hafi fundizt hún lítið glæðast, ætla eg þó ekki að sleppa henni enn; að minnsta kosti er það þó unnið, að hinir konúnglegu erindsrekar fá við umræður og atkvæðagreiðslu þingmanna eindregið álit þeirra að vita. Eg hefi ekki getað annað, en furðað mig á því, hvað miklar kappræður hafa orðið um lækníngar og niðurskurð, þar sem nefndarálitið ekki gefur tilefni til þess; mèr hefir verið það óskiljanlegt, og einhvern veginn óþægilegt, hvernig hinn háttvirti þingmaður Ísfirðínga hefir sveigt að því, að nefndin og þingið vilji gjöra hinum konúnglegu erindsrekum erfiðara fyrir að ná tilgángi köllunar sinnar, þar sem niðurlagsatriði nefndarálitsins fara lítið eða ekkert fram á niðurskurð. Eg get ekki heldur sèð, að erindisbrèfið af 27. maí þ. á. bindi umboðsmennina eingaungu við lækníngar, og ekki einu sinni, að þeim sè gjört að skyldu, að fylgja sömu reglum um allt land; það er einúngis sagt, að þetta verði að álíta haganlegast; þar er og talað um ráðstafanir, er *geti átt sèr stað, eptir því sem ástatt sè á Íslandi.* Eg hefi enn fremur veitt því eptirtekt, að erindsrekunum er *sèr í lagi, hvernig sem fari,* falið á hendur að stemma stigu fyrir frekari útbreiðslu fjárkláðans; þetta er þó byggt á því áliti, að kláðinn sè á vissu svæði, og hafi verið að breiða sig út frá upptökum sínum, en sè ekki alstaðar á landinu, nè komi upp þar og þar. Það er þetta, sem vonandi er, að erindsrekarnir gefi sèrlegan gaum, og hugsi sig vel um, — þar sem kláðinn nú er orðinn afkróaður fyrir niðurskurð —: hvort það muni geta fullnægt ábyrgð þeirra í þessu tilliti, að þeir láti við hafa baðanir, án þess að gjöra neitt til að kreppa að sýkinni, eða með vörðum varna útbreiðslu hennar. Það, sem hinn háttvirti þingmaður Ísfirðínga sagði, að þegar skepna sýktist, væri rèttara og eðlilegra að lækna hana en skera, þetta, segi eg, er sjálfsagt rètt, þegar einga hættu er að óttast af því, að lækna hana; en ef eg hefi ástæðu til að óttast, að hún sýki allar aðrar skepnur mínar, meðan verið er að lækna hana, þá ætla eg ekki að hika við, að láta heldur skera hana. Og svona hlýtur

það að vera undir atvikum komið, hvort réttara sé að við hafa lækníngar eða niðurskurð. Hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga sagði eitthvað á þá leið, að það væri til að setja æsíng og óvild meðal manna, ef þíngið fèllist á álit nefndarinnar. Þetta getur mèr nú ómögulega skilizt. Þíngið getur þó ekki tekið aptur öll þau orð, sem um málið er búið að tala, þjóðin les þau í þíngtíðindunum, hvort sem þíngið við atkvæðagreiðsluna aðhyllist uppástúngur nefndarinnar eður hafnar þeim, og reynslan leggur dóminn á málið.

Forseti: Eg get ekki látið því óhreift, að mèr finnst nokkuð undarlegt, hvernig hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga vatt við orðum mínum, þar sem hann gaf í skyn, að eg hefði álasað konúngi fyrir það, hve seint hann hefði lagt úrskurð á lagafrumvarp alþíngis 1857, en að því sveigði eg ekki með einu orði í ræðu minni, eins og allir máttu heyra; konúngi var ekki hægt að leggja úrskurð á málið, fyr en það var borið undir hann til úrskurðar; en hitt sagði eg, að ráðstafanir ráðgjafans vantaði lagaheimild eða konúnglega heimild, meðan konúngur hefði hvorugt verið búinn að gjöra, hvorki að staðfesta lagafrumvarpið frá 1857, nè leggja á það ósamþykki með allrahæstum úrskurði, nè heldur að heimila ráðherranum með sèrstökum úrskurði, að stjórna og skipa fyrir í kláðamálinu hèr á landi; einginn slíkur konúngsúrskurður í kláðamálinu hefir komið í ljós frá því í maí 1857 til 27. maí 1859. Hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga var drjúgur af því, að stiptamtmaðurinn hefði vel skilið brèf ráðherrans, þau sem út geingu á þessu tímabili; en það er spáný kenníng, ef *skilníngur stiptamtmannsins* á ráðherrabrèfi getur gefið því þá lagaheimild, er það annars kynni að vanta. Það er einúngis 1 þíngmaður eptir, sem ekki hefir tekið til máls í þessari *álykt*arumræðu, biðji hann sèr ekki hljóðs nú þegar, álít eg að hann hafi það ekki í hyggju. Eg skal geta þess, að þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu er geinginn af fundi sakir lasleika. — Ályktarumræðu þessa máls er þannig lokið, og skal eg því biðja hina heiðruðu þíngmenn, að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan geingið til atkvæða, og fóru þau á þessa leið:

A. Breytíngaruppást. *H. Kr. Friðrikssonar,* felld með 16 atkv. móti 6.

B. *Nefndin,* orðabreytíng, samþykkt með 15 atkvæðum móti 1.

C. *Nefndin* (uppástúnguatriði nefndarálitsins):

I. Borinn upp með breytíngunum, er voru samþykktar undir staflið *B,* samþykktur með 15 atkvæðum móti 8.

II. 1. samþykktur með 17 atkvæðum móti 6.

2. samþykktur með 16 atkvæðum móti 7.
3. samþykktur með 19 atkvæðum móti 1.
4. samþykktur með 17 atkvæðum móti 4.

D. Breytíngaratkvæði *Páls Melsteðs* við nefndarinnar III. 1. (staf. *E*):
1. felldur með 14 atkvæðum móti 6.

Voru þá töluliðirnir 2—6 *incl.* álitnir fallnir samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

E. *Nefndin* (uppástúnguatriði):
III. 1. samþykktur með 16 atkvæðum gegn 6.
2. Viðaukaatkvæði *Magnúsar Andrèssonar;* við þenna staf. var við haft nafnakall, og fór það þannig, að

já (sögðu):	nei (sögðu):
Páll Melsteð.	Brynjólfur Jónsson.
Arnljótur Ólafsson.	Gísli Brynjúlfsson.
Ásgeir Einarsson.	H. Kr. Friðriksson.
Benedikt Þórðarson.	H. G. Thordersen.
Halldór Jónsson.	Jón Hjaltalín.
Indriði Gíslason.	Jón Pètursson.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn.
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	Pètur Pètursson.
Magnús Andrèsson.	Vilhjálmur Finsen.
Ólafur Jónsson.	Þórður Jónassen.
Páll Sigurðsson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	

og var það þannig samþykkt með 14 atkvæðum gegn 10.

3. *(Nefndin),* samþykkt með 15 atvæðum móti 7.

Staflíðurinn *F* á atkvæðaskránni, uppástúngur *H. Kr. Friðriks-sonar,* staf. *a—c,* voru felldar frá umræðu og atkvæðagreiðslu með 16 atkv. gegn 7 þegar í byrjun ályktarumræðunnar eins og fyr er getið (sjá 36 fund, bls. 1541—42).

G. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá samkvæmt atkvæðagreiðl-unni við *C* II. 1.—4. með *C* I. sem undirstöðuatriði. Um þenna staflið var nafnakall við haft, eptir ósk margra þíngmanna, og fór það þannig fram,

já (sögðu):	nei (sögðu):
Páll Melsteð.	Brynjólfur Jónsson.
Arnljótur Ólafsson.	H. Kr. Friðriksson.

já (sögðu):	nei (sögðu):
Ásgeir Einarsson.	H. G. Thordersen.
Benedikt Þórðarson.	Jón Hjaltalín.
Gísli Brynjúlfsson.	Jón Pètursson.
Halldór Jónsson.	Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn.
Indriði Gíslason.	Pètur Pètursson.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	Vilhjálmur Finsen.
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	Þórður Jónassen.
Magnús Andrèsson.	
Ólafur Jónsson.	
Páll Sigurðsson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	

og var það þannig samþykkt með 15 atkvæðum gegn 9.

Var dagskránni þá lokið, og ákvað *forseti* fund mánudaginn þann 15. ágúst kl. 12, og gat þess, að þá mundi koma til ályktarumræðu *vegabótamálið* og *læknaskipunarmálið*.

Fundi slitið.

---

15. ágúst - Þrítugasti og àttundi fundur.

Forseti gat þess, að *konúngsfulltrúi* hefði tjáð sèr, að hann gæti ekki komið á fund í dag, og hefði því feingið hinn 4. konúngkjörna þingmann til, að gegna *konúngsfulltrúa*störfum í sinn stað; enn fremur, að einnig þingmaður Norður-Þingeyinga væri lasinn, svo að hans væri varla von á fund, fyr en kann ske seinni part dagsins.

Þingbókin frá síðsta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konúnglegt frumvarp *um vegabœtur á Íslandi. Framsögumaður* er hinn háttvirti 5. konúngkjörni þingmaður. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, og vona eg, að hinir heiðruðu þingmenn hafi hana fyrir sèr, og skal eg geta þess, að tveir háttvirtir þingmenn, hinn 3. konúngkjörni, og þingmaður Rángvellínga höfðu áskilið sèr það vara-breytíngaratkvæði, *„að frumvarp þetta verði að eins löggilt sem bráðabyrgðarlög“*. Þetta varaatkvæði hefir af

vangá orðið útundan á atkvæðaskránni, og bið eg hina háttvirtu þíngmenn, að þeir hver um sig riti það hjá sèr á sína atkvæðaskrá, þannig orðað, og verður það borið upp undir tölul. 77., en sú uppástúngan, sem nú heitir tölul. 77. á hinni prentuðu atkvæðaskrá verður tölul. 78., og hin síðasta atkvæðagreiðsla nr. 79. Það er líka má ske ekki sem rèttast í þessari atkvæðaskrá, að ekki er gjört ráð fyrir, að hver grein sjálfs stjórnarfrumvarpsins verði borin upp með eða án breytínga, það er að skilja, ef hver sú breytíng, sem er uppborin við greinina, skyldi verða felld, en þetta er í rauninni sjálfsagt, þar sem hèr er að ræða um konúnglegt frumvarp, og skal eg gæta þess við hverja grein, þar sem þessu verður að skipta undir atkvæðagreiðslunni.

Atkvæðaskrá

í vegabótamálinu.

(Varauppástúnga *H. Kr. Friðrikssonar* og *Arnljóts Ólafssonar* um: að þíngið ráði frá, að frumvarp þetta fái lagagildi, að nefnd manna verði sett í landinu sjálfu til að semja nýtt vegabótarfrumvarp, og að nokkrum Íslendíngum verði kennd vegafræði o. s. frv., sjá tölul. 77.).

1. Frumvarpsins 1. gr. (samþykkt af minna hlutanum):
   Vegum skal skipt í þjóðvegi og aukavegi.
2. Viðauki meira hlutans við frumv. 1. gr.:
   „og þjóðvegum aptur í þjóðvegu á fjöllum uppi og þjóðvegu niðri í byggðinni“.
3. Breytíngaratkvæði meira hluta, að frumv. 2. gr. orðist þannig:
   Þá vegi skal álíta þjóðvegi á fjöllum uppi, er liggja yfir fjöll, heiðar eða stóra hálsa byggða á millum, og menn almennt fara, enda þótt samgaungur milli þeirra byggðarlaga eigi sè mjög tíðar. En þá vegi skal álíta þjóðvegi niðri í byggðum, er liggja eptir endilaungum sveitum, og eins þvervegi þá, er liggja milli þeirra vega, eða gánga úr þeim upp á fjallþjóðvegina.
4. Frumvarpsins 2. gr. (samþykkt af minna hlutanum):
   Þá vegi skal álíta þjóðvegi, sem innbúar eins eða fleiri hèraða fara jafnaðarlega, er þeir ætla í kaupstað, fiskiver eða annan stað, þar sem menn almennt koma saman. Sem þjóðvegi ber einnig að álíta þá vegi, er menn almennt fara milli tveggja sýslna, þótt eigi sè miklar samgaungur milli þeirra, og eins hina almennu póstferðavegi.

5. Breytíngaratkvæði meira hluta, að frumv. 3. gr. orðist þannig:
   Sýslumenn skulu með ráðum hreppstjóra bera upp við amtmann uppástúngu um það, hverja vegi, er liggja í sýslum þeirra eða upp úr þeim, skuli álíta fjallþjóðvegi, og ber þeim að hafa ofannefndar reglur fyrir sèr í þessu. Skal amtmaður síðan leggja úrskurð á málið og ákveða um leið eptir málavöxtum, hvað hver fjallþjóðvegur skuli gánga lángt ofan í byggðina, hvort heldur ofan í þjóðveginn niðri í byggðinni, eður að eins ofan í venjulega búfjárhaga. Þessum úrskurði skal síðan lýst á manntalsþíngum, í þeim sveitum, er fjallvegurinn liggur millum. Þar á móti skal sýslumaður ákveða með ráðum hreppstjóra, hverja vegi niðri í sveitinni skuli álíta þjóðvegi, og hverja aukavegi, er sè til almennings þarfa.
6. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 3. gr.:
   Bætist framan við greinina: „Hreppstjórar stínga upp á, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi og hverja sem aukavegi í hreppnum, eptir hverjum uppástúngum að“ (sýslumenn skulu bera upp, o. s. frv.).
7. Frumvarpsins 3. gr.:
   Sýslumenn skulu bera upp við hlutaðeiganda amtmann uppástúngu um það, hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi í sýslum þeim, sem þeim er trúað fyrir, og hverja sem aukavegi, og hafa þeir ofannefndar reglur fyrir sèr í þessu; leggur amtmaður síðan úrskurð á málið, og birtir auglýsíngu um það til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.
8. Uppástúnga meira hluta:
   Að frumv. 4. og 5. gr. færist aptur fyrir frumv. 14. gr.
9. Breytíngaratkv. meira hl. að frumv. 4. gr. orðist þannig:
   Sýslumaður skal á ári hverju innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma skýrslu um þau verk, er vinna þarf hið næsta sumar við fjallþjóðvegi þá, er liggja í sýslunni og upp úr henni; skal þeirri skýrslu fylgja uppástúnga um, hvernig verkið verði sem haganlegast unnið og með sem minnstum kostnaði, og enn fremur áætlun um kostnað þann, er hann hyggur að til þess þurfi; skal hann í þessu hafa ráðfært sig áður við þá hreppstjóra, er næstir búa fjallvegunum. Amtmaður skal síðan eptir þessu ákveða, með hverjum hætti verkið skuli vinna og hversu miklu fè megi

verja til áminnstra vegabóta næstkomandi sumar; og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar innan loka aprílmánaðar.

10. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 4. gr.:
Byrjar þannig: Að feingnum uppástúngum hreppstjórans skal sýslumaður, — „Sýslumaður skal“, falli burt.

11. Frumvarpsins 4. gr.:
Sýslumaður skal á ári hverju innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma uppástúngu um þau verk, er vinna skal hið næsta sumar við þjóðvegi þá, er liggja um sýsluna; skal þeirri uppástúngu fylgja skýrsla um, hvernig verkinu skuli haga, og hvernig það verði framkvæmt, samkvæmt 5. gr., og enn fremur áætlun yfir kostnað þann, er hann hyggur, að til þess þurfi; skal amtmaður eptir þessu ákveða, að hve miklu leyti og með hverjum hætti verkið skuli vinna, og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar, í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar.

12. Breytíngaratkv. meira hluta, að frumv. 5. gr. orðist þannig:
Öll verk við fjallþjóðvegi skal, að svo miklu leyti sem unnt er, framkvæma þannig, að það sè sett til uppboðs á manntalsþíngi í næstu sveit við fjallþjóðveginn, hver vilji takast á hendur að láta vinna verkið fyrir minnst kaup; einúngis þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt, að láta bjóða verkið upp, eða þegar aðgeingilegt boð fæst ekki, á sýslumaður að gjöra samníng um verkið á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sè ákveðin fyrir nákvæmlega tiltekinn vegarpart; en fáist það ekki með aðgeingilegum skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin daglaun, og skal sýslumaður, þegar svo stendur á, til kveðja áreiðanlega umsjónarmenn, til að hafa gætur á, gegn sanngjarnri borgun, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

13. Frumvarpsins 5. gr., samþykkt af minna hl.:
Öll verk við þjóðvegi skal að svo miklu leyti, sem unnt er, framkvæma þannig, að það sè sett til uppboðs, hver vilji takast á hendur, að láta vinna verkið fyrir minnst kaup. Einúngis þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt, að láta bjóða verkið upp, eða þegar aðgeingilegt boð fæst ekki, á sýslumaðurinn að gjöra samníng um verkið á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sè ákveðin fyrir nákvæmlega til tekinn vegarpart, en fáist það ekki með aðgeingileg-

um skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin daglaun, og skal sýslumaður, þegar svo stendur á, til kveðja áreiðanlega umsjónarmenn, til að hafa gætur á, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

14. Breytíngaratkv. meira hl., að frumv. 6. gr. orðist þannig:
Allir þjóðvegir og aukavegir skulu, að öllum jafnaði, halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haldið híngað til; en beri nauðsyn til, að á þessu sè gjörð nokkur breytíng, eður að nýr vegur sè lagður, þá skal sýslumaður, ef vegurinn er fjallþjóðvegur, senda um þetta uppástúngu til amtmanns, er þá ræður málinu til lykta; en sè vegurinn þjóðvegur niðri í byggð eða aukavegur, þá skal sýslumaður með ráði hreppstjóra útkljá málið.

15. Frumv. 6. gr. (samþ. af minna hl.):
Þjóðvegir skulu, að öllum jafnaði, halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haft híngað til; en þegar sýslumanni þykir nauðsyn til bera, að á þessu sè gjörð nokkur breytíng, eða nýr þjóðvegur sè gjörður, þá skal hann um þetta senda uppástúngu til amtmanns, og ræður hann málinu til úrskurðar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun.

16. Frumv. 7. gr. (samþ. af minna hl.):
Sérhver jarðeigandi er skyldur til, nema því að eins, að svo standi á, sem sagt er í 8. gr., að láta af hendi uppbótarlaust land það, er þarf til að leggja þjóðveg um eða gjöra við hann, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun. Svo er hann einnig skyldur til að leyfa, að á hans landareign sè tekin þau tilfaung, sem kann að þurfa til vegagjörðarinnar, og skal honum það ekki heldur að neinu bætt.

17. Viðaukaatkv. meira hl.;
a, Að inn í 7. gr. frumv., eptir orðið „þjóðveg“, bætist inn í: *„og aukaveg“.*
b, Að við enda greinarinnar sè bætt: „nema tilfaung hafi verið tekin honum í mein“.

18. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 8.gr.:
Breytist þannig: „úr jafnaðarsjóði amtsins“ falli burt, en í staðinn komi: „af vegabótagjaldinu“.

19. Breytíngaratkv. meira hl. við 8. gr.:
Að endir greinarinnar „ellegar þá — yfir eingjar“, falli burt.

20. Frumv. 8. gr.:

Nýja vegi má aldrei leggja gegnum tún eða umgirt graslendi, og að öllum jafnaði ekki heldur yfir eingjar, nema yfirvaldinu virðist svo, að ekki verði hjá því komizt, án skaða fyrir almennar samgaungur, og skal, þegar svo stendur á, greiða eigandanum, ef hann krefst þess, úr jafnaðarsjóði amtsins sanngjarna þokkabót, sem óvilhallir menn, þeir er tilkvaddir sè af rèttinum á vanalegan hátt, ákveða fyrir það eptir skoðunargjörð, sem haldin sè undir tilsjón sýslumanns, ellegar þá eptir yfirskoðunargjörð, ef amtmanni þykir vera ástæða til þess; þó hverfur tilkall eigandans til tèðrar þokkabótar, svo framarlega og að svo miklu leyti, sem skylda hefir hingað til legið á jörðinni, til að leyfa umferð yfir eingjar.

21. Breytíngaratkv. *Benedikts Þórðarsonar:*

Að 9. gr. frumvarpsins verði þannig orðuð:

Þjóðvegir skulu ætíð vera 5 álnir á breidd, að minnsta kosti alstaðar, hvar því verður við komið, en hvar því ekki verður við komið, eiga þeir á hverjum stað að leggjast svo breiðir, sem næst verður komizt þessu máli, og hvergi mjórri en 1 alin.

22. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 9. gr.:

Breytist þannig: „6“ fellist burt, en „5“ komi í staðinn; „að minnsta kosti“, falli burt, og „amtmaður eptir uppástúngu sýslumanns“ falli burt, en komi í staðinn: sýslumaður.

23. Breytíngaratkv. meira hl.:

Að eptir orðin: „að minnsta kosti“, sè bætt inn í: *„en aukavegir 5 áln.“*.

24. Frumv. 9. gr.:

Þjóðvegir skulu ætíð vera 6 danskar álnir á breidd að minnsta kosti; samt getur amtmaður eptir uppásúngu sýslumanns leyft undantekníngu frá þeirri reglu, þegar landslagi er svo varið, til að mynda þar sem vegur liggur yfir fjöll eða hraun, að óumflýanleg nauðsyn dregur til þess.

25. Frum. 10. gr. (samþykkt af allri nefndinni):

Þjóðvegi skal bæta með ruðníngum, ef á þann hátt má fá fasta braut. Ef svo stórir steinar koma fyrir á vegi þeim, er ryðja skal, að þeim verður ekki komið úr brautinni, þá

skal beggja megin þeirra gjöra mjórri brautir, er aptur ná saman í aðalgötunni. Lausagrjóti því, er liggur á veginum, skal snara svo langt úr vegi, að það geti ekki fallið í brautina aptur, nema svo sè, að steina þá megi hafa til að bera ofan í veginn.

26. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 11. gr.:

Breytist þannig: „sýslumaður“ falli burt, en aptur komi: „tilsjónarmaður“; „ofan á brýrnar skal þar að auki leggja moldarlag“ falli burt“.

27. Frumv. 11. gr. (samþ. af meira hl.):

Þar sem ekki verður feingin föst braut með ruðníngum, skal leggja veginn hærra, ef jarðvegur er mjög laus; þyki yfirvaldi það nauðsynlegt, eptir því sem á þeim stað hagar til, skal grafa skurði jafnvel beggja megin vegarins, og skal einnig, ef þörf er á, gjöra ræsi þvert yfir veginn. Moldu þeirri, sem mokað er upp úr skurðunum og ræsunum, skal snara upp á veginn, og skal hafa hana sem undirlag til að fylla upp veginn, en annars skal fylla upp veginn á þann hátt, að hann verði í miðju að minnsta kosti $^1/_2$ danskri alin hærri en til hliðanna, og skal einnig bera ofan í veginn 5 eða 6 þumlúnga þykkt lag af möl, þar sem hún er fáanleg í nánd. Yfir ræsa þá, er gánga þvert yfir veginn, skal gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè ellegar hvorutveggja saman, eptir því sem sýslumaður ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað. Ofan á brýrnar skal þar að auki leggja moldarlag.

28. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 12. gr.:

Breytist þannig: „$1^1/_2$ alin“ falli burt, en komi í staðinn: „1 alin“, og „2 eða $1^1/_2$“ falli burt, en komi í staðinn „$1^1/_2$“.

29. Breytíngar- og viðankaatkv. meira hl. við frumv. 12. gr.:

a, Að eptir orðin: „torfbrýr þessar“, verði bætt inn í: *„þar sem undirstaðan er mjög laus“.*

b, Fyrir orðin: „en í miðju 2 eða $2^1/_2$ al. — er breið“, verði sett: *„og í miðju svo há, að vel falli út af til beggja hliða“.*

30. Frumv. 12. gr.:

Yfir mýrlendi skal jafnaðarlegast gjöra steinbrýr; en þegar yfirvaldi virðist, að því verði ekki með nokkru móti við komið vegna landslagsins, þá má þar gjöra brýr úr torf-

hnausum; skulu torfbrýr þessar vera $1^1/_2$ danskri alin hærri til hliðanna en grundvöllurinn, er þar að liggur, en í miðju 2 eða $2^1/_2$ danskri alin hærri, að því skapi sem torfbrúin er breið. Að öðru leyti eiga steinbrýrnar og torfbrýrnar ætíð að vera að minnsta kosti $2^1/_2$ danskar álnir á breidd, og skal gjöra við þær skurði og ræsi, sem fyr er sagt.

31. Breytíngaratkv. meira hl. við 13. gr.:

Að í stað orðanna: „þar sem þær liggja svo, og því að öðru leyti“, verði sett: *„ef nauðsyn krefur og því“* („verður við komið“ o. s. frv.).

32. Frumv. 13. gr. (minni hlutinn stíngur upp á, að sú grein verði úr felld):

Yfir litlar ár og læki skal, þar sem þær liggja svo, og því að öðru leyti verður við komið, gjöra steinbrýr eða trèbrýr, og skulu brýr þessar vera að minnsta kosti $2^1/_2$ danskar álnir á breidd, og skal ætíð halda þeim svo við, að farið verði yfir þær með klyfjaða hesta.

33. Frumv. 14. gr. (samþ. af allri nefndinni):

Á öllum þeim fjallvegum, sem ferðamenn eru vanir að fara á vetrardag, skal hlaða vörður, og skal einnig gjöra sæluhús, þar sem yfirvaldi þykir þörf á. Eiga vörðurnar að vera, þegar því verður við komið, svo nálægt hver annari, að tvær að minnsta kosti sjáist í einu, þegar þoka er yfir; skal þar að auki á hverri vörðu vera gjörður stallur eða annað merki á þeirri hlið, sem snýr til norðurs, ferðamönnum til leiðbeiníngar.

34. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 15. gr.:

a, Að upphaf greinarinnar: „Útgjöld — hvers amts“, falli burt.

b, Að frá þeim sömu orðum („hvers amts“) standi óbreyttur allur fyrri kafli greinarinnar: „þegar einhver — skilar áleiðis“, og verði sèrstök grein:

Þegar einhver hefir tekist á hendur að láta gjöra verkið, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sè óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amtmaður, ef sá, er verkið lætur vinna, krefst þess, og verkið er umfángsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsíngar og uppástúngu frá hlutaðeiganda sýslumanni, láta

greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis.

c, Að allur síðari hluti greinarinnar: „Að öðru leytt — einu sinni er ákveðið“ falli burt, en komi í staðinn ný sèrstök grein (annaðhvort tölul. 37., eða tölul. 39. með eða áu breytíngar tölul. 38. og viðauka (tölul. 40.).

35. Breytíngaratkv. meira hl.:

Að 15. gr. frumv. verði þannig orðuð:

Útgjöld til vegabóta á öllum fjallþjóðvegum og eins til þeirra verka, sem nefnd eru í 12. §, skal greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts, þegar einhver hefir tekizt á hendur að láta gjöra verkið, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sè óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amtmaður, ef sá, er verkið lætur vinna, krefst þess, og verkið er umfángsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsíngar og uppástúngur frá hlutaðeiganda sýslumanni, láta greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis. Að öðru leyti ber amtmönnum þess að gæta, þegar þeir ákveða, hverjar vegabætur skuli taka fyrir á því ári í amtinu, að allur kostnaðurinn verði eigi meiri en svo, að hann verði greiddur með því að jafna niður í mesta lagi 2 sk. á hvert lausafjárhundrað.

36. Frumv. 15. gr. (samþ. af minna hl.):

Útgjöld til allra vegabóta, sem nefnd eru hèr að ofan, skal greiða úr jafnaðarsjóði hvers amts. Þegar einhver hefir tekizt á hendur að láta gjöra verkið, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sè óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amtmaður, ef sá, er verkið lætur vinna, krefst þess, og verkið er umfángsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsíngar og uppástúngu frá hlutaðeiganda sýslumanni, láta greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis. Að öðru leyti ber amtmönnum þess að gæta, þegar þeir ákveða, hverjar vegabætur skuli taka fyrir á því ári, að kostnaðurinn til nýrra vega, viðgjörða og viðhalds allra þjóðvega í amtinu verði ekki

meiri en svo, að hann verði greiddur með því, að jafna niður í mesta lagi 2 sk. á hvert lausafjárhundrað. En skyldi í einhverri sýslu þurfa stórkostnað til að leggja nýja vegi eða til að gjöra stórkostlegar vegabætur, þá má, ef amtmanni þykir vera ástæða til þess, eptir að hann áður hefir leitað álits annara um það, jafna allt að 1 sk. tillagi meira fyrir hvert lausafjárhundrað á þessa sýslu, heldur en hinar aðrar sýslur, en samt mega tillögin samtals aldrei gánga út yfir það, sem einu sinni er ákveðið.

37. Breytíngaratkv. *Vilhjálms Finsens*:

Að síðari hluti 15. gr. frumv., eða breytíngaratkv. minna hl. (tölul. 39.), verði þannig orðað:

Utgjöld til allra þjóðvega skal greiða á þá leið, að amtmennirnir hver í sínu amti skulu, eptir uppástúngum frá sýslumönnunum, ákveða, hversu mikið hver sýsla skuli greiða af kostnaðinum til þjóðvega í amtinu, en síðan skal sýslumaðurinn með 2 tilteknum mönnum jafna sýslugjaldinu niður á hina einstöku hreppa sýslunnar, og skal hver hreppur því næst greiða tillag sitt úr sveitarsjóði.

Þyki hreppstjóra of þúngt vegabótagjald lagt á hrepp sinn, skal honum heimilt að kæra það fyrir amtmanni, og sker hann þá úr málinu.

Þegar sveitastjórnarnefndir komast á, skal það falið þeim að ákveða tillag hverrar sýslu til þjóðveganna og niðurjöfnun þess á hreppana.

38. Breytíngaratkv. *Páls Sigurðssonar* við minna hl. uppástúngu, tölul. 39.:

Að endir uppástúngunnar: „Gjald þetta — eptir sömu reglum og aukaútsvarið“, falli burt, en komi í staðinn: *„Húsbóndi hver gjaldi það á hvers árs manntalsþíngi til sýslumanns, samkvæmt niðurlagi 16.* gr. *(frumv.).*

39. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 15. gr.:

14. gr. Útgjöld til allra þjóðvega skal þannig greiða, að af hverjum hrepp í öllu landinu gjaldist svo mikið í peníngum, sem nemur hálfu dagsverki, eptir verðlagsskrá fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, í hverri stöðu sem hann er frá 20 ára að 60. Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþíngi, og

leggur hreppstjóri það á hreppsbúa eptir sömu reglum og aukaútsvarið.

40. Vara-breytíngaratkvæði *Halldórs Jónssonar* við 15. gr. minna hlutans:

Að eptir orðið „hreppstjóri", bætist inn í: „með 2 til 4 mönnum, sem bændur sjálfir kjósa".

41. Breytíngaratkv. meira hl.:

Að 16. gr. verði þannig orðuð:

Búendur í hverjum hreppi, og eins húsmenn og lausamenn þeir, sem þar eru heimilisfastir, skulu skyldir að bæta og við halda þjóðvegum þeim, er þar liggja um hreppinn, og eins aukavegum þeim, sem þar eru nauðsynlegir til almenníngs þarfa, svo að vegir þessir ávallt sè í góðu standi. Það sem vinna þarf að vegum þessum er skylduvinna, og skal hún jafnt hvíla á öllum verkfærum karlmönnum í hreppnum, sem eru milli tvítugs og fimmtugs, hvort sem þeir eru af bændastètt eður ekki. Ef hreppsbændur, eður meiri hluti þeirra kynni heldur að æskja, annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá, að menn sè leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppskilaþíngi á haustin, þá er þeim það heimilt, og skal þá fyrir hvert heilt dagsverk greiða borgun, eins og það er metið í verðlagsskránni það ár; húsbóndinn greiðir gjaldið fyrir sig og þá verkfæru menn, sem hjá honum eru, og skal því gjaldi lokið til hreppstjóra innan næstu sumarmála; gjald þetta má taka lögtaki, ef það ekki er greitt í tæka tíð.

42. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 16. gr.:

Breytist þannig: fyrir „18 til 60" komi: „20—60"; og eptir orðið „skiptist" komi: „af hreppstjóra, að yfirveguðum efnum og ástandi". Niðurlag greinarinnar breytist þannig: fyrir „börn og vinnufólk", komi: „verkfæra menn, sem eru í hans þjónustu".

43. Frumv. 16. gr.:

Það skal framvegis vera skylda innbúanna í hverjum hrepp, að gjöra vegabætur og halda við aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, og sem nauðsynlegir eru til almenníngs þarfa, svo að vegir þessir ávallt sè í sæmilegu standi. Það, sem vinna þarf í þessum tilgángi, er skylduvinna, og skulu allir verkfærir karlmenn í hreppnum frá 18. til 60. árs, hvort

sem þeir eru af bændastètt eða ekki, vera skyldir að leggja verk til, eptir því sem á þá skiptist. En ef hreppsbændur eða meiri hluti þeirra kynni heldur að æskja, annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá að menn sè leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppskilaþíngi á haustin, þá er þeim það heimilt, og skal þá hreppstjórinn jafna niður kostnaðinum á hina sömu menn, sem skyldir eru að vinna að vegabótum, eptir því sem áður er sagt, og að öðru leyti þannig, að húsbóndinn greiðir borgun fyrir börn og vinnufólk, sem er á hans heimili

44. Breytíngaratkv meira hl.:

Að 17. gr. frumv. verði þannig orðuð:

Hreppstjórar eiga á ári hverju innan loka janúarmánaðar að senda sýslumanni uppástúngu um þær vegabætur, er gjöra þarf á næsta sumri við þjóðvegina í hreppnum, og við þá aukavegi, sem þar eru nauðsynlegir til almennings þarfa; skal tèðri uppástúngu fylgja nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem skyldir eru að leggja vinnu til samkvæmt næstu grein á undan, og skýrsla um þá ráðstöfun, er hreppsbændur hafa tekið, samkvæmt sömu grein, um það, hvernig vinna skuli að vegabótunum; á sýslumaður síðan fyrir sumarmál að ákveða með úrskurði sínum, hver verk skuli vinna, og gefa hreppstjórunum það til vitundar; en þeir eiga því næst að sjá um, að verkið verði framkvæmt eptir reglum þeim, sem nákvæmar eru til teknar í þessari tilskipun; þess skal gætt, þegar hreppsbúar vinna sjálfir að verkinu, að það komi jafnt niður á þá, sem skyldir eru að leggja verk til.

45. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 17. gr.:

Að hún falli úr, en komi ný grein, sem verður 16. gr. þannig orðuð:

Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir sumarmál senda sýslumanni nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem samkvæmt 14. gr. eru skyldir að leggja fè til þjóðvegabóta.

46. Frumv. 17. gr.:

Hreppstjórar eiga á ári hverju innan loka janúarmánaðar að senda sýslumanni uppástúngu um þær vegabætur, er gjöra þarf á næsta sumri við hina almennu aukavegi í hreppnum, og skal tèðri uppástúngu fylgja nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem skyldir eru að leggja vinnu til samkvæmt

næstu gr. á undan; á sýslumaður síðan, í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar, að ákveða með úrskurði sínum, hver verk skuli vinna, og gefa hreppstjórunum það til vitundar, en þeir eiga því næst að sjá um, að verkið verði framkvæmt eptir reglum þeim, sem nákvæmar eru til teknar í þessari tilskipun, og skal þess gætt, þegar hreppsbúar vinna sjálfir að verkinu, að það komi jafnt niður á þá, sem skyldir eru að leggja verk til.

47. Meiri hl.:

Að ný grein verði tekin hèr inn í frumvarpið þannig orðuð:

Í þeim hreppi er hver maður skyldugur að vinna að vegabótum, sem hann var heimilisfastur í haustinu áður, er hreppskil voru þar haldin.

48. Breytíngaratkv. meira hl. við frumv. 18. gr.:

Að fyrir orðið „aukavegum", komi: *„þjóðvegum niðri í sveit, og þeim aukavegum, sem nauðsynlegir eru þar til almennings þarfa"*.

49. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 18. gr.:

Að hún standi með þeim viðauka eptir orðið „þarf": „lúki af sveitarsjóðnum".

50. Frumv. 18. gr.:

Að því leyti sem sèrlegur kostnaður kynni að standa af aukavegum, til að mynda til brúa, eður til að útvega þær tilfærur, sem ekki verða heimtaðar af þeim, sem skyldir eru að leggja til verk til vegagjörðar, sbr. 23. gr., eða púður til að spreingja steina, o. fl., þá skal þeim kostnaði, sem til þess þarf, jafna niður samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í niðurlagi 16. gr., að svo miklu leyti sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 20. grein, hrökkur ekki til þessa kostnaðar.

51. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 19. gr.:

Breytist þannig: í staðinn fyrir „5 álnir" komi „3 álnir"; og í staðinn fyrir „amtmaður" komi „hreppstjóri", — samanb. 9. gr., — að niðurlagið falli burt.

52. Frumv. 19. gr. (sem meiri hl. vill að falli burt):

Aukavegir eiga almennt að vera 5 álnir á breidd; þó má amtmaður leyfa, að brugðið sè út af þessu, þegar landslagi er svo háttað (sbr. 9. grein að niðurlagi), að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess. Að öðru leyti skal í öllu því, er aukavegi snertir, hvort beldur þeir eru gjörðir að nýju eða

endurbættir, og eins hvað skyldu eigandans viðvíkur til að láta af hendi land það og tilfaung, sem þarf, farið eptir reglum þeim, er ákveðnar eru hèr að framan um þjóðvegi, að svo miklu leyti sem þær geta átt hèr við.

53. Breytíngaratkv. meira hl.:

Að 20. gr. verði þannig orðuð:

Það skal vera hverjum þeim, er skylduverk á að vinna, heimilt að senda annan verkfæran mann í sinn stað. Vilji hann greiða borgun í peníngum fyrir skylduverk það, sem hann á að vinna, þá skal það leyft, ef hann greiðir hreppstjóranum, áður en vegaruðníngsseðillinn fer að gánga um hreppinn, borgun þar fyrir, eptir verðlagsskrá þeirri, er þar þá gildir. Sömu borgun skal og sá greiða, sem, sökum nauðsynja sinna, eigi getur komið til verka, er hann er til þess löglega kvaddur, þó hann eigi hafi greitt hreppstjóranum borgunina fyrir fram. En hafi eingar nauðsynjar hamlað honum frá að koma, skal hann að auk greiða í sekt 32sk.; húsbóndinn á að greiða ofannefnda borgun fyrir hvern verkfæran mann sinn, sem undan bregzt, en aptur á móti á hann rètt á að halda fènu inni í kaupi verkmanns, ef honum verður gefin sök á burtverunni. Sektirnar borgi hinn seki sjálfur.

Öll ofannefnd gjöld og sektir skal greiða í vegasjóð, sem stofnsetja skal fyrir hreppinn, og skal hreppstjóri geyma hann og tekjunum verja til vegabóta í hreppnum, eptir því sem sýslumaður nákvæmar ákveður.

Greinilegan reikníng yfir tekjur og útgjöld sjóðs þessa skal hreppstjóri árlega senda sýslumanni, um leið og hann sendir honum skýrslur þær, er getið er um í 17. §. Það skal álíta, að sá hafi eingan sent í sinn stað, er sendir þann mann, er hreppstjóri með tveimur tilkvöddum mönnum álítur óverkfæran.

54. Frumv. 20. gr. (samþ. af minna hl.):

Það skal vera hverjum þeim, er skylduverk á að vinna, heimilt, að senda annan verkfæran mann í sinn stað. Vilji hann greiða borgun í peníngum fyrir skylduverk það, sem hann á að vinna; þá skal það leyft, ef áður er um það gjört samkomulag við hlutaðeigandi hreppstjóra, sem þá skal leigja mann, er geingið geti í hins stað, fyrir fè það, er hann hefir greitt. Bregðist nokkur undan að koma til verka, þegar

hann er til þess kvaddur, og hefir einga þá ráðstöfun gjört, sem áður er sagt, og hann getur ekki sannað lögmætt forfall, þá á hann fyrir það að gjalda í sekt 32 sk. r. m., og þar að auki greiða slíka borgun, sem hlutaðeigandi hreppstjóri álítur nægja, til að leigja fyrir annan verkmann. Það er vitaskuld, að það, sem hèr segir, á við, hve nær sem verkskyldur maður dregst undan, eins fyrir það, þó fleiri verkamenn eigi að koma frá einum bæ, og á húsbóndinn að greiða ofannefnda borgun og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern verkfæran mann af börnum hans eða vinnufólki, er undan bregzt; en aptur á móti á hann rètt á, að halda fènu inni í kaupi verkmanns, ef honum verður gefin sök á burtverunni. Ofannefndar sektir skal greiða í vegasjóð, sem stofnsetja skal fyrir hreppinn, og skal hreppstjóri geyma hann, og tekjunum verja til vegabóta í hreppnum, eptir því sem sýslumaður nákvæmar ákveður.

Hefjist deila um það, hvort sá, er í stað annars gengur, sè verkfær, þá skal hreppstjóri þegar í stað leggja úrskurð á þrætuna með tveimur tilkvöddum mönnum. Ef einhver sendir óverkfæran mann í sinn stað, skal álíta, sem hann hafi ekki komið.

55. Breytíngaratkv. meira hl.:
Að frumv. 21. gr. verði þannig orðuð:

Hreppstjóri til tekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera seinna, en í júnímánuði, nema svo sèrstaklega sè ástatt á einhverjum stað, eða eitthvað annað beri til, að óumflýjanlegt sè, að bregða út af þessu.

56. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 21. gr.:
breytist þannig: í stað orðsins „sýslumaður“, komi „hreppstjóri“.

57. Frumv. 21. gr.:

Sýslumaður til tekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera á öðrum tíma, en í maí eða júnímánuði, nema svo sèrstaklega sè ástatt á einhverjum stað, eða eitthvað annað beri til, að óumflýjanlegt sè að bregða út af þessu, og skal þá sýslumaður nákvæmar ákveða verkdaginn.

58. Breytíngaratkv. meira hl.:
Að 22. gr. verði þannig orðuð:

Verkamenn skal hreppstjóri til kveðja með skriflegum seðli, og skulu bændur láta bera hann bæja í milli tafarlaust um hreppinn, eptir réttri boðleið. Skal hreppstjóri senda hann út svo tímanlega, að hann komist alla boðleið, í hið minnsta tveim dögum fyrir hinn ákveðna verkdag.

59. Frumv. 22. gr. (samþ. af minna hl.):

Verkamenn skal hreppstjóri til kveðja með skriflegum seðli, og skulu bændur láta bera hann milli bæja eptir þingboðsleið svo tímanlega, að hann sé kominn þingboðsleið á enda einum degi fyrir hinn ákveðna verkdag.

60. Breytíngaratkv. meira hlut.:

Að 23. gr. frumvarpsins verði þannig orðuð:

Sérhver verkmaður skal með sér hafa verktól þau, sem til er tekið, þegar honum er sagt til, en þó ekki önnur en þau, sem almennt eru höfð við moldarverk þar í sveit; skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað á dagmálum og vera við vinnu til náttmála, þó skal veita tveggja stunda hvíld á þeim tíma, sem hreppstjóri ákveður. Ef nokkur, sem tilkvaddur er, kemur seinna til verka, en nú var sagt, eður fer fyr í burt, eður yfir höfuð ekki er allan hinn tiltekna tíma við vinnu sína, þá skal hann gjalda svo mikið í verkfall, sem hreppstjóri með tveimur tilkvöddum mönnum metur; og hafi hann eingar lögmætar nauðsynjar haft, að auk í sekt 32 sk.

61. Frumv. 23. gr. (samþ. af minna hl.):

Sérhver verkamaður skal með sér hafa verktól þau, sem til er tekið, þegar honum er sagt til, en þó ekki önnur en þau, sem almennt eru höfð við moldarverk á Íslandi; skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað innan sjöundu stundar að morgni, og vera við vinnu til sjöundu stundar að kveldi; þó skal veita tveggja stunda hvíld á þeim tíma, sem hreppstjóri ákveður. Ef nokkur, sem tilkvaddur er, án löglegra forfalla, kemur meira en einni stundu of seint, eða fer úr verkinu meira en einni stund of snemma, eða skorast undan að gjöra þá vinnu, sem honum er sagt, þá skal það metið, sem hann hefði alls ekki komið, og lýkur hann þá sekt eptir 20. gr. tilskipunar þessarar, en ef styttri tími en ein stund geingur frá verkinu, annaðhvort af því einhver

kemur of seint, eða fer of snemma, þá er hann sekur um helmíng af sekt þeirri, sem ákveðin er í nýnefndri grein.

62. Frumvarpsins 24. gr. (samþ. af allri nefndinni):

Hreppstjóra er heimilt að skipta niður vegastörfum þeim, sem falla á hreppinn, á 2 eða fleiri daga, en samt þannig, að einginn sá, sem skylduverk á að vinna, hafi meira en eins dags verk.

63. Frumv. 25. gr. (samþ. af allri nefndinni):

Meðan á verkum stendur, skal hreppstjóri skipta verkmönnum í flokka, og skal hverjum þeirra feinginn sinn kafli af veginum. Hreppstjórinn skal ætíð vera viðstaddur sem umsjónarmaður, meðan unnið er að vegastörfunum; líka getur hann kosið umsjónarmenn sèr til hjálpar meðal hreppsbænda, þegar honum þykir nauðsyn til bera. Skal svo álíta, að bæði hreppstjórinn og áðurnefndir umsjónarmenn hafi með umsjón þeirri, er þeir þannig hafa haft með vinnunni, fullnægt skylduverki því, er á þeim sjálfum liggur.

64. Breytíngaratkv. meira hl. við 26. gr.:

Að endir greinarinnar: „samkvæmt þeim — því viðvíkjandi“, falli burt.

65. Frumv. 26. gr. (samþ. af minna hl.):

Þegar verkið eptir 16. gr. 2. atr. þessarar tilskipunar er unnið af einhverjum, sem hefir tekizt það á hendur, eða af leigðum mönnum, eiga hreppstjórarnir að hafa umsjón með, að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst, samkvæmt þeim ákvörðunum, sem gjörðar eru af hreppsbændum því viðvíkjandi.

66. Breytíngaratkv. meira hl.:

Að inn í frumvarpið verði tekin ný (27.) gr. svo hljóðandi:

Nú eru vegirnir í einhverjum hrepp búnir að fá þá umbót, að þeir eru komnir í lögboðið ástand, eður þeir eru að landslaginu til svo góðir, að ekki þarf að halda á öllum þeim skylduverkum, er þar til falla; þá skal sá hreppur greiða nokkurt gjald til vegabóta í þeim hreppum sýslunnar, sem mest þarf að starfa að vegabótum í. Gjald þetta ákveður sýslumaður með tveimur óvilhöllum mönnum, og má það aldrei meira vera, en svo, að það sè borgun fyrir helmíng af þeirri dagsverkatölu, er ekki þurfti að hafa til viðhalds veganna í hreppnum. Þegar svona ber undir, skal þess gætt, að gjaldi þessu sè

varið til vegabóta í þeim hrepp, sem gjaldendurnir helzt eiga leið um.

67. Breytíngaratkv. meira hl. við frumv. 27. gr.:

a, Að fyrir orðin: „öðrum vegum í sýslunni“, verði sett: *„nauðsynlegu aukavegum þar“*.

b, Að fyrir orðin: „skýrslu um það“, verði sett: *„skýrslu um ástand veganna í sýslunni“*.

68. Frumv. 27. gr. (samþ. af minna hl.):

Sýslumenn skulu á ári hverju líta eptir þjóðvegunum í sýslum þeim, er þeim er trúað fyrir, og líka hafa eptirlit með hinum öðrum vegum í sýslunni, og eiga þeir á ári hverju að senda amtmanni skýrslu um það; skal í henni vera greint frá, ekki að eins hve mikið, heldur einnig hvernig hafi verið starfað að vegagjörðum á ári hverju.

69. Breytíngaratkv. meira hl.:

Að frumv. 28. gr. verði þannig orðuð:

Þegar amtmenn eru á embættisferðum sínum, skulu þeir skyldir að gefa nákvæmlega gætur að vegunum í umdæmum sínum, og að sýslumenn og hreppstjórar gæti skyldna þeirra, er hvíla á þeim eptir þessari tilskipun.

70. Frumv. 28. gr. (samþ. af minna hl.):

Það er skylda amtmanna, að hafa yfirumsjón með vegunum í ömtum þeim, sem þeir eru settir yfir, og eiga þeir á embættisferðum sínum nákvæmlega að gefa gætur að ástandi veganna, og að öðru leyti á ári hverju að senda skýrslu til dómsmálastjórnarráðsins um ásigkomulag veganna í amtinu, og láta þar með fylgja hinar ofannefndu skýrslur, sem komnar eru frá sýslumönnum.

71. Breytíngaratkv. meira hl.:

Að frumv. 29. gr. verði þannig orðuð:

Verði nokkur uppvís að því, að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann, og þar að auki sektast frá 1 rd. til 10 rd., eptir því, hvað skemmdin er mikil, og öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort brotið er framið í fyrsta sinni, eða það er ítrekað. Sè sæluhús eða vörður á vetrarvegum skemmd eður eydd, þá skal það sæta 10 rd. til 50 rd. sekt, eða líkamlegri refsíngu frá 10 til 27 vandarhagga. Sè mannvirki þau braut tekin, sem vegastjórnin

hefir látið gjöra, svo sem bæir og sæluhús, þá varðar það þjófsstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegníngarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari grein, skulu falla í jafnaðarsjóð amtsins, ef þjóðvegur á fjöllum uppi hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins.

72. Breytíngaratkv. minna hl. við frumv. 29. gr.:

Fyrir: „jafnaðarsjóð amtsins“, komi: „til þjóðvegagjaldsins“.

73. Frumv. 29. gr.:

Verði nokkur uppvís að því, að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann, og þar að auki sektast frá 1 rd. til 10 rd., eptir því, hvað skemmdin er mikil, og öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort yfirsjónin er framin í fyrsta sinn eða hún er ítrekuð. Sè vörður og sæluhús á vetrarvegum skemmd eða eydd, þá skal það sæta 10 rd. til 50 rd. sekt, eða líkamlegri refsíngu frá 10 til 27 vandarhagga. Sè mannvirki þau burt tekin, sem stjórnin hefir látið gjöra, svo sem brýr, vörður og sæluhús, þá varðar það þjófsstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegníngarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari gr., skulu falla í jafnaðarsjóð amtsins, ef þjóðvegur hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins.

74. Breytíngaratkv. meira hl. við frumv. 30. gr.:

a, Að fyrir orðið „viðvíkjandi“, verði sett: „*út af*“.

b, Að endir greinarinnar: „og skal — 9. og 10. gr.“, falli burt.

75. Frumv. 30. gr. (samþ. af minna hl.):

Öll mál viðvíkjandi afbrigðum gegn þessari tilskipun skal með fara og dæma sem almenn lögreglumál, að því leyti sem þau ekki eptir eðli sínu eru misgjörðamál, og skal að öðru leyti, hvað þær yfirsjónir snertir, sem hèr ræðir um, fara eptir ákvörðunum í tilsk. 24. jan. 1838, 9. og 10. gr.

76. Frumv. 31. gr. (samþ. af allri nefndinni):

Hvað hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vötnsföll áhrærir, þá skal framvegis farið eptir reglum þeim, sem settar

eru í Jónsbókar landsleigubálks 45. kap., og í konúngsbrèfi af 29. apríl 1776, § 6.

Að öðru leyti skulu þær ákvarðanir, sem ofannefnd konúngsbrèf og Jónsbókar landsleigub. 44. kap. innihalda um vegina á Íslandi, hèr eptir vera teknar úr lögum.

77. Varaatkv. *H. Kr. Friðrikssonar* og *Arnljóts Ólafssonar:*
   1. Að þíngið ráði frá, að frumvarp þetta til tilskipunar um vegina á Íslandi fái lagagildi, en
      a, að nefnd manna verði sett í landinu sjálfu til að semja nýtt vegabótafrumvarp; og
      b, að nokkrum Íslendíngum verði kennd vegafræði sem allrafyrst, og verði sá kostnaður, sem til þess geingur, greiddur úr ríkissjóðnum fyrst um sinn.
78. Hvort biðja eigi konúnginn að gjöra frumvarp þetta að lögum — (eða rita konúngi bænarskrá um að málinu verði frestað o. s. frv.), samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Var málið síðan afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Jón Pètursson): Eg þarf ekki að skýra frá göllunum á stjórnarfrumvarpinu; höfuðgallinn er sá, að það fè er of lítið, sem ætlað er þar til þjóðveganna; það er ekki nema 2 sk. af hverju lausafjárhundraði. Hver sá, sem þekkir ástand veganna hèr á landi, sèr, að þetta er of lítið. Meiri hluti nefndarinnar áleit samt, að ekki mætti leggja meira gjald á lausafjárhundruðin, en áleit, að svo mikið fè væri þó gjörlegt að leggja á þau, og það væri nægilegt til nauðsynlegra vegabóta á fjöllum uppi; fjallvegirnir vita menn, að híngað til hafa verið alveg forsómaðir, nema þegar *privat*menn hafa tekið sèr fram um það, að skjóta saman, til að gjöra við þá. Þá var að leysa úr því, hvar taka ætti fè til vegabótanna á þjóðvegunum niðri í sveitunum. Meiri hlutinn áleit tiltækilegast eptir því, sem nú á stæði, að kostnaðurinn til þessara vega yrði lagður á vinnukraptana, eins og gjört er í frumvarpinu með tilliti til aukaveganna, þó svo, að hverjum ætti að standa frítt fyrir, sem ekki vill borga gjald þetta í vinnu, að borga það í peníngum, og þótti meira hlutanum, sem hann gæti stúngið upp á þessu með því meiri ástæðu, sem frumvarpið auðsjáanlega hafði ímyndað sèr, að aukavegir hèr á landi væri lángtum stærri, í samanburði við þjóðvegina, en þeir eru. Minni hlutinn dregur og inn undir aukavegi lángtum fleiri vegi, en frumvarpið sjálft, og samkvæmt skilníng hans á aukavegum er það eðlilegt, að hann vill heldur láta hreppstjóra

hafa umsjón yfir þeim en amtmenn, því hann skilur sumsè við aukavegi líka þá vegi, sem liggja heim að hverjum bæ, og hver hefir heima hjá sèr um landareign sína; en frumvarpið meinar ekki það með aukavegum, heldur meinar það með þeim einúngis þá vegi, sem eru til almenníngs þarfa, svo sem kirkjuvegi og vegi á þíngstaði, því þessir vegir við koma því opinbera, en hinir ekki, og þeir þurfa ekki einu sinni að standa undir umsjón hreppstjóra, auk heldur sýslumanns eður amtmanns. Meiri hlutinn fann þannig einga nauðsyn til þess, að breyta frumvarpinu í því, hvaðan taka skyldi kostnaðinn til vegabótanna, heldur áleit, eins og frumvarpið, að hann ætti sumpart að berast af jafnaðarsjóðunum og sumpart leggjast á vinnukraptana; hann áleit þannig, að jafnaðarsjóðirnir ætti að láta af hendi jafnmikið fè til vegabóta, og farið er fram á í frumvarpinu, en því skyldi að eins verja til vegabóta á fjöllum uppi, en sveitirnar sjálfar skyldi bera kostnaðinn við þjóðvegina hjá sèr niðri í byggðinni og aukavegina. Minni hlutinn kippir auðsjáanlega öllum grundvelli undan frumvarpi stjórnarinnar, með því að hann álítur, að kostnaðurinn eigi að berast öðruvísi, en ætlazt er til í því. Eg ætla ekki að koma með neinar mótbárur á móti minna hlutanum, því hver þíngmaður sèr, hvað af því leiðir, ef minni hlutinn fær framgáng; hann stíngur upp á, að stofna nýjan sjóð, sem eg meðal annars ekki get sèð undir hvers stjórn eigi að vera; eg gjöri ráð fyrir, að minni hlutinn ætlist til, að hann sè undir stjórn amtmannanna, og það er þó kunnugt, að sumir þíngmanna vilja, að þvílíkir sjóðir sè sem fæstir. Hinn 4. konúngkjörni þíngmaður hefir komið fram með nýja uppástúngu viðvíkjandi kostnaðinum til vegabótanna undir tölul. 37., og er það satt, að það er eini mátinn til að koma nokkru viti í uppástúngur minna hlutans, að mèr sýnist, því þær verða ekki með öðru móti teknar til greina, en að þessi uppástúnga verði samþykkt; en verði hún samþykkt, þá verða þeir, sem samþykkja hana, forsprakkarnir í því að sýna, hvernig eigi að leggja á nýja skatta; menn geta þá eptir því sagt við amtmennina: „látið þið mig hafa svo og svo mikið fè“; amtmennirnir skipta því niður á sýslurnar, og segja síðan aptur við sýslumennina: útvegið þið mèr svo og svo mikið“; sýslumennirnir skipta því aptur á hreppana, og segja við hreppstjórana: „útvegið þið mèr svo og svo mikið“, og hreppstjórinn fer svo að jafna þessari summu niður á bændurna í hreppunum. Með þessu má taka af öll skattalög, sem híngað til hafa verið og setja þessi aptur í staðinn. Eg get ekki skilið, að þvílík skattalög verði góð,

en breytíngaratkvæði þetta opnar veginn til þeirra. Eg skil ekki heldur, hvað uppástúngumaður hefir meint með orðinu „sveitastjórnarnefndir“; hreppanefndir geta það ekki verið, því hann ætlar þeim að skipta gjaldinu á millum sýslnanna, svo með því verða að vera meintar amtsnefndir, en þá eiga þær þó aptur að fara að jafna þessu fé niður á hreppana, en eptir hverjum reglum? Það er ekki tilgreint. En þíngmaður Mýramanna vill nú annars eingar nefndir hafa; breytíngar meira hlutans fljóta flestallar af 1. uppástúngunni, og ef þíngið fellst á hana, verður það einnig að samþykkja flestar hinar. Í 17. tölul. er stúngið upp á nokkru nýju, og ímyndaði meiri hlutinn sèr, að allir mundi fallast á, að ekki mætti taka tilfaungin til vegabóta í mein landeiganda, er menn stundum ekki kunna að komast hjá, án þess að hann feingi skaðabætur fyrir. Viðvíkjandi 8. gr. undir 20. tölul. áleit meiri hlutinn, að yfirskoðunargjörð sú, sem þar er nefnd, ætti fram að fara, ef annarhvor málspartanna óskaði þess. (*Forseti:* Eg hefi ekki skilið rètt ástæðurnar, ef þetta er meiníngin). Eptir því, hvernig greinin er orðuð hjá meira hlutanum, verður hverjum fyrir sig heimilt, að fá þessa yfirskoðunargjörð, því það flýtur af löggjöfinni yfir höfuð, og þarf aldrei að taka það fram á hverjum stað, þar sem talað er um skoðunargjörð, en í frumvarpinu er að sjá, sem amtmönnunum einum sè leyft, að krefjast yfirskoðunargjörðar, en meira hlutanum fannst ekki næg ástæða til að fallast á það. Með stafl. 41. er gjörð breytíng á 16. gr., og er þar að eins aldrinum breytt frá 20--50 ára. Að öðru leyti álít eg, að þíngmenn muni hafa kynnt sèr svo vel ástæðurnar í nefndarálitinu fyrir breytíngunum á frumvarpinu, að eg þarf ekki að tala meir um þær; þær fljóta, eins og eg hefi sagt, flestar af breytíngunni, sem meiri hlutinn hefir gjört við 1. gr.

Konúngsfulltrúi (Vilhjálmur Finsen): Eg skal í umboði *konúngsfulltrúa* ráða þínginu til, að fallast á uppástúngur minna hluta nefndarinnar, að því leyti hann að eins hefir aðgreint vegina í þjóðvegi og aukavegi, og þannig haldið sèr til frumvarpsins. Aðgreiníng sú, sem meiri hlutinn hefir stúngið upp á, nefnilega á þjóðvegum á fjöllum uppi og þjóðvegum niðri í byggð, er öldúngis ný, og hefir einga undirrót í fyrri meðferð þessa máls, hvorki á embættismannafundinum, nè heldur þau 2 skipti, sem vegabótamálið hefir verið rætt á alþíngi, nefnilega 1855 og 1857; þessi aðgreiníng breytir allri undirstöðu málsins, og það sem verulega talar á móti henni, eins og meiri hlutinn hefir stúngið upp á fyrirkomulaginu, er það,

að eptir uppástúngu meira hlutans á skylduvinna að haldast við hvað snertir þjóðvegi niðri í byggð og aukavegi, en það er aðgætandi, að það, sem meiri hlutinn nefnir þjóðvegi á fjöllum uppi, eru vegir, sem það opinbera hingað til yfir höfuð ekki hefir haft afskipti af, svo að þannig skylduvinnan ætti þá að haldast við um hèr um bil alla vegi, nefnilega alla þá vegi, sem menn hingað til hafa skipt sèr af; en það þarf ekki að útlista það, hversu æskilegt væri, að skylduvinnan væri takmörkuð sem mest, eins og líka í frumvarpinu er gjört. Það væri því við að búast, að ef þingið fèllist á þá umræddu skiptíngu á vegunum og uppástúngur meira hlutans, sem þar með standa í sambandi, mundi þetta geta, ef til vill, orðið því til fyrirstöðu, að frumvarpið yrði að lögum. Ef menn nú þannig fylgja uppástúngum minna hlutans, hvað þetta atriði snertir, þá kemur þar næst spursmálið um kostnaðinn til þjóðveganna, sem minni hlutinn hefir í breytíngaratkvæðinu 39. stúngið upp á, að skyldi greiðast á þá leið, að af hverjum hrepp í öllu landinu skuli gjaldast í peníngum hálft dagsverk fyrir hvern verkfæran karlmann. Þessi ákvörðun virðist nú miður hentug, því bæði er það, að dagsverkatalan í þeim einstöku hreppum mun naumast standa í rèttu hlutfalli við efnahag hreppanna, og svo er þess enn framar að gæta, að upphæð sú, sem með þessu móti feingist til vegabótanna, yrði ætíð hèr um bil jöfn, eða sú sama; það er eingin vissa fyrir því, að þessi upphæð verði nægileg, eða hvort hún komi til að verða of mikil, og þegar upphæðin er ætíð sú sama, þá er það því til fyrirstöðu, að menn eitt árið gæti fyrir tekið nokkuð meiri vegabætur, en annað árið, t. a. m. ef hart væri í ári, nokkuð minni. Það virðist því rèttara, að taka breytíngaratkvæðið 37., er eg sem þíngmaður hefi borið upp, nefnilega að amtmaður ákveði, hvað mikið hver sýsla skuli greiða til vegabóta, að sýslumaður jafni sýslugjaldinu niður á hreppana og að hreppstjórar greiði svo gjaldið úr sveitarsjóði. Eins og getið var við fyrri umræðu málsins, hefir stjórnin í skýrslu þeirri um vegabótamálið, sem hefir verið lögð fyrir þíngið, einmitt bent til, að hentugast væri, að hafa þessa ákvörðun eins og eg nú hefi stúngið upp á henni, og hefir stjórnin látið í ljósi, að ef þíngið nú samþykkti þessa uppástúngu, væri hún ekki ófús á, að fallast á hana, svo að þannig má álíta hana að nokkru leyti sem uppástúngu frá stjórninni til þíngsins. Það sem má búast við að helzt verði haft á móti þessu breytíngaratkvæði, er það, að það mætti álíta, að gjörræði mundi verða í niðurjöfnuninni; en álíka niðurjöfnun á sèr þó þegar

stað á ankaútsvarinu í hverjum hrepp, og hvort nú hèr eptir ætti að jafna nokkuð meira en áður á hvern bónda, gæti það ekki gjört neinn verulegan mun; hvað niðurjöfnun sýslugjaldsins á hina einstöku hreppa snertir, þá er í breytíngaratkvæðinu gjört ráð fyrir, að sýslumaðurinn gjöri hana með 2 tilteknum mönnum, og virðist þá nokkur tryggíng vera í því, og hvað loksins snertir þá niðurjöfnun, sem amtmennirnir eiga að gjöra millum sýslnanna, þá get eg ekki skilið betur, en að þar ekki þyrfti heldur að búast við gjörræði, því tillag hverrar sýslu mundi yfir höfuð fara eptir þeim vegum, sem lægi í gegnum hana, og sem hún híngað til hefir orðið að bæta um, og þá væri einúngis í viðbót þar við eptir að jafna niður, eptir kríngumstæðum, afstöðu, o. s. frv., kostnaðinum til fjallveganna. En í öllu falli virðist bætt úr þeim misfellum, sem með þessa niðurjöfnun á sýslur og hreppa gæti átt sèr stað, með niðurlaginu í breytíngaratkvæðinu, þar sem tekið er fram, að þessar niðurjafnanir skuli felast sveitarstjórnarnefndum, þegar þær komast á, sem búast má þó við, að verði innan fárra ára. Að því leyti stúngið er upp á því í breytíngaratkvæðinu tölulið 77., að þíngið ráði frá, að frumvarpið fái lagagildi, þá efast eg ekki um, að þíngið muni fella þessa uppástúngu; það er viðurkennt bæði af meira og minna hluta nefndarinnar, að frumvarpið er vel samið og inniheldur margar góðar ákvarðanir, og það virðist líklegt, að það mundi verða verulegt gagn að því, ef það kæmi út; ef þíngið rèði frá, að frumvarpið feingi lagagildi, er ekki heldur við að búast, að stjórnin legði fyrir nýtt frumvarp, heldur mundi hún þá að líkindum hætta við málið; þar sem stúngið er upp á í þessu breytíngaratkvæði, að nefnd manna verði sett til að semja nýtt vegabótafrumvarp, þá er ekki líklegt, þar sem máleíni þetta hefir verið svo ítarlega athugað, bæði á embættismannafundinum, af stjórninni og alþíngi 1855, 1857 og nú, að slíkri nefnd tækist betur að semja uppástúngur, sem fallizt yrði á. Það er stúngið upp á undir tölulið 77. *b*, að nokkrum Íslendíngum verði kennd vegafræði, sem mundi eiga að vera áður en nefndin, sem setja ætti, færi að semja frumvarpið; en mèr finnst, að það væri rèttara að hugsa ekki um slíka vegafræðiskennslu, fyr en eptir að vegabótalögin væri komin út, og að öðru leyti efast eg um, að það sè rètt að hugsa sèr, að laga vegina hèr of mikið eptir útlendu sniði. Hvað hin einstöku breytíngaratkvæði á atkvæðaskránni snertir, skal eg ekki að svo stöddu fara leingra út í þau; yfir höfuð virðist

atkvæðagreiðslan geta orðið mjög óflókin, ef menn halda sèr til minna hlutans, sem ekki hefir í því einstaka vikið mikið frá frumvarpinu.

Þórður Jónassen: Eg held það megi segja um þetta mál, sem mælt er, að þegar fara á betur en vel, fer opt ver en illa. Þetta mál hefir nú verið rætt á 2 þingum, og þingmenn hafa í bæði skiptin borið upp margs konar uppástúngur, er allar áttu að miða til þess, að gjöra frumvarp stjórnarinnar, sem allir hafa þó viðurkennt að væri vel úr garði gjört, enn þá betra og fullkomnara, en það er. Þingið heyrði nýlega af munni *konúngsfulltrúa,* hvað lítt stjórninni geðjaðist að þingsins fyrri breytíngum og uppástúngum; þær feingu vissulega þúngan dóm, það muna þingmenn; eg vil nú vona og óska, að nú takist betur til, og að vísu hafði nefndin núna fyrir sèr bendíngar stjórnarinnar, og gat látið víti þingsins í fyrra skipti verða sèr að varnaði; en eg er þó hræddur um, að núna ætli þó að flæða upp á sama skerið, og að vísu held eg svo fari fyrir meira hlutanum, því hann hefir gjört fullt svo verulegar breytíngar á stjórnarfrumvarpinu, eins og þingið gjörði í fyrra skipti, og sèr í lagi er skiptíng sú, sem hann gjörir á vegunum, mjög áhrifamikil, og þar að auki eptir mínum skilníngi eingan veginn tiltækileg, og er búið að sýna nægilega fram á það í umræðunum, og skal eg því ekki hèr taka það upp aptur. Stjórnarfrumvarpið skiptir vegunum vissulega rètt, og það verður ekki fundin önnur eða betri skiptíng á þeim, og því á þingið líka að halda fast við þá skiptíngu.

Það sem bar á milli í fyrra skipti, var eiginlega tvennt, umsjónin með vegabótunum og kostnaðurinn, og stjórnin kannast nú við, að það, sem hún ætlaði til þjóðveganna, væri allt of lítið, og hefir því, að mig minnir, hallast að uppástúngu þingmannsins úr Strandasýslu; eg verð líka að halda henni fram, því þar sem hún fer fram á, að miða útgjöldin til vegabótanna á þjóðvegunum við tölu verkfærra manna, er, eptir minni skoðun, mikið eðlilegt, og sá gjaldstofn er kominn hèr inn í meðvitund almennings; því fleiri verkamenn sem einhver hefir, þess meira hefir hann venjulega umleikis, og því færari er hann um að borga þau útgjöld, sem á þarf að halda í almennings þarfir; það er sjálfsagt, að þetta á ekki alstaðar við sèr í lagi ekki í sjávarhreppunum, en eg get þó ekki gjört mikið úr því atriði. Þar á móti felli eg mig ekki við breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þingmanns undir 37. tölulið, því það getur gefið tilefni til gjörræðis af hendi sýslumanna með þeirri aðferð, sem þar er ætlazt til verði við höfð í niðurjöfnun afgreiðslunnar. Þingmaður

Borgfirðínga hefir sýnt fram á það, að þegar útgjaldið er miðað við tölu verkfærra manna, og dagsverkið helmíngað, yrði það álitleg upphæð, sem svo feingist til þjóðveganna, og þó held eg upphæð afgreiðslunnar yrði eingum einstökum, með því fyrirkomulagi, sem þíngmaður Strandasýslu mælir með, allt of þúngbær, og það má hún heldur ekki vera.

Að skjóta málinu á frest, er mjög óhyggilegt og óráðlegt; málið er búið að dragast nógu leingi, og eins er um það, að setja nefnd hèr í landi, til þess að búa til nýtt vegabótafrumvarp. Eg er hræddur um, að það mundi eitthvað líka mega finna að því. Yfir höfuð skal eg leyfa mèr að taka það fram, að eg held það sè og hafi verið þessu máli til fyrirstöðu á þíngum, að menn hafi verið of vandvirkir, og viljað bæta sig á frumvarpinu og þess einstöku greinum, en þetta álít eg ekki rètt, það má leingi gánga, að ekkert megi að finna; eg held menn eigi því einúngis að skipta sèr af því, sem er verulegt, en sleppa öllu hinu; þar að auki lítur það svo út, eins og stjórninni þyki frumvarpið óaðfinnanlega úr garði gjört, og að hún vilji ekki að því sè breytt í nokkru verulegu frá því, sem það nú er, og þessari bendíngu virðist mèr þíngið eigi að fylgja, og ekki vera að elta hverja eina misfellu, sem, þegar betur er að gætt, ef til vill, ekki er það.

H. Kr. Friðriksson: Það er ekki ólíklegt, að breytíngaratkvæðið undir 37. tölul. fái mebhald þíngsins, þar sem hinn 4. konúngkjörni þíngmaður hefir komið fram með það, og tvöfaldur *konúngsfulltrúi* nú mælir fram með því. En eg verð að telja það ekki 2 sk. virði; amtmanninum er þar gefið á vald, að leggja skatt á sýslurnar eptir sinni hugsun, án þess að sýslubúar fái að sjá, hvort nokkur jöfnuður sè í skattaálögum við aðrar sýslur; sýslumaðurinn á að jafna því síðan niður á hreppana, sömuleiðis án þess að nokkur samanburður við aðra hreppa geti átt sèr stað, og síðan hreppstjórinn á hreppsbúa. Þetta sýnir, að þessi uppástúnga er einkis virði (*Jón Sigurðsson* frá Tandraseli: Þíngmaðurinn þarf að lesa skrána). Uppástúngurnar frá sýslumanninum, á hverju eru þær byggðar, og hvaða skuldbindíng er fyrir amtmennina að fara eptir þeim? Það er eðli hverrar niðurjöfnunar, að gjaldendur fái að sjá hana, og bera sig saman um, að hve miklu leyti gjöldunum sè jafnað niður á þá að rèttri tiltölu. Hrepparnir eiga að kvarta, en hver á að skera úr því, hvort það sè of mikið eða ekki? Hreppsbúar geta eigi sjálfir sagt, að gjald þeirra sè of hátt, nema því að eins, að

þeir segi, að allt vegabótagjaldið sè of hátt; en það geta þeir ekki; því að þeir eiga ekki að kvarta yfir því, heldur yfir því, að það komi ójafnt niður, og það geta þeir eigi sagt, þegar þeir geta eigi borið sig saman við neina aðra. Þetta breytíngaratkvæði er því einkis virði og óhafandi í alla staði; það er merkilegt, að slík uppástúnga skuli komast hèr inn á þíngið, þar sem barizt er fyrir því, að allir skuli hafa sem mest atkvæði í þess konar efnum; en í þessu eiga menn ekkert atkvæði að hafa. Viðvíkjandi kostnaðinum er minni hluti nefndarinnar öldúngis ónotandi; gjaldstofninn verður þar tvöfaldur, fyrst eptir tölu verkfærra karlmanna, samkvæmt 39. tölul., að leggja gjaldið á hreppsbúa eptir efnum og ástandi. Eg sè ekki, að þess konar gjaldstofn sè aðgeingilegur, að minnsta kosti ekki fyrir mig; það vesta við meira hlutann er vegabótagjaldið til þjóðveganna á fjöllum uppi, því þótt þeir vegir, sem 2 sk. gjaldið af hverju lausafjárhundraði á að gánga til, sè minni, en í frumvarpinu, þá er þetta gjald allt of lítið til fjallveganna, og gæti eg að eins hugsað mèr, að það væri nóg, til þess að halda fjallvegunum við, þegar þeir væri komnir í það lag, sem þeir ætti að vera; en það er of lítið til vegabóta á fjöllum uppi. Hið annað aðalatriði er umsjón veganna; eg sè ekki, að það geti orðið nein framkvæmd í vegabótunum, meðan ekki tilteknir menn hafa umsjón vegabótanna á hendi, þeir menn, er það starf hafi sèrstaklega á hendi; því eg get ekki búizt við því, að hreppstjórar, sem verða að annast bú sín, geti haft þessa umsjón á hendi borgunarlaust. Híngað til hefir umsjónina og framkvæmdina vantað, og eins mun það verða hèr eptir, ef hreppstjórarnir eigi að hafa hana, og það er ekki hreppstjórum láandi; þeim er það sannlega vorkun, því eg get ekki ætlazt til, að hreppstjórar, sem verða að annast bú sín, og hafa margt að annast, geti staðið fyrir verkum híngað og þángað út um hreppinn, og hafa iðulega umsjón yfir vegabótunum og verkamönnunum, sem hin mesta þörf er á, því þegar verkamennirnir eru búnir að ljúka við veginn, þá er það miklu óhægra, og meiri erfiðistöf, að laga það, sem búið er að gjöra og ábótavant er, og má þó ávallt búast við því, að þess muni þurfa, ef eigi er stöðug umsjónin. Eg er sannfærður um, að ef vel á að fara, þá verði umsjónin að felast á hendur tilteknum mönnnum, er hafi þá skyldu, að gánga að umsjónarverki sínu með alúð. Sveitarstjórnin er ekki komin á, og óvíst er, hve nær hún kemst á, og er ekki heldur að vita, nema hið sama yrði ofan á, sem verið hefir, þótt hún kæmist á. Þó að í

lagaboðinu sè teknar fram einstakar reglur um það, hvernig vegirnir skuli vera yfir höfuð, þá er það ekki nóg fyrir verkamennina; það verður einhver að hafa umsjónina, er hafi vit á því, hvers við þurfi í hverjum einstökum stað, eptir því, sem á stendur. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* rèð þínginu frá því, að fallast á 77. tölul. af því, að ef málinu er frestað, þá sè ekki von á nýju frumvarpi; mèr þykir það nú undarlegt, að hann skuli bera svo lítið traust til stjórnarinnar, að hún muni fleygja áríðandi málefni af því, að ekki sè komið frá henni það frumvarp, sem notandi sè; eg get nú ekki haft slíkt vantraust á stjórninni, heldur vona eg, að eins og stjórnin álítur málið áríðandi, þá muni hún beina því í hina beztu stefnu, þegar hún sèr, að þínginu er annt um málið líka; þegar þíngið 1857 benti stjórninni á gallana á stjórnarfrumvarpinu, þá var reyndar ástæða fyrir stjórnina, til þess að laga og gjöra við frumvarp sitt, áður en hún lagði það nú aptur fyrir þíngið; en nú hefir hún þó lagt frumvarpið fyrir þíngið aptur með hinum sömu göllum; en það er þó engin ástæða til að halda, að hún muni fleygja öllu málinu fyrir það, þótt þíngið fallist eigi á frumvarpið. Það er skrítin hugsun hjá hinum 1. konúngkjörna þíngmanni, er hann ræður þínginu til, að hroða af þessu verki, hugsa ekki um gallana, en koma einhverju nafni á þetta vegabótafrumvarp, og láta sèr það nægja; en til hvers á maður að vera að búa til lög, sem menn sjá fyrir að verða að eingu gagni; það er betra, eins og nú er, heldur en þetta, og vil eg heldur bíða í 4 ár eptir nýju frumvarpi, heldur en að löggilda þetta, sem fellur um sjálft sig, óðar en það er löggilt, og eg sè því eigi betur, en rèttast væri, að fallast á 77. tölul.; þegar búið er að ræða þetta mál, eins mikið og það hefir verið rætt, þá er það hægt fyrir nefnd, að búa til viðunandi frumvarp. Eg ætla ekki að geta í vonirnar um það, hvernig atkvæðagreiðslan muni fara, en eg er hræddur um, að einhver galli verði kominn á frumvarpið, áður en komið er að síðasta töluliðnum. Þar sem eg og þíngmaður Borgfirðínga höfum stúngið upp á því, undir staflið 77. *b*, að nokkrum Íslendíngum verði kennd vegafræði, þá ætlumst við ekki til, að þeir skuli verða *„Ingenieurer“*, heldur menn, sem hafa sèð, hvernig vegir eru lagðir, og hafa vit á, að búa þá svo til, svo þeir geti staðið (Fleiri bændur: Vèr viljum hafa íslenzku). Það má kalla þá *vegfræðínga;* ef þeir væri við vegagjörðir í öðrum löndum um nokkurn tíma, þá gæti þeir þó unnið svo mikið, að þeir gæti lagt notandi vegi hèr á landi.

Ólafur Jónsson: Þó eg ekki búist við því, að geta sannfært

þíngmenn, þar sem svo lítur út, sem þeir vilji fylgja minna hlutanum, vil eg samt reyna að skýra málið dálítið. Það eru 4 vegir, sem liggja fyrir, og sem menn geta fylgt við atkvæðagreiðsluna, 1, að fylgja frumvarpi stjórnarinnar óbreyttu, 2, minna hlutanum, 3, meira hlutanum, og 4, að ráða til að fresta málinu. Öllum ber nú saman um það, að það sè ógjörníngur, að fallast á frumvarp stjórnarinnar óbreytt, því gjaldið til þjóðveganna er þar ákveðið of lítið; aptur á mót er það ekki gott, að ónýta frumvarpið með öllu, því það er þó í mörgu tilliti gott, og gæti orðið til bóta fyrir vegina, ef það með hæfilegum breytíngum næði lagagildi. Eg skal nú minnast á þau atriði, þar sem meira og minna hlutanum ber á milli, því á undan atkvæðagreiðslunni verða menn að ákvarða sig til þess að fylgja öðrum hvorum, því flestar þær breytíngar, sem meiri hlutinn hefir gjört við stjórnarfrumvarpið, grundvallast á þeirri aðalbreytíngu, sem gjörð er á vegaskiptunum, og falla þær því sjálfkrafa, ef þíngið ekki aðhylltist þá breytíngu. Það eru 2 aðalatriði, sem menn verða að hafa sèr hugföst í þessu máli, 1, að bæta vegina, frá því sem þeir nú eru, og koma þeim í það stand, sem frumvarpið ákveður; 2, að halda hinum vegunum við, sem ekki verða bættir strax, því það sjá allir, að ef ekkert verður kákað við þá, þá verða þeir fljótt ófærir. Ef nú fylgt er frumvarpi stjórnarinnar, eða minna hlutans uppástúngu, hvað skiptínguna á vegunum í þjóðvegi og aukavegi áhrærir, þá er numin burtu öll skylduvinna nema á aukavegum. Eptir frumvarpinu geta hreppstjórar því eigi skyldað bændur til þess, að halda við þjóðvegunum, heldur einúngis aukavegunum. Nú er það ómögulegt, að vegabætur fari fram árlega í öllum hreppum í amtinu, heldur verður að taka fyrir vissa kafla og setja þá í stand, því það er með öllu óhugsanlegt, að þegar amtmaðurinn á að ákveða á hverju ári, hverjar vegabætur skuli takast fyrir í öllu amtinu, að hann þá geti látið vinna árlega í öllum hreppum, því slíkt yrði ekki nema tómt kák, eingu betra en verið hefir; verða þá má ske fleiri hreppar út undan í fleiri ár, sem eingar vegabætur fá, ef skylda bændanna, að halda við vegunum, er af tekin, og þó grjótið dragist niður í göturnar, og brýr þær, sem nú eru, troðist í sundur og verði ófærar, þá geta hreppstjórar ekki skyldað bændur til þess, að fleygja steinunum úr götunni, eða sagt þeim að gjöra við brúna, því bændur geta strax sagt: fyrir þessu á amtmaðurinn að sjá; þetta er þjóðvegur, og eg er frí frá að gjöra nokkuð við hann. Þó eg hèldi skylduvinnunni fram, einnig á þjóðvegunum í byggðinni, þá var það ekki eingaungu af því, að mèr væri hún

svo kær í sjálfu sèr, heldur af hinu, að mèr finnst vera ógjörníngur, að lètta þeirri skyldu af bændum, að halda við vegunum, svo þeir sè færir, og þess vegna hèlt eg þessari skylduvinnu fram, því eg vildi ekki gjöra fátæklíngum það ómögulegt, að vinna af sèr vegabótagjaldið eður fullnægja þessari skyldu með vinnu sinni. Mig minnir, að þíngmaður Norður-Þíngeyínga ráðgjörði, að taka sèr það breytíngaratkvæði, að 2 sk. yrði lagðir á hvert fasteignarhundrað til vegabóta (*Forseti:* Hann kom ekki með það breytíngaratkvæði til mín). Ef eg hefði vitað það, þá skyldi eg hafa tekið mèr það breytíngaratkvæði, því 1,200 rd. er lítið til allra þjóðveganna, eins og þeir verða eptir frumvarpi stjórnarinnar, en nokkuð mætti gjöra með þessu við fjallvegina, ef því einúngis væri varið til þeirra. Eg er að öllu leyti samþykkur því, er þíngmaður Reykvíkínga sagði um breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns undir 37. tölul.; breytíngaratkvæði þíngmanns Barðstrendínga undir 21. tölul. finnst mèr óþarft; því þegar vegurinn ekki er breiðari, en 1 alin, þá getur það ekki heitað þjóðvegur, það verður þá rèttara nefnd gata; þar sem farið er með drögur um vegina, þá dragast steinar nógu fljótt inn á veginn aptur, þó þeir sè 6 álnir á breidd; ef frumvarp stjórnarinnar eður breytíngar minna hlutans hefði ekki gjörsamlega numið burtu vald hreppstjóranna til að láta bændur halda við þjóðvegunum í byggðina, þá hefði eg verið fúsari á, að aðhyllast breytínguna; en án þessarar vegabótaskyldu verður frumvarpið ekki brúkandi. Eg vona, að þíngmenn fallist ekki á það, sem verður til þess, að gjöra vegina ófæra, því það er hreint ófært, að svipta hreppstjórana valdi til þess, að geta skyldað bændur til þess að halda vegunum við; en fari svo, þá skal það þó ekki verða mèr að kenna. Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður vildi heldur fallast á breytíngar minna hlutans, af því hann færi nær stjórnarfrumvarpinu, en eg vík ekki frá sannfæríngu minni, þó eg hèldi, að stjórnin muni ekki fallast á hana; það er hægt að leiða stjórnini fyrir sjónir, að af vegaskiptum hennar leiði það, sem þegar hefir verið tekið fram, og er þá eingin ástæða til að halda, að hún ekki sjái, að það er satt; enda víkur meiri hlutinn í raun og veru lángtum minna frá stjórnarfrumvarpinu, heldur en minni hlutinn. Hinn sami konúngkjörni þíngmaður sagði líka, að meiri hlutinn hefði verið of vandlátur við sjálfan sig, og menn mætti ekki ætlast til, að geta tekið burtu alla galla; eg ætlaðist nú ekki til, að við gætum tekið af alla gallana, en eg vildi óska, að verri gallar yrði ei settir í stað hinna gömlu. Ef því uppástúnga

meira hlutans verður felld, ræð eg þínginu frá því, að biðja um, að frumvarp þetta verði gjört að lögum.

Konúngsfulltrúi: Það er víst misskilníngur hjá hinum háttvirta þíngmanni frá Húnavatnssýslu, ef hann heldur, að ef frumvarpsins og minna hlutans uppástúngur verða teknar, muni svo fara, að í mörgum hreppum yrði ekkert unnið að vegabótum. Mèr finnst það vera augljóst, að þó þessi nýju vegabótalög komist á, þá verður ekki farið strax að gjöra neinar stórkostlegar breytíngar á vegum, eða mjög margir nýir vegir lagðir, heldur verður viðhaldið á þeim vegum, sem eru nú, hið verulegasta, og það sem þá fyrst og fremst verður að gjöra, það er að við halda vegunum í hverjum hrepp eins og híngað til, og þetta á þá eptir frumvarpsins 5. gr., sem minni hlutinn hefir aðhyllzt, að ske á þann hátt, að verkin eru boðin upp á uppboði, eða, ef aðgeingilegt boð fæst ekki, samníngur gjörður um verkið við einhvern, og það eru þá allar líkur til, að betur fari á þann hátt, heldur en með því, að halda skylduvinnunni, sem öllum kemur saman um að er óhentug.

Framsögumaður: Þrátt fyrir allar röksemdir *konúngsfulltrúa,* þá eru uppástúngur meira hlutans meir í anda frumvarpsins, en minna hlutans. Meiri hlutinn stíngur ekki upp á öðrum gjaldstofni, en frumvarpið, heldur heldur hann sèr til jafnaðarsjóðsins og vinnukraptanna; en minni hlutinn kollkastar þessum grundvelli, og þykist vilja skipta gjaldinu niður eptir efnum og ástandi, þó hann í rauninni ekki gjöri það. Skiptíngin á vegunum, eptir uppástúngu minna hlutans, er óveruleg breytíng, og miðar einúngis til þess, að menn geti haldið þeim gjaldstofni, sem frumvarp stjórnarinnar stíngur upp á. Hvað röksemdum *konúngsfulltrúa* viðvíkur, að meiri hlutinn hafi raskað grundvallarskoðun málsins, þeirri, sem er í frumvarpinu, álít eg þannig með öllu hrundið, en að hann hafi raskað skoðun þeirra manna, sem áður hafi fjallað um málið, svo sem embættismannanefndarinnar, og seinna meir þíngsins, þá kann nú að vera, að þessi skipti á vegunum, er meiri hlutinn stakk upp á, hafi ekki fyr vakað fyrir þessum mönnum, en mèr fannst *konúngsfulltrúi* sjálfur skipta vegunum þannig, er hann hèlt, að því gjaldi, sem feingist úr sveitunum, yrði varið til þjóðveganna niðri í sveitunum, nema það, sem taka yrði úr hverri sýslu, til þess að gjöra við fjallvegina, og sýnir þetta bezt, hvað mönnum er eðlilegt, að skipta svona vegunum í vegi á fjöllum uppi og niðri í sveit, og hversu menn ætíð hljóta að gjöra það, þegar til framkvæmdarinnar kemur; þessum

skiptum hafa menn og einlægt fylgt í *praxis*, og menn geta og sagt að nokkru leyti, að þau hafi komið fram í löggjöfinni, þar sem löggjöfin ekkert tillit hefir hingað til haft til fjallveganna, svo að *privat*-menn hafi orðið að taka þá að sèr; þannig sýnist mèr þá ætíð hèr á landi hafa verið gjörður munur á fjallvegum og þjóðvegum í sveit, bæði í *praxis* og í löggjöfinni; lík skipti eru og gjörð á vegum í Noregi, þar sem landslagi hagar hvað líkast til og hèr, og þau jafnvel læðast upp í breytíngum minna hlutans, því fjallvegirnir verða eptir þeim vanræktir, eins og hingað til hefir verið; eður hver hreppstjóri mun finna sèr skylt, að fara að stínga upp á vegabótum á Sandi eður Kjalveg og öðrum slíkum fjallvegum? En eru nú uppástúngur minna hlutans um það, hvaðan taka skuli kostnaðinn, að finna í frumvarpi stjórnarinnar, og hefir verið stúngið upp á þeim af embættismanna-nefndinni? Nei, það fer fjarri, þær eru spánnýar; það er líka eðlilegt, að hver breytíng, sem gjörð er, sè ný; þess vegna er það eingin ástæða móti breytíngum, að þær sè nýjar; einúngis þarf að gæta að því, hvernig þessar nýju breytíngar sè, hvort þær sè til hins betra eður ekki. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sagði, svo tók eg orð hans, og eg held fleiri, að efnahagurinn í sveitum, mundi fara eptir tölu verkfærra manna, en eg held það sè óvíst, að minnsta kosti þarf að sanna það; því eg held menn geti eins sagt, ef ekki þarf að sanna neitt, að efnahagurinn fari eptir hverju helzt öðru, er menn vilja til nefna; en það er satt, að menn geta ætíð komið meiru til leiðar, þar sem margir verkfærir karlmenn eru. Eg álít mèr skylt, að þakka hinum háttvirta 1. konúngkjörna þíngmanni fyrir meira hlutann; hann hafði það helzt á móti meira hlutanum, að hann hefði verið of vandvirkur, en áleit vandvirkni hèr í þessu máli óþarfa, af því að stjórnin álíti sitt frumvarp gott; hann áleit líka, að stjórnin mundi heldur fallast á minna hlutann, af því að hann væri samkvæmari frumvarpi stjórnarinnar; en þetta er ekki rètt, því í gegnum allt frumvarpið geingur mikil vandvirkni; einúngis er sá gallinn á því, að menn geta ekki feingið nóg fè eptir því til vegabótanna; en ef menn þar á móti fallast á gjaldmáta minna hlutans, þá leiðir þar af meðal annars, að menn verða 1, að pressa gjald út af fátæklíngum til vegabótanna, og neita þeim um vinnu; því það er komið undir náð hreppstjóranna, eða þeirra, sem verkið annast, hvort sá eða sá má vinna gjaldið af sèr, því allir hljóta að sjá, að þeir muni taka helzt þá, sem bezt geta komið verkinu af, og munu þeir því opt vilja heldur, að fátæklíngar borgi gjaldið, en vinni það af sèr;

en þeir, sem þekkja nokkuð til hèr á landi, vita bezt, hvernig það geingur, að pressa gjald út úr fátæklíngum, sem von er; 2, er gjaldinu jafnað niður af handa hófi millum hreppanna; það mætti eins vel skipta gjaldinu millum hreppanna eptir fjölda húsdýranna í hverjum hrepp eins og eptir tölu verkfærra manna, því hún er einginn mælikvarði fyrir efnahagnum; 3, flýtur af minna hlutans uppástúngum fullkomið stjórnleysi yfir vegabótagjaldinu, því það er ekkert talað um stjórn þess eða reikníngsskaparfærslu; allt er goldið út í bláinn, og er það undarlegt, þegar menn vilja einmitt nú fá að sjá alla opinbera reiknínga á prenti í öllum öðrum málefnum. Líklega munu samt amtmennirnir miskuna sig yfir, að taka þessa reiknínga að sèr, hver í sínu amti; það mun verða bágt að færa þá vel, en bótin er, að þeir þurfa þá ekki heldur að sýna þá neinum á eptir, því þeir taka þá fríviljuglega að sèr; 4, allir hreppar verða árlega að púnga út með fè til vegabóta, en einginn þeirra hefir aptur rèttarkröfu eður heimtíng á, að nokkurn tíma verði gjört við vegina hjá sèr; því hvar eigi að gjöra við vegi á hverju ári, er allt komið undir náð amtmannanna. Menn segja, að á hverju ári verði teknir fyrir þeir vegirnir í hverju amti, sem vestir eru, en þetta er hægra að segja, en sanna; hver hreppstjóri lýsir vegunum sem vestum hjá sèr, svo við þá verði gjört, en hver dæmir nú um á eptir, hvar vegirnir sè vestir? Amtmaðurinn heima hjá sèr, sem ekkert þekkir til veganna, nema eptir þessum skýrslum. Eg held, að margir hreppar verði orðnir lángeygðir, þegar þeir eru búnir svo sem í 20 ár að pýngja árlega út gjöldum til vegabóta, en hafa þó aldrei feingið neinar vegabætur hjá sèr, og hafa ekki heldur neina rèttarkröfu til þess, að gjört sè við vegina hjá sèr. Eg ætla ekki að tala neitt um 37. tölul. á atkvæðaskránni, og á hann verða menn þó að fallast, ef menn vilja aðhyllast minna hlutann, eður fá nokkurt vit út úr uppástúngum hans, en eg ætla að biðja þíngið að athuga, hvað af því leiðir, að fallast á hann, og sjá þíngmenn það sjálfir, þó eg drepi ekki á það; þó það sè nú slæmt, ef frumvarpið allt fellur, þar sem margar góðar ákvarðanir eru í því, sem, ef þeim væri fylgt, gæti komið vegunum í gott stand, þá vil eg samt ráða þínginu frá, að óska að frumvarpið verði löggilt, ef þíngið ekki geingur inn á meira hlutann, nema ef það þá vill fallast á breytíngaratkvæðið undir 38. tölul., því það held eg væri nýtilegt; vegir eru hèr á landi mjög vanræktir, en í öðrum löndum láta menn sèr mjög annt um að bæta þá sem bezt, og í þessu standa menn hèr á landi hvað mest á baki öðrum

þjóðum, og það er það, sem útlendíngar reka hvað mest augun í, þegar þeir koma híngað; það væri því hörmúng, ef nú skyldi eingin bót fást á vegunum, og ef þeir kann ske skyldi verða verri, en þeir nú eru; að vísu er það samt ekki Íslendíngum að kenna, að vegirnir eru slæmir, en það er meira að kenna yfirvöldunum og nokkuð með fram lögunum, því yfirvöldin hafa ekki gefið þeim eins mikið athygli og þau hefði átt að gjöra; en þó mikið megi gjöra við vegina í sveitunum eptir nú gildandi lögum, þá verður samt ekki gjört við fjallvegina eptir þeim. Annars held eg, að þíngið ekki eigi að láta hamla sèr frá, að aðhyllast uppástúngur meira hlutans, af ótta fyrir því, að stjórnin ekki muni aðhyllast þær; því eg er sannfærður um með sjálfum mèr, að ef þíngið fellst á þær, muni hún og gjöra það, ef hún álítur þær þess verðar, þrátt fyrir þann dauðadóm, sem *konúngsfulltrúinn* fann sèr skylt að kveða upp yfir þeim strax því nær í byrjun undirbúníngsræðunnar, og eg er sannfærður um, að uppástúngur meira hlutans munu geðjast mörgum landsmönnum vel, er vit hafa á málinu, og þekkja til hèr á landi, er þeir lesa þær í þíngtíðindunum, og við það skal hann gleðja sig, þó þíngið af vissum ástæðum felli þær nú.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg talaði svo lángt og mikið um þetta mál við undirbúníngsumræðuna, að eg ætlaði nú ekki að þurfa að taka til máls; en fyrst eg verð að gjöra það, skal eg ekki liggja á því, sem eg vildi segja, því mèr dettur ekki í hug, að svara hverjum þíngmanni, sem kann að finna eitthvað að áliti minna hluta nefndarinnar; mèr ofbíður atkvæðaskráin, og eg er hræddur um, að þíngmenn eigi bágt með að átta sig í þessum graut; mèr virtist, að álit meira og minna hluta nefndarinnar ætti ekki samleið nema fram í 1. grein frumvarpsins, sem er ein lína, og ef svo skyldi happalega til takast, að breytíng meira hlutans við 1. grein fèlli, þá eru allar breytíngarnar meira hlutans, að dómi sjálfs *framsögumanns* felldar þar í einu höggi, og væri það stórt happastryk, og hægðarauki fyrir þíngmenn, því það eru allar þessar mörgu breytíngar meira hlutans byggðar á þjóðvegaskiptíngunni á fjöllum og í sveit; því hefði atkvæðaskráin átt að vera svo löguð, að henni frá 1. gr. hefði verið skipt í 2 dálka, sínu nefndarálitinu í hvern dálk, svo menn hefði aldrei framar þurft að líta í þann dálkinn, sem fallið hefði við atkvæðin um fyrstu grein; en *forsetinn* átti nú ráð á að haga þessu, sem hann hefir sjálfsagt gjört eptir vanalegu og reglulegi formi.

Þegar eg vil nú svara hinum háttvirta *framsögumanni*, þá sagði

hann í ræðu sinni, að gjald það, er minni hlutinn vildi leggja á landsmenn hlypi til 12,000 rd., en þetta er ekki satt, það hleypur ekki meira, en til 6,000 rd., bæði eptir reikníngi alþíngis 1857, og reikníngi og ræðum ýmissa þíngmanna nú; það er nú sjálfsagt gjört ráð fyrir, að þeir, sem gjarnir eru til þess, kunni að skrökva helmíngnum við, en hvað mikil álaga er það, sem meiri hlutinn vill leggja á landsbúa? Hinn háttvirti þíngmaður Borgarfjarðarsýslu sýndi fram á það um daginn, að það yrði meira en 9,000 rd., og gætti þó ekki að því, að dagsverkatalan á þjóðvegum í sveit, og aukavegum í sveit, verður tvöföld eptir meira hlutans setníngu, og bætast þá við svo sem 6 eða 7 þúsundir ríkisdala. Eg skal svo ekki tala meira um þenna tilbúníng meira hlutans, því eg vona hann fái heimvonina hjá þínginu. Það sem sumir þíngmenn hafa enn ítrekað, að hreppstjórar eigi að sjá um vegabótastörf á þjóðvegunum, þá fara þeir villt í því; eg tók það fram við undirbúníngsumræðuna, að frumvarpið ætlar sýslumönnum þá skyldu, og að hann setji til þess sèrstaka umsjónarmenn (sjái menn 5. grein frumvarpsins), og þetta álít eg mesta ábata fyrir vegabæturnar.

Gjaldstofninn, sem minni hlutinn hefir sett, held eg sè ekki óaðgeingilegur; eg held heldur hitt, að hann sè sá rèttasti og aðgeingilegasti; hvað er annað fremur undirrót og uppspretta auðs og afla hvers lands en vinnukraptur? Eru ekki ætíð fullar hendur fjár, ef þær vinna vel og forsjálega? Karlmönnum eru gefnir kraptar og vitsmunir til að afla auðs og hagsælda ríkjum, löndum, hèruðum og sveitum; verkfærir karlmenn eru kraptur fólksins, og fólkið aflar auðsins, og á hann líka; væri ekki fólkið, væri einginn auður, og auðurinn væri þá ekki heldur til neins; þess vegna er það svo, að þess meira sem er af vinnufærum karlmönnum í einni sveit, þess meira auðs verður aflað í þeirri sveit; því er það, að karlmenn flykkjast opt að sjónum, að þar er mest aflavonin, því hafið er nógu djúp auðs-uppspretta; er því kjörum sjávarmanna svoleiðis varið, að þeir geta þar vel lifað við litlar höfuðstólseignir, en hafa þó mikinn auð í árlegri veltu, og eiga því hægt að borga hálft dagsverk, og hægra en sumir í sveit, sem eiga þó nokkurn höfuðstól, sem verður að standa fastur, en geta ekki gjört nema svo sem 30—40 rd. reikníng; sè því nokkur sveit mjög kraptlaus og fátæk, en hafi þó mikinn mannfjölda af verkfærum karlmönnum, þá er það af stjórnleysissjálfræði; menn hafa þá hrúgazt þángað, til að leggjast þar í leti og ómennsku, og fyrir því vildi eg ekki þurfa ráð að

gjöra í landi voru. Eg vona því, að þingið viðurkenni það þann álitlegasta gjaldstofn, verkfæra karlmenn á bezta skeiði aldursins, eða hvað skyldi það álíta betri gjaldstofn? Skyldi það vera kvennfólkið og börnin í landinu? Eða skyldi það vera landið sjálft og auðæfi þess, ef einginn væri karlmaðurinn að sjá fyrir þessu, og nota það? Minna hlutanum þótti þurfa að við halda og umbæta vegina, og þá þurfti hann að upp finna einhvern gjaldstofn til þess, og hann gat ekki fundið annan hentugri eða viðfelldnari en þenna; en hefði hann ekki þurft þess, þá hefði hann gjarnan getað þáð að vera laus við það, og vilji menn fallast á breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, þá skal eg ekki hafa á móti því með einu orði. Breytíngaratkvæðið undir tölulið 38., þíngmannsins úr Rángárvallasýslu, fellur mèr nú ætíð vel, því það gjörir gjaldheimtu þessa ætíð vafalausa og óbrotna, og losar hreppstjórana við allan þenna vegagjaldsvanda, og er þínginu heimilt, að taka það mín vegna, og mun eg gefa mitt atkvæði með því. Breytíngaratkvæðið, sem hèr stendur bæði fyrst og síðast á atkvæðaskránni, þíngmannsins úr Reykjavík og Borgarfjarðarsýslu, þá held eg mèr verði líkt að orðum um það, og haft var eptir karli einum í Mýrasýslu; hann var gamall og barnlaus; sýslumaðurinn hótaði honum að láta hýða hann fyrir óhlýðni (það hefir líkast til verið fyrir vegabótavinnu), þá segir karlinn: „það verður nú lángt á því rekið, að eg eignist son, og hann fleingi mig", því það hafði komið fyrir áður í sýslunni, að sýslumaðurinn hafði látið tvo feðga hýða hvern annan fyrir þjófnað; svo er um þetta 77. varaatkvæði, að eg held það verði lángt á því rekið, að vegirnir verði bættir, þegar stjórnin fyrst á að fara að setja nefnd í landi hèr til að búa til vegabótalög, og svo á hún að fara að láta kenna nokkrum Íslendíngum vegafræði, líkast til einhverstaðar út í heimi; svo eiga þeir nú að koma til skjalanna að fara að gjöra góðu vegina; þessar loptkastalabyggíngar held eg gjöri nú lítið gagn í þessu máli, nema til að eyða því og spilla. Eg segi ykkur nú satt: menn fá nú ekki annað betra, en að taka frumvarpið með þeim breytíngum, sem minni hlutinn hefir gjört á því, í bráð. Það tók sèr einhver þá breytíngu, eg ætla það væri sá 3. konúngkjörni, að þetta yrði lög til bráðabyrgðar, eða fyrst um sinn, og vil eg vera því samþykkur.

Pètur Pètursson: Eg ætlaði ekki að standa upp við þessa umræðu, en það hefir komið fram misskilníngur, sem eg vildi reyna að skýra. Eg sè, að bæði meiri og minni hlutinn hafa báðir vandað

sig á málinu, og ætla eg því hvorugan að ásaka eða verja. Misskilníngur þessi sýnist mèr helzt hafa komið fram hjá hinum 1. konúngkjörna þíngmanni, og þykir mèr illt, að hann skuli vera geinginn úr salnum, en eg vona þá, að hinn heiðraði þíngmaður frá Strandasýslu skýri mèr frá, ef að eg hefi misskilið hann. Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður vill aðhyllast minna hlutann yfir höfuð að tala, en einkum tölulið 39., og það af því, að stjórnin hafi aðhyllzt uppástúngu þíngmannsins frá Strandasýslu á seinasta þíngi; en það er aðgætandi, að 39. töluliður er öldúngis ný uppástúnga, en breytíngaratkvæðið tölul. 37. er einmitt hið sama og þíngmannsins frá Strandasýslu í hitt eð fyrra. Eg verð að segja það, að eg er ekki vissari um, að stjórnin samþykki fremur 39. tölul., en hverja aðra nýja uppástúngu, og mig furðar á því, að þíngmaðurinn skuli ekki hafa haldið fram sinni fyrri uppástúngu, þó að amtmönnunum sè veitt æði-mikið vald eptir 37. tölul., en samt sýnist mèr það vera hið eina tiltækilegasta. Ef að það eru amtanefndir, sem að eiga að ákveða niðurjöfnunina, þá er gaman að vita, hvernig hreppstjórinn á að klaga amtsráðin fyrir amtsráðunum, svo eg vil sleppa þessum parti greinarinnar, og spyrja hinn háttvirta *forseta*, hvort ekki megi skipta henni við atkvæðagreiðsluna. Mèr þykir nú meira hlutanum hafa tekizt vel að fylgja grundvallarreglum stjórnarinnar; það eina, sem kann að vera á móti meira hlutanum, er skylduvinnan, en það er þó unnið með því, að menn geta gjört við fjallvegi, og er það líka mikið áríðandi. Mèr finnst líka skiptin í fjallveg og sveitaveg vera svo eðlileg, að hver Íslendíngur muni sætta sig við það, og ef það er örðugt, að aðgreina fjallveg og sveitaveg, þá er þó ekki hægra að aðgreina þjóðveg og aukaveg. Amtmaðurinn á að til taka takmörk veganna, og mun honum vera það hægt eptir skýrslum frá hreppstjórunum. Mèr finnst líka nauðsyn á, að skylduvinnan við haldist, því það getur opt verið mjög haganlegt fyrir fátæklínga, að vinna af sèr gjaldið. Það hefir verið haft á móti henni, að hún komi misjafnt niður á hreppana, en sá ójöfnuður verður þó minni milli hreppanna, ef minna hlutannm verður fylgt, og í öllu falli er mál þetta svo mikilvægt, að við eigum ekki að ráða frá að lögleiða það, og þess vegna kom eg með varaatkvæði mitt um, að það yrði bráðabyrgðarlög, enda heyrðist mèr fleiri þíngmenn vera á því við undirbúníngsumræðuna. Ef að þetta er misskilníngur af mèr, þá vona eg, að hinn heiðraði þíngmaður frá Strandasýslu fræði mig um

það. Eg vil einúngis gefa þessu máli allan gaum, því vegirnir eru undirstaðan undir velmegun manna í hverju amti.

Forseti: Áður en þíngræðurnar fara leingra, vil eg geta þess, að hinn 6. konúngkjörni þíngmaður hefir geingið af fundi, því hann var sóttur til sjúkra suður á Álptanes.

Konúngsfulltrúi: Hvað snertir niðurlagið á breytíngaratkvæðinu tölulið 37. um, að þegar sveitastjórnarnefndir kæmist á, þá skuli falið þeim að ákveða tillag hverrar sýslu til þjóðveganna og niðurjöfnun þess á hreppana, þá hefi eg reyndar ekki í því einstaka hugsað mèr fyrirkomulagið í þessu tilliti; en með sveitastjórnarnefndum hefi eg meint æðri og lægri sveitastjórnir, og hefi eg þá hugsað mèr, að hin æðri sveitastjórnarráð, hvort sem það yrði nú amtsráð, eða hvernig sem því yrði komið fyrir, skyldi ákveða tillag hverrar sýslu, og sýslunefndir, ef þær kæmist á, jafna sýslutillaginu á hreppana, en hreppanefndir þá sjálfsagt vera í hverjum hrepp, sem jöfnuðu niður aukaútsvarinu. Að því leyti hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður áleit, að eptir því, sem breytíngaratkvæðið væri orðað, mundi hreppstjórar, eins eptir það að sveitarstjórnarnefndir væri komnar á, verða að kvarta til amtmanns, ef þeim þætti of hátt vegabótagjald lagt á hreppinn, þá er það mín meiníng, að slíkar umkvartanir ætti að gánga frá hinum lægri sveitastjórnarnefndum til hinna æðri, og get eg ekki fundið annað, en að orðin í niðurlagi breytíngaratkvæðisins verði að skiljast samkvæmt þessu, nefnilega þannig, að öll þau störf, sem væri falin amtmönnum, sýslumönnum og hreppstjórum í því umrædda tilliti skuli felast sveitastjórnarnefndum, þegar þær komast á. Hinn háttvirti *framsögumaður* minntist á, að *konúngsfulltrúinn* hefði við fyrri umræðu málsins látið í ljósi, að álíta mætti, að efnahagur sveitanna mundi nokkurn veginn standa í hlutfalli við tölu verkfærra karlmanna í hreppnum, en þetta er víst misskilníngur, og hefir í öllu falli ekki verið sagt á þann hátt eða í þeim skilníngi eða sambandi, sem *framsögumaður* mælti.

Forseti: Eg vildi svara hinum heiðraða þíngmanni Mýramanna til þess, er hann hreifði um atkvæðaskrána, að eg skal, þegar til atkvæða kemur og atkvæðagreiðslan fer fram, benda þíngmönnum á þau atriði, sem verða að álítast fallin, eptir atkvæðagreiðslunni við undangeingna töluliði.

Stefán Eiríksson: Eg ætla nú ekki að hefja lánga tölu í þetta sinn, með því líka eg held verði farið að líða á daginn, þegar búið er að greiða atkvæði í þessu máli; mèr finnast nú að eins 2 vegir

fyrir hendi, úr því að nefndin skiptist í tvennt, sá annar, að þingið nú aðhyllist uppástúngur minna hlutans eða þá greiða atkvæði sitt fyrir tölul. 77. 1. *a;* en staflið *b.* undir sama tölulið get eg ekki aðhyllzt, því þegar búið er að taka það skýrt fram í lagaboði, hvernig brýr og aðrir vegir skuli vera, þá held eg vegafræðiskennsla sè óþörf; eg fyrir mitt leyti get þó ekki gjört svo lítið úr Íslendíngum, að þeir ekki geti hlaðið brú, þó þeir ekki fari að sækja slíka menntun til Hafnar, með því líka, að kostnaður sá mundi á endanum verða krafinn af Íslandi. Um breytíngaratkvæði og smáatriði á atkvæðaskránni ætla eg lítið að tala, því það er ekki auðgjört, að rekja svo garnirnar úr þessu rusli, er hèr liggur fyrir, að þær ekki slitni; það er það einasta, sem eg hefi á móti minna hlutanum, að hann hefir ætlað hreppstjóranum að jafna þessu vegagjaldi niður á sama hátt og aukaútsvörum til fátækra; af þessu gæti leitt, að hreppstjórar mætti til að selja vegabótagjaldið við uppboð, eður á annan hátt láta sjálfir peninga í vegagjaldið, því gjaldendur mundi þó greiða það í landaurum eins og önnur útgjöld til fátækra; þetta vil eg biðja þíngmenn vel athuga, því með þessu móti kasta þeir yfir á hreppstjórana óbærilegum erfiðleika. Þíngmenn vita þó, að hreppstjórar hafa allareiðu nóg á sinni könnu, eptir því sem þeir eru launaðir, og því ætla eg að gefa atkvæði mitt fyrir tölulið 38., því sýslumenn ætti að heimta vegagjald þetta, en ekki hreppstjórar, eptir þeirri reglu, sem minni hlutinn hefir sett; því út af því, að hreppstjórar elga að innheimta gjaldið, gæti bæði leitt gjörræði og málarekstur.

Guðmundur Brandsson: Eg sè það af mörgu, að viðvíkjandi kostnaðinum til vegabótanna verður brotaminnst, að fara eptir uppástúngum meira hlutans; þó getur það orðið svo ójafnt af því lausafjártíundinin er eingaungu lögð þar til grundvallar, að það verði óhafandi; því það geta sumir verið ríkir, þó að þeir eigi lítið sem ekkert lausafè, en þegar gjaldið er lagt á eptir tölu verkfærra manna, eins og minni hlutinn hefir upp á stúngið, þá jafna hreppstjórarnir því niður eptir ástæðum og efnahag hreppsbúa sinna, því eg hefi skilið svo minna hlutann, að ekkert verði lagt á bláfátæka menn, sem liggja við sveit, heldur að þeirri dagsverkatölu, sem kæmi á hreppinn, yrði niður jafnað án sèrstaks tillits til þess, hvað hver einstakur hreppsbúi hefði marga verkfæra menn í heimili. Það var tekið fram við undirbúníngsumræðuna, að margt væri athugavert við gjald þetta, svo sem að ekki yrði jöfnuður milli hreppanna, og það er nú víst sá hnúturinn, sem vest er að leysa í þessu máli; því þó

jafnað verði á hreppana eptir verkfærra manna tölu, þá verður meira lagt á sjávarhreppa en sveitarhreppana, af því þeir eru mannfærri, þó þeir sè ríkari; líka er það aðgætandi, að ekki geta allir, sem eru á aldrinum milli 20 og 60 ára, unnið fyrir full daglaun, og yrði að hafa hæfilegt tillit til þess, þegar dagsverkatalan yrði ákveðin. Eg er því í vafa um, hvort eg á heldur að aðhyllast minna hlutann eða tölul. 37., því að eg sè sitt að hvorum. Hinn háttvirti *framsögumaður* tók áðan fram, að það væri ekki víst, að þeir, sem gjalda, fái strax endurbætta sína vegi; en það má víst ætla það sanngirni yfirvaldanna, að láta byrja þar fyrst, sem mest er þörfin á, og mèr stæði á sama, hvort minn hreppur yrði tekinn fyrir árinu fyr eða árinu seinna. Þingmaðurinn frá Reykjavík fór um það mörgum orðum, að umsjón veganna væri ekki felandi hreppstjórunum, en það er til tekið bæði í frumvarpinu og nefndarálitinu, að sýslumennirnir skuli til taka umsjónarmennina, og er auðvitað, að þeir velja þá eptir því, sem þeir álíta þá hæfa til að standa fyrir vegabótaverkinu, hvort heldur það eru hreppstjórar eða aðrir menn. Það ætlast heldur einginn til, að þeir gjöri það fyrir ekki neitt, og hreppstjórarnir þyrfti þó ekki, eins og þingmaðurinn ráðgjörði, að vera vikum saman burtu frá heimilum sínum, heldur gæti þeir sagt fyrir, hvað gjöra skyldi, og sett svo einhvern af verkamönnunum fyrir verkstjóra; en viðvíkjandi því, sem minni hlutinn stingur upp á, hvernig skipta eigi vegum í þjóðvegi og aukavegi, þá held eg, að aukavegirnir verði ekki margir, því þeim mun flestum verða komið inn undir þjóðvegina, og held eg einginn þurfi að finna að þeirri tilhögun.

Páll Sigurðsson: Eg ætla ekki að vera lángorður í þessu máli, einúngis ætla eg að geta þess, að eg er öldúngis á sama máli og eg var á seinasta þingi. Menn eru búnir að sjá af reynslunni, hvað skylduvinnan áorkar miklu undir umsjón hreppstjóranna, svo að eg mun ekki verða með því, að henni verði haldið áfram. Ef vegirnir eiga ekki að vera mjórri en 6 álnir, er eg hræddur um, að þeir verði fulldýrir; eg ætla að það væri nóg, að hafa $4^1/_2$ alin, en þar minni hlutinn hefir fallizt á þá 5 og 3 álna breiða, og munu þeir þó þykja nógu erfiðir gjörðir, þeim er eiga að leggja þá, þá ætla eg að fylgja því, og hugsa svo um, að koma þeim eitthvað áfram. Eg get ekki gefið atkvæði mitt fyrir tölul. 37.; mèr sýnist amtmönnunum vera gefið þar of mikið vald. Þingmaðurinn frá Austur-Skaptafellssýslu tók það fram, sem eg hèlt væri helzt ísjárvert við uppástúngur meira hlutans; en ef farið er eptir minna hlutanum,

með að breyta skylduvinnu í gjald, þá er ætlandi, að það komi jafnara niður eptir efnum. Hingað til hefir það þótt afglöp af stjórninni að fleygja öllum vanda upp á hreppstjórana, og láta þá ekkert fá í staðinn. Það hefir verið tekið fram, að hætt væri við, að mönnum yrði sýnt gjörræði, ef fylgt er 37. tölul., og get eg ekki neitað því, að svo kunni að fara, án þess eg þó vilji gjöra neinum gersakir. Mèr sýnist fara bezt á, að sýslumennirnir taki gjald þetta um leið og þeir taka skattinn; því þó aðrir vilji þýngja á hreppstjórunum, þá vil eg ekki vera með því. Ef að hreppstjórunum veitir örðugt að kalla inn hreppstillagið, sem nú er einasta það aukaútsvar, sem þarf til uppbótar fátækratíund í hreppnum, þegar fátækratíundin er ekki nóg til meðlags sveitarómögum, þá held eg þeim verði ekki hægra að kalla inn meira; því það er hætt við, að það verði eins tregða á að lúka það. Þegar gjald þetta ætti og að lúkast í peníngum, þá fá ekki hreppstjórar hægra í því efni; því ef sumir gjaldþeguar gjalda í öðrum aurum, þá má hreppstjórinn selja það við uppboð, og er það ný fyrirhöfn. Þó gjald þetta kunni að vera bundið nokkrum ójöfnum, þá er það miklu sanngjarnara, en nú á sèr stað; því allir búendur, þó einyrkjar sè og leggi ekkert til sveitar, eiga nú að lúka heilu dagsverki í skylduvinnu, en ekki utan hálfu eptir uppástúngum minna hlutans eða mínu breytíngaratkvæði, svo gjald þetta kemur undir þeim flestu kríngumstæðum saungjarnara á gjaldþegna, en áður. Yfir höfuð að tala vil eg vera með, að þetta mál geti feingið lagagildi, og vil eg samt, að það verði þá fyrst gjört að bráðabyrgðarlögum, því eg vona, að minni hlutinn verði ofan á.

Arnljótur Ólafsson: Eg sè að flestum þíngmönnum er umhugað um, að fá vegabótalög, svo að alþíngi hafi þó frið með þetta mál framvegis fyrir stjórninni, og hafa menn því viljað komast hjá að breyta vegabótafrumvarpinu nema sem allraminnst. Eg verð nú að segja fyrir mig, að ef menn fallast á minna hluta nefndarinnar, þá er eg hræddur um, að eitthvað fari út um þúfur, þegar t. a. m. senda á álitið um vegaskiptin frá hreppstjórunum til sýslumanna og frá sýslumönnum aptur til amtmannanna. Það yrði að vísu hagur fyrir póstgaungusjóðinn, ef hann feingi alla póstpeníngana; en það mun nú verða byrðin ein, sem póstarnir fá af öllum skýrslum þessum. Einnig er það ísjárvert, að amtmennirnir eiga að hafa umsjón með öllum þjóðvegum í sýslunum, því þeir eru víst ekki svo gagnkunnugir alstaðar, að þeir geti sagt fyrir um það, og þá verða þeir að fara eptir áliti hreppstjóranna, og er eg hræddur um, að með

þeim hætti muni óðum fjölga þjóðvegum í landinu. En þótt amtmaðurinn væri nú svo kunnugur, að hann þyrfti ekki með skýrslu hreppstjóranna, þá þyrfti hann þó skýrslu um, hve margir verkfærir menn væri í hreppnum frá 20—60 ára, og þá er eg aptur hræddur um, að það yrði færri, eins og hèr hefir orðið við annað tækifæri, það er að segja, þegar farið var að safna skýrslum um verkfæra karlmenn eptir að þúfnatilskipunin frá 1776 var gefin. Eg er því á sama máli og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, að það væri betra að hugsa sèr upp annan gjaldstofn en þenna. Eg vil taka til dæmis, að borga skyldi 8 sk. fyrir hvern hest og 4 sk. fyrir hvert tryppi; það yrði þó um 3,000 rd. Í öðru lagi getur það nú verið efamál, hvort stjórnin vill heldur fallast á uppástúngu minna hlutans, þegar hann umbreytir svo mjög frumvarpinu með kostnaðinn, eður á meira hlutann, þó hann umbreyti nöfnunum á vegunum. Sú breytíng er þó miklu minni í sjálfu sèr, en þótt margir hafi orðið til að segja, að meiri hlutinn mundi ekki verða í minni náð hjá stjórninni. En nú fyrir því, að mèr og hinum heiðraða þíngmanni Reykvíkínga líkaði hvorki vel uppástúngur meira nè minna hlutans, og þá heldur ekki frumvarpið sjálft, þá komum við fram með breytíngaratkvæðið tölulið 77., og hèldum við, að sú nefnd, sem sett væri í landinu sjálfu af kunnugum mönnum, mundi geta samið miklu betra frumvarp, heldur en stjórnin eða alþíngi á svona stuttum tíma; en á meðan væri nokkrir Íslendíngar látnir læra vegafræði. Við hèldum og, að lagaboðið gæti eigi orðið notað, meðan sveitastjórnin er óbreytt hin sama, því æfinlega ríður eins mikið á framkvæmdinni sem lögunum sjálfum, og því rèðum við frá, að löggilda frumvarpið.

Halldór Jónsson: Mèr finnst að meiri hluti nefndarinnar hafi ekki í neinu verulegu vikið frá stjórnarfrumvarpinu; því ekki get eg skilið, að stjórnin hafi tilefni til að hneykslast á því, að vegaskiptíngin er nokkuð á annan veg; nöfnin ein gjöri ekkert til, og það er eingin þrískiptíng, heldur tvískiptíng, þ. e. í fjallvegi og sveitavegi, og þetta hefir meiri hluti nefndarinnar valið sem meðal, til að bæta úr þeim galla, sem er á frumvarpinu, að mikils til of lítið fè var ætlað til þjóðveganna. Þó lítið hafi áorkazt híngað til með skyldu-vinnunni, þá þarf það ekki að verða hèr eptir, því bæði mega þeir borga, sem vilja, og svo verður stjórn og umsjón með vegabótum, að vonum, betur fallin til framkvæmda, þegar skýrslur eiga að gefast fyrir fram um, hvað gjöra skuli. Það er og misskilníngur, sem fram hefir komið, að vegagjaldið yrði miklu meira eptir uppástúng-

um meira hlutans; þar er ekki sagt, að heilt dagsverk skuli falla á hvern verkfæran mann, heldur einúngis vinnan, eður kostnaðurinn að tiltölu. Allir sjá líka, að eptir uppástúngum minna hlutans getur svo farið, að í sumum hreppum fáist eingin vegabót svo árum skipti, og er hætt við, að þetta kunni vekja óánægju meðal almenníngs, eins og það er í sjálfu sèr skaðlegt og illa til fallið.

Stefán Jónsson: Eg hefi nú ekki tekið fyr til orða í þessu máli, og mun eg heldur ekki verða lángorður nú. Eg var einn í nefndinni 1857 um þetta mál, og á víst hlut í þakklætinu, sem menn hafa feingið fyrir það. Viðvíkjandi kostnaðinum er talað um 2 atriði, annaðhvort að leggja gjald á, eða láta það vera skylduvinnu. Eg álít nú hvorttveggja hafa nokkra annmarka. Þó að lagt verði á lausafjártíundina 2 sk. á hvert hndr., þá held eg það hrökkvi ekki mikið, eptir sem nú á stendur fjáreign, enda eru nú svo mörg gjöld komin á lausafèð, að eg held menn ætti að vera varkárir með að þyngja á því. Yfir höfuð að tala þykir mèr minni vandkvæði á minna hlutans uppástúngum, og mun eg heldur hallast að þeim, þó einúngis til bráðabyrgða. Viðvíkjandi skylduvinnunni vil eg skýrskota til þess, sem reynslan hefir sýnt okkur, að hún er ekki sèrlega affarasæl, því menn hafa með henni getað lítið annað, en haldið við vegunum innanhrepps, og ef menn ætti nú að fara að ríða t. d. 30 í hóp, til að vinna á fjarlægum stað, þá geingur fyrir hvern mann einúngis til ferðar hálft dagsverk, og þá fer meir en helmíngurinn af tímanum í ferðalög, þar sem um eitt dagsverk er að gjöra, sem þó ekki á sèr stað, þegar einhverjir menn eru leigðir við verkið. Eg held því, að meiru verði ágeingt í verki með leigðum mönnum. Það er víst og satt, að það kunna að vera margir fátæklíngar, sem vilja heldur vinna dagsverk, en gjalda það, en þeir geta þá optast feingið vinnu með minna ómaki, svo þeir geta þá látið kaupið gánga til að gjalda til vegabótanna.

H. G. Thordersen: Mèr er það eiginlegt, þó eg verði hálfhræddur, þegar eg sè þessar endalausu atkvæðaskrár, og eg kvíði fyrir, að eg ekki geti áttað mig á henni, því eg er orðinn gamall og „seinn til að grípa“, eins og maðurinn sagði. Eg hefi nú ferðazt hèr víða hvar um land, og eg þekki svo vegina hèr, að eg veit að fáir munu fremur óska, að vegabætur komist á, en eg; eg óska þess ekki sjálfs mín vegna, því hèðan af linnir ferðalögum mínum, heldur vegna almenníngs, því það er hið fyrsta, sem einni þjóð getur verið til frama, að vegirnir verði góðir, og það er því sárt, ef vèr ekki getum sem fyrst

byrjað á þessu þarfa verki, svo menn geti þó að minnsta kosti labbað til nábúa sinna eða farið yfir einhvern hálsinn, án þess að eiga á hættu að hesturinn detti, og maður drepi hann eður slysi sjálfan sig. Þegar þetta er nú svo alþjóðlegt máleíni, þá er það sannarlega leiðinlegt, að vèr skulum ekki geta orðið á eitt sáttir, því hver á að þekkja vegina hèr betur, stjórnin í Danmörku eða sjálfir við? Það dugir ekki, að ætla sèr að gjöra hèr vegi, eins og þeir eru í öðrum löndum, en það er líka svo fjarri því nú, að við höfum alls einga vegi nema götuslóða, sem hestarnir búa til, en eingin mannaverk eru á; og því vil eg gánga inn á allt frumvarpið, ef landsmenn samþykkti það, en nú er ekkert samþykkt; hèr er frumvarpið, meiri hlutinn og minni hlutinn, sem sitt fer í hverja steínuna, og á eg þá eins og álfur að gefa atkvæði mitt fyrir nærri því 100 atriðum. Þó að við nú í byrjuninni kunnum að sjá nokkura ófullkomlegleika á frumvarpinu, þá er þó vonandi að það lagist með tímanum; en að fara að gjöra þessa óendanlegu flækju, getur ekki orðið til annars, en að rugla stjórnina, svo hún felli það allt saman. Eg held því að happasælast verði, að fylgja frumvarpinu sem mest, og ætla tíðinni að hjálpa upp á það, sem á brestur. En þessum góða tölulið 77. ætla eg nú að sleppa eins og öldúngis fráleitu. Þar sem verið er að tala um vegfróða menn, þá veit eg ekki, hver rækallinn það er, hvort þeir eiga að fara að brúleggja hèr, eða hvað þeir eiga að gjöra. Eg held það verði að líða nokkur þúsund ár til, áður en menn fara að gjöra þess konar brellur hèr, og held eg það sè sjálfsagt betra, að yfirláta okkur Íslendíngum sjálfum að gjöra við vegina á íslenzku, því að eg held að þetta mál fari svo bezt, að það verði að almenníngs vilja, þegar allir fara að fetta fíngur út í frumvarpið, þá verður hvorki blóð nè mergur í þessu öllu saman, og vildi eg þá heldur, hversu sárnauðugt sem mèr annars er það, ráða frá, að það fái lagagildi, ef menn geta ei að mestu sætt sig við það, eins og það er; eg ætla ekki að fara að gánga inn á hvert einstakt atriði mönnum til leiðinda, eða leita mèr fordildar með því, heldur ætla eg að láta hèr við lenda.

Benedikt Þórðarson: Margt fer annan veg, en ætlað er; eg hèlt breytíngaratkvæðið mitt undir töluliðnum 21. væri svo ofur meinlaust, að einginn mundi geta amað því, og ætlaði eg því ekki að standa upp til þess að bera hönd fyrir höfuð þess, en nú verð eg þó að gjöra það, því þíngmaður Húnvetníngа fór að glepsa í það, og tætti hann það í sundur, þángað til ekkert varð eptir af því

nema slitur ein, til einkis nýt; það getur verið, að honum hafi þótt það hvergi geta átt við í Húnavatnssýslu, sökum þess að þar sè svo landslagi háttað, að auðvelt sè að leggja þar 6 álna breiðar brautir þvert og endilángt, en eg verð að segja honum, að öðruvísi er skapað landið á Vestfjörðum en í Húnavatnssýslu, þeir eru ekki margir hèr í salnum sem þekkja það, hvernig hagar til með vegina á Vestfjörðum, og ætla eg mig þekkja það bezt og því færastan um að segja rètt til um það, og þíngmenn, sem ekkert þekkja til, ætti ekki að reingja sögn þeirra, sem kunnugir eru; að lög bjóða Vestfirðíngum að gjöra þjóðvegi sína 5 eða 6 álna breiða, gildir sama sem að bjóða þeim það, sem ómögulegt er, og eru það ekki hagfeld lög, sem slíkt gjöra. Þíngmaðurinn spaugast jafnvel að því, að vegurinn fái að verða svo mjór, að hann sè ekki nema ein alin, og nefnir hann það götu; þetta er nú satt, að það er gata, en Vestfirðíngar mega bíða við og þakka fyrir, að þeir geti lagt álnar breiða götu hjá sèr, því víða eru þar skriður, klúngur og klettar svo á vegum, að allerfitt mun að fá þar slíka götu og þetta, ekki einúngis á fjöllum uppi, heldur allt eins í byggðum niðri. Það var með tilliti til Vestfjarða, að eg bar atkvæðið upp, og þess bið eg þíngmenn gæti, þegar þeir greiða atkvæði sitt um það.

Brynjólfur Jónsson: Eg vil nú standa upp, eingaungu til þess í stuttu máli að láta í ljósi álit mitt um þetta vegabótamál, sem hèr liggur fyrir, og er æði-margbrotið; eg verð að segja, að eg hefi ekki getað áttað mig í því svo vel, sem vera skyldi, en þó eptir að hafa yfirvegað hinar einstöku greinar í þessari þríklofnu atkvæðaskrá, þá er sú sannfæríng orðin ofan á hjá mèr, að eg helzt muni gefa atkvæði mitt með minna hluta nefndarinnar, og finnst mèr það vera betra, að fara nú þegar að kippa steini úr götunni, sem svo víða er ógreið og þraung, og smámsaman vinna að því, að ryðja brautina áfram, heldur en ætla sèr ofmikið í fyrstu. Eg álít, að tími sè kominn til að byrja á þessu verki, og þó að þetta frumvarp kunni í mörgum greinum að vera ófullkomið, þá held eg að þó megi notast við það, eða að minnsta kosti reyna, hvernig það gefst; því ella standa menn í stað, og komast ekki leingra, en þeir eru komnir; og því er það, að eg mun gefa atkvæði mitt fyrir, að frumvarpið, ef það verður samþykkt, samkvæmt uppástúngum minna hlutans, verði að minnsta kosti löggilt til bráðabyrgðar.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla nú ekki að færa mikið meiri ástæður, en komnar eru, fyrir þessu máli, því eg vona, að við atkvæðagreiðsluna

fari hver eptir sinni sannfæríngu; en svo eg snúi mèr nú að þeim, sem vilja fella frumvarpið, þá ætla eg þeir hafi til síns máls það eina, „að öxin og jörðin geymi það bezt“; því við það verður minnst ránglætið, ef það verður fellt. Heima í hèraði átti eg tal við menn um þá aðalsteínu, sem menn höfðu tekið á seinasta þíngi í máli þessu, og voru allir á því, að skylduvinnan skyldi hætta; en aptur ámóti var ágreiníngur um, hvaða reglu menn skyldi fylgja með gjaldið, því það hlýtur að breytast eins og annað, þegar umbreytíng kemur á skattalögin. Eg verð að skýra frá því, sem hinn háttvirti 3. konúngkjörni þíngmaður skoraði á mig um, þar sem hann sagði að stjórnin mundi heldur fallast á tölul. 37. en 39., því að hann væri óbreyttur eins og eg hafði stúngið upp á á seinasta þíngi; en þegar stjórnin tók svo vel undir það, þá hugsaði eg enn, að það væri bezt að fara eptir bendíngum þeim, er hún gaf, en sá þó, að málið verður svo flókið, ef ekki er neitt út af breytt; því reyndi eg að breyta þessu með því að taka gjaldið, eins og eg hefi stúngið upp á áður í hverjum hreppi; en þó nokkur ójöfnuður yrði milli hreppanna, þótti mèr hann ekki vega upp á móti því ómaki og óvissu, sem breytíngaratkvæðið hefir í för með sèr, einkum eins og nú hagar til landstjórn hèr á landi; líka hefir ráðherrann bent til þessa í skýrslu sinni til þíngsins, og finnst mèr mikið mæla með þessu, þó mèr sè vel við breytíngaratkvæði þetta, því það sýnir svo mikla sanngirni; en mèr virðist, að minni hlutinn fari meðalveg milli allra þeirra uppástúngna, sem híngað til hafa komið um þetta atriði. En viðvíkjandi breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Rángárvallasýslu, hafa sumir tekið það fram, að menn muni ekki geta goldið gjaldið í peníngum; en mèr finnst það falla um sjálft sig, því ef að bændur geta goldið í peníngum til sýslumanns, þá skil eg ekki í, að þeir geti það eigi eins til hreppstjóranna, og þar sem talað er um það, að þeir muni tregðast að láta gjaldið, þá hafa þó hreppstjórarnir allt af rètt til að taka það lögtaki, þegar gjaldandi hefir leitað rèttar síns. Eg ætla nú ekki að rekja það út í yztu æsar, hvað miklu haganlegri er sú aðferðin, að breyta skylduvinnu í gjald, hvernig sem á stendur. Eg vil taka til dæmis, ef menn eiga að gjöra vegabætur á fjöllum uppi, hversu miklu betra er þá ekki að taka kaupamenn, hvort sem það svo heldur er um slátt eða á vorum, þegar menn eru vest viðlátnir? Eg veit að þetta er satt, og þó það verði fellt, vil eg þó láta koma fyrir almennings augu, að eg hefi sýnt fram á, hvað rèttast var, og eg kippi mèr ekki upp við, þó minna hlutanum hafi verið brugðið um, að hann

vilji ásælast fátæka, því það mun ekki vera komið af annari rót en þeirri, að þá hefir kitlað, sem sjálfir vilja komast undan. Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga ætlaði að koma með spánnýja uppástúngu til að finna hentugan gjaldstofn til vegabótanna, þar sem hann vildi láta gjalda 4 sk. af hverju tryppi, en 8 sk. af hverjum hesti; en það er það vesta, að þessi uppástúnga getur ekki komið til atkvæða, af því hún kom of seint, en uppástúngumanninum gleymdist að færa rök fyrir varauppástúngu sinni tölul. 77. Eg sá ekki þessa uppástúngu fyrri en núna á atkvæðaskránni, enda get eg ekki fellt mig við, að kosin verði nefnd í landinu til að búa til vegabótafrumvarp, samkvæmt stafliðnum *a*, því eg get ekki skilið í, að þeir menn verði fróðari, en allt þingið er nú. Þegar búið er að búa til þetta frumvarp, þá á að senda menn til að læra vegafræði í Kaupmannahöfn, og þá er eðlilegt, að þeir segi, að frumvarpið sé ónýtt, og þeir hafi verið mestu flón, sem hafi búið það til, því þeir hafi ekki kunnað þá útlendu vegafræði. Mèr hefði þótt rèttara, að láta mennina fyrst læra vegafræðina, svo að þeir þá gæti samið vegabótafrumvarpið. Eg held, að meiri sanngirni geti ekki fundizt í þessu máli, en minni hlutinn fór fram á, en eg ætla hvorki að ótta mönnum með hótunum, eða villa þá með spádómum í þessu máli, því eg held, að hver gefi atkvæði eptir sannfæríngu sinni.

Indriði Gíslason: Það er nú eins og allir sjá, að ekki á eg neitt breytíngaratkvæði á þessari atkvæðaskrá, og hefði það þó verið óhætt, í samanburði við þessi 150 atkv., sem voru í hitt eð fyrra, þar sem þau ekki eru nema 78 núna. Eg ætla nú ekki að tviskipta huga mínum í þessu máli, og halla mèr að uppástúngu þíngmanns Reykvíkínga.

Þrír eru vegirnir; sá fyrsti, að halda við gömlu vegabótalögin, annar, að taka meiri hlutann, og þriðji, að aðhyllast þann minni; eg held nú með allri minni nýúngagirni, að eg haldi mèr nú samt við hið gamla, meðan ekki fæst betra en þetta, og sveitastjórnarlögin ekki koma; þetta rekur sig hvað á annað, og verður aldrei vinsælt eða að neinu liði. Meiri hlutinn lendir í gamla farinu sama, nema nokkuð ver; það er aldrei margt sem jafnaðarsjóðirnir eiga að bera hjá mönnum; það er þó búið að viðurkenna það, að það sé allareiðu komið nokkuð á lausafjárhundruðin. Minni hlutinn ætlar nú að gjöra mikið, setja allt að kalla undir einn veg, og einn sjóð, sem hreppstjórar annaðtveggja eiga að reiða í vasanum á manntalsþíngið, eða sleingja því saman við sveitarsjóðina, og síðan eiga nú amtmenn

að ráða öllu saman. Það er mikið, að vegastjórnin átti ekki að vera suður í Danmörku; en eg held nú ekki betra, að amtmaður stjórni þessu eða sýslumaður, heldur en hreppsbændur sjálfir með hreppstjórum sínum. Hvernig fer nú þetta? Hver hreppurinn klifast á við annan að láta ryðja hjá sèr, og sýslumenn mæla með einum hreppnum fremur öðrum, og amtmaður skipar, og veit ekki hvað; og svona getur geingið ár frá ári, að ekkert er rutt eða gjört í sumum hreppunum, og hvað getur nú ollað meiri óánægju en þetta? En bóndinn skal þó þurfa að púnga svo og svo miklum skylduskatti út í peníngum til vegagjaldsins; það er þó eins og bændur hafi eitthvað að reyta í á þíng, þar sem sumir skattbændur mega láta frá 10—12 rd., og taka bændur það ekki upp úr steinunum; eg segi fyrir mig, eg vildi heldur mega vinna þetta í hreppnum, en eiga þenna skatt yfir höfði mèr, og að sleingja þessu fè í sveitarsjóðina, það getur mèr nú ekki geðjazt að; eg held fátæku hrepparnir grípi í vegabótagjaldið líka, þar sem litlir fátækrasjóðir eru, og hvað yrði þá af vegabótunum? Hver maður ætti að hafa sitt verk, og hvert verk sína stund, og hver sjóður sína stofnun.

Eg held það hefði verið öllu nær, að hlynna að umsjónarmönnunum, sem að hafa átt að sjá um vegina, svo þeir hefði getað yfirgefið atvinnuveg sinn, til að sjá um, að vinnukröptum þeim, sem híngað til hafa brúkaðir verið, yrði beitt, því híngað til hefir það staðið vegabótunum mest í vegi. Þetta ætti vel að vanda, sem leingi á að standa, og á því ríður hvað mest, þegar trassaskapar yfirvaldanna er að vænta, eins og hinn 5. konúngkjörni sagði. Það er eingin furða, þótt að þínginu eða gömlum þíngmönnum taki sárt til þessa fósturs síns, sem þeir eru búnir að klekja upp, og kosta upp á þíng eptir þíng, og berjast fyrir, en mèr er nú ekki sárt um það samt; það mun sannast, hversu þessi vegalög verða lánggæð eða vinsæl, þó þau komist á; mèr þætti gott, ef þau næði sama aldri og helgidagatilskipunin.

Því er það, að eg gef ekki atkvæði mitt fyrir neinu af þessum upptuggna gamla graut, og eingu nema uppástúngum þíngmanns Reykvíkínga og Borgfirðínga, nema um þessa vegfróðu menn; eg held það kunni fleiri en vegfróðir eða sigldir að taka stein úr götu.

Framsögumaður: Eg vil að endíngu geta þess, að ef uppástúngur meira hlutans falla, þá ræð eg helzt til, að málinu verði frestað, því eg álít, að það sè betra að hafa þau lög, sem nú eru, en taka önnur í staðinn, sem skemma, og það gjöra menn, að mínu

áliti, hvort sem menn taka frumvarpið óbreytt, eður með breytíngum minna hlutans, því það má eptir þeim lögum, sem menn nú hafa, gjöra vegina í sveitunum góða, þó fjallvegirnir verði útundan, ef amtmenn, sýslumenn og hreppstjórar eru árvakrir í að gæta skyldna sinna. Það, sem þíngmaðurinn frá Dalasýslu sagði, gekk ekki út á meira hlutann, þó hann ætlaðist svo til, heldur út á minna hlutann, nema einúngis það, sem hann sagði um gjaldið frá jafnaðarsjóðunum, sem hann vildi ekki hafa; því að hann sýndi, hversu slæmt það væri, ef fátæklíngum væri ekki lofað að vinna af sèr gjaldið. Þíngmaðurinn frá Eyjafjarðarsýslu tók það fram, hversu mikinn tíma ferðalögin tæki af, og er það að vísu mikið satt, en eptir uppástúngu meira hlutans, þá er einginn skyldugur til að vinna fremur en hann vill, heldur má hann borga það með penúngum, og þá þarf hann eingin ferðalög að gjöra sèr, ef hann ekki vill þau. Þíngmaðurinn frá Strandasýslu sagði, að menn mundi kynoka sèr við, að vinna að vegabótunum, ef ný lög ekki kæmi (*Ásgeir Einarsson:* Það vantar nú), en eg get ekki vorkennt hreppstjórunum að fylgja fram gömlu lögunum á meðan þau gilda. Hann sagði enn fremur, að það væri hægt að ná gjaldinu hjá fátæklíngunum með því, að taka það lögtaki; en eg held það væri bezt, að sem sjaldnast þyrfti á því að halda, og lofa heldur fátæklíngunum að vinna það af sèr, ef þeir vilja; hann sagði, að það væri ófært, að skylda menn til að vinna að vegabótunum á fjöllum, og það um hásláttinn. En hver getur talað um það? Það er einmitt það, sem meiri hlutinn ekki vill, og og það er sannarlega merkilegt, að minni hlutinn ekki skuli hafa lesið uppástúngur meira hlutans betur en þetta. Annars vil eg geta þess, að það, sem minni hlutinn kemur með, er öldúngis nýtt, eins og einn þíngmanna tók áðan fram, og stjórnin hefir aldrei sýnt, að hún muni aðhyllast neitt af því, heldur að eins, ef til vildi tölul. 37., sem þíngið mun þó varla gánga inn á, og eg vil biðja menn að gæta vel að því, áður en þeir gefa atkvæði sitt fyrir þeim tölulið, hvernig þeirri niðurjöfnun er háttað; þó þetta yrði tekið hèr upp og heppnaðist vel, mundi önnur lönd taka upp sömu aðferðina, til að jafna niður nýjum sköttum, er þeim á lægi, því hún er svo auðveld, og þá hefði Íslendíngar þann heiður, fyrstir að hafa fundið hana upp.

Konúngsfulltrúi: Eg skal geta þess, að ef þíngið fèllist á uppástúngur minna hlutans um skiptínguna á vegunum, eins og helzt lítur út fyrir að verði eptir umræðunum, en mönnum kynni að þykja

það að breytíngaratkvæðinu tölulið 37., að niðurjafnanir þær á vegabótagjaldinu, sem þar er stúngið upp á, kynni að verða of gjörræðislegar, þá mætti, ef til vill, taka það fram í álitsskjali þíngsins, ef það tæki þessa uppástúngu, að við niðurjöfnun þessa bæri að taka meðfram, ásamt öðrum atriðum, tillit til dagsverkatölunnar í sveitunum; að sönnu gæti þetta atriði eigi komið inn í lagaboðið, úr því það eigi stendur í breytíngaratkvæðinu, en ef það kæmi inn í álitsskjal þíngsins, þá gæti stjórnin þó tekið það til greina á þann hátt t. a. m., að embættismönnum væri gefin erindisbréf eða skipanir í því tilliti, og gæti þá með því móti unnizt nokkur tryggíng, og væri þannig tekin til greina sú skoðun, sem lýsir sèr í uppástúngu minna hlutans undir tölulið 39., nefnilega að koma í veg fyrir, að of mikill ójöfnuður yrði í niðurjöfnuninni, en á hinn bóginn væri, með því að fallast á breytíngaratkvæðið 37., komizt hjá þeim aðalgalla, sem er á uppástúngu minna hlutans lölulið 39., nefnilega, að upphæðin til vegabótanna yrði föst og ákveðin á hverju ári, svo aldrei mætti brúka meira eða minna annað árið en annað.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Það er reyndar satt, að atkvæðaskráin er stórkostleg, en það er líka mest stærðin, því þegar menn fara að rekja hana, þá verður hún miklu einfaldari, og eg vil vekja athygli þíngmanna á því, að það mundi vera mjög óhappalegt, að ráða frá löggildíngunni, því að ef ný nefnd yrði sett, þá tæki það lángan tíma, og yrði þá að byrja á nýju, án þess menn væri vissir um, að það yrði í nokkru betra, og líkindi til, að þíngið mundi aldrei fara eptir því að öllu leyti. Eins er um hitt, að þó nú sè ýmsar meiníngar um gjaldmátann, þá mundi menn leingi mega bíða eptir lögum, ef menn ætluðu að geyma það, þángað til einginn fyndi að gjaldmáta á opinberum álögum. Mèr finnst mikið varið í það, sem alþíngi 1855 stakk upp á, að snúa skylduvinnunni í gjald, því mèr finnst það vera undirstaðan undir öllu þessu máli, og öldúngis ófært að fella hana. Eg neita því ekki, að það væri æskilegt, ef vegafróðir menn feingist til að standa fyrir vegabótunum, en það álít eg að stjórnin gæti lagað, þó það væri ekki tekið fram hèr. Það hefir verið haft mest á móti stjórnarfrumvarpinu, að þar er tekin til skylduvinnan, og eg get ekki sèð, að það verði gjört við vegina með því móti. Þó að nú þínginu ekki heppnist, að greiða svo úr þessu frumvarpi, sem stjórnin vildi óska, þá getur það ekki hindrað, að frumvarp verði að minnsta kosti lagt fyrir næsta þíng, og það er þó

betra, en ráða frá því að öllu leyti, því eg held eingum sè þènusta í því, hvorki landinu nè þjóðinni, að málið sè gjört ónýtt.

Magnús Andrèsson: Eg er nú öldúngis á sama máli og hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga. Árið 1855 komu uppástúngur til þíngsins um þetta mál, og var eg þá kosinn í nefndina, sem í áliti sínu gekk út frá því, að breytt yrði skylduvinnunni í gjald, og kaupa fyrir það menn í vegabæturnar, því að eg hafði reynt, að þannig er bezt unnið að vegabótunum. Út af þessu kom nú frumvarpið, sem lagt var fyrir þíngið í hitt eð fyrra. Eg var þá enn kosinn í nefndina, sem fór öldúngis hinu sama fram og í fyrra skiptið. Nú vitum við, hvernig stjórnin tók í það; hún finnur að því í marga staði, sem þá kom frá þínginu, og nú kemur enn fram nefndarálit, sem mèr lízt nokkuð miður á vegna þrískiptíngarinnar, sem er á stjórnarfrumvarpinu, og nefndarinnar meira og minna hluta. Eingu að síður sýnist mèr það vera minnkun fyrir þíngið, að geta ekki komið máli þessu í það horf, að það geti orðið frambærilegt fyrir stjórnina, og menn geti beðið um það sem bráðabyrgðarlög. Það er þó það mál, sem landsmönnum ætti ekki að vera ofvaxið að dæma um; hver þekkir betur, hvernig til hagar á Íslandi, en landsbúar sjálfir? En að fara að setja nýja nefnd nú, til að segja álit sitt um þetta mál, álít eg ekki ráðlegt, því það mundi bæði verða kostnaðarsamt, og ekki von á, að henni tækist betur en þínginu, eptir að hafa tvisvar eða þrisvar um það fjallað. Eg hefi heldur ekki góðan bifur á uppástúngu meira hlutans um, að halda skylduvinnunni, því eg er hræddur um, að þar verði aldrei góð raun á; reynslan hefir að undanförnu sýnt það. Það sem mèr þykir helzt að minna hlutanum, er um kostnaðinn, því að það þykir mikill myndugleiki fyrir hreppstjórana að gjöra mönnum aukaútsvar, eptir þeirra eigin þekkíngu á öllum efnahag bænda, og það þykir mörgum vel mikið, sem þeim er trúað fyrir í þessu tilliti. Breytíngaratkvæðið undir tölul. 37. held eg að reki að hinu sama, nema miður sè, þegar amtmennirnir, hver í sínu amti, eiga að ákveða, hversu mikið hver sýsla eigi að greiða af kostnaðinum, og svo hver sýslumaður, hvað hverjum hrepp ber að greiða; þá held eg komi fram eingu minna gjörræði, en það, sem minni hlutinn fer fram á, og því skal eg „af tvennu illu taka það minna“. Eg vildi því greiða atkvæði á þá leið, að þetta frumvarp yrði gjört að bráðabyrgðarlögum, og mun við atkvæðagreiðsluna halla mèr fremur að áliti minna hlutans.

Forseti: Eg get ekki samkvæmt stöðu minni hèr á þessu þíngi

leitt hjá mèr, að minnast á þá skólameistaraskýrslu, sem stjórnin sendi og lèt *konúngsfulltrúa* birta þínginu um þetta mál, því hún verður vart álitin svo úr garði gjörð, að hún geti þótt samboðin nokkrum ráðherra; vart verður það heldur með rèttu eða sanni álitið, að þingið hafi átt hana skilið í þessu máli. Til þess að færa nokkrar sönnur á þetta álit mitt, ætla eg þá að leyfa mèr að byrja á upptökum máls þessa. 1855 stakk þingið upp á undirstöðuatriðunum til frumvarps til vegabótalaga hèr á landi; en 1857, tveim árum síðar, sendir stjórnin aptur annað frumvarp; og hvaða frumvarp var það? Það var frumvarp frá einum amtmanni, sem hafði legið á hyllu stjórnarinnar síðan 1837—8, og hún hafði ekkert við gjört öll þau 20 ár, er síðan voru liðin; 1837 hafði frumvarp þetta verið samið, einmitt á þeim árunum, þegar það var mest í móð, að deingja öllu upp á jafnaðarsjóðina og aldrei þótti of mikil gjöld á þá lögð, einmitt á þeim árunum, þegar það var mest í móð, að ætla varla neinum manni hvorki hálft vit eða þekkíngu til að sjá eða framkvæma það, sem gjöra þyrfti, nema æðstu embættismönnunum og einkum t. d. amtmönnunum á Íslandi, og þegar stjórnin í Danmörku fór að fylgja því eindregnast fram, að hèr mætti því að eins kippa einu eða öðru í lag, að Íslendíngar sjálfir vísaði á fè til þess, og þegar öllum nýjum gjöldum, er nauðsynleg þóttu, var dembt á jafnaðarsjóðina — einmitt um þetta leyti var þetta frumvarp samið —, stjórnin gjörði ekkert við það í 20 ár, fyr en alþíngi 1855 beiddi um frumvarp til vegabótalaga, þá var þetta gamla frumvarp leitað uppi, og lagt fyrir þingið 1857; þá var kosin nefnd í málið; hún gat ekki lagt til, að aðhyllast frumvarp stjórnarinnar, nema með talsverðum breytíngum; en þegar málið því næst kom til umræðu á þíngi, gat þingið á hvorugt fallizt, hvorki frumvarpið, nè heldur breytíngarnar, og svo að segja *nýtt frumvarp* var búið til af þínginu sjálfu. Getur verið að þessu frumvarpi þíngsins hafi verið ábótavant í ýmsu að formi og niðurskipun, og það virðist reyndar ekki tiltökumál, þar sem bæði var þá tíminn orðinn svo naumur, en hèr á þíngi að eins 2 lögskipaðar umræður um málin, og finnst mèr því að stjórnin ekki hafi gildar ástæður til að álasa þínginu með svo mörgum orðum og miklum útlistunum eins og er í skýrslu hennar um þetta mál, þó alþíngi tækist ekki að leysa af hendi svo algjört lagafrumvarp á fáum dögum, og að eins með 2 umræðum í svo margbrotnu og umfángsmiklu máli, þar sem stjórninni sjálfri hafði ekki á 20 árum tekizt að leysa af hendi aðgeingilegra frumvarp, en þetta, er hún lagði fyrir

1857; það gat eingin stjórn búizt við því, eða ætlazt til þess með sanngirni, og hafði einga ástæðu til að álasa fyrir það, þó að 24 manna þingi, sem hafði milli 20 — 30 mál til meðferðar á rúmum mánuði, tækist ekki að gjöra þetta frumvarp í alla staði svo vel úr garði með 2 umræðum, sem óskandi var. Mèr finnst nauðsynlegt, að þingið, þegar það fær slíkar ákúrur frá stjórninni fyrir aðgjörðir sínar eða meðferð á málum, skoði hvort slíkt sè á fullum rökum byggt, og reyni að bera hönd fyrir höfuð sèr, með því að sýna ástæðurnar, og verð eg að álíta mèr skylt að gjöra það frá þessum stað. Stjórnin játar nú samt, að henni hafi yfirsèzt í aðalefni frumvarpsins, nefnilega í því, að ætla til of lítið fè til vegabóta; það var líka fjarstætt öllu rèttu lagi, eins og sýnt var hèr á þingi 1857, og einkum var ljóslega tekið fram af þingmanni Reykvíkinga. En hvað gjörir nú stjórnin til þess, að ráða bót á þessum verulega galla stjórnarfrumvarpsins 1857? Hún bendir á og leggur til, að þingið aðhyllist einmitt það breytíngaratkvæðið, er þá var fellt hèr á þingi með lángmestum atkvæðafjölda (eg trúi 17 gegn 4), og það er einmitt sama breytíngaratkvæðið, sem nú er komið hèr á atkvæðaskrána að nýju undir tölul. 37. Þetta er allt það, sem stjórnin hefir bætt úr frumvarpinu 1857, og því sem kom frá síðasta þingi, en færir á þingið þúngt álas fyrir, að það hafi ekki gjört frumvarpið betur úr garði. Eg held það sè sjaldgæft, að þjóðarþingi sè ætlað, eða sè eins og skyldað til að búa til frá stofni alveg fullkomin lagafrumvörp í umfángsmiklum málum; það er stjórnandanna yfir höfuð að tala, en ekki þingmanna, að búa til lagafrumvörpin; þingin stínga einatt upp á undirstöðuatriðum til frumvarpa; það gjörði alþingi 1855; þingin segja álit sitt um lagafrumvörp stjórnarinnar, og stínga upp á breytíngum við þau; það gjörði alþingi 1857; stjórnin hefir ekki gefið þeim tilögum neinn gaum; hún um það; en alþingi hefir þannig gjört allt, sem af þingi verður með sanngirni heimtað með tilliti til þessa máls.

En fyrst eg stóð upp á annað borð, þá vil eg líka leyfa mèr að fara fáeinum orðum um aðalágreiníngsatriðið milli meira og minna hluta nefndarinnar. Það hefir verið tekið fram af mörgum og með rökum, að þessi aðgreiníng meira hlutans á *„þjóðvegum á fjöllum“* og *„þjóðvegum í byggð“*, sè miður heppileg, og sízt sè það tvennt á fullum rökum byggt, að hèr af skuli leiða, að jafnaðarsjóðirnir skuli bera kostnaðinn við fjallvegina, en endurbót þjóðvega í byggð skuli gjöra með skylduvinnu. Eg verð að játa, að eins og þessi *skylduvinna*

á öllum þjóðvegum í byggð, er gagnstæð uppástúngum þíngsins 1855 og 1857 — það er allt annað mál um skylduvinnu á aukavegum — eins mun hún, með hvaða fyrirkomulagi sem er, bæði valda ójöfnuði og ágreiníngi og verða verulegum vegabótum alveg til fyrirstöðu. En hitt, að ætla jafnaðarsjóðunum að greiða kostnaðinn við allar vegabætur á fjöllum, hefir hina sömu annmarka í för með sèr, eins og fyr eru teknir fram í stjórnarfrumvarpinu 1857, og það fè, 2 sk. af hverju lausafjárhundraði, sem meiri hlutinn ætlar til þeirra vegabóta, mundi vart, sízt eins og tíundaðri lausafjáreign í landinu er nú komið, gjöra betur, en að nægja í ferðakostnað handa amtmönnum, til þess að ferðast um kríng, svo þeir geti skorið úr því eptir uppástúngum meira hlutans, hverjir vegir skuli teljast til þjóðvega á fjöllum, og hverjir til þjóðvega í byggð. En áhrærandi hið vanhugsaða í því, að ætla að endurbæta alla þjóðvegi í byggð með skylduvinnu, þá ætla eg að til færa eitt dæmi, sem tveir heiðraðir þíngmenn hèr í salnum, og má ske fleiri, þekkja til; það eru 2 hreppar í Skaptafellssýslu, það er Kleifahreppur og Leiðvallarhreppur; þessir hreppar báðir saman eru nálægt því $1\frac{1}{2}-2$ dagleiðir á hvern veg í byggð. Þar eru hèr um bil 200 búendur, og víst yfir 500 verkfærra manna, og í þessum hreppum þarf nú ekki að gjöra nokkura vegabót nokkurstaðar innanhreppa, sízt á þjóðvegum, en hvorirtveggja hreppsbúarnir eiga að sækja yfir 10 hreppa, þegar þeir fara t. d. híngað kaupstaðarferð, eða til og frá útverum hèr á nesjunum, og í flestum þessum 10 hreppum þarf að gjöra stórkostlegar vegabætur á þjóðvegunum, til þess þeir heiti vel færir. Fyrir þessa 2 hreppa, Kleifa- og Leiðvallahrepp, væri skylduvinna sjálfsagt mikill hagur, þar sem þeir þannig yrði lausir við nál. 500 dagsverk árlega, af því eingar vegabætur þarf að gjöra innan hreppa, svo teljanda sè; en minni verður hagurinn fyrir hreppsbúa, þegar menn líta til þeirra óvega og torfæra, sem eru á kaupstaðarleið þeirra yfir flesta hina 10 hreppana; í öllum þeim hreppum ætti, eptir uppástúngum meira hlutans, að kosta afarskylduvinnu ár eptir ár til vegabóta mest fyrir utanhèraðamenn; en t. d. Leiðvalla- og Kleifahrepps 500 verkfærir menn, sem þar eiga leið um árlega, ætti að vera lausir bæði við allar þær vegabótaskyldur, og eins heima fyrir, úr því þar þarf eingan vegarspotta að lagfæra. Það hefir verið sagt, að vegabætur megi hafa sem bezt fram, þegar hreppstjórarnir eiga að til taka upphæð skylduvinnunnar, en það mun þó fara svo, og er næsta eðlilegt, að margir hreppstjórar skirrist við að upp á

leggja sínum hreppsbúum mikil skylduverk, ár eptir ár, mest í hag utanhèraðsmönnum, en sjá t. d. hreppsbúa í næsta hreppi, eins og dæmið sýnir, er eg nú tók fram, komast hjá allri vegabótaskyldu ár eptir ár; væri það í sannleika ekki láandi hreppstjórum, sízt í hinum fámennari og fátækari hreppum, og þar sem margir þjóðvegir liggja um hreppinn, eins og hèr í Mosfellssveit og víðar, þar sem 3 eða 4 þjóðvegir liggja yfir sveitina á fjöll upp.

Konúngsfulltrúi: Eg get með eingu móti álitið, að þínginu hafi verið neitt misboðið, eins og mèr skilst hinn háttvirti *forseti* álíta, með skýrslu þeirri um vegabótamálið, sem stjórnin hefir látið tilkynna þínginu; þessi skýrsla er útdráttur úr uppástúngu dómsmálaráðherrans til konúngs um, hvort löggilda eigi vegabótafrumvarp alþíngis 1857, og þar sem ráðherrann áleit ekki, að frumvarpið væri svo úr garði gjört, að það ætti, eins og það var, að fá lagagildi, þá leiddi af sjálfu sèr, að hann varð í uppástúngunni að færa til ástæður fyrir þessari sinni meiníngu, með því að taka fram þær misfellur, sem voru á frumvarpinu, þær ákvarðanir, sem komu í bága hver við aðra, o. s. frv., en þetta er ekki gjört í þeim tilgángi að setja ofan í við þíngið. Því verður heldur ekki neitað, að þessar misfellur og mótsagnir eiga sèr í raun og veru stað í frumvarpi þíngsins, og er það allt annað mál, þó þíngmönnum þyki það óþægilegt, að sjá nú á eptir þessar misfellur fyrir sèr. Eg vil að öðru leyti ekki neita því, og eg er sannfærður um, og þar við kannast stjórnin líka, að það er afsakanlegt, þó nokkrar misfellur verði á slíku frumvarpi frá þínginu, þar sem hèr á þíngum eru að eins við hafðar 2 umræður um málin, og ekki nema ein atkvæðagreiðsla, svo ómögulegt er að lagfæra misfellurnar, eins og er með 3. umræðu á öðrum þíngum.

Forseti: Eg held þó það megi sanna, að frumvarp stjórnarinnar 1857, eins og að nokkru leyti er gefið í skyn í ástæðunum fyrir því, er ekki stórvægilega breytt frá því frumvarpi, sem Bjarni amtmaður Thórarensen bjó til og sendi stjórninni 1838. Og yfir höfuð að tala finnst mèr stjórnin hafi ekki haft nægar ástæður til að álasa þínginu fyrir frágánginn á málinu 1857, með því frumvarpi, sem þá sendi hún, og sem hún hefir nú sjálf orðið að játa, að sè með verulegum göllum.

Konúngsfulltrúi: Eg skal bæta því við, að þar sem hinn háttvirti *forseti* gat um, að frumvarp það, sem stjórnin hefir lagt fyrir þíngið, sè óbreytt frá því gamla frumvarpi, sem samið var 1838,

þá er mèr það kunnugt, að stjórnin hefir breytt hinu eldra frumvarpi talsvert, og að mikið hefir verið haft fyrir þeirri breytíngu.

Framsögumaður: Það, sem hinn háttvirti *forseti* sagði, eru mjög merkilegar athugasemdir, en þær geta þó ekki fellt uppástúngur meira hluta nefndarinnar; því meiri hlutinn tók fram breytíngaratkvæði sitt tölul. 77., og bætti þar nýrri grein í frumvarpið, einmitt til þess, að bæta úr þeim misfellum, sem verða kynni á milli hreppanna.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls álít eg ályktarumræðu þessari lokið, og bið eg þá hina heiðruðu þíngmenn að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var þá um hríð rætt um, eptir tilefni frá *forseta*, hvort bera skyldi upp hið viðbætta varaatkvæði *Pèturs Pèturssonar* og *Páls Sigurðssonar*, sem varaatkvæði í sjálfu álitsskjalinu, eður sem aðalatkvæði *á undan* tölul. 78, 1., svo að bæði þessi uppástúnga (78, 1.) og tölul. 79. fèlli, ef varaatkvæðið yrði samþykkt, og fèllust bæði uppástúngumenn varaatkvæðisins og aðrir þíngmenn á þetta hið síðara.

Var síðan geingið til atkvæða og fór atkvæðagreiðslan á þessa leið:

1. *Frumvarpsins* 1. grein (samþykkt af minna hlutanum), samþykkt með 23 atkvæðum.
2. Viðauki *meira hlutans* við frumvarpsins 1. grein, felldur með 14 atkvæðum gegn 8.
3. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 2. grein, fallið með atkvæðagreiðslunni undir tölul. 2.
4. *Frumvarpsins* 2. grein (samþykkt af minna hlutanum), samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.
5. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 3. grein, fallið með atkvæðagreiðslunni undir tölul. 2.
6. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frv. 3. grein, samþykkt með 15 atkvæðum gegn 5.
7. *Frumvarpsins* 3. grein, með áorðinni breytíngu, samþykkt með 19 atkvæðum.
8. Uppástúnga *meira hlutans*, fallin með atkvæðagreiðslunni undir tölul. 2.
9. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 4. grein, fallið með atkvæðagreiðslunni undir tölul. 2.

10. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frv. 4. grein, samþykkt með 18 atkvæðum.
11. *Frumvarpsins* 4. grein með breytíngunni eptir tölul. 10., samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.
12. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 5. gr., fallið eptir atkvæðagreiðslunni um tölul. 2.
13. *Frumvarpsins* 5. grein (samþykkt af minna hlutanum), samþykkt með 18 atkvæðum.
14. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 6. grein, fallið eptir atkvæðagreiðslunni um tölul. 2.
15. *Frumvarpsins* 6. grein (samþykkt af minna hlutanum), samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2.
16. *Frumvarpsins* 7. grein (samþykkt af minna hlutanum), samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.
17. Viðaukaatkvæði *meira hlutans* við 7. grein:
    a, að eptir orðið „þjóðveg“ bætist inn í: *„og aukaveg“*, fallið eptir atkvæðagreiðslunni um tölul. 2.
    b, að við enda greinarinnar sè bætt: *„nema tilfaung hafi verið tekin honum í mein“*, samþykkt með 18 atkvæðum.
18. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frv. 8. grein, samþykkt með 14 atkvæðum gegn 5.
19. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við 8. grein, samþykkt með 12 atkvæðum gegn 5.
20. *Frumvarpsins* 8. grein (með áorðnum breytíngum), samþykkt með 22 atkvæðum.
21. Breytíngaratkvæði *Benedikts Þórðarsonar* við frv. 9. grein, fellt með 10 atkvæðum gegn 7.
22. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frv. 9. grein, samþykkt með 13 atkvæðum gegn 7.
23. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við sömu grein, fallið samkvæmt atkvæðagreiðslunni við tölul. 22.
24. *Frumvarpsins* 9. grein með áorðnum breytíngum, samþykkt með 19 atkvæðum gegn 2.
25. *Frumvarpsins* 10. grein (samþykkt af allri nefndinni), samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2.
26. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frv. 11. grein, samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.
27. *Frumvarpsins* 11. grein (samþykkt af meira hlutanum), með áorðnum breytíngum, samþykkt með 15 atkvæðum gegn 2.

28. Um breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frumv. 12. grein var leitað atkvæða með nafnakalli:

já (sögðu):	nei (sögðu):
Brynjólfur Jónsson.	Páll Melsteð.
Ásgeir Einarsson.	Arnljótur Ólafsson.
Benedikt Þórðarson.	Gísli Brynjúlfsson.
Guðmundur Brandsson.	H. Kr. Friðriksson.
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	Halldór Jónsson.
Páll Sigurðsson.	H. G. Thordersen.
Stefán Eiríksson.	Jón Pètursson.
Stefán Jónsson.	Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.
Vilhjálmur Finsen.	Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn.
	Magnús Andrèsson.
	Ólafur Jónsson.
	Pètur Pètursson.
	Sveinn Skúlason.

Indriði Gíslason greiddi ekki atkvæði. Þannig var þetta breytíngaratkvæði fellt með 13 atkvæðum gegn 9.

29. Breytíngar- og viðaukaatkvæði *meira hlutans* við frumv. 12. grein.
   a, að eptir orðin: „torfbrýr þessar“, verði bætt inn í: *„þar sem undirstaðan er mjög laus“*, fellt með 12 atkv. gegn 9.
   b. Fyrir orðin: „en í miðju 2 eða $2^1/_2$ alin breið“, verði sett: *„og í miðju svo há, að vel falli út af til beggja hliða“*, samþykkt með 15 atkv. gegn 3.
30. *Frumvarpsins* 12. grein, með áorðnum breytíngum, samþykkt með 17 atkv.
31. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frumv. 13. grein, samþykkt með 12 atkv. gegn 8.
32. *Frumvarpsins* 13. grein, með áorðnum breytíngum, samþykkt með 16 atkv. gegn 4.
33. *Frumvarpsins* 14. grein (samþykkt af allri nefndinni), samþykkt með 20 atkv.
34. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frumvarpsins 15. gr.
   a, að *upphaf* greinarinnar: „Útgjöld hvers amts“ falli burt, samþykkt með 14 atkv. gegn 1.
   b, að *fyrri hluti* greinarinnar, að slepptum þessum orðum og til: „skilar áleiðis“, verði sèrstök grein, samþykkt með 16 atkv. gegn 2.

c, að allur *síðari hluti* greinarinnar, frá: „að öðru leyti“ og til: „sem einu sinni er ákveðið“, falli burt o. s. frv., samþykkt með 16 atkv.

35. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við 15. grein, fallið samkv. atkvæðagreiðslunni undir tölul. 34. *a* og *c*.
36. *Frumvarpsins* 15. grein, fallin eptir atkvæðagreiðslunni undir tölul. 34. *a* og *c*.
37. Breytíngaratkvæði *Vilhjálms Finsens* við 15. grein frumvarpsins, fellt með 15 atkv. gegn 6.
38. Um breytíngaratkvæði *Páls Sigurðssonar* við minna hlutans uppástúngu, að breytt sè 15. grein frumvarpsins, var leitað atkvæða með nafnakalli:

já (sögðu):	nei (sögðu):
Brynjólfur Jónsson	Páll Melsteð.
Arnljótur Ólafsson.	Ásgeir Einarsson.
H. Kr. Friðriksson.	Benedikt Þórðarson.
Halldór Jónsson.	Gísli Brynjúlfsson.
Jón Pètursson.	Guðmundur Brandsson.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	H. G. Thordersen.
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn.
Páll Sigurðsson.	Magnús Andrèsson.
Pètur Pètursson.	Ólafur Jónsson.
Stefán Eiríksson.	Sveinn Skúlason.
Stefán Jónsson.	Vilhjálmur Finsen.

Indriði Gíslason greiddi ekki atkvæði.

Var þetta breytíngaratkvæði þannig fellt með jöfnum atkvæðum, 11 : 11.

39. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frumv. 15. grein, samþykkt með 14 atkv. gegn 5.
40. Varabreytíngaratkvæði *Halldórs Jónssonar* við nefnda gr. minna hl., samþykkt með 16 atkv. gegn 2.
41. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frumv. 16. gr., fallið eptir atkvæðagreiðslunni um tölul. 34. og 39.
42. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frumv. 16. gr., samþykkt með 16 atkv.
43. *Frumvarpsins* 16 gr., með áorðnum breytíngum, samþ. með 16 atkv.
44. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frumv. 17. gr., fallið við atkvæðagreiðsluna undir tölul. 34. og 39.
45. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frumv. 17. gr., að hún

falli burtu, en komi í staðinn ný grein svo hljóðandi, o. s. frv., samþykkt með 14 atv. gegn 4.

46. *Frumvarpsins* 17. gr. fallin eptir atkvæðagreiðslunni um tölul. 45.

47. Uppástúnga *meira hlutans,* að ný grein verði tekin inn í frumvarpið þannig orðuð:

„Í þeim hrepp er hver maður skyldugur að vinna að vegabótum, sem hann var heimilisfastur í haustinu áður, er hreppaskil voru þar haldin“.

Um þessa grein var leitað atkvæða með nafnakalli.

já (sögðu):	nei (sögðu):
Arnljótur Ólafsson.	Páll Melsteð.
Benedikt Þórðarson.	Brynjólfur Jónsson.
Gísli Brynjúlfsson.	Ásgeir Einarsson.
H. Kr. Friðriksson.	Guðmundur Brandsson.
Halldór Jónsson.	Jón Sigurðsson frá Tandraseli.
H. G. Thordersen.	Magnús Andrèsson.
Indriði Gíslason.	Páll Sigurðsson.
Jón Pètursson.	Stefán Eiríksson.
Jón Sigursson frá Gautlöndum.	Stefán Jónsson.
Jón Sigurðsson frá Kaupmannah.	Vilhjálmur Finsen.
Ólafur Jónsson.	
Pètur Pètursson.	
Sveinn Skúlason.	

Var hún þannig samþykkt með 13 atkv. gegn 10.

48. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 18. gr., fallið eptir atkvæðagreiðslunni um tölul. 2. og 39.

49. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frv. 18. gr., samþykkt með 14 atkv. gegn 6.

50. *Frumvarpsins* 18. gr., með áorðnum breytíngum, samþykkt með 16 atkv.

51. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frv. 19. gr., samþykkt með 16 atkv. gegn 5.

52. *Frumvarpsins* 19. gr. með áorðnum breytíngum, samþykkt með 18 atkv.

53. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 20. gr., fallið við atkvæðagreiðsluna undir tölul. 2. og 39.

54. *Frumvarpsins* 20. gr., samþykkt með 17 atkv. gegn 1.

55. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 21. gr., samþykkt með 16 atkv. gegn 2.
56. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frv. 21. gr., fallið eptir atkvæðagreiðslunni um tölul. 55.
57. *Frumvarpsins* 21. gr., fallin eptir atkvæðagreiðslunni um tölul. 55.
58. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við 22. gr., samþykkt með 12 atkv. gegn 6.
59. *Frumvarpsins* 22. gr. (samþykkt af minna hl.), fallin eptir atkvæðagreiðslunni um tölul. 58.
60. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við 23. gr. frumv., samþykkt með 12 atkv. gegn 4.
61. *Frumvarpsins* 23. gr. (samþykkt af minna hl.), fallin eptir atkvæðagreiðslunni um tölul. 60.
62. *Frumvarpsins* 24. gr. (samþykkt af allri nefndinni), samþykkt með 20 atkv.
63. *Frumvarpsins* 25. gr. (samþykkt af allri nefndinni), samþykkt með 20 atkv. gegn 1.
64. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 26. gr., fellt með 14 atkv. gegn 7.
65. *Frumvarpsins* 26. gr. (samþykkt af minna hl.), samþykkt með 18 atkv. gegn 3.
66. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 27. gr., fallið við atkvæðagreiðsluna um tölul. 34.
67. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 27. gr.
    a, að fyrir orðin „öðrum vegum í sýslunni", verði sett: *„nauðsynlegu aukavegum þar"*, samþykkt með 10 atkv. gegn 8.
    b, að fyrir orðin: „skýrslu um það", verði sett: *„skýrslu um ástand veganna í sýslunni"*, samþykkt með 13 atkv. gegn 3.
68. *Frumvarpsins* 27. gr. (samþykkt af minna hl.), með áorðnum breytíngum, samþykkt með 21 atkv.
69. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 28. gr., samþykkt með 14 atkv. gegn 6.
70. *Frumvarpsins* 28. gr. (samþykkt af minna hl.), fallin við atkvæðagreiðsluna um tölul. 69.
71. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við 29. gr., fellt með 14 atkv. móti 5.
72. Breytíngaratkvæði *minna hlutans* við frv. 29. gr., samþykkt með 17 atkv. móti 2.

73. *Frumvarpsins* 29. gr., með áorðinni breytíngu, samþykkt með 17 atkv. gegn 2.
74. Breytíngaratkvæði *meira hlutans* við frv. 30. grein:
    a, að fyrir „viðvíkjandi“, verði sett: *„út af“,* fellt með 12 atkv. gegn 3.
    b, að endir greinarinnar: „og skal — 9. og 10. gr.“, falli burt, fellt með 12 atkv. gegn 8.
75. *Frumvarpsins* 30. gr. (samþykkt af minna hl.), samþykkt með 18 atkv.
76. *Frumvarpsins* 31. gr. (samþykkt af allri nefndinni), samþykkt með 18 atkv.
77. Varaatkvæði *H. Kr. Friðrikssonar* og *Arnljóts Ólafssonar:*
    a, fellt með 15 atkv. gegn 5.
    b, — með 14 atkv. gegn 7.
78. Varauppástúnga *Pèturs Pèturssonar* og *Páls Sigurðssonar, „að frumvarp þetta verði að eins löggilt sem bráðabyrgðarlög“,* samþykkt með 15 atkv. gegn 4.
79. Samkvæmt atkvæðagreiðslunni um tölul. 78. var uppástúngan tölul. 77., 1 álitin fallin, og sömuleiðis þar með horfin nauðsynin á, að bera undir atkvæði, hvort biðja skuli konúng að gjöra frumvarp þetta að lögum.

Þar með var þessari atkvæðagreiðslu lokið; *forseti* ákvað aptur fund í kveld á miðaptni, til þess að ljúka dagskránni og taka læknaskipunarmálið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu.

Fundi slitið.

---

15. ágúst- Þrítugasti og níundi fundur.

Forseti gat þess, að *konúngsfulltrúi* gæti ekki heldur verið við staddur þenna fund, og gegndi hinn 4. konúngkjörni þíngmaður störfum hans; hann gat þess einnig, að hinn 6. konúngkjörni þíngmaður ei væri kominn aptur, það hann til vissi; og að þíngbók síðasta fundar gæti nú ekki orðið upp lesin vegna þess, að það hefði verið ómögulegt fyrir þíngskrifarana, að fullgjöra hana, sakir hinnar laungu atkvæðagreiðslu í vegabótamálinu.

Forseti: Kemur þá samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og

atkvæðagreiðslu *læknaskipunarmálið,* og hefir þingmaður Ísfirðinga í fjærveru *framsögumanns,* hins 6. konúngkjörna þingmanns, tekið að sèr framsöguna í þessu máli. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, og vona eg, að þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í læknaskipunarmálinu.

1. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði):

   Að konúngur vilji mildilega skipa svo fyrir, að stjórnin flýti svo fyrir læknaskipunarmálinu, að það geti orðið lagt fyrir næsta alþingi.

2. *Nefndin* (2. uppstúnguatriði):

   Að stjórnin við undirbúníng þessa máls einkum hafi tillit til eptirfylgjandi aðalatriða:

   a, Breytíngar- og viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar:*

   Að inn í nefndaruppástúnguna 2. *a* (stafl. *b),* eptir orðin: „skóla hèr", verði bætt: *„og efnilegir og vel uppfræddir leikmenn".*

   b, Nefndin (2. uppástúnguatriði, stafl. *a):*

   Að stjórnin stuðli til þess, að læknaskóli geti komizt á í Reykjavík, svo stúdentar frá hinum lærða skóla hèr geti lært þar það, sem nauðsynlegt er, til að geta orðið læknir á Íslandi.

   c, Nefndin (2. uppástúnguatriði, stafl. *b):*

   Að spítalinn eða spítalahús geti komizt á í Reykjavík.

   d, Varaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar* (við 2. *b,* og *c):*

   Að stjórnin stuðli til þess, að stúdentar frá hinum lærða skóla hèr, og efnilegir og vel uppfræddir leikmenn fái þá tilsögn í læknisfræði (fyrir hæfilega borgun) hjá landlæknínum, sem nauðsynleg er til að geta öðlazt lækníngaleyfi, og, þegar þörf er á, læknaembætti hèr á landi.

   e, Viðaukaatkvæði *Guðmundar Brandssonar:*

   Að stjórnin leggi fyrir næsta þíng frumvarp um betri tilhögun á spítalatekjunum, samkvæmt því, sem alþíngi hefir áður upp á stúngið í bænarskrá til konúngs 7. ágúst 1847.

   f, Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar* við meira hlutans stafl. *c,* og við uppástúngu minna hlutans (stafl. *h* og *i):*

   Að konúngur vildi allramildilegast nú þegar stofna 3 ný læknaembætti hèr á landi, á þeim stöðum, þar sem þess getur álitizt mest þörf, með 400 rd. launum handa hverjum

þeirra, sem greiðist fyrst um sinn, þángað til öðruvísi yrði ákveðið, af spítalasjóðunum.

g, Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar* við meira hlutans stafl. *c,* og við uppástúngu minna hlutans (stafl *h* og *i*): Að landlæknirnum verði veittir til umráða fyrst um sinn 200 dalir úr spítalasjóðnum til meðalakaupa handa holdsveikum í landinu.

h, Minni hluti nefndarinnar *(Sveinn Skúlason),* ágreiníngsatkvæði við uppástúngu meira hlutans, stafl. *c:* (stafl. *i*): Að helmíngur af ársleigum og árstekjum spítalasjóðs þess, er nú er fyrir hendi, verði hafður til að koma upp þessum stofnunum, en hinum helmíng af ársleigum og árstekjum sè safnað saman og stofnað fyrir það fè smátt og smátt hæfileg sjúkrahús á aðalverzlunarstöðunum hèr á landi.

i, Meiri hluti nefndarinnar (2. uppástúnguatriði stafl. *c*): Að spítalasjóður sá, er nú er fyrir hendi, verði hafður til að koma upp þessum stofnunum, að svo miklu leyti sem ágóði höfuðstólsins og hinar árlegu tekjur hrökkva þar til.

3. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu).

Málið síðan afhent þíngmanni Ísfirðínga.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Þíngmönnum er mál þetta kunnugt, þar eð það hefir optar en einu sinni verið til umræðu á þínginu, og alþíngi hefir sent til konúngs uppástúngur, sem hafa geingið í hina sömu höfuðstefnu, eins og hèr er farið fram á; hefir það síðan ítrekað þessar uppástúngur sínar, og þó þeim hafi verið breytt nokkuð, hafa þær þó allt af haldið aðalstefnu þeirri, sem tekin var 1847. Á alþíngi 1847 komu nefnilega fram tvær aðalstefnur, sem maður verður fast að hafa fyrir augum, hvora kjósa skal. Aðalgrundvallaratriði þessa máls er það, að fá sem bezta læknaskipun hèr á landi; en til þessa eru tveir vegir: annaðhvort að stofna læknaskóla í Reykjavík og spítala, og verja til þess spítalasjóðunum, eða í öðru lagi, að fjölga læknum og hafa fè spítalasjóðanna til að launa þeim með. Þíngið áleit rèttara 1847, að koma hèr á fót innlendri læknakennslu, af þeirri ástæðu, sem vèr þekkjum, að meðan læknakennslan var innlend, vantaði aldrei lækna; landlæknar þeir, sem voru hèr í embættum, tóku únga menn til kennslu, og þessir urðu síðan hèraðslæknar eða aðstoðarlæknar; en landlæknir sá um, að ætíð væri til taks einhver sá, er lært hefði, til að taka við

embættum þeim, er laus yrði. En síðan menn urðu að læra læknisfræði eingaungu við háskólann, til þess að komast í embætti, hefir ávallt vantað lækna innlenda, svo að orðið hefir að senda hingað danska lækna með lakasta vitnisburði, eða jafnvel óreynda að öllu, sem varla hafa kunnað að skrifa nafnið sitt. 1848 tók stjórnin þessa uppástúngu alþíngis að nokkru leyti til greina, er hún sameinaði spítalasjóðina. Þar á eptir hefir þíngið reynt til, að flýta fyrir málinu, með því að fá fleiri lækna, og fá stofnuð fleiri læknaembætti hér og hvar um landið; en af því hefir ekki geta orðið, því hvorki hafa neinir innlendir verið til, er gæti sótt um þessi embætti, og ekki hafa heldur danskir læknar orðið til að sækja um þau, sem nú eru. Reynslan er því búin að sýna, að þessi stefna er ekki hentug, ef menn vilja fara hana eina; en eg er ekki á móti því, að sameina báðar stefnur, ef mögulegt væri, og gjöra hvorttveggja í senn, bæði að fjölga læknum og að stofna læknaskóla og spítala. En ef vèr höfum ekki faung á því, þá sýnist mèr reynslan hafa sannað, að bezt muni vera, að reyna til að koma hèr á fót innlendri læknakennslu ásamt með sjúkrahúsi; gæti menn þá síðar, ef faung yrði á, sett sjúkrahús á fleiri stöðum. Eg vona nú að þíngmenn hafi skilið, að hèr er um þessar tvær stefnur að gjöra. Þar sem vèr nú getum átt von á, að stjórnin muni hjálpa þeirri stefnu, að fjölga læknum, þá sýnist mèr væri eðlilegast, að hún tæki þá stefnuna að sèr, en mèr finnst rèttara fyrir oss, að verja þá voru fè, til þess að koma fætinum undir innlenda læknakennslu.

Hvað nú viðvíkur hinum einstöku atriðum á atkvæðaskránni, þá fer breytíngar- og viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu undir tölul. 2. *a* fram á það, að auk stúdenta megi einnig efnilegir leikmenn njóta kennslu á þessum skóla, og stafl. *d* undir sama tölul. fer fram á líkt. Eg hefi nú ekkert á móti því, að þetta kunni að geta orðið nytsamlegt, eða að eitthvað í þessa stefnu komist síðar á, en eg held, að hèr gildi sama, sem í lagaskólamálinu, að ekki sè rètt að lögbinda slíka kennslu; hún ætti að eins að vera í viðlögum. Kennsla þessara leikmanna gæti ekki orðið vísindaleg, og þeir gæti aldrei orðið annað, en aðstoðarlæknar.

Hvað snertir viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Gullbríngusýslu undir stafl. 2. *e*, þá verð eg að vera því samþykkur, því eg álít, að tilskipun um betri tilhögun á spítalasjóðunum hefði eiginlega átt fyrir laungu að vera komin á; en eg verð aptur að mótmæla öldúngis breytíngaratkvæði þíngmanns Árnesínga undir staflið *f*, því

það fer í hina stefnuna, sem vèr nú ekki getum farið fram á með þeim efnum, sem fyrir hendi eru. Upp á það væri því að eins farandi, ef stjórnin vildi leggja fram fè til læknaskipunarinnar að sínu leyti. Áætlunin segir, að 1861 geti spítalasjóðurinn verið fær um, að borga læknakennslu og sjúkrahús, og það þó einúngis í Reykjavík; ef nú ætti á hverju ári að eyða 1,200 rd., sem samsvarar hinum árlegu tekjum sjóðsins, til þess að launa með þeim þessum 3 læknum, sem stúngið er upp á í þessu breytíngaratkvæði, þá væri ekki eptir nema leiga fjárins, og er hún ónóg til þess, að koma á stofn læknaskóla og spítala. Það er ekki af því, að eg ekki viðurkenni, að fleiri lækna sè þörf hèr á landi, að eg mótmæli þessari uppástúngu, heldur er það af því, að hèr er augljóslega ekki fè fyrir hendi, til þess að koma hvorutveggja á fót. En vilji stjórnin meta það mest, að koma á fleiri embættum, þá er sanngjarnt, að hún taki það atriði málsins að sèr, fyrst hún heldur því mest fram; enda er þessi hlið málsins óneitanlega sú, sem liggur stjórninni næst, en hitt á vel við, að vèr sjáum fyrir hinni innlendu læknakennslu, með því að leggja fram það fè, sem vèr eigum til. Breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Gullbríngusýslu verð eg einnig að mótmæla, því ef stefna vor feingi framgáng, þá gjöri eg ráð fyrir, að 4 holdsveikir mundi fá rúm á spítalanum, og með því gæti holdsveikir feingið slíka hjálp af spítalasjóðnum, sem væri jafnvel meiri, og að minnsta kosti þeim miklu notalegri, en sú, sem þeir hafa nokkurn tíma feingið. Það hefir komið enn fram hèr eins og áður, að spítalarnir væri þess konar stofnanir, sem ekki mætti breyta móti tilgángi þeirra. Þetta er hinn mesti misskilníngur. Spítalarnir eru landsstofnanir; þeir eru stofnaðir af gjöldum frá landsmönnum, ekki til þess, að lækna holdsveika, heldur til þess, að halda þeim á einhverjum vissum stöðum, og var ekki til þess ætlazt, að á þessum stöðum skyldi vera læknar, til þess að lækna þá, því þeir voru álitnir ólæknandi, heldur var ætlazt til, að holdsveikir menn mætti hafa uppeldi og hjúkrun á þessum stöðum. Þegar þeir nú þannig voru læknislausir á þessum stöðum, þá voru spítalarnir eins og nokkurs konar fángahús fyrir holdsveika, og var það jafnvel dýrara að halda þá þar, heldur en að koma þeim fyrir á einhverja aðra góða staði, auk þess sem þeir höfðu ekki á þessum spítölum í neinu betri aðbúnað eður viðurværi, og þrifnaður var þar ekki meiri, en hjá öðrum bændum; þeir höfðu ekki heldur aðra læknishjálp, en hèraðslæknisins, sem var gjört það að skyldu í erindisbrèfum þeirra,

að hafa tillit með holdsveikum, og er þó gott, ef þetta var ekki fellt úr hinum síðari erindisbréfum læknanna. Það var líka kunnugt, að þessir holdsveiku á spítölunum höfðu litla von um bata, því þeir voru sjaldan teknir inn á spítalana, fyr en þeir voru orðnir svo yfirkomnir, að þeir voru illflytjandi. Spítalahaldararnir höfðu einnig háa meðgjöf með þeim, auk þess, sem þeir höfðu spítalajarðirnar eptirgjaldslausar. Sveitirnar sjálfar, sem hinir sjúku voru frá, höfðu ekkert gagn af spítölunum; þær hafa á seinni tímum síður viljað koma holdsveikum á spítalana, en gefa með þeim heima, vegna þess að meðgjöfin með þeim var svo há, eg trúi 5 hundruð fyrsta árið með karlmanni, og með kvennmanni hálft þriðja hundrað á landsvísu. Menn hafa því viðurkennt, að spítalarnir væri ónýtir. Þegar eg nú því aptur sný mèr að breytíngaratkvæðinu, þá vinnst tilgángur þess betur með þeirri stefnu, sem nefndin hefir tekið, en með því, að fylgja uppástúngu þíngmannsins úr Gullbríngusýslu. Vèr höfum einnig tekið tillit til þessa með því, að ætlast til að holdsveikir, þeir sem læknandi virðast, yrði teknir á spítalann, en ekki hinir, sem ekki væri álitnir læknandi, eða ekki gæti lifað þar nema kann ske skamma stund; því það er einmitt í læknaskólans anda, að taka þá á spítalann, sem von er um, að geti orðið læknaðir, og þar með er einnig uppfyllt hver sanngjörn krafa með tilliti til hinna holdsveiku, og þeirrar tiltölu, sem þeir geti haft til spítalanna. Ágreiníngsatkvæði minna hluta nefndarinnar miðar til þess, að dreifa öllum efnunum, og tefja fyrir stofnun læknaskólans og spítalans í Reykjavík, en þetta er hið sama sem að spilla öllu málinu. Eg vil þess vegna að síðustu mæla með því, að þíngið haldi sèr einúngis og eindregið til uppástúnguatriða meira hluta nefndarinnar, að tekið verði spítalafèð til þess, að stofna fyrir það læknaskóla og sjúkrahús og hafa það þannig sem grundvöll undir því, að fjölga læknum hèr á landi.

Á meðan þíngmaður Ísfirðínga flutti þessa ræðu, kom Dr. *Jón Hjaltalín* til sætis síns, og tók við framsögunni.

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Þó eg viti, að eg ekki muni halda betri svörum uppi í þessu máli, en hinn háttvirti þíngmaður, er nú settist niður, ætla eg að leyfa mèr að skýra eina grein þessa máls, þar eg held, að eg þekki hana betur, en það er grundvöllur spítalanna; en grundvöllur þeirra er þá þessi. Menn stofnuðu þá á miðöldunum, af því, að holdsveikin var þá álitin sóttnæm; menn höfðu þá trú í 400 ár, og hinir fyrstu spítalar voru byggðir fyrir utan stórbæi einmitt af þessari orsök; einginn mátti vera á spítalan-

um nema holdsveikir; þegar menn þurftu að færa þeim holdsveiku eitthvað, var það gjört með verkfærum; maturinn var rèttur þeim á staung; hin sama hræðsla við sóttnæmi holdsveikinnar var hèr án efa, og var tilefni til þess, að spítalarnir voru stofnaðir; en hræðslan var hèr ekki eins mögnuð, eins og í útlöndum; þegar hræðslan fyrir sóttnæminu fór að minnka í útlöndum, voru gjörð sjúkrahús úr spítölunum; en þá kom upp annar sjúkdómur, sem eg ekki vil nefna; það er myrkt tilfelli í lækníngasögunni; en eptir því sem sá sjúkdómur fór áfram, fór holdsveikin til baka; þetta er gángurinn í norðurálfunni. Á miðöldunum voru 40 spítalar í Danmörku fyrir holdsveika, en nú er þar einginn; þeir einu staðir, hvar spítalar eru enn að nafninu handa holdsveikum, er í Noregi og á Íslandi. Nú vilja Norðmenn gjöra almenn sjúkrahús úr spítölum sínum, en við eigum það eptir; allt fram að 1840 var holdsveikin álitin ólæknandi, og það eru að eins 3 læknar, sem hafa strítt fyrir því, að hún væri læknandi; það eru 2 norskir læknar og eg; stríðið hefir ekki verið hart, því hinir læknarnir hafa sagt, að það væri ekki ólíklegt; en nú hefir 1851 komið upp sjúkdómur í einum herflokk í París, sem er ein art af holdsveiki; hún var læknuð á þeim, og nú er trúin á því, að holdsveikin sè læknandi, orðin almenn. Akademíið í Paris hefir nú skrifað danska heilbrigðisráðinu til, og beðið það um, að gefa sèr allar mögulegar upplýsíngar um holdsveikina hèr, en heilbrigðisráðið danska hefir aptur ritað mèr og mælzt til, að eg svaraði, og mun eg gjöra það, því sýki þessi er enn þá helzt of ókunn.

Eg álít það nú sjálfsagt, að hafa nokkur rúm fyrir holdsveika á spítalanum hèr, ef hann kæmist á, og held eg, að 4 rúm væri nóg til þess í fyrstu, til að koma þeim á nokkurn rekspöl; því þegar holdsveikin er tekin í tíma, þá getur mikið gagn orðið að því, þó þeir ekki væri nema svo sem mánuð á spítalanum. Nú eru á Suðurnesjum undir 40 holdsveikir, og 68 í öllu amtinu; af þeim eru 4, sem eg get sagt um, að þó þeir ekki hafi verið undir minni hendi, þá sè þeir nú búnir aptur að ná heilsu sinni; og af þessum fjórum er stúlka á klúbbnum hèrna, sem átti bróðir, sem er dáinn af holdsveiki; maður fram á Nesi, sem ekki gat unnið vegna holdsveiki, hefir nú að eins fáa bletti, og drengur 14 ára gamall, með öllum holdsveikis merkjum, er nú læknaður. Eg játa reyndar það, að meðölin vinna seint og misjafnt á holdsveikinni, en eg vil mæla fram með því, að höfð sè 4 eða 5 rúm fyrir holdsveika á spítalanum. Hvað breytíngaratkvæðin snertir, þá væri það æskilegast, að

þingið felldi þau nú, þó eg í sjálfu sèr ekki hafi neitt í móti þeim, því margt mælir með þeim öllum, en uppástúngur nefndarinnar miða að eins til þess, að koma stjórninni inn á vora stefnu, sem hún hefir verið á móti, af því að embættismenn, sem eg ekki vil nefna, hafa verið á móti stofnun þessari; en eg vona, að þingmenn gángi í sömu stefnu og áður, og fallist að mestu leyti á uppástúnguatriði nefndarinnar.

Sveinn Skúlason: Viðvíkjandi ágreiníngi mínum við nefndina, vildi eg tala fáein orð, þó eg hafi talað um hið mesta, sem eg ætlaði við undirbúníngsumræðuna. Tilgángur minn var sá, að fè spítalasjóðanna skyldi ekki gánga allt saman til Reykjavíkurspítalans, svo að ekkert yrði eptir handa hinum pörtum landsins, sem líka þurfa nauðsynlega slíkra spítala; það hefir verið sagt, og það er satt, að þörfin sè brýn, og þingmaður Ísfirðínga hefir tekið það vel fram, að stjórnin taki ekki annað að sèr í þessu máli, en að koma upp fleiri læknaembættum; það getur vel verið, en það er ekki víst, því stjórnin hefir áður styrkt stofnun líks skóla; en minni hlutinn áleit, að ef spítalasjóðirnir væri brúkaðir til þessa eina spítala og læknaskóla hèr, þá væri ekkert fè til spítalastofnana í hinum fjórðúngunum, nema þá með nýjum sköttum, og yrði það þá miklu þýngra fyrir hina fjórðúngana, þar sem þó allir landsmenn hafa jafnan rètt til spítalasjóðanna, sem þeir allir að tiltölu leggja til um allt land; en þó þessar stofnanir verði stofnsettar hèr í Reykjavík, getur allt landið ekki haft gagn af þeim, nema að svo miklu leyti, sem það síðar getur feingið lækna frá skólanum; en það er auðvitað, að til spítalans gæti fæstir sjúklíngar náð; eg vona, að þíngmenn skoði vel huga sinn, áður en þeir gefa atkvæði á móti ágreiníngsatkvæði mínu, því ef að menn samþykkja það, geta menn þó með tímanum átt von á því, að koma þessum stofnunum upp smátt og smátt, einkum ef nýtt fyrirkomulag kæmi á heimtíngu spítalahlutanna; því ef það kæmist á, gæti maður með tímanum feingið nóg fè til allra þessara stofnana.

Framsögumaður: Eg lái ekki þíngmanninum úr Norður-Þíngeyjarsýslu, þó hann tali svona, því eg álít fullkomna nauðsyn á sjúkrahúsum bæði fyrir norðan, vestan og austan; en maður veit ekkert um það, hvort efnin leyfa það, að spítalar sè stofnaðir á öllum þessum stöðum; og eg er sannfærður um, að þegar fólk sèr, að eitthvað er gjört við spítalahlutina, þá muni miklu meira gefast; það er bágt að vita til þess, hvernig þetta geingur nú um

stundir, því þó menn komi hèr bæklaðir eða með sárum, kýlum eða fingurmeinum, geta þeir ekki feingið kosa yfir höfuðið á sèr á meðan þeir eru læknaðir, og þegar svona er, þá er von, þó mönnum hasi upp á því, að vera einlægt að pýngja í þessa spítalasjóði, sem ekkert er gjört við. Ef menn nú vildi stofna þessa spítala í hinum ömtunum, þá þyrfti menn ekki að taka það svo geist í fyrstunni; menn gæti byrjað með því, að fá hús til leigu handa sjúklíngum í stærri kaupstöðunum, og má ske væri það líka bezt hèr í byrjuninni; en um þetta verður ekkert sagt fyr en sèst, hvernig stjórnin tekur í málið. Breytíngaratkvæði þíngmanns Norður-Þíngeyínga hefir mikið fyrir sèr, einúngis hefi eg það á móti því, að það dregur úr málinu, því stjórnin segir án efa, að rentur spítalasjóðanna og tekjur þeirra sè nógar til þess, að launa einum 3, 4 læknum, en ekki nógar til allra þessara spítala. Það má sannarlega í þessu efni margt mæla stjórninni til afbötunar, þó hún kann ske verði á móti þessu, vegna þess hún er svo fjarlæg landinu, og þekkir ei nógu vel ástand þess, en eg vona, að þíngmaður Norður-Þíngeyínga misskilji mig ekki svo, að hann álíti, að eg sè að halda á móti sjúkrahúsum annarstaðar, en hèr, því eg vil einmitt stuðla að því, að þau einnig verði í hinum ömtunum. Eg er því nú þess vegna fremur mótmæltur, af því eg er hræddur um, að það muni veikja aðalatriði þessa máls.

Konúngsfulltrúi (Vilhjálmur Finsen): Samkvæmt því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* mælti við fyrri umræðu þessa máls, skal eg benda til þess, að stjórnin hefir í skýrslu þeirri um læknaskipunarmálið, sem hefir verið birt þínginu, látið í ljósi, að hún ekki hafi getað geingið inn á bænarskrá alþíngis 1857, um stofnun læknaskóla og spítala af spítalasjóðunum, og það virðist því augljóst, að þó þíngið sendi inn bænarskrá sama efnis nú, munu úrslitin verða hin sömu. Það, sem virðist það verulegasta og mest áríðandi í þessu máli, er, að koma upp fleiri læknaembættum, og úr því stjórnin hefir látið í ljósi, að ekki mætti búast við neinu fè úr ríkissjóðnum, til að launa slíkum nýjum læknum með, þá virðist það eðlilegast, eins og stjórnin hefir bent til, að brúka spítalasjóðina eða nokkuð af þeim, til að koma upp nokkrum nýjum læknaembættum, og eg álít því, að rèttast væri, að fallast á uppástúngu þíngmannsins frá Árnessýslu (tölulið 2. *f*), sem er samkvæm uppástúngu alþíngis 1855, nefnilega, að 3 ný læknaembætti yrði stofnuð á þeim stöðum hèr á landi, þar sem þess getur álitizt mest þörf, með 400 rd. launum hvert af spítalasjóðunum. Það hefir verið sagt, að það væri til

einkis, að stofna ný læknaembætti, þar einginn mundi sækja um þau, því það hafa sýnt sig meðal annars með læknaembættið í nyrðra læknisumdæmi vesturamtsins, er enn þá stendur óveitt; en það er aðgætandi, að eins og sèst á skýrslu stjórnarinnar um þetta mál, hefir kennslustjórnarráðið nú heitið Íslendíngum, sem lesa læknisfræði við háskólann 200 rd. styrk árlega, auk annara *stipendia,* og eru öll líkindi til, að þessi talsverði styrkur muni leiða til þess, að fleiri Íslendíngar lesi hèr eptir læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, og að þannig nógu margir verði til að sækja um embættin. Eg skal að öðru leyti geta þess, að þar sem stúngið er upp á, að stofna læknaskóla og spítala hèr í Reykjavík, þá er það viðurkennt, að læknaskóli getur ekki átt sèr stað, nema þar sem er spítali, hvar mörg sjúkdómstilfelli koma fyrir, en það eru ekki líkindi til, að spítali þessi eptir því, sem á stendur hèr á landi, yrði notaður af svo mörgum sjúklíngum, sem nauðsynlegt væri, ef hann ætti að vera að nægilegu gagni í því tilliti. Enn fremur er þess að geta, að kostnaðurinn til læknaskóla og spítala mundi verða talsvert meiri, en gjört hefir verið ráð fyrir. Það virðist þannig rèttast, annaðhvort að fallast á breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Árnessýslu, eða að gefa einga bænarskrá inn um þetta mál að svo stöddu; eg skal geta þess, að ef fallizt væri á breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Árnessýslu, þá væri ekki allar tekjur spítalasjóðsins notaðar til þessara læknaembætta, heldur væri nokkuð skilið eptir, svo sjóðurinn gæti ávaxtast og vaxið upp eingu að síður, til þess hann yrði stærri.

Magnús Andrèsson: Eg vona, að þíngmönnum þyki það ekki tiltökumál, þó eg hafi komið fram með þetta breytíngaratkvæði, sem nafn mitt stendur við á atkvæðaskránni, því það var bæði margt og ýmislegt, sem hvatti mig til þess, og síðan þessu læknaskipunarmáli var fyrst hreift, hefir sú uppástúnga ætíð staðið í broddi fylkíngar, að fjölga læknaembættum, og hefir Árnessýsla ætíð verið fremst í flokki í þá stefnu, og enda leingst á leið komin; því stjórnin hefir heitið nokkrum styrk til læknislauna þar. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður hefir að undanförnu mælt með því, bæði skriflega og munnlega, að læknir væri settur í Árnessýslu, og er það viss vottur þess, að í uppástúngu hans, sem þíngmaður Reykvíkínga flutti á alþíngi 1857, stóð það fyrst á blaði, þar sem talað var um að fjölga læknum. Sú nefnd, sem þá var komin í málið, fór einnig í þá stefnu, sem var hin sama, sem þíngið hafði tekið 1855; það hefir

nú verið sagt, að stjórnin mundi heldur vilja fjölga læknum, en gánga inn á hina stefnuna, og það styrkir mig ekki alllítið í minni meiníngu. Þó menn ekki strax verði bænheyrðir af stjórninni, þá fá menn þó á endanum bænir sínar, ef menn ítreka þær; það er reynslan búin að sýna, og mig grunar það, að ef menn fara allt af í hina sömu stefnu, þá muni það fást einhvern tíma, sem menn biðja um; en sè farið að breyta stefnunni, er eg hræddur um, að slíkt verði málinu til fyrirstöðu; eg skil það ekki heldur, þó að Árnessýsla, Skaptafellssýsla, eða þær sýslur, sem helzt þurfa lækna við, feingi þá, að það þurfi að verða læknaskólanum til fyrirstöðu, því 3 læknaembætti taka þó ekki upp alla vexti og tekjur spítalanna. Eg bið nú þíngmenn að athuga það, hvor stefnan muni verða happasælli, og fel svo þínginu á vald atkvæði mitt, og vil að eins geta þess, að 1857 var það samþykkt með 18 atkvæðum móti 2, að fjölga læknum hèr á landi.

Guðmundur Brandsson: Þó það hafi verið samþykkt 1857, sem þíngmaður Árnesínga nú minntist á, þá kann má ske að vera, að það hafi komið af því, að menn voru þá vonlausir um, að fá læknakennslu hèr á landi, og hafa menn heldur viljað fá nokkuð en ekki neitt; en það var líka farið fram á það 1855, að stofna 6—8 læknaembætti á kostnað ríkissjóðsins, en uppástúngan um þessi 3 læknaembætti var til vara; aðalstefnan var 1855, að halda saman spítalasjóðunum, en að uppástúngan um þessi 3 læknisembætti var samþykkt, slysaðist einhvern veginn til, og því mun alþíngi hafa farið í sömu stefnu með mál þetta 1857. Það kann vel að vera, að landlæknirinn hafi verið þessu meðmæltur þá, og hafi hann verið það, þá hefir það verið, af því hann hefir vonað, að stjórnin stofnaði þessi embætti af ríkissjóðnum, en aldrei hefi eg heyrt það á honum, að hann vildi stofna þau af spítalasjóðnum, og það er líka auðsèð, að ef ætti þannig að tæta í sundur sjóð þenna, þá yrði ekkert úr sjúkrahúsi, ekkert úr læknaskóla; en hvort stjórnin geingur inn á það, að samþykkja þessar uppástúngur þíngsins núna, er óvíst; hún hljóp ekki heldur af sèr tærnar með að veita læknaembættin, sem þíngið bað um 1855 og 1857. Það er ekki heldur svo mikið unnið við það, að læra læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, sem sumir gjöra orð á; því eptir sem eg hefi heyrt, mun þar vera margt lært, sem síðar kemur að litlum notum; eða hvað kemur til, að svo margir hafa hætt við læknisfræðina við háskólann? Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður hefir sagt, að ekki verði lærð íslenzk sjúk-

dómafræði, nema á Íslandi (*Jón Hjaltalín:* Það er meiníng mín, og þeirri meiníng hefi eg aldrei breytt). Þíngmanni Norður-Þíngeyínga er vorkun, þó hann hafi komið með þetta breytíngaratkvæði; en eg er hræddur um, að það verði til að draga úr fyrirtækinu, því þó Norðlendíngar feingi ekki mikið í sinn hluta, þar sem tekjurnar eru mestar af Kaldaðarnes- og Hörgslandsspítölum, en minni af hinum spítölunum, yrði það þó til meiri nota að halda því öllu saman, vegna þess, að sainast þegar saman dregur; svo er nú líka það, að spítalahlutirnir heimtast í molum alstaðar; þó mun það minnst eiga sèr stað í tilliti til Hörgslands- og Kaldaðarnesspítala, og reikníngar þeirra munu vera einna skipulegastir; en reikníngarnir fyrir tekjum Hallbjarnareyrar- og Möðrufellsspítala hefi eg orðið áskynja um, að væri heldur í molum. Árstekjur allra spítalanna eru eitthvað 2,000 rd. og er það nú ekki mikið, en þar af eru tekjur Kaldaðarnes- og Hörgslandsspítala hèr um bil 1,600 rd., en hinna að eins eptir ágetskun um 500 rd. Ef stjórnin hefði nú verið búin að leggja fyrir þíngið frumvarp til reglugjörðar um betri heimtíngu spítalahlutanna eins og beðið var um 1847, þá væri þeir nú ríkari en þeir eru; en að hún hefir ekki gjört það, sem þó voru lítil útlát, sýnir, að henni er ekki annt um málið. Verði viðaukaatkvæði mitt undir stafl. *e* samþykkt, sem eg ekki er vonlaus um, vegna þess, að bæði *framsögumaður* og þíngmaður Ísfirðínga eru því samþykkir, þá er þó eptir að vita, hvort stjórnin geingur inn á það, en allur dráttur hennar á slíku spillir fyrir gjörvöllu málinu; og af því það ekki er víst, hvað mörg ár líða, þángað til betri læknaskipun kemst á, þá tók eg mèr breytíngaratkvæðið undir stafl. *g*, af því eg hèlt þess fulla þörf, vegna þess að holdsveikum væri allt af að fjölga, og hinn 6. konúngkjörni þíngmaður hefir líka sagt mèr, að svo væri; þar sem hann nú álítur holdsveikina læknandi, þá held eg, að ekki muni vera gott, að eiga við hana, ef menn ekki hafa meðöl handa þeim, sem ekki geta keypt þau sjálfir; landlæknirinn getur ekki gefið meðöl, og fátækrameðölin duga lítið handa þeim öllum, því þau eru brúkuð handa fleirum, en holdsveikum einum. Eg hèlt því ekki, að það væri til hindrunar stofnun þessari, þó þeir feingi 200 rd. til meðalakaupa, einkum þegar svo er tilætlazt, að landlæknirinn hafi hönd yfir peníngum þessum, sem hann þá ekki brúkaði nema eptir þörfum, og get eg ekki skilið í því, að hann sè því mótmæltur; því þá þyrfti hann ekki að vera eins og vopnlaus maður í bardaga, þegar hann á að fara að beita þekkíngu sinni til þess, að lækna holds-

veikina. Fátækrasjóðirnir geta ekki staðizt þenna kostnað, þar sem hinir holdsveiku eru flestir; það er búið að fullreyna slíkt, og hefir ekkert út af því komið. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður gjörði ráð fyrir, að þó spítalar kæmist á, þá mundi ekki fleiri, en 4 holdsveikir fá þar rúm; ef nú tala holdsveikra er hèr að fjölga, hvar lendir þá? Ef að tala þeirra á öllu landinu verður yfir hundrað holdsveikra manna, hvað eru þá 4 holdsveikir á spítalanum, ef ekkert er gjört þángað til? Þess vegna ætti að taka þá veiki með meiri alvöru, og það sem allra-fyrst að skeð gæti; það verður því að vera á þíngsins ábyrgð, ef viðaukaatkvæði mitt verður fellt; það er ekkert gjört, til þess að hjálpa holdsveikum, og bið eg þíngið vel að athuga þetta. Ef eg nú vissi, að það feingi framgáng, sem farið er fram á í uppástúngu nefndarinnar, þá skyldi eg ekki vera svo fastur á þessu viðaukaatkvæði mínu, og þó nú þíngið samþykkti það, gæti stjórnin eins fyrir því hafnað því, ef hún vildi, og samþykkt það, ef hún vildi. Um atkvæðaskrána ætla eg ekki að tala meir.

Framsögumaður: Eg ætla að eins að leyfa mèr fáeinar athugasemdir viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði. Það er ekki gleðilegt að heyra slíkar ræður úr *konúngsfulltrúa*-stólnum, því eg held það sè það sama, sem að biðja menn að hætta að tala um þetta mál. Eg get samt eigi látið þetta aptra mèr frá, að fylgja því fram, er eg álít gott og rètt og gagnlegast fyrir þjóðina, og satt að segja, hefi eg í þessu máli eins vel vit á því og hvor annar. Eg er mjög í efa um, hver á að gjöra „innstillingu“ til stjórnarinnar um læknaskipun hèr á landi, hvort það er *konúngsfulltrúi* eða landlæknirinn. *Konúngsfulltrúi* er að tala um, að fjölga læknaembættum; eg held hann hafi nóg embætti í vesturamtinu, því þar hefir nú eitt embætti verið laust í meir en ár, og hann hefir nú einn einasta lækni í öllu amtinu, og held eg, að Ísfirðíngar hefði tekið til þakka, ef þeir nú hefði feingið annan eins mann og Jón Einarsson var, þó hann lærði hèr á landi; en ef *konúngsfulltrúi* nú ekki skyldi trúa mèr fyrir, að kenna læknum hèr, þá mætti fá annan til þess. Eg get ekki skilið annað, en þíngmennirnir skilji þetta, ef þeir líta rètt á málið. Eg er ekki á móti því, að fjölga læknaembættum hèr á landi, ef að læknaefni væri til í þau; en þegar þau, sem nú eru til, standa auð svo árum skiptir, þá sè eg ekki til hvers það er, að stofna fleiri; því það er lítið gagn að auðum læknaembættum fyrir sjúka. *Konúngsfulltrúi* sagði, að það ætti nú að gefa læknaefnum í Kaupmannahöfn 200 rd. styrk árlega; en ætli að þessi styrkur gjöri meira krapta-

verk, en fyrir 20 árum; þá höfðu íslenzk læknaefni hinn sama styrk hjá stjórninni; en ekki þutu læknar upp fyrir því, og er það sannast að segja, að hèr er ekki um auðugan garð að gresja, þegar vèr lítum til þess, hvað margir þeir læknar eru, sem komið hafa frá Kaupmannahöfn. Það er ekki heldur neitt nýtt með þessa 200 rd., því íslenzk læknaefni hafa feingið þá optast nær á þessari öld; það klíngir samt vel í eyrum, þegar menn ekki fyr hafa heyrt, að þeir hafa verið gefnir, og orðið til einskis. Menn halda þá, að læknar muni koma allt í einu frá háskólanum, rètt eins og *Minerva* út úr höfðinu á honum *Jupiter*; en það er ekki allt gjört með þessum 200 rd. Læknisfræðin hefir orðið mörgum að fótakefli; hún er ekki svo lètt í Kaupmannahöfn, og þessi uppástúnga *Schleisners,* að sèrstakur fyrirlestur í læknisfræði væri haldinn við Kaupmannahafnarháskóla fyrir Íslendínga, hefir heilbrigðisráðið ekki getað fallizt á; en eg veit ekki til, að málið síðar hafi verið lagt fyrir heilbrigðisráðið; og eg er hræddur um, að stjórnarherrann eptir ráði *konúngsfulltrúa,* hafi má ske með ráði *Schleisners* lagt úrskurð á málið; en þetta er á móti reglum þeim, sem fylgt er í öðrum löndum, ef geingið hefir verið fram hjá heilbrigðisráðinu. Þeir hafa ekki heldur leitað til þess manns hèr á landi, sem hefir mest ansvar af lækníngunum hèr, og þetta ansvar hefir hvorki „*Minesteren*“ eða konúngurinn, heldur eg. Eg ætla nú ekki að klaga að því leyti, sem eg vil vera frí við þetta, vegna þess, að það er erfiðisauki. Mèr virðist hèr þó ekki alveg farið eptir vanalegum reglum; því þó „*Ministeren*“ hafi sent málið til Dr. *Schleisners,* þá virðist þó liggja beinna við, að senda það til landlæknisins. Mèr hefði þótt æskilegra, að stjórnin hefði farið til danska heilbrigðisráðsins, og það kann vel að vera, að heilbrigðisráðið ekki hefði geingið fram hjá mèr. Ef þetta yrði nú einhvern tíma, þá kynni þó að vera, að spár *konúngsfulltrúa* rættust ekki, og að málið lykti öðruvísi, en hann ætlar. Eg vona, að læknar verði hèr samhuga á því, að til þess, að maður geti komizt niður í holdsveikinni og lifrarveikinni hèr, þurfum vèr að hafa innlenda kennslu, sameinaða með spítala. Eg ætla að vona, að hinir heiðruðu þíngmenn, hræðist ekki um of spár *konúngsfulltrúa,* því ef vèr gjörðum það, þá reyndumst vèr landsmönnum vorum illa, sem þeir ei munu til ætlast. Það hefir verið sagt frá *konúngsfulltrúa*stólnum, að spítalar og lækníngakennsla yrði að eingu gagni hèr á landi, en eg vil spyrja *konúngsfulltrúa* að því, hvernig hann með góðum ástæðum geti sagt þetta, og eg vil spyrja *konúngsfulltrúa* að því, hvort hann

hèldi, að „*Ministeriet*“ sjálft mundi vilja segja það? Nei! eg held að „*Ministeren*“ mundi varla gjöra það; menn fylgja alstaðar í heimi þeirri reglu, að láta lækna fjalla um læknisleg málefni, og svo mun og í rauninni bezt fara. Eg er viss um, að danska stjórnin víkur aldrei frá þessari reglu, enda væri það óhappalegt, ef öðruvísi yrði. Útlendir læknar, sem hingað hafa komið, hafa furðað sig á því, að hèr skyldi enginn spítali vera. Þeir hafa sagt við mig: „Hvernig getur þú læknað svona spítalalaus“? Hvernig er það mögulegt fyrir þig, að lækna sjúklinga inni í þessum grenum og moldarhreysum? Þú þarft sem fyrst að fá þèr spítala“. Eg hefi svarað þeim: „Eg er nýlega kominn hingað, en eg ætla að reyna, að fá mèr spítala“, Eg sè mig og nú í sannleika neyddan til, ef þessu verður eigi framgeingt, þá að bera það upp við stjórnina. Eg mun og gjöra þetta því vonbetri, sem margir útlendíngar hafa lofað mèr, að styrkja mig til þess, og þar á meðal líflæknir *Napoleons,* þegar hann var hèr. Það hefir reyndar verið sagt, að þó spítali yrði stofnaður, þá yrði hann ekki til neins, því einginn vildi koma á hann; en eg held, að fleiri mundi koma, en gæti feingið inngaungu, og eg vona, að þíngið sjái, að mótbárur *konúngsfulltrúa* eru á veikum rökum byggðar. Eg vona líka, að það fari ekki eptir ráðum *konúngsfulltrúa* alleina, heldur þann veg, sem skyldan býður. Hvað kostnaðinn snertir, þá held eg, að hann verði ekki svo mikill fyrir landið, því hann er kominn undir fyrirkomulaginu, en fyrst er að vita, hvað við getum og viljum gjöra, og svo, hvernig því verði fyrir komið. En þeir, sem eiga að ráða fyrirkomulaginu, eru læknarnir og heilbrigðisráðið, því eptir tillögum læknanna mun fyrirkomulagið verða. En ráðgjafinn má ekki gánga fram hjá læknum í læknamáli.

Þíngmaður Árnesínga vill fjölga læknaembættum, og er eg ekki á móti því, því eg vildi gjarnan, að læknir feingist í hverja sýslu; því hver sýsla þarf eins læknis með að minnsta kosti, og ekki Árnessýsla hvað minnst. Eg álít það sjálfsagt, að fjölga læknaembættum, þegar því verður við komið, en það er ekki til neins, að eyða með því öðru máli, þegar við ekki einu sinni getum feingið lækna í þau embætti, sem vèr höfum. Þar sem hinn heiðraði þíngmaður frá Gullbríngusýslu stakk upp á, að brúka þessa 200 rd. til að koma stofnunum þessum á fót, þá vil eg leyfa mèr að geta þess, að eg álít öldúngis nauðsynlegt, að láta það vera komið undir þíngsins vilja, hvað það gjörir í því máli. Eg fyrir mitt leyti ætla hvorki að stemma með því, eða móti. Að öðru leyti ætla eg ekki að fara

fleiri orðum um þetta að sinni, og bíða átekta, þángað til fleiri mótbárur koma.

Konúngsfulltrúi: Eg get sagt hinum háttvirta *framsögumanni* um þann 200 rd. styrk, sem hann minntist á, að hafi áður verið veittur Íslendíngum, sem læsi læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, að sá styrkur hefir ekki verið veittur að minnsta kosti síðustu 10—15 ár og ekki getað feingizt, þó sótt hafi verið um hann. Þessi styrkur, sem nú er veittur, er því nýr styrkur, og er einnig því meiri ástæða til að álíta, að af því leiði, að fleiri Íslendíngar fari nú að lesa læknisfræði við háskólann, sem þar að auki laun hèraðslæknanna hèr á landi hafa fyrir nokkrum árum síðan verið hækkuð, nefnilega frá 300 rd. til 500 eða 600 rd. Eg veit ekki, hvaða heimild hinn háttvirti *framsögumaður* hefir til að halda, að stjórnarherrann hafi ekki í læknaskipunarmálinu leitað álits heilbrigðisráðsins í Kaupmannahöfn, og er mèr reyndar ekki kunnugt, hvort það hefir verið eða ekki; en í öllu falli sèst það á skýrslu stjórnarinnar um málið, að álit hefir verið útvegað frá Dr. *Schleisner*, sem mun stöðugt hafa staðið í sambandi við heilbrigðisráðið í þessu efni, og sem heilbrigðisráðið einkum hefir híngað til skýrskotað til, hvað læknaskipunina snertir hèr á landi. Hvað snertir þá 200 rd., sem stjórnin hefir veitt Íslendíngum, er lesa læknisfræði við háskólann, þá ætti menn hèr á landi að taka þessu heityrði vel, og þakka stjórninni fyrir það, og er þetta eins og bendíng frá stjórninni um það, hverja stefnu þíngið ætti að taka í þessu máli, nefnilega, að fjölga læknaembættum, sem einmitt fyrir þá sök getur nú skeð, að líkindi eru til, að nógir fari hèr eptir að lesa læknisfræði, og verði til að sækja um embættin.

H. Kr. Friðriksson: Eg veit nú ekki, hvort þessi gamli styrkur er hækkaður eða ekki; en hitt veit eg, að hinn gamli styrkur fjölgaði ekki læknunum. Á þá hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* það víst, að þessi nýi styrkur fjölgi þeim hèr eptir? Á hann víst, að þeir 3 eða 4, sem nú lesa læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn komist allir í embætti? Á hann það víst, að þeir komist í ný embætti hèr á landi? Það er undarlegt, að *konúngsfulltrúi* skuli koma með slíkt; hann veit þó, að annað læknisumdæmið í vesturamtinu hefir staðið autt nú talsvert á annað ár, og eg held, að hann eigi ekki von á nokkrum í það; eða hvaða ráðstafanir hefir hann gjört til þess, að einhver læknir komi í það? Það er því auðsèð, að ekki eru nógir læknar; embættin segja til þess; áður en em-

bættunum er fjölgað, verða einhverjir að vera til í þau, en það er ekki útsjón til þess nú sem stendur, og því er ástæða til, að breyta stefnunni. Eg var *framsögumaður* í þessu máli hèr á þingi 1857, og eg skoðaði þá uppástúnguna um að fjölga læknisembættunum ekki sem aðaluppástúngu, heldur sem viðaukauppástúngu, svo framarlega sem læknar lærði hèr. Þó stjórnin segi, að hún vilji stofna embætti í þessum sýslum, en á kostnað spítalasjóðsins, þá álít eg það sama og hún segði, að hún vildi ekkert gjöra, til að fjölga embættunum, svo það er þýðíngarlaust, þó slíkt fáist. Aðalatriðið, sem nefndin fer fram á, er stofnun læknakennslu í landinu sjálfu, og að haga henni þannig, að læknar geti þar feingið hæfilega kennslu í öllu því, sem læknar þurfa að kunna, en það er eigi auðið, að fá læknakennslu öðruvísi en ófullkomna, nema spítali sè, þar sem þeir geti iðulega sèð sjúkdómana, eða rèttara hinar ýmislegu breytíngar þeirra, og svo meðferð sjúkdómanna, og er það nauðsynlegt fyrir hvern lækni, og ekki sízt hèr, því að sjúkdómurinn getur verið svo ýmislegur eptir aðbúnaði og mataræði. Þíngmanni Norður-Þíngeyínga er nú svarað, og honum hefir verið vorkennt, þótt hann hafi farið því fram, sem hann fer, og honum er sannarlega vorkun, og það svo mikil vorkun, að ef efni væri til, þá væri full ástæða, bæði fyrir hann, að biðja um spítala á Akureyri, og fyrir þíngmann Ísfirðínga og mig sem Ísfirðíng, að biðja um hið sama á Ísafirði; en eru efni til að búa til 3 sjúkrahús? Nei; hvort er þá betra, að hafa einn almennilegan spítala hèr í Reykjavík, eða 3 ónýt sjúkrahús sitt í hverjum fjórðúngi? Eg held það geti ekki verið nein spurníng um það, að það sè betra að hafa 1 gott en 3 ónýt; en það, sem þíngmaður Norður-Þíngeyínga sagði, að efnin mundi aukast svo, að spítali mundi komast upp fyrir það, þá efast eg ekki um, að stjórnin vill styðja að því, og feingi uppástúngan undir tölul. 2. framgáng, gæti spítalasjóðurinn aukizt svo, að þetta yrði fært; en eins gæti hann aukizt við það fè, þótt góður spítali kæmist á hèr í Reykjavík, ef það fè, sem nú er fyrir hendi, nægði til þeirrar stofnunar, og þá væri sanngjarnt, að hitt feingi framgáng undir eins og nokkurt fè væri til þess; ef stofnuninni er frestað, þá yrði gagninu líka frestað; maður má ekki binda sig við það, hvað væri æskilegt fyrir þann og þann staðinn, sem maður annaðhvort býr sjálfur á, eða er eitthvað annara um, en aðra staði, eða vill vera hlynntari, heldur hvað gagnlegt er fyrir allt land, og þá er betra, að hafa einn spítala að gagni á einum stað í landinu, en 3 ónýt og ómerkileg sjúkrahús á 3 stöðum.

Páll Sigurðsson: Það var ekki ómerkilegt, sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að ekki yrði neitt gjört, þar sem hver höndin væri upp á móti annari, og hver maðurinn móti öðrum. Eg vil taka það upp aptur, að hèr er optar hver gegn öðrum; svo heyrðist mèr í fjárkláðamálinu og optar. 1847 var beðið um, að stofna *spítala* hèr, og að kennslan í læknisfræði yrði í landinu sjálfu; landlæknirinn, sem þá var, var því móthverfur, og þar stjórnin eflaust hefir álitið, að hann væri færastur að dæma um það, gjörði hún ekkert við mál þetta. Það var ánýjað aptur, en svo kom útlendur læknir og styður málstað landlæknisins, svo ekki verður neitt úr málinu. Af þessu sèst, hve óholt það er, að hafa ekki stjórn í landinu sjálfu, og þegar *konúngsfulltrúinn* er á móti máli þessu, þá held eg óhætt sè að segja, að það sè að sækja það á brekkuna. Eg er nú í aðalatriðinu með meira hlutanum; hèr eru nú nokkur breytíngaratkvæði; eg skal nú fara sem fæstum orðum um flest af þeim fyrst um sinn; en það er breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu, og kann eg nú að vísu vel við það; en eg held, að það sè þó rèttast og ráðlegast, að sleppa því fyrst um sinn, því að aðalatriðið, sem eg vil, er, að kennslan verði innlend, og fáist það, þá er hægt að laga hitt seinna í hendi sèr. Hvað breytíngaratkvæðið undir tölul. 2. staflið *f* áhrærir, þá er eg því alveg mótfallinn, eins og eg hefi áður verið; því að þó að eg sè uppástúngumanni samdóma í því, að læknaembættin þurfi að fjölga, vildi eg þó ekki skerða eign spítalasjóðanna til þess; það væri að sönnu gott, að fá læknisembættin, en ekki að þau væri launuð úr spítalasjóðnum, heldur úr ríkissjóðnum; en það er ekki sagt, að nokkrir læknar fáist í þau embætti nú, allrasízt innlendir; en á þessum útlendu læknum held eg sè búið að reyna sig; þeir höfðu nú Árnes*íngar* einn lækni á Bakkanum hèrna um veturinn; hann átti að útrýma kláðanum, viti menn, en þíngmaður Árnesínga má bezt vita, hvort honum hefir tekizt að útrýma honum úr Flóanum. Eg held það fari svo, að eg vilji ekkert af þessum breytíngaratkvæðum, nema það, sem er undir tölulið 2. staflið *e;* en þíngmannsins úr Gullbríngusýslu, það hjálpar stofnuninni á fót. Eg er ekki á móti ástæðum þíngmanns Norður-Þíngeyínga fyrir því, að stofnað yrði sjúkrahús á Akureyri, því Norðlíngar eiga eptir miklu að sjá, þar sem hver stofnun þeirra hefir verið hripsuð eptir aðra frá þeim; en þegar eg skoða málið í heild sinni, þá sè eg, að það er til að sundra því öllu; þegar eg geing út frá því, þá geing eg ekki í 2 sveitir um, að betra sè að

einhver njóti, en einginn fái neitt. Eg held við fáum ekki lækna að gagni, fyr en við fáum innlenda kennslu, og eg vona þess verði ekki langt að bíða. Vèr höfum reynt einn danska lækninn í Vestmannaeyjum, og heyrist fátt í frásögur færandi um ágæti hans. Mèr þótti vænt um, hvað þingið tók vel í málið. Eg vil þakka landlækninum fyrir fylgi sitt og áhuga í því, og vona eg stjórnin skoði huga sinn um, þegar hún sèr álit landlæknisins, og vilja landsmanna. Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um það, því eg er niðurlagsatriðum meira hluta nefndarinnar með öllu samþykkur.

Arnljótur Ólafsson: Þingmaður Skagfirðinga líkti eitt sinn svo skáldlega alþingi við þann mann, er altaf væri að strokka og strokka, en aldrei kæmi þó neitt smjör. Samlíking þessi mun nú eigi síður eiga við þetta mál en önnur þingmál, fyrst það hefir nú staðið 10 ár í troginu hjá stjórninni. Það er nú eigi ólíklegt þótt strokkurinn kunni að verða þrár, en því spái eg, að á endanum muni þó koma smjör, og það einmitt vegna þess, að nú þegar er kominn þrái í strokkinn. Vèr sjáum, að á aðra höndina er stjórnin, *konúngsfulltrúi* og amtmennirnir, en á hina landlæknirinn, heilbrigðisráðið væntanlega og megin-hluti þingmanna, og hver veit nema dýralækningaráðið bætist þar á ofan. Stjórnin býður læknakennslu í Kaupmannahöfn, og þar að auki 200 rd. árlega handa þeim, sem lesa vilja þar læknisfræði, og í annan stað leiguna af spítalasjóðunum, til þess að stofna læknaembætti fyrir hèr á landi. En hvað hefir nú landlæknirinn að bjóða? Hann hefir ekki 200 rd. handa þeim, er lesa læknisfræði, hann hefir eingan ölmusustyrk handa þeim, hann hefir eigi annað, en sitt góða læknisorð og nafn, von um íslenzkan læknaskóla og spítala, og hlutdeild í styrk þeim, er ætlaður er holdsveikum út um landið. Þetta er nú sannarlega að strokka, en hvað er æskilegra en þetta strokk, ef stjórnin ætlar að halda málinu til þrautar? Hún býður 200 rd., og þá geta menn þeir, sem í Kaupmannahöfn stunda læknisfræði haft 500 rd. á ári, það liggur því í augum uppi, að stjórnin muni draga menn til að lesa þar læknisfræði, svo ekki er líklegt, að læknaskóli komist á hèr í Reykjavík handa stúdentum. Eitt af því, sem á að mæla fram með þessum skóla er það, að allt verði fullt af læknum, þegar hann komist á, en menn verða þá að hugsa sèr, að þeir spretti upp eins og eingisprettur eða kláðamaur, og er það þó ekki líklegt, eptir því sem sagt hefir verið frá því, hversu margir skrifist út úr lærða skólanum árlega. Þeir hafa verið taldir 6 að jafnaði, og nú er talið víst, að 3

af þeim gángi á prestaskólann, $1^1/_2$ á lagaskólann, og þá, ef vel tækist, 1 á læknaskólann, en $^1/_2$ maður gjöri eg ráð um að stunda muni málfræði, því þetta eru hinar almennu lærdómsgreinir, er embætti fylgir. Kjörin hèr og í Kaupmannahöfn verða nú næsta ólík; þar hafa menn 500 rd., og að líkindum góða kennslu; hèr hafa menn ekkert, nema tilsögn landlæknisins, sem reyndar er líka óneitanlega góð, og ánægjuna að fara ekki út úr landinu. Eg gjöri nú samt ráð fyrir, að þessir 500 rd. árlega muni ríða baggamuninn, og þá verður læknaskólinn ekki til neins gagns til að fjölga læknum, nema því að eins, að menn halli sèr að uppástúngunni undir tölulið 2. staflið *d*. En ef menn taka þessa uppástúngu, þá verður keppni milli háskólans ytra og þessa læknaskóla; keppnin er jafnan happasæl, þegar um gott er að keppa; landlæknirinn kennir „vel uppfræddum leikmönnum“, og stjórnin dregur stúdentana að sèr, til þess að stunda læknisfræðina. Þegar nú læknaefnin eru til, þá verður stjórnin að fara að fjölga embættunum, því ekki má hún láta læknaefni þau snapa gams, er hún hefir alið upp svo föðurlega. Þessu tökum vèr nú fúslega, en ef hún þá vill taka launin handa þeim af spítalasjóðunum, þá segjum við: nei, það viljum við ekki, launa þú læknum þínum sjálf, eins og þú hefir menntað þá. Svona getum við dregið stjórnina fet fyrir fet; stjórnin getur ekki neitað, því stjórnin bæði vill vera góð, er góð og á að vera góð. En á meðan vèr erum að tosast þetta við stjórnina, þá er landlæknirinn að kenna „efnilegum og vel uppfræddum leikmönnum“ læknisfræði, sem geta orðið eins góðir læknar og hinir, og enda nokkrir þeirra, „á við hina suma tvo“; en landlæknirinn þarf eigi til þess nema dálítið af leigum spítalasjóðanna, en hitt safnast fyrir í sjóðnum, sem því verður æ digrari og þýngri. Ef þetta er nú ekki að strokka og fá smjör, þá veit eg ekki hvað það er. Þegar nú svo lángt er komið málinu, að læknar eru komnir um land allt, og spítali í Reykjavík, þá vilja menn og fá spítala í kaupstöðunum, og þá geta menn líklega feingið þá, með því og að þá verður þeirra þörf, því þegar kaupstaðirnir stækka og siglíngar aukast, geta auðveldlega komið þar inn viðsjálir sjúkdómar líkt og veiki sú, er kviknaði í klæðasmiðjunni hèrna í Reykjavík á 18. öld, og er síðar rakst inn á Akureyri og dreifðist þaðan um Eyjafjörð, en eigi mun gott þykja, að sýki sú rótfestist hèr í landi. Þegar nú svona er komið, þá er málið komið í sitt rètta horf, nógir læknar eru feingnir og læknaembætti stofnuð á kostnað ríkissjóðsins, en spítalar í aðalkaupstöðum af fè spítalanna. Eg vil því gefa at-

kvæði með læknaskólanum, til þess að herða á stjórninni, og til þess að málið komist svo langt á leið, sem nú hefi eg sagt, því þá verða „þeir Heródes og Pílatus aptur vinir“, það er: meiri og minni hluti nefndarinnar.

Forseti: Það er sjálfsagt, að skýrsla sú frá stjórninni, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* auglýsti þinginu um þetta mál, var mikið hægferðug og ekki ómjúk, en eg hefi þó ekki heyrt neina skýrslu frá stjórninni, sem mèr hefir virzt fremur eptirtekta- og athugaverð fyrir alþíngi, heldur en flestar aðrar skýrslur stjórnarinnar til þíngsins. Þegar alþíngi að undanförnu hefir farið fram á einhverjar nýjar stofnanir, breytíngar á landstjórn vorri o. s. frv., þá hefir í skýrslum stjórnarinnar æfinlega verið viðkvæðið þetta: „Nei vèr getum það ekki, nema þèr getið vísað á fè til þess“. Nú í þessu máli hefir verið beðið um stofnun, og jafnframt hefir verið vísað á fè í landinu sjálfu, á ríflegan sjóð, stofnaðan í landinu af árlegum tillögum og fram lögðu fè landsmanna; en hvað segir þá stjórnin? Hún segir: „*nei!*“ „það getur ekki látið sig gjöra“. Þessar undirtektir eru næsta athugaverðar segi eg; það er eptirtektavert fyrir oss, að stjórnin tekur einnig þessa stefnu, að neita oss um stofnunina, þó vèr vísum á fè, og segir, að hún sjálf vilji ráða því fè, sem við höfum sjálfir safnað og lagt fram, og *eigum* sjálfir, hún vilji sjálf ráða, hvernig þessu fè sè varið, um það vilji hún heldur ekki hafa ráð vor og tillögur að neinu. Þetta hljótum vèr að gjöra sjálfum oss vel ljóst, svo menn geti gjört það skiljanlegt og auðsætt fyrir landsmönnum, á hve gildum rökum að undanfærsla stjórnarinnar sè byggð í þessu máli. Þess vegna finnst mèr einnig nauðsyn á, að taka það nákvæmlega fram. En eg skal nú ekki tala meira um það að sinni. Nokkrir þíngmenn hafa orðið til þess, að gjöra mikið úr þessum 200 rd. styrk, sem nú er um síðir ráðgjört að fáist, — eptir nú 10 ára bollaleggíngar — handa íslenzkum stúdentum, er leggi fyrir sig læknisfræði við háskólann í Höfn; en menn eru enn þá ekki farnir að uppskera ávextina af þessum styrk; það getur örfað margan til *að byrja að lesa* læknisfræði, en vèr vitum sjálfir fullvel, að læknisfræðin þarna við háskólann hefir orðið mörgum að fótakefli; það er æfinlega betri 1 fugl í lófa, en 10 í lopti. Þetta er að vísu vel gjört af stjórninni, eg neita því eingan veginn, að veita þenna styrk, en það er líka vonandi, að hún einnig finni sèr skylt, að stofna læknaembætti á kostnað ríkissjóðsins, — því það mun hver góð stjórn telja sjálfsagða skyldu sína, — án þess að verja til þess annarlegum

landssjóði, er stofnaður er í öðrum tilgángi og öðru augnamiði, því er nú má einmitt ná, eptir því sem alþíngi hefir fyr og síðar stúngið upp á. Alþíngi hefir að undanförnu beðið stjórnina, að stofna læknaskóla meðfram á kostnað ríkissjóðsins, eða, að þaðan væri veittur nokkur styrkur til þess, en þar hefir komið hið sama fram; stjórnin hefir neitað, og það er má ske afsakanlegra, þó að það sè eigi hægt að skilja, að hún finni sèr það ekki skylt; en þá finnstmèr einnig eðlilegt, þó alþíngi beiti sömu undirtektum og segi: vèr erum ekki skyldir til að stofna læknaembætti á kostnað spítalasjóðanna; þeir er ætlaðir til alls annars. En hann er eptirtektaverður þessi misskilníngur, sem hèr kemur fram hjá stjórninni og jafnframt hjá einstöku þíngmönnum, að vera sí og æ að ráðgjöra stofnun nýrra læknaembætta, en gefa því eingan gaum, að eingi eru til læknaefni í embættin, og auðsætt, að þau verða ekki til meðan sama fer fram, og geta því að eins orðið til, að hèr sè stofnaður læknaskóli með spítala í landinu sjálfu.

Mèr þykir illa farið, að hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* ekki er nú í sæti sínu; hann sagði um daginn, að hann hlyti að vera þessum uppástúngum alþíngis mótfallinn; því hann yrði að vera á sama máli eins og stjórnin, að fjölga ætti læknaembættum, og að rètt væri að verja spítalasjóðunum til þess; á þá leið skildist mèr sú ræða hans; eg veit nú, að hann hefir sagt þetta eins og hann meinti, og eg veit líka, að álit hans og tillögur vega mikið hjá stjórninni, bæði um þessar tillögur og önnur atkvæði alþíngis; gott og vel, vèr megum þá gánga að því vakandi, að *konúngsfulltrúi* leggi á móti tillögum og bænum alþíngis í þessu máli, en bænaskrá um það mun samt hafa framgáng og gánga fyrir konúng; og skal hún skýra frá því, jafnframt og *konúngsfulltrúi* leggur í móti henni, og stíngur upp á, að fjölga læknaembættunum á kostnað spítalasjóðanna, hún skal skýra frá því jafnframt, *að í amti sjálfs hans*, hins háttvirta *konúngsfulltrúa*, hafi *annað hèraðslæknisembættið staðið autt nú á annað ár, og einginn feingizt til, að sækja um það, eða til að þjóna því svo, að að liði hafi mátt verða;* stofnun nýrra hèraðslæknaembætta og ákveðin laun þeirra úr spítalasjóðunum skapa hvorki lækna nè læknaefni, það sjáum við af þessu.

Annað aðalatriðið, sem eg vildi minnast á, er ágreiníngur sá, sem hefir lýst sèr hèr á milli manna um það, hvort stofna *ætti* einn spítala eða fleiri; en þessir hinir háttvirtu þíngmenn ætti hvorki í þessu efni nè öðru, að binda sig of mjög við sèrstakt eða einstaklegt tillit

og kríngumstæður, heldur leggjast allir á eitt um að *sameina* þau litlu efni og krapta, er vèr eigum kost á; þá er betri von um, að einhverju verði framgeingt; þó menn hefði nú rètt að mæla um það, að nauðsyn væri að stofna sjúkrahús á þessum 3 stöðum, og í móti því skal eg alls ekki bera, þá er það þó merkilegt, að það skuli einúngis vera á þessum 3 kaupstöðum; hvers vegna þá ekki á öllum 6 aðalkaupstöðunum, sem að lögum standa opnir fyrir öllum þjóðum? Eg get ómögulega sèð nè skilið, að neitt minni nauðsyn sè á, að koma upp sjúkrahúsi í þeim 3 kaupstöðunum, sem ekki eru nefndir, heldur en í hinum 3, sem tilteknir hafa verið. Þetta virðist mèr sè nóg til að sýna, að menn þó taka helzt til of mikið tillit til sèrstaklegra hagsmuna og sèrstaklegra kríngumstæða; að hverju mundi reka í þessu máli, ef menn láta leiðast af tilliti til svo sèrstakra smásmuglegra hagsmuna? Það varðar miklu, að þess sè vel gætt. Það hafa verið leidd ljós rök að því, og það er í augum uppi, að ef farið væri nú þegar að stofna þessi 3 sjúkrahús, sem upp á hefir verið stúngið, þá yrði þau að eingu liði, og því fè, sem þar til væri varið, væri svo gott sem fleygt í sjóinn; það feingist einginn læknir til að vinna þar gagn, því læknaefnin vantaði; það yrði því svo gott sem að byggja þau í loptinu. Ætti að fara að stofna 6 sjúkrahús, sitt í hverjum aðalkaupstaðnum, eins og óneitanlega er sama þörfin á, þá yrði því síður neitt það sjúkrahús að liði, að svo komnu máli; það yrði eigi til annars, heldur en til að eyða fènu, sem til er, sundra kröptunum og dreifa þeim, og spilla svo fyrir málinu, og gefa stjórninni undir fótinn, að halda sinni öfugu stefnu á móti landsmönnum (satt! rètt!); en það getur ekki stjórnin, ef við höldum fast saman, ef við höldum saman því fè og þeim efnum og kröptum, er vèr höfum nú fyrir hendi, og getum smámsaman stórum aukið með góðu fyrirkomulagi og áhaldi; stjórnin getur um stund sagt nei, en ekki nema um stutta stund, því þegar vèr bjóðum sjálfir fram ákveðið fè til annarar eins lífsnauðsynjastofnunar fyrir gjörvallt landið, eins og þá, sem hèr ræðir um, þá getur stjórnin ekki verið þekkt að því, að meina það frammi fyrir öðrum þjóðum norðurálfunnar (rètt!). Eg er viss um, ef þíngið sameinar sig um aðalatriði meira hlutans, þá mun ekki lángt að bíða þess, að þessar uppástúngur fái framgáng, og spítali með læknakennslu komist hèr á, eg þegar þetta er komið á stofn og á góðan veg, þá verður úr því heldur ekki lángt að bíða sjúkrahúsanna í hinum aðalkaupstöðunum.

Hefði stjórnin farið að ráði og tillögum þingsins 1847, að leggja fyrir þingið reglugjörð um betra fyrirkomulag á heimtíngu spítalahlutanna, eins og viðaukaatkvæði þingmannsins úr Gullbríngusýslu undir tölulið 2. staflið *e* nú fer fram á, þá mundi spítalasjóðirnir nú vera orðnir þriðjúngi auðugri, en þeir eru. Það sagði einhver áðan, að amtmenn landsins væri ekki á þessari sameiníngu spítalasjóðanna, til þess að verja þeim til að byggja spítala, og koma upp læknakennslu hèr í Reykjavík; það er á þeirra ábyrgð; en minna má þá á það, að þeir hafa ekki stutt málið híngað til, hvorki í eina stefnuna nè aðra; þeir hafa eingi drög lagt til þess, að koma máli þessu í betra horf, en verið hefir, og þeir hafa ekki í öll þau ár, sem liðin eru síðan 1847, getað komið sèr saman um frumvarp eða uppástúngur til reglugjörðar um reglulegri og betri heimtíngu spítalahlutanna og stjórn spítalatekjanna; þeir hafa ekki, svo menn viti, neitt spor stigið í þá átt; þeir vilja allt um það hafa heiðurinn af því, að hafa hver sinn hluta sjóðsins undir sinni hendi og umráðum einir saman, og sparhalda svo öllu sèr til ágætis, án þess það megi koma sjálfum þeim eða öðrum að liði, líkt og gríski rithöfundurinn sagði forðum um seppann í jötunni, sem sjálfur ekki gat etið heyið, en vildi þó ekki lofa lömbunum að snerta það. Það færi sannlega betur á því, ef amtmenn landsins vildi sameina sig, að minnsta kosti um það, að semja frumvarp til reglugjörðarinnar og senda það stjórninni; þeir hefði satt að segja átt að vera búnir að því fyrir laungu, og þá bæði stjórnin og þíngið getað verið búið að undirbúa málið, og hefði þeir þar með unnið bæði málinu sjálfu og öllu landinu mikið gagn, ómetanlega mikið gagn. Eg ætla ekki að fara út í hin einstaklegri atriði málsins.

Konúngsfulltrúi: Út af athugasemdum hins háttvirta *forseta* um það, að stjórnin hafi ekki veitt bæn alþíngis um, að spítalasjóðunum væri varið samkvæmt því, sem þíngið óskaði, skal eg geta þess, að alþíngi hefir ekki enn þá feingið neitt vald til að ráða yfir sjóðum þessum, heldur er þíngsins vald að eins ráðgefandi í því tilliti, og eru því mótmæli þau, er hinn háttvirti *forseti* virtist að bera fram þíngsins vegna, ástæðulaus, og það þess heldur, sem þíngið hefir 1855 komið með uppástúngu, sem það fèll frá 1857, svo ekki er hægt fyrir stjórnina einu sinni að vita, hvað sè ósk þíngsins. Að því leyti hinn háttvirti þíngmaður frá Reykjavík skoraði svo alvarlega á mig, að skýra frá, hverjar ráðstafanir amtmaðurinn í vesturamtinu hefði gjört með tilliti til þess, að læknisembættið í nyrðra

umdæmi amtsins stendur enn óveitt, þá er mèr reyndar það mál ókunnugt, en eg skal þó geta þess, að læknirinn þar dó í fyrra sumar, og ímynda eg mjer, að skýrsla um dauðsfallið hafi frá vesturamtinu farið til stjórnarinnar ekki seinna en í júlí í fyrra, því læknirinn í syðra umdæminu var settur til að þjóna embættinu frá 1. júli f. á., og hefir stjórnin svo sjálfsagt slegið upp embættinu strax, en það er kunnugt, að embætti hèr á landi, sem losna annað árið eru venjulega veitt á þann hátt, að embættismaðurinn geti farið hingað upp á næsta vori, svo þá gat aldrei verið von á, að nýr læknir kæmi í embættið fyr en í vor, og hefir því ekki verið ástæða til, að gjöra neitt í því umrædda tilefni fyr en eptir að það nú í vor hefir reynzt, að einginn hefir sótt; hvað stjórnin í því tilefni hefir gjört, veit eg ekki, nema hvað heityrðið um þá 200 rd., ef til vill, stendur í sambandi við það, en fyrir amtmanninn í vesturamtinu hefir naumast verið tilefni til, að gjöra neitt í þar umræddu efni, fyr en í öllu falli nú. Áhrærandi það, sem minnzt hefir verið á, að tekjum spítalanna ætti að verja sem bezt, þá hefir stjórnin skrifað amtmönnunum um það málefni, og er það þannig á góðum vegi.

H. G. Thordersen: Eg stend helzt upp til þess, að þakka hinum heiðruðu þingmönnum, sem áður hafa talað, að þeir lýsa því, að þeir eru þessu máli fylgjandi, og það mun eingan geta furðað á því, að eg gefi atkvæði fyrir, að læknaskóli verði stofnaður, þar sem eg hefi einlægt verið með því, að auka hèr innlenda menntun, svo að við gætum búið okkur til sjálfum embættismannaefni, án þess að þurfa að snýkja það frá öðrum löndum. Það er nú reyndar eitt af þeim hörmúngum, sem fyrir mig hafa komið, að heyra suma embættismenn mæla á móti þessu, en því gleðilegra er það aptur, að heyra bændur vera því meðmælta. Eins og eg var meðmæltur því, að prestaskólinn yrði stofnaður, og þykist hafa talsvert stutt að því, eins hlýt eg að vilja gjöra allt mitt ítrasta til að læknaskóli geti komizt á, því það sjá allir, þar sem um líf og heilbrigði mann er að gjöra, en víðast hvar í landinu nálega læknislaust, að það má ekki minna vera, en einn læknir í hverri sýslu, og er það einúngis til að byrja með; því það eru sumar sýslur, sem ekki veitti af 4 læknum. Þegar um svona mikið er að gjöra, þá held eg menn ætti að reyna að komast hjá því, að þurfa að fá lækna senda hingað eins og einhvers konar varníng frá Kaupmannahöfn; enda eru menn hèr ekki þeir tossar, að þeir ekki geti kennt aðalundirstöðuatriði læknisfræðinnar, því þó að það sè yfir höfuð nauðsynlegt í hverri vísindagrein

að hafa yfirgnæfandi menntun, þá held eg það geti nægt hèr í landi, að hafa einstaka lærða menn í læknisfræðinni, sem aptur kenni öðrum það, sem í þessu efni hèr á landi er nauðsynlegast fyrir almenning, og má gjöra ráð fyrir því, eins hèr eptir sem hingað til, að ekki einúngis landlæknir, heldur fleiri leyti sèr í þessari sem annari vísindagrein ítarlegri menntunar erlendis; en það, sem í þessu kemur hèr í landi að mestu haldi, er að þekkja, hvað við á á hverjum stað, og þá einkennilegu sjúkdóma, sem hèr koma fyrir; eg verð því að fullyrða, að læknaskólinn er næst prestaskólanum sú nauðsynlegasta stiptun hèr á landi. Það hefir verið margkliſað á því hèr á þingi, að eingir piltar muni koma í skóla þessa, sem nú á að stofna, en eg held það liggi þó í augum uppi, að þegar menn sjá útveg til að koma börnum sínum hèr í embætti, án þess að leggja út í þann mikla og mörgum óbærilega kostnað, samt þá óvissu, sem með því fylgir, að senda þau úng og óráðin á Kaupmannahafnarháskóla, þá muni fjölga piltum í hinum lærða skóla. Eg verð mikillega að þakka stjórninni og hinum hæstvirta *konúnysfulltrúa* fyrir, að þeir eru meðmæltir að fjölga læknaembættunum, en þó mundi þakklæti mitt verða enn meira, ef eg sæi, að nokkuð kæmi út af því, og ef að læknar bættist við, þá skyldi eg fyrst beiga mig fyrir þeim, en meðan það ekki skeður, veit eg ekki, hvað það á að þýða meðan allt er gjört uppi í skýunum. Það er líka sjálfsagt þakklætisvert, að peníngar eru gefnir til þessa, því það er gjört í beztu meiníngu. Þó eg hafi nú verið búinn að hugsa mèr að taka eitthvað meira fram, þá er eg búinn að gleyma því, hèr er líka of heitt inni, enda er eg ekki góður kveldmaður; en það er eitt atriði, sem eg þó vildi enn þá taka fram, sem mèr bæði þykir mikilsvert og mèr sjálfum er viðkomandi; það er sumsè það, er hinn heiðraði þíngmaður frá Gullbríngusýslu skoraði á mig, að skýra frá því, hvað til mín hefir komið um spítalamálefnið. Það er língt síðan að stjórnin bar það undir álit mitt, hvernig haga skyldi spítalahlutnum, og gjörði eg mèr hið mesta ómak fyrir, að leysa svarið svo vel af hendi, sem eg gat; skriſaði eg þá amtmönnunum fyrir norðan og vestan um, að þeir lèti mig fá þær upplýsíngar, sem þeir gæti og viðkæmi þeirra umdæmi; eptir að eg hafði feingið þær, ráðfærði eg mig við embættisbróður minn, stiptamtmanninn, og skriſaði svo stjórninni língt mál og með svo skýrum upplýsíngum, sem mèr var unnt; eg minntist þess bæði þá og optar, að þeir á Suðurnesjum, hvar flestir holdsveikir eru, og hvaðan mest er goldið til spítalans, virtist vel

að því komnir, að fá, eins og þeir hefði beðið um, lækni fyrir sig. Þar var einkum tekið fram, að búið væri að aftaka spítalana í fornum skilníngi og gjöra tekjur þeirra að læknasjóði, sem á sínum tíma ætti að verja til endurbóta á læknaskipun í öllu landinu, og þótti mèr leiða af þessu, að gjaldmátanum yrði þannig breytt, að á landið allt yrði jafnað hinum árlegu tekjum spítalanna eptir fleiri ára meðaltali, og mundi svo betur fara, en að gjald þetta til almennra þarfa lenti á einum einasta atvinnuvegi, en með þessu varð þó að nema úr lögum hina eldri spítalatilskipun. En skyldi þessu ei verða framgeingt, og heldur yrði afráðið, að halda við eldri gjaldmátann, var stúngið upp á því, að sett yrði svo mikið peníngagjald á hvert skip, að til samans lagt mundi samsvara venjulegum árstekjum. Stjórnarráðið aðhylltist ekki þessa skoðun, og hefir svo staðið síðan, þángað til eg fyrir skömmu, nú í sumar, fèkk hèraðlútandi brèf frá stjórnarráðinu, sem enn þá leggur svo fyrir, að eg, eptir að hafa borið þetta málefni undir amtmenn landsins, gefi um það mitt eigið álit, og vona eg því, að þessu máli þoki eitthvað áfram fyrir næsta alþíngi, enda vildi eg fyrir mitt leyti óska, að svo færi; því ekki kemur annað verra verk fyrir mig, en að halda þessum spítalareikníngum í rèttu horfi, auk þess athuga og ómaks, sem leiðir af því, að nú er þúsundum saman lánað út af þessum sjóði, þar sem áður allt var ómakslaust sett í jarðabókarsjóðinn; en af þessu leiðir, að við biskupsdæmið eru hirzlur fullar af veðskuldabrèfum, svo nærri má geta, að hver biskup mundi verða því fegnastur, ef hann gæti losast við svo mikinn vanda og ábyrgð. Þó mèr ekki þyki eg þurfi að gjöra alþíngi grein fyrir þessu máli, þá hefi eg þó, við það margítrekaða spítalaumtal hèr á þíngi, sem varð að stefna að mèr sèr í lagi, og gjörði það stundum með þeim hætti, sem mèr virtist heldur nærgaungull, ekki staðizt leingur að þegja við slíku, og þess vegna í þetta skipti orðið svo margorður um þann hlut, sem eg á í þessu máli, er eg vildi næði sem beztum úrslitum; því þó eg vilji, að sjóður þessi gæti eflzt sem mest undir minni hendi, má einginn ætla eg liggi á honum sem ormur á gulli, heldur yrði eg þeim degi fegnastur, að hann kæmist með löglegu móti undan minni ábyrgð, og að honum yrði ráðstafað sem bezt fyrir landið.

Framsögumaður: Eg ætla þá enn þá að fara fáum orðum um þetta mál, þó að þess gjörist má ske ekki svo mikil þörf, því að eg vona, að ræða hins háttvirta *forseta* styðji í raun og veru málið; þar sem talað var um þann styrk, sem þeir fá í Kaup-

mannahöfn, sem lesa læknisfræði, þá veit eg ekki, hvað margir þeir eru, sem geta feingið hann (*Arnljótur Ólafsson:* Víst hver Íslendíngur, sem les læknisfræði); þessi styrkur fór að vaxa, þegar hann kom fyrir handan borðið, og eg er viss um, að þessir 500 rd. eru ekkert betri nú, en 3 eða 400 rd. áður. Þessi styrkur hefir ekki verið veittur í 15 ár, líklega af því að einginn hefir viljað gefa sig til að lesa læknisfræði; en það hefir ekki tekið betra við, þó þessir 200 rd. fylgdi með, því einginn hefir þrátt fyrir það gefið sig til að stúdera. Það hefir verið sagt, að alþíngi ekki hafi ráð yfir þessum spítalasjóðum. Inntektirnar eru líka stopular, og þegar til á að taka, fást má ske ekki skuldirnar inn kallaðar; eg heyri líka, að vor hæruverðugi biskup er orðinn leiður á að fást við þessa reikníng, svo að hann nú vill stínga upp á hverju ráði, sem er, til að losast við þenna spítalasjóð, og það væri því sannarlega illt, ef alþíngi vildi fella þetta mál; það er ekki einúngis fyrir mig, heldur fyrir allt landið, er eg hèr tala. Eg sè nú ekki önnur ráð, en að skýra heilbrigðisráðinu frá, að holdsveikir hafi þörf á þessu spítalafè, og að mèr þyki ráð að taka til þess, svo að það gjöri nokkurt gagn, og með því hefi eg lètt byrðinni á mèr. Eg hèlt, að amtmanninum í vesturamtinu mundi veita það nógu þúngt, að forsvara heilbrigðisástandið þar, þar sem ekki er nema einn einasti læknir, og sem ekki er sèð, hvað mikið gagn hefir gjört, því það eru nú 3 ár síðan að eg hefi feingið nokkrar skýrslur um bólusetníngu í vesturamtinu, og mèr finnst það vera bein skylda hins hæstvirta *konúngsfulltrúa*, að stuðla til, að læknir feingist sem fyrst í vesturamtið. Eg ætla nú ekki að fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, en einúngis minna þíngið á, að fara eptir þeirri stefnu, sem mest er samkvæm þjóðviljanum og þörf lands vors, og undir eins happasælust og affara bezt fyrir alla þá stóru mergð af hjálparlausum sjúklíngum, er nú finnast í landi voru.

Stefán Jónsson: Eg hefi allt af verið með þessu máli híngað til, en eg heyri, að þessi breytíngaratkvæði, sem hèr eru, fá mjög misjafna dóma, svo eg veit ekki fyrir hverju þeirra eg á að gefa atkvæði mitt. Eg get ekki skilið, hvernig ágreiníngsatkvæði þíngmannsins frá Norður-Þíngeyjarsýslu á að geta fellt málið, og eg get ekki skilið í því, þó Norðlendíngar ekki vilji missa þenna eina litla stofn, sem eptir er, þar sem þeir nú bæði hafa misst biskupsstólinn, skólann og prentsmiðjuna. Eg verð því að halda mèr til þessa ágreiníngsatkvæðis, því að eg get ómögulega sèð, að það verði mál-

inu til hindrunar. Hinn háttvirti *framsögumaður* hefir optlega sýnt fram á, hvað þessi læknakennsla væri óhentug og ónóg, þegar verður að sækja hana suður til Danmerkur, og eg játa honum í því og held líka það eigi við, þó um dýralækníngar væri að gjöra; eg held þá sjálfsagt, að honum væri bezt ætlandi, að hafa kennsluna á hendi, og þá ætti honum að þykja vænt um, að sjúkrahúsin yrði víðar en í Reykjavík handa þessum úngu læknum, til að kenna þar, þegar þeir koma út um landið.

Ásgeir Einarsson: Eg veit nú ekki, hvort öðrum hefir fundizt, eins og mèr, en mèr fannst strokkurinn vera kaldur núna hjá þíngmanni Borgfirðínga; mèr fannst ræða hans vera öll í molum, eins og sagt er að tilberasmjörið fari við krossinn, og held eg hann hafi hlynnt að breytíngaratkvæði mínu til að splundra málinu, eins og öll ræða hans bendir til; eg vil nú ekki, að mál þetta ónýtist, og því vildi eg gjarnan taka breytíngaratkvæði mitt aptur, ef það gæti orðið til þess, að halda málinu saman; en ef eg tek mitt breytíngaratkvæði aptur, þá vil eg, að þeir, sem eiga hin breytíngaratkvæðin, taki þau líka aptur, nema þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu, því eg vil, að breytíngaratkvæði hans undir staflið *e* verði samþykkt. Þíngmaður Borgfirðínga sagði, að styrkur, sem íslenzkir stúdentar hafa í Kaupmannahöfn, væri 500 rd. á ári, og þó þetta sè nú góður styrkur, ætli það verði þó ekki eins notalegt, að hafa þenna styrk hèrna? Þegar talað var um lagaskólann, þótti mönnum allir vegir færir, en ekki núna, þó að menn nú hafi nokkur efni yfir höndum, og þörf sè á, að koma upp þessari stofnun. Það hefir verið kviðið fyrir því, að fáir mundi sækja læknaskóla, en ætli verði ekki sama með lagaskólann, og þó vildu allir halda honum áfram, og menn tóku það sem ástæðu með lagaskólanum, að ef hann kæmist á, þá kynni piltar að fjölga í skóla; því skyldi þeir þá ekki eins fjölga, ef læknaskóli kæmist á? Það er ekki nýtt, þó þessum *Sisyphus*steini sè velt frá hásæti *konúngsfulltrúa* í fáng alþíngismanna; því þegar það var fyrst rætt 1847, fundust *konúngsfulltrúa* það nógar mótbárur á móti málinu, að landlæknirinn, sem þá var, var ekki með því, og þá gilti álit þíngsins ekkert; en nú, þegar landlæknirinn og þíngið er á einu máli, þá segir *konúngsfulltrúi*, að ekkert gildi, nema álit stjórnarinnar, sem hefir sýnt, að henni væri ekkert annt um þetta mál, með því, að hún ekki hefir skipt sèr af því, að koma betra fyrirkomulagi á heimtíngu spítalahlutanna. Ætli það sè nú þá rètt, að sleppa þessu máli núna? Eg fyrir mitt leyti vil annaðhvort, að þíngið biðji

um eitthvað, sem geingur, eða sleppa því alveg. Eg ætla ekki *konúngsfulltrúa* það, að leggja á móti þínginu og landlækninum í þessu máli; mèr þykir líklegt það fari, eins og í fjárkláðamálinu. Hann tók ekki fyrst vel undir það, að það kæmist inn á þíngið, en lofaði síðan öllu góðu. Og þó hann fyrst hafi verið á móti þessu máli, þá kann að vera, að hann verði það ekki allt af, því eg hèlt, að honum væri það ekki alvara, að mæla á móti því. Eg ætti nú kann ske ekki að vera djarfmæltur í þessu máli, ef eg liti eins á Vesturland og sumir á Norðurland; en Vestfirðíngum er farið að leiðast, að hafa að eins 1 danskan lækni á öllu Vesturlandi, sem ekki getur verið alstaðar, þó hann sè góður að ferðast, og hefir hinn heiðraði *framsögumaður* sýnt framkvæmdir hans í einu atriði, og það er ekki heldur von á því, að maður með holdi og beini, geti annað öllu því, sem hann hefir að gjöra, ef til gagns á að koma. Margir hafa vorkennt Norðlendíngum, þó þeir vilji fá spítala hjá sèr, en annaðhvort finnst mèr, að menn vilji hlutinn, eða ekki. Ef þeir vilja fá sjúkrahús, þá vilja Vestfirðíngar það ekki síður; en það hefir ekki komið greinileg skýrsla um það, hvort öllu þessu verði komið til vegar. *Konúngsfulltrúi* sagði, að þíngið hefði komið með sínar nýju uppástúngur 1857, áður en *konúngurinn* hefði sagt álit sitt um bænarskrá þíngsins 1855. En eg tek nú breytíngaratkvæði mín aptur, ef að hinn 6. konúngkjörni þíngmaður álítur, að þau spilli fyrir málinu (*Arnljótur Ólafsson:* Þá tek eg þau upp); en eg óttast mest, að minni hluti nefndarinnar muni ekki sleppa uppástúngu sinni; eg vil, að menn sè samhuga í þessu máli, því eg er hræddur um, að annars muni mótstöðumenn aðaluppástúngunnar verða meðal í hendi stjórnarinnar, til að eyða málinu, og stjórnin muni álíta málið ókarrað, og muni gefa því litla áheyrn, einkum ef *konúngsfulltrúi* er á móti því.

Framsögumaður: Eg verð að skora á þíngmenn, að þeir taki breytíngaratkvæði sín aptur, ef þeir vilja að málinu verði framgeingt; því ef menn verða samhuga í því, þá kunna menn að geta þokað því svo, að frumvarp verði lagt fyrir næsta þíng, en ef menn tvístrast og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* er á móti því, þá verður eingu framgeingt; og einkum er eg hræddur um, að minna hlutans ágreiníngsatkvæði steypi öllu málinu. Það væri því hið sama, sem að senda ekki neitt til stjórnarinnar, ef að við ætlum að senda þetta svona hálfkarrað til hennar.

Gísli Brynjúlfsson: Eg verð nú fyrst að þakka hinum hátt-

virta þingmanni Strandamanna fyrir það, að hann var svo fús á, að taka aptur breytíngaratkvæði sitt, og sýndi hann í því sem optar, að hann er mjög sáttgjarn maður sem Hallur at Síðu, er hann lagði Ljót son sinn ógildan; því þó það nú kunni að vera satt, að breytíngaratkvæði þetta er ei berandi saman við Ljót, þá er það þó æfinlega þakkarvert, að hafa viljað leggja það í sölurnar, til þess að spilla ei fyrir málinu, einkum þar eð eg held, að söm skoðun komi þó í raun og veru fram í því að miklu leyti; því eg skal vera manna fúsastur á að játa, að leikmenn muni opt geta orðið allt eins góðir læknar eins og hinir lærðu, þar sem eg held, að þetta sé mest undir náttúrunni komið. En eg er þó hins vegar eins sannfærður um, að það nú að eins mundi verða til að spilla fyrir málinu við stjórnina, að vera að fara fram á, að leikmenn skyldi og læra í læknaskóla hèr, til þess að verða læknar með sama rètti og skólageingnir menn, og því þakka eg hinum háttvirta þíngmanni enn svo mjög fyrir alla aðferð hans í málinu. Eg ætla því næst einkum að snúa mèr til þess, sem hinn háttvirti þíngmaður sagði, er nú situr í sæti *konúngsfulltrúa,* því frá honum hafa nú komið fram mestar og verulegastar mótbárur á móti stofnun lagaskóla hèr í landi, og furðaði eg mig þó mikillega á, að þær skyldi koma fram á þann hátt, sem þær nú hafa komið fram á. Það hefir opt verið sagt um Dani, að þeir væri hègómagjarnir, og segi eg það þó ekki, því eg hefi fundið svo margt ágætt í Danmörku, bæði hjá körlum og konum, að mèr liggur næstum því við að segja, ef það ætti hèr við, að „slíka trú hefi eg ekki fundið í Ísrael“. En það verð eg þó að segja, og það held eg sè ólán Dana með tilliti til Íslands, að sè þeir hègómagjarnir, þá hefir sú hègómagirni einkum lýst sèr í allri stjórn þeirra á þessu landi, þar sem svo er að sjá, sem þeim of opt hafi verið annara um, að stjórna því að eins sem mest að nafninu til, heldur en svo, að báðum mætti verða sem mest gagn að í raun og veru. Og hvað eru nú orð hins hæstvirta *konúngsfulltrúa* annað, en allt í þessa sömu stefnuna, þar sem það allt af skín út úr þeim, að dönsku stjórninni sýnist að vera annara um, að það enn í nokkurn tíma megi heita svo, að íslenzkir læknar læri við háskólann í Höfn, heldur en hitt, að landið megi verða sem bezt byrgt að læknum, og aðhjúkrun við sjúka menn, á þann hátt, sem því nægir? Sè ei þetta hègómagirnd, að hugsa meira um fánýtt nafn fyrir káskólann í Kaupmannahöfn, heldur en hitt, að bjarga við því landi, sem menn eiga að stjórna, þá veit eg ei hvað hègómagirnd er; og skal eg því ei

eyða fleiri orðum til að mótmæla slíkum mótbárum, með því eg og verð að treysta því, að stjórnin með eingu móti geti haft slíka skoðun á málinu, þó hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* sýnist vilja reyna að telja mönnum trú um það. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga mælti, verð eg og að segja það, sem sjaldan hefir komið fyrir um hann, að eg skil nú með eingu móti, til hvers hann eiginlega var að tala það, sem hann talaði, nema ef svo skyldi vera, að hann einmitt hefir viljað æfa sig í þessu, sem mèr einu sinni varð á að segja, að mönnum yrði um of á að gjöra hèr á þíngi, að strokka nefnilega, og strokka svo aldrei komi smjör; því eg veit enn alls ekki, hvað hinn háttvirti þíngmaður eiginlega ætlaði sèr, og víst er það, að smjörið kom aldrei hjá honum, og skal eg þó vera manna fúsastur á að játa, að fáum mún stundum vera lægnara að gjöra smjör, þó ei sè nema með orðunum tómum, en honum. Hið einasta, sem eg nam af orðum hans, var það, að hann kvaðst ætla að styðja breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Strandasýslu, en þar sem hann nú hefir tekið það aptur til þess, að sýna sáttgirni sína, þá vona eg þó, að þíngmaður Borgfirðínga muni hika sèr við, að taka það upp aptur, svo menn neyðist ei til að halda um hann, að hann að eins gjöri það til þess, að geta verið hinum sem gagnstæðastur í hinu góða. Að öðru leyti skal eg nú ei fara fleiri orðum um þetta, en að eins geta þess, með tilliti til þess, sem hinn háttvirti þíngmaður úr Suður-Þíngeyjarsýslu sagði við undirbúníngsumræðuna og veik nokkuð að mèr, að rángt væri að svipta nú Norðurland þessari einustu stofnun, sem eptir væri af hinum sèrstaklegu stofnunum þess, að eg get með eingu móti sèð, að Möðrufellsspítali sè nokkur sèrstakleg stofnun fyrir Norðurland, sem vert sè um að tala; eg sakna víst eingu síður en flestir aðrir Norðlendíngar biskupsstóls og skóla á Hólum, en spítalana getur mèr ei dottið í hug að bera saman við slíkar þjóðstofnanir, sem vissulega máttu vera vottur um það, sem gott var og einkennilegt í hverjum landsparti fyrir sig, og allt þjóðlíf hans því gat safnast utanað. En um spítalana má eingan veginn segja, að þeir sè á nokkurn hátt einkennileg stofnun fyrir landsfjórðúngana, sízt eptir að menn hafa heyrt hinar ágætu upplýsíngar um uppruna þeirra í öllum löndum, er *framsögumaður* nú hefir sagt oss; og þess utan bætist það nú enn við um Möðrufellsspítala, að amtmaður Norðlendínga hefir nýlega sagt mèr, að hann sè nú lagður niður, og tekjunum að *eins* safnað í sjóð, svo mèr er mikill efi á því, hvort hinn háttvirti þíngmaður Suður-Þíngeyínga mundi nokkurn tíma lifa þann dag, að hann

gæti feingið hjúkrun á því sjúkrahúsi, þó hann svo yrði eins gamall og sagt er um Örvar-Odd. Mèr virðist því svo, sem einginn Norðlendíngur ætti að láta það hafa áhrif á atkvæðagreiðslu sína í þessu máli, að hann ímyndaði sèr að hann svipti Norðurland einhverri góðri og því eiginlegri stofnun, með því að fallast nú á, að nota Möðrufellsspítalafè svo sem meiri hlutinn hefir stúngið upp á; því hèr er eingan veginn verið að tala um, að svipta Norðurland nokkurri slíkri stofnun, heldur að eins hitt, hvort menn eigi nú heldur að stæla eptir hinu víðfræga testamenti Jóns á Böggvistöðum, og láta sjóði liggja gagnslausa og ónotaða sinn í hverju laginu, eða þá reyna sem fyrst að koma einhverju almennilegu til leiðar, með því að steypa þeim öllum saman og nota svo. Eg vil nú biðja alla þíngmenn að athuga vel, áður en þeir gefa atkvæði sín, hvort ei muni vera rèttari hin síðari aðferðin, og einkum bið eg Norðlendínga að íhuga það, að einmitt með því að gjöra sitt til að læknaskóli og spítali verði stofnaður í Reykjavík á þenna hátt, muni þeir einnig útvega Norðurlandi sèrstakan spítala fyr, en með nokkru öðru móti.

Framsögumaður: Eg er nú orðinn vongóður, eins og hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi*, því að margir hafa nú tekið vel undir málið í þá stefnu, sem eg óska, og eg vona, að þíngið fallist á meira hlutann; en eg er líka farinn að fá aðra von af þeim ræðum, er fluttar hafa verið, þá von, að læknaskólinn kann ske geti notið góðs af þessum styrk stjórnarinnar, þánnig að hann verði veittur nokkrum af þeim, sem sækja þenna skóla, því heldur sem eg ekki veit betur, en að þeir, sem nú gánga á prestaskólann, fái styrk úr háskólasjóðnum. Eg vona, að þegar ráðherrann lítur í náð til vor, þá muni hann styrkja oss, því að hann veit, að „dauður einginn, drottinn, þèr dýrð í þessum heimi tèr"; en eg vona, að mönnum takist að sannfæra stjórnina um, að sá einasti máti til þess, að fá læknaskipun, er kennsla í landinu sjálfu.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skildi ekki hafa staðið upp, til að tala í þessu máli, hefði þíngmaður Skagfirðínga ekki yrt á mig. Hann sagði nefnilega, að hann þekkti ekki neina stofnun, sem hefði verið sèrstakleg fyrir Norðurland, nema hefði það verið Hólastoli og skóli; það má nú að vísu skoða þetta á marga vegi, en eg held þó hinn heiðraði þíngmaður verði að vera mèr samdóma í því, að Möðrufellsspítali sè eingu síður sèrstaklegur fyrir Norðurland, en Hólaskóli var; því meðan Möðrufellsspítali var notaður eða brúkaður til aðhjúkrunar handa holdsveikum, þá nutu þess Norðlend-

fngar einir, og voru þetta ekki svo ómerkileg hlunnindi, að vert sè að sleppa þeim fyrir eintóma óvissu og ímynduð not af þessum stóra spítala, sem á að drífa upp hèr í Reykjavík. Það má gjarnan vera, ef þíngmaður Skagfirðínga vill, að Hólastóll með öllu því, sem þar til heyrði, hafi verið eign alls landsins; en hann verður þá aptur að samsinna mèr í því, að spítalarnir í hverju amti sè eign þess, og þó þeir nú sem stendur sè miður notaðir, en vera skyldi, þá er eingan veginn ástæða til, að upp hefja þá fyrir það, heldur ætti að safna tekjum þeirra og halda þeim sem bezt saman, til að koma þeim sjálfum í sem bezt horf. En það er ekki svo að skilja, að amtmennirnir eigi að safna fè þeirra saman, til að liggja í hrúgum ávaxtarlaust, heldur á að verja því til nauðsynlegrar endurbótar á spítölunum sjálfum. Þíngmaður Skagfirðínga hèlt það þyrfti heilan Örfar-Oddsaldur, til að sjá, að slíkt kæmi að tilætluðu liði; en eg vona, að það mundi sýna sig, meðan við lifum báðir, ef við verðum ekki því skammlífari. Fyrir leifarnar, sem gjört er ráð fyrir að eptir verði af spítalafènu, þegar búið er að koma upp sjúkrahúsi og læknaskóla hèr í Reykjavík, vil eg lítið gefa; og eg held sannarlega, að við Norðlendíngar verðum aldrei sælir af þeim. Menn eru líka orðnir svo hvekktir á þessum áætlunum, því það er vant að skorta nokkuð í, þegar á að fara að framkvæma. Við höfum dæmið fyrir okkur af húsinu, sem vèr erum í; því allir muna, hvað fèð hrökk, sem ætlað var til að koma því upp, og svona hefir geingið um fleiri af þessum byggíngum, sem gjörðar hafa verið á opinberan kostnað. Það er ekki svo að skilja, að eg sè á móti málinu sjálfu; það sè fjærri mèr, og eg vil miklu fremur þakka hinum 6. konúngkjörna þíngmanni fyrir þann áhuga og alúð, sem hann sýnir í því; en eg vil einúngis biðja menn að kasta ekki þúngum steini á oss Norðlendínga, þó við þykjumst hafa til rèttinda að telja í þessu efni. Þíngmaður Strandamanna hefir, að eg held, misskilið þíngmann Borgfirðínga; það er ekki svo kaldur hjá honum strokkurinn, sem hann ætlar, og hann þarf ekki að óttast fyrir því, að hann skilji sig ekki; en bera á eg honum kveðju þessa þíngmanns með þeim ummælum, að fyrst hann hafi nú unnið það til friðarins, að bera þenna króa sinn, sem hann á á atkvæðaskránni út á bláhjarnið, þá ætlar hann að sýna það dreinglyndi, að taka hann upp, og vonar, að sèr heppnist að tjarga í honum lífinu, þó hann hafi ekki annað að gefa honum, en heimsáirnar, sem þó aldrei þykja sèrlega kostgóðar, því tilberasmjörinu vill hann láta hann halda. Eg finn ekki ástæðu til að tala um þessi

breytíngaratkvæði; eg fellst á ekkert af þeim, nema minna hlutann og viðaukaatkvæði þingmannsins úr Gullbringusýslu undir staflið *e*.

Framsögumaður: Eg á að bera þingmanni Suður-Þingeyinga kveðju frá þingmanni Skagfirðinga og segja honum, að hann þykist vera eins góður Norðlendingur fyrir það, þó hann vilji ekki láta sjóði standa ónotaða, eða liggja á þeim eins og ormur á gulli. Eg fyrir mitt leyti held, að norðuramtið þurfi nú nærfellt eins mikið lækna með og vesturamtið, og ekki síður. Eg vona og, að læknaefnin gæti numið nærfellt eins fljótt það, sem þau þyrfti, eins og prestaefnin, en það er einúngis um að gjöra, eins og eg nú þegar optsinnis hefi sagt, að flýta málinu. Eg ætla ekki að tala margt móti þingmanni Suður-Þingeyinga, því eg ætla honum ekki það, að það hafi verið tilgángur hans, að spilla málinu; en það er mikið feingið, kann ske allt, ef við fáum málinu framgeingt nú í þá stefnu, er nefndin fer fram á; svo getum við talað um hitt á næsta þingi; það er nóg eptir, þó við komumst yfir þenna leggjabrjót og þessi klúngur, sem velta í veginn frá ýmsum stöðum; kann ske við komum svo í fagran dal, þegar því er lokið, og þá fáum við tíma til að skoða okkur um. Eg er Vestfirðingur, og þó óska eg ekki, að allt dragist vestur, og sama mundi vera, þó eg væri Norðlendingur; en það gleður mig, að Vestfirðingar sýna dreinglyndi í þessu máli, og vilja leggja allt í sölurnar til þess, sem þeir álíta bezt fyrir allt landið, og má það kalla bæði rètt og dreingilegt. Eg legg nú málið í dóm alþingis, og vona, að dómurinn falli vel. Eg óska vegna fósturjarðar vorrar af heilum hug, að málið fái góðan framgáng, og eg legg ekki óvináttu á neinn, þó hann haldi fram meiníngu sinni, því eg tala eptir sannfæríngu minni, og hið sama veit eg þeir gjöra. Eg held það sè hinn bezti vegur, til að koma málinu á rekspöl, ef spítalinn kæmist upp, og spítalasjóðirnir yrði lagaðir, og það yrði ekki einúngis gott fyrir þá einstöku, sem næði til spítalans, heldur mundi það verða hið happasælasta fyrir alla og fyrir landið sjálft.

Indriði Gíslason: Eg ætla nú ekki að standa upp til þess, að fara lángt út í þetta mál, nema að eins að gjöra grein fyrir því, hvernig eg ætla að greiða atkvæði mitt. Þegar nú eg lít til minna hluta nefndarinnar, þá mælir þó töluverð sanngirni fram með honum, og að norður- og vesturamtsbúum er mikil vorkun, þótt þeir heima hjá sèr vilji njóta spítalasjóða sinna; eg get því ei annað, en mælt fram með uppástúngu þingmanns Norður-Þingeyinga. Það þykir mèr og ótilhlýðilegt, að geta þess til stjórnarinnar, að hún

ekki styrki þessa stofnun neitt, því það er svo sem sjálfsagt, að hún gjörir það, og má þá koma upp skóla og spítala hèr í Reykjavík af sjóði spítalans í suðuramtinu, og þeim hálfu leigum spítalafjárins úr hinum ömtunum, og svo með þeim styrk, er stjórnin veitir. Það væri, finnst mèr, allt öðru máli að gegna, ef fjárhagur vor yrði að skilinn, og vèr þá værum einir um að koma okkur upp læknaskóla; þá væri mjög mikið eðlilegra, að draga allt í eitt, einkum þegar lítil efni væri fyrir hendi. Þessi skoðun mín er eingan veginn af neinni hlutdrægni, heldur af því, hvernig enn á stendur með fjárhaginn. Eg gef því atkvæði fyrir fyrstu niðurlagsatriðum meira hlutans, og ágreiningsatkvæði þingmanns Norður-Þingeyinga, en ekki meira hlutans undir staflið *e*, nema ef hitt fellur.

Þar sem að hinn 6. konúngkjörni gaf mèr tilefni til að minnast á bólusetninguna, þá skal eg leyfa mèr að geta þess, að þau 9 ár, síðan eg vestur kom, hefi eg ekki vitað til, að þar hafi verið sett bóla, að minnsta kosti ekki nálægt mèr, og sízt að gagni; eina skorpu hefi eg að eins sèð, en hana samt ónýta, því hún var reynd. Þar sem það er altízka hèr á þingi, að einn þingmanna skilar til annars, þá skal eg geta þess, að þingmaður Eyfirðinga beiddi mig að segja þingmanni Skagfirðinga, að ekki væri komið svo lángt enn, að Böggvistaðalegatið væri búið að græða allt landið, einkum þar eð búið væri að taka töluvert af því.

Framsögumaður: Eg held það veiti ekki af spítalasjóðnum, þó sumir haldi helmíngurinn sè nógur, en eg vona, eins og eg svo opt hefi sagt, að þingmenn gái að mótsögninni, sem í því liggur, ef menn látast vilja einn hlut, en eigi meðalið, er þar til þènar, og það er víst, að uppástúnga minna hlutans er vel hugsuð, til að koma málinu fremur aptur á bak en áfram.

Forseti: Þar nú eigi taka fleiri til máls, er ályktarumræðu málsins lokið, og skal eg því biðja menn gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Var síðan geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. *Nefndin* (1. uppástúnguatriði), samþykkt með 23 atkv.
2. *Nefndin* (álitið sem fyrirsögn eptirfylgjandi atriða):
   a, Breytíngar- og viðaukaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar,* tekið aptur af uppástúngumanni, en upp tekið af þingmanni Borgfirðínga, fellt með 16 atkv. gegn 5.
   b, Nefndin (2. uppástúnguatriði stafl. *a),* samþykkt með 21 atkv. gegn 2.

c, *Nefndin* (2. uppástúnguatriði stafl. *b),* samþykkt með 23 atkvæðum gegn 1.

d, Varaatkvæði *Ásgeirs Einarssonar* (við 2. *b* og *c),* tekið aptur af uppástúngumanni, en *Arnljótur Ólafsson* tók það að sèr, fellt með 14 atkvæðum gegn 5.

e, Viðaukaatkvæði *Guðmundar Brandssonar,* samþykkt í einu hljóði.

f, Breytíngaratkvæði *Magnúsar Andrèssonar* (við meira hlutans stafl. *c,* og við uppástúngu minna hlutans stafl. *h* og *i),* fellt með 19 atkv. gegn 2.

g, Breytíngaratkvæði *Guðmundar Brandssonar* (við meira hlutans stafl. *c* og við uppástúngu minna hlutans stafl. *h* og *i),* fellt með 17 atkv. gegn 1.

h, *Minni hluti nefndarinnar Sveinn Skúlason* (ágreiníngsatkvæði við uppástúngu meira hlutans stafl. *c* (stafl. *i),* fellt með 15 atkv. gegn 8.

i, *Meiri hluti nefndarinnar* (2. uppástúnguatriði stafl. *c),* samþykkt með 21 atkv. gegn 3.

3. Hvort rita skuli konúngi bænarskrá (samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu), samþykkt með 19 atkv. gegn 5.

Forseti gat þess, að á næsta fundi á morgun kæmi til ályktarumræðu málið um *laun ýmissa embættismanna,* til undirbúníngsumræðu málið um *endurgjald jarðamatskostnaðarins* og um *ráð við hallæri og almennri neyð,* og ákvað fund á morgun kl. 11.

Fundi slitið.

---

16. ágúst — fertugasti fundur.

Allir á fundi.

Forseti gat þess, að innanþíngsskrifararnir hefði ekki getað komizt yfir, að semja þíngbókina, vegna þess, að kveldfundurinn hefði orðið svo lángur í gær.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konúnglegt frumvarp um *laun ýmissa embættismanna. Framsögumaður* er hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá í málinu, og vona, að hinir heiðruðu þíngmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá

í málinu (kgl. frumvarp), um *laun ýmsra embættismanna á Íslandi.*

1. *a,* *Meiri hluti nefndarinnar:*
   Að í 1. uppástúngu meira hlutans verði, í staðinn fyrir „laun embættismanna", sett: *„launabót embættismanna".*
   b, *Meiri hluti nefndarinnar* (1. uppástúnguatriði):
   Að alþíngi ráði konúngi frá, að láta þetta frumvarp þannig lagað koma út sem opið brèf, heldur að ákvarðanir þær, sem gjörðar verða um laun embættismanna hèr á landi, verði teknar í fjárhagslögin árlega, eða á annan hátt ákveðnar, meðan svo stendur, sem nú er.
2. Varaatkvæði *Pèturs Pèturssonar:*
   Að alþíngi ráði konúngi frá, að láta þetta frumvarp þannig lagað koma út sem opið brèf, heldur að ákvarðanir þess, um laun embættismanna hèr á landi, verði með hæfilegum breytíngum teknar í fjárhagslögin árlega, eða á annan hátt ákveðnar, meðan svo stendur, sem nú er.
3. *Meiri hluti nefndarinnar* (2. uppástúnguatriði):
   Að alþíngi biðji konúng, að hann vilji mildilega sjá svo um, að embættismenn hèr á landi njóti alls þess jafnrèttis og allrar þeirrar sanngirni með tilliti til launa þeirra, sem fremst má verða, í samanburði við samkynja embættismenn í Danmörku, meðan ekki er aðskilinn fjárhagur Íslands og Danmerkur.
4. Viðauka-atkvæði *H. Kr. Friðrikssonar* við 2. niðurlagsatriði meira hluta nefndarinnar (tölul. 3), að við enda töluliðsins verði bætt:
   þannig að:
   a, Stiptamtmaðurinnn og biskupinn fái í laun hvor 3,600 rd.; auk þess veitist þeim árleg launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun þeirra eigi hærri orðið en 4,600. Auk þess fær stiptamtmaður 400 rd. í borðfè.
   Enn fremur biskupinn 200 rd. á ári, eins og að undanförnu, í staðinn fyrir leigulausan bústað og embættisjörð.
   b, Amtmennirnir í vesturumdæminu og í norður- og autur-umdæminu fá í laun 2,600 rd. á ári hvor; þar að auki veitist þeim árleg launaviðbót, 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun þeirra eigi hærri orðið, en

3,600 rd. Auk þess fær amtmaðurinn í vesturumdæminu 200 rd. á ári fyrir leigulausan bústað og embættisjörð.

c, Landfógetinn fær í laun 1,000 rd. á ári; auk þess veitist honum launaviðbót, 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu, þó svo, að launin geta eigi hærri orðið en 1,600 rd. Auk þess fær hann 150 rd. í húsaleigustyrk.

d, Yfirdómarinn í hinum íslenzka landsyfirrètti fær í laun 3,000 rd. á ári, og hvor meðdómandanna 1,600 rd. Auk þess fá þeir í launaviðbót 200 rd. fyrir hver 3 ár, sem þeir eru i embættunum, þó svo, að laun yfirdómarans eigi geta hærri orðið en 4,000 rd., og laun hvors meðdómarans 2,400. Hinn fyrri meðdómandi heldur eptirleiðis þeim 250 rd. á ári, sem honum að undanförnu hafa verið veittir úr dómsmálasjóðnum; aptur á móti falla burtu þeir 50 rd., sem hinn annar meðdómari hefir feingið úr sama sjóði.

e, Landlæknirinn fær í laun 1,200 rd. á ári, og hver hèraðslæknir 600 rd.; þar að auki fá þessir embættismenn 100 rd. launaviðbót á ári fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum, þó svo, að laun landlæknisins eigi geta hærri orðið, en 1,600 rd., og laun hvers hèraðslæknis eigi hærri, en 1,000 rd. Auk þess fá landlæknirinn og hinir 3 hèraðslæknar hinn sama húsaleigustyrk, sem þeir hafa híngað til haft.

f, Forstöðumaður prestaskólans og skólastjóri við hinn lærða skóla í Reykjavík fá í laun 1,600 rd. hvor; þar að auki fá þeir í launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun þeirra eigi hærri orðið en 2,200 rd. Skólastjóri fær þar að auki frían bústað í skólahúsinu, og forstöðumaður prestaskólans 200 rd.

Yfirkennarinn við hinn lærða skóla fær í laun 1,000 rd. á ári; auk þess veitist honum 200 rd. viðbót fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu; þó geta laun hans eigi hærri orðið en 1,600 rd. Yfirkennarinn, sem nú er, heldur þeim húsaleigustyrk, sem hann hefir haft, 150 rd. á ári.

Undirkennararnir við prestaskólann og hinn lærða skóla skulu hafa 600 rd. í laun á ári; auk þess fá þeir hver um sig 100 rd. viðbót fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum, þó geta laun þeirra eigi hærri orðið, en 1,200 rd. á ári. Enn fremur fær hinn fyrri kennari við prestaskólann

og þrír hinir elztu undirkennarar við latínuskólann 100 rd. í húsaleigustyrk.

Fyrir þau störf, sem einum af undirkennurunum við skólann verða á hendur falin, sem umsjónarmanni skólans, verður honum veitt 300 rd. borgun á ári.

Saungkennari skólans, sem jafnframt er organsleikari dómkirkjunnar, og hèr eptir skal skyldur til, að kenna prestaskólamönnum að tóna, fær í laun 400 rd.; 50 rd. viðbót veitist honum fyrir hver 3 ár, sem hann gegnir þessari þjónustu; þó geta laun hans eigi hærri orðið en 600 rd.

Íþróttakennarinn fær í laun 200 rd., þar að auki veitist 50 rd. fyrir hver 3 ár, sem hann gegnir þeirri þjónustu; þó geta laun hans eigi hærri orðið en 300 rd.

Dyravörður skólans fær 250 rd. á ári, og er hann hefir haft það starf á hendi í 5 ár, fær hann 300 rd.

g, Sýslumaðurinn í Gullbríngusýslu fær úr ríkissjóði 400 rd. á ári hverju.

h, Dómkirkjupresturinn í Reykjavík fær á ári hverju 400 rd. úr ríkissjóði, auk þess húsaleigustyrks, sem hann nú hefir.

5. Breytíngaratkv. *hins sama:*
Að hinn 3. töluliður í uppástúngum meira hluta nefndarinnar orðist þannig:
„Að launaviðbót þá, sem ákveðin verður handa embættismönnum hèr á landi, þeim er fá laun úr ríkissjóði, fái þeir frá 1. degi aprílmánaðar 1860“.

6. *Meiri hluti nefndarinnar* (3. uppást.atr.):
Að sú launaviðbót, sem ákveðin verður handa embættismönnum hèr á landi, þeim er fá laun úr ríkissjóði, verði ákveðin sem fyrst að verða má.

7. Viðaukaatkvæði *Benedikts Þórðarsonar:*
Að eptir orðið: „ríkissjóði“ bætist inn í: „og dómkirkjuprestinum“ verði og s. frv.

8. Breytíngaratkvæði *Sveins Skúlasonar* og *Guðmundar Brandssonar,* við frumv. 1. gr. (tölul. 11).
Að 1. grein (tölul. 11.), orðist þannig:
Stiptamtmaðurinn og biskupinn fá í laun 2,800 rd. hvor, þar að auki fá þeir í launaviðbót 200 rd. fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum, þó mega laun þeirra eigi hærri verða en 3,400 rd. Þar að auki fær stiptamtmaðurinn 400 rd. í borðfé.

Amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu og amtmaðurinn í vesturumdæminu fá í laun 2,200 rd. hvor á ári, þar að auki veitist þeim árleg launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættinu, þó geta laun þeirra eigi hærri orðið en 3,000 rd. Landfógetinn fær í laun 1,000 rd. á ári; þar að auki veitist honum í launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu; þó mega laun hans eigi hærri verða en 1,600 rd.

Enn fremur fær biskupinn og amtmaðurinn í vesturumdæminu, eins og að undanförnu, 200 rd. á ári, í staðinn fyrir frían bústað og embættisjörð. Landfógetinn fær 150 rd. í húsaleigustyrk eins og hingað til.

9. *Minni hluti nefndarinnar,* (breytingaruppástúnga við frumv. 1. gr.):
Að í 1. gr. frumvarpsins í stað 400 rd. verði sett: „800 rd“. (í borðfé).

10. *Hinn sami:*
Að við niðurlag 1. gr. bætist: „Þar að auki fær hann (landfógetinn) 150 rd. í húsaleigustyrk sem hingað til“.

11. Frumvarpsins 1. grein:
Stiptamtmaðurinn og biskupinn fá í laun 3,000 rd. hvor; þar að auki fær hinn fyrrnefndi 400 rd. í borðfé. Amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu og amtmaðurinn í vesturumdæminu fá í laun 2,000 rd. hvor á ári; þar að auki veitist þeim árleg launaviðbót, 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun þeirra eigi orðið hærri en 2,800 rd.

Enn fremur fær biskupinn og amtmaðurinn í vesturumdæminu, eins og að undanförnu, 200 rd. á ári, í staðinn fyrir frían bústað og embættisjörð.

Landfógetinn fær í laun 1,000 rd.

12. Breytingaratkvæði *Jóns Péturssonar,* við frumv. 2. gr. (tölul. 15.):
Að laun hinna dómaranna verði ákveðin til 1,400 rd., og hækki til 2,200 rd.

13. Breyt.atkv. *Sveins Skúlasonar* og *Guðmundar Brandssonar,* við frumv. 2. gr. (tölul. 15.), samþykkt af minna hlutanum:
Að 2. gr. (tölul. 15.) orðist þannig: Háyfirdómarinn í hinum íslenska landsyfirrétti fær í laun 2,200 rd. á ári, og þar að auki fær hann 200 rd. í launaviðbót fyrir hver 3 ár, sem hann er í embættinu. Dómararnir fá 1,200 rd. í laun hvor þeirra, og þar

að auki 200 rd. í launaviðbót fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum, þó geta eigi laun háyfirdómarans orðið hærri, o. s. frv.

14. *Minni hl. nefnd.*, breyt. uppást. við frumv. 2. gr. (tölul. 15.): Að fyrri hluti 2. gr. orðist þannig:
Háyfirdómarinn í hinum íslenzka landsyfirrètti fær í laun 2,200 rd. á ári, og þar að auki fær hann 200 rd. í launaviðbót fyrir hver 3 ár, sem hann er í embættinu. Dómararnir fá 1,000 rd. í laun, hvor þeirra, og þar að auki 200 rd. í launaviðbót fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum. Þó geta, o. s. frv.

15. Frumvarpsins 2. gr.:
Forsetinn í hinum íslenzka landsyfirrètti fær í laun 2,000 rd. á ári, og hinir dómararnir 1000 rd. hvor; þar að auki fá þeir í launaviðbót 200 rd. árlega fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta ekki laun forsetans orðið hærri en 3,000 rd., og laun hinna dómaranna eigi hærri en 2,000 rd. á ári. Hinn fyrsti meðdómari heldur eptirleiðis þeim 250 rd. á ári, sem honum hafa að undanförnu verið veittir úr dómsmálasjóðnum; þar á mót skulu falla burtu þeir 50 rd., sem annar meðdómari hefir feingið úr sama sjóði.

16. *Minni hluti nefndarinnar*, breytíngaruppástúnga við frumvarpsins 3. gr.
Að í 3. gr. frumvarpsins, í stað „1,000 rd.“ í upphafi greinarinnar, verði sett: „1,200 rd. “og í stað „1,400 rd.“ í sömu grein, verði sett „1,600 rd.“

17. Frumvarpsins 3. grein.:
Landlæknirinn fær í laun 1,000 rd. á ári, og hèraðslæknarnir 600 rd. hver; þar að auki fá þessir embættismenn 100 rd. í launaviðbót á ári fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun landlæknis eigi orðið hærri en 1,400 rd. og laun hèraðslækna eigi hærri en 1,000 rd. á ári.
Þar að auki fær landlæknirinn og hinir 3 hèraðslæknar þann hinn sama húsaleigustyrk, sem þeir hafa híngað til haft.

18. *Minni hluti nefndarinnar*, breytíngaruppástúnga:
Að 1. og 2. kafli 4. gr. (tölul. 19.) orðist þannig:
Forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík fær í laun 1,800 rd. á ári, og þar að auki i launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu. Þó geta laun hans eigi orðið hærri, en

2,400 rd. Hann fær þar að auki 150 rd. í húsaleigu eins og hingað til.

Fyrri kennarinn við prestaskólann fær í laun 1,000 rd. á ári; 200 rd. viðbót veitist honum fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu. Þó geta laun hans eigi orðið hærri en 1,600 rd. Hinn annar kennari við skóla þenna fær í laun 700 rd. á ári; 100 rd. veitist honum fyrir hver 3 ár, sem hann er í embættinu, þó mega laun hans eigi hærri verða en 1,200 rd.

Skólameistarinn við hinn lærða skóla í Reykjavík fær í laun 1,600 rd. á ári; þar að auki fær hann í launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu. Þó geta laun hans eigi hærri orðið en 2,200 rd. Skólameistarinn fær þar að auki frían bústað í skólahúsinu eins og hingað til.

Yfirkennarinn við hinn lærða skóla o. s. frv.

19. Frumv. 4. gr. 1. og 2. kafli.
Forstöðumaður prestaskólans og skólastjórnarinn við hinn lærða skóla í Reykjavík fá í laun 1,600 rd. hvor; þar að auki fá þeir í launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun þeirra eigi orðið hærri en 2,200 rd.; skólastjórnarinn fær þar að auki frían bústað i skólahúsinu, og forstöðumaður prestaskólans 150 rd. til húsaleigu, eins og hingað til.

Yfirkennarinn við hinn lærða skóla fær í laun 1,000 rd.; 200 rd. viðbót veitist honum fyrir hver 5 ár, sem hann er i embættinu; þó geta laun hans eigi orðið hærri en 1,600 rd. Yfirkennarinn, sem nú er, skal, meðan hann er í embættinu, halda þeim húsaleigustyrk, sem hann að undanförnu hefir haft, 150 rd. árlega. Þar á móti fá eptirmenn hans í embættinu eigi slíkan húsaleigustyrk.

20. Breyt.atkv. *Sveins Skúlasonar* og *Guðmundar Brandssonar* (samþ. af minna hlut.):
Að 3. kafli 4. gr. (tölul. 23.) orðist þannig: Undirkennararnir við hinn lærða skóla skulu hafa í laun 600 rd.; 100 rd. viðbót veitist þeim fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta eigi laun þeirra orðið hærri en 1,200 rd. Þar að auki halda þrír hinir elztu undirkennarar þeim húsaleigustyrk, er þeir hafa haft hingað til.

21. *Minni hl.*, breyt.uppást.:

Að í 3. kafla 4. greinar verði orðin: „prestaskólann og“ felld burt, og að „500 rd.“ í sama kafla breytist í „600 rd.“

22. Frumvarpsins 4. gr., 3. kafli:
Undirkennararnir við prestaskólann og hinn lærða skóla skulu hafa í laun 500 rd. á ári; 100 rd. viðbót veitist þeim fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun þeirra eigi orðið hærri en 1,000 rd.

23. Frumv. 4. gr. 4. kafl:
Fyrir þau störf, er einum af undirkennurunum við skólann verða á hendur falin, sem umsjónarmanni skólans, veitist 300 rd. borgun á ári.

24. Breyt.atkv. *Sveins Skúlasonar* og *Guðmundar Brandssonar,* (samþykkt af minna hlut.):
Að 4. gr. 5. kafli (tölul. 25.) orðist þannig:
Saungkennari skólans, sem einnig er organsleikari dómkirkjunnar, og hèr eptir skal skyldur að kenna prestaskólamönnum að tóna, fær í laun 400 rd. á ári; 50 rd. viðbót veitist honum fyrir hver 5 ár, sem hann gegnir þessari þjónustu; þó geta laun hans eigi orðið hærri en 600 rd.

25. Frumv. 4. gr. 5. kafli:
Saungkennari skólans, sem einnig er organsleikari dómkirkjunnar, og hèr eptir skal skyldur að kenna prestaskólamönnum að tóna, fær í laun 300 rd.; 25 rd. viðbót veitist honum fyrir hver 3 ár, sem hann gegnir þessari þjónustu; þó geta laun hans eigi orðið hærri en 400 rd.

26. Breytíngaratkv. *Guðmundar Brandssonar:*
Að seinasti (6.) kafli 4. greinar (tölul. 27) breytist þannig:
Íþróttakennarinn fær í laun 250 dali. Þar að auki veitast honum 50 dalir fyrir hver 5 ár, sem hann gegnir þjónustunni; *þó* geta laun hans ekki orðið hærri en 400 dalir“.

27. Frumv. 4. gr., 6. kafli:
Íþróttakennarinn fær í laun 200 rd.; þar að auki veitast honum 25 rd. fyrir hver 5 ár, sem hann gegnir þjónustunni, þó svo, að laun hans ekki verði hærri en 300 rd.).

28. *Viðaukaatkvæði við 4. gr. frumvarpsins:*
a, Sveins Skúlasonar og *Guðmundar Brandssonar:*
„Dyravörður skólans fær 250 rd. á ári; þar að auki fær hann 50 rd., þegar hann hefir verið 5 ár í þeirri þjónustu, og verða þá laun hans úr því 300 rd.“.

b, Minna hluta nefndarinnar:
Dómkirkjupresturinn í Reykjavík fær fyrst um sinn 250 rd. í laun úr ríkissjóði auk húsaleigustyrksins.

c, Sveins Skúlasonar og *Guðmundar Brandssonar* (samþ. af minna hl.):
Sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbríngusýslu fær úr ríkissjóði 400 rd., í stað þeirra 235 rd., er hann nú hefir.

d, Páls Sigurðssonar:
Að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum fái í launaviðbót 200 rd.

e, Benedikts Þórðarsonar:
„Að konúngur mildilegast veiti sýslumönnum í Snæfellsnes-, Barðastrandar-, Ísafjarðar- og Strandasýslum nokkra launaviðbót af ríkissjóði, og eins nokkurt fé til nauðsynlegrar uppbótar öllum hinum fátækari prestaköllum í landinu".

f, Jóns Sigurðssonar frá Tandraseli:
Að allir hreppstjórar á Íslandi fái laun úr ríkissjóði, jafnt við samkynja embættismenn í Danmörku.

Málið afhendt *framsögumanni.*

Framsögumaður (Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn): Alþíngi er það kunnugt, að lagafrumvarp þetta vill ákveða um laun þeirra embættismanna, sem hafa laun úr ríkissjóðnum. Hèr er því að eins talað um nokkra fáa embættismenn. Nefndin hefir nú bent til þess, að ef frumvarpið yrði nú samþykkt, eins og það er, þá yrði verk það, sem alþíngi ynni í því efni, ekki annað, en hálfverk, því meðan Ísland ekki hefir ráð á fjárhag sínum, og meðan hann er í sambandi við hin dönsku fjárhagsmál, og látinn standa undir ályktun ríkisþíngsins í Danmörku, þá sýndist meira hlutanum það hvorki nauðsynlegt nè hagkvæmt, að ráða alþíngi til, að kasta atkvæði sínu burtu, heldur áleit hann, að þíngið ætti einúngis að halda fram þeirri sanngirniskröfu, að íslenzkir embættismenn hefði jafnrètti við tilsvarandi danska embættismenn. Nefndinni þótti ekki vera tekið tillit til þessa jafnrèttis í frumvarpinu, og meiri hlutinn gat því ekki fallizt á, að stínga upp á launahækkun hjá einstökum embættismönnum; atkvæði alþíngis yrði eptir því ekki annað, en formið eitt, og alþíngi gjörði sig þá að ráðgjafarþíngi, ekki konúngs, heldur hins danska ríkisþíngs, og ríkisþíngið gæti samt sem áður farið með þetta mál, eins og það vildi; það eru ekki heldur komnar neinar skýrslur frá stjórninni um þetta mál því til upplýsíngar, og þess vegna vildi meiri hlutinn að eins taka það frá almennu sjónarmiði; meiri hlutinn

vildi því fremur fylgja þessari skoðun fram, sem það er ómögulegt, að segja með ástæðum, hvers vegna þessi embættismaður eigi að hafa 1800 rd., en hinn 1600 rd., hvers vegna þessi eigi að hafa 1000 rd., en hinn ekki nema 300 rd. Eg sè ekki, hvernig þingmenn geta gefið atkvæði um slíkt, svo þeir sè sannfærðir um, að eingum sè gjört órètt; það sýnir sig líka á einstökum uppástúngum, sem gjörðar hafa verið, til hvers misskilnings þetta getur gefið ástæðu; því hèr eru komnar fram uppástúngur um, að hækka laun embættismanna, sem eingin laun fá úr ríkissjóðnum, og loksins eru gjörðar uppástúngur um þá, sem ekki eru einu sinni embættismenn. Þessi uppástúnga þingmanns Mýramanna er að því leyti heppileg, að hún er eins konar kímilegt bros til allra hinna uppástúngnanna, og hún er því heppilegri, sem þingmaðurinn veit, að það fæst, sem hann biður um, þó vèr biðjum ekki; hreppstjórar eru ekki embættismenn, og hreppstjórar í Danmörku eru ekki embættismenn, og hafa eingin laun úr ríkissjóðnum; það er því ekkert hægra, en að uppfylla þá bón hans, að hreppstjórar á Íslandi hafi jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku.

Halldór Jónsson: „Fæst orð hafa minnsta ábyrgð"; það er því góð regla, sem eg gjarnan vildi fylgja, að tala sem minnst um það, sem maður finnur, að hann hefir ekki vit á. En af því, að þingmenn verða að minnsta kosti með atkvæðagreiðslunni, að láta einhverja meiníng í ljósi um þau málefni, sem fyrir koma, skal eg leyfa mèr að fara um málefni þetta nokkrum orðum. Eg skal ekki leyfa mèr að dæma um, hvaða áhrif það muni hafa á fjárhagsmál Íslands og ástand landsins yfir höfuð, en eptirtektaverðar eru þó ástæður frumvarpsins á 7. bls., þar sem talað er um þann litla jöfnuð, sem verða mundi milli tekja þeirra, er í ríkissjóðinn renna frá Íslandi, og þess kostnaðar, er af stjórn þess leiddi. Eptirtektarvert finnst mèr það líka, að þetta heiðraða þíng hefir *ekki* fundið neitt tilefni til að hræra við nokkrum samjöfnuði milli embættismanna hèr á landi, sem fá laun af ríkissjóði, og hinna, sem ekki fá þau þaðan; til þessa er þó gefin fullkomin bendíng í ástæðum frumvarpsins bls. 5., þar sem talað er um, að nefndinni, sem kosin var í launamálið á þjóðþínginu, hafi þótt laun þau, er stúngið var upp á, nokkuð há, og hún hafi óttazt, að þau kynni að koma í bága við það, hvernig þeim embættismönnum á Íslandi verður launað, sem ekki fá laun sín úr ríkissjóði. Mèr liggur nú við að *spá* því, að sá muni koma tíminn, að óumflýjanlegt verði, að gjöra þenna samjöfnuð, ef ekki á að verða skortur á prestum í landinu; þíngið

vill, að hèr komist á lagaskóli og læknaskóli; er það nú ekki mjög eðlilegt, ef þessu yrði framgeingt, að stúdentar skoðuðu vel huga sinn um það, í hvern skólann þeir vildi gánga, og að þeir mundi hugsa á þessa leið: já, að gánga í prestaskólann, það er í sannleika ekki mjög aðgeingilegt eða girnilegt; af því hefi eg litla von um sæmilegt uppeldi; þá er hitt töluvert álitlegra, að gánga í annanhvorn hinn skólann; það mun kosta mig líkt, en þá fæ eg á eptir góð laun? Eg áhræri einúngis þetta atriði af því, að mèr finnst það mjög íhugunarvert, en eingan veginn af því, það vona eg að allir hinir háttvirtu þíngmenn sè sannfærðir um, að eg álíti ekki æskilegt, já, með öllu nauðsynlegt, að embættismenn hafi sæmileg laun.

Ekki veit eg nú annars, hvernig hinn háttvirti þíngmaður Borgfirðínga, sem er í minna hlutanum, getur sagt, að rektor við latínuskólann og forstöðumaður prestaskólans hafi minni laun (eða muni hafa það eptir uppástúngum minna hlutans), heldur en svari beztu brauðum á landinu; eg þekki ekki þau, sem megi telja 1,600 til 1,800 rd., það skyldi þá vera Hólmar eður Vestmannaeyjar, og tel eg það þó ólíklegt, og varla vert, að nefna það, þar sem beztu brauðin yfir höfuð munu vera frá 600 rd. til 1,000 rd. í hæsta lagi. Hinn háttvirti þíngmaður Skagfirðínga sagði við undirbúníngsumræðuna, að mál þetta hefði ekki svo mikla þýðíngu í tilliti til ríkissjóðsins; hitt væri eiginlega hin sanna þýðíng, að þegar þíngið nú stýngi upp á launum fyrir embættismenn landsins, þá segði það eiginlega þetta: svona ætlum við að launa embættismönnum okkar, þegar við getum ráðið því sjálfir. En það er nú má ske ekki komið að því enn, og er því líklega vel snemmt, að lýsa þessu yfir; þegar að þessu kæmi, yrði líklega á margt að líta, og kann ske ekki helzt samanburðinn við embættismenn í Danmörku, þó hann sè, í öllu falli eins og nú stendur, mjög svo eðlilegur. Hvað nú áliti meira og minna hlutans í nefndinni viðvíkur, þá er það að eins formhlið málsins, sem þá á greinir um, og verð eg heldur að fallast á álit meira hlutans, og get ekki skilið, að stefna sú, sem meiri hlutinn hefir tekið, skaði neitt málið, þar sem ekkert er dregið úr jafnrèttisheimtíngunni; og hvort sem minni hlutinn og breytíngaratkvæðin spilla eður bæta, vona eg, að aldrei fari svo, að íslenzku embættismennirnir fái minna, en stúngið er upp á í frumvarpinu; enda hafa sumir hinir háttvirtu þíngmenn, sem hèr eiga hlut að máli, látið hèr í ljósi, að þeir væri ánægðir, ef svo færi.

Guðmundur Brandsson: „Það er gott að gjöra vel, og hitta

sjálfan sig fyrir". Það mun ekki vera farið þess á leit, að embættismennirnir fái launaviðbót ástæðulaust, því þeir munu hafa þess fulla þörf. Þeir hafa líka opt fylgt okkur í þjóðmálefnum, og þá ættum við líka að fylgja þeim í þeim málum, sem þeim við koma, og þó að embættismennirnir sumir ekki hafi viljað trúa þingmönnum fyrir fjárhagsmálefnum Íslands, þá er nú bezt, að við sýnum, að okkur sè þó trúandi fyrir þeim; embættismennirnir hafa að vísu litla tiltrú haft til þingsins hingað til, heldur til stjórnarinnar og ríkisþingsins í Danmörku, sem þeir hafa sent bænarskrár um launaviðbætur, og hafa þeir þó í sumu öðru tilliti verið mjög varasamir, að snerta ríkissjóðinn. Það er reyndar satt, að alþingi hefir ekki haft ráð á fjárhagsmálefnum Íslands, en þeir stuðluðu ekki til þess, að þingið feingi það, og var atkvæðagreiðsla sumra þeirra í fjárhagsmálinu 1857 ljósasti votturinn um slíkt; en mèr sýnist samt, að þegar ríkisdagurinn ber það undir þingið, hvort hækka skuli laun embættismannanna, þá eigum vèr að sýna, að vèr sèum menn við embættismenn vora, og þó það hafi verið sagt, að það sè að taka fè úr annara vösum, að vísa á ríkissjóðinn, þá er það ekki víst, ef rètt er að gáð, hver tekur fè úr annara vösum, hvort það eru Íslendíngar eða Danir, því slíkir reikníngar eru enn ekki fullskoðaðir, og því síður samþykktir af Íslands hálfu; og vona eg, að þíngmenn sýni það nú, að þeir vilji hlynna að embættismönnum landsins. Meiri hlutinn hefir sýnt meiri tiltrú til ríkisþíngs Dana, en minni hlutinn, sem ekki treystir ríkisþínginu eða stjórninni til þess, að veita íslenzku embættismönnunum jafnrètti við hina dönsku. Fyrir meira hlutanum hefir vakað mismunurinn á ríkisembættismönnunum og landsembættismönnunum, sem svo hafa verið kallaðir síðan á þjóðfundinum, þegar stjórnin skoðaði landið eins og sveit eða hèrað í Danmörku, og vill því stuðla til, að þessir verði ekki settir á óæðra bekk, en embættismenn Dana, sem eru í líkri stöðu. Stjórnin og ríkisþíngið hefir nú með frumvarpi því, sem hún í þessu máli lagði fyrir alþíngi, játað ókunnugleika sinn á því, hvað hèr ætti við, þegar hún og þíng Dana treystist ekki til, upp á sitt eindæmi, að skamta embættismönnum hèr, svo í lagi færi, og því er það skylda vor, að svara einhverju eindregið, þegar við erum spurðir um þetta; en þó þessir ríkisembættismenn eða hirðmenn Danakonúngs, sem hafa haft og hafa mötuneyti með Dönum, sè traust og aðstoð stjórnarinnar, þá þurfum við samt þeirra við, eins og þeir þurfa vor. Þegar sagt hefir verið, að þetta fè væri tekið frá Dönum, þá get eg ekki sèð það, því stjórnin skoðar ríkissjóð-

inn eins og forðabúr alls ríkisins, og er þá fè þetta ekki fremur tekið frá Dönum, en okkur, og er því sanngjörn krafa meira hlutans, en það er að sjá, sem minni hluti nefndarinnar skoði Ísland sem nokkurs konar selstöðu frá Danmörku, og álítur, að stjórnin megi ekki gefa þeim vinnumönnum sínum, sem hèr eru, eins mikið kaup, eins og öðrum vinnumönnum sínum, sem hún heldur á heimabúinu. Ef nú meiri hlutinn fellur, vil eg samt þetta heldur, en ekki neitt; því eg trúi ekki stjórninni svo, að eg sè ekki hræddur um, að hún muni kann ske annars leggja mál þetta upp á hylluna. Ef embættismenn vorir líða skort, þá er það skylda vor, að hlynna að þeim, og því hefi eg geingið inn á minna hlutann til vara, ef meiri hlutinn fellur. Eg ætla nú ekki að minnast á öll breytíngaratkvæðin, sem komin eru fram í þessu máli, en breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga sýnist mèr vera nokkurs konar áframhald, eða útskýríng meira hluta nefndarinnar; því hann hefir stúngið upp á, að hækka laun þeirra hèr, samkvæmt því, sem er í Danmörku, og koma sum þeirra saman við breytíngaratkvæði mín og þíngmannsins úr Norður-Þíngeyjarsýslu, sem minni hlutinn einnig hefir geingið inn á, en sum þeirra mismuna líka töluvert; við hèldum nú, að embættismenn vorir mundi láta sèr lynda hið minna, þegar hið meira ekki gæti feingizt, og þess vegna miðuðum við ekki þessar okkar uppástúngur eingaungu við laun samkynja embættismanna í Danmörku. Vèr vildum að nokkru leyti nema af þann mikla mismun, sem er á launum hinna æðri og lægri embættismanna; því ef dýrtíðin er tilfinnanleg fyrir hina æðri, þá er hún það ekki síður fyrir hina lægri; en um lægstu embættismennina varð nokkur ágreiníngur; um saungkennara skólans urðum við á endanum á eitt sáttir, þó sumum sýndist, að laun hans mætti vera nokkru lægri, en hèr er upp á stúngið; en mèr sýnist það aðgætandi, að sá maður, sem nú er þar saungkennari, hefir orðið að sækja menntun sína erlendis, og sè það kostnaðarsamt fyrir aðra, að læra þar aðrar menntir, þá mun það ekki hafa verið kostnaðarlaust fyrir hann; það er líka auðvitað, að hann þarf að halda við menntun sinni, en til þess þarf hann að útvega sèr bækur og áhöld, og er það ekki kostnaðarlaust fyrir hann heldur en aðra; við verðum líka að gæta þess, að hann er sá fyrsti, sem brotið hefir ísinn með kennslu í þessari grein, og vil eg því ekki stuðla til þess, að hann sè hrakinn í burtu, og neyddur til, að sækja um lèlegt brauð, því eg álít það bæði rýrð og skaða fyrir Reykjavík; það er ekki heldur svo lítið varið í það, að hann kenni skólapiltum reglulegan

saung, því frá skólanum dreifist saungurinn aptur út, og kemst inn í alþýðulífið. Íslendíngar hafa líka verið sagðir þúnglyndir, og því kennt um, að hèr væri eingar skemmtanir, en eg þekki ekki þá skemmtun, sem sè skemmtilegri, eða saklausari, en fallegur saungur og hljóðfærasláttur samfara saungnum, og verð eg því að vera fastur á því, að þíngið gángi inn á uppástúngu mína, þó meiri hlutinn ekki hafi tekið það til greina, og það er ekki heldur eins hèr ástatt fyrir saungkennaranum, og saungkennurum í öðrum löndum; þeir geta þar unnið sèr mikið inn *privat*, og eins og haft er tillit til þess við laun stiptamtmannsins, að margir sæki hann heim, og að hann verði að taka rausnarlega við þeim, eins þykir mèr ekki ólíklegt, að margir muni sækja þann eina saungkennara, sem til er, heim, og væri það þá mjög ósamboðið list hans, ef hann ekki hefði efni til, að taka þeim vel; einkum meina eg þetta til útlendra, sem þykir mikið koma til alls þess, sem fagurt er og vel fer. Eg var nú einn á bandi með íþróttakennarann í skólanum, og þó þessar æfíngar sè nýstárlegar, þá eru þær þó nauðsynlegar í skóla, og æfa pilta í liðugleik og fimni, og þó sá kennari, sem nú er, sè útlendur, og hafi fleira við að styðjast, en laun þau ein, sem hann fær fyrir íþróttakennsluna, þá getur kennarinn seinna orðið innlendur, og þá getur vel verið, að glímurnar okkar gömlu lifni upp aptur, og óska eg þess, að svo verði, því þær eru þær einu menjar, sem við höfum eptir af okkar fornu íþróttum; en þess er nú lítil von sem stendur, því dansinn er meira metinn, þó hann sè bæði útlendur og óþjóðlegur. Um dyravörðinn voru menn samþykkir, og þíngmaður Reykvíkínga, sem er kennari við skólann, gekk inn á mína skoðun. Dyravörðurinn mun líka vera svo bundinn við sýslun sína, að hann mun ekki geta gjört sèr mikið annað til þarfa, og sjá þá allir, að honum muni ekki nægja 200 rd. Hvað snertir laun sýslumannsins í Gullbríngu- og Kjósarsýslu, þá hefir áður komið uppástúnga til þíngsins um, að ríflca laun hans, og voru þó tekjur hans meiri þá, en nú, því síðan hefir fèð fallið; en uppástúngan fèkk þá ekki framgáng, vegna þess, að þá komu svo mörg breytíngaratkvæði fram við það mál, og sem geingu í þá stefnu, að bæta laun annara sýslumanna. En það hefir verið játað, að þörf sè á, að hækka laun hans, og þar sem nú ekki er farið fram á, að hækka þau enn meir en rúma 100 rd., þá vona eg, að uppástúnga þessi verði samþykkt. Hvað lögregluþjónana snertir, þá hèlt hinn 4. konúngkjörni þíngmaður, að það mundi spilla fyrir málinu, að stínga upp á því, að þeir feingi

launaviðbót úr ríkissjóðnum, þar eð stjórnin skoðaði þá sem bæjarins þjóna, en ekki sem ríkisins þjóna; en allir sjá þó, hversu ónógir 150 rd. eru handa þeim, því þeir verða þó að vera bundnir við búsýslun sína, og gjöri eg ráð fyrir, að einginn vilji vera í stöðu þessari til leingdar, nema hann geti feingið launaviðbót. Þá er nú líka sakargjaldssjóðurinn og hafnarsjóðurinn að grípa til, og er ekki ómögulegt, að þeir geti feingið viðbót af þessum sjóðum, og tel eg víst, að land- og bæjarfógetinn hèr sjái einhver ráð til, að svo verði, eða þá aukin laun manna þessara á einhvern annan hátt. Eg hefi líka heyrt sagt, að einn lögregluþjónninn fái laun sín úr suðuramtsjafnaðarsjóðnum, og að menn álíti, að það sè með samþykki alþíngis, vegna þess að það samþykkti 1853, að kostnað þann, sem þyrfti til að framfylgja verzlunarlögunum skyldi greiða á þenna hátt, og þó ætla eg þetta ynnist á þínginu með einum atkvæðismun; það þótti nauðsynlegt, að bæta þessum eina þjóni við hèr í Reykjavík, af því búizt var við mikilli aðsókn útlendra; en mèr sýnist þessi þjónn vera meir í þarfir bæjarins, og hefði því átt að koma til álita alþíngis, hvort þessum lögregluþjóni ætti að borga af jafnaðarsjóðnum, en stjórnin hefir ekki lagt það fyrir þíngið og hefir hún þó lofað því; eg vona þess vegna, að þíngið hreifi þessu máli á ný, þar eð mèr sýnist að hafi verið farið utan við þíngið í því. Eg vildi að eins hreifa þessari athugasemd, ef menn skyldi geta sèð ráð til þess, að koma lagi á þetta.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg hafði nú aldrei fyrirbúizt, að gjöra mèr lángt nè strángt ómak, til að mæla fyrir viðaukaatkvæði mínu. Eg lèt í ljósi við undirbúníngsumræðuna skoðun mína á máli þessu, svo þíngmenn renna grun í, hver hún er. En þó eg hefði nú viljað mæla fyrir þessum viðauka, þá hefði eg ekki þótzt þurfa þess, því þó skráin sè nú nógu laung, og atkvæðin á henni bæði mörg og þarfleg, þá býst eg nú við, að ekkert þeirra sè nú svo vel statt, að eins margar sanngirnis- og rèttlætisástæður mæli með þeim, og þessu síðasta; hinum háttvirta *frumsögumanni* þótti það kann ske óskilfeingið, þar hèr væri ekki að tala um nema yfirvöld, og það þau, sem feingi laun sín úr ríkissjóðnum, en eg er nú ekki menntaður maður, en mèr þykir eingin vansæmd að fara eptir ritum og ályktunum háttupplýstra landshöfðíngja. Það mun einginn neita hinum lofsæla háyfirdómara Magnúsi sáluga konferenzráði í Viðey um menntun, vísdóm nè rèttdæmi, og hefir hann feillaust látið eptir sig ritað, að hreppstjórar eigi vafalaust að teljast með yfirvöld-

um; en eptir frumvarpinu, sem í þessu máli liggur hèrna á borðinu fyrir þínginu frá sjálfri stjórninni í þessu máli og ástæðum þess, þá virðist mèr, að hèr sè ekki að ræða um laun eingaungu embættismanna, heldur líka um sýslunarmanna, sjá ástæðurnar á bls. 5, og hvað eru hreppstjórarnir? Eru þeir þá ekki heldur sýslunarmenn stjórnarinnar? Að þeir fái ekki laun sín úr ríkissjóði, held eg mætti margt um tala; mig minnir að það væri þó það fyrsta og jafnvel það eina gjald, sem Íslendíngar hafa undirgeingizt að leggja í ríkissjóð eða á konúngsborð, það voru skattarnir; af þessu ríkissjóðsgjaldi hefir nú stjórnin miðlað launum hreppstjóranna, nefnilega eg trúi hún hafi ánafnað hverjum hreppstjóra 1 skatt (nú, það er annað mál, ef þínginu þykir ekkert þurfa að bæta við þessi háu laun); þó stjórnin hafi nú á síðari tímum gjört þá ráðstöfun, að skattarnir geingi til sýslumanna, þá er það gjald, sem sýslumenn svara eptir sýslurnar til ríkissjóðs (eða jarðabókasjóðsins), byggt á skattagjaldinu, og hefir stjórnin þar í tillit til þess, hvað mikið að hver sýslumaður missir í við skattfrelsi hreppstjóranna; þannig mætti margt mæla fyrir því, að hreppstjórar bæði fái laun sín úr ríkissjóði, sem sýslunarmenn konúngs, eða jafnvel mætti teljast með yfirvöldum, og þó helzt, að þeir þyrfti launabótar við; en af því að mál þetta, eptir því sem það liggur nú fyrir, gefur mèr einga sannfæríngarköllun, að mæla fyrir þessari breytíngaratkvæðarollu, þá vík eg mèr að áliti meira hlutans, og þykir það vera viðunandi, að það sè ekkert af þessari sèrstöku launaákvörðun, lifnaðarstöðu eða bústaðasetníngu embættismanna hèr, eptir því, sem nú horfir verk alþíngis, svo það aldrei geti komið í bága við það, sem því í eptirtíðinni kann að verða nauðsynlegt að gjöra; menn vita, að yfirvöld landsins, og það í manna minni, höfðu miklu minni laun, já, helmíngi minni laun en nú (eður þeir vilja nú hafa); menn muna líka, að þeir áttu þá einga búþraung og kveinuðu ekkert um sult eða seyru á sèr eða sínum; þeir bjuggu búum sínum í landinu, og björguðu sèr sjálfir og notuðu náttúrunnar gæði, hýstu tignarlega upp heimili sín, veittu hjálp og stórgjafir fátækum, og voru kraptar og stoð hèraða sinna, en lètu erfíngjum sínum eptir sig stóreignir standandi vítt út um land, og bar ekki á öðru, en embættin væri allt eins skörulega og rèttvíslega rækt og nú, að eg ekki vitni fram til biskupanna, sem þá voru 2 á landi, sem nú er einn, og þarf þó að fá hjálp; þá voru 3 amtmenn, Stefán Þórarinsson fyrir norðan, Stefán Stephensen á Hvítárvöllum og stiptamtmaður í Viðey. Þessir munu hafa þótt að gegndi fullvel

embættisköllun sinni, bæði í tilliti til stjórnarinnar og alþýðu, og voru þessir þó eingir þurfamenn stjórnarinnar eða smælingjar landsins; háyfirdómarinn bjó í Viðey, og þótti einginn húsgángur eða fátæklingur, og yfirdómurinn bar líka allt eins rètt höfuðið og nú, og voru þó launin lægri. Nú eru kjör allra þessara höfðingja sniðin eptir dönsku Kaupmannahafnarlagi; menn verða að búa hèr í selskap saman, í máluðum höllum á holtinu tómu; menn taka ekki brauð upp úr holtasteinunum, og þurfa því að hafa nóga launasummu, gulls- eða silfursummu, til að geta ausið út fyrir nauðsynjar sínar, er kaupmenn og aðrir selja þeim dýrara, en guð og náttúran; nú búast menn við, að stjórn landsins og fjárhagur þess komist í alþíngis höndur; gæti nú ekki skeð, að landsbúum þá virtist, að hèr væri ekki gull- nè silfurnámur; en hèr mætti bjargast við lands og sjávargæði eins og áður, og vildu kann ske þoka sumu aptur í gamla formið; væri þá ekki allt eins gott fyrir Íslendíngaþíng, að hafa ekkert bundið sig fyrirfram? Eg ætla því að halla mèr að áliti meira hlutans í öllum greinum, en ekki að standa upp fyrir neinu af þessum breytíngaratkvæðum.

Framsögumaður: Eg tók áðan fram hina almennu hlið þessa máls, en eg vil nú tala um þær uppástúngur, sem eg held, að hèr geti helzt komið til greina, því ef þíngmenn fara að fara út í allar hinar einstöku uppástúngur, þá yrði einginn endi á umræðunum. Meiníng meira hluta nefndarinnar var sú, að taka það skýrt fram, að hèr væri ekki farið fram á laun, heldur launaviðbót, og að þíngið vildi fylgja fram sanngirnisgrundvallarreglunni, en ekki fara fram á það, að stínga upp á einstökum launaviðbótum. Uppástúnga hins 3. konúngkjörna þíngmanns undir stafl. 2. er breytíngar- en ekki varaatkvæði, og ætti það að koma til atkvæða á undan stafl. 1. *b;* það er að meiníngunni til samkvæmt nefudarálitinu, og hefir nefndin því ekki á móti því, að það sè orðað eins og hinn 3. konúngkjörni þíngmaður hefir viljað orða það. Meira hlutanum er um það að gjöra, að jafnrèttisgrundvallarreglan standi. Nú þarf ekki að tala um neinar uppástúngur, fyr en kemur að breytíngaratkvæði þíngmanns Reykvíkínga, undir 5. tölul., og er sá einn munur á því, og uppástúngu nefndarinnar, að þar sem nefndin fer því fram, að launaviðbótin komi fram sem fyrst, þá hefir þíngmaður Reykvíkínga til tekið vissan dag, hinn 1. d. aprílm. 1860, og er meiri hlutinn ekki á móti þessu; að öðru leyti hefir ekki komið neitt fram í þíngræðunum, sem eg þarf að tala um; að eins þegar talað er um vandræði af

launahækkuninni, þá held eg, eptir því, sem hinn 4. konúngkjörni þíngmaður hefir skýrt frá, að það þurfi ekki að hræða neinn. Danmörk skýtur ekki neinu verulegu til launabótarinnar, þó hún væri veitt sem fyrst, og þó það ætti að leggjast á okkur, þá er það annaðhvort, að við erum færir um, að bera okkur eða ekki. Það er undarlegt, sem eg heyri nú, og hefi stundum heyrt áður, að bændur æskja eptir, að embættismenn taki jarðir og hafi bú. Ef eg væri bóndi, þá vildi eg sízt af öllu, að embættismenn sæti á jörðunum, þar vildi eg sjálfur búa, og þar vildi eg að bændur byggi, en eg vildi láta embættismenn lifa af launum sínum og kaupa af vinnu bændanna og afla þeirra, því þetta er aptur til styrkíngar atvinnuvegunum; laun embættismannanna gánga þá aptur í hendur landsmanna, og eru bændum til verulegs ábata. Þess vegna er alþýðu einginn skaði, þegar á allt er litið, þó embættismönnum sè ríflega launað. Eg skil ekki, til hvers góðs embættismennirnir með sauðakvöðunum og lambakvöðunum hafa verið eða eru, eins og þeir voru áður, og sýnist mèr bændur ætti að athuga það, hvort ekki sè betra, að þeir hafi sjálfir jarðirnar og búin, en embættismennirnir peníngana. Hinn háttvirti þíngmaður Norður-Múlasýslu sagðist vilja hafa tillit til jafnrèttis milli embættismannanna í landinu innbyrðis, en eins og þíngmaðurinn sèr, fer málið með þessu í allt aðra stefnu, en nú er á því frá stjórninni; sú rètta grundvallarskoðun er, að jafna þeim embættismönnum hèr á landi saman, sem fá laun úr ríkissjóðnum, við aðra embættismenn, sem einnig fá laun úr ríkissjóðnum, en ekki saman við þá, sem er launað öðruvísi. Nú getum vèr ekki sagt, hvernig fyrirkomulagið mundi verða, ef vèr feingjum ráð á fjárhag vorum, en þó þessir embættismenn feingi jafnrètti, er samt einginn háski búinn. Ef að sumir sýslumennirnir hafa 2—3,000 rd. í laun, þá er það ekki ofmikið, þó amtmennirnir feingi 5—6,000 rd. í laun. Það er ekki heldur of mikið, þó forstöðumaður prestaskólans feingi 1,800 rd. í laun, þegar mörg brauð nú gefa af sèr 600—800—1,000 rd. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu sýndi það ljóslega í ræðu sinni, hversu viðsjált það er, að gánga mikið út í hið einstaka í þessu máli, þegar hann fór að tala um borðpeníngа handa saungkennara skólans. Eg held yfir höfuð að tala, að það væri bezt fyrir embættismennina sjálfa, að vera eindregnir á jafnrèttisreglunni, því þá gæti fyrst verið nokkur kraptur í tillögum alþíngis, en mèr þykir óvíst, hvort meira vinnst með því, að fylgja fram þessum

einstöku atriðum og uppástúngum; eg hefi fyrir mitt leyti meira traust á eindreginni og fastri grundvallarreglu.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ekki tala um þau einstöku atriði, sem atkvæðaskráin í þessu máli inniheldur, en þar á móti gjöra fáeinar almennar athugasemdir um málið. Aðalþýðing þess, að stjórnin hefir sent hingað frumvarp það, sem hèr er um að ræða, er sú, að leggja þá spurníngu fyrir þíngið, hvort embættismennirnir hèr á landi þurfi launaviðbótar við eða ekki; hvar hjá stjórnin hefir til tekið vissa launaupphæð, sem hún álítur hæfilega fyrir þá embættismenn, sem frumvarpið nær til, og þetta gefur þínginu ómótmælanlegan rètt, til að stínga upp á breytíngaratkvæðum við uppástúngur frumvarpsins. Þessari spurníngu stjórnarinnar um nauðsyn launabótanna hefir nú öll nefndin, bæði meiri og minni hlutinn, skýlauslega játað; og þó meiníng meira hlutans, eptir niðurlagsatriðunum í álitssjali hans, kynni að virðast nokkuð efasöm, þar sem nefndarálitið ræður frá, að gjöra frumvarpið að lögum, þá sýnir þó bæði þráðurinn í áliti meira hlutans, og sèr í lagi ræður hins háttvirta *framsögumanns,* að það einnig er eindregin meiníng meira hlutans, að mæla fram með því, að embættismennirnir fái launaviðbót. Minni hlutinn fer einnig fram á sama; en mátinn, sem minni hlutinn fylgir, er frábrugðinn þeim, sem meiri hlutinn hefir ráðið til. Meiri hlutinn fer því á flot, að embættismennirnir hèr á landi skuli fá jafn-há laun, eins og samkynja embættismenn í Danmörku, eða skuli njóta í þessu tilliti þess, sem meiri hlutinn kallar jafnrètti. Þenna máta get eg ekki vel aðhyllzt, bæði vegna þess, að jafnrètti þetta færir það með sèr, að launin fyrir marga embættismenn hèr yrði hærri, en nauðsyn krefur, og líka af því, að máti sá, sem meiri hlutinn stíngur upp á, að til taka launin hvert ár í fjárhagslögunum með færir minni vissu fyrrir embættismennina, en ef þau væri fast ákveðin í launalögum fyrir Ísland, eins og stjórnin hefir ætlazt til. Eg vildi því heldur ráða hinu heiðraða þíngi til, að aðhyllast uppástúngur minna hlutans, sem fara fram á, að frumvarpið verði gjört að lögum, með þeim breytíngum, sem stúngið er upp á við þess einstöku greinar. Loksins skal eg geta þess, að hèr getur einúngis verið spursmál um þá embættismenn, sem fá laun sín úr ríkissjóðnum, en ekki um þá, er fá laun sín á annan hátt.

Framsögumaður: Eg er samdóma hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* í því, að aðalþýðing frumvarpsins sè sú, að spyrja alþíngi að, hversu launahækkun sú, sem farið er fram á, sè hæfileg; þessu hefir

nú og meiri hlutinn svarað. Stjórninni getur ekki verið um það að gjöra, að fá einhverjar ákveðnar summur, því gjörum vèr ekki að stínga upp á, heldur stjórnin; en það, sem stjórnin hlýtur að vilja vita, er það, hvort þingið vilji ekki benda henni á neitt, er ætti að taka til greina, þá er hún ákveður launahækkunina eða stíngur upp á henni. Meiri hlutinn gefur nú að minni hyggju hið eina rètta svar, er hann segir þinginu, að hann sakni jafnrèttis í frumvarpinu, og leggi þess vegna til, að þingið fylgi þessari jafnrèttisgrundvallarreglu fram, en bendi ekki stjórninni í ýmsar áttir. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að það væri ekki nein hætta, þó launaviðbótin væri til tekin á fjárhagslögunum, og er það satt, því það er eingin hætta við hvorugt; menn mundi í síðustu lög fara að draga af launum embættismanna til sparnaðar, að minnsta kosti veit eg ekki til, að það hafi nokkurn tíma skeð. Viðvíkjandi því, að gjöra frumvarpið að lögum, sem varauppástúngu, þá er eg hræddur um það geti ekki samrýmzt eptir atkvæðaskránni, og eg verð að mótmæla því, þar eg er í efa um, að þíngmenn geti gefið atkvæði um hinar einstöku launahækkanir með rökum. Eg er ekki að gegnumgánga alla atkvæðaskrána, því vèr höfum ekki feingið tíma til, að hugsa svo grandgæfilega í þá stefnu, að vèr getum sagt neitt verulegt um hvert einstakt atriði, en vèr getum einúngis sagt það, að það er betra, að fylgja föstum grundvallarreglum, en að gefa atkvæði sín rètt út í loptið. Hèr er ekki heldur á þinginu nema ein atkvæðagreiðsla, og er því ómögulegt, að leiðrètta þá galla, sem kunna að koma á við atkvæðagreiðsluna. Ef menn ætluðu sèr nákvæmlega að jafna niður laununum, þá þyrfti að minnsta kosti tvær atkvæðagreiðslur, til þess að menn við hina seinni gæti jafnað þær ójöfnur, sem kæmi á við hina fyrri, en þetta leyfa ekki þingsköp alþingis.

H. Kr. Friðriksson: Eg hefi æfinlega verið á þeirri skoðun, að embættismennirnir ætti að vera vel launaðir, því bæði er það gagn fyrir landið, og því að eins geta menn búizt við, að þeir gegni vel skyldum sínum, að þeir ekki þurfi að vera að hugsa um allt annað. Mèr kom mjög svo á óvart ræða þíngmanns Mýramanna, er hann vildi, að stiptamtmaður og biskup skyldi fara aptur að búa uppi í sveit. Mèr sýnist menn eiga að launa svo vel embættismönnunum, að þeir þurfi ekki að hugsa um annað, en embætti sitt; sum breytíngaratkvæðin veit eg ekki, hvað við á að gjöra; eg held þau sè sett í spaugi, svo sem breytíngaratkvæði þíngmanns Mýramanna

undir 28. tölul. stafl. *f*. Eg held hann hafi verið að hugsa um það, að hreppstjórarnir feingi svo mikið að gjöra, þegar þeir ætti að fara að safna vegabótagjaldinu í hreppunum eptir uppástúngu hans. En eg held, að hann hefði þá heldur átt að losa þá við þenna starfa, nema ef hann skyldi hafa hugsað, að hreppstjórar feingi *prócentur* af því, sem þeir söfnuðu. Eins og meiri hluti nefndarinnar vildi eg, að embættismenn hèr hefði jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku. En eg óskaði helzt, að þessi laun yrði tekin skýrt fram; eg sè reyndar, að viðaukaatkvæði mitt getur verið óþarft, ef þetta jafnrètti verður tekið skýrt fram í álitsskjalinu, í ástæðunum fyrir jafnrèttinu, og þar tekið fram, hversu mikil laun hver skuli hafa. Þessi laun eru ekki heldur of há, og eg held eingum þyki þau of há, nema, ef til vill, amtmanninum í vesturamtinu og hinum háttvirta 3. konúngkjörna þíngmanni, og skal eg þá ekki vera að neyða fè upp á þá; mèr hefir leingi verið slett því í nasir, að eg væri óspar á fè, en eg hèlt sízt, að embættismenn mundi sletta mèr því í nasir, er um þeirra eiginn hag væri að ræða. Eg held, að það sè ekki heldur of mikið, þó amtmaðurinn í Stykkishólmi og á Akureyri hafi hvor um sig 2,600 rd. í laun, því það er sannarlega ekki of mikið, þegar menn gæta að þeim kostnaði, sem þeir verða að hafa, til þess að lifa samkvæmt stöðu sinni. Eg veit ekki heldur, hvers vegna amtmennirnir hèr eiga að hafa minni laun, en amtmennirnir í Danmörku, því það er ekki ódýrara, að lifa hèr í Reykjavík, en á landsbyggðinni í Danmörku, og gott, ef það er ekki dýrara. Flestar nauðsynjavörur verða menn nú að fá frá útlöndum, og hið eina, sem er sanngjarnara hèr, er húsaleiga; annars hefi eg í uppstúngum mínum fylgt nákvæmlega meira hluta nefndarinnar, eptir því, sem eg vissi bezt; en ef það er í einhverju frábrugðið, þá er það af því eg ekki vissi betur, nema þar, sem öðruvísi er ástatt hèr en í Danmörku, svo sem er um kennarana við skólann, sem verða að hafa hærri laun, en skólakennarar í Danmörku, því margir kennarar í Danmörku eru að eins við skólana fáein ár, og fá svo á eptir betri embætti; en fyrir kennarana hèr er það miklu óhægra, og er þeim vorkunn, þótt þeir hiki sèr við, að sækja um prestaköll upp í sveit, er þeir eru búnir að vera hèr í nokkur ár; og svo er það líka, að þeir hèr geta að eins lítið unnið sèr inn utan um. Allir þeir, sem eg hefi tekið fram, eru embættismennn, er fá laun úr ríkissjóðnum, nema sýslumaðurinn í Gullbríngusýslu og dómkirkjupresturinn, og hefir hèr áður á þíngi verið

talað um sýslumanninn í Gullbríngusýslu, og voru allir því samdóma, að laun hans væri ekki lífvænleg, en þar sem þeir þó ekki fèllust á, að laun hans væri hækkuð, þá var það af öðrum ástæðum. Öðruvísi er ástatt með dómkirkjuprestinn, og eru þeir 1,000 rd., sem hann hefir í laun, of lítið, þar sem hann nú hefir mjög annríkt og mikið að annast, og vona eg því, að þíngið gefi þeirri uppástúngu minni góðan gaum.

Jón Hjaltalín: Allt af gellur hið sama við hjá *framsögumanni,* sanngirni, jafnrètti; það er það, sem við embættismennirnir eigum að lifa af, en þó það sè mjúkt og ljúffeingt, held eg það standi eigi vel undir. Eg stóla sjálfur ekki mikið upp á þetta jafnrètti; ef þíngmaður Ísfirðínga gæti snúið ríkisdeginum, þá hefði það nokkuð að þýða, en það held eg hann geti nú ekki, og þá verður nú sanngirni og jafnrètti hæglega misskilið, og lítið til að lifa af. Embættismennirir tóku sig hèr saman í fyrra og skrifuðu konúngi til, en ekki ríkisdeginum, og brýndu fyrir honum þetta jafnrètti; þetta kom nú svo til, að við vitum ekki, hvers biðja ber, því stundum er okkur vísað til konúngs, og stundum til *„ministersins“*; það er að sjá af frumvarpi stjórnarinnar, að *„ministerinn“* hafi ekki skilið þetta jafnrètti, því nú vill hann heyra, hvað alþíngi segir, og hvað gjörir alþíngi? Það bendir á jafnrètti, eins og embættismennirnir, og eg veit ekki, hvernig *„ministerinn“* getur betur skilið þetta jafnrètti nú, en áður. Við tókum það skýrt fram með ljósum reikníngum, að það væri nú helmíngi dýrara, að lifa hèr, en fyrir 30 árum síðan, og íslenzkir embættismenn hefði ekki áður verið svo vellauðugir, þegar þeir skildu við, eptir að hafa mátt þola húngurvöku svo og svo leingi, sem ekki batnar nú, þegar þarfir manna aukast, og allar nauðsynjar eru orðnar dýrari. Eg man eptir því hèr fyrir 30 árum, að menn komu með smjörpínklana hèr ofan úr sveitum, og ætluðu varla að fá 12 sk. fyrir pundið, en nú er smjörið meir en helmíngi dýrara, og svona er margt fleira. En getur nú þíngið ætlazt til, að við höfum traust á þessu optnefnda jafnrètti, sem hefir verið að flækjast fram og aptur, þegar þetta frumvarp kemur frá stjórninni? Nefndin vill, að þíngið segi: Íslendíngar geta ekki átt við það, heldur mælast þeir til, að embættismennirnir bíði, þángað til vèr sjálfir fáum fjárforráð vor. Já, þarna kom nú hnúturinn; ætla að þíng Dana fái nú eigi þá andagipt, að spyrja alþíngi: hvað ætlið þið að borga hinum fyrsta embættismanni okkar og ykkar, sumsè konúngi vorum? Hann fær þó hjá ykkur án efa 20—30,000 rd.?

Minna má það ekki vera, og þegar þið eigið að gjöra það, þá fer nú að þýngja í búi, en þetta býður þó sanngirnin. Eg held því, að menn ætti ekki að fara að hreifa við henni, eða kröfunni til fjárforráða okkar, því þegar við eigum að fara að bera okkur sjálfir, þá megum við ekki gleyma konúnginum. Þetta höfum við af biðinni þíngmanns Mýramanna, og mèr dettur nú í hug Magnús sálarháski, þegar hann kom að bæ einum, og var úthýst með þeim orðum, að dagur væri til næsta bæjar, þá sagði hann: „þú átt hvorki daginn nè bæinn"; vèr embættismennirnir höfum nú beðið og beðið nógu leingi, og ef við eigum enn þá að bíða, þángað til fjárhagsgrauturinn er soðinn, þá held eg einhver verði soltinn, um það hann er tekinn af eldinum, og hvernig sem allt fer, óttast eg og fyrir, að hann verði sángur. Eg held við þökkuðum fyrir eitthvað, heldur en ekkert; en eg held þessi sanngirni verði ofur lètt í magann. Eg veit ekki, hvort aðrir embættisbræður mínir hugsa þannig, en svona hugsa eg, og mèr finnst það vera skylda fyrir oss, að segja þetta, og þetta vil eg, að þíngið hafi hugfast. Þessi bið og dráttur kemur þó að enda, þegar fjárhagslöggjöfin kemur, en nær verður það? Ætli það verði fyr en einhvern tíma og einhvern tíma, þegar margir af oss erum farnir til feðra vorra. Menn ímynda sèr, að Danir muni gjöra oss sem mest tillag af því við þurfum þess, en Danir hafa viðurkennt við mig, að þeir ekki leggi Íslandi neitt, því þeir segja: „þó við skjótum til Íslands, þá á Ísland hjá okkur". En þegar ekki er sendur viss reikníngur, þá efast eg um, að *framsögumaður* muni samt geta komið ríkisþínginu í skilníng um það, að við eigum hjá Dönum. Líka verða menn að gæta að því, að því minna, sem við þurfum með, þess minna þurfum við frá Danmörku, þegar fjárhagur Íslands og Danmerkur verður að skilinn; þetta vakti án efa fyrir þíngmanni Borgfirðínga, og skil eg það vel, og vona líka, að fleiri þíngmenn skilji það; en mèr heyrast sumir bændurnir ekki skilja það; það kann nú samt að vera, að vèr nú stöndum upp fyrir því, hvort vèr fáum 10 eða 12,000 rd. meira af Dönum að nokkrum árum liðnum upp í það, sem vèr *þykjumst* eiga hjá þeim. Eg óttast nú, að sumir sè svo hrifnir af jafnrètti, að þeir verða líklega svo þúngir á sèr, að það sè ekki víst, að þeir lopti sèr; það hefir verið talað um bið og þolinmæði, og það eru nú að vísu kristilegar dyggðir, en biðin er örðug, og það jafnvel fyrir kristna menn, ef hún er of laung, og menn lifa ekki á voninni til leingdar. 1. og 2. atriði meira hlutans er til að salta allt saman frumvarpið, utan minna

hlutann, sem vildi brjótast eitthvað áfram, og ekki senda allt aptur í nasirnar á ríkisþínginu með þessum sanngirnistillögum; það vill svo til, að nokkrir hafa orðið út undan, þegar vegið hefir verið á þessa sanngirnisvog, t. a. m. dómkirkjupresturinn okkar, sýslumaðurinn o. fl.; það munar nokkrum 100 rd., sem ríkisþínginu kann ske þætti gott að spara, ef það ætlar ekki líka að kasta í okkur þessari tómu sanngirni. En þessir menn þurfa líka að lifa; og menntamennirnir mega skammast sín og roðna, þegar bændurnir sjá sig neydda til, að minnast á þá. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu þekkir líklega ekki jafnrèttislögmálið, og því þykir honum bezt, að segja með berum orðum, og sjá, hvort sanngirnistilfinníngin er svo sterk, að hún eyðilegði ríkissjóðinn. Það er þó bágt, ef presturinn okkar og saungkennarinn yrði öldúngis út undan, og vona eg, að menntaðir menn vorkenni oss, þegar við missum þenna eina mann, sem kennir lög. Þegar stjórnin tekur þetta að sèr, án þess til tekið sè, hvað mikið þessir menn eigi að hafa, þá er eg hræddur um, að þeir verði algjörlega út undan, því menn geta eigi vænt, að stjórnin setji sig inn í hvað eina, þegar þíngið gjörir það eigi. Allt nefndarálitið virðist mèr að vera vífileingjur og grautur, sem einginn skilur í, í staðinn fyrir frumvarpið frá stjórninni, sem ekki þurfti annað að gjöra við, en bæta við það fáeinum tölum. Ef uppástúnga minna hlutans ekki geingur í gegnum, þá er málinu að minni meiníngu eytt, og launaviðbótinni líka. *Framsögumaður* mun nú koma í svari sínu með lánga rollu og fyrirlestra út af sanngirni og öllu því förunevti, sem hann hefir gefið henni til fylgdar, en eg vona menn láti það ekki villa sig. Eins og þetta jafnrèttis- og rèttsýnisnefndarálit nú er undir búið, þá held eg, að bezt passi upp á það hinn danski málsháttur: *„Höflighed koster ikke Penge“*, og hinn háttvirti *framsögumaður* veit varla af því, er af því flýtur; hann meinar það allt ofurvel, því hann segir: „Vermið yður og mettið, og lifið á sanngirni“, en hann veit líka, að það má teygja þetta orð og toga, svo það getur orðið óbilug heingíngaról og húngurband úr því. Eg gæti nærri því óskað, að síra Sæmundur sál. Hólm væri risinn upp úr gröf sinni, til að búa til einhverja húngurvöku úr þessu öllu saman. Þèr munuð nú fá að heyra svo litla ögn frá hinum hávirta *framsögumanni*, en eg vona, að einhver verði til, að verma hann svo lítið í þessum sanngirnisofni hans, áður en lýkur. Eg vona, að þíngmenn sjái, að hèr er um verulegt að gjöra, hvort embættismennirnir eiga að hafa verulegt kaup eður ekki; eg ætla

ekki að fara út í þessi viðauka- og breytíngaratkvæði; eg halla mèr að minna hluta nefndarinnar, en ef meiri hlutinn sigrar, sný eg mèr að atkvæði þíngmannsins úr Reykjavík, til þess að hafa eitthvert akkeri að kasta í botninn, þegar eg sè, að okkur ætlar að reka svona fyrir vindi og veðri. Það, sem eg mest óttast, er, að akkerið festi naumast í þessum jafnrèttissandbotni nefndarinnar, og því ætla eg, þegar akkerið bilar, að renna upp á þessa vonarvík minna hlutans; þar fær maður þó einhverja landtöku, og má ske víst hæli, ef vel vill verkast.

Stefán Jónsson: Við undirbúníngsumræðu þessa máls hèlt eg, að óánægja væri meðal manna móti meira hluta nefndarinnar, af því að þeir hèldi, að ef meiri hlutinn yrði samþykktur, þá mundi málið dragast og ekki verða að neinu liði, en mèr sýnist þetta geta jafnazt, þegar að hinn háttvirti *framsögumaður* vill gánga inn á uppástúnguna tölul. 2. og 5., nefnilega, að til taka daginn, að það skuli byrja 1. apríl 1860. Eg var áður í vafa um, með hverju eg ætti að gefa atkvæði mitt. En nú sýnist mèr ekkert áhorfsmál, að gefa atkvæði sitt með meira hlutanum, þegar þessi bót er feingin. Það hefir reyndar margt verið talað um orðin „jafnrètti og sanngirni", en mèr finnst þau ekki vera til að spauga með, og þó menn segi, að þau sè lètt í vasa, þá er líka svo um öll orð, en hvort þau verða lèttari en önnur með launaviðbótina, læt eg ósagt. Mèr finnst þau orð vera of þýðíngarmikil til að kasta þúngum steini á þá, sem hafa þau á vörunum, því rèttur og sanngirni eru þó þau orð, sem eiga að leiðbeina manni í breytni sinni við náúngann.

Páll Sigurðsson: Mèr þótti sem nefndarmanni bæði sorgleg og hlægileg tala hins 6. konúngkjörna þíngmanns, því að hann barðist svo að kalla með hnúum og knjám á móti nefndinni, og einmitt því, sem henni þótti dýrmætast, jafnrètti og sanngirni. Skyldi hann ekki vilja fá sanngjörn laun? Það hefir verið marg-sagt, að embættismenn okkar sè embættismenn stjórnarinnar, og hún hefir skamtað þeim launin; nú eiga þeir að fá viðbót við þau; eg veit reyndar ekki, hvort þeir hafa sjálfir beðið ríkisdaginn eða stjórnina, eða hvorttveggja. Nefndin hafði ekki undir höndum upplýsíngar um, hvað há laun embættismannanna eru í Danmörku, og því þótti henni rèttast, að biðja um jafnrèttið við danska embættismenn. Mig furðar því stórlega á, að íslenzkir embættismenn skuli vera á móti þessu, þó að launaupphæðin væri ekki ákveðin. Hinn 6. konúngkjörni þíngmaður sagði, að smjörið væri nú orðið 40 sk., og því væri nú þörf

að hækkuð yrði launin; en það er ekki sagt, nema smjörið má ske kosti 1 rd. árið 1861, og þá er eg hræddur um, að þau laun, sem nú eru ákveðin með tölum þyki vera lítil. Eg sè því ekkert annað sanngjarnara, en það, sem meiri hluti nefndarinnar fer fram, að embættismennirnir fái jafnrètti við samkynja embættismenn Dana, því þeir eru þó eins og í hirð Danakonúngs, og ekki hafa þeir erft það af hinum fornu Íslendíngum, að biðja þess sjálfir, að þeir væri minna metnir við hirð útlendra konúnga, en aðrir; en nú vilja þeir breyta öllu í tölur, og standa lángt frá, eins og jarlar Haraldar hins hárfagra urðu að lúta fyrir sonum hans, en eg er svo ærukær þeirra vegna, að eg get ekki unað við það. En þegar menn til taka upphæðina með tölum, þá kemur fyrst ósamkvæmnin í ljós. Meiri hlutinn áleit sjálfsagt, að láta stjórnina sjálfa ákveða laun þau, er henni þætti samboðin stöðu embættismanna vorra, og skil eg ekki í, að þíngið geti komizt inn á aðra betri grundvallaraðferð, og eg hefi ekki enn getað sannfærzt um annað af ræðum þíngmanna, og sízt af tölu hins háttvirta 6. konúngkjörna þíngmanns. Þegar talað er um fjárhagsmálið, þá álít eg vera þessa aðferð bezta, því þegar menn taka ekki til tölur, þá er eingin skuldbindíng af okkar hendi við embættismennina, að láta þá hafa hin sömu laun, og þegar þeir voru embættismenn Danmerkur stjórnar, og þá getum við vitanlega sniðið okkur stakk eptir vexti, og sú launaupphæð, sem nú sýnist nægileg, nær má ske eingri átt að 4 árum liðnum; þá getur annaðhvort verið komin hin mesta dýrtíð, eða þá líka mikið batnað í ári, og þá þyrfti að haga sèr eptir því, þegar ákveða ætti laun þeirra embættismanna, er fá þau í peníngum til vissrar upphæðar; það verður að vera á síðelldum breytíngum.

Ólafur Jónsson: Eg hefði ekki tekið til máls í þessu máli, ef hinn heiðraði þíngmaður Skagfirðínga hefði ekki um daginn gefið tilefni til þess í ræðu sinni, er hann hèlt þá; hann sagði, að bændurnir hèr á þínginu ætti nú að sýna, að þeir vildi fara vel með embættismenn sína, og því ætti þeir að greiða atkvæði fyrir áliti minna hlutans í nefndinni, en ef þeir gjörði það ekki, þá sýndi þeir, að þeir ekkert skeytti um hag embættismanna sinna. Hinn 4. konúngkjörni þíngmaður, og einkum þíngmaður Ísfirðínga hefir nú svo ljóslega sýnt fram á það, að þetta mál kemur ekkert í bága við hagsmuni bændanna, að eg finn einga þörf á, að taka það upp aptur, og af þessu flýtur, að hinn heiðraði þíngmaður Skagfirðínga ekki getur sagt, að við bændurnir ekkert skeytum um hag embættismann-

anna, þó svo færi að einhverjir af okkur greiddum atkvæði fyrir á-liti meira hlutans. Það er viðurkennt, bæði af meira og minna hlutanum, að embættismenn á Íslandi eigi réttvísa kröfu til þess, að fá jafnrètti með samslags embættismönnum í Danmörk, og þessu fer nú meiri hlutinn fram, án þess að ákveða nokkra vissa upphæð handa embættismönnunum hèr; þar á móti ákveður minni hlutinn vissa upphæð í peningum, sem þó, eptir því sem ræðurnar hafa hèr fallið, eingan veginn er jafnrètti. Mèr dettur nú ekki í hug, að lá þeim embættismönnum, sem halda, að með uppástúngu meira hlutans ávinnist ekkert, þó þeir vilji heldur, að þíngið aðhyllist minna hlutans uppástúngu, ef þeir halda, að með því ávinnist þó nokkuð; en ef sú uppástúnga ekki miðar til þess, að ná jafnrètti, þá veit eg ekki, hvort það væri rètt gjört af þínginu, að aðhyllast hana; því úr því búið væri með lögum að ákveða laun allra embættismanna hèr, mundi verða erfiðara að fá því breytt, og gæti eg þá vel ímyndað mèr, að þeir embættismenn, sem síðar koma hèr, þökkuðu þínginu lítið fyrir frammistöðuna. Það hefir líka komið fram töluverður meiníngamunur í þessu máli, því það, sem sumir álíta næg laun, álíta aptur aðrir mikið of lítið, og held eg þíngið eigi nú bágt með að ákveða þetta, svo að mátulegt sè. Bændur vilja fara vel með embættismenn sína, og að þeir fái sem bezt kjör, og því verð eg aldeilis að afbiðja mèr og öðrum bændum þá ályktun, hvernig svo sem atkvæðin falla, að við ekki hirðum um hagsmuni embættismannanna. Því, sem hinn heiðraði *framsögumaður* sagði áðan, að meðalprestaköll hèr á landi næði frá 600—1,000 rd. verð eg að mótmæla, og er eg viss um, að honum er þetta fullkunnugt.

Sveinn Skúlason: Við undirbúníngsumræðuna lèt eg það í ljósi, að mèr að forminu til líkaði betur við meira hluta nefndarinnar, en eptir þeim upplýsíngum, sem eg hefi síðar feingið, þá er eg nú heldur á máli minna hlutans, ef hann kynni að styrkja til að flýta fyrir málefni þessu. Mig furðar á því, að meiri og minni hlutinn skuli ekki hafa getað samrýmzt, því að mèr finnst breytíngaratkvæði minna hlutans, en þó einkum þíngmannsins frá Reykjavík ekki vera annað, en nákvæmari ákvörðun á uppástúngum meira hlutans. Það er reyndar auðvitað, að uppástúngunni um jafnrètti verður ekki alstaðar fylgt, t. d. um kennarana við latínuskólann; sumir hafa tekið það fram, að meiri hlutinn væri betri, ef harðnaði í ári, en mèr finnst það eingin veruleg ástæða vera, því ef slíkt bæri að höndum, þá mundi stjórnin og þíngið breyta launununum. Viðvíkjandi

síðustu atriðunum, þá vil eg geta þess, að eg gef alls ekki atkvæði mitt fyrir því, að íþróttakennarinn fái nokkur laun, neina með því móti, að hann kenni glímur, því eg held, að skólapiltar hafi ekki mikið gagn af þessu danska *klifri*. Allt, sem hèr er um sýslumenn, presta og hreppstjóra, er alveg ofaukið.

Konúngsfulltrúi: Út af því, er hinn heiðraði þingmaður frá Norður-Þingeyjarsýslu nú talaði, skal eg benda þinginu til þess, að viðaukaatkvæðin undir tölulið 4. eru eigi annað en útskýring yfir það, sem liggur í 2. uppástúnguatriði meira hlutans, sem hèr er undir tölulið 3. á atkvæðaskránni. Þessi viðaukaatkvæði til taka þá launaupphæð í tölum, sem fólgin er í uppástúngu meira hlutans, svo að ef menn fella viðaukaatkvæðin, þá verður uppástúnga meira hlutans öldúngis þýðingarlaus.

Forseti: Út af því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* nú hreifði, vil eg leyfa mèr að geta þess, að eg get reyndar ekki sèð, að uppástúnga meira hlutans tölul. 3. yrði þýðingarlaus, þó menn samþykkti hann, en felldi aptur tölul. 4.; samband þeirra er að vísu nokkurt, en eigi virðist mèr það svo ríkt, að þessar uppástúngur hljóti að standa eða falla hver með annari, þó að eg sjálfsagt verði að álíta tölul. 4. fallinn, ef tölul. 3 væri felldur; því tölul. 4. bindur sig einmitt við tölul. 3., en þessi tölul. á alls ekki við uppástúngurnar í tölul. 4., heldur inniheldur hann alveg sèrstaka uppástúngu.

Vilhjálmur Finsen: Eg vil leyfa mèr að benda til þess viðvíkjandi uppástúngu meira hlutans, að ríkisþíngið hefir yfir höfuð verið á móti því, að taka ákvarðanir um launaviðbót fyrir embættismenn upp í fjárhagslögin, heldur hefir það stöðugt, þegar fram á slíkt hefir verið farið, óskað að fá almenn lagaboð í því tilliti. Eg býst þess vegna við, að ef beðið er um, að launahækkunin fyrir hina íslenzku embættismenn sè tekin inn í fjárhagslögin, þá sè það sama og að ekkert fáist. Jafnrèttið við danska embættismenn á sèr líka eins stað í því, að menn fái aldursviðbót hèr eins og þar; en væri launahækkunin tekin upp í fjárhagslögin, mundi hún verða tekin með fastri upphæð, án tillits til aldursviðbótar. Það kemur víst öllum hèr saman um, að íslenzkir embættismenn eigi að hafa jöfn laun við tilsvarandi embættismenn í Danmörku, eins og það hefir áður viðgeingizt; en eg er hræddur um, að það leiði ekki til neins, að biðja, að svo stöddu, um svo mikið, og að ef menn gánga inn á meira hlutann, þá geti það spillt fyrir embættismönnunum, og þess

vegna álít eg rèttast, að gánga inn á stjórnarfrumvarpið, annaðhvort óbreytt, eða þá heldur með þeim miður verulegu breytíngum, sem minni hlutinn hefir stúngið upp á; að vísu hefir ríkisþínginu þótt of há laun til tekin í frumvarpinu, en það er þó víst tilleiðanlegt til að gánga inn á það, en að líkindum ekki á uppástúngur, sem eru verulega frábrugðnar því. Þíngmaðurinn frá Norður-Múlasýslu gat þess, að í ástæðum frumvarpsins væri gjört ráð fyrir því, að þau laun, sem í því er stúngið upp á, kynni að koma í bága við laun þeirra embættismanna hèr á landi, sem ekki hafa laun úr ríkissjóðnum, sem hann vildi skilja svo, að búizt væri við, að hinir síðarnefndu kynni að verða út undan; en eg alít, að meiníngin hafi verið sú, að ríkisþíngið, sem hefir gjört þessa athugasemd, hafi haldið, að eins væri hèr ástatt og í Danmörku, hvar hèraðsfógetar og prestar, er ekki hafa laun sín úr ríkissjóði, hafa opt afar-há laun, sem eru að tiltölu miklu meiri en embættismanna í hærri stöðu, sem hafa laun úr ríkissjóði og hefir því komizt í tal, að láta tekjur þeirra, sem nú eru, falla í ríkissjóðinn og þeim verði svo aptur goldin laun úr honum. Hèr stendur nú í þessu máli svo á, að embættismenn hèr á landi hafa leingi haft þörf á launahækkun, og hafa opt farið fram á við stjórnina að fá hana, en ekki feingið; en nú loksins kemur frumvarp frá stjórninni, sem gæti bætt nokkuð úr þörfinni, og þá virðist það þó illa farið, ef alþíngi skyldi nú spilla því, að þessum tilgángi stjórnarinnar yrði framgeingt, en það er þó það, sem liggur næst við, ef þíngið, eins og meiri hluti nefndarinnar stíngur upp á, felldi frumvarpið og setti fram kröfu um hærri launaviðbót, en líklegt er, að stjórnin gángi inn á; því ef þíngið gjörir það, þá er eg hræddur um, að stjórnin láti sèr ekki svo annt um málið, að hún láti þá einu sinni embættismennina fá þau laun, sem í frumvarpinu er tilgreind, heldur fyndi hún þá, ef til vill, ástæðu til, að fresta málinu og láta það falla að svo stöddu niður að öllu leyti.

Pètur Pètursson: Hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður tók fram flest af því, er eg vildi hafa sagt, en þó ætla eg að fara fám orðum um breytíngaratkvæði mitt undir tölul. 2.; eins og þíngmenn muna, lèt eg það í ljósi við undirbúníngsumræðuna, að eg mundi heldur gefa atkvæði mitt með frumvarpinu og minna hlutanum, heldur en með meira hlutanum, því eg var hræddur um, að það mundi ekki koma neitt út af því, að biðja um of mikið, og af því að eg óttaðist fyrir, að meiri hlutinn mundi fá framgáng hèr á þínginu, þá tók eg mèr þetta breytíngaratkvæði, því mèr sýndist það

ekki geta komið í neinn bága við uppástúngu nefndarinnar, og mèr þótti vænt um, að hinn háttvirti *framsögumaður* ekki var því mótfallinn; þar á móti er eg á því, að væri hentugast, að þessi launaviðbót yrði til tekin í sèrstöku lagaboði. Það hefir verið tekið fram, að það væri öldúngis rètt, að taka það fram í álitsskjalinu til konúngs, að embættismenn hèr hafi fullkomna kröfu til jafnrèttis við embættismenn í Danmörku, en vegna þess, að sú skoðun er almenn í Danmörku, að hèr sè allt svo ódýrt, þá held eg það væri rèttara, að halda sèr til frumvarpsins, því það er þó betra, en ekki neitt núna sem stendur. Eg vil líka leyfa mèr að geta þess, að embættismenn hèr hafa árlega reynt að fá aukin laun sín, en stjórnin hefir ekki gefið því gaum, svo mèr þykir all-ólíklegt, að stjórnin fari nú að taka undir sig stökk og auka við hvern embættismann 7 til 800 rd., þar sem hún áður hefir verið ófáanleg til að bæta við 100 til 200 rd. Það hefir verið tekið fram, að ef tölul. 2. verði samþykktur, þá geti hinar til teknu tölur í breytíngaratkvæðinu undir tölul. 4. ekki komizt að, en það get eg nú öldúngis ekki sèð. Eg ætla nú ekki að fara leingra út í þetta mál, því eg treysti því, að þíngmenn gefi atkvæði sín eptir beztu sannfæríngu, og í þá stefnu, sem að þeir sjá að muni verða affarabezt, og eg vona, að þeir í þessu máli gjöri sèr far um, að fá sem greinilegastar ástæður fyrir sannfæríngu sinni.

Forseti: Eg verð að vera alveg samdóma hinum háttvirta *varaforseta* í því, er hann nú mælti um sambandið milli uppástúngnanna, tölul. 2. og tölul. 4.; þó tölul. 2. verði *samþykktur*, þá verða uppástúngurnar í tölul. 4. hvorki fallnar með því samþykki, eða þýðíngarlausar; 4. tölul. á þá einmitt að koma undir atkvæði; en verði tölul. 2. og tölul. 3. báðir felldir, þá er tölul. 4. þar með einnig fallinn, eins og eg útlistaði fyrir skemmstu.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú ekki upp til að hefja lánga tölu í þetta sinn, heldur einúngis að láta þínginu í ljósi, að eg, eptir minni beztu sannfæríng, ætla að gefa atkvæði mitt fyrir meira hluta nefndarinnar; eg skyldi nú með ánægju tala með, að hreppstjórarnir feingi laun, ef að mèr þætti ekki að þíngið eins og renndi blint í sjóinn með þessa launarollu minna hlutans, á meðan fjárhagur okkar er í þessu samsulli, sem enn er; því, ef stjórnin hefir þótzt skjóta til Íslands híngað til frá 6,000 til 25,000, þá gjöri eg nú ráð fyrir, að tölurnar um tilskotin mundi bráðum hækka úr þessu, ef minni hlutinn fær framgáng á þíngi; mèr finnst þó, að við bænd-

urnir, og þíng þetta ætti að sníða sèr stakk eptir vexti; hinu háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður gat þess áðan í ræðu sinni, að embættismennirnir mundi verða orðnir soltnir um það að fjárhagur okkar væri að skilinn frá Danmörk; en eptir því, sem hinn háttvirti þíngmaður kemur mèr fyrir sjónir, þá er svo guði fyrir að þakka, að það er ekki að sjá, að þíngmaðurinn hafi alltaf lifað við sult og seyru af þessum sínum litlu launum, sem hann nú hefir; að öðru leyti ætla eg ekki að tala um mál þetta, aðrir eru færari um það en eg, einúngis get eg þess, að eg felli mig vel við breytíngaratkvæði hins háttvirta *varaforseta* undir tölulið 2.

Arnljótur Ólafsson: Þetta mál er nú orðið svo margrætt hèr á þíngi, að eg ætla, að ekki gjörist þörf á, að rifja upp orð og ástæður meira hlutans við undirbúníngsumræðuna. Eg tók það þá fram, hvað jafnrètti meira hlutans væri, og sýndi þá fram á, að það væri einúngis orðaleikur. Fyrst er það svo óákveðið, að einginn getur sèð, hvað meiri hlutinn meinar með því, og hvort það sè annað, en orðið tómt; en þegar nú *framsögumaður* vill eigi fallast á 4. tölulið, sem er útskýríng jafnrèttisins hjá meira hlutanum, þá hefir hann sýnt til fullnustu, að hann vill ekki annað, en orðið tómt og þýðíngarlaust. Minni hlutinn aptur á móti hefir sýnt ljóslega, hvernig hann skildi jafnrèttið, en það er, að sama virðíng og sömu rèttindi fylgdi sömu embættum, eður sú tign og þau laun, sem eru samboðin embættum samskonar embættismanna; en þá verður líka að hafa tillit til þess kostnaðar, sem embættismennirnir verða að hafa fyrir embættunum, eins og er í Vestureyjum. Þar eru laun miklu hærri en í Danmörku, af því kostnaðurinn er þar meiri. Launin geta því verið misjöfn, þó fullkomið jafnrètti sè milli embættanna, og því hlýt eg að álíta, að rètt sè, að hèr sè og gjörður greinarmunur á launununum eptir kostnaði þeim, er fylgir embættunum. Meiri hlutinn vill ekki, að launin verði ákveðin í *opnu brèfi*, heldur einúngis að þau verði sett í fjárhagslögin „eða á *annan hátt* ákveðin“. Hèr kemur aptur fram orðaleikur eður orðagjálfur meira hlutans; hann vill ekki hafa opið brèf, heldur eitthvað annað, annaðhvort tilskipun, konúngsbrèf, lög eður lokað brèf, ef til væri; hann vill hvað sem vera skal, allt annað en *opið brèf*. Er þetta ekki einber orðaleikur, og eg tek það aptur upp, að eg get ekki sèð betur, en að viðaukaatkvæðið, tölul. 4., fari öldúngis í sömu stefnu og orð meira hlutans, og ef meiri hlutinn vill ekki fallast á það, þá sýnir hann sjálfur þar með, að hann vill ekkert annað en orðin tóm.

Minni hlutinn vissi það vel, að hann var ekki fær um, að til taka svo rètt allar tölur, að *framsögumaður* gæti eigi reynt til að fetta fíngur *út í* þær; en hann áleit, að laun embættismannanna yrði ekki ákveðin nema með tölum, og alls ekki með bókstafsreikníngi meira hlutans, því með þeirri aðferð eigum vèr bæði á hættu, að ríkisdagurinn svari, að alþíngi viti ekki, hvað það vilji, og segi, að það hafi svarað sèr út af, og svo vanvirðir þíngið sjálft sig, ef það sýnir, að það annaðhvort ekki getur eður vill segja álit sitt um það, hver laun sè hæfileg handa íslenzkum embættismönnum. Minni hlutinn áleit, að það ætti að vera komið undir áliti þíngsins, hversu há laun íslenzkra embættismanna væri; þíngið ætti og að sýna, að það hefði vilja á þessu máli, og að það hefði vit á því, enda verða menn og að játa, að þínginu sè kunnugast um, hver laun sè hæfileg; þetta hefir ríkisdagurinn fundið, og þetta hefir stjórnin viðurkennt, með því hún hefir lagt frumvarpið fram á þínginu. Þíngmaðurinn frá Mýrasýslu var hræddur um, að það væri skaði að ákveða há laun, ef fjárhagurinn yrði að skilinn, en eg vona að hann muni eptir orðum hins 4. konúngkjörna þíngmann við undirbúníngsumræðuna, og hljóti því með sjálfum sèr að vera sannfærður um, að það sè einmitt ábati, en enginn skaði, að ákveða launin nú, áður en fjárhagurinn kann að verða að skilinn. Þíngmaðurinn frá Norður-Múlasýslu gat þess, að ef laun embættismannanna yrði nú ákveðin, þá mundi það valda ójöfnuði. Það getur nú reyndar verið, en ójöfnuður þessi verður þó minni, ef farið er eptir minna hlutanum, en ef farið er eptir tölul. 4. Eg sè, að hinn háttvirti þíngmaður brosir, og þar af ræð eg, að hann muni ekki vera með tölul. 4. Eg verð þá enn þá einu sinni að spyrja, hvað er meint með jafnrètti? Er meint hið sama, sem hinn 6. konúngkjörni þíngmaður gat til? Já, munu flestir segja, en þá held eg ætti við:

Margur feingi mettan kvið,
má því nærri geta,
yrði fólkið vanið við
vind og snjó að eta,

það er að segja, ef embættismennirnir eiga að lifa á tómu jafnrètti. Eg ætla nú ekki að fara að rekja alla atkvæðaskrána; einúngis ætla eg að geta þess, að eg mun fallast á allar þær uppástúngur, sem lúta að minna hlutanum; eg er líka á því, að saungkennarinn fái laun sín ákveðin með embættismönnum, því það er svo í Danmörku með þá, er sitja í orrakistu konúngs *(Capelmusici)*. Þar sem

talað er um, hvað gjöra skuli við minna hlutann, ef hann verður felldur, þá gjöri eg mig ánægðan með að nota þann rètt, sem veittur er í alþingistilskip. 61. gr., að álit minna hlutans verði sent í álitsskjalinu til konúngs, og það er hið sama, sem minni hlutinn í kláðamálinu fèkk 1857.

Forseti: Eg get glatt hinn háttvirta þingmann með því, að ef jafnmörg yrði atkvæði með og móti minna hlutanum, þá virðist, að hann samkvæmt alþingistilskipuninni, 61. gr., eigi rètt á, að senda álit minna hlutans sèrskilið til konúngs, þar eð hèr er að ræða um konúnglegt frumvarp.

Magnús Andrèsson: Eg var svo óheppinn, að eg ekki fèkk atkvæðaskrána fyr en nú, að eg kom á þingsalinn; reyndar hafði eg áður sèð niðurlagsatriði nefndarinnar, og var eg búinn að glöggva mig á þeim, og hugsa með sjálfum mèr, með hverju eg mundi gefa atkvæði mitt; en eg verð að játa, að mèr er nú nokkuð farinn að blandast hugur, þegar atriðin eru orðin svo ótal-mörg, svo eg verð í vanda með hverju eg helzt á að gefa atkvæði mitt, ef ekki með 1. töluliðnum, þá mun eg halla mèr að tölul 2. *(Forseti:* Tölul. 2. verður borinn upp á undan tölul. 1.); eins og eg sagði, eru hèr komin svo ótal-mörg breytíngaratkvæði, að eg get ekki sagt, hvað sanngjarnast er, og þess vegna vil eg heldur leggja það á vald stjórnarinnar, að veita embættismönnum launaviðbótina, því þó að hún þetta árið má ske ekki hafi orðið við bón þeirra, þá veit eg þó til, að þeir hafa feingið bón sína hjá stjórninni áður. Eg vil ekki síður en aðrir hlynna að embættismönnunum, en að fara að til taka tölur svona fyrir tímann getur mèr ekki litizt á; ef að fylgt verður minna hlutanum og breytíngaratkvæðum þeim, sem við hann hafa verið gjörð, þá er eg hræddur um, að einhver embættismannanna þykist fara varhluta ekki síður en þeir, sem hafa orðið aðnjótandi kláðalækníngaverðlaunanna. Þeir taunglast og tyggjast innbyrðis og sjá ofsjónum hver yfir öðrum, og svo mundi má ske verða fyrir embættismönnunum líka, ef við færum núna að ákveða laun þeirra. Þíngmaðurinn frá Reykjavík sagði, að embættismennirnir mætti ekki fást við búskap, eða gefa sig við öðru, en embættisstörfum sínum; mèr þykir það nú reyndar vel trúlegt, að hann hafi sjálfur fyrir sèr reynslu í því, einkum síðan hann fór fyrir alvöru að stunda fjárrækt; en þó vil eg geta þess, að embættismenn okkar stunduðu áður landbúnaðinn og urðu með því stórríkir, og stunduðu þó fullvel embætti sitt. Eg vil til nefna Ólaf stiptamtmann, Sigurð á Hlíðarenda, Brynjólf í

Hjálmholti og Magnús Gíslason, og marga fleiri. Eg er hræddur um, að praktin og vellystíngarnar hèr gjöri nokkuð að verkum. Af þessum ástæðum, sem eg hefi nú talið, ætla eg að gefa atkvæði mitt fyrir meira hluta nefndarinnar.

Ásgeir Einarsson: Eg var fyrst í vafa um, hvort þíngmaðurinn frá Árnessýslu ætlaði að verða á móti launahækkuninni, en þegar leið á tölu hans, heyrði eg, að hann heldur með jafnrèttinu. Hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður virtist mèr ekki ætla að skamta embættismönnunum í smáskömtum úr vasa ríkissjóðsins, en ef að ríkisdagurinn lætur eingan fá eptir sanngirni, sem hann á að skamta, þá vildi eg ekki eiga að úthluta því, og eg skil ekki í því, í hverju það gæti verið betra, að þíngið til tæki upphæð launanna hèr, heldur en að biðja um jafnrètti og láta ríkisdaginn skera úr, hvað mikið hver á að hafa. Alþíngi er víst heldur ekki kunnugra um launin í Danmörku eða ástandið þar, heldur en ríkisdeginum um ástandið á Íslandi. Hinn háttvirti *framsögumaður* tók það fram, að það væri mest komið undir því, að menn yrði samtaka í atkvæðagreiðslunni og á einni skoðun; þá kynni líka að fara eins og þegar beðið var um styrk fyrir prestaskólalærisveinana, og eg veit ekki betur, en það hafi feingizt. Viðvíkjandi viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Reykjavík vil eg geta þess, að það á að vera eins og reikníngsskapur yfir jafnrèttið eður útskýríng yfir meiníngu meira hlutans, en nú hefir verið sagt, að meiri hlutinn mundi þykja of heimtufrekur, og þá sè eg eingu bættara að til taka það með tölum, því ríkisdagsmenn veita upphæðina; eg ætla því ekki að fara út fyrir meira hlutann við atkvæðagreiðsluna. Útskýríng þíngmannsins frá Borgarfjarðarsýslu yfir „jafnrètti og sanngirni“ ætla eg ekki að svara, því eg álít hana ekki 2 skildíngs virði, og eg fyrir mitt leyti ætla að eiga það undir ríkísdeginum.

Framsögumaður: Eg held, að þíngmönnum hafi sjaldan þótt eins skemmtilegt að heyra tölu hins háttvirta sambýlismanns míns (Hjaltalíns), eins og nú, enda ætlaði hann að halda áfram í leingstu lög, og var hann líkastur manni, sem nauðuglega vill skiljast við lífið, því það var auðsèð, að hann sárkveið fyrir að setjast, af því hann vissi, að hann mátti ekki tala aptur; en eg ætla nú ekki að tala svo mikið um hann, sem hann kveið fyrir að verða mundi, því menn eiga að varast að tala illa um dauða menn. Það var einkennilegt fyrir honum, að hann brá nefndinni um, að hún hefði ekki gjört það og það, sem hún hefir einmitt gjört; hann sagði hún væri or-

sök til þess og þess, ef það kæmi fram, sem hún gæti ómögulega verið orsök í, þó að fram kæmi. Nefndin viðurkenndi, að hún treysti ekki því, að fullkomið jafnrètti feingist, en hún vildi þó taka það fram; henni sýndist ekki vera vissara, þó hún tilltæki tölur ýmsar á pappírnum, heldur en þó hún tæki fram regluna einúngis, sem tölurnar ætti að byggjast á; það er sá munurinn, að sanngirnin er meiri í kröfu nefndarinnar. Nefndin hefir líka tekið fram, að launabótin skyldi komast á svo fljótt, sem verða má, og eg skil ekki, hvernig henni getur þá orðið brigzlað um, að hún vilji fresta þessu máli, þegar hún er einmitt með, að ákveða tímann til 1860. Viðvíkjandi borðfènu finnst mèr ekki það geti komið til mála hèr, þar sem borðfèð er að eins borgað frá þeim hlutum ríkisins, sem hafa sjálfsforræði. Meiri hlutinn fer heldur ekki fram á nema það, sem rèttur stendur til. Við förum ekki í þurftarkröfu, heldur í rèttarkröfu, og þeim, sem þykir það að atkvæðaskránni, að hún sè laung og margbrotin, er bezt að kenna minna hlutanum um það og embættismönnunum sjálfum, og að gefa einúngis atkvæði sitt fyrir meira hlutanum; uppástúngur hans hafa auk annars þann mikla kost, er eg heyri sumum þykir vera, að þær taka minnst rúm af, og eru einfaldastar; en eg verð að vera öldúngis mótfallinn öllum breytíngaratkvæðunum, því þau gjöra ekki annað, en flækja málið og spilla fyrir því. Nefndin gat ómögulega fallizt á viðaukaatkvæðið undir tölul. 4, því þó það sè satt, að það sè einúngis útfærsla af uppástúngu nefndarinnar, þá sýnist mèr það þó brjóta niður grundvöll hennar, að tiltaka upphæðina, og eg get ekki annað sèð, en að meiri hlutinn sè öldúngis meinlaus, þó hann vilji ekki til taka það í summum, sem einga þýðíngu hafa. Að það geti spillt fyrir embættismönnunum, að hún stíngi upp á of miklu, þá getur það verið satt, ef hún er ekki á rèttu byggð, en þegar hún byggir á hinum fullkomnasta rètti, þá er einúngis komið undir því, hvort stjórnin viðurkennir þessa rèttar- og sanngirniskröfu, eða ekki. Þíngmaður Borgfirðínga kallaði jafnrèttiskröfuna eintóman orðaleik, en það er öldúngis ekki svo, því nú er það fram komið, að embættismenn höfðu hèr jafnrètti áður, og þá get eg ekki sèð, hvað á að vera á móti því nú. Yfir höfuð að tala held eg sè hinar fullkomnustu ástæður fyrir að fylgja meira hlutanum, og vona eg því, að þíngmenn gefi atkvæði sitt með honum.

Gísli Brynjúlfsson: Þíngmaður Borgfirðínga tók það ljóslega fram, að ef nefndin ekki fèllist á viðaukaatkvæði þíngmannsins úr Reykjavík, þá væri það sönnun fyrir, að jafnrèttið væri ekkert ann-

að en orðaleikur; og hinn háttvirti *framsögumaður* hefir nú eins og flýtt sèr að sanna þetta með því, að lýsa því yfir, að meiri hlutinn geti þó eigi fallizt á þetta viðaukaatkvæði. Hann sagði það reyndar til afbötunar, að þetta kæmi einkum af því, að nefndin áliti það sem brot á grundvallarreglu sinni, að vera nú að fara nokkuð út í, að til taka upphæð launa embættismannanna; en eg held þá, að slíkt brot væri í sjálfu sèr ei svo mjög háskalegt, þar sem þessi grundvallarregla er í raun og veru að eins byggð á uppgjörðri fávizku; því hvað má fremur heita svo, en það að segja, að vèr Íslendíngar getum einga hugmynd haft um, hversu mikil laun embættismenn þurfi að hafa? Það er sagt, að þeir eigi að hafa jafnrètti við danska embættismenn; en annaðhvort er þetta þýðíngarlaust með öllu, eða í því liggur einhver háskaleg alríkishugsun, sem eg hefði sízt búizt við að sjá koma fram hjá hinum háttvirta þíngmanni Ísfirðínga; og vil eg þá helzt halda, að það í rauninni sè ei þýðíngarmikið, heldur að eins nokkurs konar leifar af því mikla tali um eintóman rètt á pappírnum, sem ei síður hefir komið fram hjá oss heldur en öðrum þjóðum, þegar þær í fyrstu hafa farið að vakna til meðvitundar um sjálfar sig eptir lángvinna værð og ró, því þá hættir þeim stundum við, að fara vel lángt í sumu því, sem síður er verulegt. Eg held, sem sagt, að þetta jafnrèttistal meira hlutans eimi nú að eins eptir af þessu eldra tali um ýmsan óverulegan rètt, og hafi honum farið eins og Guðmundi biskupi, þegar hann að eins átti eptir að vígja „Heiðnabjarg“ í Drángey, og loðin hönd kom út úr berginu, en sagt var fyrir innan: „einhverstaðar verður vondur að vera“, því þá hætti Guðmundur biskup að vígja, og leyfði hinum vonda að vera kyrrum á þeim eina stað í eyjunni; eins held eg nú meiri hluti nefndarinnar hafi hugsað, að einhverstaðar yrði menn þó að koma hinu þýðíngarlausa jafnrèttistali inn á þíngið, svo það dæi ei út með öllu, og held eg þó, að nú hefði verið minni skaði skeður, þó þeir hefði ei verið eins vægir við það og Guðmundur biskup var í Drángey við hina vonda; því sè það ei alveg þýðíngarlaust, þá leynist í því, eins og eg áður hefi sagt, sú hin háskalega hugsun, að allir embættismenn vorir sè í rauninni danskir, en ei íslenzkir embættismenn; og þó hinn háttvirti *framsögumaður* reyndi seinast að draga úr þessu með því að minna mig á, að við hefðum ei heldur skapað ástandið eins og það nú er, þá verð eg að svara honum því, að við bætum ei heldur nokkuð fyrir oss með því að gjöra það enn verra, en það er. Íslenzkir embættismenn má vissulega segja

að hafi verið til, áður en Ísland nokkurn tíma komst undir Danmörk, og af þeim eru hinir núverandi embættismenn þó nokkurs konar áframhald; því þó fjárhag vorum nú í lángan tíma hafi verið sleingt saman við fjárhag Danmerkur á móti vilja vorum, þá tjáir ei þar fyrir að leggja árar í bát og sleingja nú öllu saman, nema ef það þá skyldi vera til þess, að komast sem næst hinni fornu og karlmannlegu reglu, „svo skal böl bæta, að bíða annað meira“. En til þess að þola slíkt, þar sem um þjóðmál ræðir, þá ímynda eg mèr þó, að menn verði að vera hertari í því tilliti, en vèr Íslendíngar nú erum, og á oss er eg því hræddur um, að tilraunin yrði að eins að háskalegri hrossalækníng, sem að eins mundi gjöra oss mein en ekkert gagn; því hin síðasta afleiðíng af því, að álíta embættismenn vora að eins danska en ei íslenzka embættismenn, yrði beinlínis að vera sú, að meiri hlutinn rèði oss til að setja þá sem fyrst út á áralausan bát alla og senda þá svo suður til Danmerkur. Í því væri þó nokkur meiníng, þó nytsemin sè tvísýn; en í þessu, að svara í austri, þegar stjórnin spyr í vestri, sè eg einga meiníng, því eg er sannfærður um, að tilgángur nefndarinnar hefir þó eingan veginn verið sá, sem afleiðíngarnar af uppástúngum hennar þó að eins munu verða, að spilla fyrir launaendurbót embættismannanna. En það kalla eg að svara í austri, eða rèttara sagt í suðri, þegar stjórnin spyr í norðri, að setja sig þá eingaungu á danskt sjónarmið, og tala að eins í nafni konúngs vors suður í Danmörk, þegar menn þaðan eru beðnir að segja álit sitt um eitthvað viðvíkjandi embættismönnum hèr á landi; því svo fornlyndur hefi eg þó aldrei verið, þó mèr hafi stundum verið borið það á brýn, að eg hèldi um of upp á fornöldina, að eg að eins vilji álíta embættismenn vora sem hirðmenn Danakonúngs, eins og sumir bændur hafa svo fagurlega sagt hèr á þíngi, að eg ei tali um, að fornkonúngur, sem ráðið hefði fleirum en einu þjóðlandi, hefði jafnvel getað átt sèr ýmsa flokka af hirðmönnum, sinn í hverju landinu. Og á þann hátt skoða eg að minnsta kosti embættismenn vora, að þeir einkum og að eins komi þessu landi við, svo oss varði miklu fremur um að eins að vita, að þeim sè svo borgið hèr, að þeir geti orðið að öllu því gagni hèr í landi, sem nauðsyn er á, heldur en hitt, að hugsa mest um, að þeir hafi alveg hin sömu kjör, sem embættismenn í öðru landi, hvert sem það svo er; en þess vegna held eg og, að alþíngi geti ofboð vel, án þess að skerða nokkurn rètt sinn, svarað stjórninni hreint og beint upp á spurníng hennar, þar sem eg miklu fremur held, að hún, með því

nú að syrja þingið um mál, sem konúngur þó hingað til hefir einn ákveðið um með tilliti til Íslands, lýsi því að nokkru leyti yfir, að hún sè farin að hugsa um að gefa þinginu meira vald, jafnvel í málum, sem eiga svo skylt við sjálft fjárhagsmálið sem þetta. Því það held eg ei sè efunarmál, að spursmálið um laun íslenzkra embættismanna, úr hverjum sjóð, sem þau svo hafa verið goldin hingað til, koma þó í raun og veru fjárhagsmálinu mjög svo við, þar sem eg get ei annað en álitið það sjálfsagt, að, ef þingið nú til tekur nokkuð um upphæð launa embættismanna hèr, þá takist það um leið á hendur þá skuldbindingu í nafni landsmanna, að svo mikið vilji þeir einnig gefa þeim, þegar vèr fáum sjálfir fjárhagsráðin í þessu landi; og það var einmitt með tilliti til þessa, að eg sagði seinast, að nú væri gott tækifæri fyrir bændur til að sýna, að þeir vildi sannarlega vera örlátir við embættismennina, en eingan veginn af því, að eg vildi drótta því að mönnum, eins og mèr fannst hinn háttvirti þingmaður Húnvetninga nýlega hafa misskilið mig, að hver, sem gæfi atkvæði sitt með meira hlutanum, gjörði það af því hann vildi ei láta fara vel með embættismennina. Það hefi eg áður tekið fram, að eg held eingan veginn í rauninni sè tilgángur meira hlutans, en eg held að eins, að hann einblíni um of á útborð málsins til þess að geta nú sèð, hvað í rauninni er haganlegast bæði fyrir embættismennina og málið sjálft; og það er einmitt, af því eg vil ei að þingið sleppi því góða tækifæri, sem nú býðst til þess, að eiga þátt í úrslitum máls, sem á svo skylt við fjárhagsmál vort og landstjórn, að eg verð nú enn að ráða þingmönnum til þess, að aðhyllast þó heldur álit minna hlutans, eða þá að minnsta kosti viðaukaatkvæði þingmannsins fyrir Reykjavík. En um atkvæðaskrána skal eg að öðru leyti ekkert tala.

Jón Pètursson: Þegar eg samdi breytíngaratkvæði mitt undir tölul. 12., hafði eg ekki sèð þau breytíngaratkvæði, sem þíngmennirnir frá Norður-Þíngeyjar- og Gullbríngusýslu höfðu gjört, og vakti það fyrir mèr, að eg áleit, að embættismenn á Íslandi hafi fulla heimtíngu á, að fá jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku, eður á að fá jafnhá laun við þá, meðan fjárhagsráðin eru saman; annað er það, þó þeim sè synjað þessa. Ef menn nú samt vilja setja launin hèr lægra en í Danmörku, þá mega menn ekki gjöra það af handahófi, heldur verða menn að hafa það sem aðalreglu, að setja þau jafnt niður hjá öllum að tiltölu við það, sem samkynja embættismenn hafa í Danmörku, en þó með fram einnig

gæta nokkuð að hlutföllum þeim, sem laun líkra embættismanna hèr á landi standa nú í hver til annara. Þegar menn nú gæta að launum assessoranna við landsyfirrèttinn, þá geta menn bezt borið þau á eina síðuna saman við laun háyfirdómarans þar — og það hefi eg þegar gjört —, og á hina síðuna saman við laun sýslumanna. Þegar menn nú miða þau við tekjur sýslumannanna, þá er það reyndar satt, að staða hinna síðarnefndu er talsvert erfiðari, enda eru laun assessoranna ekki nema á við tekjur af meðalsýslum, og er þó dýrara að lifa hèr, en upp í sveit, og sýslurnar mega veitast mönnum með annari embættiseinkunn og dönskum lögfræðingum. Þegar menn enn fremur gæta að launum assessoranna í Danmörku, þá eru þau vanalega jöfn launum rektoranna þar, svo laun þeirra hèr ætti aldrei að setjast minna en 1,400 rd., því síður minna en 1,200 rd.; eg segi þetta ekki af því mig gildi ekki einu, hvernig þau eru sett, því geti eg ekki lifað hèr af launum mínum, og það get eg ekki nú sem stendur, þá get eg sótt burtu um sýslur, ef eg lifi, en eg er hræddur um, að fáir verði til, að sækja um assessorsembættin meðan þau eru mjög launalítil, og sýslumannalaunin í meginparti sýslnanna talsvert hærri.

Framsögumaður: Eg ætla nú ekki að fara eins lángt út í hið stjórnfræðislega, eins og ræða hins háttvirta þíngmanns Skagfirðínga vildi benda til. Hann sagði, að þíngið svaraði stjórninni eins og út í hött, ef það aðhylltist meira hluta nefndarinnar; en eg verð að vera á sömu meiníngu og hinn háttvirti *konúngsfulltrúi,* að meiri hlutinn hafi svarað stjórninni svo einfaldlega sem orðið gat, og eg get ekki sèð, að minni hlutinn hafi meiri vissu fyrir, að stjórnin fylgi uppástúngu hans, en meira hlutans. Það hefir verið getið um, að fjárhagslögin mundi nú vera tilbúin, og þá verða þau sjálfsagt lögð fyrir ríkisdaginn í októbermánuði; þá gæti stjórnarherrann komið fram með þær uppástúngur, sem honum þætti við eiga, ef hann vildi koma þeim í fjárhagslögin, og þá ætti ekki einmitt ágreiníngur hèr meðal þíngmanna að valda því, að máli þessu verði stúngið undir stól. Eg álít þess vegna, eins og hinn heiðraði þíngmaður frá Strandasýslu, að mest sè komið undir því, að þíngmenn verði samhuga í atkvæðagreiðslunni.

Þórður Jónassen: Eg tók það fram við undirbúníngsumræðuna í máli þessu, að það í forminu væri rèttast, eins og meiri hlutinn hefir gjört, að halda fram jafnrètti milli dönsku og íslenzku embættismannanna, en eg hèldi þó ekki, að því væri farandi á flot

eptir því, sem stjórnin hefði látið í ljósi, en að öðru leyti væri eg sannfærður um, að stjórnin, þegar hún réði málinu til lykta, mundi gæta allrar sanngirni og jafnréttis, hvað ísklenzku embættismennina snertir, sem kostur væri á, og því get eg með engu móti tekið undir það, sem einn heiðraður alþingismaður, eg trúi það væri þingmaður Borgfirðinga, sagði, að orðin sanngirni og jafnrétti væri, þegar um íslenzku embættismennina væri að gjöra, eintómur orðaleikur; þessi orð eru þýðingarmikil hjá allri stjórn, sem er góð og réttlát stjórn, og þess vegna eru þau það og hvað okkar stjórn snertir. Svona lít eg á þetta mál, og því hefi eg aðhyllzt skoðun minna hlutaus, og hvernig hann hefir tekið í málið, því eg verð að halda það sé í öllu tilliti réttast, að halda sér við frumvarp stjórnarinnar, og teingja við það þær breytíngaruppástúngur, sem ástæða þætti til, og eg vona, að þær fái góða áheyrzlu hjá stjórninni, af því eg álít þær sé gjörðar svo hóflega, að með engu móti verði sagt, að þær yfir höfuð að tala, fari fram yfir það, sem sanngirni og hæfileg jafnréttishliðsjón útheimtir. Eg ætla mér ekki að fara að ræða um nein af þeim mörgu breytíngaratkvæðum, sem liggja fyrir á atkvæðaskránni, og það því síður, sem eg gjöri ráð fyrir, að meiri hlutinn verði ofan á hjá þínginu; einúngis skal eg taka það fram, út af því, sem hinn heiðraði 5. konúngkjörni þíngmaður sagði, um ójöfnuðinn milli launa *justitiarii* og fyrsta *assessors*, að hann vissulega á að telja með launaunum þá 250 rd., sem honum eru borgaðir úr löggæzlusjóðnum, og að minnsta kosti voru þeir taldir í mínum embættislaunum, og launin eru því ekki 1,000 rd. heldur 1,250 rd., og þegar enn fremur er tekið tillit til þess, hvernig nú stendur á með embættisaldur *justitiarii* og hins heiðraða þíngmanns, þá hverfur þessi ójöfnuður, sem svo er kallaður, því *assessor* ætti eptir frumvarpinu að fá 1,400+250=1,650 í laun, en *justitiarius* 2,000 rd., þar sem launaviðbótin er bundin við 5 ár.

Framsögumaður: Út af því, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður sagði, að stjórnin hefði haft aftök um að hækka laun embættismannanna, þá hefi eg ekki orðið var við það; en á bls. 7. í ástæðum frumvarpsins stendur, að laun embættismanna á Íslandi væri lægri en í Danmörku, og því hefði nefnd þeirri, sem sett var í ríkisþínginu, þótt það jafnvel of mikil hækkun, sem farið var fram á í stjórnarfrumvarpinu, með tilliti einkanlega til annara embættismanna á landinu, sem ekki hefði laun úr ríkissjóði, án þess þó að nokkrar ástæður aðrar sé færðar fyrir þessari skoðun; meiri hlutinn

áleit því nauðsynlegt og rètt, að taka fram jafnrèttið, því það væri hið helzta atriði, sem stjórnin og hver einn hlyti að viðurkenna að ekki væri tekið til greina í frumvarpinu, eins og það líka er á hinum gildustu ástæðum byggt.

Konúngsfulltrúi: Eptir skýrslu þeirri, sem hinn háttvirti *framsögumaður* og fleiri þíngmenn hafa gefið, yfir meiníngu og tilgáng þeirra uppástúngna, sem meiri hlutinn hefir komið fram með, þá gat eg, eins og áður er á vikið, álitið svo, sem meiri hlutinn hefði gefið skýlaust játandi svar upp á spurníngu stjórnarinnar um nauðsyn launahækkunar fyrir embættismenn hèr á landi, og að því leyti gat eg verið þeirrar meiníngar, að uppástúnga meira hlutans ekki mundi spilla málefninu, jafnvel þó eg áliti, að það væri lángtum betra og eðlilegra, ef þíngið fèllist á minna hlutans uppástúngu, sem fer fram á það, er annars hlýtur að vera meiníng þíngsins, að frumvarpið verði samþykkt með breytíngum annaðhvort meira eða minna hlutans. En nú er hèr komið nýtt atriði inn í málið, sem töluvert breytir útliti þess. Þíngmaðurinn frá Reykjavík hefir stúngið upp á mörgum viðaukaatkvæðum við 2. uppástúngu meira hlutans, hver viðaukaatkvæði standa á atkvæðaskránni undir tölulið 4. *a—h.* Í þessum viðaukaatkvæðum hefir hann gefið útskýríngu í tölustöfum yfir þá nefndu uppástúngu meira hlutans, og sagt, hvað í hverri lægi, samkvæmt þeirri jafnrèttisskoðun, sem meiri hlutinn fer fram á í hinni nefndu uppástúngu, í því uppástúngumaðurinn hefir ráðið þínginu til, að fast ákveða laun þeirra embættismanna, sem nefndir eru í viðaukaatkvæðunum hèr um bil jafnhá þeim, er samkynja embættismenn hafa í Danmörku. En nú vill meiri hlutinn, á mèr óskiljanlegan hátt, fella öll þessi viðaukaatkvæði, og þar með fella þá einu náttúrlegu þýðíngu, sem liggur og legið getur í uppástúngu hans. Þegar þessi eðlilega útskýríng uppástúngunnar er felld, þá er ekkert eptir, nema orðin tóm öldúngis þýðíngarlaus, og þessi aðferð verður að gjöra þau áhrif á menn, að meiri hlutinn annaðhvort ekkert hafi meint með uppástúngu sinni, eður ekki viljað kannast við þá náttúrlegu meiníngu, sem í henni liggur. Það hefði verið nokkuð annað mál, hefði þessi viðaukaatkvæði aldrei fram komið, eður yrði þau ekki felld, því þá hefði 2. uppástúnga nefndarinnar haldið sinni eðlilegu þýðíngu. Þess vegna, ef nú þíngið fellir þessi viðaukaatkvæði, þá fellir það málið sjálft, og þá spilla þíngmenn því með atkvæðum sínum, að embættismennirnir hèr geti feingið nokkra launahækkun, að svo miklu leyti sem í þeirra valdur stendur.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* nú sagði, þá eru í nefndarálitinu fram færðar ástæður fyrir því, hvers vegna nefndin ræður frá frumvarpinu, og held eg, að þær ástæður sè fullkomlega ljósar, en þegar geingið er út frá grundvallarreglum nefndarinnar, þá yrði þeim haggað, ef 4. tölul. væri samþykktur. Meiri hluti nefndarinnar vill fella nr. 4, en neitar þó ekki þar með því, að embættismenn ætti að fá launabót. Þvert á móti, meiri hlutinn verður að greiða atkvæði móti uppástúngunni, því hann álítur, að þíngið eigi ekki að ákveða neinar upphæðir, hversu launahækkunin eigi að vera. Þíngmaður Reykvíkínga efast eg líka um að hafi einmitt fundið hið rètta jafnrètti í tölum sínum, þó eg nú ekki geti bent á neitt einstakt, vegna þess að eg hefi ekki haft tíma til þess, að gegnum gánga nákvæmlega uppástúngurnar; en mèr sýnist, að þíngið eigi ekki að ákveða neitt í fastsettum tölum, og meiri hlutinn var samdóma í því, að þíngið gæti ekki aðhyllzt slíkar uppástúngur, því annars hefði hann eins getað komið með þær, en honum þótti nóg, að benda á muninn, til þess að sýna, að íslenzkir embættismenn hafa ekki jafnrètti við samkynja danska embættismenn, og þegar hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* ber fram ástæður þíngsins fyrir stjórnina, þá mun hann taka það fram, hvers vegna breytíngaratkvæði þetta er fellt.

Konúngsfulltrúi: Það er ekki vegna þess, að eg sè í öllu samþykkur viðaukaatkvæðunum undir tölulið 4, eður af því, að eg haldi að stjórnin fallist á þau, að eg er því svo mótfallinn, að þau sè felld hèr á þínginu, heldur af því, að uppástúngur meira hlutans mega álítast öldúngis þýðíngarlausar, já, jafnvel ekki alvarlega meintar, þegar meiri hlutinn ekki vill kannast við þá eðlilegu þýðíngu, sem í uppástúngum hans liggur. Eg get ekki verið samþykkur þeirri þýðíngu, sem hinn háttvirti *framsögumaður* vill leggja í atkvæðagreiðslu þíngsins; eg verð að halda mèr til þess, sem eg þegar hefi, að eg ætla, þar um skýrlega talað, en meiri hlutinn verður að ábyrgjast, hvernig hann greiðir atkvæði í málinu, hvort hann vill greiða þau samkvæmt þeirri meiníngu, er hann hefir látið í ljósi, ellegar þannig, að hann mótsegi sjálfum sèr, og vilji ekki kannast við sína eigin meiníngu.

Framsögumaður: Hinum háttvirta *konúngsfulltrúa* er það kunnugt, að breytíngaratkvæði er opt fellt, sem menn í sjálfu sèr ekki hafa neitt á móti, nema í því sambandi eða undir þeim kríngumstæðum, sem eru, þegar það er borið upp, og er ekki sagt, að

maður sè á móti uppástúngunni í sjálfu sèr, heldur fella menn hana af því menn sjá, að hún á ekki við á þeim tíma, eða þeim stað, þegar hún er borin upp til atkvæða.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg þessari ályktarumræðu lokið, og skal eg biðja hina heiðruðu þíngmenn að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, og vil eg að eins geta þess, að eins og hinn háttvirti *framsögumaður* hefir skýrt frá, og eptir ósk hans, en einginn hefir orðið til að mótmæla því, þá mun eg bera breytíngaratkvæðið undir 2. tölul. til atkvæða á undan tölul. 1. stafl. *b*.

Var síðan geingið til atkvæða, og fóru þau á þessa leið:

1. *a*, *Meiri hluti* nefndarinnar, samþykktur með 21 atkv.
   b, *Meiri hluti* nefndarinnar (1. uppástúnguatriði) (borinn upp til atkvæða á eptir tölul. 2.), fallinn samkvæmt atkvæðagreiðslunni við 2. tölul. hèr næst á eptir.
2. Varaatkvæði *Pèturs Pèturssonar* (borið upp á undan tölul. 1. b), samþykkt með 14 atkv. gegn 10.
3. *Meiri hluti* nefndarinnar (2. uppástúnguatriði) samþykkt með 18 atkv.
4. Viðaukaatkvæði *H. Kr. Friðrikssonar* við 2. niðurlagsatriði meira hluta nefndarinnar, tölul. 3), að við enda töluliðsins verði bætt: „þannig að“, fellt með 12 atkv. gegn 9.
   Samkvæmt þessari síðustu atkvæðagreiðslu voru þá stafliðirnir *a* til *h* undir 4. tölul. álitnir fallnir.
5. Breytíngaratkvæði *hins sama*, að í stað orðanna: „sem fyrst að verða má“ í 3. uppástúnguatriði í meira hluta nefndarinnar undir tölul. 6., verði sett: „frá fyrsta degi aprílmánaðar 1860“, samþykkt með 22 atkv.
6. *Meiri hluti* nefndarinnar (3. uppástúnguatriði), borinn upp með breytíngu þeirri, er samþykkt var undir 5. tölul., samþykktur með 23 atkv.
7. Viðaukaatkvæði *Benedikts Þórðarsonar*, samþykkt með 23 atkv.

Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu voru allir hinir töluliðirnir: 8—28, er eptir voru á atkvæðaskránni, með öllum þeim stafliðum, sem þeim töluliðum fylgja, álitnir fallnir.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til undirbúníngsumræðu nefndarálitið í málinu um *endurgjald jarðamatskostnaðarins*, sem er konunglegt frumvarp. Eg hefi látið prenta niðurlagsatriði nefndarálitsins, og vona eg þíngmenn hafi það fyrir sèr.

Hinn háttvirti þingmaður Rángvellínga er *framsögumaður* í þessu máli.

Var málið síðan afhent *framsögumanni,* er las upp nefndarálitið svo hljóðandi:

„Alþingi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um konúnglegt *„frumvarp til opins brèfs um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamati á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands“.*

Vèr höfum nákvæmlega athugað þetta mál, og leyfum oss nú að segja um það álit vort á þessa leið:

Í fyrstu grein frumvarpsins er eigi til færð nein upphæð á kostnaði jarðamatsins, en eptir ástæðunum við frumvarpið er hann talinn alls 8,360 rd. 82 sk.. Af kostnaði þeim eru 5,720 rd. 92 sk. fyrir jarðamat það, er fram fór hèr á landi árin 1849 og 1850, en samtals 2,639 rd. 86 sk. er síðari kostnaður, er leitt hefir af endurmatinu. Oss finnst nauðsynlegt, að gjöra mun á kostnaði þeim, er leiddi af jarðamatinu 1849—50, og hinum síðari kostnaði, bæði fyrir því, að naumast verður álitið, að í tilsk 27. maí 7. grein hafi verið haft tillit til annars kostnaðar, en einúngis til þess jarðamats, er þar er fyrirskipað, og sem einmitt er jarðamatið 1849—50; svo er og hinn síðari kostnaður annars eðlis, einkum að því leyti, að Reykjavíkurnefndin var konúngleg nefnd; svo er og t. a. m. tilfærðir þeir 150 rd., er greiddir voru fyrir reikníngsstörf við jarðabókina ytra, og sem eigi hefir verið borið undir þingið. Alþingi 1857 virðist og að hafa gjört þenna mun á hinum fyrri og síðari kostnaði, þar sem það einmitt hefir fellt burtu ákvörðunina um endurgjaldið, er farið var fram á í hinu konúnglega frumvarpi undir II. *c,* er þá var lagt fyrir þingið (sjá Alþingistíð. 1857, 76. bls., sbr. 999 bls.). Af þessum ástæðum finnst nefndinni vera einúngis umtalsmál um að jafna þeim 5,720 rd. 92 sk. niður á jarðirnar.

Þegar vèr nú þessu næst athugum, hvenær niðurjöfnun kostnaðar þessa skuli fram fara, þá er það fyrst, að vèr ætlum, að það geti eingan veginn orðið fyr, en hin nýja jarðabók er búin að ná lagagildi, eins og líka sagt er í frumvarpinu. En nú með því að eigi er víst, að jarðabókin nái lagagildi í fardögum 1863, heldur geti auðveldlega svo farið, að hún verði aptur lögð undir meiri eður minni endurskoðun, þá getur nefndin eigi bundið sig við þessa tímaákvörð-

un, og heldur eigi getur hún sèð, að tiltækilegt sè að til taka nokkurn síðar ákveðinn tíma, svo sem 1864 eður 1865, því það gæti eins riðið í bága við löggildíng jarðabókarinnar. Vèr getum því eigi betur sèð, en að það sè einu úrræðin, eins og nú á stendur með jarðabókina, að þíngið samþykki eigi frumvarp þetta að svo stöddu. Annars skulum vèr geta þess, að fari nú svo, sem eigi er ólíklegt, að bráðlega verði skattar lagðir á hið nýja hundraðatal, eins og stjórnin hefir í fyrstunni ætlazt til, og verði fjárhagurinn eigi á þeim tíma að skilinn, svo að hinir auknu skattar renni í ríkissjóðinn, þá virðist nefndinni öll sanngirni mæla með því, að jarðamatskostnaðurinn yrði greiddur úr ríkissjóðnum, þar eð hann hefði mestan hag af jarðamatinu. En þó svo sè, þá finnst nefndinni eigi ástæða til, sízt í þetta sinn, að koma fram með nokkra uppástúngu í þessari grein.

Af framangreindum ástæðum leyfir nefndin sèr að stínga upp á: *Að alþíngi ráði konúngi frá að samþykkja frumvarpið að svo komnu.*

Reykjavík 13. ágúst 1859.

Páll Sigurðsson, formaður og framsögumaður. *Jón Sigurðsson,* skrifari. *Arnljótur Ólafsson,*.

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Eg skal ekki vera lángorður um nefndarálit þetta. Stjórnin hefir auðsjáanlega búizt við því í frumvarpi sínu, að þíngið mundi fallast á jarðabókarfrumvarpið, en það fekk ekki samþykki þíngsins, eins og kunnugt er, að sinni, heldur er það lagt undir endurskoðun, og löggildíngu þess er frestað þángað til 1863, og kann ske leingur. Nefndin sá, að það leiddi af grundvallarreglunni, að þíngið yrði að neita því um lagagildi, þángað til jarðabókin væri lögleidd. Nefndin vildi líka leiða athuga þíngsins og stjórnarinnar að því, að hin konúnglega nefnd, sem sett var hèr í Reykjavík, til að endurskoða jarðamatið, væri konúngleg, og verk hennar sem skrifstofustörf, og tilskipunin um jarðamatið sýnist ekki að hafa tillit til þessa kostnaðar, heldur einasta þess, er leiddi af mati jarðanna í hèruðum 1849—50; þess vegna áleit nefndin rèttast, að ráða frá að löggilda frumvarpið, áður en jarðabókin yrði löggilt.

Vilhjálmur Finsen: Í tilskipuninni um jarðamatið 27. maí 1848 stendur, að allur kostnaður af jarðamatinu skuli endurgjaldast með því á sínum tíma að jafna gjaldinu niður á allar jarðir í landinu. Þessi orð, samanborin við orðin í 5. grein tilskipunarinnar, innibinda

í sèr kostnaðinn til allra ráðstafana þeirra, sem hafa þurft til að koma jarðamatinu í kríng, og því sýnist það ekki að vera á gildum ástæðum byggt, eins og gjört er í nefndarálitinu, að gjöra mun á kostnaðinum við hið eiginlega jarðamat 1849—1850, og kostnaðinum út af jarðamatsnefndinni í Reykjavík og útreikníngi hundraðatalsins þar á eptir, því allur þessi kostnaður innibinzt í orðum tilskipunarinnar, og á allur að endurgjaldast. Viðvíkjandi nefndinni í Reykjavík, er með konúnglegum úrskurði frá 27. maí 1857 ákveðið, að viss þóknun handa nefndinni og skrifara hennar skuli greiðast úr ríkissjóðnum, í móti því, að endurgjalda það, eins og annan jarðamatskostnað. Þessi úrskurður var birtur þínginu 1857, og alþíngi hefir eingum mótmælum hreift gegn þessu í álitsskjali sínu um jarðamatið það ár; þvert á móti stakk þíngið upp á 100 rd. þóknun til viðbótar fyrir hvern af nefndarmönnum, sem þíngið þá sjálfsagt hefir geingið út frá, að borgaðist eins og í konúngsúrskurðinum var sagt, að ætti að eiga sèr stað með þá fyrst ákveðnu þóknun. Með þessu er viðurkennt, eins og það flýtur af boðum tilskipunarinnar frá 37. maí 1848, að allur þessi kostnaður hlýtur að lenda á landinu, og mèr finnst, að það sè ekki rètt, að skorast undan að borga það, sem er vafalaust að á að borgast, samkvæmt skýlausu lagaboði, og það er eins áríðandi í opinberum efnum, að vera hreinn í viðskiptum, eins og einstakra manna á milli, og það er því naumast samsvarandi sóma þíngsins, ef það skyldi nú, eins og nefndin hefir stúngið upp á, skorast undan að endurgjalda þann umtalaða kostnað.

H. Kr. Friðriksson: Nefndarálitið biður einúngis um frestun, þángað til það sèst, hversu mikill kostnaðurinn verður, en það er alls ekki tilgángurinn, að skorast undan gjaldinu.

Framsögumaður: Þó nefndin bendi á þetta, taldi hún það ekki sem víst, en hún hèlt að eins vel gæti verið, að skoða mætti kostnaðinn við þessa konúnglegu nefnd í Reykjavík, eins og annan skrifstofukostnað, en ekki eins og kostnaðinn af jarðamatinu, sem fram fór heima í hèraði 1849—50. Sama er að segja um þessa 150 rd., sem goldnir eru fyrir ýms störf þar að lútandi í Kaupmannahöfn. Það væri undarlegt, ef þíngið ætti að samþykkja og leggja á jarðirnar í landinu þenna sèrstaklega kostnað af hinni konúnglegu nefnd í málinu. Eg sè ekki, að það hafi verið þannig samþykkt af þínginu, því að hèr er einúngis að ræða um niðurlagsatriði nefndarálitsins, sem einúngis lúta að því að fresta frumvarpinu; það hefir ávalt verið álitið sem annars eðlis, eins og skrifstofukostn-

aður, en hvernig hinn 4. konúngkjörni þíngmaður lítur á það læt eg ósagt; þegar frumvarp til jarðabókarinnar fær lagagildi, kemur þetta fyrst til álita; en yrði jarðabókin ekki löggilt, þá væri það nokkuð of tímabær burður, að fara nú að leggja skatt á jarðarhundruð, sem aldrei yrði sköpuð.

Vilhjálmur Finsen: Þó jarðabókin sè ekki komin út eða löggilt, getur þíngið ekki geingið út frá því, að hún fái ekki lagagildi, heldur verður þíngið, fyrst það hefir mælt fram með því, að jarðabókin verði löggilt, að gánga út frá því, að þetta verði, og það er því eingin ástæða til, að fresta ákvörðun um endurgjaldið, þó jarðabókin sè ekki enn komin út. Hvað þá 150 rd. snertir, sem hafa verið borgaðir fyrir útreikníng hundraðatölunnar fyrir hinar einstöku jarðir, þá skal eg benda til þess, að í álitsskjali sínu um jarðamatsmálið 1857 fór alþíngi fram á, að stjórnin vildi hlutast til um, að ráðstafanir væri gjörðar til þess að hundraðatalan væri þannig út reiknuð, og geingu umræðurnar hèr á þínginu helzt út á, að sèrstök nefnd væri til þess tekin; en það er auðvitað, að hvort sem nefnd var sett, eða embættismanni í hinni íslenzku skrifstofu var falið á hendur, að reikna út hundraðatöluna, þá kemur það út á eitt, þegar sá embættismaður hefir tekið það að sèr sem aukavinnu. Eg álít því ekki spursmál um, að menn eigi að fallast á frumvarpið, og vil eg áskilja mèr breytíngaratkvæði viðvíkjandi því, að upphæð kostnaðarins sè bætt inn í greinina, svo og um það, að skildíngatala sú, sem jafnað yrði á hvert hundrað, verði til tekin, og það helzt á þann hátt, að komizt verði hjá mjög miklum skildíngabrotum, og svo vil eg einnig taka mèr það breytíngaratkvæði við 2. gr., að sýslumenn skuli heimta jarðamatskostnaðinn á 2 árum, helmínginn á næsta ári eptir að jarðabókin hefir náð lagagildi, og helmínginn árið eptir.

H. Kr. Friðriksson: Það er satt, sem hinn 4. konúngkjörni þíngmaður sagði, að ætti nú að fara að taka til skildíngatalið, yrði það að vera ríflegt, því það getur komið meiri kostnaðarauki; en eg, fyrir mitt leyti, álít, að það sè eigi auðið, að ákveða þenna kostnaðarauka, vegna þess, að þíngið hefir nú beðið um, að koma mætti með aðfindni, og að gallarnir yrði lagaðir.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg vil bæta því við það, sem hinn virðulegi *framsögumaður* sagði, að þó alþíngi 1857 eins og þegjandi samþykkti þenna kostnað, þá gekk það út frá því, að verkið væri þá búið og kostnaðinum þar með lokið, því að jarðabókin mundi þá verða löggilt; nú ónýtti stjórnin allt verk alþíngis í

þessu falli, bæði ályktun þess um jarðamatið, og þá sjálfsagt eins samþykki þess um kostnaðinn; nú held eg liggi ekkert á að fara að búa til lög um kostnað þenna, fyr en allt í einu að það mál er tekið fyrir, þegar allt jarðamatsverkið er búið.

Stefán Eiríksson: Eg vildi einúngis leyfa mèr að vekja athygli þíngsins að 2. grein frumvarpsins; þar er sumsè gjört ráð fyrir, að ábúandi hverrar jarðar skuli greiða sýslumanni gjald það, sem ræðir um í 1. grein, og að ábúandinn skuli fá það aptur endurgoldið hjá eiganda jarðarinnar; eptir þessu getur orðið spursmál um, hver skuli endurgjalda ábúendum á prestajörðum, spítalajörðum, fátækrajörðum sem og ómyndugra jörðum, o. s. frv. og því áskil eg mèr þann viðauka við 2. grein frumvarpsins, ef það verður samþykkt, að eptir orðið „eiganda“ verði bætt inn í greinina: „eða umráðamaður“.

Forseti: Fyrst að nú ekki fleiri biðja sèr hljóðs í þessu máli, er undirbúníngsumræðu þess lokið.

Þar næst kemur, samkvæmt dagskránni, einnig til undirbúníngsumræðu nefndarálit í málinu um *ráð við hallæri og almennri neyð*, og eru niðurlagsatriðin prentuð, og þeim útbýtt meðal þíngmanna.

Hinn háttvirti þíngmaður Norður-Múlasýslu er *framsögumaður* í málinu. Eg vil jafnframt leyfa mèr að geta þess, að ef ekki verða borin upp þau breytíngaratkvæði við nefndarálitið, er gjöri nauðnauðsynlegt, að rita bænarskrá til konúngs, álít eg, að þetta mál geti orðið útrætt nú á þessum fundi, eins fyrir það, þó fram komi breytíngaratkvæði í sömu stefnu og nefndin fer fram á, nefnilega, að *forseti* skrifi amtmönnunum.

Var málið síðan afhent *framsögumanni*, sem las upp nefndarálitið svo hljóðandi:

„Alþíngi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að hugleiða *uppástúngu frá 3 þíngmönnum um það, hvernig komið verði í veg fyrir yfirvofandi hallæri,* og leyfum vèr oss að bera upp álit vort hèr um á þessa leið:

Eptir þeim skýrslum, sem til alþíngis hafa komið, sem er mestmegnis það, sem hver þíngmaður sèr í lagi hefir getað skýrt frá eptir kunnugleik sínum, þar eð einúngis ein bænarskrá úr einum hrepp í Borgarfjarðarsýslu hefir komið til þíngsins, og óskað fjárstyrks úr einhverjum opinberum sjóði, þá getur nefndin að vísu sèð, að hinn seinasti afliðni afarharði vetur, ofan á óþurkasumar og bág-

asta haust, hefir allvíða valdið miklu tjóni, einkanlega í fjárhöldum manna, og að afleiðíngar þess hafa verið í vor mjög tilfinnanlegar á sumum stöðum í öllum fjórðúngum landsins, og í stöku sveitum, einkum í Strandasýslu, Snæfellsnessýslu og Eyjafjarðarsýslu; en nefndin ætlar þó, að þessi bágindi sè ekki meiri en svo, að alþýða sjálf, með stjórn og tilsjón æðri og lægri embættismanna, og með efnum þeim, sem fyrir hendi eru, geti ráðið bót á þeim, og á meðan svo á stendur, getur nefndin ekki lagt til, að alþíngi fari beinlínis að leita styrks hjá konúngi í þessu efni. Nefndin álítur, að það sè í alla staði bæði réttara og hollara, að landsmenn kappkosti að bjarga sèr sjálfir, og það því heldur, sem þeir vilja halda fram réttindum sínum og sjálfsforræði. Nefndinni finnst miklir annmarkar á, að leita um það til stjórnarinnar beinlínis frá þíngiuu, og ekki fram á það faranda, nema fullar skýrslur væri fyrir hendi, ráðstafanir yfirvaldanna að fullu reyndar og fundnar að vera ónógar, og þar að auki alþíngi fært um að gjöra þær ákveðnar uppástúngur, sem það vissi, að stjórnin gæti framkvæmt; en vèr ætlum amtmennina færari um að gjöra þvílíkar uppástúngur, og efumst ekki um, að stjórnin taki tillögur þeirra til greina. En bæði er það að vèr ætlum, að ekki sè mögulegt fyrir alþíngi að gefa nægar skýrslur um ástandið í sèrhverri sýslu landsins, og hvort þángað sè þörf á meiri nauðsynjavörum, einkanlega kornvörum, og þá hvað miklum, auk heldur um það, hvað mikið korn verði þar keypt, og hvort hlutaðeigandi verzlunarmenn kunni fást til að flytja meiri kornvörur, en þær, sem þeir hafi nokkurn veginn ánægjanlega vissu fyrir að geta selt. Þess vegna álítum vèr, að mál þetta verði allra helzt að ná til hlutaðeigandi amtmanna, og að þeir verði að útvega skýrslur frá sýslumönnum, ef þeir ekki senda þær ótilkvaddir um ástandið í sýslum þeirra, sèr í lagi um það, hvað mikið korn muni vanta til hvers verzlunarstaðar, eða hverrar sýslu, hvað mikils styrks mundi þurfa til, að kaupmenn feingi það borgað, og upp á hvaða skilmála þeir vildi taka að sèr að útvega það og flytja, eða hvaða von verzlunarstjórarnir hefði um þetta, þar sem kaupmennirnir sjálfir ekki væri við staddir. Eptir þessu ætlum vèr, að allt geti geingið greiðlega, og í veg megi koma fyrir vandræði eða húngursneyð næsta vetur, ef að eins lán feingist hjá stjórninni til að borga kornvörur, sem kaupmenn ekki sjálfir vildi hafa á hættu að kaupa. Að vísu vitum vèr, að amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu, sem mun eiga hèr syðra töluverða dvöl seinna part sumarsins, muni eiga örð-

ugast með að ná þeim umtöluðu skýrslum, eða alls ekki geta það í tíma. En það er einmitt þetta umdæmi landsins, þar sem menn segja sízt sè að óttast yfirvofandi neyð, og þar sem vèr vitum með vissu, að miklir kornaðflutníngar hafa verið í sumar til nokkurra verzlunarstaða, og þar sem vèr ætlum, að sumstaðar sè þegar búið að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til kornútvega. En áliti nú einn eða fleiri af amtmönnunum, þegar þeir væri búnir að fá skýrslurnar frá sýslumönnunum, og með hliðsjón til þess styrks, sem hlutaðeigandi sveitarsjóðir gæti í tè látið, að nauðsyn bæri til að leita stjórnarinnar um peníngalán eður annan styrk til kornútvega og aðflutníngа, álítum vèr sjálfsagt, að hann mundi fást.

Eptir öllu þessu mælum vèr nefndarmenn með því:

Að þíngið feli forseta sínum að skrifa amtmönnum, og skora á þá að hvetja til almennra samtaka í landinu, til að koma í veg fyrir hallæri.

Reykjavík 14. ágúst 1859.

Halldór Jónsson, Magnús Andrèsson. H. G. Thordersen.
framsögumaður. *Jón Hjaltalin. Jón Sigurðsson.*

Framsögumaður (Halldór Jónsson): Nefndarálit þetta fer nú nokkru skemmra, og hefir einnig nokkuð annan blæ, en uppástúngan, sem eg með 2 háttvirtum þíngmönnum bar upp; en stefnan er þó hin sama; og hið frábrugðna verð eg að afsaka með því, að uppástúngumennirnir, sem kosnir voru á heimulegum fundi, eins og hinum háttvirtu þíngmönnum er kunnugt, voru nokkuð bundnir við umræður, sem fram höfðu farið, og álit margra þíngmanna, en að í nefndinni komu fram fleiri skoðanir á málinu, og jafnvel var þá tíðarfarið tekið að glæða betri vonir. Það var og nefndinni kunnugt, að amtmennirnir í norðaustur- og vesturumdæmunum hafa þegar skrifað stjórninni um það, er þeir álíta nauðsynlegt til að verjast hallæri, og þóttist nefndin viss um það, að stjórnin mundi veita þeim það fulltíngi, sem mögulegt væri. Kornskort til suðuramtsins ætti ekki þurfa að óttast, þar sem gufuskipið fer svo opt á milli; og meðal þeirra styrktarmeðala, sem menn hèr hafa til að kaupa fyrir korn, má telja það, sem á ýmsan hátt rennur inn í suðuramtið af þeim 30,000 rd., sem ríkissjóðurinn hefir í tè látið til kláðalækníngа, t. a. m. til hreppsnefnda, sem staðið hafa fyrir lækníngum; svo fá Rángvellíngar og Borgfirðíngar mikið fyrir hesta, er þeir selja. *En eg* skal nú bíða þess, að þíngmenn láti í ljósi meiníngar sínar.

Guðmundur Brandsson: Eg held það megi nú segja um þetta

mál: „fjöllin tóku lèttasótt, og fæddu mús“, því þegar máli þessu var fyrst hreift, þá var hèr mikið uppgángsveður á þínginu, aukafundir voru haldnir, margar uppástúngur voru gjörðar, og hvað verður svo úr þessu öllu saman eptir nefndarálitinu? Það, að nú skal hvetja til almennra samtaka; en má eg spyrja, til hvaða samtaka? Þetta er nokkuð líkt því, sem farið var fram á 1855, þegar *forseti* þíngsins átti að skrifa út um landið, og kenna mönnum ýmsar búnaðar- og sparnaðarreglur; en hvort það hefir haft nokkurn árángur eða ekki, eða hvort hlutirnir hafa verið brúkaðir betur síðar en áður, veit eg ekki; eg held það hafi verið líkt. Það hefir verið talað um, að grípa til kollektusjóðsins, sem nú kvað vera kallaður styrktarsjóður Íslands; líka eru sveitarsjóðirnir til, sem eru hèr um bil 20,000 dalir á öllu landinu; öllu þessu er sleppt í nefndarálitinu; hèr er ekkert bent á, hvernig samtökin eigi að vera; eg sè ekki annað, en að þetta leiði af sèr niðurskurð sauðfjárins, því það er eins og nefndin hafi óbeinlínis bent á hann; eða til hvers á að grípa hèrna í suðuramtinu, ef ekki fènaðarins, þegar allt er farið, nema þær fáu kláðarollur, sem enn skrimta þar? Og getur vel skeð að menn verði fegnir að skera þær sèr til bjargar; það er sjálfsagt, að þó fè hafi ekki fallið til muna í austari hluta Rángárvallasýslu og Skaptafellssýslu, þá gætir þess lítið í samanburði við allt annað fè, sem hèr hefir drepizt. Varníngurinn er farinn í burtu, sjávarmaðurinn er búinn að selja fiskinn sinn, og þó sumir hafi peninga, þá stoða þeir lítið, ef hvergi fæst neitt fyrir þá. Nefndin hefði átt að gjöra beinni uppástúngu en hún gjörði, því svo leingi hafði hún mál þetta undir höndum. Eg óska því að heyra uppástúngu hennar útskýrða, til þess eg sjái, hvort hún hefir meint nokkuð með henni, eða hvort það eru nema orðin ein.

Framsögumaður: Eg man vel eptir því uppgángsveðri í þessu máli, sem hinn háttvirti þíngmaður talaði um; en eg man líka úr hverri átt það kom, og að það einmitt var á móti því, að farið væri að leita til stjórnarinnar; svo nefndin hefir tekið hæfilegt tillit til þess. Að nefndarmenn sè kallaðir óbeinlínis niðurskurðarmenn, tek eg mèr nú ekki mjög nærri; að minnsta kosti ætla eg það væri hvorki rángt nè óhollt, þó kláðsjúku fè sè heldur fargað í bágstöddum sveitum, en að leita sèr nú þegar annarar hjálpar, og missa svo, ef til vill, skepnurnar á eptir.

Gísli Brynjúlfsson: Eg held, að það megi með sanni segja um þetta mál, að því hafi verið heldur en ekki hlægilega snúið við í

meðferðinni, þar sem það nú er orðin niðurstaðan, að þingið skuli skora á amtmennina sökum hallærisins; því ef satt skal segja, þá held eg þó, að amtmennirnir hafi sýnt það í verkinu, að þeir voru farnir að hugsa um harðærið laungu áður, en þinginu nokkurn tíma kom það til hugar. Það er satt, sem hinn háttvirti þingmaður fyrir Gullbríngusýslu sagði, að hèr var í byrjuninni mikið uppgángsveður á heimulegum fundi með þetta hallærismál, en eg sè þó nú, að lítið hefir orðið úr, eins og menn heldur ekki leingi heyrðu nokkuð til þess; eg var ei á hinum öðrum *privat*-fundi, og var heldur ei viðstaddur á þinginu, þegar nefndin var kosin, og kemur mèr það nú því nokkuð óvart, að svo lítið skuli hafa orðið úr því, sem svo merkilega var hafið. En hvað sem nú um það er, þá þykir mèr þó f rauninni vænt um, að svo hefir farið, þar sem eg frá upphafi var á móti málinu, og get eg því að eins ráðið þinginu til, að leggja nú sjálft smiðshöggið á það, með því að fella alveg uppástúngu nefndarinnar, sem eg get ei heldur sèð, að nokkurt gagn sè í; því því megum við og jafnframt fagna, að þetta mun að eins hafa komið af því, að nefndin hefir allt af verið að verða lèttbrýnni og lèttbrýnni, eptir því sem tíðin hefir batnað, svo að minni ástæða var til, að óttast nokkurt verulegt hallæri.

Konúngsfulltrúi: Eins og þetta mál fram kemur nú hèr úr garði gjört frá nefndinni, bið eg þingið að fella það, því það er ekki málefninu sjálfu til hins minnsta gagns, að þingið ómaki hinn hátthátttvirta *forseta* sinn til þess, að skrifa amtmönnunum á þann hátt, sem nefndarálitið stíngur upp á. Annað mál væri það, ef einhver hinna heiðruðu þingmanna vildi taka sèr breytíngaratkvæði í þá átt, sem mèr virtist hinn háttvirti *framsögumaður* benda til, því það gæti, ef til vill, orðið til gagns fyrir málið, ef þingið fèllist á það.

Gísli Brynjúlfsson: Það var eingan veginn tilgángurinn með því, sem eg sagði, að vera að gjöra gaman að sjálfu málinu; því eg væri miklu fremur fús á, ef eg gæti nokkuð í þá áttina, að styðja að því, að menn hefði almenn samtök í sveitum, til þess æfinlega að vera vel undir búnir undir hið vesta. En eg gat ei að því gjört, að mèr þótti það hlægilegt, hvernig farið hefir fyrir þessu máli hèr á þingi, svo að nú er orðið minna en ekkert úr því; og eptir því, sem því nú er komið með uppástúngu nefndarinnar, get eg enn ei heldur annað sèð, en að rèttast sè að fella það sem fyrst.

Framsögumaður: Eg er nu samdóma því, að málið sè mjög alvarlegt; og það var ekki meiníng nefndarinnar að spilla fyrir því;

og sè það nú álit þingmanna, að nefndin hafi geingið of skammt, þá er ráð við því, sem eg ekkert hefi á móti, að einhver taki sèr breytíngar- eða viðaukaatkvæði í sömu stefnu, sem 2. uppástúnga nefndarinnar fór fram, nefnil., að leita konúngs eða stjórnarinnar, til að styðja tillögur amtmanna.

Arnljótur Ólafsson: Það þarf að semja bænaskrá, ef breytíngaratkvæði yrði tekið í þá átt, sem hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* benti til; en mèr finnst bænarskráin gæti þá verið á þá leið, að biðja konúng um, að taka vel öllum tillögum amtmannanna.

Guðmundur Brandsson: Þetta mál kemur víst ekki við þeim 30,000 dölum, sem opt hefir verið minnzt á, því þeir munu hafa verið ætlaðir til kláðalækníngа; en eg býst við, að kláðalyfin verði látin utan á kláðakindurnar, en ekki í magann á mönnum, enda mundi þau lítið gagna, til að seðja húngur þeirra. Þar sem þíngmaður Skagfirðínga hugði, að ekki mundi þurfa að gjöra ráð fyrir hallæri, þar veðrið nú væri farið að batna, þá bið eg hann að gæta þess, að óþerririnn er hinn sami, sem hann var, þegar mál þetta kom hèr fyrst til umræðu, grasleysið og bág skepnuhöld eins; þíngið gat nú ekki vitað, hvernig nefndin mundi taka í málið, en nú er orðinn svo naumur tíminn að við hjálpa því, jafnvel þó eg sjái ekki, hvað kemur út af uppástúngu nefndarinnar, ef þíngið aðhyllist hana, án alls viðauka eða breytínga við hana. Eg vil því spyrja þíngmann Borgfirðínga, hvort hann tekur sèr ekki breytíngar- eða viðaukaatkvæði í þá stefnu, því gjöri hann það ekki, þá er líkast til eg gjöri það.

Forseti: Það er undir þínginu komið, hvort það álítur nægja, að *forseti* riti brèf amtmönnunum þannig, eins og nefndin hefir stúngið upp á. En vilji þíngið fylgja málinu formlega og kröptuglega fram við stjórnina, þá mundi þar til vera hið eina ráð, að rita bænarskrá til konúngs; en til þess að það verði gjört, verður nauðsynlegt, að bera upp þar að lútandi breytíngaratkvæði við uppástúngur nefndarinnar.

Fyrst eg nú stóð upp, skal eg leyfa mèr að taka eitt atriði fram, sem ekki er óvenulegt, og það er, að ef þíngið ræður af, að rita bænaskrá, þá verður stefnt að líkum umræðum, eins og stjórnin tók 1838 og 39, nefnil., að þíngið fari fram á, að sveitarsjóðunum verði opnað lán, sem endurgjalda megi með hæfilegum fresti, einn hæfilegan hluta þess árlega; þannig var þá mörgum sveitum hjálpað á skynsamlegan og notalegan hátt 1838—39, og mörgum ein-

stökum fátæklíngum í þeim sveitum var þar með haldið frá sveit, og allri ómegð þeirra; en í það er mest varið af öllu, að geta hjálpað svo við öreigaheimilunum, að þau geti nokkurn veginn bjargað sèr og haldizt frá sveitinni. Lánsfè þetta var úr sumum sveitunum endurgoldið á 10 ára tíma vaxtalaust. Með þessu móti má ekki einúngis bjarga mörgum einstökum fátækum heimilum og halda þeim við, heldur eru einnig efnamennirnir þar með frelsaðir frá hinum vestu afleiðíngum hallærisins; því eptir því, sem ástatt er hjá okkur og almennt við geingst, þá eru efnamennirnir ekki stórum betur farnir í hallærisárum þegar fram í sækir, því að sá er hugsunarhátturinn hèr á landi, sem í rauninni er fagur, að hinir efnabetri hjálpa yfir höfuð að tala öreigunum, á meðan þeir geta, og þángað til þeir eru sjálfir að þrotum komnir, því að enginn er sá auðmaður, að hann geti öllum bjargað, sem bágstaddir eru og hjálparþurfar í hallærum; hjálp, sem svona einstakir hinna efnaðri manna þannig veita snauðum mönnum, er optast helzt innifalin í bitum og sopum í þann og þann svipinn, eins og eðlilegt er, en styrkir að eingu afkomu þeirra, eða til þess að þeir megi smámsaman verða sjálfbjarga fyrir sig og sína. En þetta ávinnst með því, að *sveitarsjóðirnir* sè styrktir til þess með lánsfè, að veita öreigunum verulega hjálp, annaðhvort með því að lána þeim forða handa öllu heimilinu á meðan neyðin þreyngir mest að, eða til dæmis verð fyrir bjargargrip, svo að heimilið geti haldizt við og orðið fært um, að bjarga sèr sjálft og rètta sig við aptur. Með svo felldu móti er öreigunum einatt bjargað, ekki einúngis frá vesöld og volæði, og sveitinni hlýft við margfalt meiri þýngslum af því, ef hann yrði að gjöra búfall, heimilið að verða upptækt og fjölskylda hans að fara út á sveitina, heldur er honum einnig þar með hjálpað til, að taka smásaman þátt í því með öðrum sveitúngum, að borga lánið aptur að sínu leyti, að því leyti að hann með þessu móti getur orðið fær um smámsaman að greiða tillag sitt til sveitarinnar.

Ef hið háttvirta þíng ræður nú af, að snúa málinu í þá átt, að rita bænarskrá til konúngs, þá ræður að líkindum, eins og nokkrir þíngmenn hafa getið til, að stjórnin mundi hika við að veita þenna styrk, nema því að eins, að samþykkis ríkisdagsins væri leitað; en ef eindregnar tillögur koma til stjórnarinnar, bæði frá alþíngi og háyfirvöldum landsins, mun því verða vel tekið. Að endíngu ætla eg að taka fram einn kostinn við það, að affarabetra verði, að styrkja sveitarsjóðina með *lánsfè*, heldur en með eintómis styrk eða gjöfum, og

það er þetta, að ef sveitunum er lèður styrkurinn gegn endurgjaldi, þá er ekki meira tekið til láns, heldur en nauðsynlega þarf til að bjarga þeim, sem nauðsynlega þarf að bjarga, en hættara er við, að menn verði öllu heimtufrekari, ef styrkurinn væri gefins.

Guðmundur Brandsson: Það er lángt nokkuð liðið, síðan stjórnarinnar var leitað hèr frá suðuramtinu, til þess að hún hlutaðist til, að sent yrði hingað korn. Það var eitthvert árið milli 1830 og 40; stjórnin sendi þá skip með rúg, og þar hafði margur gott af; eg veit um Rosmhvalaneshrepp, sem það kom að miklu liði, og svo mun víðar verið hafa; sveitarstjórnirnar tóku lán og borguðu aptur, og svo gæti enn orðið, ef að væri farið líkt og þá; eg veit ekki, hvað þjóðin segði, ef mál þetta fèlli nú alveg niður; eg held henni þætti það dáfalleg meðferð, úr því þetta alvörumál nú einu sinni kom inn á þingið; þá er ólík athygli, sem lögð hefir verið við kláðamálið, og veit eg þó ekki, hvort það er alvörumeira en þetta, mèr virðist það ætti nú að fara í þá stefnu, sem *forseti* benti til, því hún er að mínu áliti sú allratiltækilegasta, og þykir mèr líklegt, að þingið gjöri góðan róm að henni.

Þórður Jónassen: Eins og þetta mál nú liggur fyrir, get eg ekki skilið, að það sè til nokkurs gagns að hreifa málinu í því formi, sem hèr er ráðið til; þess er ekki lángt að minnast, að *forseti* þingsins ritaði landsmönnum brèf líks innihalds og nú á að skrifa amtmönnunum, en það hafði ekki annan árángur, en þann, að menn gjörðu skop að brèfinu. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* skýrði frá því, að hann væri sem amtmaður í vesturamtinu búinn að skrifa stjórninni um málið, og að senda henni allar þar að lútandi skýrslur, og hefi eg beztu von um góðan árángur; og fyrir norðan eru, að sögn þingmanna þaðan, þegar gjörðar nauðsynlegar ráðstafanir, með því að snúa sèr að hlutaðeigandi kaupmönnum; og hvað suðuramtið snertir, virðist mèr sú aðferðin sè líka sú tiltækilegasta, og henni er hægt að koma við, þar sem gufuskipið fer hèr á milli; nú er líka sú bót í máli, að það er komið nægilegt af korni til Eyrarbakka.

Það er ekki leingi síðan stjórnin eptir áskorun stiptamtmanns hlutaðist til móti talsverðri þóknun, eg trúi 1,000 rd. til hlutaðeigandi kaupmanns, að hingað var sendur kornfarmur; hann kom í janúarmánuði, en það ætlaði að verða vandræði með að koma korninu út, því það átti að borga það í peningum sumrinu eptir, og það átti almenníngur örðugt með, og niðurstaðan varð sú, að stiptamt-

maður varð að fá einn af kaupmönnum hèrna til að kaupa næstum allt kornið. Líkt fór fyrir norðan árið 1836; stjórnin sendi, eptir áskorun amtmannsins þar, kornfarm til Skagafjarðarsýslu, eða rèttara sagt fèkk kaupmann, sem þar átti verzlun, til þess að flytja upp kornið, en þegar að fram kom, þá kom það upp, að þörfin var minni, en orð var gjört á, og kornið gekk lítið út.

Eg held því, að þó farið sè að skrifa til stjórnarinnar, að það yrði árángurslítið; það einasta, sem hún gæti og mundi gjöra, yrði það, að hún skoraði á hlutaðeigandi kaupmenn að byrgja nú í haust þær sveitir eða hèröð upp af kornvörum, sem einkum þyrfti þess við, en þá rekur að því, hvernig eigi að borga það, og þá væri sú aðferðin, ef til vill, tiltækilegust, sem hinn háttvirti *forseti* tók fram, að hèr hefði átt sèr stað árið 1838, að einstökum sveitarsjóðum var veitt lán, til þess að kaupa nauðsynjar fyrir úr kaupstaðnum; en nú er nokkuð öðruvísi ástatt, en það var þá; nú er komin önnur stjórn, nú verður að bera þetta mál upp á ríkisþínginu og þíngið að veita lánið; það getur staðið nokkuð á því, áður en það getur komizt í kríng.

Eg vil líka geta þess, að það er ekki svo leingi síðan stjórnin lèt þínginu í ljósi, að hún gæti ekki beinlínis tekið þátt í því, að byrgja landið upp með nauðsynjavörum, eptir að verzlunin væri orðin laus og öllum heimilt að verzla hèr, og eg er hræddur um, að svörin yrði lík nú og þá. Allt svo, hvernig sem eg lít á málið, eins og það nú liggur fyrir, álít eg það eigi ekki að fara leingra en komið er, en einúngis snúa sèr að hlutaðeigandi kaupmönnum, sem að vísu munu hèr syðra og vestra veita þessu máli góða undirtekt, eins og kaupmennirnir virðast að hafa gjört það í norður- og austurumdæminu, og með þeim hætti álít eg máli þessu borgið svo vel sem kríngumstæðurnar leyfa.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr virðist nú að vísu þessi niðurlagsatriði ekki vera á marga fiska, og verði ekki bætt úr þeim, þá held eg sè eins gott, að fella málið alveg; eg var nú einn af þeim, sem á þessum *privat*-fundum ekki var svo kvíðinn, og eg álít enn ekki svo brýna nauðsyn bera til, að fara að knýja á stjórnina um hjálp. En eigi að gjöra nokkuð í þessu efni, þá fellst eg á bendíngu hins háttvirta *forseta,* að tiltækilegast sè, að útvega sveitarsjóðunum lán, þar sem menn vilja það og þurfa þess, því það er ekki alstaðar sagt, að bændur geti borgað, þó matbjörg væri að fá. En nú er ekki nema hálfgjört verkið, þó þetta fáist; eptir er að út-

vega björgina; menn eru nú að vísu að ráðgjöra breytíngaratkvæði í þá áttina, að fá kornbyrgðir frá stjórninni í gegnum amtmenn; en eg get nú ekki reitt mig mikið á þetta, og eg held þíngið gjöri réttara í, að byggja ekki von sína á svo völtum grundvelli; því þó amtmenn gjöri allt sitt bezta til í þessu efni, þá er ekki sagt, að stjórnin geti eða vilji liðsinna svo fljótt, sem þörfin krefur; það eina tiltækilega væri, að þíngmenn sjálfir hlutuðust til um það heima í héruðum við hreppstjóra og helztu menn sveitanna, að reyna til að útvega kornfarma strax í haust, en fara hvorki til stjórnarinnar nè amtmannanna í því efni. Þíngmaðurinn úr Gullbríngusýslu misskildi *framsögumann,* þar sem hann hèlt, að hann væri að vísa Sunnlendíngum á þessa 30,000 ríkisdali, sem ætlaðir eru til kláðalækníganna; hans meiníng var víst sú, eins og líka er, að það lendir talsvert bæði af þessum 30,000, og eins þeim 6,000 rd., sem minnzt var á hèr á þínginu um daginn hèr í suðuramtinu; því það er þó kunnugt, að miklu fè hefir verið út býtt meðal lækníngaforstöðumanna, sem hljóta þó að vera til einhverstaðar; en við Norðlendíngar höfum nú ekki þessu láni að fagna; sumir hafa líka hèr selt mikinn fisk og tekið peníngа fyrir, og er líklegt, að þeir peníngar sè ekki allir eyddir, sem allt með góðum samtökum og fèlagsskap getur orðið almenníngi að liði.

Stefán Jónsson: Þegar eg leit á nefndarálitið, leizt mèr helzt að fella málið, heldur en fara svona að. Eg sè ekki, að það fari fram á annað, en það, sem amtmennirnir mundi gjöra, hvort sem þeim væri skrifað eður ekki af *forseta* þíngsins; eg veit, að amtmaðurinn fyrir norðan hefir skrifað stjórninni, og gjört það, sem gjöra varð; eg get því ekki sèð, til hvers er að halda málinu fram í þá stefnu, sem nefndin fer; en ef á að gefa því gaum, þá er sú stefna, sem *forseti* benti á, sú tiltækilegasta, ef kunnugir menn álíta, að það geti orðið til heilla og þarfa, og þá er bezt að ræða það. Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður áleit, að það, sem *forseti* skrifaði 1855 hafi komið að litlu liði; en eg veit ekki til, að menn tæki því með skopi; eg held menn hafi tekið því vel, en þegar til framkvæmdanna kom, þá hefir, ef til vill, mátt segja um það, eins og um svo margt annað, að það er hægra að kenna heilræðin en halda þau.

Pètur Pètursson: Þíngmönnum er kunnugt, að í byrjun þíngsins voru menn sannfærðir um, að nauðsynlegt mundi, að gjöra einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir húngursneyð næstkomandi vetur, því menn mundu til, í hvaða vandræði fólk komst í vet-

ur, þegar á leið, og þær sögur, sem þá heyrðust úr sveitinni og jafnvel að norðan; það er satt, að nú ber ekki eins mikið á þessu eins og í vor, en það álít eg sè af því, að nú er sumar, en ekki vetur, því að þeir, sem eiga skepnur, lifa af málnytu, en nú hefir sumar verið fremur styrt, nýting ill, og fellir á skepnum í vor, einkum fyrir vestan, og hèr í suðuramtinu eru margir bæir sauðlausir. Í fyrra fóru menn að fjölga kúpeningi sínum, til að bæta í skarðið fyrir sauðpeninginn, en þegar að fór að herða í vetri, er var, drápu menn viðkomuna. Norðlingar bera sig að vísu vel, en samt heyrðust margar sögur um ástandið í Eyjafirði í vor, sem að líkindum ekki hafa allar verið ástæðulausar; þær sýslur, sem eg held sè bezt staddar, eru Múlasýslurnar, því að þar hafa verið margir lausakaupmenn með kornbyrgðir, og þar eru ríkir kaupmenn, sem byrgja vel verzlanir sínar, og þar eru ríkir menn, en þó hefi eg heyrt mælt eptir öðrum franska skipsforíngjanum, sem hèr hefir verið í sumar, að hann aldrei hafi sèð ástandið þar eins aumt og í vor. Eg held því, að það sè eðlilegt, þó þíngið hafi tekið mál þetta til meðferðar, og veitt því athygli, og fyrst það er nú einu sinni komið á þíngið, virðist mèr óvirðíng fyrir það, að reyna ekki til að ráða sem bezt úr því; árángurinn held eg verði lítill af nefndarálitinu, eins og það liggur fyrir, því að þar er sleppt þeim vegi, sem þíngið ætlaðist til, að rituð yrði bænarskrá, og stjórnin bedin að styrkja amtmennina. Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður telur öll tormerki á, að stjórnin muni vilja skerast í málið; en því verður þó ekki rýmt saman við það, sem hann sagði, að amtmaðurinn í vesturamtinu hefði ritað stjórninni, og að hann efaðist ekki um, að það hefði góðan árángur, því heldur hann þá ekki eins, að það muni hafa góðan árángur, ef þíngið ritar stjórninni, eða heldur hann að það muni spilla, þó þíngið styðji bænir og uppástúngur amtmannanna? Eg álít nauðsynlegt, að þíngið styrki amtmennina, því að það er undarlegt, að stjórnin fái uppástúngur amtmannanna, en þíngið þegi, en hefir þó haft málið til meðferðar; það er því undarlegt, ef ekkert kæmi frá þínginu, og það er verra, ef ekkert er við málið gjört, en það hefði aldrei komið inn á þíngið; en eg sè ekki, hvernig tillögur þessar geti verið í bága við stiptamtmann; ef hann hefir ekkert gjört, þá spilla þær ekki; en hafi hann stúngið upp á einhverju við stjórnina, þá styður það það; ef þíngið biður stjórnina að styrkja amtmennina í tillögum þeirra, þá get eg ekki sèð, að þetta komi í neinn bága. Eg er eingan veginn blindur fyrir því, hvaða örðug-

leikar eru á því fyrir stjórnina, að ráða fram úr þessu, því ef beðið er um peningastyrk, þá getur hún ekki veitt hann, nema með aðstoð ríkisdagsins; en eg held þó stjórnin gæti stuðlað til þess, og mundi fúslega gjöra það, að kornbyrgðir kæmi á þá staði, sem amtmennirnir helzt til tæki, að hagkvæmast væri og helzt þörf á, og það er mikil tryggíng fyrir kaupmenn, þegar hið opinbera geingur í málið, því að þá eiga þeir þó borgunina vísa, þó ekki komi hún strax. Eg hefi talað við kaupmenn, og mèr hefir ekki heyrzt hljóðið svo gott í þeim; þeir biðja hamíngjuna að forða sèr frá, að koma með kornfarma híngað, nú sem stendur, og lána þá út, því að með hverju eigi fólk að borga, þegar fènaðurinn er fallinn. Það er því nauðsyn, að stjórnin hjálpi og útvegi sveitunum lán. Eg ætla, ef til vill, að taka mèr breytíngaratkvæði í þá átt, en ekki samt núna, fyr en eg heyri tillögur þíngmanna.

Guðmundur Brandsson: Hinn 1. konúngkjörni þíngmaður misskildi menn, þar sem hann talaði um, að stjórnin mundi eiga erfitt með að senda korn; það ætlast einginn til, að biðja stjórnina um korn, heldur að biðja hana um styrk, til að kaupa korn fyrir. Eg man eptir því um árið, sem minnzt var á, að það korn, sem stjórnin þá sendi, gekk ekki allt út um veturinn, en það varð ekki ónýtt þess vegna; en orsökin til þess, að menn hlífðust við að taka það nema sem allraminnst, var sú, að það átti að borga það í peníngum vorið eptir, og setja fullt veð fyrir; hinn 1. konúngkjörni þíngmaður var þá sýslumaður hèr í sýslunni, og gjörði allt, sem í hans valdi stóð, til hægðarauka fyrir menn að nálgast kornið, en það voru þraung kjör, sem boðin voru frá stjórninni, og því tók eg korn til láns upp á 200 rd. í mínu eigin nafni sem hreppstjóri; hið sama gjörði meðhreppstjóri minn, svo það urðu alls 400 dalir, sem við skulduðum sameiginlega fyrir korn þetta, en við þurftum hvorki að setja veð eða borga í peníngum, því við áttum við kaupmann, sem sýndi okkur þessa tiltrú, og það gekk allt vel á endanum; stórkaupmaður Knudzon átti skipið, sem sent var með kornið, en það var stjórninni að þakka, að skipið fór af stað, og eg heyrði jafnvel sagt, að hún hefði orðið að gefa honum 1,000 rd. þóknun, og þó átti hann mikið af korninu, sem var í skipinu, enda kom okkur það að þeim notum, sem eg hefi nú frá sagt. Eg er nú ekki hræddur um, að stjórnin fari að senda skip með korn, enda sýnist mèr ekki ráðlegt, að menn biðji hana um það, heldur upp á einhvern máta að hjálpa um styrk til kornkaupa. Það er auðvitað, að hreppstjórar ekki taka

lán, og sveitarmenn ekki heldur, nema nauðsyn beri til, þegar þeir vita, að það á að borgast aptur af sveitinni, en það væri vel, að það feingist, ef á þyrfti að halda, og vel, ef ekki þyrfti á að halda; að ekki sè farandi fram á að biðja stjórnina um gefins fjárstyrk til fátækustu hreppanna, því get eg ekki verið samþykkur, því ekki var kollektusjóðurinn annað en gjafir, jafnvel þó stjórnin veitti þær ekki beinlínis. Þingmaður Suður-Þingeyínga hèlt, að það væri ekki svo bágt hèr sem menn lèti, og til færði, að rúmum 2,000 rd. hefði verið útbýtt í kláðalækníngalaun, en hann hefði þá átt að reikna fjárfellinn líka, því þá hefði hann sèð, hvað mikið peníngar þessir hefði vegið upp á móti honum; mèr virðist því þessi mótbára hans lèttvæg; það er víst, að menn gjöra sèr ekki leik að slíku máli sem þessu, og menn væri ekki að biðja um styrk, ef þess væri eingin þörf; það vita menn líka, að í Norðurlandi er sumstaðar hart á milli manna, því kaupafólk sumt fær þar ekki að vinna á mat, og sumt er þaðan komið þannig suður aptur, því fólk kemst þar sumstaðar naumlega af fyrir sjálft sig, og því síður að það geti miðlað öðrum; þetta er sögn kaupafólksins, sem þaðan er komið, og veit eg ekki betur, en að þetta sè sannar sögur.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Eg held, að korn það, sem hinn háttvirti 1. konúngkjörni þíngmaður gat um, að kom hèrna um veturinn, hafi verið harmabrauð, því það var selt með verri kjörum, heldur en menn almennt feingu það ár hjá kaupmönnum. Eg held það sè lítið gagn að fara eptir þessu nefndaráliti eins og það er nú, og þó það sè víða bágt í vesturamtinu, þá finn eg litla orsök til að biðja þíngið að fara að skrifa amtmanninum þar um það; eg treysti honum sjálfum bæði til að þekkja þarfir amtsbúa sinna, og líka til að skrifa stjórninni það, sem honum sýnist koma að gagni í því efni; heldur væri það, ef alþíngi vildi skrifa til konúngs, og biðja hann að líta náðarsamlega á það, sem amtmennirnir kynni að skrifa honum í þessu máleíni.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn: Eg var ekki við, þegar þetta fyrst var rætt á heimulegum fundum, og hèlt það mundi ekki koma leingra, en til uppástúngu þeirra þriggja manna. Eg áleit þetta hallærisumtal öldúngis óþarft, því eg sè ekki, hvað út af því kemur eða getur komið, þar eð eg held, að ekki sè í neinu tilliti fullar ástæður fyrir því. Það er sagt, að það sè bágt í sveitunum; það kann vel vera, að svo sè sumstaðar, en svo hefir ávallt verið. Þegar maður á tal við fólk, þá heyrir maður, að endir málsins verð-

ur sá, að ástandið batnar og vesnar eptir því, sem viðrar þann og þann daginn; en það er auðsætt öllum, að þegar svo er, þá er nóg efni í eilíft hallærissamtal. Mèr sýnist að menn geti hugsað sèr, að hèr geti komið upp hallæri, hvenær sem vera skal, en það hefir þó opt ekki orðið út úr, þó ver hafi litið út en nú. Mèr sýnist því mál þetta öldúngis ekki svo vaxið, að þíngið eigi að fást við það, því að amtmennirnir gjöra það, sem þarf, og sem mögulegt er og ráðlegast að framkvæma, og vegna þess þeir eru kunnugastir, þá geta þeir komið miklu meiru til vegar, en þíngið. Eg verð þess vegna að vera á móti því, að þíngið fari því á flot við stjórnina, sem ekki í raun og veru á sèr stað eða verulcg nauðsyn ber til; eg viðurkenni það, að hèr sè nokkuð harðara í ári nú en vant er, og það ekki sízt á Norðurlandi og Vesturlandi, því svo var að minnsta kosti að heyra af þeim fundi, sem haldinn var í Eyjafirði í vor; en eg er viss um, og það eru þegar skilríki fyrir, að amtmennirnir gjöra það, sem tiltækilegast er, og að stjórnin fram fylgir uppástúngum þeirra, sem miða til að afstýra hallæri. Þó að eg hafi sèð eina bænarskrá úr Melasveit til þíngsins, þá sè eg ekki sönnun fyrir því, að ástandið sè mikið lakara en vant er, hvorki þar nè annarstaðar hèr syðra; það er meira að segja, að hèr hefir verið einstakur fiskiafli um Suðurnesin, og einn kaupmaður hèr hefir sagt mèr, að hann hafi reiknað, að hèr sè seldur til kaupmanna fiskur fyrir 300,000 dala nú í vor í Faxaflóa; þessa verður þó að sjá einhvern stað. Hèr er að vísu fátækt og vesöld ávallt innan um, en svo er í allri veröld, og það lítur ekki fremur út fyrir hallæri nú en vant er. Mèr þykir það annars undarlegt, að þessi hallærisjarmur skuli sífelt fara vaxandi hèr á þínginu á seinni árum, sem ekki heyrðist fyr, þegar miklu bágara var ástand manna á milli. 1855 var þetta líka hèr á þíngi, þá átti líka að vera hallæri, og fèkk þá alþíngi *forseta* til að skrifa amtmönnunum um þetta mál, og að skora á alþýðu í opnu brèfi, að búa sig undir hallærið, með því að gæta hófs og sparnaðar. Í næstu 3 árin veit eg ekki til, að hafi verið hèr neitt sèrlegt hallæri, og ekki veit eg þó heldur til, að sparnaðarreglum neinum hafi verið fremur fylgt en áður; veturinn í fyrra var sjálfsagt harður, en eingan veginn svo, að ekki hafi stundum verið harðara, og það með verra undirbúníngi, en nú er hèr. Og þó menn færi nú til stjórnarinnar, upp á hverju á þá að stínga, eða hvað á þá að biðja um? Á þíngið að biðja stjórnina um, að gjöra allt það, sem amtmennirnir stínga upp á? Og ef amtmennirnir stínga upp á einhverju,

vill þá alþingi skrifa undir það, hvað sem það er? Eg segi fyrir mig, eg hefi gott traust á amtmönnunum í þessu máli, en þó er fjarri, að eg vilji gefa atkvæði mitt fyrir, að sagt sè við stjórnina: gjörðu allt, sem amtmennirnir segja þèr; eg vil fyrst vita, upp á hverju þeir stínga; eg trúi ekki svo nokkrum manni, að eg gefi samþykki mitt til þess, er hann segir, áður en eg veit, hvað það er. Eg held yfir höfuð að tala, að það sè bezt að eiga undir amtmönnunum að öllu leyti með þetta mál, því að þeir einir geta fylgt með tímanum og ástandinu, og er eg því fúsastur til að fella málið, því mèr sýnist bezta ástæða fyrir oss nú, að eiga undir guði og lukkunni að vèr sleppum við hallæri í þetta sinn, ef vèr að eins óttumst ekki, og höfum sjálfir við allan dug og varúð.

Ólafur Jónsson: Ef það hefði verið tómir Norðlendíngar í nefndinni, þá hefði eg ekki furðað mig svo mikið á því, þó ekki væri nú orðið meira úr máli þessu. Þíngmenn muna, að eg hefi áður lýst því yfir, að eg vonaði, að þó ástandið í norðuramtinu sè fremur bágborið, þá muni menn þó með góðum samtökum, geta af stýrt húngursneyð, án þess að leita til stjórnarinnar; og þó ástandið í Húnavatnssýslu sè fremur bágt, þá er það þó ekkert merki til þess, sem hinn heiðraði þíngmaður úr Gullbríngusýslu til færði, að kaupafólk hefði komið þaðan aptur suður, sem ekki hefði feingið þar inni á mat; því bæði er það, að æði-margt kaupafólk mun hafa farið norður, svo Húnvetníngar munu halda æði-margt, þó þeir ekki gæti tekið það allt, sem kom, og svo líka vilja þeir ekki láta það spyrjast um sig, að þeir færi sèr svo í nyt neyð annara, að halda þá um bezta bjargræðistímann, án þess að gjalda þeim annað en fæðið. En þar sem í nefndinni voru sumir þeir menn, sem ákafastir voru að þíngið tæki málið til meðferðar, og skýrði stjórninni frá ástandinu með „skýrum og berum orðum", til dæmis hinn heiðraði 6. konúngkjörni þíngmaður, þá furðar mig á, að nú er ekkert orðið úr málinu, og einkis þarf nú við. Það hefði verið betra, að þíngið hefði aldrei tekið málið til meðferðar, heldur en að fella það nú, og eg skil ekki að þíngið gjöri rètt í því, þar sem bænarskrá hefir komið um málið, sem lýsir ástandinu mjög bágbornu. Eg er nú ekki kunnugur ástandinu hèr á Suðurlandi, en eg skil þó varla í öðru, en það horfi til mestu báginda, og jafnvel manndauða, ef sjórinn bregzt, og menn fá einga hjálp, því eg hefi talað við nokkra menn, t. d. úr Borgarfjarðarsýslunni, sem hafa sagt mèr, að þeir gæti ekki keypt svo mikið sem eina hálftunnu af mat, þeir hefði ekkert til að borga

með, og lán feingi þeir ekki. Eg vil því leyfa mèr að spyrja hinn heiðraða 6. konúngkjörna þíngmann, hvort hann hefir síðan um daginn hugsað sèr nokkur ný ráð til að bæta úr þessu, án aðgjörða þíngsins; en ef það er ekki, þá finnst mèr það vera skylda hinna heiðruðu þíngmanna hèr úr suðuramtinu, að taka sèr einhver þau breytíngaratkvæði við niðurlagsatriðin, sem miðað geta til þess, að málið ekki falli svona, heldur að eitthvað verði ráðið fram úr til hjálpar nauðstöddum hèr, einkum í suðuramtinu.

Jón Hjaltalín: Eg vil leyfa mèr að svara hinum háttvirta þíngmanni frá Húnavatnssýslu, og skýra þánka minn um þetta mál. Eg var með í nefndinni, og einn af þeim, sem óttaðist mjög hallæri; en síðan hefir nú tíðin nokkuð batnað, og hræðsla mín nokkuð minnkað við það, að hèr hefir verið gott fiskirí þenna síðasta mánuð; en það er samt ekki svo að skilja, að eg hafi breytt svo skoðun minni, að eg álíti ekki sjálfsagt fyrir þíngið, að gjöra allt sitt til að fyrirbyggja húngrið; þegar eg fór að hugsa mig um, þá sá eg raunar mörg vandkvæði á, að fara að rita bænarskrá til konúngs, því að það mundi ómögulega hafa nokkurn árángur fyr en að ári liðnu, og því fellst eg á hinn veginn, að snúa sèr að amtmönnunum, og það fèllumst vèr á; eg játa það, að fyrsta atriðið í nefndarálitinu er nokkuð veikt, og eg vildi hafa tekið það betur fram, ef eg hefði verið í nefndinni, þegar það var leitt til lykta, en eg varð að fara til veiks manns, áður en nefndarinnar niðurlagsatriði voru samin, og því vil eg taka mèr viðaukaatkvæði; menn gjöra of lítið úr því, að þíngið riti amtmönnunum, en það er þó ekki svo lítið í það varið, einkum eins og það verður eptir því viðaukaatkvæði, sem eg ætla að taka, því að eg hefi hugsað mèr það á þá leið, að þeir skýri stjórninni greinilega frá ástandinu með hverri póstskipsferð, og ábyrgðin hvílir mest á þíngmönnum, hvað þeir vilji gjöra, en ábyrgð hvílir líka á amtmönnunum, og eg efast ekki um, að þeir gjöri allt, sem í þeirra valdi stendur, til að hvetja fólk til sparsemi, og til að sporna við hallæri. Eg efast heldur ekki um, að stjórnin, þegar henni er skýrt frá, hvernig á stendur, að hún muni gjöra sitt til, að fyrirbyggja vandræði, og eg verð líka að halda, að hún álíti sèr það skylt. Það hefir verið sagt, að það mundi ekki koma mikið út af því, þeir muni eins gjöra skyldu sína án þess; en það skaðar þó víst ekki, þó stjórnin sè beðin þess og minnt á það, og alþíngi hefir þá líka gjört það, sem í þess valdi stendur, til þess að það verði undið að því strax, og úrræðin komi hið bráðasta. Eg ímynda mèr,

að þegar allir leggjast á eitt og amtmennirnir þess utan leggja sitt til við stjórnina, þá muni þetta geta haft góðan framgáng. Á hinn bóginn er það víst, að hinir vitrari ætti að hvetja almenníng til að sjá sèr borgið með það, sem nauðsynlegt er, og minnka um stund kaupskap á óþarfari vörum t. a. m. tóbaki og brennivíni, því allir mega þó sjá, að þegar svo ber undir, að neyð vofir yfir, þá er hin brýnasta nauðsyn til, að hlífa sèr við öllum þeim kaupum, er menn með nokkru móti geta án verið. Kaupmenn hafa þá og minni ástæðu til að segjast ekki geta selt korn, er þeir sjá að menn hafa eitthvað fyrir að gefa, og að menn alveg hafna óþarfavörunum.

Á hinn bóginn finnst mèr, að það sè bein skylda alþíngis, að brýna fyrir amtmönnunum, hvernig ástatt sè í hverju hèraði fyrir sig, og að hvetja þá sem mest til, að gripið verði til fljótra úrræða, þar sem þörf gjörist, Hèr eru menn saman komnir úr öllum ömtum landsins, og ætti það því að vera nokkurn veginn hægt fyrir þíngið, að sjá hvar þörfin er mest fyrir hendi, og hvernig kornaðflutníngum þeim, er með þurfa, ætti að vera háttað, hversu mikið ætti að koma í hvert amt og í hverja verzlunarstaði.

Þegar þíngið brýnir þetta ljóslega fyrir amtmönnunum og biður þá fljótrar úrlausnar, skil eg eigi annað, en flýtt sè fyrir máli þessu svo mjög sem auðið er, og við verðum að bera það traust til amtmanna, að þeir gegni áskorunum þíngsins í þessu máli svo fljótt sem frekast má verða, og á þann hátt, er þíngið bendir þeim á, áður en því er slitið.

Þórður Jónassen: Hinn heiðraði 3. konúngkjörni þíngmaður skildi svo orð mín, að eg hefði haldið, að stjórnin mundi ekki vilja skerast neitt í þettu mál, og kvaðst ekki geta rýmt það saman við það, sem eg hefði sagt um aðgjörðir amtmannsins í vesturamtinu, sem væri búinn að skrifa stjórninni um málið, og eg hefði spáð af því góðum árángri. Eg held hèr sè nokkur misskilníngur; eg sagði einúngis, að eg hèldi stjórnin ekki mundi skerast beinlínis í málið, eða öðruvísi en svo, að hún mundi skora á hlutaðeigandi kaupmenn, að senda í haust korn til þeirra hèraða, sem mest þyrfti þess við, og það held eg gæti nægt, það því fremur, sem eg ekki veit betur, en amtmaðurinn sjálfur hafi snúið sèr að hlutaðeigandi kaupmanni, í það minnsta fórust honum, kaupmanninum, svo orð, þegar hann var hèrna á dögunum. Eg held því megi vona góðs árángurs í málinu.

Arnljótur Ólafsson: Eg held nú þíngmenn ætli að fara að, eins og sagt er um tóu, að hún bíti ekki nærri grenina; þeir eru

eins og að leita að hallæri alstaðar annarstaðar, en hèr í kríngum þíngstaðinn, þar sem þó einmitt mest þreingir að. Eg held menn þurfi ekki að fara leingra en hèrna upp á Kjalarnes eða Akranes, til þess að finna harðærið. Víða í Borgarfjarðarsýslu eru að meðaltali varla 2 kláðakindur á hvern mann, eins og líka tekið er fram í bænarskránni frá Melasveit. En svo eg snúi mèr að málinu sjálfu, þá hlýt eg að láta það álit í ljósi, að ef menn vilja mæla fram með málinu, þá verður að taka sèr breytíngaratkvæði við uppástúngu nefndarinnar. Eg hefi búið mèr til eitt viðaukaatkvæði, er fer því fram, að þurfandi menn yrði styrktir með því að útvega þeim lán hjá stjórninni. Mèr skilst svo, að vèr getum á tvennan hátt gefið uppástúngu nefndarinnar nokkra þýðíngu; er annar sá, að fela forseta á hendur, að fella bæn alþíngis við áskorunina til amtmannanna, og það á þá leið, sem hinn háttvirti *forseti* benti til; hinn er sá, að biðja konúng um, að veita lán úr opinberum sjóði, og að veita uppástúngum amtmannanna mildilega áheyrslu. Mèr er næst skapi, að beðið sè helzt um peníngalán, því eg veit, að margan skortir gjaldið, og eg veit líka, að ef kaupmenn vita af peníngunum, þá koma þeir með kornvörurnar.

Indriði Gíslason: Eg ætla nú ekki að standa upp til þess, að fara inn í uppgángsbyljaræður manna, eða taka slíkt að mèr, því eg lagði ekkert orð til þessa máls við inngángsumræðuna; en því get eg ekki neitað, að úr því mál þetta var tekið, hvort sem var, inn á þíngið, þá þykir mèr það æði mikið hafa rýrnað, og jafnvel ekkert orðið úr því. Nú, en hafi það verið óhyggilegt og vitlaust, að taka mál þetta til þíngsins meðferðar, þá þori eg að segja það, að hálfu óhyggilegra er, að láta mál þetta svona niður falla, fyrst það var tekið fyrir; eg get annars ekki að því gjört, að eg sakna mjög aðaltilgángs uppástúngunnar í nefndarálitinu, og það var, að sjá um, að nógar kornbyrgðir væri hèr til, og jafnvel þó nefndarálit þetta fari svo skammt, sem allir sjá, vil eg þó halla mèr að niðurlagsatriðinu, með því að áskilja mèr breytíngar- og viðaukaatkvæði í þá átt, að amtmennirnir sjái um og útvegi næga kornvöru, eins og eg líka mun halla mèr að breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga, sem að nú er sú bezta uppástúnga, sem hèr hefir komið í þessu máli, og sprottin er, eptir því sem mèr heyrðist áðan, frá hinum háttvirta *forseta*.

Það er annars óskiljanlegt vantraust, sem nú er farið að koma fram á amtmönnunum í þessu máli; það var þó meira ekki alls fyrir

laungu; eða eru þeir ekki rèttkjörnir til þessara útvega? Hvað á að gjöra með þá? Eg get ekki skilizt svo við þetta mál, að eg ekki svari því, sem hèr kom fram áðan, nefnil., að ávarp þingsins 1855 til Íslendínga gegnum *forseta*, hafi ekki komið að neinu haldi; eg verð nú þá að svara því svo, að eg álít nú þvert á móti, og hygg, að það hafi komið að þeim notum, sem að vænta mátti, og sè því ómissandi; eg hefi vitað fjölda marga, sem að taka fúslega móti slíkum sparnaðar- og dugnaðarhvötum; og hið næsta haust eptir að þetta kom frá þinginu, var víða sett á í kríngum mig þar vestra, og nokkuð var það, að aldrei hefir heyleysi verið eins sjaldgæft eins og það vor, hverju sem það hefir verið að þakka; en hvað mál þetta snertir, þá eru dýrðirnar hèrna í Reykjavík ekki búnar að gjöra mig svo minnissljóvan, að eg ekki muni, hvernig út leit víða hjá fólki, og sèr í lagi á suðurleiðinni.

Pètur Pètursson: Það er ekki meiníng mín, að fella nefndarálitið eða viðaukaatkvæðið, sem við það er gjört, en eg álít það ekki nóg fyrir þingið, að fara þessu á flot, heldur álít eg nauðsynlegt, að það leiti stjórnarinnar í því efni, og skal eg því leyfa mèr, að taka mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að þingið biðji konúng, að styðja bænir amtmanna um kornbyrgðir, þar sem helzt þurfi, og að sveitunum verði opnað lán til kornkaupa. Eg get vorkennt þíngmanni Ísfirðínga, þó hann sè ekki eins nákunnugur hèr, eins og vèr, sem erum hèr sumar og vetur, því að þó menn fái brèf hèðan til Kaupmannahafnar, þá er ekki svo nákvæmlega í þeim skýrt frá ástandinu hèr; hann sagði, að hèr liti ískyggilega út, en það sem annar kallar ískyggilegt, það kallar hinn ljótt; ástandið er ekkert betra en það var í fyrra; það eina er, að það fiskast má ske betur á Suðurnesjum, en eg óttast fyrir, að mönnum verði lítið úr aflanum eins og optar, og að það verði búið að eyða honum, áður en veturinn kemur; menn borða það sem fiskast jafnótt, láta það í kaupstaðinn og taka ýmislegt út á það; það er sagt, að korn geti nú ekki feingizt í tækan tíma til ýmsra staða, en það er ekki rètt, því ef skrifað væri með gufuskipinu nú í september, þá gæti matbyrgðir komið með því aptur í októbermánuði, og þá gæti skip komizt norður og vestur; þau hafa opt verið svo seint á ferð, og jafnvel seinna; en þetta mál hefir of leingi dregizt hjá nefndinni; ef hún hefði hraðað því meira, þá hefði mátt skrifa með síðasta gufuskipi.

Stefán Jónsson: Eg er á sama máli og hinn háttvirti þíngmaður Ísfirðínga, að það sè mikið undir árferðinu komið, og eg held,

að ef sumarið verður gott, þá muni ekki verða nauðsyn á að gjöra meir í þessu tilliti, en búið er á Norðurlandi. Menn hafa sagt hèr, að bágindi hafi verið fyrir norðan í vor, og því neita eg eingan veginn, en það kom af því, að hafísinn lá fyrir landi, svo að skipin komust ekki fyr, en í júnímánuði, sem er miklu seinna en vant er. En hvernig á nú að fara að bæta úr þessu? Þó þingið nú riti stjórninni um, að taka vel undir tillögur amtmannanna, þá mun hún ekki meta svo mikið tillögur þingsins, að hún gjöri það fyrir þess orð, sem hún ekki mundi gjöra fyrir amtmennina, og þó að hún nú gjörði það, þá mundi skip með kornvörur ekki geta komið svo fljótt, að nokkurt gagn yrði að því fyrir Norðurland á þessu ári, ef ekki væri hugsað fyrir því fyrri, en bænir koma hèðan frá alþingi; en það er annað mál fyrir Suðurland. Það mundi heldur ekki vanta kornfaung í kaupstöðunum hèr sunnanlands, ef nokkuð væri til að borga þau með, en það hefir að borið á fyrri tíðum, að menn hafa orðið að deyja úr sulti, þó nóg gjald hafi verið fyrir hendi, þegar maturinn var hvergi til. Hinn háttvirti 6. konúngkjörni þingmaður gjörði mikið úr valdi amtmannanna, en það er ný kenníng; það er töluverður munur á valdi og góðum tillögum; eg skil heldur ekki í, eins og uppástúngan fer fram á, að þeir hafi svo sèrlega mikið vald, því það hefir heyrzt hèr í salnum, að þeir ekki megi skipa að selja eða farga einni kind fremur en eigandinn vill, og ef erindsrekarnir ekki hafa vald til, að skipa að færa kind úr stað, þá býst eg við, að vald amtmanna verði ekki mikið í áliti sumra manna.

Magnús Andrèsson: Eg játa það, að eg er ekki eins kunnugur og eg ætti að vera í þessu máli, en þó er eg á því, að Árnessýslu sè ekki nein sèrleg hætta búin þetta ár, ef ekki fellur því miður, það sem eptir er sláttarins, og ef korn kemur nóg á alla kaupstaði; því eg held, að þar hafi flestir nokkuð til að kaupa björg fyrir, þegar á allt er litið, bæði sveitarsjóðina og þá hjálp, er þeir efnugu geta veitt þeim fátæku. Eg er þess vegna á því, að menn reyni að sjá um, að kornið geti feingizt. Það er reyndar sagt, að nóg korn fáist nú á Eyrarbakka; en mikið af því fer austur yfir Þjórsá, svo að eg er hræddur um, að það dugi ekki til; en hvað sem um Árnessýslu er, þá munu sumar aðrar sýslur öllu miður farnar, til dæmis Borgarfjarðar- og Gullbríngusysla, því þar eru sveitarsjóðirnir litlir, svo menn hafa lítið til að láta fyrir kornfaung, þó þau feingist.

Indriði Gíslason: Eg vil leyfa mèr að áskilja mèr breytíng-

aratkvæði um að skorað verði á amtmennina að útvega rúg eða aðra matvöru, og mun eg ákveða það nákvæmar síðar. Eg álít ekkert að því, að gjöra amtmennina vara við, hverjar tillögur alþingis eru í þessu máli.

Ásgeir Einarsson: Eg veit ekki, hvort allir hafa betra traust til *forseta*, en eg; eg vil spyrja, skyldi amtsbúar ekki geta talað eins við amtmann sinn, þegar þeir eru nú allir hèr, eins og þó að við færum að biðja *forseta* okkar að tala við þá, og eg held, að hann hafi nóg annað að starfa fyrir þingið, þó þetta bætist ekki við, svo eg held, að þetta væri ekki annað, en óþarfakrókur. Úr því þingið tók þetta mál að sèr á annað borð, þá álít eg sjálfsagt, að láta stjórnina vita af hinu bágborna ástandi hèr, og það held eg alþingi geti með gildustu rökum. Eg vil því gjöra þá breytíngaruppástúngu, að þingið biðji stjórnina, að styrkja þær uppástúngur, sem amtmennirnir í sameiníngu við amtsbúa kunni að gjöra, til að af stýra þessari yfirvofandi neyð. Eg ætla ekki að tala um, hvort þetta muni koma of seint frá stjórninni, því þingið hefir gjört sitt bezta til í þessu máli.

Forseti: Eptir umræðunum sè eg, að hèr liggja 2 uppástúngur fyrir; önnur er sú, sem nefndin hefir fylgt fram og gjört að niðurlagsatriði sínu, að *forseti* skrifi til amtmannanna; hin er sú, eptir því sem margir þíngmanna hafa hreift í umræðum sínum í dag og ráðgjört þar að lútandi breytíngaratkvæði, að þingið snúi sèr til stjórnarinnar um þetta mál eða riti um það bænarskrá til konúngs. Ef nú væri fallizt á uppástúngu nefndarinnar, og menn vildi láta sèr hana lynda, þá mætti út kljá málið með þessari einu umræðu. En vilji menn aðhyllast hina uppástúnguna, þá má málið til að gánga til ályktarumræðu, og vil eg því biðja hina háttvirtu þíngmenn að gánga til atkvæða um það, hvort málið skuli gánga til ályktarumræðu á nýjum fundi, eður ekki.

Var þá leitað atkvæða um þetta, og var samþykkt með 17 atkv., að málið skyldi koma til ályktarumræðu á nýjum fundi.

Ákvað þá *forseti* næsta fund að komanda morgni kl. 11.

Fundi slitið.

---

17. ágúst — fertugasti og fyrsti fundur.

Forseti gat þess, að *konúngsfulltrúi,* sem væri forfallaður frá að vera á fundi í dag, hefði falið hinum 4. konúngkjörna þingmanni að vera í sinn stað á þessum fundi. Að öðru leyti voru allir á fundi, nema hinn 1. konúngkjörni þingmaður og þingmaður Ísfirðínga, sem urðu að víkja af fundi sökum ýmsra þinganna.

Þingbók frá 3 síðustu fundum lesin upp og samþykkt.

Áður en geingið var til dagskrárinnar, lèt *forseti* lesa upp, og var síðan samþykkt:

1. Frumvarp til álitsskjals í málinu um *að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík,* svo hljóðandi:

Til konúngs.

Fulltrúi yðar konúnglegu hátignar lagði fyrir alþíngi að þessu sinni konúnglegt frumvarp til opins brèfs um, að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, til þess að þíngið segði um það álit sitt.

Þíngið kaus þriggja manna nefnd til að íhuga málið, og ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, eins og í lögum er fyrir mælt, og leyfir það sèr nú allraþegnsamlegast að skýra yðar konúnglegu hátign frá skoðun sinni á þessu máli.

Þíngið játar það, að það sè sanngjarnt og rètt í alla staði, að tómthúsmenn í Reykjavík gjaldi nokkurn lóðartoll af tómthúsum sínum, og þar sem þeir hingað til hafa verið að öllu leyti lausir við slíkan toll, þá hafa þeir að því leyti sætt betri kjörum, en allir aðrir tómthúsmenn hèr á landi, sem víðast hvar greiða vættargjald eptir tómthús sín, og það sè heldur eingin ástæða til, að þeir sè lausir við allt slíkt gjald, þar sem eigi alllítið gjald hvílir á öllum timburhúsum og múrhúsum í umdæmi Reykjavíkurbæjar. Á hinn bóginn þótti þínginu það eigi alls kostar eðlilegt, að leggja sama gjald á þau, eptir flatarmáli hússtæðisins, og á timburhúsin og múrhúsin, með því bæði væri torfbæir tómthúsmanna miklu minna virði í sjálfu sèr, og líka væri þeir undirorpnir miklu meiri hrörnun, en þau, og það svo mjög, að þeir á fáum árum geingi svo úr sèr, að lítil eign væri orðin í þeim, og yrði því gjaldið af þeim að verða talsvert lægra; virtist þá þínginu rèttast, að leggja gjaldið á tómthúsin í Reykjavíkurbæ eptir sömu reglum og á sèr stað annarstaðar hèr á landi, þannig að eigendurnir gyldi víst og til tekið ársgjald eptir alla lóð

þá, sem þeir hefði í einu lagi, og þótti þínginu hæfilegt, eptir því sem ástatt er í Reykjavík, að þetta gjald væri 11—12 álnir að meðaltali; en með því lóð sú, sem tómthúsunum fylgdi, væri fjarskalega misjöfn, bæði að stærð og gæðum, þar sem því nær eingin lóð fylgdi sumum þeirra, en sumum aptur mikil, virtist rèttast, að bæjarstjórninni, sem ætti að ákveða gjaldið eptir ástæðum, gæfist kostur á, að taka hæfilegt tillit til þessa, og því miðla málum sem mest, þannig, að sem mestur yrði jöfnuðurinn á gjaldinu eptir stærð og gæðum lóðar þeirrar, sem hverju tómthúsi fylgdi, svo að 6 álnir að eins væri goldnar af hinum minnstu, en 16 af hinum stærstu. Það þótti rèttara, að taka það sèrstaklega fram í lagaboðinu, að eigendur þeirra tómthúsa, sem goldinn væri tollur af til annara eiganda, en bæjarins, ætti að vera lausir við slíkt gjald til bæjarsjóðs, þar eð þeir með því móti gyldi tvöfaldan tómthússkatt.

Það hefði, ef til vill, verið ástæða til, að láta sama lóðargjald hvíla á tómthúsum þeim, sem eru á hinni eiginlegu kaupstaðarlóð og timbúrhúsum og múrhúsum í bænum, og sömuleiðis þá á lóð þeirri, sem þeim fylgir, og þeirri, sem fylgir timburhúsunum og múrhúsunum, en bæði eru þau tómthús fá, og líka þótti þínginu rèttast, að sama regla gilti um öll tómthús í umdæmi bæjarins, enda mætti gánga að því vísu, að þau verði af máð innan skamms, sumpart sökum þess, að eigendurnir mundi sjálfir heldur kjósa, að gjöra timburhús upp úr þeim, er þau þyrfti stórvægilegrar viðgjörðar við, og sumpart vegna þess, að byggínganefndin eigi mundi leyfa slíka aðalviðgjörð á þeim.

Af þessari breytíngu á fyrstu greininni leiddi beint þá breytíngu á annari greininni, að undan sèrstöku gjaldi varð að skilja allar þær óbyggðar lóðir í öllu umdæmi bæjarins, sem fylgdu einhverju tómthúsi; en það þótti og rèttast, að taka það fram, að frá þessu gjaldi væru og undanþegnar allar þær lóðir, sem út mældar hefði verið með einhverju skilyrði, t. a. m., að eigandinn skyldi hafa lóðina afgjaldslausa um tiltekna áratölu, uns sá tími væri útrunninn. Eins þótti það og sjálfsagt, að yrði síðar einhver lóðarblettur tekinn til yrkíngar, væri það að öllu leyti á valdi bæjarstjórnarinnar, með hvaða skildaga sá, sem yrkja vildi, feingi hann. Þá þótti og rèttast, að sleppa undan öllu sèrstöku gjaldi þeim fáu túnblettum, sem einstakir menn hefði þegar yrkt upp í landareign bæjarins, fyrir utan hina eiginlegu kaupstaðarlóð, einkum vegna þess, að eptir því sem ástatt væri í Reykjavík, væri öll ástæða til, að

gjöra mönnum sem lèttast fyrir með að yrkja slíka bletti, enda hefði eigendurnir haft ærnan kostnað við að yrkja þá.

3. grein frumvarpsins aðhylltist þingið óbreytta, og sömuleiðis, að lagaboð þetta feingi lagagildi frá 1. degi janúarmánaðar 1861, og að því ártali væri bætt inn í 4. greinina.

Samkvæmt þessu leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess í einu hljóði, að frumvarpið fái lagagildi þannig orðað:

1. grein.

Á hvert tómthús með lóð þeirri, sem því fylgir, í umdœmi Reykjavíkurbœjar, og sem eigi hefir hingað til verið goldið lóðargjald af til lóðareiganda, skal lagður tollur frá 6—16 álna eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá þeirri, er það ár er sett í Reykjavík, og skal bœjarstjórnin ákveða upphœð lóðargjaldsins innan þessara takmarka eptir málavöxtum (samþykkt með 20 atkv.).

2. grein.

Á allar þær lóðir, sem eigi eru undan skildar eptir 1. gr., á lóð þeirri, sem ákveðin var handa kaupstaðnum með mælingargjörð 22. og 23. dag maímánaðar 1792, þar sem sèrstakir samningar af hálfu bœjarstjórnarinnar eru eigi því til fyrirstöðu, hvort heldur eru kálgarðar, garðsrúm, stakkstœði, eða hverju nafni sem nefnist, og hvort heldur lóðin er umgirt eða óumgirt, skal ár hvert jafna lóðarskatti eptir flatarmáli, er sè að upphœð $^1/_6$ af húsaskatti þeim, sem það ár er lagt á kaupstaðarhúsin samkvæmt 19. gr. í tilsk. 27. dag nóvembermánaðar 1846 (samþykkt með 20 atkvæðum).

3. grein.

Gjöld þessi, er renna í Reykjavíkurbœjarsjóð, eiga að koma upp í þann hluta af útgjöldum bœjarins, sem jafna á niður á bœjarbúa eptir efnum og ástandi samkvæmt reglugjörð 27. nóvbr. 1846, 19. gr. Að öðru leyti skal um það, að gjöld þessi sè rituð á hina árlegu niðurjöfnunarskrá, um það, hve nær þau skuli greidd og hvernig þau verði heimt, fara eptir ákvörðunum þeim, sem nú gilda um bœjargjöldin yfir höfuð (samþykkt í einu hljóði).

4. grein.

Lagaboð þetta öðlast lagagildi 1. janúar 1861 (samþykkt í einu hljóði).

Reykjavík 17. d. ágústm. 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. *H. Kr. Friðriksson.*

2. Frumvarp til bænarskrár um *búnaðarskóla* svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis hefir að þessu sinni komið ein bænarskrá úr Suður-Þíngeyjarsýslu, sem fer því á flot, að þíngið byðji yðar konúnglegu hátign að hlutast til um, að stofnaður verði hèr á landi einn sæmilegur búnaðarskóli, og að fè, sem þarf til slíkrar stofnunar, verði veitt úr ríkissjóðnum. Þíngið kaus fimm manna nefnd í þetta mál, og ræddi það síðan á lögskipaðan hátt, og leyfir þíngið sèr nú allraþegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt um málið á þessa leið:

Það er deginum ljósara, að búnaðinum hèr á landi er í mörgu tilliti mjög svo ábótavant, einkum hvað viðvíkur alls konar jarðyrkju og jarðrækt. Og þó einstakir menn hafi á seinni tíð aflað sèr nokkurrar þekkíngar á jarðyrkju í Danmörku, þá vill þó reynslan sanna, að mjög torvelt er, að heimfæra þess konar menntun til þessa lands sèrstaklega og frábrugðna lopts- og landslags, svo að þær jarðyrkjutilraunir, sem þessir menn hafa gjört, hafa sem optast ekki náð sínum góða tilgángi. Það liggur í augum uppi, að þessi vankunnátta á jarðyrkjunni hèr á landi stendur öllum landbúnaði fyrir þrifum, og að þess er varla að vænta hann nái nokkrum verulegum framförum meðan svo búið stendur, þar sem svo má að orði kveða, að hèr sè ekki að telja aðrar grasa- eður matjurtategundir, en þær, sem náttúran fram leiðir sjálfkrafa.

Þessi skortur á búnaðarlegri menntun er þegar orðinn almenníngi mjög svo tilfinnanlegur, altènd á sumum stöðum, og fer þörf manna í þessu efni vaxandi ár frá ári; en að almenníngur ekki aflar sèr slíkrar menntunar af eigin rammleik, er ekki svo undarlegt, þegar þess er fyrst gáð, hvað erfitt og annmarkasamt er, að nálgast slíka búnaðarlega menntun frá útlöndum, og hvað hún er ónóg og á ekki við þessa lands frábrugðna ásigkomulag, og á hinn bóginn er litið til fátæktar landsbúa yfir höfuð, samt láng varandi áþjánar af harðærum, landplágum og verzlunareinokun, sem ekki hefir gjört hvað minnst til að draga úr landsmönnum allan dugnað og

framtakssemi. Þingið leyfir sèr því, að leggja yðar konúnglegu hátign það allraþegnsamlegast á hjarta, að hin brýnasta nauðsýn beri til þess, að hèr á sè ráðin veruleg bót hið bráðasta, og að það er hinn beinasti vegur til framfara landsins, að kennsla í búnaði og jarðyrkju verði stofnuð í landinu sjálfu samkvæm þörfum og kröfum tímans, og löguð eptir þessa lands sèrstaklega ásigkomulagi, leyfir þingið sèr enn fremur að láta í ljósi álit sitt um það, hvernig slíkri búnaðarlegri kennslu verður haganlegast fyrir komið, eptir sem til hagar hèr á landi.

Þingið hefir áður tvívegis haft mál þetta til meðferðar, nefnil. árin 1853 og 1855, og ritað yðar konúnglegu hátign um það bænarskrá. Í fyrra skiptið beiddi þingið um, að stofnaður yrði hèr á landi helzt í suðurumdæminu einn fullkominn og algjörður búnaðarskóli; en í seinna skiptið fór þingið miklu skemmra, og í nokkuð aðra átt; þá beiddi það um hentuga jörð í suðurumdæminu, eða fleiri jarðir, og þá helzt eina jörð í hverju amti, til leigulausrar ábúðar um nokkurt tímabil, handa þeim mönnum, sem vildi reyna þar jarðyrkju og kenna hana öðrum. Þó hin fyrri ósk eður uppástúnga þingsins virðist í fljótu bragði mikið álitleg, þá getur þingið nú ekki fundið neina yfirgnæfandi ástæðu til að aðhyllast hana; því fyrst ber á það að líta, að eins fullkominn og algjörður búnaðarskóli og hèr er gjört ráð fyrir, og hvar kenna ætti ýms vísindi, auk nokkurra lifandi mála, hlyti að kosta svo miklu meira fè, en landsmenn, eins og nú á stendur, væri færir um að greiða. Þar næst bætti slíkur búnaðarskóli ekki til hlítar úr þörf þeirri, sem hèr er á búnaðarlegri menntun, því hvorki mundi hann geta veitt móttöku öllum þeim, sem hefði laungun og köllun til að afla sèr búnaðarlegrar menntunar, og allra sízt látið hana í tè með þeim kjörum, sem aðgeingileg yrði fyrir fátæklínga, og loksins álítur þingið ekki sèrlega áríðandi, að svona margbrotin og yfirgripsmikil vísindi yrði kennd í skólanum strax í byrjuninni, en ætlar, að einföld og óbrotin verkleg og munnleg tilsögn í hinu helzta, er við kemur búnaði og jarðyrkju, yrði affarasælli, og hagkvæmari, en lángsöm og margbrotin vísindaleg útlistun, eptir sem til hagar hèr á landi; þingið verður því nú að halda sèr til álits síns og uppástúngu 1855; þó með þeim breytíngum, sem því finnast yfirgnæfandi ástæður til að gjöra.

Eins og fyr er tekið fram, beiddi þingið þá um eina jörð í hverju amti til leigulausrar ábúðar um nokkurt óákveðið tímabil

handa þeim mönnum, sem vildi reyna þar jarðyrkju og kenna hana. Þó þessari uppástúngu kunni mega telja margt til gildis, þá er þó á henni sá verulegur annmarki, að með slíku fyrirkomulagi verður þeim, sem jarðirnar kynni vilja taka, alls eingin sèrstakleg kennsluskylda á herðar lögð; því slíkt væri með öllu ósanngjarnt, þegar ekki er gjört ráð fyrir öðrum hlynnindum í aðra hönd, en afgjaldslausri ábúð á jörðunum sjálfum um nokkurt tímabil. Þar næst yrði það eingaungu undir dugnaði og kríngumstæðum þeirra manna komið, sem feingist til að taka jarðirnar, hvað miklar jarðabætur þeir gjörði á þeim, og á hvern hátt þeir framkvæmdi þær; og þegar ekki væri hægt að heimta meiri jarðabætur, en sem svaraði sanngjörnu afgjaldi jarðanna árlega, þá yrði þær aldrei svo miklar nè verulegar, að þær gæti verið almenn fyrirmynd í þeirri grein; og loksins er þess með eingu móti að vænta, að landsmenn fáist til, að leggja af sjálfsdáðum nokkurt fè til slíkra stofnana, eins og það væri með öllu ósanngjarnt, að gjöra þeim það að skyldu, nema því að eins, að landsmenn ætti sjálfir þessar stofnanir í orðsins fyllsta skilníngi, og hafi þeirra frjáls forráð, innan lögákveðinna takmarka. Þíngið leyfir sèr því að fram bera þá allraþegnsamlegustu bæn sína fyrir yðar konúnglegu hátign, að þèr veitið að gjöf eina jörð í hverju amti til búnaðarlegrar menntunar hèr á landi; að stjórn yðar hátignar hlutist til um það við amtmenn, að þeir, hver í sínu amti, velji þessar jarðir, og kveðji sèr til ráðaneytis um það tvo þjóðkjörna þíngmenn og tvo jarðfróða menn, og að þessar jarðir megi verða æfinleg eign þeirra búnaðarskóla, er á þeim kynni verða stofnaðir.

Þíngið álítur, að aðalaugnamið þessara stofnana eigi að vera það tvennt: 1, að vera fyrirmynd í búnaði, jarðyrkju og kvikfjárrækt; og 2, ætti þeir að geta veitt hæfilega kennslu í þessum greinum, eptir sem þörf tímans og sèrstaklegt ásigkomulag þessa lands útheimtir. Yrði þessu framgeingt, ætlar þíngið viðunanlegan grundvöll lagðan til hinnar búnaðarlegu menntunar hèr á landi; og þó hið bágborna ásigkomulag, sem nú á sèr sumstaðar stað, yrði því til fyrirstöðu í bráð, að stofnanir þessar kæmist í það horf, sem óskandi væri, og þörfin krefur, þá mundi þó landsmenn fúslega styrkja slíkar stofnanir, þegar efnahagur þeirra og kríngumstæður kæmist í betra horf.

Þíngið verður að vera eindregið á því, að ef kennslan, sem stúngið er hèr upp á að stofnast skuli á þessum jörðum, á að verða almenníngi að nokkru liði, þá hlýtur að verja nokkru fè til að koma stofnununum sjálfum á fót. Þannig álítur þíngið það einkar-árríðandi

að skólar þessir eigi allan þann kvikfènað, sem nauðsynlega þarf, til að halda jörðunum í fullri rækt, og sem þær álítast að geta hæfilega fram fleitt, sömuleiðis öll jarðyrkju verkfæri, eins og svo víða á sèr stað erlendis um þess konar búnaðarlegar menntastofnanir. Byrji nú kennslan strax og jarðirnar eru feingnar, sem þingið álítur nauðsynlegt, þá væri einkar-áríðandi, að verja nokkru fè til húsabóta og girðínga á jörðunum, til þess kennslan því betur og því fyrri geti orðið svo fullkomin sem þörfin krefur; en hvað mikið fè til alls þessa þyrfti, verður ekki ákveðið með vissu, þar það á annan bóginn yrði komið undir því, hvað umfángsmikil og fullkomin hver stofnunin fyrir sig álytist þurfa að vera, sem víst mundi verða nokkuð mismunandi, eptir frábrugðnum þörfum og kröfum manna í hverju amti fyrir sig, og að hinu leytinu undir sèrstaklegu og mismunandi ásigkomulagi hverrar jarðar fyrir sig; en eptir þeirri áætlun, sem þingið hefir gjört, og samkvæmt því ásigkomulagi, sem því þætti ákjósandi að þær kæmist í, þá mundi nægja 3 til 5 þúsundir dala handa hverri stofnuninni fyrir sig, til að koma þeim í það horf, að þær geti staðizt af eigin rammleik, og án þess þurfi að skjóta til þeirra öðru fè árlega, en sem svarar launum þeirra manna, er veita stofnununum forstöðu, og sem þingið ætlar ekki þyrfti að vera mjög há, þegar þeir hafa jarðirnar og skólabúin til leignlausra afnota.

Þingið getur því miður ekki bent á neinn vissan gjaldstofn, eða sjóð, hvaðan taka ætti fè það, er hèr ræðir um; því það hefir, eins og kunnugt er, eingin fjárhagsráð, og ekki skattgjafarvald, og þó þingið eingan veginn efist um, að yðar hátign styrki þetta mál á allan hátt, samkvæmt allramildustu auglýsingu til alþingis 1857, þá þegar þingið íhugar, hvað miklar fjárkröfur það gjörir í öðrum málum til ríkissjóðsins, þá getur það ekki beiðzt nú annara framlaga, en þeirra, að jarðirnar fáist gefins eins og fyr var tekið fram, með því líka, að þingið getur ekki verið í efa um, að allir landsmenn muni hafa svo mikinn áhuga á máli þessu, að þeir ekki muni víla fyrir sèr að greiða fè það, sem hèr ræðir um, þegar þeim virðist tími til kominn, að koma búnaðarskólunum á fót. Þingið leyfir sèr því allrapegnsamlegast, að óska þess, að því fè, sem eptir áður sögðu álytist nauðsynlegt að verja til þess, að koma stofnunum þessum í það horf, sem þörfin krefur, megi jafna á landið á þann hátt, sem síðar skal benda á. Aptur á mót finnur þingið ekki ástæðu til að benda á, á hverjum gjaldstofnum í landinu þetta ætti að hvíla, en álítur það bezt óákveðið að svo komnu.

Þó það ef til vill eigi ekki við nú þegar að taka fram hið sèrstaklega, sem snertir stjórn og fyrirkomulag stofnana þeirra, er hèr ræðir um, og á meðan cingin vissa er feingin fyrir því, að yðar hátign veiti hið umbeðna, þá leyfir þó þingið sèr að benda á nokkur atriði, sem því virðist til greina takandi við úrslit máls þessa.

Eins og að framan er bent á, ætlar þingið, að þarfir manna og kröfur til búnaðarlegrar menntunar sè nokkuð mismunandi í hverju amtinu fyrir sig, svo að þess vegna verði nauðsynlegt, að verja meiru fè til einnar stofnunarinnar, en annarar; þingið álítur því, að það sè yfir höfuð að tala sanngjarnast, að hvert amt beri sína stofnun, og að því fè, sem til þeirra verður varið, sè jafnað á ömtin, sitt í hvoru lagi; en hèr af leiðir, að mál þetta verður þá hèr á eptir að gánga nokkuð umboðslegan veg; þó álítur þingið það einkar áríðandi, að almenníngi gefist hæfilegur atkvæðisrèttur, bæði um stjórn og fyrirkomulag þessara stofnana, og svo um það, hvað miklu fè skuli verja til þess, að þær geti veitt hæfilega og þörfum manna fullnægjandi kennslu í búnaðarfræði. Með þessu ætlar þingið unnið það tvennt: fyrst, að almenníngur kann miklu betur þessu umrædda fjártillagi, þegar það yrði að nokkru leyti undir hans atkvæði komið, hvað hátt það yrði, og í annan máta, verður allt fyrirkomulag skólanna og kennslan í þeim þjóðlegri og samkvæmari mismundi þörfum og kröfum almenníngs í hverju amtinu fyrir sig.

Samkvæmt þessu leyfir þingið sèr að taka fram sem bendíngaratriði, að stjórn yðar hátignar hlutist til um það við amtmenn, að þeir, hver í sínu amti, kveðji til fundar við sig alla þá þjóðkjörnu þingmenn, sem búsettir eru hèr í landi og einn eða fleiri jarðfræðínga að auki; til þess að semja frumvarp til reglugjörðar um stjórn og fyrirkomulag skólanna, og til þess að ákveða, hvað miklu fè skuli verja til að koma þeim í viðunanlegt horf, og á hvern hátt því skuli jafnað niður.

Yfirstjórn og umsjón þessara stofnana ætlar þingið sè bezt falin hverjum amtmanni í sínu amti, í sameiníng með amtsráðunum, ef þau komast á, eða að öðrum kosti tveimur eða þremur völdum mönnum í hverju amtinu fyrir sig, sem þá væri búsettir nálægt stofnununum.

Samkvæmt framanskrifuðu leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að biðja um:

1. (með 22 atkv.): *Að yðar hátign veiti sem allrafyrst eina*

jörð í hverju amti til búnaðarlegrar menntunar hèr á landi, og

2. (með 20 atkv. gegn 1): *Að þetta veitist að gjöf.*
3. (Með 23 atkv.): *Að stjórnin hlutist til um það við amtmennina, að þeir velji jörðina hver í sínu amti,* og
4. (með 15 atkv. gegn 3): *Að þeir í því kveðji sèr til ráðaneytis 2 þjóðkjörna þingmenn og 2 jarðfróða menn.*
5. (Með 23 atkv.): *Að stjórnin hlutist til um það, að á þessum jörðum verði sem fyrst komið á fót búnaðarlegum menntastofnunum, sem bæði geti verið fyrirmynd í búnaði, jarðyrkju og kvikfjárrækt, og líka veitt hæfilega kennslu í þessum greinum.*
6. (Með 20 atkv.): *Að því fè, sem þurfa þætti, til að koma stofnunum þessum í þetta horf, megi jafna á landsbúa.*

Reykjavík 17. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. *Jón Sigurðsson* (frá Gautl.)

3. Frumvarp til bænarskrár *um fiskiveiðar útlendra,* þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Þíngmaður Snæfellsnessýslu P. Melsteð bar upp á alþíngi í þetta skipti bænarskrá frá tèðri sýslu um það, að með nýju lagaboði verði reistar rammar skorður við því, að útlend skip sæki á fiskimið vor til þorskveiða, og því varnað, að skemmdir sè gjörðar af útlenzkum fiskurum á veiðarfærum íslenzkra báta við Snæfellsnes, ef ei með öðru móti, þá með því, að stjórnin á ári hverju, eigi síðar en í byrjun aprílmánaðar, sendi herskip út híngað, hentugt til þess, að halda vörð á því, að hinum helzta bjargræðisvegi Snæfellssýslubúa og annara landsmanna, fiskiveiðunum, verði borgið á fullnægjandi hátt, og þar að auki eru bænarskrár komnar til þíngsins bæði frá Múlasýslu, Skaptafells-, Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum, sem allar fara í sömu stefnu, nema hvað ein þeirra fer því einnig á flot, að Frökkum verði ekki leyft nein fiskiverkun hèr við land.

Þíngið kaus 5 manna nefnd til þess að yfirvega þetta málefni, og ræddi það síðan ítarlega á 2 fundum, og leyfir þíngið sèr nú allraþegnsamlegast að skýra frá því úrsliti á málinu, sem það fèkk á þínginu, þannig sem eptir fylgir.

Það gat ekki dulizt þínginu, að bænarskrár þær, sem nú var

getið, fara í einstökum greinum leingra, en fært er um að biðja, t. a. m. þegar farið er fram á það, að stjórnin haldi vörð á því, að útlendir fiskimenn haldi sig sem leingst má verða út frá landi, og koma ekki inn á fiskimið Íslendínga, eður og eigi fyr, en eptir 12. maí á vorum, þar sem það nú mun vera almennt álitið, að ekkert land eigi ekki leingra, en í mesta lagi 1 viku sjávar út frá landi, ráð yfir hafinu, er liggur utan að landinu, og fiskimið landsbúa liggja opt miklu leingra undan landi, en þessu svari. Þar á móti eru önnur atriði í tèðnum bænarskrám, sem eru þess eðlis, að þau virðast eiga skilið, að þeim sè gaumur gefinn, og telur þíngið meðal þessara atriða fyrst og fremst það, að því geti orðið komið til leiðar, að ójafnaðartollur sá, sem nú er á fiski, yrði sem fyrst úr lögum numinn; en með því þíngið þóttist sjá fyrir, að einnig þetta atriði mundi erfiðleikum bundið, fer þíngið ekki öðru fram um það, en að yðar konúnglegu hátign mætti mildilegast þóknast, að fela stjórn yðar á hendur, hvenær sem tiltækilegast þætti, að hreifa þessu atriði við hlutaðeigandi stjórnir, í þeirri von, að vísdómi yðar hátignar kynni að geta auðnazt, að sigrast á þeim hindrunum, sem nú eru og híngað til hafa verið þessu máli til fyrirstöðu.

Það atriði, sem því næst virðist að geta komið til greina, er það, að útlendir menn fiski ekki nær ströndum Íslands, en lög og samníngar standa til, eður að minnsta kosti ekki nær landi, en 1 viku sjávar, og þíngið hefir af yðar konúnglegu hátignar anglýsíngu frá 27. maí þ. á., með gleði og þakklátsemi komizt að raun um það, að það er vilji yðar konúnglegu hátignar, að gjöra í þessu efni þær ráðstafanir, sem bezt henta, og þannig er þá jafnframt sèð fyrir því, að haft verði hæfilegt eptirlit með því, að útlendir fiskimenn ekki gjöri landsbúum nokkurn óskunda nè spilli veiðarfærum þeirra, eins og sumar bænarskrárnar kvarta yfir að eigi sèr stað, með því að yðar konúngleg hátign hefir sent upp híngað herskip á þessu vori, til þess að hafa nauðsynlegt eptirlit í þessu efni; en þar sem þíngið í annan stað þó ekki hefir neina vitneskju um það, hvort þessi ráðstöfun, að senda híngað upp herskip, til þess að halda uppi góðri reglu í þeirri grein, sem hèr ræðir um, sè almenn eða einúngis í þetta skipti, þótti þínginu yfirgnæfandi ástæða til, að biðja allraþegnsamlegast um, að þetta fyrirkomulag hèldist við eptirleiðis, þannig að árlega yrði sent upp híngað að vorinu annaðhvort 1 herskip og ein smáskúta, eða þó heldur 4 smáskútur (Kuttere), og þó ein að minnsta kosti regluleg herskúta, sem skyldi koma upp híngað

til lands, eigi síðar en um sumarmál, og eigi fara hèðan í burtu fyr en undir lok septembermánaðar, og ætti þetta fyrirkomulag að komast á að næsta vori, hvort heldur skipin yrði svo eitt eða fleiri.

Að þessari niðurstöðu komst meiri hluti þingsins, eptir að hafa rætt málið á þinginu; en nokkrum þingmönnum þóttu þessi úrslit þess ónóg, og áskildu sèr því samkvæmt 61. gr. alþingistilskip. rètt til, að bera einnig fram fyrir yðar hátign svo látandi ágreiningsálit sitt:

Það var álit minna hluta þingsins, að sú tilhögun, sem stjórn yðar hátignar þegar hefir látið byrja á, að senda herskip hingað upp til landsins, til að hafa gætur á tiltektum hinna útlendu fiskimanna, væri í sjálfu sèr nægileg til þess, að halda uppi lögreglu hèr við land, ef henni yrði haldið áfram, og áleit minni hlutinn það því einnig skyldu þingsins að biðja um þetta. En það þótti minna hlutanum að svo miklu leyti vera minna umvarðandi, hvort stjórnin þá heldur kysi að senda eitt stórt herskip eða fleiri smá, þar sem tilgánginum þó yrði náð, hvort sem heldur væri, ef hann að eins ætti að vera sá, að hafa tillit með hinum útlendu fiskiskipum, og þótti honum því eðlilegast, að láta þetta alveg vera á valdi stjórnarinnar, eptir því, hvað kostnaðarminnst yrði, ef tilgángurinn ætti eigi að vera annar en þetta, og skipin að eins að vera einhver af hinum reglulegu herskipum yðar hátignar, er um nokkurn tíma sumarsins lægi hèr við land, eins og þau nú stundum liggja annarstaðar, eða eru á siglíngum til æfíngar. En þar sem það einnig er Íslendíngum kunnugt, að yðar hátign ætíð hefir haft mikla ást á Íslandi, og óskar, að mönnum þar mætti fara sem mest fram, bæði á sjó og landi, þá þótti minna hlutanum miklu fremur íhugavert, hvort eigi mætti finna það ráð, að landinu gæti orðið miklu meiri hagur að skipum þeim, er hingað skyldi senda, heldur en að eins sá, að halda uppi lögreglu við landið, og kostnaðurinn þó eigi meiri fyrir því; og fannst honum þá helzt líklegt, að þessu mætti verða framgeingt, ef yðar hátign vildi skipa svo fyrir, að skip þau, er hingað yrði send, þó þau svo aldrei væri nema litlar, og eigi einu sinni reglulegar herskútur, íslendust fremur hèr við land, heldur en nokkurn tíma er að gjöra ráð fyrir um regluleg herskip úr flotanum. Menn hafa leingi fundið til þess hèr á landi, að nauðsyn er að leggja sig miklu betur eptir fiskiveiðum á haffærum þilskipum, heldur en hingað til hefir verið gjört, og stjórn yðar hátignar hefir einnig viðurkennt, hve nauðsynlegt þetta sè, til að koma fiskiveiðum Íslendínga í betra horf,

með því í vor að hvetja menn í Gullbríngusýslu til að leggja saman í þiljuskip og heita styrk sínum til, ef slíkur félagsskapur kæmist á; en það, sem híngað til mest hefir hamlað því, að þiljuskip yrði svo almenn á Íslandi, sem vera skyldi, er einkum það, að oss vantar um of duglega sjóliða, er vanir sè að vera á haffærum þilskipum, og allar tilraunir í þessa stefnu hafa því híngað til, því miður, komið fyrir lítið. Minni hlutinn gat nú eigi annað sèð, en að hèr væri gott tækifæri til að kippa þessu í lag með eigi svo miklum kostnaði, ef menn að eins gæti sameinað þær ráðstafanir, sem gjöra þyrfti sökum fiskiveiða útlendra manna undir landinu, við aðrar ráðstafanir, sem eigi væri síður nauðsynlegt að gjöra, ef oss ætti eigi ætíð framvegis að skorta vana sjóliða á haffær skip, og fellst hann því enn fremur á þá uppástúngu nefndarinnar, að í stað þeirra herskipa, sem híngað til hafa verið send til landsins við og við, kæmi nú framvegis 4 smáskútur, og þó ein að minnsta kosti regluleg herskúta, er lægi hèr við *bæði sumar og vetur,* og hefði auk þess, að halda uppi lögreglu í kríng um landið, einkum það ætlunarverk, að Íslendíngar gæti á þeim vanizt við reglulega sjómennsku á haf-kipum. Og eigi bar minni hlutinn heldur nokkurn kvíðboga fyrir því, að þessu mætti eigi verða framgeingt án mikils örðugleika, þar sem þessar skútur að eins ætti að koma í stað miklu dýrri herskipa; en svo það þó sæist, að Íslendíngar vildi einnig leggja nokkuð fram, þá þótti minna hlutanum það enn fremur tilhlýðilegt, að útboð á þessar skútur yrði gjört að skyldu hèr í landi, því það þótti honum vera hið mest áríðandi atriði í öllu málinu, að skúturnar yrði smátt og smátt skipaðar eintómum Íslendíngum, svo þeir hefði færi á að venjast þar við algjörða sjómennsku. Treysti hann því og, að yðar hátign mundi eigi verða slíku fyrirkomulagi mótfallin, þar sem mönnum bæði er alkunnug umönnun yðar hátignar um Ísland, sem öll önnur lönd í konúngsveldinu, og stjórn yðar hátignar einnig hefir látið í ljósi svo góðan vilja sinn, til að styðja að því, að fiskiveiðar Íslendínga á þilskipum mætti eflast sem mest; en það þótti minna hlutanum einnig sjálfsagt, að þá að eins gæti þetta fyrirkomulag orðið Íslandi að nokkru verulegu gagni, ef skipin væri látin vera hèr *bæði sumar og vetur,* og *útboðið* yrði gjört að beinni skyldu, svo að það væri víst, að íslenzkir sjómenn yrði á skútunum, og sýndist honum því svo, sem þá væri allur tilgángurinn með hinar nýju ráðstafanir ónýttur með öllu, ef þessu aðalatriði yrði eigi framgeingt á þínginu. Þessi var aðalmunurinn á skoðun minna og meira hluta þíngmanna, og þar

sem henni gat nú ekki orðið framgeingt á þínginu, þá áleit hann það beinlínis skyldu sína, að sleppa eigi þeim rètti, sem alþingistilsk. heimilar honum, að bera þó að minnsta kosti skoðun sína á málinu allraþegnsamlegast fram fyrir yðar hátign, eins og nú hefir verið gjört; og treystir hann því, að yðar hátign muni á sínum tíma leggja þann dóm á málið allt, sem viturlegastur er, og að beztu má verða fyrir land og lýð.

Meira hluta þingmanna þótti aptur skoðun minna hlutans ýmsum annmörkum bundin og erfiðleikum í framkvæmdinni, og áleit hann þar á mót, að því umgetna umvarðandi augnamiði, að koma hèr upp góðum sjómönnum, mundi geta orðið framgeingt með því móti, ef þeim Íslendíngum, er vildi, gæfist kostur á að læra sjómennsku á þessum skipum, og meiri hlnti þingmanna leit þannig á málið, að þetta fyrirkomulag væri svo hagstæðilegt, að full ástæða væri til að mæla fram með því við yðar konúnglegu hátign, en aptur á móti að reglulegt útboð væri svo mörgum annmörkum bundið, að ekki væri farandi fram á það, sízt að svo komnu.

Samkvæmt því, sem þannig er til greint, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess:

1. (með 22 atkvæðum) *Að yðar konúngleg hátign allramildilegast vilji gefa fiskiveiðamálinu undir Íslandi sèrlegan gaum.*
2. *Að yðar hátign vilji fela stjórn yðar á hendur, hvenær sem tiltækilegast þyki, að fara því á flot við þær utanlands stjórnir, þar sem ójafnaðartollur er á fiski, að sá tollur sè afnuminn hið allrafyrsta.*
3. (með 18 atkvæðum): *Að yðar hátign skipi svo fyrir, að 4 smáskútur (Kuttere), og þó ein að minnsta kosti regluleg herskúta, skuli framvegis liggja hèr við land á sumrum, til að hafa gætur á aðgjörðum útlendra fiskimanna, og halda uppi lögreglu utan um landið, og*
4. (með 15 atkvæðum): *að skip þessi komi hingað til lands eigi síðar en um sumarmál, og fari eigi burt hèðan aptur, fyr en undir lok septembermánaðar.*
5. (með 15 atkvæðum gegn 2): *Að þeim Íslendíngum, er vilja læra sjómennsku á þessum skipum, gefist á því kostur,*

Reykjavík 17. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. *Þórður Jónasson.*

4. Frumvarp til bænarskrár um *viðreist fallinna ásauðarkúgilda,* svo hljóðandi:

Til konúngs.

Þíngmaður Rángæínga, hreppstjóri *Páll Sigurðsson,* bar fram þá uppástúngu á þíngi þessu, að það ritaði yðar hátign allraþegnsamlegustu bænarskrá þess efnis, að með lögum yrði fyrir skipað, að umsjónarmenn hinna opinberu kirknaeigna verði skyldaðir til, að endurreisa hin föllnu ærkúgildi, og kirkjujarðaleiguliðar fái uppbót hálfrar leigu af þeim, þar til þau eru aptur inn sett.

Þíngið setti nefnd til að íhuga málið, og var það síðan rætt á tveimur lögskipuðum fundum þess, og varð niðurstaða sú hjá þínginu, er nú skal greina:

Þínginu fannst það ógjörníngur, eptir því sem nú á stæði, að beiðast nýrra laga, er gjörði prestunum það að skyldu, að reisa við aptur kúgildin á jörðum lènskirkna þeirra, er kunna að hafa farizt nú í kláðafaraldrinu; því hvort prestarnir sè skyldir til þessa, yrði að dæmast eptir hinum núgildandi lögum, eins og það líka væri óráð og ránglátt, að skylda prestana til að gjöra þetta, þó þeir annars mætti álítast skyldir til þess, nú meðan á fjárkláðafaraldrinu stendur, og hvergi svo að kalla kindur er að fá. Hið sama er og að segja um það, að það virðist vera að grípa um of inn í frjálsa samníng manna á millum, ef prestum nú með lögum yrði bannað, að taka nema hálfar leigur af kúgildum þessum, uns þau aptur verða viðreist, auk þess, að það vel getur átt sèr stað, að kúgildin hafi drepizt hjá sumum leiguliðum fyrir skeytíngarleysi sjálfra þeirra, og þá væri það óviðurkvæmilegt skyldi presturinn eiga að missa síns í fyrir handvömm leiguliðanna.

Aptur á hinn bóginn yrði prestarnir fyrir mjög þúngum kjörum — þó lènskirkjurnar með öllu gózi þeirra sè í ábyrgð þeirra — skyldi ærkúgildin á kirknagózinu eiga að hlaupa upp á þá, þegar ekkert væri að fá hjá leiguliðunum upp í þau, þrátt fyrir það, þótt prestarnir hefði sýnt alla þá árvekni, er menn eptir kríngumstæðunum gæti heimtað af þeim, í að fá kúgildunum borgið; þá gæti og hæglega farið svo, einkum á þeim brauðum, hvar tekjur prestanna mest eru fólgnar í afgjaldi kirkjujarðanna, og hvar kirkjukúgildin því eru mörg, að allar tekjur prestanna í nokkur ár geingi til að endurreisa aptur kúgildin, og yrði þeir meðan að vinna að embætti sínu launalaust, sem væri því ósanngjarnara að heimta af þeim, sem þeir þó eptir löggjöfinni eru

skyldir til, að halda kirkjujörðunum í byggíngu. Líkt er og um leiguliðana á jörðum þessum, að þeir yrði eins óneitanlega fyrir þúngum kostum, skyldi kúgildin lenda á þeim, þegar þeir hefði gjört allt það, er í þeirra valdi stóð, til að bjarga kúgildunum í þessu almennt yfirfaranda fjárfaraldri, en hefði þó eigi tekizt það. Hèr við bætist, að, ef hvorki leiguliðinn nè presturinn getur borgað kúgildin, koma þau til að falla prestakallinu, hvar við prestaköllin rýrna, og mega þó mörg þeirra eigi vera lakari, en þau nú eru, auk þess, að það hlýtur að verða torveldara, að fá kirkjujarðirnar eins vel byggðar og bændajarðirnar, hvar víða nú mun vera orðin sú tízka, að landsdrottinn eigi lætur með öllu innstæðukúgildin falla leiguliðanum.

Af fyrtèðum ástæðum, og þar eð í líkum tilfellum og þessu hið opinbera fyr hefir veitt styrk til að reisa við aptur kúgildin á hinu opinbera gózi, leyfir alþíngi sèr með 19 atkv. gegn 2, að biðja allraþegnsamlegast:

> *Að yðar konúnglega hátign vildi allramildilegast sjá svo til* (með 19 atkv. gegn 1), *að nokkur styrkur verði veittur úr ríkissjóðnum sem fyrst* (með 19 atkv. gegn 1), *þegar fjárkláðinn er um garð geinginn, til að koma upp aptur ærkúgildunum á lènskirknajörðunum hèr á landi* (með 22 atkv.), *þegar stiptsyfirvöldin (er málefni þetta einkum heyrir undir) mætti álíta eptir hinum innkomnu skýrslum, annaðhvort að kúgildin væri fallin, án þess landsetanum eður prestinum væri um að kenna* (með 14 atkv. gegn 9), *og eins þó þetta ekki hafi átt sèr stað, ef hvorki presturinn nè leiguliðinn hafa efni til að setja kúgildin inn aptur* (með 17 atkv. gegn 6).
>
> Reykjavík, 17. ágúst 1859.
>
> Allraþegnsamlegast
>
> *Jón Guðmundsson. Jón Pètursson.*

5. Frumvarp til bænarskrár um *stjórnarbótarmálið*, svo hljóðandi:

Til konúngs.

Alþíngi hefir að þessu sinni meðtekið tvær bænarskrár frá tveim hèruðum, þar sem almennir fundir hafa haldnir verið, í Barðastrandarsýslu á Kollabúðum og í Múlasýslu á Þínghöfða, um, að alþíngi sendi yðar hátign bænarskrá um, að uppfylla það heit, sem gefið er

í konúngsbrèfi 23. september. 1848, með því að kalla saman aukafund í landinu sjálfu, er segi álit sitt um fyrirkomulag á stjórn Íslands í alríkinu; hin síðari bænarskráin tekur fram, að alþíngi biðji yðar hátign að gefa oss mildilegast lög um stjórn hèr á landi og samband Íslands við Danmörku, löguð eptir uppástúngum og bænum alþíngis 1853 og 1857.

Eptir að alþíngi hefir kosið fimm manna nefnd til að segja álit sitt um þetta mál, og síðan rætt það á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, leyfir þíngið sèr hèr með að bera fram allraþegnsamlegasta bænarskrá sína um málið, í þeirri von, að það nú fái mildilega áheyrn, eptir því, sem yðar konúngleg hátign hefir í ljósi látið í hinni síðustu auglýsíng yðar hátignar til þíngsins.

Þegar stjórnarbreytíngin var að komast á í Danmörku, og stefnt var saman ríkisþíngi til að ræða frumvarp til stjórnarskipunar fyrir konúngsríkið Danmörk, þá gaf yðar konúngleg hátign oss Íslendíngum það heit í konúngsbrèfi 23. september 1848, jafnframt og þèr köllubuð nokkra menn af Íslands hálfu til ríkisþíngs, að ekki skyldi verða endileg ályktan gjörð um stjórnarfyrirkomulag Íslands, eða samband þess og rèttindi til móts við hina ríkishlutana, fyr en þíngi í landinu sjálfu hefði gefizt kostur á að segja um það álit sitt.

Samkvæmt þessu mildilega heityrði voru kosníngarlög til þjóðfundar hèr á landi samin, og lögð fyrir alþíngi 1849, en 1851 var fundurinn haldinn og frumvörp lögð þar fram, sem fyr hafði verið ákveðið; en áður málin voru fullrædd, sleit hinn þáverandi erindsreki yðar hátignar þínginu, svo að málin urðu eigi rædd til lykta. Í auglýsíngu 12. maí 1852 er hið konúnglega heit endurnýjað, og aptur í auglýsíng 7. júní 1855, en þó á þann hátt, að þar er lofað, að ekki skuli verða útkljáð mál þetta um stjórnarfyrirkomulag Íslands, nema tillögur alþíngis verði heyrðar um það. Í auglýsíngu yðar hátignar til þessa þíngs 27. maí þ. á. er sagt, að yðar hátign hafi ekki sèð sèr fært nú sem stendur, að leggja fyrir alþíngi lagafrumvarp um fyrirkomulag á stöðu Íslands í ríkinu, en að yðar hátign vilji láta sèr vera annt um það, svo fljótt sem kríngumstæður leyfa, að leiða mál þetta til lykta á þann haganlegasta hátt sem verða megi, enda skuli þá, þegar málið kemur til íhugunar, tillögur alþíngis verða teknar til greina, svo sem framast er unnt.

Þar sem önnur bænarskráin, af þeim er nefndar voru, fer fram á, að alþíngi riti yðar konúnglegu hátign bænarskrá um, að efna hið mildilega heityrði frá 23. september 1848, þá getur alþíngi ekki

annað en verið á því með beiðendum, að þetta hið konúnglega heityrði bíði enn uppfyllíngar sinnar, og að sú uppfyllíng sé ekki fullkomin, nema þjóðfundur sé stefndur á sama hátt og eptir sömu kosníngarlögum eins og 1851. Það virðist vera ljóst, að yðar hátign hefir í brèfinu frá 23. september 1848 mildilega lofað, að fundur í landinu sjálfu skyldi segja álit sitt um stjórnarmálið áður það yrði til lykta leitt; það er enn fremur efalaust, að þessi fundur í landinu sjálfu er þjóðfundurinn, sem haldinn var 1851. Þar eð nú fundi þessum var slitið áður en honum gat gefizt færi á, að segja álit sitt um málið á reglulegan og löglegan hátt, þá er það enn framar auðsætt, að tilgángur fundarins eptir brèfi frá 23. september 1848 hefir ekki náðst, fyrir þá sök, að samkomulag komst ekki á, og það er þá samkvæmt því, sem annars er almennt siður, að stefnt er nýtt þíng og stofnað nýtt samkomulag, en hins er að alþíngis vitund öldúngis ekki dæmi, að stjórn hafi án nokkurra orsaka annara en þeirra, að samkomulag hafi ekki komizt á, sett í stans svo áríðanda máleíni. Þau konúnglegu heityrði, sem gefin eru fyrst í auglýsíngu 12. maí 1852 og síðar, að mál þetta skuli ekki verða útkljáð, fyr en alþíngi hefir feingið færi á að segja um það álit sitt, eru, eptir alþíngis allraþegnsamlegasta áliti, ekki endurnýjan heityrðisins í konúngsbrèfinu 23. september 1848, heldur taka þau fram það, sem þegar er fullkomlega ákveðið í alþíngistilskipuninni 8. marz 1843 § 79, en slík endurnýjan á fullgildri lagagrein gæti hèr ekki álitizt nauðsynleg. Þíngið verður öllu fremur að álíta, að hèr í hljóti að vera fólgin endurnýjan heityrðisins frá 23. september 1848, að minnsta kosti þar til það væri aptur tekið, en alþíngi þykist vera þess fullöruggt, að eins og yðar konúngleg hátign hefir aldrei tekið aptur yðar konúnglegt orð, heldur haldið fastlega sèrhvert heityrði, og það þó miklu meira hafi reynt á, en hèr í þessu máli, svo muni yðar konúngleg hátign ekki neita alþíngi og Íslendíngum um, að uppfylla myldilegt heityrði, sem oss er gefið, og oss er mjög dýrmætt. Ekki verður heldur álitið svo, að alþíngi væri með þessu móti sett í staðinn fyrir þjóðfundinn, því alþíngisheityrðið er eldra en hitt, og getur því ekki komið í þess stað, nema hitt sé beinlínis aptur tekið, sem það hefir ekki verið. Alþíngi getur því ekki betur séð, en að konúngsbrèf frá 23. september 1848 standi enn óhaggað, og að vèr höfum fullgilda ástæðu til að skýrskota til þess. Þar á móti játar þíngið fúslega, að menn geti hugsað sèr þær kríngumstæður, að yðar hátign kynni að vilja fyrst leggja þetta mál fyrir alþíngi, samkvæmt

alþingistilskipunarinnar 79. §, og gæti þá hugsazt, að þar kæmist á það samkomulag, að alþingi annaðhvort gæti álitið hið konúnglega heityrði uppfyllt í öllu því verulega að efninu til, eða að samanköllun þjóðfundarins og meðferð hans á málinu yrði svo greið, að það yrði svo að segja ekki annað, en formið eitt. Þetta er ástæða alþingis til þess, að einskorða ekki að þessu sinni meðferð málsins við þjóðfund, fremur en ydar konúnglegri hátign og stjórn ydar kynni vera haganlegt, einúngis að málinu mætti verða svo greiðlega flýtt, sem kostur er á.

Áður en alþingi fer fram í hin einstöku aðalatriði þessa máls, sem nauðsyn er að áhræra, eins nú og að undanförnu, leyfir þíngið sèr að taka fram eitt almennt atriði, sem mjög svo snertir þetta mál og hefir híngað til verið því til fyrirstöðu, sem er það, að ekki skyldi vera ráðlegt eða fært, að koma á stjórnarskipunarlagi hèr á landi, meðan ekki væri komið á skipulag í hinum hlutum ríkisins. Þessi ályktan virðist þínginu ekki geta verið á rèttum rökum byggð, eptir því, sem hèr hagar til. Ef að Ísland hefði verið eða væri svo innlimað annaðhvort alríkinu eða konúngsríkinu, að hvorttveggja yrði álitið sem ein heild í strángasta skilníngi; eða ef Ísland hefði svo mikið saman við hina hlutana að sælda, eða svo mörg mál sameiginleg, að öll *stjórnin og lögin og framkvæmd landstjórnarinnar* væri samtvinnað, þá væri nokkur ástæða fyrir slíkri bið, meðan ekki væri útkljáð stjórnarmál hinna hlutanna. En væri svo, þá hefði málið allt aðra stefnu, þá mundu Íslendíngar taka þátt að tiltölu í sjálfum þeim umræðum, sem snerta stjórnarfyrirkomulag allra ríkishlutanna, og biðin væri oss þá ekki lakari en öðrum. En þessu er nú allt öðruvísi varið: Ísland hefir hvorki haft hlutdeild í þeim málum, sem snerta alríkið eða konúngsríkið sèr í lagi; það hefir hvorki haft fulltrúa á ríkisþínginu, nè í ríkisráðinu, það hefir ekki tekið þátt í kosníngum til hvorugs þíngsins, og ekki heldur feingið í ríkisráðinu neinn konúngkjörinn fulltrúa; þó hafa verið í ríkisráðinu fulltrúar frá Slèsvík, Holsetalandi og jafnvel Láenborg. Það er á þessu, að alþíngi virðist auðsætt, að Ísland er óviðriðið stjórnarmál hinna hlutanna, og það getur því heldur kallað þetta vafalaust, sem uppástúngur meira hlutans á þjóðfundinum gáfu stjórninni fulla ástæðu til að veita Íslandi að sínu leyti hlutteknúng í alríkisþíngi, en það hefir þó alls einga feingið. En þegar Ísland er þannig fráskilið stjórnarmálum hinna hlutanna, og hefir einga hlutdeild í meðferð þeirra, þá er auðsætt, að eingin vandkvæði eru á frá þessari hlið, að stjórn-

armál Íslands geti komið til afgreiðslu sèr í lagi. Hvernig sem máli þessu yrði hagað hèr, þá yrði eingin ályktan þar af dregin til hinna ríkishlutanna, enn síður nokkur sú ályktun, sem gæti gjört stjórninni nokkurn örðugleik eða tálmanir í viðskiptum hennar við þá. Þetta staðfestist einnig, þegar litið er til margra aðalmálanna, þeirra er til greina koma í samskiptum milli land-partanna í hverju ríki, því þá verður það ljóst, að Íslands mál eru mestmegnis sèrstaklegs eðlis, og það hefir eingan þátt í hinum helztu ríkismálum, svo sem um her, flota, o. s. frv. Þess má enn framar geta, að allir þeir hinir áður nefnu ríkishlutar hafa feingið stjórnarskrár sèr í lagi síðan 1848, og sumir í miklu frjálslegri stefnu en áður var, svo stjórnin hefir þar ekki tekið til greina, hversu hagað væri til hèr, eða í öðrum ríkishlutum. En slíkur dráttur á þessu máli fyrir oss Íslendíngum getur ekki annað, en valdið megnri óánægju, og miklum skaða jafnvel fyrir öll þjóðleg mál þessa lands, bæði smærri og stærri.

Þegar um er að ræða, að koma stjórnarmáli landsins á umbótaveg, þá kemur fyrst sá annmarki í ljós, að framkvæmdarstjórnin er bæði veik og sundurdeild. Eins og hefir verið og er enn, þá eru úrslit sèrhvers máls, hversu lítilvægt, sem það kann að vera, hjá stjórninni í Kaupmannahöfn, sem verður að byggja alla úrskurði sína mestmegnis á skrifuðum skýrslum embættismanna. Þrír amtmenn hafa hina veraldlegu stjórn á hendi, hver í sínum hèruðum, án þess nokkur sú tilsjón geti verið með embættisfærslu þeirra, hvorki frá stjórnarinnar hendi, nè frá hendi alþýðu (amtsráð), sem nokkur tryggíng sè að. Víðátta landsins og hið ófullkomna fyrirkomulag, sem hèr er á póstgaungum og vegabótum, veldur því, að þeir geta ekki borið sig saman um stjórn almennra mála, eða komið saman nema með ærna-kostnaði og fyrirhöfn, en aðalstjórnin er í öðru landi í 300 mílna fjarlægð, og veit opt ekki mánuðum eða missirum saman, hversu fram fer. Alþíngi hefir optar en einu sinni tekið það fram, að einhver hin mesta landsnauðsyn væri að bæta úr þessu, að setja hèr á landi yfirstjórn, þá er hefði framkvæmdarvaldið á hendi, að leggja undir hana öll hin sèrstaklegu mál landsins, og að hafa hana svo úr garði gjörða, að hún gæti haft framkvæmdarfulla umsjón um, hvernig hèraðastjórnin færi fram, og yfir höfuð að tala gegnt þeim skyldum, sem landsstjórninni ber. Alþíngi þykir ekki nauðsyn að taka það fram, hvort amtmenn mundi með þessu móti verða óþarfir eða ekki, en það getur vel hugsað sèr, að yfirumsjón í hèruðum mætti koma fram með mörgu móti, og það er þessi yfirumsjón, sem

er aðalatriðið í þessari grein. Alþíngi hefir áður stúngið upp á, að í landstjórnina yrði settir þrír menn, og að þeir hefði aðsetur sitt í Reykjavík. Þetta ætlar og þíngið enn vera vel til fallið.

Þegar þar næst er að ræða um samband það, sem verða ætti milli landsstjórnar þessarar og konúngsins á aðra síðuna, og landsmanna á hina, þá hefir alþíngi stúngið upp á, að einn maður væri meðalgaungumaður hjá yðar konúnglegri hátign í þeim málum, sem gánga til konúnglegs úrskurðar, en á hina hliðina, að landstjórnarmenn ætti setu á alþíngi og hèldi þar svörum uppi fyrir hönd stjórnarinnar. Hið fyrra atriðið virðist vera svo sjálfsagt, að það þurfi eingrar frekari útlistunar við, þar á móti koma fram í hinu síðara atriðinu um landstjórnarmennina margar athugaverðar greinir, en alþíngi virðist sem þær lúti helzt í þessar aðalstefnur: hvort landstjórnarmenn skyldi allir vera með jöfnu valdi, sem eins konar stjórnarráð, eða einn skyldi vera æðstur og hinir tveir honum undirgefnir; hvort þessi landstjórn skyldi vera löguð á þann hátt, að hver þeirra þriggja hefði að vísu sína deild landstjórnarinnar, en allir kæmi þó fram sem ein stjórn, eða að hver um sig hefði sína stjórnardeild til umráða, og bæri þeir sig að eins saman um hinar almennu grundvallarreglur fyrir stjórn sinni; hvort þeir skyldi allir bera ábyrgð fyrir alþíngi, sem þíngið gjörir sjálfsagt ráð fyrir að feingi fullt löggjafarvald í þessa lands málum, eða að einúngis tveir þeirra skyldi bera ábyrgðina, en einn, landstjórinn sjálfur, hefði að eins ábyrgð fyrir konúngi eða væri sem í hans stað í hinum innlendu málum; þar með stendur það í sambandi, hvort þeir allir skyldi vera settir af konúngi, eða hvort hann setti að eins landstjórann, en landstjórinn tæki sèr aptur hina tvo sem ráðaneyti eða til landstjórnar með sèr; en þetta er með öðrum orðum, hvort atkvæði alþíngis eða meira hluta þess ætti að hafa fulla þýðíngu í landstjórninni, eða landstjórnarmenn kæmi að eins fram til þess, að gefa skýrslur, en væri ekki undirlagðir ályktunum þíngsins í straungum skilníngi. Það er að vísu ljóst fyrir hverjum þeim, sem hugsar um þetta mál, að það mundi gjöra hinn mesta mismun á fyrirkomulagi landstjórnarinnar, og allri hennar framkvæmd, hver stefna tekin væri í þessum greinum, en alþíngi hefir ekki álitið það ráðlegt eða nauðsynlegt, að bera upp í því tilliti neitt ítarlegt álit sitt eða uppástúngur, með því líka, að ekki liggur fyrir þínginu að þessu sinni neitt það, er gjöri uppástúngur um þessi efni frá þíngsins hendi nauðsynlegar, því alþíngi telur sjálfsagt, að þegar stjórnin legði fyrir

alþíngi eða þjóðfund frumvarp um þetta mál í heild sinni, þá mundi koma fram í því frumvarpi ljós merki til þess, hverja stefnuna að stjórnin hugsaði sèr, og þá fyrst væri tími að ræða og álykta um það efni.

Um það, að alþíngi yrði veitt löggjafarvald og ályktunarvald í öllum þeim málum, er Ísland snerta, og áður hafa legið undir meðferð þess, er ekki nauðsyn fyrir alþíngi að fjölyrða. Í uppástúngum þeim, sem komu fram á þjóðfundinum og í bænarskrám alþíngis er eindregið beðið um þetta, og yðar konúngleg hátign hefir látið boða alþíngi 1855 vilyrði þar um. Það er auðsætt, að án þess getur ekki rèttindum lands vors verið borgið, eða stjórnin í landinu haft það aðhald eða veitt þá tryggíngu, sem nauðsynleg er.

Fyrirkomulagið á dómsvaldi og dómaskipun er svo áríðanda atriði, og svo samtvinnað í eðli sínu við fyrirkomulagið á löggjafarvaldi og framkvæmdarstjórn, að það er sem einn liður þar af. Þegar löggjafarvaldið er innlent, og öll framkvæmdarstjórnin er lögð híngað, þá væri það hið mesta brot á móti rèttri reglu, ef dómsmálin væri lögð undir dómendur í öðru landi. Þegar lögin eru innlend, og eru á landsins máli, þá hljóta og dómarnir að vera innlendir og rèttarins þjónusta að fara fram á landsins máli frá upphafi til enda. Það hefir áður verið lög, að konúngur einn, með beztu manna ráði, mætti breyta dómum eður úrskurðum lögmanna eður æðstu dómara hèr á landi; með þessum lögum og með venjunni getur það helgazt, að hæstirèttur í Danmörku hefir dæmt í íslenzkum málum, meðan svo stóð, að konúngarnir sjálfir voru annaðhvort nálægir, eða menn hugsuðu sèr konúng sem nálægan í hæstarètti; en síðan þetta hætti, er hæstirèttur í Danmörku ekki annað, en útlendur dómstóll fyrir Ísland, og hversu virðíngarverður sem þessi dómstóll er í sjálfum sèr, þá gjörir ekki einúngis þetta, að hann er útlendur, heldur og einnig það, að hann er öldúngis ókunnugur landsháttum og flestu öðru hèr á landi, eins og líka túngu landsmanna, það að verkum, að honum hlýtur að vera mjög örðugt að dæma svo mál hèðan af landi, að tryggjanda sè fyrir alla hlutaðeigendur; kemur þetta því framar í ljós, síðan hæstirèttur fór að auglýsa ástæður dóma sinna. Það hlýtur því að vera ein af aðalóskum landsmanna, að dómaskipunin hèr á landi verði svo endurbætt, að öll innlend mál geti feingið fullkomin úrslit hèr á landi, eins og að fornu hefir verið.

Þar eð þessi aðalatriði málsins eru orðin stjórninni svo kunn-

ug af hinum fyrri bænarskrám frá þínginu, þykir alþingi ekki þörf að ítreka í þetta sinn hvert atriði sèr í lagi, heldur leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að bera fram fyrir yðar konúnglegu hátign þá bæn, sem er samþykkt á þínginu með 24 atkvæðum gegn 1:

Að yðar konúngleg hátign vilji mildilega taka til greina bænarskrár og uppástúngur þjóðfundarins og alþingis í stjórnarskipunarmálinu, og láta flýta svo fyrir þessu áríðanda málefni, að það geti orðið til lykta leitt, svo fljótt sem mögulegt er.

Reykjavík 17. ágústm. 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. *Jón Sigurðsson* (frá Kaupmannahöfn).

6. Frumvarp til álitsskjals í *jarðamatsmálinu,* svo hljóðandi:

Til konúngs.

Til að íhuga frumvarp það til tilskipunar um löggildíngu nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, ásamt sjálfu frumvarpinu til jarðabókarinnar, sem fulltrúi yðar hátignar lagði fyrir þíng þetta, kaus þingið 7 manna nefnd, og leyfir sèr nú, eptir að hafa rætt málið á 2 aðalfundum, allraþegnsamlegast að tjá yðar hátign álit sitt og tillögur þar að lútandi á þessa leið:

Til þingsins komu nokkrar bænarskrár viðvíkjandi jarðamatinu; þó fer að eins ein þeirra fram á, að ónýta það, en hinar áhræra frestun löggildíngarinnar og leiðrèttíng galla þeirra, sem á því muni vera, og eins og þær eru flestar úr vesturumdæminu, þannig kvarta þær einkum yfir, að alþingi hafi stúngið upp á 1857, að hundraðatalan yrði reiknuð út með sínum deili fyrir hvert umdæmi.

Að vísu kom fram á þínginu uppástúnga móti því, að hin nýja jarðabók öðlaðist lagagildi, sumpart vegna þess, að ekki væri nauðsynlegt að miða neina skatta við jarðahundruð, sumpart vegna þeirra galla, sem væri á hinu nýja jarðamati; en þingið feldi þessa uppástungu með 19 atkv. gegn 3, og var það tekið fram, hvað óviss og annmarkasamur skattgjaldstofn afgjöld jarðanna væri. En þar sem þingið ekki efaðist um, að ýmsar ójöfnur mundi enn vera á hinu nýja jarðamati, þó þær kæmi í eingan samjöfnuð við galla hins gamla hundraðatals, og að nokkurra ára reynsla mundi bezt leiða þær í ljós, er verulegastar kynni að vera, þótti þínginu ákvörðun 4. greinar vel til fallin og samþykkti hana með 17 atkv. 6.

Svo var því enn fremur haldið fram, að af því svo mikið væri

undir því komið, að hin nýja jarðabók yrði almenníngi sem aðgeingilegust, og næði sem fyrst fullri staðfestu og hylli alþýðu, og þar eð ske kynni, að svo stórfelldir gallar reyndist á skuldsetníngu einstakra jarða eptir jarðamatinu, að nauðsynlegt væri að lagfæra matið á þeim, mundi vel til fallið, að biðja yðar hátign, að gefa þeim, sem gæti fært ljós rök fyrir því, að jörð hans væri rángt metin, 5 fyrstu árin eptir löggildíngu jarðabókarinnar, kost á að bera fram ástæður sínar fyrir stjórn yðar hátignar, til þess að fá matinu breytt, og var þetta samþykkt með 14 atkv. gegn 6. Öðlist nú þessi uppstúnga yðar hátignar allrahæsta samþykki, mundi almenn endurskoðun að 20 árum liðnum eptir 4. grein því síður verða nauðsynleg.

Þá kom og fram á þínginu það breytíngaratkvæði, að hin nýja jarðabók skyldi ekki öðlast lagagildi, fyr en 6. júní 1863, og það viðaukaatkvæði, að hið nýja jarðabókarfrumvarp yrði sem fyrst gjört þjóðinni kunnugt, og að mönnum yrði gefinn kostur á að benda á þá helztu galla, sem á því þætti vera, og að stjórnin síðar á haganlegasta hátt lagfæri þá, þar sem ástæða þætti til vera. En þar sem hvorttveggja var samþykkt með mjög litlum atkvæðamun (13: 10 og 13: 12) hefir minni hlutinn í krapti 61 greinar í tilskip. 8. marz 1843 óskað þess, að þíngið tjái yðar hátign ástæður sínar móti þessum samþykktum, og eru þær þessar: Nefndin í málinu hafði stúngið upp á, að hin nýja jarðabók skyldi öðlast lagagildi 6. júní 1861, og í sambandi þar við að 4. grein frumvarpsins yrði samþykkt; og þegar nú hér við bætist það viðaukaatkvæði, sem þíngið aðhylltist, eins og áður er sagt, að mati á þeim jörðum skyldi fást breytt, sem fært yrði ljós rök fyrir 5 fyrstu árin eptir löggildínguna, að rángt væri metnar, álítur minni hlutinn hér í fólgna hina ánægjanlegustu tryggíngu fyrir því, að ekki sè þar á ofan nauðsynlegt, að fresta löggildíngunni til 6. júní 63.

Að því er áhrærir það atriði, hvort við hafa ætti einn eður fleiri mælikvarða til að reikna út hundraðatal jarðanna, þá hèldu að vísu sumir þíngmenn fram þeirri skoðun, sem varð ofan á á þínginu 1857, að rèttast mundi að hafa sinn mælikvarða fyrir hvert umdæmi landsins; ei að síður var sú uppástúnga felld með 17 atkv. gegn 8, og þíngið aðhyllist nú skoðun stjórnarinnar og ástæður í þessu tilliti.

Um það atriði, hvaða þýðíng hin nýja jarðabók skuli fá, kom fram ágreiníngur á þínginu, og voru sumir þíngmenn á þeirri skoðun, að ekki ætti aðra skatta á henni að byggja, en þá, sem hèr eptir kynni að verða lagðir á jarðeign; þó finnur meiri hluti þíngmanna

einnig í þessu tilliti yfirgnæfandi ástæður til að aðhyllast ákvörðun frumvarpsins (í 2. grein), að tíundir skuli takast eptir hinni nýju jarðabók frá þeim tíma hún öðlast lagagildi, en viðvíkjandi þeim halla, sem prestar í sumum brauðum verða fyrir við breytínguna, var því að vísu haldið fram af nefndinni og sumum þingmönnum, að tiltækilegast væri, að aðhyllast ákvörðun frumvarpsins í 2. grein; en þar sem þínginu er það kunnugt, að þessi ákvörðun hefir valdið nokkurri óánægju meðal bænda, og í raun og veru raskar, þó í litlu sé, og að eins um stundarsakir, þeim innbyrðis jöfnuði, sem gjaldendur sýnast eiga sanngjarna kröfu á, og þar eð ekki verður bent á neinn annan veg, er sanngjarnari sé og í öllu tilliti aðgeingilegur, verður þíngið allraþegnsamlegast að mæla með því, að þeir prestar, sem verða í brauðunum, þegar jarðabókin öðlast lagagildi, fái endurgoldið úr ríkissjóðnum það, er þeir missa í við breytíng hundraðatalsins, og sömu reglu verður þíngið að aðhyllast um sýslumenn, eins og ráða sýnist mega af ástæðum frumvarpsins, að stjórn yðar hátignar hafi álitið sjálfsagt.

Þar eð það er upplýst á þínginu, að víða sé farin að smeygja sèr inn sú aðferð, að sýslumenn heimti skatt af samanlögðu lausafè og fasteign, og sem þíngið sendir nú um yðar hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá, verður það að ráða til, að fyrri liður 3. greinar í frumvarpinu sè látinn burt falla. Þar á móti aðhyllist þíngið seinna lið greinarinnar, því þó álíta megi, eins og í ástæðum frumvarpsins er tekið fram, að rèttast væri, að leggja þegar þann hluta alþíngiskostnaðarins, sem á afgjöldum jarðanna hefir hvílt, á hina nýju hundraðatölu, þykir þó eins ráðlegt að bíða þess, að óskum og áliti verði hreift um þetta atriði frá almennings hálfu.

Meðal þeirra vandkvæða, sem einstakir þíngmenn áhrærðu að koma kynni fyrir, þegar hin nýja jarðabók yrði löggilt, var þess getið, að sumstaðar væri virtar saman jarðir, sem fyrrum hefði verið sameign, en væri nú aðskilin eign, og aptur hefði hlutfallið sumstaðar breytzt, þar sem fleiri jarðir hafa aðskilin tún og eingi, en hagbeit, skóg og reka sameiginlegt; en þíngið verður að álíta, að allt þess háttar jafnist af sjálfu sèr, og að sú tiltala í skógum og rekum, sem áður var ákveðin, hafi ekki breytzt fyrir það, þó hlutfallið breyttist milli hundraðatalsins á þeim jörðum, er þetta áttu saman.

Þá var þess og getið viðvíkjandi bændakirknaeignum, að í hið nýja hundraðatal af kirkju- og bændaeigninni samanlagðri væri tekin ýmisleg hlynnindi kirknanna, sem áður hefði verið ómatin, og það yrði ekki sèð, hvað mikið hundraðatal jarðanna hefir þar við aukizt;

en þingið álítur, að þar sem um nokkuð sè að gjöra og hlutaðeigandi beri sig upp um það, verði það tekið til greina, þegar að því kæmi, að nýja skatta ætti að leggja á jarðeign. Hitt er með öllu óverulegt, þó jarðir kunni að standa á skökkum stað í röðinni t. a. m. Hvammsgerði í Norður-Múlasýslu, sem er heimfært undir nr. 54, en er gömul hjáleiga frá nr. 55, nú aðskilin eign.

Samkvæmt framanskrifuðu leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast, með 19 atkv. gegn 5, að mæla fram með því, að frumvarpið til tilskipunar um löggildingu nýrrar jarðabókar fyrir Ísland verði löggilt með þessum breytingum:

1. grein *óbreytt, með ákveðnum tíma 6. júní 1863* (með 17 atkv. gegn 5).
   Og að við þessa grein sè bætt þeirri ákvörðun, „að stjórnin hlutist til, að hið nýja jarðabókarfrumvarp verði sem fyrst gjört þjóðinni kunnugt, að þjóðinni gefist kostur á, að benda á þá helztu galla, sem þykja vera á jarðamatinu, og að stjórnin síðar á haganlegasta hátt lagfæri þá, þar sem ástæða þykir til vera“ (með 13 atkv. gegn 12).
2. grein, *að í stað seinna hluta hennar, frá orðunum: „þó áskilst þeim prestum — eptir hinni nýju jarðabók“, verði sett: „þó áskilst þeim prestum og sýslumönnum, sem eru í embættum, þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, að fá endurgoldið af ríkissjóði það, sem þeir missa í við breytinguna á tíundargjaldinu“* (með 17 atkv. gegn 4).
3. grein, *að fyrri kafli hennar: „Enn fremur — reikna út skattinn“, falli burt* (með 20 atkv. gegn 2).
4. grein, *að við hana sè bætt þessum orðum: „þó skal hverjum, sem getur fært ljós rök fyrir því, að jörð sín sè rángt metin, 5 fyrstu árin eptir löggildingu jarðabókarinnar, heimilt að bera fram ástæður sínar fyrir stjórnina, til þess að fá matinu breytt* (með 14 atkv. móti 6).

Reykjavík, 17. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Halldór Jónsson.

Forseti: Samkvæmt dagskránni verður þá tekið til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um *endurgjald jarðamatskostnaðarins*. *Framsögumaður* er hinn heiðraði þingmaður Rángvellinga. Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, og vona, að hinir háttvirtu þingmenn hafi hana fyrir sèr.

Atkvæðaskrá.

í málinu (kgl. frv.) *um endurgjald jarðamatskostnaðarins.*

1. *Nefndin* (uppástúnguatriði):
   Að alþingi ráði konúngi frá að samþykkja frumvarpið að svo komnu.
2. Breytíngaratkv. *Vilhjálms Finsens:*
   Að 1. gr. frumv. verði þannig orðuð:
   Kostnað þann, er risið hefir af jarðamati á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, að upphæð 8,360 rd., 82 sk., skal endurgjalda jarðabókarsjóðnum á þann hátt, að honum sè jafnað niður á allar jarðir í landinu, þannig, að gjalda skal svo marga skildínga af hverju jarðarhundraði eptir hinni nýju jarðabók, sem þarf til að ofannefnd upphæð komi út.
3. Frumv. 1. gr.:
   Kostnað þann, er risið hefir af jarðamati á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, að upphæð ....., skal endurgjalda jarðabókarsjóðinum á þann hátt, að honum sè jafnað niður á allar jarðir í landinu, þannig að gjalda skal .... skildínga af hverju jarðarhundraði, sem til er fært í hinni nýju jarðabók.
4. Vara-viðaukaatkvæði *Steſáns Eiríkssonar:*
   Að ef frumvarpið verður samþykkt, þá bætist inn í 2. gr. fyrir aptan orðið „eiganda“: *„eða umráðamanni“.*
5. Breytíngaratkv. *Vilhjálms Finsens:*
   Að 2. gr. frumvarpsins verði þannig orðuð:
   Gjald þetta skal ábúandi hverrar jarðar skyldur að greiða, en hann skal eiga rètt á, að fá það endurgoldið hjá eiganda jarðarinnar; skal því skipt niður á 2 ár, þannig, að helmíngur þess sè greiddur á manntalsþíngum til sýslumanns á næsta ári eptir að jarðabókin er löggilt, en helmíngur á manntalsþíngum árið þar á eptir.
6. Frumv. 2. gr.:
   Gjald þetta skal ábúandi hverrar jarðar skyldur að greiða, en hann skal eiga rètt á, að fá það endurgoldið hjá eiganda jarðarinnar; skulu sýslumenn heimta helmíng þess árið ...., en hinn helmínginn árið .....
7. Hvort rita skuli konúngi álitsskjal (eða biðja skuli konúng að gjöra frumvarpið að lögum) samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Var málið síðan afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Páll Sigurðsson): Eg skal ekki nú fara mörgum orðum um uppástúngu nefndarinnar; það eru heldur ekki fram komin mörg breytíngaratkvæði við hana, eða við frumvarpið; það eru á þessari atkvæðaskrá 2 breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, sem nú er í *konúngsfulltrúa* stað; fyrra breytíngaratkvæðið fer því fram, að þíngið fallist á, að þeir 8,360 rd. 82 sk., sem nú sè orðinn kostnaður við jarðamatið, verði lagðir á jarðirnar, en þann kostnað, sem hèr eptir kynni að leiða af nýrri lagfæríngu jarðamatsins, sem ekki er þó ólíklegt að verði talsverður, því öllum þíngmönnum er kunnugt, hvílíkir stórgallar eru á því enn, nefnir hann ekki á nafn; það er líklegt hann hugsi til, að hann verði að lenda á ríkissjóðnum. Það er nú bágt að hugsa sèr, hvor aðferðin verði framvegis við höfð, til að rètta við þetta vanskapaða skrílli, jarðamatsfrumvarpið, þar sem það nú liggur hálfgliðnað sundur; en skyldi það nú verða gjört af nefnd manna uppi í landinu, bæði nokkrum jarðamatsmönnum og öðrum, sem kann ske væri helzta ráðið, ef annars ætti að leingja í því líflð, væri það nú æskilegt, að það væri borgað sem annar skrifstofukostnaður; en það sýnist þó ekki liggja nær, en að Reykjavíkurnefndin sè álitin í þessu efni einn hluti af skrifstofu konúngs, og eins það, sem unnið var við frumvarpið í Danmörku. Þess ber og vel að gæta, að þíngið 1857 rèttilega gjörði mun á kostnaði þeim, er leiddi af aðgjörðum Reykjavíkurnefndarinnar og þeim, er leiddi af jarðamatinu sjálfu heima í sýslunum 1849 og 50, og því verður ekki neitað, að endurmat, er síðar var gjört á stöku stöðum, sè sama eðlis. Það má gánga að því vísu, að jarðamatið eins og það er nú komið, nær ekki lagagildi kostnaðarlaust, og ef þíngið færi að ráða stjórninni til að gjöra þetta frumvarp að lögum nú strax, þá rèði það henni þar með til, að fæða ótímabæran burð, og væri það nokkuð hlægilegt. Hvað öðru breytíngaratkvæði hins sama konúngkjörna viðvíkur, að kostnaður þessi skuli greiðast 2 næstu árin eptir að þessi nýja jarðabók verði löggilt, þá fer hann þar, ef til vill, eingu skemmra en nefndin; því ef þetta jarðabókarfrumvarp yrði aldrei löggilt, sem vel getur skeð að svo fari, þá koma þessi næstu 2 ár þar á eptir heldur aldrei yfir Íslendínga til eilífðar, og verða þeir þá að öllu lausir við að greiða gjald þetta; ef jarðamat hèr á landi ætti að vera undirstaða til að leggja nýja skatta á jarðirnar, eins og stjórnin sýnist að hafa hugsað sèr, og þeir ætti að renna í ríkissjóðinn, þá sýndist ekki heldur órèttvíst, þó kostnaður sá, er leitt hefði af mati jarðanna væri þá

líka greiddur úr sama sjóði; en þar vonandi er, að fjárhagur þessa lands verði bráðum að skilinn frá fjárhag Danmerkur, þá yrði allt öðru máli að gegna, og því fór nefndin ekki neitt út í það mál, heldur tók þetta fram sem bendíngaratriði; því að meðan við ekki sjálfir fáum ráð yfir fjárhag vorum, og getum því ekkert yfirlit haft, hvort við getum aukið eða komið á fót nokkrum nytsömum stofnunum hjá oss, eða sett það, sem nú er, í annað snið eptir því, sem betur þætti við eiga, samkvæmt efnahag og ástandi þessa lands, þá má líka segja, að allt standi hèr fast og ekkert verði gjört; eg vona því, að þíngið verði á líkri skoðun og nefndin, að rèttast sè eins og nú á stendur að ráða frá, að þetta frumvarp öðlist lagagildi að svo komnu, eptir þeim ástæðum, sem hèr hafa verið teknar fram og að yfirveguðum öllum kríngumstæðum þessa máls.

Konúngsfulltrúi (Vilhjálmur Finsen): Eg hefi sem þíngmaður borið upp breytíngaratkvæði við báðar greinir frumvarpsins, og skal eg leysa mèr nokkrar athugasemdir um þau. Í frumvarpinu hefir verið gjört ráð fyrir, að ákveðin skildíngatala væri sett inn í greinina, er ætti að gjalda af hverju jarðarhundraði, en mèr hefir þótt rèttara að setja að eins, að það skyldi vera svo margir skildíngar af hverju hundraði, sem þarf til að sú upphæð, sem á að endurgjaldast, komi út. Þar með áleit eg að tvennt ynnist, nefnilega fyrst það, að það virðist óviðkunnanlegt að taka til mjög smásmuglegt brot af skildíngi í slíku lagaboði — það mundi verða hèr um bil $9\frac{1}{4}$ skild., en þó í viðbót dálítið brot til, sem yrði að vera með fleirum tölum, — og í öðru lagi gæti menn hugsað sèr, að stjórnin kynni að gánga inn á einhverjar af uppástúngum alþíngis um, að mönnum gefist kostur á að kvarta yfir misfellum á hinni nýju jarðabók, hvar af þá gæti leitt, að hundraðatala sú, sem nú er í jarðabókarfrumvarpinu breyttist; en eins og greinin eptir minni uppástúngu er orðuð, þá má fara eptir þeirri hundraðatölu, sem að síðustu yrði ofan á í jarðabókinni, hver sem hún yrði. Hvað snertir 2. grein frumvarpsins, þá hefir verið ætlazt til, að inn í hana yrði sett þau 2 árstöl, er gjaldið skyldi greiðast; en eg hefi álitið rèttara í breytíngaratkvæði mínu að orða það svo, að gjaldinu skyldi skipt niður á 2 ár, þannig, að helmíngur þess greiðist á næsta ári eptir að jarðabókin er löggilt, en helmíngur árið eptir. Eg hafði í því tilliti hliðsjón til þess, að greinin gæti átt við, hvort sem jarðabókin yrði löggilt frá 1863, eins og alþíngi hefir stúngið upp á, eða hún yrði löggilt fyrir þann tíma eða eptir þann tíma; þar með fellur líka sú mótbára móti

því, að ákvörðun sè tekin um endurgjald jarðamatskostnaðarins, að menn viti ei, hvort jarðabókin verði löggilt; því yrði það niðurstaðan, sem engin líkindi væri til, að jarðabókin aldrei yrði löggilt, þá gæti kostnaðurinn ekki orðið heimtaður endurgoldinn eptir þessu frumvarpi, eins og breytíngaratkvæðið er orðað; því eptir því á gjaldið ekki að greiðast, fyr en eptir að jarðabókin er búin að fá lagagildi. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir falið mèr að skýra þínginu frá, að hann að öllu leyti fallist á þessi mín breytíngaratkvæði, og að hann ráði þínginu til að taka þau. Hinn háttvirti *framsögumaður* tók það fram sem ástæðu fyrir því, að taka einga ákvörðnn nú um endurgjald jarðamatskostnaðarins, að menn gæti ekki vitað, nema meiri kostaður út af jarðamatinu bættist við, þar sem alþíngi hefir í málinu um löggildíng jarðabókarinnar stúngið upp á að endurskoðun skyldi enn eiga sèr stað í einstökum tilfellum á matinu, og er það mikið fallegt af *framsögumanni,* að hann kannast við, að sá kostnaður skuli einnig endurgjaldast af landinu, eins og kostnaður sá, sem híngað til hefir leitt af jarðamatinu; það getur nú vel verið, að þetta sè líka rètt, að þessi nýi kostnaður eigi að endurgjaldast, eins og hinn fyrri, en eg fyrir mitt leyti álít þetta þó ekki svo öldúngis vafalaust, þar sem um kostnað er að gjöra, er fellur til, eptir að búið er að semja jarðabókina að fullu, og út reikna hundraðatölúna fyrir hverja jörð, og í öllu falli er nógur tími að bíða eptir, að stjórnin gjöri kröfu um endurgjald þessa nýja kostnaðar, svo þetta atriði getur engin ástæða verið fyrir því, að fresta löggildíngu þessa frumvarps. Hvað nú kostnað þann snertir, sem í ástæðum frumvarpsins er tilgreindur, og sem eg hefi tekið upp í breytíngaratkvæði mitt, nefnilega 8,360 rd. 82 sk., þá er það öldúngis vafalaust, að hann á að endurgjaldast af landinu. Þetta leiðir beinlínis af tilskipun 27. maí 1848 um hinn nýja jarðadýrleika hèr á landi; þar segir í síðustu grein, að allur kostnaður, sem leiði af þeirri umræddu ráðstöfun, nefnilega jarðamatinu, skuli endurgjaldast á þann hátt, að honum skuli jafnað niður á jarðirnar á Íslandi. Menn hafa viljað aðgreina kostnaðinn þannig, að að eins kostnaðurinn við sjálft matið 1849—1850 ætti að endurgjaldast, en ekki kostnaðurinn í tilefni af jarðamatsnefndinni í Reykjavík, eða af útreikníngi hundraðatalsins síðar meir, en bæði gefur tilskipun 27. maí 1848 einga heimild til slíkrar aðgreiníngar, og þar að auki er þess að geta, hvað kostnaðinn við Reykjavíkurnefndina snertir, að með konúngsúrskurði 27. maí 1857, sem birt var alþíngi sama ár, var ákveðin þóknun handa meðlimum jarða-

matsnefndarinnar og skrifara hennar, að því viðbættu, að fé þetta skyldi endurborgast á sama hátt og annar kostnaður, sem leiðir af jarðamatinu, og var um leið í konúngsúrskurðinum ákveðið, að alþíngi skyldi falið, að skýra frá, hvort ástæða væri til, að hækka þóknun nefndarmanna, og í þessu tilefni stakk þíngið í álitsskjali sínu um jarðamatsmálið 1857 upp á 100 rd. viðbót handa hverjum af meðlimum nefndarinnar, án þess að bera fram nein mótmæli gegn því, að kostnaðurinn yrði endurgoldinn á þann hátt, sem sagði í konúngsúrskurðinum, og með þessu hefir alþíngi þá í öllu falli þegjandi viðurkennt, að þessi kostnaður ætti að endurgjaldast eins og hinn fyrri. Þess hefir verið getið, að kostnaðurinn til jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík ætti ekki að leggjast saman við hinn kostnaðinn, af því að hún hafi verið konúngleg nefnd, en það var hún ekki, því hún var ekki útnefnd af konúngi, heldur einn af meðlimunum af *konúngsfulltrúa,* og 2 af alþíngi, en að öðru leyti hefði þetta ekkert gjört til, þó svo hefði verið, úr því sá kostnaður heyrði beinlínis undir tilsk. 1848. Þá er að minnast á þá 150 rd., sem hafa verið borgaðir fyrir að út reikna hundraðatölunna fyrir hverja einstaka jörð, og sè eg ekki betur, en að þíngið hafi einnig sjálft samþykkt þenna kostnað, því í álitsskjali alþíngis 1857 er farið fram á, að konúngur vildi leggja fyrir stjórn sína, að hún hlutaðist til um, að ákveða nákvæmari ráðstafanir til þess, að dýrleiki hverrar jarðar yrði út reiknaður til hundraða; en þegar þíngið þannig biður um ráðstafanir, þá samþykkir það þann kostnað, sem hlýtur að leiða af þeim ráðstöfunum. Þó embættismaður í íslenzku stjórnardeildinni hafi gjört verk þetta, þá getur það ekki gjört neitt til, þegar hann hefir gjört það sem aukaverk. Hinn umræddi kostnaður á þannig eptir skýlausu lagaboði að endurgjaldast af landinu, og þetta hefir alþíngi líka áður viðurkennt, eins og eg hefi sýnt fram á, og það virðist því ekki geta verið neitt spursmál um, að sleppa hjá að borga þenna kostnað, og það er því ástæðulaust, að vilja skorast undan að borga hann, eða að fresta borguninni; það virðist naumast samboðið virðíngu þíngsins, að skorast undan slíkri borgun. Hinn háttvirti *framsögumaður* gat þess, að stjórnin hefði, að hans áliti án gildrar ástæðu, lagt jarðamatsmálið að nýju fyrir þíngið í þetta sinn, í stað þess að löggilda jarðabókina strax eptir uppástúngu þíngsins 1857, en stjórnin virðist þó hafa haft fullkomna ástæðu fyrir þeirri aðferð, sem hún hefir kosið; því bæði var það eðlilegast, að þíngið hefði tækifæri til að sjá hundraðatöluna út reiknaða fyrir hverja ein-

staka jörð, áður en það samþykkti jarðabókina og líka var þessi aðferð, ef til vill, réttust eptir tilskipun 27. maí 1848, eins og líka loksins hafði verið óskað þessa í nokkrum bænarskrám.

H. Kr. Friðriksson: Það er að eins lítil athugasemd, sem eg vil gjöra; mér virðist *konúngsfulltrúi* vera að berjast að óþörfu; stjórnin hefir áður sagt, að kostnaðurinn ætti að leggjast á landið, þegar jarðabókin væri fullgjörð; er það því í anda stjórnarinnar, að bíða með löggildíng þessa frumvarps, þángað til lagfæríng jarðamatsins er um garð geingin; og er það því eingin óvirðíng fyrir þíngið, að hleypa löggildíng þess nú fram hjá sèr.

Konúngsfulltrúi: Út af því, sem hinn háttvirti þíngmaður, sem nú settist, mælti, skal eg geta þess, að það stendur hvergi, hvorki í tilskipun 27. maí 1848, nè í ástæðunum fyrir þessu frumvarpi, að endurgjald þess umrædda kostnaðar skuli ekki heimta, fyr en eptir að jarðabókin sè búin að ná lagagildi; í ástæðunum fyrir frumvarpinu stendur einúngis, að þar eð jarðabókin sè nú *fullgjörð,* virðist sá tími vera kominn, að eigi að fara að endurgjalda jarðamatskostnaðinn; en að öðru leyti hefi eg áður bent til, að eptir mínu breytíngaratkvæði verður ekki spursmál um, að heimta neitt af endurgjaldinu, fyr en eptir að jarðabókin er orðin löggilt. Það lítur að öðru leyti svo út, sem nokkrir þíngmenn vilji gjarnan gjöra sem mest þeir geta úr endurskoðun þeirri á jarðabókinni, er þíngið hefir gjört ráð fyrir, að kunni að verða gjörð, og er það reyndar eðlilegt, að þeir, sem ekki vilja, að jarðabókin fái nokkurn tíma lagagildi, gjöri sem mest úr endurskoðuninni á henni, og telji líkindi til, að jarðabókin ekki verði löggilt; en menn verða þó að minnast þess, að alþíngi hefir beinlínis stúngið upp á, að jarðabókin fái lagagildi frá ákveðnu tímabili, og mèr finnst, að þeir, sem óska að jarðabókin verði löggilt, eigi ekki að gjöra of mikið úr þeirri endurskoðun, sem gjört hefir verið ráð fyrir, og að minnsta kosti ekki meira, en liggur í uppástúngum þíngsins í jarðabókarmálinu.

Guðmundur Brandsson: Eg get ekki verið hinum hæstvirta *konúngsfulltrúa* samdóma í því, að skoðun þeirra, sem vilja fresta löggildíngu þessa frumvarps, grundvalli sig á því, að þeir vilji ekki, að jarðabókin nýja fái lagagildi, heldur er það af hinu, að jarðamatið er ei um garð geingið enn þá; nú lítur ekki út fyrir það, að jarðabókin verði löggilt að sinni, og því vilja menn bíða þángað til með löggildíngu þessa frumvarps. Menn hafa sagt, að breytíngin á jarðahundruðunum mundi ekki verða mikil, en það er ekki gott á

það að ætla. *Konúngsfulltrúi* sagði það væri ekki líklegt, að hinn síðari jarðamatskostnaður, sem kynni að rísa af endurmati einstakra jarða, yrði lagður saman við hinn fyrri, en matið í Rángárvallasýslu, sem fram fór 1855 var ekki annað, en endurmat, og þó er kostnaði þeim, sem af því reis, sleingt saman við annan jarðamatskostnað, og svo gæti farið líkt, ef farið væri að meta upp jarðir hèr, eptir, sem mèr þykir líklegt að verði eptir þeirri stefnu, sem jarðamatsmálið nú hefir feingið. Það er líka bágt að segja, hvernig fara muni; hver veit nema nýr mælikvarði verði tekinn til þess að endurgjalda kostnaðinn eptir, og ef nú ekkert jarðamat kemst á, hvernig á þá að jafna niður endurgjaldinu á jarðarhundruðin? Því hver veit nema bænarskráin úr Barðastrandasýslu, sem fór fram á það, að hafa ekkert hundraðatal á jörðunum, vinni meðhald þíngsins seinna meir, þó henni væri nú kastað; svo að hvernig sem fer um jarðamatið, sýnist mèr eiga að fresta löggildíngu frumvarpsins um endurgjald jarðamatskostnaðarins, þángað til menn sjá betur en nú fyrir endann á þessu máli.

Konúngsfulltrúi: Eg skal geta þess, að það var að eins sem mína persónulegu meiníngu, að eg lèti í ljósi, að það gæti, ef til vill, verið nokknð vafasamt, hvort einnig sá kostnaður gæti orðið heimtaður endurgoldinn samkvæmt tilsk. 27. maí 1848, sem kynni að leiða af nýrri endurskoðun jarðabókarinnar nú, eptir að hún er að öllu fullgjörð, ef stjórnin skyldi gánga inn á slíka endurskoðun.

Halldór Jónsson: Eg álít, að þíngið ætti að aðhyllast breytíngaratkvæði hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns, og mèr finnst það ekki hæfa þínginu, að vilja fella frumvarpið, og vísa frá þeim kostnaði, sem svo er sjálfsagður. Það, sem hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga færði til móti löggildíngu frumvarpsins, að beðið væri um, að fresta löggildíngu jarðamatsins, stendur í eingu stríði við breytíngaratkvæðið, því það er ekki beðið um, að fresta löggildíng jarðamatsins út í óvissu, heldur að eins til 1863; og þar sem hinn 4. konúngkjörni þíngmaður hefir stíngið upp á, að fyrst skyldi fara að greiða jarðamatskostnaðinn árið eptir að jarðbókin verði löggilt, þá á það því síður við, sem þíngmaður Gullbríngusýslu talaði um, hvernig að skyldi fara, ef jarðamatið næði aldrei lagagildi. Eg tek það því upp aptur, að eg álít ótilhlýðilegt og órètt að fella frumvarpið.

Páll Melsteð: Eg vildi tala í sömu stefnu og þíngmaður Norður-Múlasýslu, því úr því tilsk. frá 1848 segir, að endurgjald jarða-

matskostnaðarins skuli lagt á jarðirnar og með lögum ákveðið, þá sjá allir menn, að ekki verður hjá því komizt, að greiða hann á sinum tíma. Hinn 4. konúngkjörni þíngmaður hefir einnig tekið það svo skýrt fram, bæði í breytíngaratkvæðum sínum og ræðum, að það eigi ekki að jafna niður jarðamatskostnaði þessum, fyr en árinu eptir, að jarðabókin er löggilt; finnst mèr því breytíngaratkvæði hans vera svo greinileg og góð, sem menn gátu eptir vænzt; og hika eg ekki við fyrir mitt leyti að fallast alveg á þau.

Framsögumaður: Ef þíngið fellst á þetta frumvarp, þá byggir það á undirstöðu, sem það ekki veit hvort skapast nokkurn tíma, því það sá nefndin, að það er ekki víst, hvort jarðabókin verði löggilt nokkurn tíma, og þá er undirstaðan fallin og þessi lög þýðíngarlaus. Stjórnin hefir talið sem víst, að þíngið mundi samþykkja jarðabókina, eins og hún kom frá stjórnarinnar hendi, þar hún nú væri fullgjörð. Ef nú þíngið hefði samþykkt jarðabókina, þá hefði verið rètt, að samþykkja þetta frumvarp; en af því að þíngið ekki samþykkti jarðabókina, þá er ekki enn kominn tími til að löggilda þetta frumvarp; ef nú jarðabókin yrði aldrei löggilt, þá verður endurgjaldið heldur aldrei tekið eptir hinu nýja hundraðatali, og verður þá sjálfsagt, að hafa önnur ráð til þess að endurgjalda jarðamatskostnaðinn; en það er þýðíngarlaust, að löggilda nú þetta frumvarp svona út í loptið, því áður en jarðabókarfrumvarpið verður löggilt, mun nokkur tími líða, og kostnaður aukast, og er eg sannfærður um, að stjórnin mundi ekki hafa haft þessa skoðun, ef hún hefði búizt við því, að þíngið hefði viljað láta endurskoða jarðamatið enn þá; en þar sem þíngið rèð frá 1857, með miklum ástæðum, eptir sem það þá áleit jarðamatsverkið að vera, að hafa 1 deili fyrir landið, þá mátti stjórnin þó sjá, að sömu gallar mundi vera enn því til fyrirstöðu, og það væri því lítil von til, að þíngið gæti nú fremur aðhyllzt það.

Arnljótur Ólafsson: Það eru einkum 2 atriði, sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir tekið fram, 1, hve mikill hinn lögákveðni jarðamatskostnaður sè, og 2, hvenær eigi að gjalda hann eptir því, sem nú á stendur. Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* sagði, að allur kostnaður jarðamatsins væri ákveðinn með tilsk. 27. maí 1848. Þar stendur nú í 7. grein, að „allan kostnað, sem af fyrirtæki þessu, það er jarðamatinu, leiði, skuli fyrst greiða úr jarðabókarsjóði Íslands, en síðan muni það ákveðið með konúnglegri tilskipun, hvernig endurgjaldinu skuli jafna á jarðir landsins“. Þegar eg nú lít yfir alla

tilskipunina, þá finnst mèr auðsætt, að með „fyrirtæki þessu“ sè meint einúngis yfir- og undirmatið, sem talað er um í 2., 3. og 4. grein tilskipunarinnar, því þegar 5. grein er athuguð, þá er hún annars eðlis; fyrri hluti hennar lýtur einúngis að 4. grein, eður rentukammerinu er þar gefið vald til, að gjöra nákvæmari ákvarðanir um yfirmatið, en til eru teknar í 4. gr., ef þörf gjörist; en í síðara hlutanum er talað um, að aðalhundraðatöluna nýju skuli bera undir alþíngi, en rentukammerið skuli ákveða hana, og eptir henni setja síðan dýrleika á jörð hverja. Það er því auðsætt, að hèr er eigi í þessari grein gjört ráð fyrir neinum kostnaði, því óhætt er að fullyrða, að rentukammerinu hafi eigi verið ætluð nein sèrstök laun fyrir starfa sinn og skriptir í þessu máli, þá ekki heldur alþíngi. Stjórnin hefir og viðurkennt þetta þegjandi í frumvarpi sínu til þíngsins, með því að láta standa eyður í 1. grein þess fyrir upphæðinni, því óhugsanda er, að stjórnin hafi eigi verið fær um að leggja jafnfáar tölur saman, ef hún hefði eigi verið í nokkrum vafa um kostnaðinn, og því ætlað alþíngi að vinsa það úr, er það áliti sèr eigi skylt að gjalda. Eg veit að vísu ekki fyrir víst, hvort jarðamatskostnaðinum, hinum síðara, hafi verið í reikníngum jarðabókarsjóðsins sleingt saman við hinn fyrri, sem er samtals 5,720 rd. 92 sk., en eg ætla þó, að það hafi ekki verið gjört; því í ástæðunum fyrir frumvarpinu segir, að kostnaðurinn við jarðamatið 1849—50 hafi verið samtals 5,720 rd. 92 sk. *„eptir hinum árlegu reikníngum jarðabókarsjóðsins“;* en „þar á mót“ er þess ekki getið um kostnaðinn af endurmati Reykjavíkurnefndarinnar, nè annan síðari kostnað, heldur er svo að sjá, að hann sè greiddur úr ríkissjóði; enda er auðsætt, að þetta er annar kostnaður, og mèr finnst og ljóst af öllu því, er eg hefi nú til tínt, að stjórnin hafi enda sjálf viðurkennt, að kostnað þenna ætti að gjalda öðruvísi, en hinn fyrri.

Þar sem hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* skýrskotaði til konúngsúrskurðar 27. maí 1857 um laun Reykjavíkurnefndarinnar, og sagði, að alþíngi hefði samþykkt, að þau skyldi gjaldast á sama hátt og jarðamatskostnaðurinn, þá ætla eg, að þetta sè eigi rètt hermt. Það sèst á álitsskjali þíngsins 1857, að það hefir samþykkt með 15 atkv. gegn 3, að hver jarðamatsnefndarmaður feingi 100 rd. viðbót við þau 500 rd., er þeim voru ákveðin í úrskurðinum; en að öðru leyti minnist þíngið ekki á þá 500 rd., sem nefndir eru í úrskurðinum undir II *a*, og heldur ekki á II *b*, og II *c*, þar sem úrskurðað er, að þessi kostnaður skuli endurgjaldast sem annar jarðamatskostnað-

ur. Nefndin og þingið hefir ekki minnzt á þessi atriði, líklegast af því, að þau voru úrskurðaratriði, og þess vegna eigi borin undir álit þingsins; en hafi staflið II *c*, sem hèr ræðir um, eigi verið borinn undir þingið, þá hefir það eigi getað samþykkt hann. En hvort sem nú það var, þá er þó auðsèð af þingtíðindunum 1857, að þingið hefir þegjandi fellt þetta atriði. Alþingi hefir þá ekki fallizt á, að hinn síðari jarðamatskostnaðnr skyldi endurgjaldast á sama hátt, sem hinn fyrri, og væri það þá mótsögn af þinginu, ef það nú fèllist á það, sem það felldi 1857. Það er ekki meiníng mín, að embættismaðurinn í hinni íslenzku stjórnardeild eigi ekki þóknun skilið, en hitt þykir mèr kynlegt og enda mjög smásmuglegt, að stjórnin skuli vilja leggja kostnað þenna á landið, enda hefði hún þá eins átt að gjöra oss reikníng fyrir prentunina á jarðamatsbókinni og pappírinn í hana; hver veit nema hann komi í kgl. úrskurði á næsta alþingi! Eg hefi nú sýnt, að eptir tilsk. 27. maí 1848, eptir skoðun stjórnarinnar og meðferð málsins hèr á þingi, geti landinu eigi komið við, að borga annað, en þessa 5,720 rd. 92 sk., og ef hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður hefði til tekið þenna kostnað, en eigi allan kostnaðinn í breytíngaratkvæði sínu, þá hefði eg verið deigur á, að ráða þinginu frá að samþykkja það.

Hitt atriðið, það er hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* tók fram, var það, hvenær endurgjalda ætti jarðamatskostnaðinn. Með því nú að í frumvarpinu er ætlazt til, að endurgjaldinu skyldi verða jafnað niður á jarðarhundruðin í hinni nýju jarðabók, þá var ekki annað ráð fyrir nefndina, en að leggja það til, að frumvarpið yrði eigi samþykkt að sinni, fyrst jarðamatsmálið fór svo á þinginu, sem kunnugt er, og var það meiníng nefndarinnar með frestun þessa, að það væri á sjálfsvaldi stjórnarinnar, að leggja aptur frumvarp fram, þegar jarðabókin væri komin á. Nefndin var fyrst í óvissu um, hvort jarðabókin yrði samþykkt, og varð hún því að ráða þinginu frá, að samþykkja þetta frumvarp nú, því það er nógur tími til þess, þegar jarðabókin verður löggilt. Nefndin hefir og drepið á það, að þar sem ríkissjóðurinn mundi njóta góðs af jarðamatinu, þá talaði sanngirni fyrir því, að úr honum yrði þá líka lokið kostnaði jarðamatsins; það er reyndar satt, að ríkissjóðurinn hefir ekki ábata af því, að hundraðatalan vaxi við nýja jarðamatið, allrasízt ef hún skyldi reynast nokkru minni en áður, en það er hagur fyrir ríkissjóðinn að nýir skattar verða lagðir á eptir hinni nýju jarðabók; en ef ríkissjóðurinn á að hafa þenna hag, og það verður hann að hafa með-

an fjárhagurinn er eigi að skilinn, þá ætti hann líka að bera kostnaðinn. Þessa bendíngu getur stjórnin tekið til íhugunar og metið sanngirni hennar, og er eg sannfærður um, að henni mun finnast það undarlegt, að einn partur ríkisins skuli bera einsamall kostnaðinn fyrir því, sem er til góðs fyrir gjörvallt ríkið. Það hefir nú reyndar geingið svo, að þegar vèr Íslendíngar viljum gjöra eitthvað, þá segir stjórnin: „þèr verðið að bera kostnaðinn sjálfir", rètt eins og vèr hefðum fjárhag vorn út af fyrir oss; en þegar vèr biðjum stjórnina um, að því fè, sem vèr eigum sjálfir, sè varið til nytsamlegra stofnana, þá segir stjórnin: „þèr hafið ekki ráð á fjárhag yðrum"; en þegar vèr biðjum um einhverja stofnun, sem vèr höfum eigi fè til, þá segir hún: „þèr getið ekki feingið hana, nema þèr vísið á fè". Vèr hljótum að finna til þessa, og vèr eigum að stuðla til þess, að ruglíngur þessi taki einhvern enda. Eg segi því, að af því að hèr liggur í breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns kostnaður, sem landinu ber eigi að gjalda eptir tilsk. 27. maí 1848, og sem alþíngi hefir ekki samþykkt 1857, og sem stjórnin í raun rèttri finnur að vèr verðum eigi skyldaðir til að borga, nema vèr samþykkjum það, þá getur þíngið ekki nú fallizt á þetta breytíngaratkvæði, enda er það líka ómögulegt fyrir þíngið, þegar það ekki veit, hvenær jarðabókin muni verða löggilt, að samþykkja lagafrumvarp svona á frest eður upp á von og óvon um, að sá atburður kunni að bera að höndum eptir 4 ár, sem gjöri það að lögum. Eg þekki bráðabyrgðarlög, en eg þekki ekki nein slík *frestlög*, og er það því gegn öllum grundvallarreglum fyrir löggjöf, að löggilda þetta frumvarp nú eða breytíngaratkvæði hins háttvirta 4. konúngkjörna. Eg hlýt að segja þetta, þótt eg annars beri alla virðíngu fyrir lögspeki hins 4. konúngkjörna þíngmanns, sem á breytíngaratkvæðin.

Konúngsfulltrúi: Hinn háttvirti þíngmaður frá Borgarfjarðarsýslu áleit, að tilskipunin frá 27. maí 1848 að eins heimili, að sá kostnaður skuli endurgjaldast af landinu, sem hefir leitt af sjálfu matinu 1849—1850, en ekki sá kostnaður, sem hefir verið samfara störfum jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík og útreikníngi hundraðatalsins fyrir hverja jörð. En þetta er ekki rètt, því það er ljóst af tilskipuninni, að allur kostnaður af jarðamatinu, þar til það er fullgjört, á að endurgjaldast á þann umrædda hátt. Í 5. grein tilskipunarinnar er sagt, að það skuli falið rentukammerinu, að skipa fyrir um, hvernig fara skuli með matsgjörðirnar sjálfar, endurskoðun þeirra, ákvörðun þeirrar hundraðatölu, sem jafna skuli á allt landið,

og útreikníng skuldsetuíngarinnar til hundraða fyrir hverja einstaka jörð, og þar næst segir í 7. grein tilskipunarinnar, að allur sá kostnaður, sem leiði af þeirri umræddu ráðstöfun, skuli endurgjaldast á sínum tíma með niðurjöfnun á jarðirnar. Auk þess, að orðin í 7. grein innibinda nú í sèr *allar* ráðstafanir, sem standa í sambandi við jarðamatið, þá er það ljóst, að Reykjavíkurnefndin var sett í þeim tilgángi, að það gæti orðið mögulegt, eins og talað er um í 5. grein tilskipunarinnar, að ákveða, hver hundraðatala ætti að vera fyrir allt landið, og niðurskiptíng hennar á þær einstöku jarðir. Jarðamatsnefndin í Reykjavík lèt meðal annars fyrir taka endurmat á nokkrum eignum; en það er augljóst, að þegar hið fyrsta mat varð ekki brúkað, þá hlaut endurmatið að skoðast að öllu sem komið í staðinn fyrir hið upphaflega mat, og kostnaðurinn sjálfsagt að greiðast eins. Hinn háttvirti þíngmaður sagði eigi heldur rètt frá um konúngsúrskurðinn 27. maí 1857, og álitsskjal þíngsins sama ár; í konúngsúrskurðinum var ekki, eins og hann sagði, nein uppástúnga til þíngsins um, að hinn þar um ræddi kostnaður skyldi greiðast eins og annar jarðamatskostnaður, heldur var það *ákvörðun* þar um, og það var þá svo langt frá, að þíngið hreifði neinum mótmælum gegn þeirri ákvörðun, að það má álítast að hafa óbeinlínis samsinnt henni. Það er undarlegt að tala um, að jarðabókin muni kann ske ekki verða löggilt, þar sem stjórnin hefir sýnt það með því, að leggja jarðabókarfrumvarpið fyrir þíngið, að hún vill löggilda jarðabókina, og alþíngi hefir með berum orðum stúngið upp á, að hún verði löggilt frá 6. júní 1863. En setjum nú svo ólíklega, að jarðabókin samt eigi yrði löggilt, þá er í öllu falli eingu spillt með því, að gánga inn á frumvarpið, eins og það eptir mínu breytíngaratkvæði er orðað, því endurgjaldið á eptir því ekki að ske, fyr en búið er að löggilda jarðabókina. Þíngmaðurinn frá Borgarfjarðarsýslu gat þess enn fremur, að vafi gæti verið um, eptir ástæðum frumvarpsins, hvort kostnaðurinn væri ekki meiri en þeir 8,360 rd. 82 sk., þar sem reikníngar höfðu ekki komið inn fyrir 3 matsgjörðir, er Reykjavíkurnefndin lèt gjöra, nefnilega á Ísafirði, Akureyri og námunum í Þíngeyjarsýslu; en eg get, eptir því, sem mèr er kunnugt sem landfógeta og fyrverandi meðlim jarðamatsnefndarinnar, látið í ljósi, að eg hefi ástæðu til að halda, að þessir reikníngar muni ekki koma fram, og að því ekki er ástæða til að halda, að upphæðin verði meiri, en þeir 8,360 rd. 82 sk. Hinn háttvirti þíngmaður frá Borgarfjarðarsýslu hèlt, að hinum fyrra kostnaði við jarðamatið

mundi af stjórninni hafa verið haldið fyrir utan kostnaðinn til Reykjavíkurnefndarinnar og kostnaðinn til að út reikna hundraðatöluna, en eg held, að þetta sè ekki svo, og að hinn heiðraði þingmaður hafi einga ástæðu til að ímynda sèr það.

Sveinn Skúlason: Mèr sýnist það vera ísjárvert fyrir þingið, að fallast á þetta frumvarp, af því mèr sýnist það ekki vera vel undirbúið til þingsins. Hèr er um stórar summur að gjöra, en fyrir þingið hafa ekki verið lagðir neinir reikníngar, svo það geti sèzt, að þessir reikníngar sè hreinir, og summurnar rèttar; en mèr sýnist það nauðsynlegt fyrir nefndina, að hún hefði haft þessa reikníngа; það er líka annað, sem hamlar því, að eg gefi atkvæði mitt með löggildíng þessa frumvarps, og það er þetta: Þingið hefir raunar beðið um, að jarðabókin yrði löggilt 1863, en svo má í 2 ár þar á eptir koma með umkvartanir yfir jarðamatinu, og verður þá jarðabókin ekki löggilt fyr en 1865; það er líka eitt, sem eg vildi fá upplýsíngu um, af því það er ekki glöggt fyrir mèr. Það hefir verið sagt, að eptir 1. gr. þá eigi að leggja jarðamatskostnaðinn á allar jarðir, en eptir 2. gr. eiga leiguliðarnir að borga hann, og fá hann svo síðan endurgoldinn hjá eigendum jarðanna; með þessu sýnist mèr, að kirkjurnar hèr og prestarnir, sè skattur lagður á, komi til að líða halla, því mèr þykir spursmál, hvort megi leggja þenna kostnað á jarðir þeirra, og þykir mèr það ósanngjarnt. þegar þingið hefir beðið um, að prestar ekki líði neinn skaða við tíundargjaldið eptir hinni nýju jarðabók; eins yrði þá skattur á lènsjörðum, sem embættismenn búa frítt á, og ætti stjórnin víst að endurgjalda þeim.

Konúngsfulltrúi: Hvað snertir það, að reiknígar sè ekki birtir þínginu fyrir jarðamatskostnaði þeim, sem nú á að endurgjalda, skal eg geta þess, að með tilskipun 27. maí 1848 var falið rentukammerinu að sjá um allt fyrirkomulagið á jarðamatinu, og þá sjálfsagt líka að sjá um, að reglulegir reikníngar væri gjörðir fyrir því, enda er mèr kunnugt, að þeir reikníngar hafa verið mikið nákvæmlega endurskoðaðir, og þarf þingið ekki að hafa neinn vafa um, að það standi rètt á þeim í öllu tilliti; það var annars illt, að þessari mótbáru var ekki hreift við fyrri umræðu málsins, því eg held, að nægilegar skýrslur um þenna kostnað liggi í skjalasafni landfógetadæmisins, og hefði þær þá getað verið þingmönnum til sýnis millum umræðanna. Hinn háttvirti þingmaður frá Norður-Þíngeyjarsýslu kvartaði yfir því, að í þessu frumvarpi væri ekki heimilaðar neinar undanþágur frá gjaldinu fyrir embættismenn, o. s. frv., en eg ímynda

mèr, að hann fái ekki marga með sèr í þeirri skoðun, því það er þó það, sem menn helzt kvarta yfir með tilliti til eldri skatta, að það eru svo margar undanþágur frá þeim, og í öðrum löndum er leitazt við með öllu móti, að taka af slíkar undanþágur. Að öðru leyti getur þetta atriði því síður tekizt til greina, sem hèr er að eins spursmál um svo mjög lítið gjald, milli 4 og 5 skildínga af hverju hundraði í 2 ár.

Stefán Eiríksson: Eg vil einúngis taka það fram, sem eg nefndi við undirbúníngsumræðuna, og þíngmenn sjá af varaviðaukaatkvæði mínu á atkvæðaskránni; því eptir því, sem frumvarpið fer fram á, þá er ekki að sjá af því, að meint sè um aðra, en jarðeigendur; en þínginu er kunnugt, að margar jarðir eru í landinu, sem einginn fastur eigandi er að; prestarnir kallast þó ekki eigendur að stöðum eða lènsjörðum, ekki heldur hreppstjórinn að fátækrajörðinni, og svona er um margar jarðir, og því ætti þíngið að aðhyllast þetta viðaukaatkvæði, ef það á annað borð geingur inn á frumvarpið; það er eins og þíngmenn vita í skýrslum, sem gefnar eru um alþíngiskostnaðinn, gjört ráð fyrir umráðamönnum, og eins stendur á í þessu máli; nú á sýslumaður að heimta þetta gjald, og þá náttúrlega spyrja gjaldendur hann á kyrkjujörðunum, hvar þeir eigi aðgáng að með endurgjaldið, og þegar nú sýslumaður ekki getur leiðbeint gjaldendum með þetta, þá sè eg ekki annað, en ábúendurnir hafi fullan rètt á, að neita gjaldinu af þeim jörðum, sem ýmsar stofnanir eiga; að lyktum vil eg geta þess, að mèr finnst allur dagur til stefnu með að samþykkja frumvarp þetta, með því líka, eins og tekið hefir verið fram, er ekki útsèð fyrir jarðamatskostnaðinn enn.

Jón Hjaltalín: Eg er í eingum efa með atkvæði mitt í þessu máli, því hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir leiðbeint mönnum svo vel, og það stendur óhrakið enn; mèr finnst alveg ástæðulaust, að fresta þessu máli. Hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* hefir sýnt með ljósum rökum, að það væri skylda vor, að borga jarðamatskostnaðinn, og hvers vegna á þá að vera að fresta því? Hvers vegna á þá að vera að kasta þessu frumvarpi? Eg sè ekki, að það geti orðið neinn ábati fyrir aðra, en þá, sem vilja ónýta allt jarðamatið; menn hafa líka sagt hèr á þínginu, að það mundi koma bænarskrár til þíngsins um það, að breyta og fresta jarðamatinu, en þó 1,000 bænarskrár komi, þá hjálpar það okkur samt ekki frá því, að borga jarðamatskostnaðinn, og þegar vèr gaungum á móti því, sem þíngið hefir áður gjört, þá förum vèr með álit þíngsins. Við biðjum nú

stjórnina um, að styrkja okkur til að koma á fót læknaskóla, lagaskóla, búnaðarskóla; vèr biðjum hana um, að kosta herskip til varnar landinu, en þá megum við ekki heldur trássast við, að borga það, sem vèr eigum að borga; við megum ekki vera svo smásmuglegir, að kasta þessu frumvarpi; við komum eingu fram með þessu. Eg vil sannarlega ekki stuðla að því, að það verði sagt um okkur, að við biðjum um allt, en viljum ekkert gjöra eða borga sjálfir. Þíngmaður Borgfirðínga hefir rètt fyrir sèr í því, að stjórnin hefir ekki alltíð tekið vel undir bænir alþíngis, því hún hefir þó neitað okkur, þegar vèr höfum beðið um það, sem vèr höfum penínga til. En þegar vèr biðjum um það, sem vèr höfum penínga til, þá finnst mèr það vera rèttast af henni, að veita það; en mèr sýnist og á hinn bóginn, að við eigum ekki að vera að þrátta um nokkra skildínga. Eg óska því, að þíngmenn felli ekki þetta frumvarp, og það því fremur, sem hinn háttvirti 4. konúngkjörni þíngmaður, sem er góður drengur, og ekki vill annað, en það sem rètt er, mælir fram með því með svo ljósum rökum, að hann hefir alveg sannfært mig, og sýnist mèr það ódrengilegt af þínginu, ef það ætlar að draga þetta frumvarp út í buskann. Eg vil, að þíngið gjöri skyldu sýna, en sè ekki svo ódreingilegt, að slá jarðamatskostnaðinum á frest, þángað til þessar mörgu bænarskrár koma, sem eiga að drekkja því. Eg veit það mikið vel, að þeir eru margir, sem vilja eyðileggja jarðamatið *(Forseti:* Eg vil biðja hinn heiðraða þíngmann að gæta að því, að jarðamatið liggur ei fyrir til umræðu). Já, eg vil þá að lokum segja það, að mèr lízt svo, að við gjörum landinu stóra þènustu með að löggilda þetta frumvarp núna, áður en bænarskrár koma í mótsetta stefnu, því mèr finnst það rètt og drengilegt, að menn borgi það, sem borga ber, og með öðru get eg ei verið, hvað sem hver segir.

Framsögumaður: Það er annars skaði fyrir hinn háttvirta 6. konúngkjörna þíngmann, að honum hættir við, að lesa ekki altènd ofan í kjölinn. Honum þykir það ódrengilegt, að taka ekki með báðum höndum á móti hverju sem er, en vill ekki skeyta um, þó komi 1,000,000 bænarskrár. Það eru allir, sem vilja borga sjálfsagða skatta, og nefndin vill að eins fresta þessum kostnaði á meðan undirstöðuna vantar til að byggja á; nefndin hafði einga reiknínga feingið að styðjast við; en hún sá líka fleira, sem gat verið athugavert, eins og málið liggur nú fyrir, að ráða til að samþykkja þessa 9,000 rd. á allar jarðir; því prestar þeir, sem margar kirkju-

jarðir hafa til umráða, þyrfti þó að svara talsverðu gjaldi, þó eg annars áliti það rètta grundvallarreglu, að kostnaður sá, sem á jarðirnar væri lagður vegna mats þeirra, væri lagður á þær án undanþágu. Það er að vísu, að gjald þetta kæmi ekki opt fyrir, og því mætti það ekki álítast þeim svo tilfinnanlegt; eg heyri líka, að hinn háttvirti 6. konúngkjörni, þó hann sè embættismaður ekki er hörundssár þeirra vegna. Eg get ekki sèð, að kostnaðurinn við Reykjavíkurnefndina og umbreytíngar þær, sem gjörðar voru í Kaupmannahöfn á jarðamatinu, geti eins verið innifalinn undir þeim skilníngi, er tilskipun 27. maí 1848 ákveður um kostnað þessa jarðamats, og svo lítur út fyrir, að jarðamatið geti ekki orðið án mikils kostnaðarauka; en nefndinni þótti því rèttast, að fresta þessu máli, því henni leitzt það eiga betur við, að tala um kostnaðinn eptir að jarðamatið er komið.

Magnús Andrèsson: Af því að eg hefi gjört mèr það að reglu, að skýra frá, hvernig eg mundi gefa atkvæði mín, þá vil eg geta þess, að eg er samþykkur með 1. tölulið, enda þó hinn 6. konúngkjörni þíngmaður álíti það ódrengilegt; hann segist vera viss um, að stjórnin muni löggilda jarðabókina, en eg get þó ekki alveg trúað því sem gefnu, og vil því bíða þángað til búið er að sjá, hvernig jarðabókinni reiðir af og áliti þíngsins hjá stjórninni. Því eg get ekki láð mönnum, þó að þeir ekki vilji gángast undir, að gjalda hvaða summu, sem stúngið er upp á, án þess þeir hafi nokkra skýlausa reiknínga fyrir sèr; það getur líka komið frumvarp frá stjórninni um þetta mál, og verið lagt fyrir þíngið 1863, það er að segja um sama leyti og jarðabókin á að löggildast, ef hún annars verður nokkurn tíma löggilt, og fyr en það er gjört, virðist mèr ótilhlýðilegt, að ákveða, hvernig þessi jarðamatskostnaður skuli endurgjaldast.

Benedikt Þórðarson: „Betri er biðlund beðin, en bráðlega ráðin“. Þetta held eg hèr við eiga; mèr getur ekki skilizt, að nokkuð liggi við að flýta nú máli þessu og fara að biðja um löggildíngu frumvarpsins með breytíngum þeim, sem upp á er stúngið; eg held þvert á móti, að það bati málið, að það bíði í þetta sinn, eins og nefndin ræður til; hèr liggur svo ekkert við að flýta því; það er ekki fyrri en 1863, sem þíngið hefir beðið um, að jarðabókin fái lagagildi, og er eingin vissa fyrir, að það verði þá, og þó síður vissa fyrir, að hún verði það óbreytt og eins og hún er nú; hitt er líkara, að hún fái að sæta nokkrum talsverðum breytíngum þángað til. Eptir breytíngaratkvæðinu, tölulið 5., á gjaldgreiðslan að byrja árið

eptir löggildíngu jarðabókarinnar, og er það þá 1864, og 5 ár þángað til, og á þeim 5 árum væntanlegt, að haldin verði tvö alþíngin; svo hèr er þó dagur til stefnu að ræða mál þetta; eg held bezt menn viðri það fram af sèr í þetta sinn, því heldur sem nú vanta ljósa reikníngа og ýms skilríki málsins, og hafa nokkrir þíngmenn kvartað um það, og ekki um skör fram; komi málið fyrir á seinni þíngum, þá getur það komið þar fram með öllum gögnum, og þá, þegar menn sjá forlög jarðabókarinnar, sjá hvort hún fær gildi, og hvílík hún er, þá geta menn byggt gjaldgreiðsluna á vissri undirstöðu, á föstu hundraðatali jarðanna, en ekki á einhverju, sem enginn veit með vissu hvað er eða hvað verður. Það er ekki svo að skilja, að alþíngið neiti að borga skuldina stjórninni, þó það nú fresti að ákveða nokkuð um það í þetta sinn, svo laungu áður en ætlazt er til, að hún borgist. Af hèr töldum ástæðum er það, að eg gef atkvæði nefndaruppástúngunni, og ekki öðru á atkvæðaskránni.

Pètur Pètursson: Eg get ekki neitað því, að mèr líka breytíngaratkvæði hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns betur en frumvarpið, því þau gjöra það óhættara fyrir þíngið, að gánga inn á þau, en inn á frumvarpið, því það er ekkert lagt í hættu, þegar menn eigi ætla að gánga undir kostnaðinn, fyr en búið er að löggilda jarðabókina, og þíngið getur ekki efazt um, að þessi upphæð sè rètt; því eg held, að hvergi sè vandlegar endurskoðaðir reikníngar, en í hinni íslenzku stjórnardeild; en ef þíngið vill fresta löggildíngu máls þessa, þá er eg hræddur um, að það kunni að spilla fyrir, þegar beðið er um skyndilán af ríkissjóðnum, og þegar stjórnin mætir slíkum erfiðleikum hjá þínginu með að borga það, sem sjálfsögð skylda býður, þá getur hún hugsað, ef beðið verður um skyndilán, að örðugt muni veita að ná því aptur, og muni þess vegna neita hjálpinni. Eg álít því mjög ísjárvert, að fresta þessu máli og vil ráða þínginu fastlega frá því.

Ásgeir Einarsson: Mèr datt ekki í hug, að það yrði svona lángar umræður um þetta mál. Eg get ekki neitað því, að mèr fannst þíngmaður Borgfirðínga færa gildar og ljósar ástæður fyrir máli sínu, eins og líka hinn hæstvirti *konúngsfulltrúi* kom með ástæður fyrir sumu, eptir því sem faung voru til. Eg gat nú eingan veginn sannfærzt af tölu hins háttvirta 6. konúngkjörna þíngmanns, enda eru menn farnir að þekkja það, að ástæður hans fara ekki allt af eptir rómnum. Hann hèlt, að alþíngi mundi missa álit sitt, ef það ekki samþykkti frumvarp þetta; en þíngmaður Borgfirðínga

hafði einmitt sýnt hið gagnstæða. Alþingi álítur ekki jarðamatskostnaðinn ákveðinn enn, og ef að farið væri eptir þögn þingsins, nefnilega, að það væri ekki einlægt að mótmæla upp úr þuru, þá gæti stjórnin dembt eilífum sköttum upp á landið, ef að því væri ekki mótmælt fyrir fram; það var líkt og þegar Færeyingar gáfu til þýzka stríðsins, þá var það álitin sjálfsögð skylda þaðan af, að þeir væri innlimaðir ríkisdeginum, enda feingu þeir að senda fulltrúa sína á ríkisdaginn. *Konúngsfulltrúinn* sagði, að menn ætti sjálfsagt að samþykkja jarðamatskostnaðinn allan, því þá ætti að leggja kostnaðinn á bændur, svo eg held, að það hafi ekki verið farið of varlega að við ríkissjóðinn í gær. Það hefir verið ógnað mönnum með, að ekki mundi fást skyndilán úr ríkissjóðnum, en það er nú ekki enn búið að greiða atkvæði fyrir þessu skyndiláni. Eg álít efalaust betra, að fresta þessu frumvarpi, svo menn ekki þurfi að greiða strax þann skildínginn í ríkissjóðinn, sem menn kann ske biðja bráðum að lána fátæklíngum, því þá er ómaksminna, að taka hann hèr á landi, ef til er. Eg vil spyrja hinn háttvirta *forseta* að, hvort ekki megi við hafa nafnakall í þessu máli. (*Jón Hjaltalín:* Það vil eg líka).

Þórður Jónassen: Eg get að vísu ekki verið á þeirra máli, sem vilja ráða frá, að samþykkja stjórnarfrumvarpið að svo stöddu, það er að skilja, þángað til einhvern tíma seinna, þegar þíngið þó á hinn bóginn viðurkennir, og hlýtur að viðurkenna, að landið eigi að borga þenna kostnað, og mèr sýnist því, að það líti ekki vel út, að taka svona í málið; en á hinn bóginn verð eg þó að játa, að mèr virðist nefndinni sè nokkur vorkun. Það, sem vakir fyrir henni og þíngmönnum er það atriði, að jarðabókin ekki sè fullbúin, meðan hún ekki er samþykkt, og það verður hún nú ekki, eptir þeim úrslitum, sem orðin eru á þínginu, fyr en 1863, og þar sem það er líklegt, að ýmsar breytíngar kunni þá að verða á jarðadýrleikanum eptir því, sem nú á horfist, og ætlazt er til, yrði það, ef til vill, tilefni til nokkurs ójafnaðar, ef kostnaðinum yrði nú þegar jafnað niður eptir dýrleika jarðanna, eins og hann er nú; þetta sýnist mèr ekki ástæðulaus mótbára, og því lái eg ekki þíngmönnum, þó þeir hiki sèr við að ráða til þess, að kostnaðinum sè nú þegar jafnað niður á landið, það virðist eins og stjórnin hafi hugsað, að þíngið mundi algjörlega samþykkja jarðabókina nú þegar, og þá lá líka beint við, að fara að borga kostnaðinn af henni; en það er öðru nær, en svo sè, að jarðabókin sè samþykkt, og því get eg ekki heldur haldið, að stjórnin kasti þúngum steini á þíngið, þó það hreifi mótbáru móti borgun kostn-

aðarins, eins og nú stendur; eg get því síður haldið það, sem hinn heiðraði 4. konúngkjörni þíngmaður, sem í dag gegnir *konúngsfulltrúa*störfum, ekki fer fram á það, að kostnaðurinn skuli nú þegar jafnast niður á landið, þar sem hann mælir fram með því breytíngaratkvæði sínu við 2. gr. frumvarpsins, að kostnaðinn skuli fyrst fara að greiða á næsta ári eptir að jarðabókin er löggilt, altsvo ekki fyr en 1863, og þar eð hann mælir fram með þessu, sem fulltrúi stjórnarinnar, sè eg ekki betur, en að þíngið eigi að aðhyllast hans skoðun, og eg verð því að mæla fram með henni við þíngið. Borgunin er þó bundin við fast tímabil, en ekki, eins og nefndin gjörir og mælir fram með, skotið á frest til óvissrar tíðar, og um leið er þá líka þeirri mótbáru hrundið, sem tekin er af jarðabókinni, að hundraðatalan kunni að breytast frá því, sem hún nú er á einstökum jörðum, og einstakir menn verða að borga of mikið, en aðrir sleppi aptur með of lítið gjald. Þegar þíngið tekur svona í málið, fer það ekki fram á annað, en stjórnin ætlast til, eins og eg hefi þegar tekið fram, og leitt af orðum *konúngsfulltrúa*.

Stefán Jónsson: Eg hefi allt af verið með því, að jarðamatið yrði lögleitt, og eg hefði gjarna viljað gánga inn á breytíngaratkvæði hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns, en þegar nú er komið, sem komið er, þá er óvíst, hvort jarðamatið verður nokkurn tíma lögleitt, og mèr sýnist eins og þíngið þá með því að gánga inn á breytíngaratkvæðið, tölul. 5., sem segir, að jarðamatskostnaðurinn skuli greiðast fyrsta og annað árið eptir að jarðamatið er löggilt, gángi líka inn á, að kostnaðurinn borgist aldrei, ef jarðamatið verður aldrei löggilt, og það veit eg þó ekki, hvort getur átt við, því mèr sýnist, að landsmenn verði þó að borga yfirmatið og undirmatið. Eg vil því ekki binda hendur á stjórninni, eða setja henni stólinn fyrir dyrnar, því það getur farið svo, að jarðamatið verði aldrei löggilt, fyrst það nú fór svona, og því vil eg heldur uppástúngu nefndarinnar.

Ólafur Jónsson: Eptir því, sem mèr skildist á ræðu hins heiðraða 3. konúngkjörna þíngmanns, þá líkaði honum það ekki vel, að leggja þenna kostnað jafnt á allar jarðir í landinu. Mèr finnst nú þetta líka nokkurt skoðunarmál, þar sem um kirknaeignir er að gjöra, því með því móti yrði prestarnir að borga það, sem á kirkjujarðirnar legðist; en ekkert er talað um, hvort þeir feingi það endurgoldið annarstaðar frá. Þessu atriði hefir nú nefndin sleppt, af því hún hefir ráðið frá, að frumvarpið verði löggilt að svo komnu

Eg get nú ekki heldur sèð neitt á móti því, að fresta löggildíngunni, fyrst þíngið beiddi um, að jarðabókin ekki feingi lagagildi fyrri, en 1863; eg vil eingan veginn, að þíngið sýni nokkra tregðu með tilliti til greiðslu jarðamatskostnaðarins, en eg held einginn geti álitið, að það lýsi tregðu, þó þíngið biðji um, að löggildíngunni sè frestað að svo komnu, því það væri nokkuð kátlegt, ef þetta lagaboð væri löggilt fyrri, en jarðamatið sjálft, því mèr finnst, að þetta lagaboð hljóti að grundvallast á löggildíngu jarðabókarinnar.

Brynjólfur Jónsson: Mèr sýnist uppástúngur nefndarinnar með orðunum: „að svo komnu“ koma saman við breytíngaratkvæðin, sem til taka, að kostnaðinn ekki skuli greiða, fyr en ári eptir löggildíngu jarðabókarinnar. En þar eg vel get ímyndað mèr, að þetta kunni að dragast, þó þíngið hafi nú samþykkt, að jarðabókin yrði löggilt 1863, og eg get ímyndað mèr, að það bíði til 1870, eða hvað leingur kann að verða, þá verður heldur ekki kostnaðurinn borgaður fyr, en það er búið, og ef hún verður aldrei löggilt, þá verður kostnaðurinn heldur aldrei greiddur. Svona ætla eg að megi fara með breytíngaratkvæði hins 4. konúngkjörna þíngmanns, og þess vegna sè ekkert unnið við að fylgja því, þó svo kunni að virðast. Eg ætla því að halla mèr að nefndarálitinu, því í því getur verið meint til skemmri tíma, og mun eg því heldur gefa atkvæði mitt fyrir tölul. 1 á atkvæðaskránni.

Jón Sigurðsson frá Tandraseli: Hefði málið verið svo komið, að nú strax ætti að löggilda jarðabókina, og búið væri að sjá fyrir endann á þessum kostnaði, þá hefði mèr þótt breytíngaratkvæði hins háttvirta 4. konúngkjörna þíngmanns vel við eiga; því eg held, að kostnaðinum muni nú ekki verða jafnað öðruvísi betur niður, og sjálfsagt má einhvern tíma til einhvern veginn að borga hann; en það er tvennt, sem eg set augun í, annað það, að mèr þykir það svo óþarflegt og einhvern veginn kátlegt, að fara núna í miðju kafi að fastsetja lög um það, sem ekki getur þó fram komið, fyr en það fyrsta eptir 5 ár, og í millitíð stendur þó til að verði 2 alþíngi. Er ekki nógur tími til, að tala um þetta mál á þeim þíngum? Hitt er það, að ef nú skyldi svo fara, að jarðabókin yrði aldrei löggilt, þá yrði lagaboð þetta ónýtt, ef það væri byggt á því, að gjalda skyldi vissa skildíngasummu af hverju jarðarhundraði eptir hinni nýju jarðabók, því bókin væri þá eingin til, og hundruðin eingin til eptir henni; mundi þá alþíngi á nýtt mega til að finna upp önnur ráð,

að jafna þessum kostnaði á landið, því vil eg ráða frá, að biðja um nein lög um þetta efni að svo komnu.

Framsögumaður: Það er búið að svara hinum háttvirta konúngkjörna þingmanni, er nú situr í *konúngsfulltrúa*-sætinu og þar sem hinn 3. konúngkjörni þingmaður hèlt það mundi spilla fyrir skyndiláninu úr ríkissjóðnum, ef menn ekki samþykkti frumvarpið, þá held eg þvert á móti, að stjórninni mundi þykja það kynlegt, ef þingið rèði til, að löggilda frumvarp þetta, en vilja fresta sjálfu jarðamatinu og ráða til, að fara að endurskoða það. Álit nefndarinnar um mismun á greiðslu þessa kostnaðar er ekki annað, en bendíngaratriði, sem nefndin fer fram á, þegar hún talar um þann kostnað, er á hefir fallið síðan yfirmatið var gjört, og það er furða, hvað þeir herrar eru hörundssárir við bændur, sem ekkert bar á, þegar þeir í gær vildu sjálfir rusla í ríkissjóðnum, og mèr heyrðist þeir ekki vera svo smásítnir, þó það an þyrfti að greiða þeim sjálfum nokkrum skildíngum frekara en áður, og það árlega, þegar talað var um laun embættismanna. Það hefir verið marg-tekið fram, að ef jarðabókin verður ekki löggilt, þá verða að koma nýjar reglur til að gjalda kostnaðinn eptir, sem fyrst verða þó að leggjast fyrir þingið, og eg get ekki annað sèð, en það sè ekki skynsamlegt fyrir þingið, að ráða stjórninni nú til að leiða þetta kostnaðarfrumvarp í lög.

Indriði Gíslason: Eg held, að það ætli að fara að minnka hallærishljóðið núna, og eigi ekki að fara að gjöra svo lítið úr okkur Íslendíngum, þegar vèr eigum að fara að borga þá hluti fyrirfram, sem stjórnin eindregið bendir þó til, að ekki skuli greiðast fyr en að 5—6 árum liðnum; ef vèr færum nú að gánga inn á þessi breytíngaratkvæði, það mætti heita heldur kynlegt, og eg er líka nokkurn veginn óhræddur um alla þjóðkjörna menn, að þeir ekki gefa atkvæði sitt fyrir öðru, en niðurlagsatriði nefndarinnar. Það væri líka hálfvegis skrítið, að gánga inn á þetta breytíngaratkvæði, og kalla það allt saman gott og gilt, ef að eins sèst upphæð summunnar, en hafa þó ný skeð á þessu þíngi beiðzt þess, að embættismönnum yrði gjört að lagaskyldu, að birta reikníngа opinberra sjóða á prenti; að öðru leyti ætla eg ekki að leingja þíngræðurnar um þetta, þar það er búið að taka ljóslega fram af þíngmanni Borgfirðínga og fleirum aðalatriðin, og því að líkindum óyggjandi, að menn greiða atkvæði sín á rètta leið.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, álít eg ályktarumræðu þessari lokið, og skal eg þá biðja hina heiðruðu þíngmenn að

gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni. Var síðan geingið til atkvæða, og fèllu þau þannig:

1. *Nefndin:* Uppástúguatr.

Hèr voru atkvæði greidd með nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Brynjólfur Jónsson.	Páll Melsteð.
Arnljótur Ólafsson.	Halldór Jónsson.
Ásgeir Einarsson.	H. G. Thordersen.
Benedikt Þórðarson.	Jón Hjaltalín.
Gísli Brynjúlfsson.	Jón Pètursson.
Guðmundur Brandsson.	Pètur Pètursson.
H. Kr. Friðriksson.	Vilhjálmur Finsen.
Indriði Gíslason.	Þórður Jónassen.
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum.	
Jón Sigurðsson frá Tandraseli.	
Magnús Andrèsson.	
Ólafur Jónsson.	
Páll Sigurðsson.	
Stefán Eiríksson.	
Stefán Jónsson.	
Sveinn Skúlason.	

Þannig var uppástúnguatriði nefndarinnar samþykkt með 16 atkvæðum gegn 8; og fèllu með þessari atkvæðagreiðslu töluliðirnir 2—6 á atkvæðaskránni, nefnil. frumv. 1. og 2. gr. með þeim breytíngaratkvæðum og viðaukaatkvæðum, sem við sjálfar þær greinir hafði verið stúngið upp á.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til ályktarumræðu málið *um ráð við hallæri og almennri neyð.* Eg hefi látið prenta atkvæðaskrá, sem eg vona allir þíngmenn hafi fyrir sèr.

Hinn háttvirti þíngmaður úr Norður-Múlasýslu er *framsögumaður* í málinu.

Atkvæðaskrá

í málinu *um ráð við hallæri og almennri neyð.*

1. Uppástúnga *Arnljóts Ólafssonar, Ásgeirs Einarssonar* og *Pèturs Pèturssonar:*

Að þíngið biðji konúng að veita mildilega undirtekt þeim bænum og uppástúngum, sem amtmennirnir hafa gjört eða nú gjöra, til að forða almennri húngursneyð í yfirstandanda hallæri, svo sem um að fá korubyrgðir sem fyrst á þeim

stöðum, þar sem þeir ætla, að helzt þurfi hjálpar við, að sveitunum verði opnað lán og veittur fjárstyrkur þar, sem hreppsbúarnir sökum fátæktar ekki geta keypt það.

2. Breytíngar- og viðaukaatkvæði *Indriða Gíslasonar:*

   Að inn í uppástúnguatriði nefndarinnar (tölul. 3.), eptir orðin: „og skora á þá", bætist: *„að útvega rúg eða aðra matvöru, og"* („að hvetja o. s. frv.").

3. *Nefndin* (uppástúnguatriði):

   Að þíngið feli *forseta* sínum að skrifa amtmönnum, og skora á þá, að hvetja til almennra samtaka í landinu, til að koma í veg fyrir hallæri.

4. Viðaukaatkvæði *Jóns Hjaltalíns:*

   Að aptan við uppástúngu nefndarinnar verði bætt:

   „og skýra stjórninni, með hverri póstskipsferð, greinilega frá ástandinu í landinu.

5. Vara- viðaukaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar:*

   Við niðurlag uppástúngu nefndarinnar bætist: „og að þeir að sínu leyti hlutist til, að sjá mönnum borgið með kornvörum og útvegi fátækrasjóðunum, sem þess þyrfti, lán úr opinberum sjóði með sem beztum kjörum að auðið er".

Málið afhent *framsögumanni.*

Framsögumaður (Halldór Jónsson): Það eru nú fram komin nokkur breytíngar- og viðaukaatkvæði við mál þetta; nefndin hefir ekki borið sig saman um þau, svo eg get að eins látið mína eigin meiníng í ljósi um þau, og byggi eg hana á því, að það sè forsjálegra og varúðarfyllra fyrir þíngið — hvernin sem fara kann — að spara ekki þær tillögur, sem við geta átt og til heilla virðast að horfa; þess vegna er eg ekki mótfallinn uppástúngunni undir 1. tölulið, enda er hún samkvæm uppástúngunni, sem eg með 2 öðrum þíngmönnum bar upp; en af því nefndin treysti því, að stjórnin mundi taka tillögur amtmannanna til greina, kom þetta atriði ekki fram í nefndarálitinu. En þar eð sú hjálp, sem veitt kynni verða fátækum sveitum, mundi verða veitt sem lán, veit eg ekki nema orðin *„og veittur fjárstyrkur"* mætti burt falla, ef þau yrði borin upp sèr í lagi til atkvæðagreiðslu. Viðaukaatkvæðið nr. 5 er framhald af uppástúngu nefndarálitsins, og hefi eg ekki heldur móti því, og verði það samþykkt, þá verður óþarft breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Dalasýslu, því það er fólgið í hinu. Þar á móti verð eg heldur að vera móti viðaukaatkvæði míns háttvirta meðnefndarmanns viðvíkj-

andi skýrslum til stjórnarinnar með hverri póstskipsferð; eg ætla þær geti í öllu falli ekki komið í hvert skipti frá öllum amtmönnunum, eptir því sem póstferðum hagar.

Pètur Pètursson: Það gleður mig, að hinn háttvirti *framsögumaður* eigi er mótfallinn 1. tölulið á atkvæðaskránni; hann hèlt, að lán og fjárstyrkur væri sama, en það er ekki meiningin; með láni er meint fè, sem gjaldast skal aptur, annaðhvort með vöxtum eða vaxtalaust; en það er kunnugt, að sumar sveitir eru svo fátækar, að þær geta ekki borgað, og sjóðir þeirra eru að þrotum komnir, og til slíkra sveita er meint með fjárstyrk, nefnil., að þær feingi fè gefins. Eg vil tiltaka eina sveit, sem svona er ástatt fyrir; það er Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu, og svo kunna fleiri að vera; en eg þarf ekki að mæla frekar með því, því að þeir, sem hafa mælt á móti þessu máli við undirbúningsumræðuna, hafa síðan gjört sèr far um að grennslast betur eptir ástandinu hèr á landi, og eg vil því óska, að það komi með sem eindregnustum meðmælum þingsins til stjórnarinnar; það er slæmt, að það vantar marga þingmenn í salinn, sem eru málinu hlynntir, en það getur skeð, að þeir komi, áður geingið er til atkvæða. Eg skal nú ekki tala um hin breytíngar- og viðauka- og varaviðaukaatkvæðin, því eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að þingið feli *forseta* sínum, að gjöra það, sem hann getur, til að afstýra húngursneyð í landinu, en eg veit ekki, hvort það ætti að vera, eins og nefndin stakk upp á, með því, að skora á amtmennina, því eg er viss um, að þeir gjöra það af sjálfum sèr. Eg vil þó ekki vera á móti viðaukaatkvæðinu undir tölulið 4.; það er með öllu nauðsynlegt, því eg óttast, að slíkt hafi eigi ætíð verið eða sè gjört; en það er mikil ástæða að biðja amtmanninn um að gjöra það.

Gísli Brynjúlfsson: Eg vona hinn háttvirti *framsögumaður* hafi ekki viljað drótta því að mèr, með því, sem hann sagði í gær, að það uppgángsveður í þessu máli, sem þingmaður Gullbríngusýslu fyrst minntist á, upprunalega hefði staðið af mèr; því það væri þó æfinlega heldur en ekki óviðurkvæmilegt, að kenna þeim um uppgánginn, sem að eins gerði sitt til að lægja hann, meðan hann enn var í undirbúningi. Eg var strax á hinum fyrsta *privat*fundi, eins og líka þingmaður Borgfirðínga, á móti því, að fara nú að knèkrjúpa fyrir stjórninni um fjárstyrk, og þannig eins og í verkinu að afneita því verzlunarfrelsi, sem við svo leingi höfum verið að berjast fyrir, undir eins og nokkuð ábjátaði; og eg hèlt þá heldur, að menn ætti að

reyna að hafa samtök í sveitum og hafa öll önnur úrræði áður, en menn færi að biðja stjórnina að gefa sèr eða veita það, sem hún þó á endanum mundi ei geta veitt. En eins og hið fyrsta breytíngaratkvæði þíngmanns Borgfirðínga og tveggja annara háttvirtra þíngmanna nú er orðað, sè eg ekkert svo háskalegt í því sem hitt, er menn í upphafi ráðgjörðu að fara fram á; og skal eg nú því ei hafa nokkuð á móti, að gefa því atkvæði mitt, ef það má verða til að flýta fyrir málinu eða bæta fyrir því á annan hátt. Uppástúnga nefndarinnar og hin önnur breytíngaratkvæði finnast mèr þá og vera orðin ónauðsynleg með öllu, og skal eg því að endíngu að eins biðja hina háttvirtu þíngmenn, að sýna það nú einu sinni í verki á þessu hinu síðasta máli, er vèr nú ræðum hèr á þíngi, að þeir vilji láta atkvæðagreiðsluna skera úr, eins og svo opt hefir verið sagt, án þess að tala svo mjög mikið um hvert einstakt atriði. Eg held að þessu máli sè þá ei svo illa til lykta ráðið, ef menn fallast nú að eins á hina fyrstu uppástúngu, en fella svo allar hinar sem orðaminnst, og með atkvæðunum tómum.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þíngmaður Skagfirðínga byrjaði sjálfur við undirbúníngsumræðuna að tala um „uppgángsveður“, og eg man vel, að hann var uppástúngunni mjög mótfallinn; svar mitt hafði því einúngis þá þýðíngu, að meira veður hefði verið mót en með uppástúngunni, því þeir, sem mæltu með henni, töluðu með alvörugefni í hógværum anda.

Arnljótur Ólafsson: Eg á sammerkt við þíngmann Skagfirðínga í því, að eg hefi eigi viljað knèkrjúpa dönsku stjórninni um gjafir að sinni, og því var eg með í því, að berja niður gjafaveðrið; en aptur á mót vona eg, að uppástúngur mínar, sem hèr standa á atkvæðaskránni, muni fá gott og blítt veður út yfir pollinn til stjórnarinnar, og út um landið til amtmannanna. Tilgángur minn með uppástúngur mínar var sá, að þíngið lèti í ljósi það álit sitt og lèti landsmenn það á sèr skilja, að samtök væri hin bezta vörn gegn hallæri, en styrkti þó jafnframt viðleitni manna til að bjarga sjálfum sèr, með því að leita til stjórnarinnar og æðstu valdsmanna landsins. Þegar nú þíngið gjörir þetta, þá hefir það gjört allt, sem í þess valdi stendur, því það hefir hvatt stjórnina, amtmennina og almenníng til styrktar og bjargar.

Ásgeir Einarsson: Hjá mèr var aldrei uppgángsveður og aldrei logn í þessu máli; eg hefi haldið áfram þeirri skoðun, sem eg hafði í öndverðu; eg stakk upp á því á *privat*fundunum, sem eg stakk

upp á í gær, og nú er komið hèr á atkvæðaskrána, og nú gef eg atkvæði fyrir því. Eg gef ekki atkvæði móti því um fjárstyrkinn, því eg vil ekki hindra það, að fátækir menn, sem ætla að deyja af húngri, taki á móti því, sem stjórnin eða aðrir kunna að vilja rètta þeim, og að þeir feingi hjálparstyrk; það er ekki eins og við sèum að skuldbinda stjórnina, til að hjálpa, en samt eigum við ekki að hindra það. Það er merkilegt, að þetta er seinasta málið, sem rætt er á þínginu núna, og líka seinustu ræður vorar á því, og má ske seinustu ræður sumra; við ættum því ekki sízt að vanda þær, og atkvæði vor; það gjörir eingan skaða, þó að amtmönnunum sè skrifað, en þegar amtmennirnir nú eru við, gjörir það lítið til, þó eg sè ekki í móti því í sjálfu sèr; þíngið hefir þá gjört það, sem það gat í þessu máli.

Stefán Jónsson: Hvort sem nú er uppgángsveður eða logn, svo greiði eg atkvæði fyrir 1. uppástúngunni, einkum í sambandi við þá undir tölulið 5., því að þessi úrræði eru víst nauðsynleg. Nefndaruppástúngan út af fyrir sig þykir mèr lèttvæg, en þegar 5. atkvæðinu er bætt við hana, bætir það mikið um. Töluliður 3. og 4. held eg megi missast; eg sè ekki, að þeir geti bætt mikið úr.

Guðmundur Brandsson: Eg skal ekki lá þíngmanni Skagfirðínga, þó að hann hafi verið á móti máli þessu, þegar því var hreift hèr fyrst, því að hann hèlt, að uppástúngurnar um það þá væri ekki á gildum ástæðum byggðar, og honum gekk gott eitt til með þetta, því hann vildi halda uppi heiðri þíngsins og þjóðarinnar með því að sýna, að vèr værum ekki upp á aðra komnir, og svo hèlt hann, að þetta mundi spilla fyrir fjarhagsmálinu; en nú hefir hann látið reynsluna sannfæra sig, og er því ekki mótsnúinn málinu leingur; það hefir verið talað mikið um tölulið 1., hvort biðja skyldi um fjárstyrk eða einúngis um lán, en sleppa hinu út úr; en eg álít það öldúngis nauðsynlegt, að biðja um styrkinn; því að þó lán feingist, þá er það ekki víst, að það feingist leigulaust, og fjárstyrkurinn getur verið tvenns konar; hann getur verið innifalinn í leigulausu láni og í fjárgjöfum, og því vil eg ekki, að þessu sè sleppt, því að sumir hreppar geta verið svo aumir, að hreppstjórar ekki þora að taka lán, af því þeir vita, að það kann ske verði ómögulegt að borga það aptur, og þá dregst hjálpin má ske meir en skyldi; það er ekki heldur sagt, að víða fáist lán nú, nema með 4 rd. rentu, en það er eingin minnkun, að biðja um að gefa sèr, þegar ekki verður öðruvísi að farið; kollektan var einmitt gjöf, sem safnað var, sökum

harðæris, og eins gæti hèr að borið, og margt vofir nú yfir oss ískyggilegt, bæði útgjöld og annað, og hafa menn nokkra bendíngu til þess af málinu, sem áður var hèr seinast rætt. Það er má ske hart að orði kveðið, sem stendur í fyrstu uppástúngunni, að segja: „yfirstandandi hallæri“; en það er víst óhætt að segja „yfirvofandi“, og mætti þá breyta því þannig, ef svo sýndist fara betur. Um hina staflíðina ætla eg ekki að tala; eg gef atkvæði mitt með þeim öllum.

Framsögumður: Hinum háttvirta þíngmanni Eyfirðínga þótti lèttvæg uppástúnga nefndarinnar, en að viðaukaatkvæðið undir 5. tölulið gjörði hana góða; hann byggir þó á því, að amtmönnunum sè annt um málið; nefndin áleit þetta líka, og hèlt því, að ekki þyrfti að taka fram hvað eina, sem vonazt væri eptir af þeim; þeir mundi finna það sjálfir, sem bezt ætti við. Hinn háttvirti þíngmaður Gullbríngusýslu hèlt, að þeir fátæku vildi ekki þiggja lán, þegar þeir hefði einga von um, að geta borgað það. Þetta er þó harðla ólíklegt, ef annars sannarleg neyð á sèr stað; mundi menn heldur vilja deya úr húngri? Það er kann ske vel hart að orði kveðið, að kalla hallærið *yfirstandandi,* að minnsta kosti nú um sumartímann, og finnst mèr það að eins orðabreytíng, þó „yfirvofandi“ væri sett í staðinn.

Magnús Andrèsson: Eg vil einúngis votta gleði mína yfir því, hvað vel þessu máli ætlar að reiða af, þó ekki liti út fyrir það við fyrri umræðuna; en nú er það komið í bezta horf, og þó sagt hafi verið, að nefndinni hafi ekki tekizt vel, hefir hún þó ekki skemmt málið, og var minna víta vert, að hún fór of skammt eptir því, sem þíngmönnum virðist, heldur en hefði hún farið of lángt; nú hafa þíngmenn sýnt, að það væri hægt að bæta úr því, og gef eg því fúslega atkvæði mitt fyrir því öllu, sem hèr er á atkvæðaskránni, nema tölulið 2.; en eg vil spyrja *forseta,* hvort ekki megi slá saman tölulið 1. og 5., því að mèr sýnist efni þeirra vera hèr um bil hið sama, og þá er óþarft að endurtaka þá.

Forseti: Eg hefi skilið þessar uppástúngur svo, að í 1. uppástúngunni sè talað um bænarskrá til konúngs; en ef þíngið líka vill fallast á tölulið 3., þá hefir uppástúngumaður að tölulið 5. hugsað sèr, að það ekki spillti, ef þíngið annars vill láta skrifa amtmönnunum, að þeim væri líka, eins og stjórninni, bent á fjárstyrkinn.

Jón Hjaltalín: Eg vil greiða atkvæði fyrir 1. tölulið, ef það gæti greitt götu fyrir málinu, en eg óttast, að það gjöri það ekki, því eg held, að ef menn fallast á töluliðina 3., 4. og 5., þá sè flýtt

fyrir málinu sem unnt er. Eg verð að ítreka, að það þarf að flýta fyrir þessu máli; en að senda bænarskrár til konúngs, óttast eg fyrir, að komi að litlu haldi í bráð. Eg er hræddur um, að það komi í bága við hinar uppástúngurnar; því að þegar búið er að rita bænarskrá, geta amtmennirnir sagt: „eg veit nú ekki, hvað gjöra skal; eg veit ekki, hvað stjórnin vill; nú er málið komið til hennar; eg vil bíða og sjá, hvað hún gjörir„. Eg held menn lofi meiru, en menn geta ent, ef svona er að farið; en alþíngi getur, ef því svo sýnist, skorað á stjórnina, að gjöra það, sem hún getur; en í hitt er ekki lítið varið, að amtmennirnir riti stjórninni og skýri henni frá ástandinu með hverju póstskipi, og þá getur stjórnin gjört, hvað henni þykir tiltækilegt og hún getur forsvarað fyrir sèr og öðrum. Eg skal segja sögu, sem gjörir þetta ljóst; hèr um árið varð húngursneyð á Grænlandi, og kvað svo mikið að því, að menn átu selskinn; sagan kom til Kaupmannahafnar; blöðin urðu uppvæg, ríkisdagurinn varð uppvægur, og segir við stjórnina: ósköp er að heyra þetta, því gjörið þið einga ráðstöfun? Stjórnin, sem ekki vissi greinilega, hvernig ástandið var á Grænlandi, fór til verzlunarstjórnarinnar grænlenzku, og hún fekk ofanígjöf fyrir ráðstafanir sínar. Af þessu sèst nú, að það er áríðandi, að stjórnin viti nákvæmlega, hvernig á stendur (*Guðmundur Brandsson:* Hèr er eingin konúngsverzlun.) Það gildir allt að einu, og þó hèr sè nú eingin einokun, þá er samt ástandið full ískyggilegt hèr, og það liggur bein skylda á stjórninni, að hjálpa, þegar svo stendur á. Eg veit ekki, hvort málið vinnur mikið við það, að stjórnarherrann velti því svo og svo leingi fyrir sèr, og sè að bera það fram fyrir konúng vorn. Þetta getur allt verið gjört í beztu meiníngu, en það dregur tímann og gjörir hjálpina, sem með kynni að þurfa, of seina. Hèr eru 2 vegir, til að ná hjálp, annar er stuttur, en hinn er lángur; eg held því, að það sè ekki svo galið, að fela *forseta* það á hendur; hann er hèr við höndina og gjörir hvað hann getur við landsmenn og amtmenn, því latur er hann ekki, og hann á hægt með að sjá, hvernig tíðin hagar sèr, og hvað gjöra mætti eptir kríngumstæðunum. Eg er og viss um, að hann framfylgir því við amtmennina, og það er einmitt það, sem liggur í 3., 4. og 5. uppástúngunni; það er beini vegurinn. Við staflið 1 liggur þar á móti bænarskrárvegurinn beinastur fyrir. Eg verð að halda fast við stefnu nefndarinnar, en ekki af því, að eg eigi viðurkenni, að tölul. 1. sè vel hugsaður, en hitt er styttra og gjörir fljótari áhrif á málið.

Indriði Gíslason: Það má sannast á þessu nefndaráliti, að það sè betra að gjöra lítið og vel, en mikið og illa, og sýnir það, hvað fljótt varð hresst upp á það. Breytíngaratkvæði mitt þykir nú orðið óþarft; það er nú að sönnu satt, því eg vissi ekki, þegar eg tók mèr það, að töluliðir 1. og 5. yrði svona orðaðir, en eigi að síður verður það samþykkt, því það felst í þeim, ef þeir verða samþykktir, sem eg vona að verði. En þegar eg nú fer að skoða huga minn um atkvæðaskrána, þá held eg, að eg halli mèr að flestu, sem á henni er, því það vakir fyrir mèr, að það sè eins og þegar maður biður um nauðsynjavöru í kaupstað, sem lítið er til af, eða er haldið í, og því er bezt, að biðja um mikið, því þá kann maður að fá nokkuð, og því sýnist mèr ekki skaði að vótera fyrir flestu, sem er á atkvæðaskránni, úr því að þíngið fór að taka málið til meðferðar, hvort sem var.

Páll Sigurðsson: Eg get ekki verið á sömu skoðun og hinn háttvirti 6. konúngkjörni þíngmaður, að óþarfi sè að rita bænarskrá til konúngs, því við vitum það, að amtmönnum tekst ekki allt af að koma á almennum samtökum, því síður að menn geti komið þeim á út um allt landið; því það er víst, þó að sem stendur sè ekki hallæri, þá þarf nú litlu til að bæta, að það verði, og ekki álít eg suðuramtið betur á vegi, en hin, heldur lakar vegna þess atvinnustofninn er fallinn sökum fjárkláðans, en það er seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dautt. Eg álít þess vegna ráðlegast, bæði að skrifa stjórninni um, að veita góða undirtekt uppástúngum amtmannanna, og líka að *forseti* riti amtmönnunum, því þá hefir þíngið gjört allt, sem í þess valdi stendur. Eg ætla því að halla mèr að flestu því, sem stendur hèr á atkvæðaskránni, því eg er viss um, að það hafi beztan árángur við stjórnina, ef mál þetta kemur bæði frá amtmönnunum og þínginu.

Framsögumaður: Það getur verið, að eg hafi misskilið þíngmann Gullbríngusýslu, að eg nefnil. hafi skilið það um einstaka menn, sem hann hafi meint til sveitastjórnanna; en ástæða mín á móti því var gild allt að einu fyrir það.

Páll Melsteð: Eg held það sè aðalatriðið í þessu máli, að sem fyrst fáist vissa fyrir einhverju peníngaláni, því þar um hefi eg alls eingan efa, að hinir fátækari hreppar verða að fá peníngalán, ef þar á ekki að verða húngur og dauði. En þegar kaupmenn vita, að andvirðið, að peníngarnir eru til, þá munu þeir sjá um, að kornið vanti ekki. Eg fyrir mitt leyti mun gefa atkvæði mitt fyrir öllu því,

sem stendur á atkvæðaskránni. Mèr finnst þetta vera svo mikið alvörumál, að menn eigi að leyta á tvo vegi, bæði fyrir *milligaungu konúngsfulltrúa* til stjórnarinnar, og fyrir milligaungu *forseta* vors til amtmanna.

H. Kr. Friðriksson: Það hefir verið talað um eitthvert hvassviðri á heimulegum fundi í þessu máli, en eg verð að játa, að eg þekki ekki þessa bylji. Eg verð að játa það, að eg veit ekki til, að hèr á Suðurlandi sè nokkurt hallæri, heldur að eins harðæri, og kann eg ekki við, að fara að biðja stjórnina um styrk, þó nokkuð harðni í ári, því að þó að það sè regn í dag, þá get eg ekki ráðið af því, að hallæri verði þetta ár. Þíngmenn hafa líka sagt, að þetta sè einúngis gjört fyrir Suðurland, en þar er sannarlega ekki ver ástatt, en í öðrum pörtum landsins. Það er opt skýrskotað til Akraness, en það hafa líka borizt híngað sögur úr Mýrasýslu, að menn hafi orðið þar að skera kindur fyrir sumarmál sèr til matar, en á Akranesi mun það þó helzt hafa komið af því, að þar tók að fiskast svo seint, og eg held menn hafi ekki getað kallað neitt hallæri hjá þeim, því hreppstjórinn kom hèr, og lèt sèr nægja með að kaupa 2 eða 3 tunnur af mat. Eg held það sè því engin ástæða til, að fara til stjórnarinnar, eða að fara að skrifa amtmönnunum um þetta mál, því eg er sannfærður um, að þeir gjöra það, sem í þeirra valdi stendur. Þíngmaðurinn frá Gullbringusýslu sagði, að reynslan hefði sannfært þíngmann Skagfirðínga um, að þörf væri á, að fara að leita sèr hjálpar; en eg get nú ekki skilið í, hvaðan hann hefir feingið þá reynslu, því að til þíngsins hafa ekki komið neinar skýrslur um hallæri, nema sú eina bænarskrá frá Melasveit. Eg mun því ekki gefa atkvæði mitt með neinu af því, sem stendur hèr á atkvæðaskránni, því mèr þykir þess ekki þörf, fyr en hallærið dynur yfir.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr þykir það nokkuð skrítið, að þíngmaður Reykjavíkur skuli ekki vilja, að menn fái neina hjálp fyr, en menn eiga ekki leingur til næsta máls, því þá vill hann þó að líkindum láta hjálpa; en eg er hræddur um, að það verði leingra en á milli búrs og baðstofu, að fara í hvert skipti suður til Danmerkur, þegar menn eru orðnir bjargþrota, og að björgin þá komi sem optast um seinan. Hann vill ekki láta kalla þetta hallæri heldur harðæri, en eg veit nú ekki hvað mikill munur kann nú að vera á þeim orðum; en svo mikið er víst, að það lítur út fyrir hallæri, ef það er ekki þegar komið. Það er annars skrítið, að það er eins og komið sè við hjartað á sumum mönnum, þegar talað er

um, að harðara sè hèr sunnanlands, en annarstaðar; eg held það sè þó auðvitað, að svo muni vera, þegar aðalbjargræðisstofn manna er að kalla gjörfallinn, og ekki nema 2 kindur á hvern fullorðinn mann, eptir því sem sagt er, hèr í suðurumdæminu, og þó hart hafi verið í Norðurlandi í vor, þá er aðgætandi, að þar er bjargræðisstofninn að mestu leyti óskertur, svo að ef bærilega lætur í ári, þá munu menn komast þar af eins og vant er; það hafa komið hèr fram ýmsar sögur, til dæmis úr Múlasýslu, eptir einhverjum frönskum kapteini, sem enginn veit deili á, og held eg þær frèttir sè harðla óáreiðanlegar. Annar heiðraður þingmaður var eitthvað að tala um, hverniig skamtað hafi verið í Húnavatnssýslu í sumar. Þessir menn hafa nú einmitt verið að berjast við skuggann sinn, því við Norðlendíngar höfum aldrei borið á móti, og eg skal ekki bera á móti því, að þar hafi verið víða hart á milli manna næstliðinn vetur og vor; en eg verð öldúngis að vera á móti því, að safnað sè gjöfum handa okkur þessa vegna, eins og kollektunni forðum, því það álít eg sannköllud neyðarúrræði. Það eina, sem mèr finnst talandi fyrir þíngið að gjöra, er að reyna til, að fá þetta bráðabyrgðalán handa þeim, sem þurfa eður vilja; og svo ef þínginu sýnist það hafa nokkra þýðíngu, að skrifa amtmönnunum, sem eg, eins og eg hefi fyrri sagt, sè ekki að komi að miklu liði.

Framsögumaður: Það er nú einúngis hinn háttvirti þíngmaður Reykvíkínga, sem eiginlega hefir verið mótmæltur málinu í þetta sinn, og legg eg það eins örnggur fyrir það undir atkvæði þíngmanna, með því mótmæli hans að nokkru fella sig sjálf. Það hefir fleirum en mèr orðið að hneykslast á því, að hann lætur sèr svo annt um, að láta það heita svo, sem ástandið í suðurumdæminu sè ekki lakara en í hinum; hann segir, að ljótar sögur hafi líka komið að norðan; en suðuramtið er þó ekkert bættara með því, og það er eins nauðsynlegt, að bæta úr vandræðum, hvar sem þau eiga sèr stað. Loksins skal eg geta þess, að eg þykist ekki hafa verið sjálfum mèr ósamkvæmur fyrir það, þó eg slakaði til í nefndinni, en hafi nú aptur heldur stutt það, er eg þá gat eptir, því eg gat geingið að því vísu, að ef þíngmenn vildi gánga leingra en nefndin, mundi koma fram breytíngaratkvæði þar um.

Jón Sigurðsson frá Taudraseli: Það hefir enginn gjörzt til að hefja mótmæli í þessu máli, nema sá háttvirti þíngmaður Reykvíkínga, og kenni eg í brjósti um hann, ef þíngið lætur hann verða einn á bandi; hann er ekki brjóstgóður við Mýramenn, þar sem hann

segir, að þeir eigi svo bágt, að þeir verði að skera fèð sèr til bjargar á vorin, en vill þó ekki leggja neitt gott orð til, að þeim verði hjálpað; hann er líklega hræddur um, að konúngurinn sè svo fátækur, að hann ekki geti bæði hjalpað þessum, sem nauð líða, og orðið við bæn hans, sem hann var að drífa fram í gær, að bæta við launin sín og allra höfðíngjanna, og vill hann svo ekki láta þessara aumíngja bæn vera að spilla fyrir því máli. Hann er annars kunnugri í Mýrasýslu en eg, því ekki vissi eg til, að menn skæri þar í vor fè sèr til bjargar, en vegna heyleysis og harðinda var þar skorið sumstaðar, þó ekki svo, að orð væri á því gjörandi, en það var satt, að menn höfðu það fè sèr til bjargar, því það var ætt, það þurfti ekki að grafa það með húð og hári ofan í jörðina, svo það eitraði ekki loptið. Mèr líkar nú málefnið lángtum betur núna, eptir því sem atkvæðaskráin er orðin, heldur en þegar það kom frá nefndinni, og vil eg nú samþykkja alla töluliðina, sem á henni standa, því þá sè eg, að það er orðið verk úr því, og alþíngi getur ekki meira. Það mun annars ekki af veita, þó þetta sè gjört vegna Suðurlandsins, þar sem fèð er fallið, því þó fólk bjargaðist næstliðinn vetur, marka eg ekki, því bæði höfðu menn í fyrrasumar vörurnar, ullina og tólgina af fènu, sem fellt var úr kláðanum, og gátu því feingið björg úr kaupstaðnum, og svo áttu margir kláðafè, sem þeir skáru til búa sinna í haust eð var, nú er það ekki til að skera í haust, og nú voru ekki vörurnar til að láta í kaupstaðinn í sumar, og ef að gagnslitlar verða nú kýrnar, þá held eg að horfi til, að einhverstaðar verði bágt í vetur.

Sveinn Skúlason: Mèr þykir leiðinlegt, að eg skuli ekki geta verið að öllu leyti á sama máli og þíngmaðurinn frá Reykjavík, því eg er hræddur um, að hann muni verða einn á bandi, og eg skyldi líka hafa gefið atkvæði mitt með honum í þessu máli, ef eg tryði því, sem hann segir. Hvað sem franskir kapteinar kunna að segja, þá er eg ekki hræddur um Norðurland, og þar hefir amtmaðurinn líka gjört þær ráðstafanir, sem gjöra þarf, en þíngmaðurinn frá Reykjavík segir oss ekki, hvort siptamtmaðurinn hafi gjört það. Þíngmanninum hefir líklega gleymzt það, einmitt vegna þess, að hann hefir vitað, að það væri satt. Eg mun því gefa atkvæði mitt fyrir uppástúngu nefndarinnar og tölul. 5.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, þá álít eg ályktarumræðu þessari lokið, og skal eg þá biðja hína heiðruðu þíngmenn, að gánga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni.

Geingu menn þá til atkvæða, og fèllu atkvæðin þannig:

1. Uppástúnga *Arnljóts Ólafssonar, Ásgeirs Einarssonar* og *Pèturs Pèturssonar,* samþykkt með 21 atkv. gegn 2.
2. Breytíngar- og viðaukaatkvæði *Indriða Gíslasonar,* tekið aptur sem innifalið í tölulið 5.
3. *Nefndin* (uppástúnguatriðið), samþykkt með 21 atkv. gegn 2.
4. Viðaukaatkvæði *Jóns Hjaltalíns,* samþykkt með 15 atkv. gegn 8.
5. Vara-viðaukaatkvæði *Arnljóts Ólafssonar,* samþykkt með 21 atkv. gegn 2.

Forseti: Eg vil biðja hina heiðruðu þíngmenn að koma sem allra fyrst til mín með þau álitsskjöl og bænarskrár, sem eptir eru óupplesnar, og skal eg svo ákveða fund til næsta dags kl. 10.

Fundi slitið.

---

18. ágúst — fertugasti og annar fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá seinasta fundi lesin og samþykkt.

Varaforseti tók *forseta*-sætið og stjórnaði fundi þar til *forseti* kæmi.

Varaforseti: Samkvæmt dagskránni verða þá lesin upp þau álitsskjöl og bænarskrár, sem enn þá ekki hafa verið bornar undir þíngið, og skal eg því biðja hina heiðruðu *framsögumenn* málanna, að koma fram.

Voru þarnæst upp lesin og samþykkt frumvarp til álitsskjala og bænarskráa sem fylgir:

1. Frumvarp til álitsskjals í málinu um *endurgjald jarðamatskostnaðarins,* þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Yðar konúngleg hátign hefir látið leggja fyrir alþíngi frumvarp til opins brèfs, um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamati á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þíngið kaus þriggja manna nefnd til að rannsaka þetta mál, og ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir þíngið sèr hèr með allraþegnsamlegast að segja álit sitt um málið á þessa leið.

Af ástæðum frumvarpsins má sjá, að kostnaður allur til hins nýja jarðamats er talinn 8,360 rd. 82 sk.; þar af eru 5,720 rd. 92 sk. fyrir jarðamatið sjálft, er fram fór 1849 og 1850, en 2,639 rd. 86 sk. er síðari kostnaður, er leitt hefir af endurskoðunum jarðamatsins. Þenna tvennskonar kostnað virðist þínginu að sè ástæða til að aðgreina, bæði af því, að tilskip. 27. maí 1848 7. gr. gat naumast haft tillit til annars kostnaðar, en hins fyrnefnda, er stendur beint í sambandi við jarðamatið sjálft, og svo vegna þess, að hinn síðarnefndi kostnaður er annars eðlis, þar sem nefndin í Reykjavík var konúngleg nefnd, og útreikníngur jarðabókarinnar var gjörður í skrifstofum stjórnarinnar. Þessi síðarnefndi kostnaður virðist því vera rèttilega heimfærður til skrifstofukostnaðar. Alþíngi 1857 sýnist einnig hafa litið þannig á málið, þar sem það hefir fellt úr ákvörðunina um endurgjald það, er farið var fram á í uppástúngum stjórnarinnar (alþíngistíð. 1857, bls. 76, 999). Þess vegna virðist þínginu, að einúngis hinn fyrtaldi kostnaður, 5,720 rd. 92 sk. ætti að jafnast niður á jarðirnar eptir hinu nýja jarðamati.

Alþíngi hlýtur að öðru leyti að vera öldúngis samdóma frumvarpinu í því, að þessi niðurjöfnun kostnaðarins getur ekki fram farið fyr, en hin nýja jarðabók er búin að fá lagagildi. En þar eð þíngið getur gjört ráð fyrir, að jarðabókin nái ekki lagagildi fyr, en í fardögum 1863, og að þar að auki geti auðveldlega svo farið, að hún verði lögð undir meiri eða minni endurskoðun, þá virðist þínginu of snemmt nú að ráða yðar konúnglegu hátign til, að láta frumvarp þetta koma út sem lagaboð, og þess vegna leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast með 16 atkvæðum gegn 8:

að ráða frá, að yðar konúngleg hátign sampykki þetta frumvarp sem lagaboð að svo komnu.

Reykjavík, 18. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Páll Sigurðsson.

2. Frumvarp til bænarskrár í málinu *um endurgjald fjárvarðarkostnaðarins í Vestur-Skaptafellssýslu,* þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Þíngmaðurinn úr Austur-Skaptafellssýslu hafði fyrir þetta alþíngi til flutnings, og lagði fram fyrir þíngið umkvörtun með samtals 182 nöfnum frá Kleifa- og Leiðvallarhreppsbúum í Vestur-Skaptafellssýslu yfir því, að amtmaðurinn í suðuramtinu hefir aptur

og aptur afsagt þeim um, að þeir feingi endurgoldinn kostnað, er þeir vörðu sumarin 1857 og 1858 til þess, að halda verði á svo nefndu Fjallabaki, þar sem afrèttir Skaptártúngu- (efri hluta Leiðvallarhrepps) manna liggja saman við afrètti Rángvellínga, svo að þeir feingi varnað útbreiðslu fjárkláðafaraldursins frá Rángárvallasýslu til Skaptafellssýslu.

Bæði af því, að umkvörtun þessi var byggð á beinni neitun yfirvaldsins, af því ýmsar aðrar bænarskrár, umkvartanir og uppástúngur komu þar að auki til þessa þings úr ýmsum áttum, er lutu að því, ýmist að fyrirkomulagi á stjórn og meðferð jafnaðarsjóðanna hèr á landi væri í ýmsu ábótavant yfir höfuð að tala, ýmist að á þessa sjóði væri á stundum lagður ýmislegur kostnaður, er vafasamt væri um, hvort hann væri heimilaður í lögum, og af því að efni umkvörtunarinnar var svo varið, þótt hún sjálf væri einstaklegs eðlis, að spursmálið þar um og úrgreiðsla þess má hafa verulega almenna þýðingu, þá framliði stundir, um það, hver gjöld eigi að hvíla eða ekki á jafnaðarsjóðunum, bæði til varnar útbreiðslu almennrar og skaðvænnar kvikfjárveiki yfir höfuð að tala, og sèr í lagi til varnar í útbreiðslu fjárkláðans hèraða í milli, þá fannst þinginu að ekki ætti nè mætti vísa umkvartendum frá afskiptum þingsins til hlutaðeigandi yfirvalds eða ráðherra, heldur væri yfirgnæfandi ástæða til, að taka mál þetta til reglulegrar meðferðar samkvæmt síðara kafla 77. gr. alþingistilskipunarinnar, og kaus því þingið þriggja manna nefnd í málið.

Þegar þingmaður Rángæinga nokkrum dögum síðar bar upp samkynja umkvörtun fyrir þingið yfir því, að nokkrum Rángárvallasýslubúum hefði á sama hátt verið synjað um, að fá endurgoldinn úr jafnaðarsjóðnum kostnað, er þeir í hinu sama skyni höfðu varið 1858, að öðru leyti til þess að verjast því, að fjárkláðinn út breiddist frá hinum vestari hèruðum sýslunnar austur yfir Markarfljót, en að hinu leytinu til þess, að verða samtaka Skaptfellíngum í því, að varna útbreiðslu kláðans austur yfir til þeirra, fjallabaksmegin, þá varð þingið að álíta rèttast, að vísa þessari umkvörtun til álita og meðferðar í nefndinni, er þegar var sett í Skaptafellssýslumálinu.

Álit og uppástúngur nefndarinnar um þessar tvær umkvartanir var síðan ítarlega rætt á 2 aðalfundum, á lögskipaðan hátt, og leyfir þingið sèr nú allraþegnsamlegast að bera upp fyrir yðar konúnglegu hátign álit sitt og tillögur um málið á þessa leið.

Hvað áhrærir upphæð þessara varðkostnaða, sem þeir hafa krafizt hvorir um sig, Skaptfellíngar 457 rd. 64 sk. og Rángæíngar 239

rd. 88 sk. að fá endurgoldinn, þá er henni ekki mót mælt af amtinu í neinum þeim brèfum, hvar í það hefir afsagt endurgjaldið, hvorki til beiðandanna sjálfra, nè í brèfi 15. f. m. til nefndarinnar, sem sett var í málinu, nè í brèfi til alþingis*forsetans* áhrærandi varðkostnað Rángæinga.

Þingið gat ekki af þeim brèfum suðuramtsins, er láu fyrir, og af umræðum málsins í þinginu komizt til annarar niðurstöðu en þeirrar, að neitun suðuramtsins væri, ef ekki eingaungu, einkanlega byggð á því, að yfirvaldið skipaði svo fyrir með brèfi 29. apríl 1858, að allt geldfè í Ránárvallasýslu og öllum hinum vestari sýslum í amtinu skyldi baða og saman reka á til tekna staði í hverri sýslu og vakta það þar; því hefði Rángæingar hlýðnast þessari skipun, þá hefði þeir ekki þurft að hafa neina sèrstaka verði, þá hefði og ekkert fè þeirra komið á afrètt, og þá hefði Skaptfellíngar ekki þurft að hafa neina verði á Fjallabaki. En þar sem það er upplýst, að Ránárvallasýsla er ein hin fjölbyggðasta og þèttbyggðasta sýsla og með fjárríkari sýslum landsins, og hèlt enn öllum fjárfjölda sínum óskertum sumarið 1858, þá urðu nálega allir þeir þíngmenn, er þekkja til, hvernig landslagi og búfjárhögum hagar bæði þar í sýslu og víðast hèr á landi, að vera á einu máli um það, að Rángæingum hefði verið ómögulegt að hlýðnast þessari skipun suðuramtsins, því hún hefði orðið að leiða til þess, ef henni hefði verið fylgt, og þeim hefði þar með verið meinað að reka geldfènaðinn á afrètti, að allt sauðfè þeirra, bæði geldfè og ærfè, hefði hlotið að horast niður og verða alveg ónýtt til frálags um haustið og til ásetníngar um veturinn, og af því hefði ekki orðið náð augnamiði háyfirvaldsins, því allt af hefði nokkuð sloppið úr heimavöktun, eins og líka var viðurkennt á fundi ýmsra hinna helztu suðuramtsbænda með amtmanni þeirra vorinu fyrir 1857, þegar þetta sama spursmál kom þá til álita áhrærandi sauðfènað Árnesínga, Borgfirðínga og Gullbríngusýslubúa.

Þingið varð því að sannfærast um, að Rángæingar hefði ekki getað hlýðnazt tèðri skipan amtsins eins og hún lá fyrir, og eptir því, sem þá stóð á, nè verið mögulegt, að halda sauðfènaði sínum frá afrèttum, nema þá að eins, að þeir þar með bökuðu sèr almennt og ómetanlegt tjón; en þar af leiddi aptur, bæði að þeim hafi verið nauðugur einn kostur, að kosta til varða milli hinna kláðasjúku og ósjúku sveita þar í sýslu, og að Skaptfellíngar og Rángvellíngar hefði í annan stað orðið að halda trygga verði á hinu svo nefnda Fjallabaki (þar sem afrèttir Rángæínga og Skaptártúngumanna liggja sam-

an og almennar samgaungur geldfjárins hvorutveggja eiga sèr stað á sumrin), til þess að varna útbreiðslu kláðans frá hinum sýktu sveitum í Ráng árvallasýslu (Landmannahrepp, Ráng árvöllum og Fljótshlíð) austur yfir afrèttina til Skaptafellssýslu, og virðast líkar varnir alveg samkvæmar því, sem bæði stjórnin og háyfirvöldin hafa fylgt fram fyr og síðar í kláðamálinu, og sem að öðru leyti líka virðist liggja til grundvallar fyrir tèðri skipun suðuramtsins 29. apríl f. á., til þess að varna sem rækilegast samgaungum á sjúku og ósjúku fè, til þess þar með að varna frekari útbreiðslu fjárkláðans.

Þingið varð og í annan stað að finna yfirgnæfandi ástæðu til þess, að taka til greina þá samgirnis- og rèttlætiskröfu, er Skaptfellíngar og Ráng æíngar ætti á því, að fá þenna varðkostnað endurgoldinn úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

Hèr við virtist þinginu verða að taka til greina, fyrst það, að nálega allur kostnaður við tilraunirnar til þess, að varna útbreiðslu fjárkláðans í þeim sýslum amtsins, þar sem hann hefir komið, og til þess að upp ræta hann, hefir verið lagður á jafnaðarsjóðinn, bæði kostnaðurinn við verðina á fjöllum sumarið 1867, til þess að varna fjárkláðanum frá Árnessýslu að út breiðast fyrir samgaungur til Norðurlands, og eins að mestu eða öllu leyti, allur kostnaður við lækníngar kláðans, svo að eigi hefir að eins til þessa hvorutveggja verið varið talsverðum eptirstöðvum, er sjóðurinn átti, áður en kláðafaraldrið fór að gánga hèr yfir, heldur hefir og í því skyni verið tekið upp á jafnaðarsjóð suðuramtsins 6,000 rd. lán í þessu skyni. Og í annan stað virtist þinginu, að þess bæri að gæta, að þar sem nú um mörg hin næstkomandi ár verði óumflýjanlegt hèr í suðuramtinu að jafna niður og leggja á lausafjárhundruðin, sem er hinn eini gjaldstofn, er öll gjöld jafnaðarsjóðanna hvíla á, töluvert meiri upphæð, en að undanförnu, bæði til að endurgjalda smásaman fyr tèða 6,000 rd. skuld, og sakir þess, að hin tíundarbæri lausafjárgjaldstofn er svo fjarskalega saman geingin og rýrnaður, fyrir afleiðíngar fjárkláðafaraldursins í öllum sýslum amtsins, nema í Skaptafellssýslu og í 2 austustu hreppum Ráng árvallasýslu. Þar sem faraldrið er enn ókomið, þá leiðir hèr af, að lángmestur hluti jafnaðarsjóðsgjaldanna í amtinu, bæði til þess að kvitta hinar áföllnu skuldir sjóðsins út af kláðalækníngum og kláðavörnum með fleiru, og til hinna vanalegu árlegu gjalda er á sjóðnum hvíla, hlýtur nú um mörg hin næstkomandi ár að koma lángþýngst og fram yfir alla rètta tiltölu niður einmitt á Skaptafellssýslunum og þeim 2 hreppum í Ráng árvalla-

sýslu, sem enn eiga óskertan fjárstofn sinn, er menn þó, eptir því, sem fjárkláðinn hingað til hefir útbreiðzt hèr, bæði um hèröðin og frá einu hèraði til annars, nefnilega, eptir því, sem enn er komið í ljós, eingaungu fyrir samgaungur og skort á tryggum vörðum gegn þeim, einmitt verða að þakka þeim vörðum Skaptfellínga og Ráng vellínga, sem hèr ræðir um að þeir hafi kostað til, en þó verið synjað um, að fá þann kostnað endurgoldinn úr jafnaðarsjóðnum, jafnframt og þeim þó er sýnt fram á, að þessi hinn frelsaði fjárstofn þeirra verði framvegis að bera meiri hluta þess kostnaðar, er í hinum sýslum amtsins hafi verið varið, til að varna útbreiðslu fjárkláðans bæði með vörðum og lækníngum.

Alþíngi varð því að finnast yfirgnæfandi ástæða til, að gefa þessum nmkvörtunum hæfilegan gaum, en þó varð þíngið, með tilliti til þess, hvernig efnahag og gjaldstofni jafnaðarsjóðsins í suðnramtinu væri nú komið, að álíta rèttast, að hafa þann fyrirvara í allraþegnsamlegustum bænaratriðum sínum um þetta mál, bæði að varðkostnaðurinn yrði að eins endurgoldinn á 3 hinum næstu árum, ef efnahagur sjóðsins væri á svo völtum fæti, að hann gæti eigi greitt þenna kostnað í einu lagi, og sömuleiðis að beiðast þess allraþegnsamlegast til vara, að þessi varðkostnaður yrði greiddur annaðhvort í einn lagi eður á 3 næstu árum af þeim 4,000 rd., sem árlega eru veittir í fjárhagslögum til óvissra útgjalda á Íslandi.

Af framan skrifuðum ástæðum leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast með 15 atkvæðum gegn 5 að beiðast þess:

1. *Að yðar konúnglega hátign vilji mildilegast skipa, að hinn um ræddi kostnaður fyrir Skaptafellssýslu 457 rd. 64 sk. og Ráng árvallasýslu 239 rd. 88 sk., samtals 697 rd. 56 sk. yrði sem fyrst endurgoldinn hlutaðeigendum* (samþykkt með 18 atkvæðum gegn 1),
2. *annaðhvort úr jafnaðarsjóði suðuramtsins* (samþykkt með 15 atkvæðum gegn 5), *eða*
3. *(til vara) af þeim 4,000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda á Íslandi* (samþykkt með 16 atkvæðum).
4. *Ef efnahagur sjóðsins er á svo völtum fæti, að þetta gæti eigi orðið borgað allt i einu, þá að það feingist borgað að fullu að 3 árum hèr frá* (samþ. með 14 atkv. gegn 6).

Reykjavík 18. ágústm. 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. *Stefán Eiríksson.*

3. Frumvarp til bænarskrár í *fjárkláðamálinu*, þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþíngis komu að þessu sinni 4 bænarskrár úr 4 kjördæmum landsins, og ásamt þeim 2 áskoranir til þíngmanns Húnvetníngа með samtals 366 nöfnum, þess efnis, að þíngið sendi yðar kgl. hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að varna útbreiðslu fjárkláðans með fulltryggum vörðum, að útrýma sýkinni með niðurskurði alls hins sjúka og grunaða fjár á Suðurlandi, og að halli sá, er af niðurskurðinum leiddi, yrði bættur hlutaðeigendum af þeim 30,000 rd., er ríkisþíngið hafði veitt til að útrýma sýkinni hèr á landi.

Þíngið kaus 7 manna nefnd í málið, og þá er hún hafði sagt um það álit sitt, var það ítarlega rætt á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir nú þíngið sèr allraþegnsamlegast að bera upp fyrir yðar konúngl. hátign álit sitt og bænir á þessa leið.

Þegar fjárkláði sá, er enn geisar hèr á Suðurlandi, hafði verið hèr eitt ár, bauð stjórn yðar hátignar með brèfi, dagsettu 30. apríl 1857, öllum amtmönnum að eiga fund með sèr í Reykjavík, til að semja frumvarp, er *konúngsfulltrúinn* skyldi leggja fram á alþíngi, er þá var haldið um sumarið. Var þeim bent til þess í brèfinu, að íhuga sèr í lagi það tvennt, hvort og að hve miklu leyti niðurskurður á hinu sýkta fè skyldi eiga sèr stað, og hvernig kostnað þann skyldi endurgjalda, er risi af öllum þeim ráðstöfunum; en alþíngi var gefinn fullur löggjafarrèttur í máli þessu. Lagafrumvarp þíngsins var nú eigi samþykkt sem bráðabyrgðarlög. Síðan fól stjórn yðar hátignar í brèfi 30. september 1857 stiptamtmanninum á hendur, að gjöra allar þær ráðstafanir, eptir ráði dýralæknanna, er hentugar þætti til þess að ná tilgánginum, og þá einkanlega ákveða, hve mikið skyldi skera niður af sjúku og grunuðu fè, eða hvort við skyldi hafa lækníngar; honum var þá og boðið jafnframt, að gæta þess vandlega, að hinu sjúka fè væri haldið öldúngis aðskildu frá hinu heilbrigða, þángað til það yrði albata. Sama dag skrifaði stjórn yðar hátignar hinum amtmönnunum, og fól þeim á hendur að gjöra þær ráðstafanir, er þeir áliti nauðsynlegar, hvorum í sínu umdæmi, til að varna útbreiðslu sýkinnar og að útrýma henni ef hún kynni að flytjast inn í umdæmi þeirra. Samkvæmt þeirri heimild, er álíta verður að amtmönnunum hafi verið gefin í brèfum þessum, hafa þeir gjört þær ráðstafanir, hver í sínu umdæmi, er þeir álitu nauðsynlegar til að útrýma sýkinni, og til að varna útbreiðslu hennar. Amt-

maðurinn í norður- og austurumdæminu og amtmaðurinn í vesturumdæminu hlutuðust til þess, eptir samkomulagi við alla beztu menn í umdæmum sínum, að fjársýkinni væri þar útrýmt með niðurskurði, og þannig varna útbreiðslu hennar, en amtmaðurinn í vesturumdæminu þó fyrst, eptir að lækningar höfðu árángurslaust verið þar við hafðar. Höfðu amtmennirnir einkanlega fyrir augum sèr í þessu efni ákvarðanirnar í lagafrumvarpi alþíngis 1857, sem og ætla mátti, samkvæmt áður nefndu brèfi 30. september, að fá mundi yðar hátignar samþykki, að minnsta kosti í flestum greinum. Aptur á móti hèlt stiptamtmaður fram lækníngum í umdæmi sínu. Árángurinn af þessum ólíku aðferðum hefir sýnt sig að vera sá, að í suðurumdæminu urðu eptir 8 kindur, eður, í mesta lagi, 10 kindur af 100 hverju, og amtsbúar hafa nú feingið að keypt úr hinum umdæmunum, og þó mest úr norður- og austurumdæminu, fullan þriðjúng alls þess fullorðins fjár, er þeir nú eiga. Aptur á móti varð fjárfækkunin í norðurumdæminu af niðurskurðinum eigi meiri en 5 eður 6 af 100, og er það varla teljandi. En fækkun fjárins í vesturumdæminu af niðurskurði er alls ekki teljandi. Þessi happasæli árángur af aðferð þeirri, er við hefir verið höfð í norður- og vestur-umdæminu, er að þakka því, að yfirvöldin þar hafa, eptir samkomulagi við amtsbúa sína, getað stöðvað framrás sýkinnar og upprætt hana þegar í stað með niðurskurði á þeim stöðum í umdæmum sínum, þar sem hún var komin, og með því að hafa jafnframt trygga verði milli hinna sýktu og grunuðu hèraða og hinna heilbrigðu.

Enn fremur fèllst stjórn yðar hátignar á, í áður áminnztu brèfi 30. septembr. 1857, að stiptamtmaðurinn skyldi fylgja fram nokkrum ákvörðunum úr lagafrumvarpi alþíngis, í þeirri von, að það feingi yðar hátignar allrahæsta samþykki. En þetta samþykki hefir þó stjórn yðar hátignar eigi útvegað, eins hefir hún heldur eigi, eptir því sem framast verður séð, leitað yðar hátignar allrahæsta samþykkis nè ósamþykkis á þessu lagafrumvarpi alþíngis, heldur tekið að sèr að stjórna málinu, eins og ekkert slíkt lagafrumvarp væri til. Síðar hefir stjórn yðar hátignar, eptir uppástúngum dýralækníngaráðsins, sem byggðar voru á skýrslum frá landlæknunum og dýralæknunum hèr á landi, feingið samþykki ríkisdagsins til, að mega verja 30,000 rd. til að ráða bót á fjárkláðanum hèr á landi, sem aptur skyldi jafna niður á landið, eptir því sem ráða er af orðum dómsmálastjórnarherrans á ríkisdeginum. Þegar nú málið var þannig undir búið, hefir yðar hátign þóknazt með allrahæstri umboðsskrá 27. maí

þ. á., að útnefna tvo erindsreka, til þess að fara hingað til landsins, og með ótakmörkuðu valdi að gjöra þær ráðstafanir, er þeim þætti nauðsynlegar til að varna frekari útbreiðslu sýkinnar eður hagkvæmar til lækninganna á fénu og heilbrigði þess, og er geta átt sèr stað, eptir því sem ástatt er á Íslandi.

Með þessum hætti er málið komið í öldúngis nýtt horf. Stjórn alls kláðamálsins er nú sem stendur falin á hendur tveim konúnglegum erindsrekum. Lagafrumvarp alþíngis 1857 hefir nú eigi getað öðlazt yðar hátignar allrahæsta samþykki, svo að eingin lög eru í landinu um fjárkláða nema tilsk. 12. maí 1772. Lækníngunum er fram fylgt eingaungu, þrátt fyrir það, að þær hingað til hafa reynzt í mesta máta óhappasælar, og sem þær hljóta að reynast eptir öllu því ástandi, sem hèr er, því erfiðleikar á lækníngum hèr eru fjarskalegir. Afstaða landsins og fjarlægð þess við önnur lönd; veðráttufarið, stormar og stöðug votviðri á sumrum, en snjóar á vetrum og optlega bæði vor og haust; samgaunguleysið við önnur lönd, sem er einkar bagalegt, þegar kláðalyf vanta, eins og optar en eitt sinn hefir að borið; samgaunguleysið og vegaleysið í landinu sjálfu, vegaleingdin eður víðátta landsins, og þar að auki stór vatnsföll, fjöll og firnindi og aðrir farartálmar. Þá er það og enn, að eigi er nema einn innlendur dýralæknir í landinu, til að segja fyrir um lækníngaaðferðina, og hann hefir þegar lært dýralækníngar fyrir mjög laungum tíma síðan, og eigi haft tækifæri til, að iðka mennt sína og auka hana allan þenna tíma, fyr en fjárkláðinn kom nú hingað. Þó er það, ef til vill, enn meiri erfiðleiki á lækníngunum, að eingin lög eru til um þær, og því verður þeim eigi fram fylgt að gagni með umboðslegu valdi, hversu ótakmarkað sem það kynni að vera, gegn áliti og vilja almennings, enda verður og að álíta, að almenníngur hafi bezt vit á, hvað haganlegast er í þessu máli, og reynslan hefir svo nógsamlega sýnt, að það sè skynsamlegur niðurskurður en eigi eintómar lækníngar.

Með því nú að þíngið varð að álíta, að mjög frábrugðin og óvanaleg aðferð hafi verð við höfð í þessu máli af stjórn yðar hátignar, og það gat eigi dulizt þínginu, að aðferð þessi hlyti að hafa sorglegar og enda mjög ískyggilegar afleiðíngar fyrir þetta land, þar sem lagafrumvarp alþíngis 1857 var fyrst sett til hliðar, og þess vegna eru nú eingin þau lög í landinu, er geti stutt lækníngaraðferð þá, er við er höfð; þar sem vitnisburðum eiðfestra þíngsvitna og áliti alls almennings og flestra embættismanna hèr á landi um upptök og út-

breiðslu sýkinnar, og vottorði sögu landsins hefir eigi verið sá gaumur gefinn, er það virðist þó að eiga skilið, þar sem feingnir hafa verið miklir peníngar hjá ríkisdeginum, auk alls annars kostnaðar, til þess að fram fylgja þeirri stefnu, er reynslan hefir sýnt, að eigi getur með nokkru móti náð tilgánginum, og það þó jafnframt gefið í skyn, að land þetta skyldi endurgjalda þá aptur; þar sem landstjórnin er sett út af sínum vanalegu skorðum, og í annan stað lagt hapt á þíngið, að koma fram með þau ráð, er því gæti þótt fulltryggjandi til þess, að sínu leyti að ráða máli þessu farsællega til lykta: þá varð þíngið að álíta fulla ástæðu til, að lýsa því allraþegnsamlegast yfir, að ráðgjafar yðar hátignar hefði tekið upp á sig alla þá ábyrgð, er af aðferð þessari leiðir í öllu tilliti, og að áskilja sèr og þjóðinni á Íslandi allan rètt sinn geymdan í þessu efni. Af þessu leiðir þá, að þíngið verður að snúa þeirri allraþegnsamlegustu bæn til yðar hátignar, að fulltryggir verðir sè framvegis haldnir kostnaðarlaust fyrir landið milli hinna sýktu og ósýktu hèraða, til þess að varna útbreiðslu kláðans. En þíngið varð að álíta þá verði einúngis fulltrygga, er skipaðir væri þeim mönnum, er mest varðaði, að þeir yrði sem bezt haldnir, og að þeir menn setti verðina, er hlyti að vera mest um það hugað, að öll tilsjón með þeim og aðhald yrði sem örnggast og snarpast. Í þessu efni fór nefnd sú, er alþíngi kaus í málið, því fram að efninu til, að amtmönnunum í norðurumdæminu og vesturumdæminu yrði falið á hendur, eptir samkomulagi við nokkra helztu menn í umdæmum sínum, að skipa verði þá, er nauðsynlegir virtust á umdæmamótum milli hinna kláðsjúku hèraða í suðurumdæminu og hinna umdæmanna, og að kjósa til þessara varða þá menn, er þeir álíta bezta; en aptur á móti ætti stiptamtmaður, eður sá maður annar, er stjórn yðar hátignar kynni að kjósa til þess, að skipa fyrir um verðina milli hinna sýktu og heilbrigðu hèraða í suðurumdæminu, með ráði helztu manna, er búa í hinum heilbrigðu hèruðum á takmörkunum við hin sýktu hèröðin. Alþíngi gjörði álit þetta að sínu áliti. Þínginu þótti og öldúngis nauðsynlegt, að amtmennirnir í norður- og vesturumdæminu feingi sem allrafyrst fullt embættisvald sitt aptur, til að ráðstafa þessu máli framvegis. Þíngið byggði á því, sem nú má virðast fullsannað, að einginn sóttnæmur kláði væri í umdæmum þessum; væri því eingin nauðsyn á, að setja nokkra kláðastjórn hèr á landi yfir þá framvegis, þótt það kynni að verða gjört hèr á Suðurlandi í hinum kláðsjúku hèruðum, en hitt væri æskilegt og nauðsynlegt, að landstjórnin gæti

komizt sem allrafyrst í sitt horf aptur; en í annan stað hlyti lækníngatilraunirnar að hafa því meiri krapt, sem þeim yrði beitt á minna sviði. Þíngið áleit og í öðrum greinum nauðsynlegt, að amtmennirnir feingi sem fyrst fullt embættisvald sitt aptur, því á þann hátt gæti þeir ráðstafað þessu máli framvegis, eptir því sem bezt hagar á hverjum tíma og hverjum stað og í hverju einstöku tilfelli, sem ber að höndum, svo sem varnir allar til að stemma stiga fyrir útbreiðslu sýkinnar, ef hún kynni að færast inn í umdæmi þeirra, og að útrýma henni á þann hátt, er þeir áliti bezt til fallið, áður en hún næði að breiðast þar út, allt eptir samkomulagi við beztu menn í umdæmum sínum og eigendur hins sýkta fjár. Þíngið hlaut og að álíta það í alla staði öldúngis nauðsynlegt, að svið sýkinnar yrði þreingt smátt og smátt, eptir því sem haganlegast væri; það áleit, að í því efni þyrfti að hafa tillit til þess, hversu margt sjúkt fé væri orðið eptir í hèruðunum á takmörkum sýkinnar, og hversu margir bæir þar væri með öllu sauðlausir, er ekki gæti feingið sèr fé aptur, vegna þess að menn vildi eigi selja þeim fé sitt meðan kláðanum væri þar eigi útrýmt af ótta fyrir því, að fèð mundi strjúka þaðan aptur, og þannig flytja með sèr sýkina í hin heilbrigðu hèröðin, þaðan sem fèð var upp runnið og hagvant orðið, eður þá vegna hins, að hinir sauðlausu bændur treystust eigi til, að kaupa sèr fèð, meðan sýkin er á næstu bæjum í kríngum þá. Í annan stað yrði og að hafa stöðugt tillit til landslagsins, eður hvar hentugast væri að draga varðlínur sem tryggilegast og sem kostnaðarminnst milli hinna sjúku og heilbrigðu hèraða. Þessar ráðstafanir verður og þíngið að álíta öldúngis nauðsynlegar fyrir bjargræðisveg hèraðsmanna, því á þessum stöðum hafa margir bændur verið nú sauðlausir hátt á annað ár, og hljóta að vera það meðan sýkin er þar eigi upp rætt, sem allar líkur eru á, að seint muni verða með þessari læknîngaraðferð, eptir skýrslum þeim, er komið hafa til þíngsins híngið til; en sè svið sýkinnar eigi þreingt, þá eru þessir menn gjörsamlega sviptir aðalbjargræðisvegi sínum, og fyrirmunað að reisa hann við, en hinum aukinn margfaldur kostnaður og áhætta, er heilbrigt fé hafa, svo að þetta hlýtur að lykta með fullkominni örbyrgð og volæði. Svið sýkinnar, sem nú er, hlýtur og að álítast mikils til of stórt, þar sem það er yfir 120 ferhyrndar mílur, þótt eigi sè annað land talið, en heimalönd og búfjárhagar, en eigi afrèttir. En væri nú aptur á mót svið sýkinnar fært saman smátt og smátt, þá varð þíngið að álíta, að kláðanum gæti orðið útrýmt að kalla kostnaðar-

laust, því væri hið sýkta og grunaða fè bæði haft helzt til skurðar heima í hèruðunum, og líka, að því leyti það er útgeingileg vara, selt að haustinu til í Reykjavík til skurðar, sem jafnan getur tekið við mörgu slátursfè, en hið heilbrigða fè sè aptur á mót haft til lífs, og lækningar jafnframt við hafðar á hinu sjúka fè, sem þá hlyti að verða því öflugri, sem sviðið væri minna, og hið sjúka fè færra, þá mundi verða því hægra, að út rýma kláðanum á stuttum tíma, og þannig komið í veg fyrir, að sýkin verði að kynfylgju í fènu hèr á landi sem í öðrum löndum. Á þenna hátt yrði og að miklu leyti varnað útbreiðslu kláðans í hin umdæmin, og fjallverðir þannig gjörðir óþarfir á mjög stóru sviði. Hvort sem því litið er á þetta atriði frá lækningalegu eður búskaparlegu sjónarmiði, þá má það virðast öldúngis nauðsynlegt. En gæti nú þessu eigi framgeingt orðið, þrátt fyrir allt það, sem nú er sagt, svo að álíta megi, að kláðanum sè eigi út rýmt úr landinu fyrir nýár 1861, þá þótti þínginu nauðsynlegt, að yðar hátign vildi þá allramildilegast leggja frumvarp fram á alþíngi 1861 um algjörða útrýmíng sýkinnar, og veita þínginu þá fullt löggjafaratkvæði í málinu, en fulltrúa yðar hátignar á þínginu vald til, að staðfesta frumvarp þíngsins sem bráðabyrgðarlög, svo að þá yrði loksins ráðin skjót og góð bót á þessu vandamáli.

Af öllum framangreindum ástæðum leyfir þíngið sèr, eptir að hafa:

I. Með 15 atkæðum gegn 8 samþykkt svo látandi yfirlýsíng:
Alþíngi lýsir yfir því áliti sínu, að ráðgjafarnir hafi með ráðstöfunum sínum í þessu máli tekið að sèr alla þá ábyrgð, er þar af flýtur, bæði við konúnginn, við þíng Dana, og við þjóðina á Íslandi, og geymir alþíngi, sem fulltrúaþíng þjóðarinnar, sèr og henni allan rètt í þessari grein,

II. með 15 atkvæðum gegn 9, að bera þá bæn upp fyrir yðar konúnglegu hátign, með áðurgreindri yfirlýsíngu sem undirstöðuatriði:

1. Með 17 atkvæðum gegn 6: *Að stjórnin haldi á kostnað ríkissjóðsins fulltrygga verði alstaðar milli hinna sýktu og ósýktu hèraða, bæði í suðurumdæminu og á umdæmamótum, og sè þessir verðir settir á þann hátt, er segir hèr að framan í álitsskjalinu.*
2. Með 16 atkvæðum gegn 7: *Að amtmennirnir í norður- og vesturumdæminu fái sem allrafyrst fullt embættisvald*

sitt aptur til að ráðstafa þessu máli framvegis í sínum umdæmum.

3. Með 19 atkvæðum gegn 1: *Að svið sýkinnar verði þreingt smátt og smátt eptir því, sem haganlegast er.*

4. Með 17 atkvæðum gegn 1: *Sé sýkinni eigi algjörlega út rýmt um nýár 1861, að þá leggi konúngur frumvarp fram á alþíngi sumarið 1861 um algjörða útrýming sýkinnar. Konúngur veiti þá alþingi fullt löggjafaratkvæði í málinu, en fulltrúa sínum á þínginu vald til að staðfesta frumvarp þingsins sem bráðabyrgðarlög.*

Reykjavík, 18. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Arnljótur Ólafsson.

4. Frumvarp til bænarskrár í málinu um *betri læknaskipun á Íslandi,* þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Til þingsins kom að þessu sinni uppástúnga frá einum þingmanni þess efnis, að þingið ritaði yðar konúnglegu hátign bænarskrá um „haganlegra og betra fyrirkomulag á læknaskipuninni hèr á landi, heldur en nú á sèr stað".

Þingið kaus 5 menn í nefnd til að íhuga mál þetta, og ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, eins og lög bjóða, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast, að skýra yðar konúnglegu hátign frá áliti sínu á þessu máli.

Áhugi Íslendínga hefir leingi mikill verið á þessu máli, enda finna þeir til þess, hversu mjög læknaskipuninni hèr á landi er ábótavant, og hversu ónóg hún er. Alþingi hefir opt haft þetta mál til meðferðar og ávalt gefið því góðan róm og eindreigin meðmæli sín, og ritað yðar konúnglegu hátign bænarskrá um, að yðar konúnglegu hátign allramildilegast vildi þóknast, að bæta úr þeim vandkvæðum, sem á eru læknaskipuninni hèr á landi, eptir því sem framast mætti verða, og síðast 1857. Nú hefir stjórnin í auglýsíngu til þessa þings, dagsettri 27. dag maímánaðar þ. á., skýrt þínginu frá, að yðar konúnglega hátign eigi geti fallizt á uppástúngur þingsins 1857 um stofnun læknaskóla í Reykjavík, og hefir fulltrúi yðar hátignar skýrt þínginu frá ástæðunum til synjunarinnar.

Þingið viðurkennir fúslega og með þakklátsemi, hversu annt stjórnin lætur sèr um þetta mál; en það getur þó ekki dulizt þess,

að það verður að álíta ráðstafanir hennar í þessu máli, sem þínginu þannig eru kunnugar, ónógar, til að ráða bót á læknaskipuninni hèr á landi.

Þínginu getur eigi betur virzt, en að hinar eldri bænarskrár þingsins um þetta mál eigi við góð rök að styðjast, og sè samkvæmar þörfum landsins. Það vakir ávalt fyrir landsmönnum, og þingið verður að telja þá skoðun rètta, að naumast verði læknaskipunin bætt til neinnar hlítar eða með varanlegu móti, nema því að eins, að læknakennsla verði stofnsett hèr á landi; enda hefir reynslan sýnt, að á fyrri öld, þegar landlæknirinn kenndi læknaefnum, áttu menn völ á fleiri íslenzkum læknum, en nú, þrátt fyrir allan þann styrk, sem stjórn yðar hátignar hefir boðið íslenzkum stúdentum til að stunda læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla; því að nú sem stendur eru að eins 5 íslenzkir læknar hèr á landi; og mun eigi þess lángt að bíða, að tveir þeirra biðji lausnar frá embættum sínum, og þá er alls einginn læknir, sem í þeirra stað geti komið. Á hinn bóginn er eingin von til, að danskir læknar sæki um embætti hèr á landi, þar sem bæði launin eru lítil, og lítillar aukaborgunar að vænta í eins strjálbyggðu, fátæku og fámennu landi og Ísland er, enda stendur eitt læknisembættið autt nú þegar á annað ár. Þínginu virðist því liggja í augum uppi, að taka verður annað ráð til að fjölga læknum, og bæta úr þessum vandræðum, og til þess telur þingið hið eina ráðið, að stofna kennsluskóla handa læknum hèr á landi, og álítur það, að þá verði jafnframt að stofna sjúkrahús, til þess að þeir, sem kennslunnar nyti, gæti kynnt sèr hina innlendu sjúkdóma, og vanizt meðferð þeirra. Reyndar er það haft sem mótbára gegn þeirri íslenzku læknakennslu, að hèr sè svo fólksfátt, og líka vanti hèr öll áhöld til slíkrar kennslu, og kennslan verði því að verða ófullkomin. En þínginu virðist, að reynsla fyrri aldar hafi sýnt, að þessar mótbárur og aðrar slíkar sè næsta lèttvægar; því að hafi kennsla eins manns komið að góðum notum og verið nægileg, þar sem þó ekkert sjúkrahús var til, hvar læknaefnin gæti kynnzt hinum íslenzku sjúkdómum, þá virðist liggja í augum uppi, að kennslan nú á vorum tímum mætti koma að fullu liði eptir þörfum lands þessa.

En auk þess, sem reynslan hefir þegar nógsamlega sýnt, að aldrei muni fást nógir læknar handa landi þessu með því fyrirkomulagi, sem nú er, þá getur þingið eigi leitt fram hjá sèr að geta þess, að land þetta hefir sína sèrstaklegu sjúkdóma, eins og hvert

annað land, sem menn eigi geta kynnt sèr til hlítar erlendis. Reyndar er það satt, að læknar, eptir því sem læknakennslunni er hagað við háskólann í Kaupmannahöfn, geta með tímanum áttað sig í þessum sèrstaklegu sjúkdómum, en það þarf þó tíma til þess, og vanþekking á þeim þegar í fyrstu gjörir þó læknunum talsvert örðugra fyrir, þar sem þó sjúkdómarnir eru og hljóta að vera margbreytilegir, bæði að eðli og tegund, á öðru eins landi og þessu, t. a. m. holdsveikin og lifrarveikin, og þingið dregur eingan efa á, að hefði sjúkrahús og læknakennsla verið hèr á landi, að þá mundi þekkingin á þessum sjúkdómum vera leingra á veg komin, en nú er.

Þinginu getur eigi skilizt það, að kennsla þessi þurfi að verða svo örðug eða ófullkomin, að hún eigi komi að liði; því að kennslubækur og önnur kennsluáhöld í læknisfræðinni eru nú orðin miklu fullkomnari og almennari, en áður. Auk þess virðist það auðsætt, að nú gefist talsvert tækifæri til sjúkdómaþekkingar í Reykjavík og nágrenni hennar; því að þar og í hinum 3 næstu sveitum eru nú milli 4 og 5,000 manns, auk fjölda manna, sem þángað sækja til verzlunar og fiskiveiða, og dvelja þar um leingri eða skemmri tíma.

En eins og sjúkrahús mundi gjöra læknakennsluna miklu greiðari, eins er það orðið brýn og bráð nauðsyn, að stofna það í Reykjavík, bæði fyrir bæinn, fiskiverin á Suðurnesjum, og aðkomumenn og ferðamenn, sem til bæjarins koma og einatt leggjast þar veikir, því að það veitir opt næsta örðugt, og stundum er það eigi auðið, að fá sjúklíngum hentugt húsnæði, og sem samsvari þörfum þeirra, einkum sè sjúkdómur þeirra næms eðlis.

Nú eru spítalahlutirnir eptir eðli sínu og uppruna einmitt til þess ætlaðir, að bæta úr vankvæðum hinna þurfandi sjúklínga, og virðist þinginu þeim eigi betur varið eða á rèttari hátt, til þess að sönn og veruleg not verði að þeim, heldur en til þess, að stofna læknakennslu og spítala hèr á landi, því að eins og áður er sagt, verður þingið að telja það hið eina ráð, til þess að fá fleiri innlenda lækna; því þótt læknaembættunum væri fjölgað, meðan læknaefnin eigi eru til, verður þingið að álíta, að muni koma fyrir lítið, og skyldi þeim læknum launa af spítalasjóðunum, þá er það einúngis til þess, að ónýta málið, og setja það í allt aðra stefnu, en allt landið og þingið óskar. Þingið þykist að vísu sjá fram á, að talsvert fè þurfi til, að koma þessum stofnunum á fót svo vel sè; en bæði er það, að þingið getur eigi betur sèð, en að það fè, sem þingið 1857 taldi að til þess mundi gánga, muni nægja, að minnsta

kosti fyrst um sinn, eins og þíngið þá líka sýndi skýrt fram á, að spítalasjóðirnir mundi verða orðnir svo miklir 1861, að árstekjur sjóðanna mundi nægja til kostnaðar stofnunar kennsluskóla handa læknaefnum og spítala, og þess utan er það, að þíngið verður að telja það víst, að spítalahlutina mætti auka eigi alllítið ef heimtíngu þeirra væri haganlega fyrir komið, enda virðist þínginu, að öll ástæða sè til, að reyna til að kippa því máli í betra horf, en nú er, og verður það allraþegnsamlegast að biðja yðar konúnglegu hátign, að láta leggja fyrir alþíngi 1861 frumvarp um annað fyrirkomulag á heimtíngu spítalahlutanna.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast með 19 atkvæðum gegn 5, að bera þá bæn fram fyrir yðar konúnglegu hátign:

1. *Að þèr allramildilegast viljið skipa svo fyrir, að stjórn yðar hátignar flýti svo fyrir læknaskipunarmálinu, að það geti orðið lagt fyrir næsta alþíngi* (samþykkt með 23 atkvæðum).
2. *Að stjórnin við undirbúníng þessa máls einkum hafi tillit til eptirfylgjandi atriða:*
   a, (að stjórnin stuðli til þess), *að læknaskóli geti komizt á í Reykjavík, svo stúdentar frá hinum lærða skóla hèr, geti lært þar það, sem nauðsynlegt er, til að geta orðið læknar á Íslandi* (samþ. með 21 atkv. gegn 2),
   b, *að spítali eða sjúkrahús geti komizt á í Reykjavík* (samþykkt með 23 atkvæðum gegn 1),
   c, *að spítalasjóður sá, er nú er fyrir hendi, verði hafður til að koma upp þessum stofnunum, að svo miklu leyti sem ágóði höfuðstólsins og hinar árlegu tekjur hrökkva þar til* (samþykkt með 21 atkvæði gegn 3),
   d, *að stjórnin leggi fyrir næsta þíng frumvarp um betri tilhögun á spítalatekjunum, samkvæmt því sem alþíngi hefir áður upp á stúngið í bœnarskrá til konúngs 7. ágúst 1847* (samþykkt í einu hljóði).

Reykjavík, 18. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. Jón Hjaltalín.

5. Frumvarp til álitsskjals í *vegabótamálinu,* þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Yðar konúnglegu hátign hefir þóknazt að láta leggja fyrir þetta alþíngi frumvarp til laga um vegi og vegabætur á Íslandi.

Þetta hið sama frumvarp hafði þíngið til meðferðar árið 1857, en þó þíngið þá legði mikla alúð á, að vanda sig á máli þessu, hefir yðar konúnglegu hátign ekki þóknazt, að samþykkja álit þíngsins. Þar á mót hefir dómsmálastjórnarherrann falið fulltrúa yðar hátignar á hendur, að skýra þínginu frá, hvers vegna frumvarp alþíngis frá 1857 ekki hafi orðið tekið til greina, en sè nú lagt óbreytt fyrir þíngið að nýju.

Þíngið kaus 5 manna nefnd til að yfirvega mál þetta, og var það því næst ítarlega rætt á 2 aðalfundum, og leyfir nú þíngið sèr allraþegnsamlegast að segja álit sitt um málið, sem eptir fylgir.

Þó að þíngið viðurkenni, að margar ákvarðanir frumvarpsins ráði mikla bót á lögum þeim, sem gilda á Íslandi um þetta efni, virðist þínginu að þetta sè svo mikið vandamál, að mjög erfitt sè að laga frumvarpið, svo að það eigi algjörlega við í öllum greinum þess, meðan hvorki er til sèrstök vegastjórn á landi hèr, og ekki heldur önnur lögákveðin sveitastjórn nema hreppstjórar og prestar, að því leyti þeir geta tekið þátt í henni, nè heldur sýslustjórn, nema sýslumenn einir, og sama er að segja um amtastjórnina, álítur þíngið að þetta eingan veginn samsvari þörfum tímans, ekki að síður hefir þíngið fylgt frumvarpinu sem ítrast verða mátti í öllum greinum þess. Það eru einkum 2 atriði, sem þínginu virðist aðalundirstaða þessa máls, hið fyrra *framkvæmd vegabótanna,* og hið síðara, *hvernig vegabótagjaldinu verði* sem rèttast, sanngjarnast og óbrotnast *jafnað niður* á landsbúa.

Hvað hið fyr nefnda atriði snertir, þá hefir þíngið farið sem næst ákvörðunum frumvarpsins, að öðru leyti en því, að þíngið hefir þokað vegabótastjórninni sem mest yfir á sýslumenn og einkum hreppstjóra, að því leyti aukavegi og verklega stjórn áhrærir; því það gefur að skilja, að á eins strjálbyggðu, víðlendu og fjallamiklu landi, sem Ísland er, væri það ókljúfandi fyrir amtmann, að hafa nokkurt verulegt eptirlit eður afskipti af vegabótunum, önnur en þau, sem hann gjörir eptir uppástúngum og skýrslum sýslumanna, sem optast mundu verða byggðar á uppástúngum og skýrslum hreppstjóranna; í þessu tilliti vill þíngið taka það fram, að ef leita ætti til amtmanns um

það, að mega hafa veg mjórri, en lögákveðið væri, gæti það opt valdið mikilli tíma- og verkatöf, fyrirhöfn og ærnum kostnaði, enda virtist þínginu mega trúa sýslumönnum og hreppstjórum til þessa, því þörf og skyldurækt mundi hvetja þá til, að rækja í þessu köllun sína eins vel og eptirlit amtmanna, sem aldrei gæti átt sèr stað, nema á einstöku stöðum og í einstöku tilfellum; svo getur og amtmaðurinn eins fyrir þetta litið eptir vegunum á embættisferðum sínum, enda þótt ókljúfandi yrði fyrir hann, eins og hèr hagar til og störf embættismanna hèr á landi eru margbrotin, að sjá það betur, en kunnugir og verksèðir menn, hvort skipting veganna og stefna er hin hentugasta, og einnig að mæla breidd þeirra og hæð nákvæmlega, þar amtmenn munu sjaldnast hafa gefið sig við þesshátta sýslunum og verða að hraða embættisferðum sínum í öðrum málum; líka vonar þingið, að almennar sveitastjórnir komist bráðum á í landinu, sem verk þessi mætti fela á hendur, meðan ekki kæmist á öflugri og sèrstök vegabótastjórn hèr á landi.

Hvað hið annað atriði, nefnil. vegabótagjaldið eða kostnað til þjóðveganna, snertir, þá gat það ekki dulizt þínginu, að það fè, sem ætlað er til vegabótanna, 2 sk. af hverju lausafjárhundraði, hvergi nærri gæti dugað til viðgjörðar þjóðveganna, eptir því sem til er ætlað að þeir verði og þörf er á; enda hefir nú sauðfèð fækkað svo ákaflega í landinu, bæði af harðindum næstliðinn vetur og einkum af fjárkláðanum, að tíundarstofninn verður mjög lítill, og ekki sèð, hvað langur tími verður þángað til úr þessu rèttist; þar að auki eru svo mikil gjöld komin á jafnaðarsjóðina, að þínginu virðist ófært að auka gjaldi á þá, og til þessa virðist dómsmálastjórnarherrann benda í áliti sínu um þetta mál; líka fer það mjög fjarri, að alltíð verði efnahagur og ástand manna ráðið af lausafjártiund, sèr í lagi hjá kaupstaðarbúum, í veiðistöðum og hjá sumum embættismönnum og ríkismönnum, sem annaðhvort að mestu eða öllu leyti eru hættir við búskap og greiða einga eða litla lausafjártíund; en eins og það í sjálfu sèr er ósanngjarnt, að allir þessir menn sleppi fríir við, að styrkja svo nauðsynlegt fyrirtæki, svo er það gagnstætt þeirri jafnaðartilfinníngu, sem innrætt er meðvitund þjóðarinnar, og allt af virðist meir og meir vera að ryðja sèr til rúms, eptir því sem þarfir hennar aukast. Þíngið lagði því nú, eins og hið fyrra sinn, þegar það hafði málið til meðferðar, mikinn hug á þetta atriði málsins, og bar upp í því tilliti ýmsar uppástúngur; ein af þeim var sú, er stjórnarherrann minnist í skýrslu sinni til þíngsins að borin hafi

verið upp 1857 í breytíngaratkvæði nr. 78; en bæði af því, að þínginu virtist það miklum umsvifum bundið, að taka vegabótagjaldið með þeim hætti, og svo virtist því, að stjórnarherrann hafi verið á sömu skoðun, enda hefir hann mjög dregið úr því, að 2 menn væri til aðstoðar sýslumönnum við niðurjöfnunina, og alveg sleppt því, hvað amtmenn áhrærir, sem þó fylgdi uppástúngunni, fèllst þíngið því á uppástúngu þá, sem stúngið var upp á af nokkrum hluta þíngnefndarinnar, því upástúnga þessi er reyndar byggð á sama grundvelli og hin, þó hún virðist hafa þann annmarka, að nokkur ójöfnuður geti orðið milli hreppa og sýslna, þá þótti þínginu hún aptur á móti hafa þann aðalkost, að hún væri lángtum umstángsminni, en næði þó því aðalaugnamiði, að einginn slippi hjá vegabótagjaldinu til þjóðveganna, sem efni hefði til að greiða það. Af framantöldum ástæðum þótti þínginu því yfirgnæfandi ástæða að fallast helzt á þessa uppástúngu af öllum þeim, er upp voru bornar á þessu þíngi, og heldur þíngið, að ekki muni liggja fyrir aðrar tiltækilegri, meðan ný og almenn skattalög komast ekki á hèr á landi, hvað auðveldlega getur leingur dregizt, en mál þetta þolir uppihald; því það er náttúrlegt, þó landsbúar kinoki sèr við, að ráðast í stórkostlegar vegabætur, meðan ekki er útsèð um, hvernig þetta mál lyktar, enda kom þetta í ljós við umræðurnar á þínginu.

Hvað aukavegina áhrærir, þótti þínginu ekki gild ástæða, að víkja þar algjörlega frá frumvarpinu, einkum þar frumvarpið virðist stefna í þá sömu átt, og þíngsins álit er, að draga sem mest undir þjóðvegina; því komist þeir í gott lag, má kalla að aðaltilgángi máls þessa sè náð; þess vegna hefir þíngið stúngið upp á, að hreppstjórar hefði sem mesta stjórn yfir vegum þessum, sumsè aukavegunum, og hvað vinnuskylduna áhrærir og svo vald til að jafna henni nokkuð milli hreppsbúa, svo hún ekki lenti óbærilega þúngt á fátæklíngum, en aðrir kæmist mjög lètt eða öldúngis frír við hana, er efni og ástand hefði í betra lagi.

Loksins er þess að geta, að þó þíngið verði allri þeirri alúð, er kostur var á, til að leysa mál þetta af hendi sem haganlegast að verða mátti, viðurkennir þíngið þó, að hinn naumi þíngtími og mörgu og margbrotnu þíngstörf, ásamt stjórnartilhögun þeirri, sem nú er á landinu, ekki hafi gefið þínginu færi á, að útkljá mál þetta svo í alla staði, að ekki kynni við breytta stjórnartilhögun í landinu, og því, er mæta kann í framkvæmdum þessa máls, að leiðast í ljós með tímanum ýmsir gallar, sem kynni að gefa ástæðu til að breyta laga-

boðinu, þess vegna þótti þinginu ástæða til, að stínga upp á, að yðar konúnglega hátign mildilegast mætti þóknast, að láta lagaboð um vegina á Íslandi koma út fyrst um sinn sem bráðabyrgðarlög.

Að svo mæltu skal þingið nú allraþegnsamlegast leyfa sèr, að gjöra þær athugasemdir við frumvarpsins einstöku greinir, sem leiða af þeim breytíngum, sem þinginu hefir þótt óumflýjanlegt að gjöra, og eru þær sem fylgir:

Við 3. og 4. grein frumvarpsins er sú breytíng gjörð, að þar eð hreppstjórar eptir stöðu sinni hljóta að vera, og eru almennt álitnir manna kunnugastir um alla afstöðu og ásigkomulag veganna, með því líka það eru margir þeir vegir í byggð og úr byggð í sumum sýslum, er sýslumenn koma aldrei að, enda yrði þeim það ókljúfandi örðugleiki, eptir því sem nú hagar til, virðist það rètt og nauðsynlegt, að það sè skýrt tekið fram í lagaboðinu, að uppástúngur hreppstjóra og ráð væri við höfð, þegar ákveðið yrði, hvað vera skyldi þjóðvegir og hvað aukavegir; af sömu ástæðum er það og, að hreppstjórum er falið á hendur að stínga upp á, hverjar vegabætur þyki nauðsynlegar hið komanda sumar. Þíngið varð því að fallast með 15 atkvæðum gegn 5, á það, að framan við 3. gr. yrði bætt: „Hreppstjórar stínga upp á, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi og hverja sem aukavegi í hreppnum, eptir hverjum uppástúngum að“ o. s. frv.; og með 18 atkvæðum, að upphaf 4. gr. verði þannig orðað: „Að feingnum uppástúngum hreppstjórans skal sýslumaður o. s. frv.“.

Við 7. gr. Af því stundum getur staðið svo á, að tilfaung í veginn ekki geti feingizt jarðeiganda að skaðlausu, fèllst þíngið með 18 atkvæðum á, að við niðurlag 7. gr. yrði bætt þessum orðum: „nema tilfaung hafi verið tekin honum í mein“.

Við 8. gr. Þar eð þinginu virtist ekki tiltækilegt, að leggja neina vegabótabyrði á jafnaðarsjóðina, leiðir þar af, að þokkabót sú, sem hèr ræðir um, verður að greiðast af gjaldi því, sem ætlað er til vegabótanna; samkvæmt þessu fèllst þíngið með 14 atkvæðum gegn 5 á, að í staðinn fyrir orðin: „úr jafnaðarsjóði amtsins“ verði sett: „af vegabótagjaldinu“.

Sömuleiðis fèllst þíngið á með 12 atkvæðum gegn 5, að fella burt enda greinarinnar „ellegar þá — yfir eingjar“, bæði af þeirri ástæðu, að það má virðast liggja í hlutarins eðli og byggt á rèttum lagagrundvelli, að yfirskoðun geti átt sèr stað, ef eiganda þykir

sèr of nærri geingið, eða ef amtmanni virðist yfirskoðun nauðsynleg, og þurfi því ekki að taka slíkt fram í lagaboðinu með berum orðum; og líka sýnist það ósanngjarnt, að eigandinn skuli ekki fá endurgjald, þó nýr vegur sè lagður yfir eingjar hans, ef þar á annað borð fyr hefir legið vegur annarstaðar um eingjarnar, því svo getur hæglega á staðið, að eigandanum sè til mikils skaða, að nýr vegur sè lagður á öðrum stað yfir eingjar hans, en hinn gamli hefir legið.

Við 9. gr. Þínginu virtist (með 13 atkvæðum gegn 7) nægja, að vegir hèr á landi sè 5 álna breiðir, og þar sem undantekníngar verða að vera, virðist því óþarfi, að leingra þurfi að fara, en til sýslumanns að fá leyfi til þess, og er því greininni breytt samkvæmt því.

Við 11. gr. Þínginu virtist að umsjónarmenn þeir, sem sýslumaður setur samkvæmt 5. gr., sè bezt til fallnir að ákvarða nákvæmlega á hverjum stað, hvernig brúargjörð og vegargjörð skal löguð vera, sökum þess, að sýslumenn eru þar sjaldnast við staddir, sem einnig væri óþarfi; sömuleiðis áleit þíngið, að moldarlag ofan á brýr gjöri ekkert nema illt eitt, og samþykkti því með 15 atkvæðum gegn 3, að greininni yrði breytt að því skapi.

Við 12. gr. Þínginu þótti það vera nógu mismunandi hæð á brúm, að ætíð hallaði nóg frá miðju út til hliðanna á þeim, og samþykkti því með 15 atkvæðum gegn 3, að álnatalshæðin í miðri grein væri úr felld, og var greinin þannig breytt samþykkt með 17 atkvæðum.

Við 13. gr. Af því það er sjaldnast venja eða þörf, að gjöra brýr yfir litlar ár og læki, og víða stendur svo á, að því verður ekki við komið, þá þótti þörf, að bæta inn í grein þessa þeirri ákvörðun (með 12 atkvæðum gegn 8): „ef nauðsyn krefur“ o. s. frv., og samþykkti þíngið greinina þannig breytta með 16 atkvæðum gegn 4.

Við 15. gr. Sökum þess, að þínginu virtist gjald það, sem 15. gr. frumvarpsins til tekur, vera bæði mikils til of lítið, til að gjöra nokkra umbót á þjóðvegunum og líka koma niður á óhentugan gjaldstofn, varð þíngið að finna upp annan gjaldstofn og þessvegna fella bæði framan og aptan af 15. gr., en láta þar á móti miðbik hennar standa óbreytt, og var greinin þannig samþykkt með 16 atkvæðum gegn 2.

Við 16. gr. Þetta er ný grein, í hverri þíngið hefir ákvarðað, bæði hvernig vegabótagjaldið verði sem brotaminnst afgreitt

sýslumönnum, og líka hentuglegast og sanngjarnast lagt á gjaldþegna, fyrst að nokkru leyti með tilliti til þeirrar vegabótaskyldu, sem tíðkazt hefir, og þess vegna er orðin innrætt meðvitund þjóðarinnar, sem eru vinnukraptarnir, og þá líka, eptir hvers eins efnum og ástæðum; virtist þinginu einnig, að með þessu feingist nægilegt fé til þess, að smásaman megi koma lagfæringu á þjóðvegina. Grein þessa samþykkti þingið með 14 atkvæðum gegn 5.

Við 17. gr. Þinginu virtist yfir höfuð að tala, að vegabótaskyldan yrði ekki lögð á menn, fyr en frá tvítugsaldri, þar fæstir eru fyr orðnir fullþroska. Líka virtist þinginu, að allar framkvæmdir til viðgjörðar aukaveganna mætti einúngis standa undir umsjón hverrar sveitastjórnar, þar slíkar vegabætur eru einúngis við vegi heim til bæja og milli bæja allar sveitarmönnum sjálfum í hag. Samþykkt með 16 atkvæðum.

Við 18. gr. Þessi grein er einnig ný. Vegna þess að hreppstjórar geta tæpast vitað, hverjir heimamenn eru ráðnir eptirleiðis hjá öllum hreppsbændum, fyr en á útmánuðum, þá virtist þinginu hæfilega og nægilega snemma sett, að nafnaskráin yfir þá verkfæru kæmi til sýslumanns fyrir sumarmál, svo hann ætíð vissi þó, hversu hátt gjald honum bæri að heimta af hverri sveit nokkrum tíma áður, en hann færi á manntalsþíng; samþykkti þingið þessa grein með 14 atkvæðum gegn 4.

Við 19. gr. Þessi grein er ný. Að vísu var það tekið fram í nokkrum þíngræðum, að sjaldnast fram færi vegabótastörf á aukavegum fyrir fardaga, og síst með skylduvinnu, sem sjaldnast verðnr við komið, fyr en að af lokinni vorvertíð, en til þess að einginn ruglíngur gæti risið út af því, hvar hver ætti að vinna að aukavegum, sèrdeilis ef skylda sú væri leyst með gjaldi, eptir ákvörðun þeirri, sem um það hefði verið tekin á hreppskilaþíngi haustið áður, þá hefir þingið hallazt að þessari grein með 13 atkvæðum gegn 10.

Við 20. gr. Það leiðir af sjálfu sèr, svo reglan verði sjálfri sèr samkvæm, að hèr nefnt gjald lúkist af sveitarfé, þegar um aukaveg er að tala, og samþykkti þingið það með 14 atkvæðum gegn 6.

Við 21. gr. Þar eð þessir aukavegir eru ekki utan smávegir, sem einstakir og helzt heimamenn fara um, virtist þinginu nóg, að ákveða breidd þeirra til 3 álna, og að umsjón á breidd og lögun þeirra ekki þyrfti að ná leingra, en til hreppstjóra, hvað þingið og samþykkti með 16 atkvæðum gegn 5, og greinina þannig breytta með 18 atkvæðum.

Við 23. gr. Af reglu þeirri, sem þannig er sett, leiðir, að hreppstjórar verða að ráða, á hvaða dögum starf skuli fram fara á aukavegunum; greinin var þannig samþykkt af 16 atkvæðum gegn 2.

Við 24. gr. Í grein þessari, sem er sama efnis og frumvarpsins 22., þótti betur til fallið, að vegaseðill sá, er hèr ræðir um, kæmist alla boðleið 2 dögum fyrir hinn ákveðna verkadag, og samþykkti þingið hana með 12 atkvæðum gegn 6.

Við 25. gr. Þingið áleit betur við eiga, að til taka að verkið byrjaði á dagmálum og hætti á náttmálum, heldur en eins og í frumvarpinu stóð, einni stundu eptir miðjan morgun og einni eptir miðaptan, af því að þeir, sem lángt ætti að, gæti varla verið komnir til verka svo snemma dags, og var greinin þannig samþykkt með 12 atkvæðum móti 4.

Við 29. gr. Breytíngar þær, sem hèr eru gjörðar á tilsvarandi frumvarpsgrein, eru að eins orðabreytíngar; fèllst þingið á hina fyrri með 10 atkvæðum gegn 8, og hina síðari með 13 atkvæðum gegn 3, og samþykkti þannig alla greinina með 21 atkvæði.

Við 30. gr. Þínginu virtist óþarfi, að amtmönnum sè gjört að skyldu, að senda dómsmálastjórninni skýrslu um ástand veganna, þar því virðist, að amtmönnum sè trúandi fyrir, að láta sèr annt um ástand og umbætur veganna hèr á landi, og var greinin, þannig breytt, samþykkt með 14 atkvæðum gegn 6.

Við 31. gr. Breytíng sú, sem hèr er gjörð, sumsè að sektir falli til þjóðvegagjaldsins, leiðir beinlínis af framansettri reglu, og samþykkti þingið hana með 17 atkvæðum gegn 2.

Allar aðrar greinar frumvarpsins en þær, sem hèr að framan eru taldar, samþykkti þingið óbreyttar, og með því þingið þannig hefir allraþegnsamlegast leyft sèr að færa rök fyrir þeim breytíngum, er það hefir stúngið upp á við frumvarpið, er það vonar að yðar konúngleg hátign mildilegast taki til greina, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast, með 15 atkvæðum gegn 4, að leggja til, *að þetta frumvarp útgángi sem bráðabyrgðarlög.*

Reykjavík 18. d. ágústm. 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. Páll Melsteð.

Frumvarp
til laga um vegabætur á Íslandi, svoleiðis, sem það er samþykkt á alþingi 15. dag ágústmánaðar 1859.

§ 1.

Vegum skal skipta í þjóðvegi og aukavegi. (Samþykkt með 23 atkvæðum.

§ 2.

Þá vegi skal álíta þjóðvegi, sem innbúar eins eður fleiri hèraða fara jafnaðarlega, er þeir ætla í kaupstað, fiskiver eða annan stað, þar sem menn almennt koma saman. Sem þjóðvegi ber einnig að álíta þá vegi, er menn almennt fara milli tveggja sýslna, þótt eigi sè miklar samgaungur milli þeirra, og eins hina almennu póstvegi, (samþykkt með 18 atkv. gegn 2).

§ 3.

Hreppstjórar stínga upp á, hverja vegi álíta skuli sem þjóðvegi og hverja sem aukavegi í hreppnum, eptir hverjum uppástúngum (samþ. með 15 atkv. gegn 5) að sýslumenn skulu bera upp við hlutaðeiganda amtmann uppástúngu um það, hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi í sýslum þeim, sem þeim er trúað fyrir, og hverja sem aukavegi, og hafa þeir ofannefndar reglur fyrir sèr í þessu. Leggur amtmaður síðan úrskurð á málið og birtir auglýsíngu um það til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli, (samþykkt með 19 atkvæðum).

§ 4.

Að feingnum uppástúngum hreppstjórans skal sýslumaður (samþ. með 18 atkv.) á hverju ári innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma uppástúngu um þau verk, er vinna skal hið næsta sumar við þjóðvegi þá, er liggja um sýsluna; skal þeirri uppástúngu fylgja skýrsla um, hvernig verkinu skuli haga, og hvernig það verði framkvæmt, samkv. 5. gr., og enn fremur áætlun yfir kostnað þann, er hann hyggur, að til þess þurfi; skal amtmaður eptir þessu ákveða, að hve miklu leyti og með hverjum hætti verkið skuli vinna, og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar í seinasta lagi innan loka aprílmánaðar, (samþ. með 18. atkv. gegn 2).

§ 5.

Öll verk við þjóðvegi skal að svo miklu leyti, sem unnt er, framkvæma þannig, að það sè sett til uppboðs, hver vilji takast á hendur, að láta vinna verkið fyrir minnst kaup. Einúngis þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt, að láta bjóða verkið upp, eða þegar

aðgeingilegt boð fæst ekki, á sýslumaður að gjöra samníng um verkið á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sè ákveðin fyrir nákvæmlega til tekinn vegarpart; en fáist það ekki með aðgeingilegum skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin daglaun, og skal sýslumaður, þegar svo stendur á, til kveðja áreiðanlega umsjónarmenn, til að hafa gætur á, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst, (samþykkt með 18 atkv.).

§ 6.

Þjóðvegir skulu að öllum jafnaði halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haft híngað til, en þegar sýslumanni þykir nauðsyn til bera að á þessu sè gjörð nokkur breytíng, eða nýr þjóðvegur sè gjörður, þá skal hann um þetta senda uppástúngu til amtmanns, og ræður hann málinu til úrskurðar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun, (samþykkt með 17 atkv. gegn 2).

§ 7.

Sèrhver jarðeigandi er skyldur til, nema því að eins, að svo standi á, sem sagt er í 8. gr., að láta af hendi uppbótarlaust land það, er þarf til að leggja þjóðveg um, eða gjöra við hann, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun. Svo er hann einnig skyldur til að leyfa, að á hans landareign sè tekin þau tilfaung, sem kann að þurfa til vegagjörðarinnar, og skal honum það ekki heldur að neinu bætt (samþ. með 14 atkv. gegn 4), nema tilfaung hafi verið tekin honum í mein, (samþykkt með 18 atkv.).

§ 8.

Nýja vegi má aldrei leggja gegnum tún eða umgirt graslendi og að öllum jafnaði ekki heldur yfir eingjar, nema yfirvaldinu virðist svo, að ekki verði hjá því komizt án skaða fyrir almennar samgaungur, og skal, þegar svo stendur á, greiða eigandanum, ef hann krefst þess, af vegabótagjaldinu (samþ. með 14 atkv. gegn 5) sanngjarna þokkabót, sem óvilhallir menn, þeir er tilkvaddir sè af rèttinum á vanalegann hátt, ákveða fyrir það eptir skoðunargjörð, sem haldin sè undir tilsjón sýslumanns, (samþ. með 22 atkv.).

§ 9.

Þjóðvegir skulu ætíð vera 5 (samþykkt með 13 atkv. gegn 7) — danskar álnir á breidd, samt getur sýslumaður (samþ. með 13 atkv. gegn 7) leyft undantekníngu frá þeirri reglu, þegar landslagi er svo varið, til að mynda þar, sem vegur liggur yfir fjöll eða hraun, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess, (samþykkt með 19 atkv. gegn 2).

§ 10.

Þjóðvegi skal bæta með ruðníngum, ef á þann hátt má fá fasta braut. Ef svo stórir steinar koma fyrir á vegi þeim, er ryðja skal, að þeim verður ekki komið úr brautinni, þá skal beggjamegin þeirra gjöra mjórri brautir, er aptur ná saman í aðalgötunni. Lausagrjóti því, er liggur á veginum, skal snara svo lángt úr vegi, að það geti ekki fallið í brautina aptur, nema svo sè, að steina þá megi hafa til að bera ofan í veginn, (samþykkt með 17 atkv. gegn 2).

§ 11.

Þar sem ekki verður feingin föst braut með ruðníngum, skal leggja veginn hærra, ef þjóðvegur er mjög laus; þyki yfirvaldi það nauðsynlegt, eptir því sem á þeim stað hagar til, skal grafa skurði jafnvel beggjamegin vegarins, og skal einnig, ef þörf er á, gjöra ræsi þvert yfir veginn. Moldu þeirri, sem mokað er upp úr skurðunum og ræsunum, skal snara upp á veginn, og skal hafa hana sem undirlag til að fylla upp veginn, en annars skal fylla upp veginn á þann hátt, að hann verði í miðju að minnsta kosti $^1/_2$ danskri alin hærri, en til hliðanna, og skal einnig bera ofan í veginn 5 eða 6 þumlúnga þykkt lag af möl, þar sem hún er fáanleg í nánd. Yfir ræsa þá, er gánga þvert yfir veginn, skal gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè, ellegar hvorttveggja saman, eptir því, sem tilsjónarmaður (samþ. með 14 atkv. gegn 4) ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað, (samþ. með 15 atkv. gegn 2).

§ 12.

Yfir mýrlendi skal jafnaðarlegast gjöra steinbrýr; en þegar yfirvaldi virðist, að því verði ekki með nokkru móti við komið vegna landslagsins, þá má þar gjöra brýr úr torfhnausum; skulu torfbrýr þessar vera $1^1/_2$ danskri alin hærri til hliðanna, en grundvöllurinn, er þar að liggur, og í miðju svo háar, að vel falli út af til beggja hliða (samþ. með 15 atkv. gegn 3). Að öðru leyti eiga steinbrýrnar og torfbrýrnar ætíð að vera að minnsta kosti $2^1/_2$ danskar álnir á breidd, og skal gjöra við þær skurði og ræsi sem fyr er sagt, (samþykkt með 18 atkv.).

§ 13.

Yfir litlar ár og læki skal, ef nauðsyn krefur, og því (samþ. með 12 atkv. gegn 8) verður við komið, gjöra steinbrýr eða trèbrýr, og skulu brýr þessar vera að minnsta kosti $2^1/_2$ danskar álnir á breidd, og skal ætíð halda þeim svo við, að farið verði yfir þær með klyfjaða hesta (samþ. með 16 atkv. gegn 4).

§ 14.

Á öllum þeim fjallvegum, sem ferðamenn eru vanir að fara á vetrardag, skal hlaða vörður, og skal einnig gjöra sæluhús, þar sem yfirvaldi þykir þörf á. Eiga vörðurnar að vera, þegar því verður við komið, svo nálægt hver annari, að tvær að minnsta kosti sjáist í einu, þegar þoka er yfir; skal þar að auki á hverri vörðu vera gjörður stallur eða annað merki á þeirri hlið, sem snýr til norðurs ferðamönnum til leiðbeiníngar, (samþ. með 20 atkv.).

§ 15.

Þegar einhver hefir tekizt á hendur að láta gjöra verkið, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sé óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amtmaður, ef sá, er verkið lætur vinna, krefst þess, og verkið er umfángsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsíngar og uppástúngu frá hlutaðeiganda sýslumanni, láta greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því, sem verkinu skilar áleiðis, (samþ. með 16 atkv. gegn 9).

§ 16.

Útgjöld til allra þjóðvega skal þannig greiða, að af hverjum hrepp í öllu landinu gjaldist svo mikið í peníngum, sem nemur hálfu dagsverki, eptir verðlagsskrá fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, í hverri stöðu sem hann er frá 20 ára að 60. Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþíngi, og leggur hreppstjóri — með 2 til 4 mönnum, sem bændur sjálfir kjósa (samþ. með 16 atkv. gegn 2) — það á hreppsbúa eptir sömu reglum og aukaútsvarið, (samþ. með 14 atkv. gegn 5).

§ 17.

Það skal framvegis vera skylda innbúanna í hverjum hrepp, að gjöra vegabætur og halda við aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, og sem nauðsynlegir eru til almenníngsþarfa, svo að vegir þessir sè ávallt í sæmilegu standi. Það, sem vinna þarf í þessum tilgángi, er skylduvinna, og skulu allir verkfærir karlmenn í hreppnum frá 20. til 60. árs, hvort sem þeir eru af bændastètt eður ekki, vera skyldir að leggja verk til eptir því, sem á þá skiptist af hreppstjóra að yfirveguðum efnum og ástandi. En ef hreppsbændum eður meiri hluti þeirra kynni heldur að æskja annaðhvort, að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá að menn sè leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppskilaþíngi á haustin, þá er

þeim það heimilt, og skal þá hreppstjórinn jafna niður kostnaðinum á hina sömu menn, sem skyldir eru að vinna að vegabótum, eptir því, sem áður er sagt, og að öðru leyti þannig, að húsbóndinn greiðir borgun fyrir verkfæra menn, sem eru í hans þjónustu (samþ. með 16 atkv.).

§ 18.

Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir sumarmál senda sýslumanni nafnaskrá yfir þá menn í hreppnum, sem samkvæmt 16 gr. eru skyldir að leggja fé til þjóðvegabóta, (samþ. með 14 atkv. gegn 4).

§ 19.

Í þeim hreppi er hver maður skyldur að vinna að vegabótum, sem hann var heimilisfastur í haustinu áður, er hreppskil voru þar haldin, (samþ. með 13 atkv. gegn 10).

§ 20.

Að því leyti, sem sèrlegur kostnaður kynni að standa af aukavegum, til að mynda til brúa, eður til að útvega þær tilfærur, sem ekki verða heimtaðar af þeim, sem skyldir eru að leggja til verk til vegagjörðar, sbr. 25. gr., eða púður til að spreingja steina o. fl., þá skal þeim kostnaði, sem til þess þarf, lúka af sveitarsjóðnum (samþ. með 14. atkv. gegn 6), og jafna niður samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í niðurlagi 17. gr. að svo miklu leyti, sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 22. grein, hrökkur ekki til þessa kostnaðar, (samþ. með 16 atkv.).

§ 21.

Aukavegir eiga almennt að vera 3 (samþ. með 16 atkv. gegn 5) álnir á breidd, þó má hreppstjóri (samþ. með 16 atkv. gegn 5) leyfa, að brugðið sè út af þessu, þegar landslagi er svo háttað, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess. Að öðru leyti skal í öllu því, er aukavegi snertir, hvort heldur þeir eru gjörðir að nýju eða endurbættir, og eins hvað skyldu eigandans viðvíkur til að láta af hendi land það og tilfaung, sem þarf, farið eptir reglum þeim, er ákveðnar eru hèr að framan um þjóðvegi, að svo miklu leyti, sem þær geta átt hèr við, (samþ. með 18 atkv.).

§ 22.

Það skal vera hverjum þeim, er skylduverk á að vinna, heimilt, að senda annan verkfæran mann í sinn stað. Vilji hann greiða borgun í peníngum fyrir skylduverk það, sem hann á að vinna, þá skal það leyft, ef áður er um það gjört samkomulag við hlutaðeigandi hreppstjóra, sem þá skal leigja mann, er geingið geti í hins

stað fyrir fè það, er hann hefir greitt. Bregðist nokkur undan að koma til verka, þegar hann er til þess kvaddur, og hefir einga þá ráðstöfun gjört, sem áður er sagt, og hann getur ekki sannað lögmætt forfall, þá á hann fyrir það að gjalda í sekt 32 sk. r. m., og þar að auki greiða slíka borgun, sem hlutaðeigandi hreppstjóri álítur nægja, til að leigja fyrir annan verkmann. Það er vitaskuld, að það, sem hèr segir, á við hve nær sem verkskyldur maður bregzt undan, eins fyrir það, þó fleiri verkamenn eigi að koma frá einum bæ, og á húsbóndinn að greiða ofannefnda borgun og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern verkfæran mann, af börnum hans eða vinnufólki, er undan bregzt; en aptur á móti á hann rètt á, að halda fènu inni í kaupi verkmanns, ef honum verður gefin sök á burtuverunni. Ofannefndar sektir skal greiða í vegasjóð, sem stofnsetja skal fyrir hreppinn, og skal hreppstjóri geyma hann og tekjunum verja til vegabóta í hreppnum, eptir því, sem sýslumaður nákvæmar ákveður. Hefjist deila um það, hvort sá, er í stað annars geingur, sè verkfær, þá skal hreppstjóri þegar í stað leggja úrskurð á þrætuna með tveimur tilkvöddum mönnum. Ef einhver sendir óverkfæran mann í sinn stað, skal álíta sem hann hefði ekki komið, (samþ. með 17 gegn 1 atkv.).

§. 23.

Hreppstjóri til tekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það má þó ekki vera seinna, en í júnímánuði, nema svo sèrstaklega sè ástatt á einhverjum stað, eða eitthvað annað beri til, að óumflýanlegt sè, að bregða út af þessu, (samþ. með 16 atkv. gegn 2).

§. 24.

Verkamenn skal hreppstjóri til kveðja með skriflegum seðli, og skulu bændur láta bera hann bæja milli tafarlaust um hreppinn eptir rèttri boðleið. Skal hreppstjóri senda hann út svo tímanlega, að hann komist alla boðleið í hið minnsta tveim dögum fyrir hinn ákveða verkdag, (samþ. með 12 atkv. gegn 6).

§. 25.

Sèrhver verkmaður skal með sèr hafa verktól þau, sem til er tekið, þegar honum er sagt til, en þó ekki önnur, enn þau, sem almennt eru höfð við moldarverk þar í sveit; skal hann vera kominn á hinn til tekna stað á dagmálum, og vera við vinnu til náttmála, þó skal veita tveggja stunda hvíld á þeim tíma, sem hreppstjóri ákveður. Ef nokkur, sem tilkvaddur er, kemur seinna til verka, en nú var sagt, eður fer fyr í burtu, eður yfir höfuð ekki er allan hinn

tiltekna tíma við vinnu sína, þá skal hann gjalda svo mikið í verkfall, sem hreppstjóri með tveimur tilkvöddum mönnum metur, og hafi hann eingar lögmætar nauðsynjar haft, að auk í sekt 32 sk., (samþ. með 12 atkv. gegn 4).

§. 26.

Hreppstjóra er heimilt, að skipta niður vegastörfum þeim, sem falla á hreppinn, á tvo eða fleiri daga, en samt þannig, að enginn sá, sem skylduverk á að vinna, hafi meira, en eins dags verk, (samþ. með 20 atkv.).

§. 27.

Meðan á verkum stendur, skal hreppstjóri skipta verkmönnum í flokka, og skal hverjum þeirra feinginn sinn kafli af veginum. Hreppstjórinn skal ætíð vera viðstaddur sem umsjónarmaður, meðan unnið er að vegastörfunum; líka getur hann kosið umsjónarmenn sèr til hjálpar meðal hreppsbænda, þegar honum þykir nauðsyn til bera. Skal svo álíta, að bæði hreppstjórinn og áðurnefndir umsjónarmenn hafi með umsjón þeirri, er þeir þannig hafa haft með vinnunni, fullnægt skylduverki því, er á þeim sjálfum liggur, (samþ. með 20 atkv. gegn 1).

§. 28.

Þegar verkið, eptir 17. gr. 2. atr. þessarar tilskipunar er unnið af einhverjum, sem hefir tekizt það á hendur, eða af leigðum mönnum, eiga hreppstjórarnir að hafa umsjón með, að það verði óaðfinnanlega af hendi leyst, samkvæmt þeim ákvörðunum, sem gjörðar eru af hreppsbændum því viðvíkjandi, (samþ. með 18 atkv. gegn 3).

§. 29.

Sýslumenn skulu á ári hverju líta eptir þjóðvegunum í sýslum þeim, er þeim er trúað fyrir, og hafa líka eptirlit með hinum nauðsynlegu aukavegum þar (samþ. með 10 atkv. gegn 8), og eiga þeir á ári hverju að senda amtmanni skýrslu um ástand veganna í sýslunni (samþ. með 13 atkv. gegn 3); skal í henni vera greint frá ekki að eins, hve mikið, heldur einnig, hvernig hafi verið starfað að vegagjörðum á ári hverju, (samþ. með 21 atkv.).

§. 30.

Þegar amtmenn eru á embættisferðum sínum, skulu þeir skyldir að gefa nákvæmlega gætur að vegunum í umdæmum sínum, og að sýslumenn og hreppstjórar gæti skyldna þeirra, er hvíla á þeim eptir þessari tilskipun, (samþ. með 14 atkv. gegn 6).

§. 31.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann, og þar að auki sektast frá 1 rd. til 10 rd. eptir því, hvað skemmdin er mikil og öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort yfirsjónin er framin í fyrsta sinn eða hún er ítrekuð. Sé vörður og sæluhús á vetrarvegum skemmd eða eydd, þá skal það sæta 10 rd. til 50 rd. sekt eða líkamlegri refsingu frá 10 til 27 vandarhagga. Sé mannvirki þau burt tekin, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, svo sem brýr, vörður og sæluhús, þá varðar það þjófsstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegníngarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari grein, skulu falla til þjóðvegagjaldsins, ef þjóðvegur hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins, (samþ. með 17 atkv. gegn 2).

§. 32.

Öll mál viðvíkjandi afbrigðum gegn þessari tilskipun skal með fara og dæma sem almenn lögreglumál, að því leyti sem þau ekki eptir eðli sínu eru misgjörðamál, og skal að öðru leyti, hvað þær yfirsjónir snertir, sem hèr ræðir um, fara eptir ákvörðunum í tilsk. 24. janúar 1838 9. og 10. gr., (samþ. með 18 atkv).

§. 33.

Hvað hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vatnsföll áhrærir, þá skal framvegis farið eptir reglum þeim, sem settar eru í Jónsbókar landsleigubálks 45. kap. og í konúngsbrèfi 29. apríl 1776 §. 6. Að öðru leyti skulu þær ákvarðanir, sem ofannefnt konúngsbrèf og Jónsbókarlandsleigub. 44. kap. innihalda um vegina á Íslandi, hèr eptir vera teknar úr lögum, (samþ. með 18 atkv.).

6. Frumvarp til álitsskjals í málinu *um laun ýmsra embættismanna*, þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Yðar konúngleg hátign hefir lagt fyrir alþíngi frumvarp til opins brèfs um laun ýmsra embættismanna á Íslandi. Þíngið kaus fimm manna nefnd til að rannsaka þetta mál, og ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt; leyfir þíngið sèr nú allraþegnsamlegast að láta í ljósi tillögur sínar og álit um það á þessa leið.

Eptir því, sem skýrt er frá í ástæðum hins konúnglega frum-

varps, er mál þetta sprottið út af uppástúngum nefndar þeirrar, sem sett var 1857 af stjórnarinnar hendi, til að semja frumvarp til nýrra ákvarðana um laun allra þeirra embættis- og sýslunarmanna, er föst laun fá úr sjóði konúngsríkisins Danmerkur. Eptir uppástúngum þessum voru nefnilega samin tvö lagafrumvörp um laun tveggja flokka embættismanna, þeirra er taldir eru til konúngsríkisins; var annar flokkurinn sá, sem heyrði undir dómsmálastjórnina, en annar sá, er heyrði undir kirkju- og kennslustjórnina. Í báðum þessum frumvörpum voru einnig taldir með embættismönnum konúngsríkisins þeir embættismenn á Íslandi, sem heyrðu til hvorum flokkinum sèr í lagi og fá laun sín úr ríkissjóði. Lagafrumvörp þessi eru ekki enn lögtekin, en þegar þau komu fram á ríkisþínginu í Danmörku, hefir nefnd sú, sem þar var sett í málinu, stúngið upp á, að öllum þeim ákvörðunum, sem snerta laun íslenzkra embættismanna, yrði safnað í eitt og þær teknar í sèrstaklegt lagaboð, og af því henni þótti laun þau, er upp á var stúngið, nokkuð há, og hún óttaðist, að ef þau væri nú samþykkt, þá kynni það að koma í bága við, hvernig þeim embættismönnum á Íslandi verður launað, sem ekki fá laun úr ríkissjóðnum, heldur af landinu sjálfu, þá stakk hún upp á, að laun áður greindra embættismanna, þau er á kveðin voru í frumvörpunum, yrði ekki samþykkt fyr, en alþíngi hefði gefizt kostur á, að segja álit sitt um mál þetta. Eptir þessari uppástúngu hefir stjórnin látið gjöra þetta frumvarp, sem hèr er lagt fyrir alþíngi um laum embættismanna þeirra, er fá laun sín úr ríkissjóði, en þar eð alþíngi hefir ekki fjárhagsráð, þá virðist það vera óefað, að frumvarpið muni verða lagt fyrir ríkisþíngið í Danmörku, eptir að alþíngi hefir sagt um það álit sitt, en þar af leiðir beinlínis, meðan alþíngi hefir ekki atkvæði um fjárhagsráð þessa lands, og þau eru að öllu leyti lögð undir ályktarvald ríkisþíngsins í Danmörku, að ríkisþíngið verði látið ráða alveg úrslitum málsins, og lagaboð það, sem út kæmi, yrði ríkisþíngsins verk, en ekki alþíngis. Alþíngi skal fyrst og fremst leyfa sèr allraþegnsamlegast að fara nokkrum orðum um það, er snertir þessa formlegu hlið málsins.

Alþíngi virðist auðsætt, að tvær ólíkar stefnur komi fram í þessu máli hjá stjórninni og hjá nefnd þeirri, sem hún hefir sett á annan bóginn, og á hinn bóginn hjá nefnd þeirri, sem hefir farið með málið á ríkisþínginu í Danmörku. Stjórnin og nefnd hennar hafa, eins og fyr hefir verið siður, tekið embættismennina hèr á landi í flokka með samkynja embættismönnum í Danmörku, þó hún hafi sett þá

skör lægra í launununum; þingnefndin í ríkisþinginu hefir aptur á móti viljað skilja hina íslenzku embættismenn að, og hafa þá sèr í lagi. Þetta virðist benda til, að stjórnin haldi enn fram hinni fyrri skoðun sinni, að álíta Ísland sem einn hluta úr konúngsríkinu Danmörku, eða hjálendu þess, og haldi því íslenzkum embættismönnum saman við embættismennina í Danmörku, eins og fjárhagnum; en að ríkisþingsnefndin vilji heldur að skilja fjárhaginn, og taka því hina íslenzku embættismenn sèr í lagi, en setja þá ekki í flokk með hinum. Þetta atriði virðist nú standa á mjög litlu, meðan að fjárhagurinn er ekki að skilinn hvort sem er, því þó hvortveggja flokkurinn standi í hinu sama lagaboði, er í lagalegum skilníngi kemur út frá konúngi og ríkisþinginu í Danmörku, þá virðist það eins lítið geta staðið fjárhagsaðskilnaðinum í vegi á sínum tíma, eins og hitt gæti að skilið, þó sínir stæði í hvorum lögunum, þegar ríkisþíngið eitt hefir ályktanda vald um hvorutveggju lögin. Aðalatriðið virðist vera þetta, að meðan fjárhagurinn er ekki að skilinn, þá hafa embættismenn þeir, sem hèr eru á Íslandi ástæðu til, að bera laun sín saman við laun samkynja embættismenn í Danmörku, að svo miklu leyti, sem hvorutveggju hafa laun sín úr ríkissjóði, og að alþíngis áliti hafa þeir rètt til, að vænta í þessu tilliti fulls jafnrèttis við hina, eins og verið hefir að fornu, meðan fjárhagur Íslands og Danmerkur er ekki að skilinn, heldur lagður undir ályktarvald ríkisþíngsins í Danmörku einúngis.

Það kann að vísu að virðast svo í fyrsta áliti, sem alþíngi sè veitt meira ráðgjafaratkvæði en áður, með því að bera þetta frumvarp undir álit þess; en meðan alþíngi hefir ekki fjárhagsráð, og ríkisþíngið í Danmörku hefir í höndum öll ráðin og ályktarvaldið í því efni, þá verður þó þetta í raun og veru eintómt form, þar eð ríkisþíngið mundi samt sem áður hafa fullan rètt á, að breyta frumvarpinu á hvern þann hátt, sem því litist, það mundi einúngis hafa tillit til uppástúngna þíngsins eptir geðþekkni, stjórnin mundi taka þess ályktanir gildar, en ekki alþíngis, og lagaboðið mundi á sínum tíma koma út sem lagaboð frá löggjafarvaldinu í Danmörku, en ekki eptir ráði og ályktunum alþíngis. Þetta ráðgjafaratkvæði alþíngis hlyti því að verða í raun og veru þýðíngarlaust, eins og alþíngi hefir áður leyft sèr að láta í ljósi í áliti sínu til yðar konúnglegu hátignar um það atriði, hvort ráðlegt væri, að leggja undir ráðgjafaratkvæði þess þá grein úr fjárhagslögunum árlega, sem Ísland snertir. Ástæður frumvarpsins benda einnig til, að stjórnin líti þannig á málið,

þar sem hún minnir á, að meðferð slíks máls sem þetta, er snertir fjárhagsefni, heyri ekki undir meðferð alþingis.

En fyrir utan þessa formlegu hlið málsins, þá er einnig í því sjálfu að efninu til fólgið margt, sem gjörir þínginu ómögulegt að bera upp ákveðnar uppástúngur um þess einstöku atriði.

Ef svo stæði á, að alþingi hefði fjárhagsráð hèr á landi, og gæti haft yfirlit yfir allan landsins hag, þá væri það án efa vel til fallið, að ákveða í lagaformi laun embættismanna; En með þessu ásigkomulagi, sem nú er, og með þeim skýrslum, sem nú eru fyrir hendi, verður þessu ekki við komið af alþingis hálfu, því til þess hefir það fyrst og fremst einga köllun að þessu sinni, eingan undirbúníng af stjórnarinnar hendi og eingar skýrslur, sem nægja. Frumvarp þetta, sem fyrir er lagt, ber menjar þess, hversu það er orðið til: að það er einúngis samsett úr nokkrum liðum úr tveimur frumvörpum, sem ætlazt hefir verið til, að yfirgripi þá embættismenn, sem hafa laun úr ríkissjóði í Danmörku og heyra undir tvenn aðskilin stjórnarvöld. Þessir liðir eiga ef til vill vel við í heild sinni, þegar allt er skoðað frá sjónarmiði Danmerkur, en þegar þeir eru teknir út úr, og skoðaðir sem heild frá sjónarmiði Íslands, þá eiga þeir vel við. Alþíngi leyfir sèr einúngis allraþegnsamlegast að geta þess, að þessir liðir minna á hina óheppilegu sundurdeilíngu embættismanna hèr á landi í tvo flokka, annan þann, er laun hefði úr ríkissjóði, og annan þann, er laun hefði úr landssjóði, sem kom fram í uppástúngum stjórnarinnar til þjóðfundarins 1851. En þessi skiptíng getur að eins átt við, meðan fjárhagur Íslands er ekki að skilinn, en ekki leingur, og leiðir þar af, að ef fjárhagurinn yrði nú að skilinn innan skamms tíma, þá yrði þetta lagaboð, sem nú kæmi út með þessu lagi, öldúngis ónýtt, og yrði þá annaðhvort að búa til nýtt frumvarp á öðrum grundvelli, eða hafa aðra aðferð, og ákveða launin öll sèr í lagi. Yrði fjárhagur Íslands að skilinn frá Danmörk, þá yrði að líkindum ýmsu breytt í framkvæmdarstjórninni hèr á landi og í skattalögunum; og þessar breytíngar yrði miðaðar við hag þessa lands. Menn gæti hugsað sèr til dæmis, að skattheimtu yrði komið öðruvísi fyrir, að dómaraembætti yrði að skilin frá skattheimtusýslunum, að sumum embættum kynni að verða fækkað, sum aptur ný upp tekin, og margt fleira. Um allt þetta getur alþíngi að sinni ekkert annað sagt, en að það hlýtur að gjöra ráð fyrir því, vegna þess það hefir ástæðu til, að gjöra ráð fyrir, að fjárhagurinn kunni að verða að skilinn, en að gjöra um það uppástúngur við þetta

frumvarp, gæti alls ekki átt við. Þegar það nú liggur beint við að ætla, að lagaboð þetta gæti eptir efni sínu einúngis verið til eins konar bráðabyrgða, þá virðist enn síður ástæða til, að alþíngi fylgdi því fram, að það kæmi út sem sèrstök lög eptir ályktun ríkisþíngsins í Danmörku.

Alþíngi virðist þar að auki eingin brýn nauðsyn á, að þetta frumvarp komi út í lagaformi á þenna hátt, heldur verður þíngið að halda, að því mætti koma fyrir öðruvísi. Alþíngi leyfði sèr áður allra-þegnsamlegast að geta þess, að því virtist á eingu standa í verunni, þó svo stæði, sem stóð í frumvörpum stjórnarinnar öndverðlega; en stæði ekki svo, þá virðist oss ákvarðanir um laun íslenzkra embættismanna, þeirra er laun hafa af ríkissjóðnum, geta staðið í fjárhagslögunum, eins og þar stendur um tekjur og útgjöld Íslands árlega, og verður ákveðið af ríkisþínginu. Því eins og stjórnin hefir hingað til borið upp fyrir ríkisþíngið, og látið það ákveða ekki einúngis, hvað þyrfti að skjóta til Íslands þarfa á hverju ári, eptir hinu venjulega reikníngslagi stjórnarinnar, heldur og einnig jafnvel tekjur landsins, eða skatta og skyldir landsmanna, ekki að nefna útgjöld þau, er til landsins gánga, og þetta allt án þess nokkur fulltrúi frá Íslands hendi ætti þar þíngsetu, eða alþíngi hefði þar um nokkurt atkvæði, eins mundi henni ekki vaxa í augum, að láta ríkisþíngið ákveða þessi atriði sèr í lagi um nokkurra ára bil. Það væri jafnvel undarlegt, ef farið væri með þetta einstaklega atriði úr fjárhagslögunum öðruvísi, en með hin atriðin, er Ísland snerta.

Alþíngi hlýtur því að ráða frá, að frumvarpið komi út í lagaformi sèrstaklega að svo stöddu, heldur að ákvarðanir þess verði með nauðsynlegum breytíngum teknar í fjárhagslögin árlega, eða þeim komið fyrir á einhvern annan hátt, sem hæfa þætti, meðan svo stendur sem nú er.

En þó þetta sè álit alþíngis með tilliti til frumvarpsins, eins og það er lagað, þá getur þó þíngið ekki leitt hjá sèr, fyrst að yðar konúngleg hátign hefir mildilega gefið því kost á, að segja álit sitt um málið á annað borð, að tala um þá reglu, sem kemur fram í frumvarpi þessu, að gjöra mun á launum samkynja embættismanna hèr og í Danmörku, því alþíngi getur ekki sèð, að regla þessi sè byggð á gildum rökum, eptir því sem nú stendur á. Það hefir ávallt verið vani að undanförnu, að viðurkenna jafnrètti milli íslenzkra og danskra embættismanna, og það er öldúngis samkvæmt þeirri skoðun stjórnarinnar, sem verið hefir og er enn, að halda sameiginlegum fjár-

hag, og vilja álíta Danmörk og Ísland sem eina heild. Ef nú stjórnin lýsti því yfir, að hún sleppti þessari einíng, og vildi að skilja fjárhag og stjórn Íslands og Danmerknr, þá væri vel skiljanlegt, að ekki væri teknir í einn flokk danskir embættismenn og íslenzkir, eða þó menn vildi ákveða laun á sinn máta handa hvorum. En á meðan einíngin stendur í fjárhag og stjórn, þá virðist þínginu það ekki geta verið neinum efa undirorpið, að embættismenn hèr eigi jafnrètti við samkynja embættismenn í Danmörku. Það er og fyrst á seinni tímum, helzt síðan 1830, að mest hefir borið á, að embættismenn hèr hafa feingið lægri laun, en samkynja embættismenn í Danmörku. Ástæða sú, sem til hefir verið greind, og tekin er fram í ástæðum frumvarpsins, að tekjur af Íslandi væri of litlar til móts við útgjöldin, er af slíku leiddi, getur því að eins átt við, að fjárhagur væri að skilinn og hreinir reikníngar gjörðir, en þegar það er ekki, þá ætlar þíngið, að slík ástæða geti ekki haft nokkurt gildi, enda veit þíngið og ekki heldur til, að þessi ástæða komi fram við nokkurn þann part, sem er talinn með í ríkinu og settur undir sömu fjárhagslög. Menn geta ekki í sömu andránni skoðað Ísland, eða hvern hluta ríkisins sem er, svo sem óaðskilinn landspart með sameiginlegum sjóði, og sem aðskilið land með frjálsu forræði á öllum sínum fjárhag. Menn geta ekki heimtað, að alþíngi vísi á fè eða leggi álögur á landið í sömu andránni og þínginu er neitað um að hafa nokkurt atkvæði í fjárhagsmálum landsins eða um reikníngа þess. Þínginu virðist auðsætt, að meðan fjárhagurinn er ekki að skilinn, geti ekki þessi ástæða komið að rèttu lagi til greina. Þarfir Íslands og jafnrètti á við hina hlutana, sem það er í sameiníng við, hljóta að vera grundvallaratriðið. En þar við bætist, að þegar þíngið rennir að eins lauslega auga yfir reikníngа þá, sem nú eru taldir árlega árs í fjárhagslögum Danmerkur fyrir Íslands hönd, þá getur það ekki betur sèð, en að þeir lýsi bezt, hversu lèttvæg sú ástæða er, sem af þeim verður dregin, því svo drepið sè að eins á eitt atriði, þá er tilfærð árlega með útgjöldum Íslands í ríkisreikníngunum allt að 20,000 dala til þess konar útgjalda, sem áður geingu af eignum biskupsstólanna hèr á landi, en ekkert talið aptur til inngjalda, jafnvel þó eignir þessar væri á sínum tíma teknar í ríkissjóðinn með þeim skildaga, að hann stæði straum af þeim útgjöldum, sem á eignunum lágu, svo að þessi útgjöld geta með rèttu skoðazt sem árleg kvöð á ríkissjóðnum, eða útsvar á árgjaldi eptir fè, sem ríkissjóðurinn hefði áður meðtekið. Sama kemur fram, ef skoðuð er sú tekjugrein, er

snertir konúngsjarðir, seldar og óseldar. Það er þess vegna að þingsins ætlun svo fjarstætt álit, að Ísland hafi ekki, sem kallað er, borið sig sjálft hingað til, ef reikníngar væri rètt skoðaðir, að stjórnin sjálf hefir jafnvel viðurkennt þetta optar en einu sinni, og meðal annars í ástæðum til fjárhagslaganna 1850—51.

Það, sem skyldi þá setja hina íslenzku embættismenn á lægra bekk, en samkynja embættisbræður þeirra í Danmörk, ætti þá að vera sjálft ásigkomulagið hèr, að verð á öllum hlutum væri hèr lægra, eða að hægra væri að ná til þess, sem maður þyrfti með, o. s. frv. Alþíngi ætlar, að í þessu efni megi að vísu segja allmikið bæði með og mót, en það ætlar, að niðurstaðan muni verða sú, og það ávallt meir og meir, að þarfir embættismanna hèr verði ekki minni en í Danmörku, fyrir utan Kaupmannahöfn ef til vill, og sè þess vegna eins frá þessari hlið ástæða til, að láta þá njóta jafnrèttis með embættismönnum í Danmörku.

Alþíngi hefir leyft sèr hèr að framan allrabegnsamlegast að geta þess, að þíngið hefir ekki feingið neinar þær skýrslur í hendur, er það geti feingið af fullkomið og nákvæmt yfirlit yfir málið, hvorki með tilliti til Íslands sjálfs, nè með tilliti til samburðarins við lík embætti í Danmörku. Á þínginu hefir að vísu komið fram uppástúnga, sem byggð væri á jafnrètti samkynja embættismanna hèr og í Danmörku, og skyldi eptir henni vera þannig ákveðið, að:

1, Stiptamtmaður og biskup feingi í laun 3,600 rd. hvor, og launabót 200 rd. fyrir hver 5 ár til 4,600 rd. en ekki meira; auk þess skyldi stiptamtmaður fá 400 rd. í borðfè, og biskup 200 rd. fyrir bústað.

2, Amtmennirnir 2,600 rd. hvor, og launabót 200 rd. fyrir hver 5 ár til 3,600 rd.; enn fremur amtmaðurinn í vesturamtinu 200 rd. fyrir bústað.

3, Landfógetinn 1,000 rd. á ári, og launabót 200 rd. fyrir hver 5 ár til 1,600 rd.; sömuleiðis enn fremur 150 rd. í húsleigustyrk.

4, Justitiarius í landsyfirrèttinum 3,000 rd. á ári, og assessorarnir hver 1,600 rd., sömuleiðis launabót 200 rd. fyrir hver 3 ár, til þess hinn fyrsti hefði 4,000, og hinir síðarnefndu hvor um sig 2,400 rd. Auk þess skyldi hinn æðri assessor halda 250 rd. úr dómsmálasjóðnum, en þeir 50 rd. úr sama sjóði, sem hinn annar assessor hefir, skyldi hverfa aptur til sjóðsins.

5, Landlæknirinn 1,200 rd. á ári og hver hèraðslæknir 600 rd.; þar að auki launabót 100 rd. fyrir hver 3 ár, þar til landlæknir hefði

1,600 rd., og hver hinna 1,000 rd. — Þar að auki skyldi læknar allir halda þeim húsleigustyrk, sem þeir hafa haft.

6, Forstöðumaður prestaskólans og rektor skólans hvor 1,600 rd., og launabót 200 rd. fyrir hver 5 ár til 2,200 rd.; enn fremur rektor leigufrían bústað í skólahúsinu, og forstöðumaður prestaskólans 200 rd. húsleigustyrk.

Yfirkennari skólans 1,000 rd. og launabót 200 rd. fyrir hver 5 ár, til 1,600 rd.; sömuleiðis sá, sem nú er, húsleigustyrk 150 rd. á ári.

Undirkennararnir 600 rd. hver, og 100 rd. viðbót fyrir hver 3 ár, til 1,200 rd.; enn fremur hinn fyrri kennarinn við prestaskólann og þrír hinir elztu undirkennarar við latínuskólann 100 rd. í húsleigustyrk.

Fyrir umsjón í skólanum handa einum kennaranna 300 rd. á ári.

Saungkennari skólans, sem jafnframt er organsleikari dómkirkjunnar, 400 rd., og 50 rd. í launabót fyrir hver 3 ár, til 600 rd.

Íþróttakennarinn 200 rd. og launabót 50 rd. fyrir hver 3 ár til 300 rd.

Dyravörður skólans 250 rd. á ári, og 300 rd. eptir 5 ára þjónustu.

7, Dómkirkjupresturinn í Reykjavík 400 rd., auk húsleigustyrks þess, er hann nú hefir.

En meiri hluti alþingis gat ekki fallizt á þessa uppástúngu, af þeim ástæðum, sem fyr eru taldar, er gjörðu þinginu ómögulegt, að bera fram uppástúngur í ákveðnu formi í þessu máli.

Þar á móti þóttist þingið hafa ástæðu til, að taka fram það atriði, sem hèr er drepið á að framan, og sem þinginu virðist ekki nógsamlega hafa verið að gætt í undirbúníngi frumvarps þessa, og það er jafnrètti það, með sanngjörnu tilliti til kríngumstæðanna, sem embættismenn hèr á landi virðast eiga kröfu á, í samburði við samkynja embættismenn í Danmörku. Þingið viðurkennir að vísu, að opt geti verið vandasamt að ákveða jöfnuðinn eptir ásigkomulagi og kríngumstæðum, en það leyfir sèr allraþegnsamlegast að benda til nokkurra atriða, sem því virðist til greina takandi í því efni.

Þar sem stiptamtmaður, amtmenn og biskup eru settir skör lægra í frumvarpinu, en samkynja embættismenn í Danmörku, þá getur alþingi ekki betur sèð, en að ástæða sè til að álíta stiptamtmann hèr, sem í mörgum efnum þarf að sýna tign embættis síns, jafnvel fremri, en marga samkynja embættismenn í Danmörku, þar eð hann er í mörgum efnum og í viðlögum í landstjóra stað; en allir þessir embættismenn hafa svo merkileg embætti á hendi í sjálfum sèr, og svo víðlend hèruð til umráða, að embætti þeirra virðast geta staðið jafnfæt-

is samkynja embættum í Danmörku. Hið sama má segja um yfirdóminn hèr, í samjöfnuði við yfirdóminn t. d. í Vebjörgum. Um hèraðslækna er þess að vísu nokkuð gætt, hversu mjög örðugri þessi embætti eru hèr, en í Danmörku; en hvað landlækni viðvíkur, virðist þínginu nauðsynlegt, að tekið sè sanngjarnt tillit til þeirrar tignar og ábyrgðar, sem embætti hans fylgir, og jafnframt til þess, að honum er miklu meira verk á herðar lagt, en embættisbræðrum hans í Danmörku, þar sem hann er jafnframt hinn eini læknir í Reykjavíkurbæ og í stóru hèraði að auki. Um land- og bæjarfógetann má geta þess, að embætti hans er nokkuð sèrstaklegt í samburði við embætti í Danmörku, og er einnig nokkuð haft tillit til þess í frumvarpinu, en þar hjá er þess að geta, að hann hefir hingað til haft húsleigustyrk, sem ekki er þar talinn með, og þyrfti að taka tillit til þess, að því yrði við bætt. Hvað viðvíkur kennurunum við prestaskólann og latínuskólann, þá virðist þínginu það vera aðgætanda, að kennarar hèr hafa ekki feingið neina hlutdeild í launabót þeirri, sem kennurunum við skólana í Danmörku er veitt með lögum 28. marz 1855. Þar að auki má þess geta, einkum með tilliti til undirkennaranna, að hèr má gjöra ráð fyrir, að kennarar geti ekkert töluvert unnið sèr inn misreitis, til að bæta við tekjur sínar, en á hinn bóginn er mikil nauðsyn, að fá hina duglegustu menn að þessum skólum, og uppörfa þá til, að leita sèr þar til sem beztrar menntunar. Fyrir þá sök virðist þínginu ástæða til, að láta kennara hafa hèr hærri laun, en í Danmörk, því þar er allt öðruvísi ástatt; þar taka kennarar hlut í kennslukaupi lærisveina og ýmsum öðrum hlynnindum, sem ekki eiga sèr hèr stað, og þar að auki eiga þeir þar lángtum hægra með, að vinna sèr í hag með ýmsu móti, en hèr. Þetta hefir og verið viðurkennt að undanförnu, því laun kennaranna við skólann hèr hafa verið sett hærra að tiltölu, en í Danmörku, einkum undirkennaranna.

Frá þingmanni Reykvíkinga kom uppástúnga til þingsins um, að dómkirkjupresturinn í Reykjavík mætti fá húsaleigustyrk sinn, sem nú er 150 rd., aukinn um 400 rd. Eptir því, sem nú stendur á tímum, meðan Reykjavík er ekki stærri bær en hún er, virðist vera sama ástæða til, að auka þann styrk, sem dómkirkjuprestinum er veittur úr ríkissjóðnum, eins og til að auka laun annara embættismanna, því í raun og veru er þó sá styrkur, sem honum er veittur, ekki annað, en launabót, og dómkirkjuprestarnir hafa því meiri þörf á þessum styrk, sem þeir neyðast til að kaupa sèr hús í bænum, en geta ekki búið til leigu.

Það hefir verið bent til, að þegar laun embættismanna þeirra, er fá laun sín úr ríkissjóði, yrði ákveðin, þá yrði að hafa tilit til annara embættismanna á landinu, sem ekki fá laun sín á sama hátt. Þetta væri þá helzt sýslumenn, en þó laun þeirra fari nokkuð eptir árferði, þá er það víst, að hinar betri sýslur þola að sínu leyti, að tekjunum til, samjöfnuð við hvert það embætti, sem nú tekur laun úr ríkissjóði.

Jafnframt og alþingi leyfir sèr allraþegnsamlegast að benda til þessara atriða, sem nú voru nefnd, treystir þingið því, að yðar konúngleg hátign muni mildilega sjá svo um, að embættismenn hèr á landi njóti alls þess jafnrèttis og allrar þeirrar sanngirni með tilliti til launa þeirra, sem fremst má verða, í samburði við samkynja embættismenn í Danmörku.

Eptir því sem ástatt er, að verð á öllum hlutum fer hèr eins og annarstaðar hækkanda, að þetta kemur einkum fram við þá, sem fá laun sín í peníngum, og að þeir embættismenn, sem hèr ræðir um, hafa leingi mátt bíða þeirra launabóta, sem þeir virðast hafa átt sanngirniskröfu til, þá hefir þingið fundið ástæðu til að beiðast þess, að launaviðbót sú, sem veitt yrði, væri veitt sem fyrst að mögulegt er, og ætlar, að það megi verða frá 1. apríl 1860.

Eptir áður sögðu leyfir því alþingi sèr allraþegnsamlegast að bera fram fyrir yðar hátign það álit sitt, uppástúngu og allraþegnsamlegustu bæn:

1, *Að yðar konúnglegri hátign mætti þóknast, að láta ekki þetta frumvarp, þannig lagað, koma út sem opið brèf, heldur að ákvarðanir þess um launabót embættismanna hèr á landi verði með hæfilegum breytíngum teknar í fjárhagslögin árlega, eða á annan hált ákveðnar, meðan svo stendur, sem nú er* (með 14 atkvæðum móti 10).

2, *Að yðar konúngleg hátign vilji mildilega sjá svo um, að embættismenn hèr á landi njóti alls þess jafnrèttis og allrar þeirrar sanngirni með tilliti til launa þeirra, sem fremst má verða, í samburði við samkynja embættismenn í Danmörku, meðan ekki er að skilinn fjárhagur Íslands og Danmerkur* (með 18 atkvæðum gegn 4).

3, *Að sú launabót, sem ákveðin verður handa embættismönnum hèr á landi, þeim er fá laun úr ríkissjóði, verði ákveðin frá 1. apríl 1860* (með 22 atkvæðum).

4, *Að launabót sú, sem veitt verður, nái einnig til dómkirkjuprestsins í Reykjavík* (með 23 atkvæðum).

Nokkrir af þeim, minni hluti þingsins, er eigi gat aðhyllzt þá skoðun á málinu og þá niðurstöðu, sem þingið þannig komst að, áskildi sèr þegar undir umræðum málsins, að fram bera sèrstaklega fyrir yðar konúnglega hátign allraþegnsamlegast ágreiningsálit sitt við meira hlutann, og hljóðar það álit minna hlutans þannig:

„Minni hluti þingsins viðurkennir að vísu, að skoðun meira hlutans er, að því leyti hann heldur fram jafnrètti milli hinna íslenzku og dönsku embættismanna, sem eru í sömu eður líkri stöðu þar og hèr, sú eðlilegasta; en bæði af því, að það getur ef til vill verið efa undirorpið, hvað sè rètt skilið jafnrètti, og jafnrètti í fullum skilníngi getur átt sèr stað í launalegu tilliti, þó launin sè mishá að upphæðinni til, ef kríngumstæðurnar eru frábrugðnar, eða sínar hjá hverjum, þannig varð minni hlutinn að játa það, að hann ekki, eptir því sem á stæði, gæti gjört sèr neina vissa von um það, að stjórnin eða ríkisþíngið, eptir því sem virðist vera meiníngin í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, mundi aðhyllast þá skoðun, sem haldi jafnrètti þessu milli dönsku og íslenzku embættismannanna fast fram, þó minni hlutinn á hinn bóginn sè sannfærður um, að stjórnin og ríkisþíngið muni, þegar það ræður þessu máli til lykta, gæta allrar þeirrar sanngirni og jafnrèttishliðsjónar, hvað þá íslenzku embættismenn áhrærir, sem ætla má til og búast við af hverri rèttlátri stjórn, hvar sem er. Að þessu leyti greinir því meira og minna hlutann að eins á í forminu; báðir eru samdóma í því, að þeir embættismenn, sem hèr ræðir um, þurfi umbótar í þeim launum, sem þeir nú hafa, svo launin sè viðunandi, og að þeir eigi sanngjarna kröfu á því, að þessu verði fullnægt, og báðir treysta þeir því jafnt, að stjórnin muni leggja þann dóm á málið, sem sè rèttvís og sanngjarn; einúngis þykir minna hlutanum að uppástúnga meira hlutans sè nokkuð óákveðin, þó hann jafnframt hljóti að viðurkenna að hún gat varla verið öðruvísi, þegar athugast, að þíngið eingin fjárráð hefir í hendi sèr, og eigi heldur fullljósar skýrslur um upphæð embættislaunanna í Danmörku; þess vegna, og líka af því, að minni hlutinn ekki dyrfðist að fylgja því fast fram, sem hann álítur jafnrètti í þessu efni, hèlt hann sèr að frumvarpi stjórnarinnar, og leyfði sèr einúngis að gjöra einstakar breytíngar við þau laun, sem þar eru tekin til, eptir því sem honum virtust kríngumstæðurnar benda til og mæla fram með; þessar breytíngar mega nú virðast, hvernig sem á þær er litið, mikið hóflegar, og því fremur þykist minni hlutinn geta haft von um, að þeim verði fullur gaumur gefinn, þar

sem þær eru byggðar á kunnugleik og gjörðar með nákvæmri hliðsjón af þeim sèrstaklegu kríngumstæðum, sem hèr eiga sèr stað, og það er einmitt til þess, að fá að heyra þess konar tillögur, að stjórnin hefir sent þínginu málið til íhugunar og álits; en hvernig sem svo á þetta er litið, þá er það þó leitt í ljós og viðurkennt af þínginu, að það er eingin gild ástæða fyrir þeirri skoðun, að þau í frumvarpinu tilteknu laun, eins og virðist að hafa vakað fyrir ríkisþínginu, sè, eins og þau þar eru ákveðin, enda allt of ríflega ákveðin, og þó er það þessi skoðunin, sem hefir haft þau áhrif á kjör íslenzku embættismannanna, að þeir nú eru orðnir svo lángt á eptir sínum líkum í Danmörku, að þar er svo sem ekkert hlutfall orðið á milli hvorratveggja; en þegar búið er að sýna það, að þessi skoðun sè ekki á ástæðum byggð, en að allar eða þó flestar lífsins nauðsynjar sè fullt svo dýrkeyptar, og sumar enda dýrkeyptari á Íslandi en í Danmörku, þá kemur þörfin fyrst fram eins og hún er, og þá liggur það í augum uppi, hvað íslenzku embættismennirnir eru orðnir útundan, og hversu rèttvísa og sanngjarna kröfu þeir eiga á því, að úr þessu sè bætt.

Með þetta fyrir augum sèr hefir minni hlutinn hagað uppástúngum sínum, og skal nú gjöra grein fyrir hverri þeirra fyrir sig.

Laun stiptamtmannsins eru í frumvarpinu ákveðin til 3,000 rd., auk 400 rd. í borðfè, en þar sem það ekki er tekið fram, að hann skuli stíga í launum með embættisárunum, eins og hinir aðrir embættismenn, hefir minni hlutanum þótt betur eiga við, að ákveða launin til 2,800 rd. og þannig að hann hver 3 ár, sem hann er í embættinu, fái 200 rd. viðbót í laununum, til þess hann hefir feingið 3,400 rd., auk þeirra 400 rd., sem hann nú hefir í borðfè; og þó minni hlutinn viðurkenni, að þetta sè í minnsta lagi í sambandi við hans tignarlegu embættisstöðu, og að enda sè full ástæða til þess, að hann sè að launum settur öldúngis jafnhliða stiptamtmönnum í Danmörku, er staða hans er fullt svo tignarleg og enda áþyrgðarmeiri í sumum greinum, hefir minni hlutinn þó ekki dyrfst að fara leingra, en nú var tekið fram.

Biskupinn á Íslandi er í frumvarpinu settur jafnhliða stiptamtmanni að launum, og er það því heldur með góðum ástæðum, sem hann ekki hefir neina skrifstofupeníinga. Minni hlutinn hefir því haldið fram sömu stefnu í, að ákveða laun hans, eins og með stiptamtmannsins, og þannig stúngið upp á, að hann einnig byrji með 2,800 rd. launum, og fái á hverjum 5 árum, sem hann er í embætt-

inu, 200 rd. í launaviðbót, en hæst 3,400, auk húsaleigu, 200 rd. um árið, eins og hann nú hefir.

Við laun amtmannanna í norður og vesturumdæminu, stíngur minni hlutinn upp á, að þeir í stað 2,000 rd. fái hver um sig 2,200 rd. í laun á ári, og að þeim veitist fyrir hver 5 ár, sem þeir þjóna í embættinu 200 rd. launaviðbót, en þó eigi hærri laun, en 3,000 rd., auk húsaleigupeninga og húsnæðis, eins og nú er.

Landfógetinn á eptir frumvarpinu að fá í laun 1,000 rd., en minna hlutanum þykir full ástæða til, að mæla fram með því, að þessu verði breytt þannig, að honum veitist enn fremur 200 rd. launaviðbót fyrir hver 5 ár, sem hann gegnir embættinu, þó þannig, að laun hans eigi verði hærri, en 1,000 rd. um árið, og telur það jafnframt sjálfsagt, að landfógetinn haldi þeim 150 rd., sem hann nú hefir í húsaleigu, þó þetta ekki sè með berum orðum tekið fram í frumvarpinu. Justitiarius í landsyfirrèttinum eru í frumvarpinu ákveðin 2,000 rd. í árleg laun, og fyrir hver 5 ár, sem hann þjónar þessu embætti, 200 rd. launaviðbót, þángað til hann er búinn að ná 3,000 rd. Minna hlutanum virðist, að þessi laun sè í samburði við laun justitiarii í Danmörku og stöðu hans að öðru leyti allt of lágt ákveðin, sèr í lagi þó, þegar litið er á það, að honum er ekki ætlað að fá launaviðbót nema á hverjum 5 árum, en í Danmörku hvert 3. ár, og honum því yfir höfuð að tala, fyrir aldurs sakir, sjaldnast muni verða auðið, að komast á þau laun, sem honum eru hæst ákveðin; með hliðsjón af þessum atriðum hefir minna hlutanum þótt ástæða til, að stínga upp á þeirri breytíngu, að justitiarius skuli byrja með 2,200 rd. árlegum launum, og að hann fái 200 rd. launaviðbót fyrir hver 3 ár, sem hann þjónar embættinu, en hæst 3,000 rd. árlega.

Laun dómendanna í landsyfirrèttinum, sem í frumvarpinu eru ákveðin til 1,000 rd. um árið, með 200 rd. launaviðbót fyrir hvert 5. ár, allt að 2,000 rd. árlega, virðist minna hlutanum, bæði þegar þessi laun eru borin saman við sýslumanna laun hèr í þeim betri sýslunum, og við laun yfirdómara í Danmörku, sè oflág til að byrja með, og hefir hann því stúngið upp á þeirri breytíngu, að þeir byrji með 1,200 rd., en að öðru leyti skuli fara eptir frumvarpinu um laun þessara embættismanna.

Landlæknirinn á Íslandi er í svo álitlegri og jafnframt svo vandasamri stöðu, og hefir þar að auki fleiri störfum að gegna, en *landphysici* hafa í Danmörku, þar sem hann er jafnframt læknir í víðlendu hèraði, að það virðist hæfilegt, að þess sjái nokkurn mun,

og því er hèr stúngið upp á, að hann fái í árleg laun 1,200 rd., og þar að auki 100 rd. í viðbót hvert 3. ár, sem hann er í embætti, allt að 1,600 rd. á ári.

Þar eð prestaskólinn óneitanlega er æðri menntastofnun, en hinn lærði skóli, með því að stúdentar frá lærða skólanum gánga á prestaskólann til að undirbúa sig þar til geistlegra embætta, virðist eigi ástæða til að ákveða laun forstöðumannsins og kennaranna við hann, eins og gjört er í frumvarpinu, jafnt við rektor, og kennara skólans, eins og það að öðru leyti virðist sjálfsagt, að laun forstöðumanns prestaskólans eigi að vera betri, og hins næsta kennara ekki minni en svo, að samsvari tekjum hinna beztu brauða í landinu, svo að hann eigi finni hvatir til að sækja úr því embætti um brauð; því það er harðla nauðsynlegt, að þessi embætti sè svo aðgeingileg, að í þau veljist beztu guðfræðíngar, sem kostur er á, og geti unað þar stöðu sinni. Af þessum ástæðum þykir minna hlutanum hæfilegt, að forstöðumaður prestaskólans fái 1,800 rd. árlega, og enn fremur, auk húsaleigu þeirrar, sem hann nú hefir, fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu, 200 rd., og allt að 2,400 rd. hæst árlega, en fyrsti kennari við prestaskólann fái 1,000 rd. á ári, og fyrir hver 5 ár, sem hann er í embætti 200 rd. allt að 1,600 rd. um árið, þannig að hann fái sömu laun og yfirkennari við latínuskólann, en 2 kennari byrji með 700 rd. eða 100 rd. meiri launum, en kennarar við latínuskólann, og endi með 1,200 rd., en að undirkennararnir við latínuskólann byrji með 600 rd. og endi með 1,200 um árið, og að þar að auki haldist sá húsaleigustyrkur, sem 3 elztu kennararnir hafa haft híngað til. Áhrærandi laun skólameistarans og yfirkennarans hefir minni hlutinn þar á móti ekkert fundið að athuga.

Laun saungkennarans, sem einnig er organsleikari dómkirkjunnar, og hèr eptir skal skyldur, að kenna prestaskólamönnum að tóna, virðast hæfilega ákveðin til 400 rd. um árið, og að hann fái enn fremur 50 rd. hvert 5. ár, sem hann gegnir þessari köllun í launaviðbót, og hæst 600 rd.

Dyravörður skólans hefir híngað til haft í laun að eins 200 rd. um árið, en það hefir reynslan sýnt og sannað, að þessi laun hafa reynzt ónóg, þar sem hann þarf að halda 2 stúlkur til að halda skólahúsinu hreinu, m. m., og því virðist honum megi ekki launa með minnu, en 250 rd. árlega, og að hann fyrir hver 5 ár fái þar að auki 50 rd. í viðbót og endi með 300 rd. árlega.

Dómkirkjuprestsembættið í Reykjavík er svo launalítið — hèr

um bil 1,000 rd. um árið — að allir hljóta að játa, að það er bæði æskilegt og nauðsynlegt, að það verði bætt, svo það yrði aðgengilegt og eptirsóknarvert, og að minnsta kosti eins gott að tekjum og beztu brauðin á landinu, þar sem þessu embætti fylgir meiri vandi og útheimtir meiri menntun yfir höfuð að tala, en önnur prestsembætti hèr á landi, en því að eins er hugsandi til, að í það veljist hæfilegustu mennirnir, að embættið sè nokkurn veginn aðgengilegt að tekjunum til, af þessum ástæðum hefir minni hlutinn stúngið upp á, að þetta brauð yrði bætt upp með 250 rd. árlega úr ríkissjóðnum, auk þess húsaleigustyrks, sem því nú fylgir.

Loks hefir minni hlutinn leyft sèr að taka það fram og mæla með því, að sýslumanninum í Gullbríngu- og Kjósarsýslu, sem nú hefir 235 rd. úr ríkissjóði, yrði veitt nokkur launaviðbót, þannig, að hann í allt feingi 400 rd. úr ríkissjóðnum um árið, og er þetta byggt á því, að laun þessa embættismanns eru svo lítil, að hann ekki getur unað við þau, en embætti hans að öðru leyti mjög ábyrgðarmikið og vandasamara, en sýslumanna embætti að öðru leyti eru.

Af framan töldum ástæðum leyfir minni hlutinn sèr allraþegnsamlegast að mæla fram með því, að frumvarpið komi út sem opið brèf með eptirfylgjandi breytíngum:

1. *Að stiptamtmaðurinn og biskupinn á Íslandi fái í laun 2,800 rd. hvor, þar að auki fái þeir í launaviðbót fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættum, 200 rd., þó megi laun þeirra eigi verða hærri, en 3,400 rd. Stiptamtmaður fær þar að auki, eins og hingað til, 400 rd. í borðfè, og biskupinn 200 rd. í húsaleigu, eins og hingað til.*
2. *Amtmennirnir í norður- og vesturumdæmunum fái í laun 2,200 rd. hvor á ári, þar að auki veitist þeim árleg launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættum, þó geta laun þeirra eigi orðið hærri en 3,000 rd.*
3. *Landfógetinn fær í laun 1,000 rd. á ári; þar að auki veitist honum í launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu, þó mega laun hans eigi hærri verða en 1,600 rd. auk húsaleigu eins og hingað til.*
4. *Justitiarius fái í laun 2,200 rd. árlega, og þar að auki fái hann 200 rd. launaviðbót fyrir hver 3 ár, sem hann er í embættinu, en hæst 3,000 rd.*
5. *Dómararnir í landsyfirrèttinum fái í laun árlega 1,200 rd.; þar að auki fær hver þeirra 200 rd. í launaviðbót*

fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun þeirra eigi orðið hærri, en 2,000 rd. um árið. Hinn fyrsti meðdómari heldur þar að auki eptirleiðis þeim 250 rd. á ári, sem honum hafa hingað til verið goldnir úr dómsmálasjóðnum; þar á móti falla þeir 50 rd. í burtu eptirleiðis, sem hinn 2. meðdómari hingað til hefir feingið úr sama sjóði.

6. *Landlæknirinn fær í árleg laun 1,200 rd. og 3. hvert ár, launaviðbót 100 rd., þángað til hann er búinn að fá 1,600 rd. árlega, auk húsaleigu þeirrar, 150 rd., er hann nú hefir; en um hèraðslækna fer eptir frumvarpinu.*
7. *Forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík fær í laun 1,800 rd., og þar að auki launaviðbót 200 rd. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embætti, þángað til hann er búinn að fá 2,400 rd., auk húsaleigustyrks eins og hingað til.*
8. *Fyrri kennarinn við prestaskólann fær í laun 1,000 rd., og 200 rd. viðbót á hverjum 5 árum, en hæst 1,600 rd.*
9. *2. kennari fær í laun 700 rd. á ári, og 100 rd. fyrir hver 3 ár, sem hann þjónar embættinu, en hæst 1,200 rd.*
10. *Undirkennararnir við hinn lærða skóla fái í laun 600 rd., og 100 rd. viðbót veitist þeim fyrir hver 3 ár, en hæst 1,200 rd. árleg laun.*

    Þar að auki halda 3 elztu kennararnir þeim húsaleigustyrk, sem þeir hafa haft hingað til.
11. *Saungkennarinn við skólann fær í laun 400 rd. árlega, 5. hvert ár 50 rd. launaviðbót, en hæst 600 rd.*
12. *Dyravörður skólans fær 250 rd. árlega í laun, en fyrir hver 5 ár, sem hann gegnir þessari köllun, fær hann 50 rd. launaviðbót, en hæst 300 rd. um árið.*
13. *Dómkirkjuprestinum í Reykjavik veitist fyrst um sinn 250 rd. úr ríkissjóði, auk húsaleigu styrks 150 rd. árlega, sem honum hingað til hefir verið veittur árlega.*
14. *Sýslumanninum í Gullbríngu- og Kjósarsýslu veitist úr ríkissjóði 400 rd. árlega, í stað þeirra 235 rd., sem hann nú nýtur.*

Þessi launaviðbót byrjar með 1. apr. 1860.

Reykjavík, 18. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast

Jón Guðmundsson. *Jón Sigurðsson* (frá Kaupmannahöfn).

7. Frumvarp til bænarskrár í málinu um *úrræði við hallæri og almennri neyð,* þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Fyrir alþíngi var í þetta sinn borin upp uppástúnga frá 3 þíngmönnum, sem lýsti mjög ískyggilega ástandinu víða á landi hèr, og fór fram á, að þíngið tæki til yfirvegunar, hver ráð mundi bezt til fallin, til að koma í veg fyrir almenna neyð.

Þíngið kaus 5 manna nefnd í málið, ræddi það á 2 aðalfundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að tjá yðar hátign frá áliti sínu og óskum þar að lútandi á þessa leið.

Þó að þíngið skorti greinilegar skýrslur um ástandið í sèrhverju byggðarlagi landsins fyrir sig, þá er það í ljós leitt við umræður þíngmanna, að hinn seinast liðni afarharði vetur hefir víðast um land haft mjög skaðleg áhrif á hinn helzta bjargræðisveg landsmanna, svoleiðis, að mikið hefir víða fallið af sauðfènaði, og margar kýr verið skornar sökum fóðurskorts einkum í Snæfellsnes-, Stranda- og Eyjafjarðarsýslum, samt að málnytupeníngur hefir í sumar gjört lítið gagn, sökum þess að hann varð svo magur í vor. Hafísinn umgirti meiri hluta landsins lángt fram á vor, svo skip komust þar ekki inn á hafnir, fyr en seinast í maímánuði og víða jafnvel ekki fyr, en lángt fram í júnímánuði. Var þá víðast orðið kornlaust á verzlunarstöðum, og sumstaðar talsverður bjargarskortur manna á milli. Víða brást og sjáfarafli seinastl. vetur, þar sem hann er þó vanur að vera, einkum á Vesturlandi. Af því bágborna ástandi, sem hèr að framan er lýst, hefir leitt ótta fyrir bjargarskorti á næstkomanda vetri, nema miklu meira korn flyttist í sumar til landsins, en vanalegt er, og er þínginu kunnugt, að amtmennirnir í norð- austur- og vesturumdæmunum hafa þegar leitað fulltíngis hjá stjórn yðar hátignar í þessu tilliti. Í suðurumdæminu er sauðfènaðurinn víða orðinn svo fár, að hann virðist með öllu ónógur hlutaðeigendum til lífsbjargar, og marga vantar efni til, að geta keypt sèr korn, þó til væri, en sveitasjóðir víðast eyddir í þessu umdæmi; og frá einum hrepp í Borgarfjarðarsýslu hefir komið bænarskrá til þíngsins, sem óskar styrks „úr einhverjum þeim opinberum styrktarsjóði, sem til mætti þrífa í harðindis- og hallæristíð", og hafði nefndin í málinu þessa bænarskrá til meðferðar. Þegar þíngið fór að hugleiða og ræða vandamál þetta, gat það ekki dulizt því, að tiltækilegast og hollast væri, að landsmenn reyndi eptir ítrustu kröptum að bjarga sèr sjálfir,

og að málið hlyti helzt að ná til hlutaðeigandi amtmanna, sem einnig mundi, að von þingsins, gjöra allt, sem í þeirra valdi stæði, til að koma í veg fyrir þau vandræði, sem þeir hefði áreiðanlegar skýrslur um, að í raun og veru væri að óttast fyrir. En þó nú þingið treysti því, að í mörgum sveitum, einkum norður- og austurumdæmisins, sè svo ástatt, að ekki þurfi að óttast fyrir hungursneyð næstkomandi vetur, þegar skynsamlega er að farið, og þau meðöl notuð, sem fyrir hendi eru, sem þingið ekki efast um að amtmenn, eptir þeirri áskorun, sem það nú sendir þeim, muni hvetja landsbúa til, þá getur þingið þó ekki annað en óttast fyrir, að frekari ráðstafana muni þörf vera fyrir þau byggðarlög, sem bágstöddust eru; og þessar ráðstafanir yrði þá, eptir áliti þingsins, helzt að lúta að því, að sjá fyrir kornbyrgðum á verzlunarsöðnum í þeim sýslum, sem bágstaddastar eru, og að útvega sveitasjóðunum lán eður fjárstyrk, þar sem hreppsbúarnir sökum fátæktar ekki geta keypt sèr korn til lífsbjargar; og eins og nú amtmennirnir hafa fundið, og hèr eptir kunna að finna tilefni til, að leita fulltingis hjá stjórn yðar hátignar, til að fá þvílíkum ráðstöfunum framgeingt, þannig finnur þingið sèr einnig skylt, að styrkja hið bezta tillögur þeirra og bænir í þessa stefnu.

Eptir áður sögðu leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast með 21 atkvæði gegn 2 að fram bera þá bæn:

Að yðar hátign veiti mildilega undirtekt þeim bænum og uppástúngum, sem amtmennirnir hafa gjört eða nú gjöra, til að forða almennri húngursneyð í yfirvofandi hallæri, svo sem um að fá kornbyrgðir sem fyrst á þeim stöðum, þar sem þeir ætla, að helzt þurfi hjálpar við, að sveitunum verði opnað lán og veittur fjárstyrkur, þar sem hreppsbúarnir, sökum fátæktar, ekki geta keypt það.

Reykjavík, 18. ágúst 1859.

Allraþegnsamlegast.

Jón Guðmundsson. *Halldór Jónsson.*

Eptir að upplestri þessara bænarskráa og álitsskjala var lokið, og þingið hafði samþykkt hvert þeirra fyrir sig, stóð *konúngsfulltrúi* upp og flutti svo hljóðandi ræðu:

Háttvirtu alþingisfulltrúar
ástkæru landsmenn!

Nú þegar loksins er að því komið, að störfum vorum hèr skal linna að þessu sinni, og þingi þessu skal slíta, finn eg það hlýða,

eins og hingað til hefir verið venja, að tala til yðar fáein orð frá þessum stað að skilnaði.

Þing þetta hefir staðið leingur en nokkurt þeirra, er áður hefir verið hèr haldið, af því nokkur af þeim konúnglegu frumvörpum, sem eg eigi hefi getað ætlað annað, en að stjórninni muni vera annt um, að útrædd og afgreidd yrði hèr á þinginu, komu svo seint frá nefndunum, að þau fyrst gátu orðið búin nú rètt undir þinglok. Þetta get eg eigi annað en álitið miður fallið í fleiru tilliti, og því óskanda, að þingnefndirnar hèr eptir, meir en hingað til, flýtti fyrir afgreiðslu konúngsmálanna, og eins, að þingmennirnir eptirleiðis spöruðu svo mikið, sem mest má verða, þær laungu þingræður, er í þetta sinn hafa orðið við inngángsumræður mála þeirra, er komið hafa frá þjóðinni; því annars getur afleiðingin orðið sú, að stjórnin neyðist til að taka í taumana til að afstýra því, að leingd þingtímans baki landinu of mikinn og ónauðsynlegan kostnað. En þó eg nú þannig ætli, að þingtímanum framan af hefði mátt verja hentugar, en skeð er í þetta sinn, þá skal eg þó á hinn bóginn fúslega játa, að þingið hinn síðari hluta þingtímans hefir starfað að máleínunum með slíkri atorku og fylgi, að það næstum má þykja furða, hversu miklu þol og kraptar þingsins hafa getað afkastað.

Af þeim málum, sem í þetta sinni hafa komið fyrir alþingi, mun þjóð vorri þykja fjárkláðamálið hið merkilegasta, eins og það líka er fyrir hana hið mestumvarðanda. Það ber nú svo vel til í þessu máli, að allir eru í aðalatriði þess á einu máli. Bæði stjórnin, þjóðin og þingið setja það sem mark og mið, að varna útbreiðslu fjárkláðans til hinna ósýktu hèraða, og að út rýma sýkinni í þeim hèruðum, þar sem hún hefir fest rætur. Stjórnin hefir nú örlátlega veitt mikinn fèstyrk, til að ná því eptirræskta augnamiði, og sent hingað sína erindsreka, til að gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til að ná þessum tilgángi; og eg tel það víst, að þessir menn muni leggja fram alla krapta sína til þess, að ná því augnamiði, sem erindi þeirra miðar til, nefnil., að varna útbreiðslu fjárkláðans til hinna ósýktu hèraða, og út rýma henni í þeim sýktu. Að þessu aðalaugnamiði hafa allar umræður þingsins stefnt, og eg vona þess vegna, að þær muni fá góða áheyrn hjá stórninni.

Af málum þeim, sem af stjórnarinnar hendi í þetta sinn hafa verið lögð fyrir þingið, eru vegabótamálið og jarðamatsmálið þau merkilegustu. Þessi mál vona eg hafi í þetta sinn á þinginu feingið þau afdrif, að þess megi vænta, að stjórnin muni geta hagnýtt sèr

tillögur þingsins til að semja um þau lagaboð fyrir landið; þar á móti hefir eitt af þeim málefnum, sem stjórnin í þetta sinn hefir borið undir þingið, það er: frumvarp til opins brèfs um endurgjald jarðamatskostnaðarins ekki feingið þau úrslit á þinginu, er eg vildi hafa óskað, þar sem þingið hefir ráðið konúngi frá, að samþykkja þetta frumvarp að svo komnu. En eg vona, að stjórnin samt sem áður muni geta fundið einhvern góðan veg til að greiða fram úr þessu málefni og ráða því til lykta.

En þó nú þannig skoðun mín á þessu og fleiri málefnum, sem nú hafa komið fyrir þingið, hafi verið nokkuð frábrugðin því, sem þingið, eða að minnsta kosti meiri hluti þess, hefir látið í ljósi, þá hefir þó þetta ekki staðið í vegi fyrir því, að þèr, heiðruðu þingmenn! í þetta skipti, sem áður, hafið sýnt mèr stöðugan velvilja og tiltrú. Vott um það hefi eg um þenna þingtíma feingið á margan hátt, og endurminníng þess tíma, er eg í þetta sinn hefi dvalið hèr meðal yðar, mun því jafnan vera mèr gleðileg.

Eg finn mèr því skylt, að votta yður öllum yfir höfuð, og hverjum útaf fyrir sig mitt innilegt þakklæti.

Hinum háttvirta *forseta* kann eg mínar beztu þakkir bæði fyrir þann velvilja, er hann persónulega hefir sýnt mèr í samvinnu okkar, og líka fyrir hina ötulu og þrautgóðu forstöðu, er hann hefir veitt þingsins störfum; því það má þakka hans alkunnu eljun og óþreytandi iðjusemi, að þingstörfunum hefir orðið lokið svo í þetta sinn, að þingið hefir afgreitt öll þau mál, sem það hafði til meðferðar að þessu sinni.

Þingsins háttvirta *varaforseta* finn eg mèr einnig skylt að votta alúðlegt þakklæti mitt fyrir þá stöðugu velvild, er hann nú á þessu þingi, eins og jafnan að undanförnu, hefir auðsýnt mèr. Hinum heiðruðu skrifurum þingsins þakka eg fyrir þann dugnað, árvekni, og reglusemi, er þeir hafa sýnt í því, að halda ritstörfum þingsins í rèttu og góðu horfi.

Þessi orð mín enda eg þá að síðustu með þeirri bæn, að drottinn haldi sinni verndarhendi yfir þessu þingi, og stýri öllum þess athöfnum þannig, að þau verði því til sóma og voru ástkæra föðurlandi til sannra heilla og hamingju.

Þá stóð *forseti* upp og flutti svo látandi ræðu:

Háttvirtu herrar og alþingismenn!

Þegar vèr í umboði konúngs vors og þjóðarinnar geingum að köllun vorri í þessum sal fyrir 49 dögum síðan, þá efa eg það ekki, að margir af oss, eða flestir, hafi verið milli vonar og ótta um það, hvernig samvinna vor mundi takast að þessu sinni, hve miklu yrði af kastað af hinum umfángsmiklu ætlunarverkum vorum á þessu þíngi, hvort oss mundi auðnast að leysa þau af hendi í því lagi, sem þarf við hvert þíngmál, ef það á að vera frambærilegt fyrir konúnginn og þjóðina, og með þeim samtökum og sannfærandi ástæðum, sem árángur hvers þíngmáls er undir kominn. Það var eðlilegt, þó vèr værum efablandnari um þetta nú um byrjun samvinnu vorrar, heldur en að undanförnu, þar sem þeim hafði nú við síðustu kosníngar fækkað svo mjög, er hafa unnið saman við oss á undanförnum þíngum og tveir fimmtúngar allra þíngmanna voru að þessu sinni nýir og óreyndir, þektu lítið til vor hinna eldri þíngmanna, en hvorki þjóð vor yfir höfuð að tala nè vèr, sem eldri erum, þekktum neitt til þeirra.

Nú, við lok þessarar samvinnu vorrar, er sú efablendni horfin. Það er vissulega gleðilegt teikn tímans, er þetta alþíngi hefir leitt í ljós, það eru mikilvægir ávextir af undanförnum þíngum og af óþreytandi árvekni þess hins ágæta manns — hver maður verður að minnast hans, þegar minnst er á alþíngi Íslendínga og framfarir þess og viðgáng, er hefir mest allra og bezt stutt þjóðþíng vort utan þíngs og innan, leitt það í barndómi og skýrt og treyst rèttindi þess og þjóðarinnar bæði utanlands og innan, — það er gleðilegt, segi eg, að þetta alþíngi hefir hèr af leitt í ljós svo augljósa ávexti, sem nú eru komnir fram, að þjóð vor hefir kjörið og sent á þíng sitt að þessu sinni 9 nýja þíngmenn, og það jafnvel flesta þeirra eða alla svo ágæt þíngmannaefni, eins og þessir hinir nýkjörnu þjóðfulltrúar hafa sýnt að þeir sè. Þetta er talandi vottur um það fjör og þann áhuga þjóðar vorrar á málefnum sínum, sem alþíngi hefir vakið, og að þetta fjör og áhugi er smámsaman að glæðast og muni glæðast æ meir og meir og festa æ dýpri og umfángsmeiri rætur; að því styður alþíngi því meir og því betur, sem það er betur skipað, og varla er ofsagt, að það hafi ekki nokkru sinni verið jafnvel skipað þíngmönnum sem nú; eg hefi ekki það eina fyrir mèr, að þíngið er þetta fjölmennast, að því sem nokkru sinni hefir verið að undanförnu.

En látum þjóð vora sjálfa og reynsluna skera úr málum um það, hvernig oss hafi tekizt að leysa ætlunarverk vor af hendi að þessu sinni. Þau hafa bæði verið mörg, og eigi auðveld sum þeirra. Þó að oss hefði nú tekizt vonum fremur að leysa þau viðunanlega af hendi, þingið allt og hver þingmanna hefir sýnt allan vilja á, að gjöra það sem bezt, — allt um það vitum vèr, að margt er því til fyrirstöðu, að árángur ýmsra hinna mikilvægari mála vorra geti orðið svo greiður og góður, sem óskandi væri og þörf vor er til; en bernskulegt bráðræði má sízt buga fulltrúa þjóðarinnar og því síður snúa þeim hugarhvarf frá rèttum vegi; ef vèr að eins höldum saman á rèttri stefnu með festu og þolgæði, þá mun æfinlega eitthvað ávinnast og mikið ávinnast; getur verið, að oss, sem byrjum leiðina, auðnist eigi að ná þángað, er vèr stefnum, eða að lifa það, að sjá þjóð vora upp skera það, er vèr sáum, en það er mikið áunnið, ef vèr getum niður sáð því sæði, er góð uppskeruvon er af, ef vèr getum rutt hinni næstu kynslóðinni fasta braut og markað henni þá stefnu, er þjóðinni verður hollast að halda sèr eindreigið við; þá mun öllu þoka smásaman áfram jafnt og sígandi, þjóð vorri til framfara og heilla.

Það eru alls 44 mál, er komið hafa til umræðu á þessu þingi, og tel eg eigi þar með 10 bænarskrár, er hafa verið samteingdar við önnur mál, eða vísað til nefnda, sem í þeim málum voru settar. Af konúngs hendi hafa verið lögð fyrir þingið 7 lagafrumvörp og eitt álitsmál, *um lagaboð þau er hafa út komið í Danmörku* milli alþinganna 1857—1859, mjög merkilegt mál fyrir þetta land, eins og allt, er löggjöf vora áhrærir og umbót á henni; af hinum konúngsmálunum eru einkum mjög þýðingarmikil fyrir gjörvallt landið, það *um löggildingu nýrrar jarðabókar fyrir Ísland* (eða hins nýja jarðamats 1849—1850), um *laun ýmsra embættismanna* og *vegabótalögin*. Af þegnlegum uppástúngum hafa 37 komið fram á þingi; um 11 þeirra ályktaði þingið, að vísa frá nefndarkosningu; einu var vísað til póstmálanefndar þeirrar, er nú kemur hèr saman í Reykjavík í þinglok, eptir fyrirlagi stjórnarinnar; um eitt (um gildi kosningar eins þingmanns) var ályktun tekin þegar í inngángs umræðu; 2 málunum var vísað gegnum forseta til hlutaðeigandi háyfirvalda, án þess þau geingi áður til nefnda, en um 22 voru nefndir kosnar, þar á meðal þakkarávarp til konúngs vors fyrir undirskript hins íslenzka texta lagaboðanna. Alls hafa því verið nefndir kosnar í 30 mál, og þau öll rædd á 2 aðalfundum eins og lögskipað er,

en eitt þeirra (um útbýtingu alþingistíðindanna) var innanþingsmál, og þurfti því ekki leingra að reka; um 2 ályktaði þingið, að vísa þeim fyrir milligaungu forseta til hlutaðeiganda amtmanns, en um 27 hafa verið rituð álitsskjöl og bænarskrár frá þinginu til konúngs. Nokkrar af hinum þegnlegu uppástúngum eru harðla merkilegar, og gjörvalt landið mikils varðandi, svo sem er einkum um *stjórnarbót,* um *sveitastjórn,* um *læknaskipun,* um *fiskiveiðar útlendra við Ísland;* mjög mikið er undir því komið fyrir þetta land, að mál þessi gæti feingið framgáng sem allra fyrst. Þá er og *fjárkláðamálið,* það er aðalmál *þessa* tíma, og þó að það sè annars eðlis en þau málin, er nú nefnda eg, þá er það sannarlegt velferðarmál landsmanna; það er vonandi, að því leingri og eindregnari og ríkari, sem afskipti stjórnarinnar verða af því máli, því betur muni bæði hún og erindsrekar hennar sannfærast um það, að aðferli þessa faraldurs, eins og það hefir nú sýnt sig hèr á landi, og landshættir allir, búnaður og landslag og loptslag þessa lands, krefur þess, að nokkuð önnur stefna og nokkuð önnur meðferð þessa máls sè hèr tekin, heldur en sú, sem að vísu kann að vera alveg rètt eptir einberri vísindalegri skoðan og eptir því, sem víðast kann að vera við haft í öðrum löndum, og sem fylgt hefir verið hèr fram til þessa af hendi stjórnarinnar, á móti skoðun og áliti megin þorra landsmanna, á móti reynslu þeirri, sem hèr er enn komin fram í málinu, og með mjög tvísýnum eða sjálfsagt mjög litlum árángri hingað til; en þess er jafnframt vonanda, að landsmenn sjálfir láti sèr mikið lærast af fjártjóni því, er þeir þegar hafa beðið, og þeim, ef til vill, er enn búið af þessu faraldri, en það er, að þeir leggist allir á eitt með að hirða og bæta betur en hingað til, fjárstofn þann, er þeir nú koma upp af nýju. Yfir höfuð að tala verður það eina úrræðið í þessu máli, ef það skal greið og happasæl afdrif fá, sem ágætur höfundur sagði um það í fyrra, „að menn verða í þessu máli að laga sig hver eptir öðrum sem mest, til þess að allir geti orðið samtaka í því, sem mest ríður á".

Af þessu yfirliti, er eg nú gaf, má sjá, að vèr höfum eigi að eins haft miklu fleiri mál til meðferðar, heldur en á nokkru undanförnu þingi hefir verið, heldur og sum þeirra næsta umfángsmikil og vandasöm, og áríðandi fyrir þetta land; það er satt, þetta þing hefir nú staðið degi leingur en hið síðasta (1857), en málin eru líka margfalt fleiri, og þar til koma 2 frumvörp stjórnarinnar ekki þinginu í hendur fyr, en 8 dagar voru liðnir af þingtíma. Úrgreiðsla

málanna hefir því geingið vonum framar, einkum þegar þess er gætt, að svo telst til, að ekki hefir þó verið varið nema $1\frac{1}{2}$ degi til hvers þess máls, sem þrírætt er, tvisvar á aðalfundum, og bænarskrár til konúngs ritaðar í nálega öllum þeirra; eg ætla, að til meiri afkasta verði ekki ætlazt af ekki fjölskipaðra þíngi, en þetta þíng er; er þetta að þakka þeirri elju, alúð og samtökum, er allir hinir virðulegu þíngmenn hafa lagt fram til þess að greiða málunum sem beztan framgáng; sumir þeirra hafa orðið að leggja mjög mikið á sig til þess, en einkum á þetta heima hjá *framsögumönnum* hinna vandasamari og yfirgripsmeiri málanna, er þeir hafa lagt svo sèrstaka alúð við. Eg votta því öllum hinum háttvirtu þíngmönnum, en sèr í lagi *framsögumönnum* málanna og *skrifurum* þíngsins, er hafa aðstoðað mig svo vel og auðsýnt mèr svo mikla alúð og velvilja, mitt innilegt þakklæti fyrir störf sín, og fyrir alla þá framkvæmd og dugnað í afgreiðslu málanna, er þeir hafa lagt fram, er hefir gjört mèr það auðvelt og ánægjusamt, að gegna því, sem þíngið hefir lagt mèr á herðar, og mèr hefði að öðrum kosti eigi orðið mögulegt að leysa af hendi. Sèr í lagi votta eg hinum háttvirta *varaforseta* mitt innilegt þakklæti fyrir alla þá aðsoð, er hann hefir látið þínginu og sjálfum mèr í tè, og fyrir þann velvilja og vinsemd, er hann hefir enn auðsýnt mèr á þessu þíngi, eins og fyrri á þíngum og utan þíngs.

Hinn háttvirti *konúngsfulltrúi* hefir enn sem fyrri með mannúðlegum og ljósum leiðbeiníngum sínum styrkt þíngið og lètt undir störf þess, og með ljúfum undirtektum sínum undir hæfilega leiníngu þíngtímans gjört þínginu mögulegt að afkasta því, sem nú er afkastað. Með þessu, og með umburðarlyndi sínu og mannúðlegleik við mig, hefir hann gjört allt, er í hans valdi stóð, til þess að gjöra mèr sem auðveldasta og þægilegasta þá stöðu og þann starfa, er þíngið virtist nú að trúa mèr fyrir. Mèr er það því bæði skylt og mjög kært að geta vottað honum mitt innilegt þakklæti, bæði í nafni þíngsins og sjálfs mín, fyrir þann góða þátt, er hann hefir átt í meðferð málanna. Það ræður að líkindum, að hvert þíngið verði nú hið síðasta fyrir jafn-aldurhnignum höfðíngja, að geta tekizt á hendur framvegis þá hina þýðíngarmiklu köllun, sem konúngur vor hefir lagt honum á herðar; getur því að borið, að nú hafi það verið í síðasta sinni, að alþíngi nyti þeirrar leiðbeiníngar hans og aðstoðar, er það hefir haft við að styðjast í hvert sinn, síðan það fyrst hófst, og jafnan verið mikilsverð; getur verið, að skoðanir hans á sumum aðal-

málum vorum og tillögur hans um þau við stjórnina, hafi vikið nokkuð frá stefnu þingsins; en þó svo hafi verið, þá getur hin frábrugðna sèrstaklega köllun manns og staða, í sameiníngu með frábrugðinni skoðun og margra ára reynslu, rèttlætt slíkt víst að miklu; en hinu má eigi gleyma og skal eigi gleymt, hvorki í annálum alþíngis, nè í sögu landsins, að þessi hinn háttvirti höfðíngi vor, studdi frá upphafi mest og bezt allra innlendra embættismanna að sem frjálslegastri stofnun og fyrirkomulagi alþíngis, eptir því, sem þá var framast auðið að hafa fram, og að það yrði sem beztum mönnum skipað hið fyrsta sinn; hefir hann og æfinlega síðan stutt að framförum og sóma og þýðíngu alþíngis bæði utan þíngs og innan.

En þegar vèr nú þannig skiljum, háttvirtu herrar og alþíngismenn! þá látum oss gleðja oss og styrkja við þá meðvitund, því það getum vèr allir, að hver af oss hafi gjört allt, sem gjört varð til að leysa köllun sína af hendi sem bezt; ef vèr stuðlum að því utan þíngs, hver í sínum verkahríng, og hver í sínu kjördæmi, að hver og einn ræki sem bezt og sem dyggilegast stètt sína og köllun, þá er landi voru og lýð mikil og bráð framför búin, þrátt fyrir það, þótt hagur landsmanna horfi ískyggilega við nú í svipinn.

Þess biðjum vèr að lyktum hinn algóða, að hann haldi sinni hendi yfir konúngi vorum, yfir landi voru og þjóð, og yfir þessu þíngi, og að hann veiti oss öllum sinn styrk og sína blessun til þess, að gjörðir vorar og tillögur bæði á þessu þíngi og endranær megi bera sem heillaríkasta framfaraávexti fyrir land vort og lýð!

Að því búnu stóð upp *konúngsfulltrúinn*, og lýsti yfir: *Í nafni og umboði konúngs segi eg þá þessu þíngi slitið.*

Þá kallaði upp ein þíngmanna:

„Leingi lifi konúngur vor, **Friðrik hinn sjöundi“,** og tóku allir þíngmenn undir það í einu hljóði. Síðan var geingið af þíngi.

VIÐAUKI,

er inniheldur þau brèf frá alþingisforsetanum, er hann samdi og lèt út gánga eptir fundarályktunum alþíngis.

1.

Kjörbrèf

alþíngismanns Borgfirðínga, kand. *Arnljóts Ólafssonar*, til að gánga í póstmálanefndina.

Það gjöri eg hèr undirskrifaður *Jón Guðmundsson, forseti* á alþíngi Íslendínga 1859, heyrum kunnugt með þessu mínu opnu brèfi,

að með því konúngsfulltrúinn á þessu þíngi skýrði svo frá á 4. fundi 5. dag þessa mánaðar, að stjórn konúngs vors hefði skipað svo fyrir, að 3 amtmenn landsins og landfógetinn skyldi koma saman í nefnd hèr í Reykjavík, að afloknu þessu alþíngi, og semja 2. frumvörp um póstmál Íslands, annað um póstgaungur hèr á landi, hitt um póstgaungur milli Íslands og Danmerkur, en 5. manninn skyldi alþíngi kjósa í nefndina;

með því nú þessi kosníng af hendi alþíngis fram fór á fundi í dag, samkvæmt dagskránni og á lögboðinn hátt;

með því 24 atkvæði, öll góð og gild, voru greidd á þíngi í dag til þeirrar kosníngar,

og með því alþíngismaður Borgfirðínga hlaut einn flest atkvæðin, en þau voru *tíu* tals, af þeim, sem greidd voru og gild, og því var yfirlýst á fundi í heyranda hljóði, þegar að afgeinginni kosníngu,

þá lýsi eg því yfir með þessu mínu opnu brèfi í nafni og umboði alþíngis, að þèr, herra kandidat *Arnljótur Ólafsson*, alþíngismaður Borgarfjarðarsýslu! eruð rètt kjörinn og löglega kjörinn til þess, að gánga í póstmálanefnd þá, er eg nú skýrði frá, þegar eptir þínglausnir.

Og með því þèr hafið eigi undan kosníngu þessari skorazt, þá kveð eg yður hèr með í nefndina af hendi alþíngis, hvenær og hvar sem oddviti hennar, stiptamtmaður greifi af Trampe, en honum sýnið þèr þetta brèf mitt, boðar yður á fundi nefndarinnar hèr í Reykjavík.

Þessu er til staðfestu eiginhandarnafn mitt og signet.

Alþíngi, 18. d. júlímán. 1859.

Jón Guðmundsson.

(L. S.)

2.

Brèf til hinna konúnglegu erindsreka í fjárkláðamálinu.

Að endaðri lögskipaðri umræðu hins síðasta alþíngis í fjárkláðamálinu, ályktaði þíngið, að skora skyldi á yður, hina háttvirtu konúnglegu erindsreka þessa máls *í gegnum forseta* sinn um það:

1. „Að þèr hlutist til, að lógað verði þegar í haust öllu fè, í Holtamanna og Vestur-Landeyjahrepp í Rángárvallasýslu, en að í efra hluta Borgarfjarðarsýslu ofan að Skoradalsvatni og Andakílsá, að meðtöldum bænum Svánga. verði lógað öllu fè, og því, er sýkzt hefir". Og „að einnig verði lógað eða útrýmt á komanda hausti eða vetri öllu fè úr Flóanum í Árnessýslu, ef þar kemur upp kláði á ný".
2. „Að þèr gefið amtmönnunum í norður- og vesturumdæminu, eigi síðar en annar yðar eða báðir fara hèðan í haust, tilkynníngu um, að þeir (amtmennirnir) hafi fullt embættisvald sitt til að ráðstafa máli þessu framvegis.

Af því mèr er þannig falið á hendur af alþíngi, að gángast fyrir, að því mèr yrði mögulegt, að þessum ályktunum þíngsins mætti verða framgeingt sem fyrst og sem greiðast, þá leyfi eg mèr hèr með að mælast til þess af yðar háttvirtu konúnglegu erindsrekar! að þèr, áður en þèr nú byrjið autsurferð yðar, er eg heyri sagt að þèr hafið ákveðið nú að afliðinni næstu helgi, vilduð gjöra svo vel að eiga fyrirfram fund við mig um þetta mál, og virðist mèr einkum mikilsvert um það, ef nokkuð gæti samizt með oss áður, en þèr nú farið austur, hvernig haganlegast yrði að undirbúa förgun hins kláðasjúka og grunaða fjár í Vestur-Landeyjum, Holtunum og Flóanum. Það legg eg á yðvart vald, að ákveða stund og stað til þessa fundar, ef þèr vilduð gjöra svo vel, að gefa kost á því; en væri það ekki, leyfi eg mèr að beiðast skriflegs svars bæði þar um, og um undirtektir yðar undir þessar ályktanir þíngsins að öðru leyti[1].

Reykjávík 20. ágúst 1859.

Jón Guðmundsson.

---

1) Upp á þetta brèf svöruðu erindsrekarnir forsetanum þannig:

„I behagelig Skrivelse af 20. d. M. har De, efter en i Althinget foregaaet Afstemning rettet Opfordring til os, dels angaaende Udryddelsen af alle Faar i to Repper i Rangarvalla Syssel og af alle de Faar i den överste Deel af Borgarfjords Syssel, der enten ere eller have været syge, samt i Districtet Flói i Arnæs

3.

Umburðarbrèf til allra amtmannanna, út af málinu um að sjá ráð til að afstýra hallæri og almennri neyð.

„Samkvæmt því sem alþingi lagði fyrir með atkvæðagreiðslu sinni í málinu um að *sjá ráð við hallæri og almennri neyð,* er þingið tók til reglulegrar meðferðar og ritaði síðan út af málinu bænarskrá til konúngs, þá leyfi eg mèr jafnframt og eg læt hèr með fylgja afskript af tèðri bænarskrá, að fela yður hávelborni herra til bezta fylgis og úrgreiðslu þetta mikilvæga mál, er bæði þinginu, eins og kom fram í umræðunum, og mèr er kunnugt, að þèr hafið gefið svo góðan og verulegan gaum, og þegar ritað um álit yðar og góðar tillögur til stjórnarinnar, þær er alþingi fann sèr skylt að styðja á bezta veg, eins og sjá má af bænarskránni til konúngs. Þingið komst þar að auki að þeirri niðurstöðu, eins og að nokkru leyti er bent til í bænarskránni til konúngs, að auk þess, sem þar er tekið fram um þau tvö verulegu atriði þessa máls: *að* sèð yrði fyrir nægum kornaðflutníngum hingað á þessu hausti, og *að* hinum nauðstöddu sveitum, er eingan sveitarsjóð eiga, nè hafa nein efni fyrir hendi eða útvegu með að afla fjár til þess að kaupa kornið, yrði opnað lánsfè úr opinberum sjóði, með vægum kjörum, eða styrkur, til þess að kaupa fyrir korn handa hinum nauðstöddustu, þá mætti það og verða til hinna beztu og affarasælustu úrræða í máli þessu, og þau verða hollust og affarabezt afdrif þess, ef háyfirvöld landsins,

---

Syssel, eventualiter af alle Faar; dels angaaende en forönsket Tilkjendegivelse fra os til Amtmændene i Vester- og Norder-Amtet om, at de have fuld Embedsmyndighed til at træffe de Foranstaltninger, der maatte foranlediges ved Faareskabet. Derhos har De anmodet os om en Conference, for at træffe en Overeenskomst om den foreslaaede Udryddelse af Faarene, og i modsat Fald at meddele dem skriftligt Svar desangaaende, samt iövrigt angaaende den Modtagelse, som Thingets omhandlede Beslutninger matte finde hos os".

„I forestaaende Anledning undlade vi ikke herved tjenstligen at meddele vort Svar: Ved at træffe vore Bestemmelser om de til Skabsygens Undertrykkelse tjenlige Foranstaltninger ville vi lade os det være magtpaaliggende, at yde Althingets Opfordringer alt muligt Hensyn, men vi tör ikke ansee os bemyndigede til, at betragte disse som bestemmende for vor Fremgangsmaade i det os ved allerhöiest Commissarium overdragne Hverv, saa at de skulde kunne fritage os for noget af det Ansvar, som i denne Anledning paahviler os. Vi maae saaledes nægte os den Ære, at conferere med Dem i Egenskab af Althingspræsident, om de til os stillede Opfordringer, hvortil der ei heller ved Althingets os meddelte Beslutning skjönnes at være givet Anledning.

Reykjavik, den 22. August 1859.

H. Tscherning. Jón Sigurðsson".

er mál þetta lægi næst til allra afskipta og úrgreiðslu, vildi hlutast til þess á alla lund, og með sem beztum ráðum og hvötum, að landsmenn legðist sjálfir sem flestir á eitt með samtökum og af ýtrustu kröptum, að hjálpa sèr sjálfir, og var þingið þess fullöruggt, að þar að munduð þèr, hávelborni herra! styðja á alla lund og af fremsta megni í yðru umdæmi, og sjá til þess sem bezt ráð, að fá því verulega atriði framgáng.

Eptir því, sem þegar er hljóðbært orðið um afskipti þau og tillögur, er þèr herra! hafið þegar lagt fram við stjórn konúngsins, þá mætti má ske virðast óþarft að minnast hèðan af á það viðaukaatkvæði, er þingið aðhylltist í þessari grein um það, er þingið fól *forseta* sínum að skora á amtmennina um, en það var þetta, „að þeir að sínu leyti hlutist til, að sjá mönnum borgið með kornvörum og útvegi fátækrasjóðunum, sem þess þyrfti, lán úr opinberum sjóði með sem beztum kjörum að auðið er;“ en eigi má eg þó láta þessa alveg ógetið, nè undir höfuð leggjast að hreifa því, þar sem þetta var fyrir mig lagt með atkvæðagreiðslu þingsins, einkum þar sem að líkindum ræður, að stjórnin verði öllu tilleiðanlegri til þess, að opna sveitarsjóðunum, er þess þyrfti, lán úr opinberum sjóði með vægum kjörum, eins og hún gjörði 1838 eða 1839, heldur en að veita beinan fjárstyrk; en hins vegar mætti slíkt lán ef það feingist með vægum kjörum, verða margri snauðri sveit til mestu og beztu bjargar eins nú, eins og varð upp á 1838--39 eptir þau fènaðarfellisár, er þá voru ný afstaðin[1].

Reykjavík 17. ágúst 1859.

Jón Guðmundsson.

---

1) Svar eða skýrsla um það, hvernig amtmennirnir hafa sinnt þessu máli, hefir eigi borizt alþingisforsetanum nema frá amtmanninum í norður- og austuramtinu, Havstein, er sendi með brèfi til forseta 22. okt. 1859, eptirrit af umburðarbrèfi sínu til allra sýslumanna í amtinu, dagsettu s. d., þannig hljóðandi:

„Alþingi, sem haldið var í sumar, hefir skorað á mig fyrir forseta sinn, að eg neytti þeirra meðala, sem fyrir hendi væri, til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi bjargræðisskort, og hlutaðist til, að landsmenn legðist sjálfir á eitt með samtökum og af ítrustu kröptum að hjálpa sèr sjálfir“.

„Eg skal nú geta þess, að eg hinn 21. maí þ. á. skýrði stjórn Danakonúngs frá harðindum þeim og bágindum, er geingið hefðu næstliðinn vetur, og þar eð eg seinna mátti óttast fyrir því, að hinir vanalegu bjargræðisvegir, landgagn og sjáfarafli, yrði ekki að fullum notum í sumar, en að kaupmenn af eiginn rammleik ekki mundi flytja svo mikla kornvöru til landsins, að hún gæti fullnægt þörfum manna, ritaði eg 19. dag júlímánaðar stjórninni um bjargarástand þessa amts, og bað

4.

Brèf *alþingisforsetans* til dómsmálastjórnarinnar um, að endurgoldið verði ýmsum sveitarsjóðum í Rángárvallasýslu það vaxtafè, sem amtmaðurinn í suðuramtinu hlutaðist til um, að tekið væri úr jarðabókarsjóðnum, til þess að endurgjalda *thessiersk* baðlyf árið 1858.

Á 13. fundi þessa árs alþingis, 21. júlí, var tekin til inngángsumræðu umkvörtun eða uppástúnga frá alþingismanni Rángæinga (sjá alþingistíðindin 1859 bls. 366—368), þannig hljóðandi:

„Að þeim sveitarsjóðum Rángárvallasýslu, sem fè var frá tekið til að borga með þau *thessiersku* baðmeðöl, er brúkuð voru þar, verði það að fullu endurgoldið frá því opinbera".

Eptir nokkrar umræður tók alþingi á þessum sama fundi þá ályktun, með 16 atkvæðum gegn 8 (alþ.tíð. 1859 bls. 376),

„að vísa málinu gegnum forseta til stjórnarinnar".

Samkvæmt þessari ályktun alþingis leyfi eg mèr að bera málefni þetta upp fyrir hina háu dómsmálastjórn, og að taka fram fyrir því eptirfylgjandi ástæður:

---

hana að hlutast til, þá búið væri að grennslast eptir þeim aðflutníngum, sem þegar hefði átt sèr stað, að meira matvörumagn kæmi til allra þeirra verzlunarstaða í amtinu, er að öðrum kosti ekki feingi nægar kornbyrgðir; hefir stjórnin ljúflega tekið undir þetta mál, og má meðfram þakka hennar mildilegu umönnun, að kornvara hefir komið til allra hafna með mesta móti".

„Að vísu hefir málnyta viða brugðizt í sumar, bæði vegna fækkunar skepnanna og vegna megurðar þeirra undan þeim afar-harða vetri, eins og líka víðast hvar fiskafli hefir verið stopull, og skurðarfè gefizt illa í haust til frálags, svo bjargræðisnægtir manna eru eingau veginn glæsilegar, þó aðflutníngar útlendrar matvöru hafi orðið miklir; en nú eru ekki önnur ráð fyrir hendi, en að reyna til að bjargast af sjálfs dáðum, og að hrinda burt skortinum með búmannlegri fyrirhyggju og skynsamlegri hagtæríngu þeirra matarbyrgða, sem til eru. Til þessa vona eg, að þèr herra (Tit.), og sveitarforstjórarnir í sýslu yðar uppörfi menn kröptuglega, og má alltènd telja það víst, að þeim verður borgið, sem einlæglega vilja hjálpa sjálfum sèr. Það er og eitt, sem þarf að leggja almenníngi ríkt á hjarta, á meðan að harðindin standa yfir, en það er, að draga sem mest úr kaupum hinnar útlendu óþarfavöru, sèr í lagi kaffes og brennivíns, er svo skaðvænlega hnekkir búsæld margra manna".

„Fjárræktin er aðalbjargræðisvegur norður- og austramtsbúa, og ekki þarf að óttast verulegt hallæri og hinar hryllilegu afleiðíngar þess, ef menn geta haldið fènaði sínum og fullum notum hans; þess vegna er brýnasta nauðsyn nú og æfinlega að hirða vel fè sitt og setja hyggilega á vetur, svo fénaður ekki falli eða verði ónýtur af vanhirðíngu og fóðurskorti, og skal eg því fastlega beiðast þess, að þèr, herra (Tit.) með ráði og aðstoð beztu manna í hverri sveit, kappkostið að koma á og við halda góðri fjárhirðíngu og hyggilegum heyásetníngi".

„Um aðgjörðir yðar í þessu efni vona eg þèr gefið mèr ávísun á sínum tíma".

Að því er snertir það atriði málsins, að þingmaður Rángæinga bar það upp á alþingi og leitaði þar um tilhlutunar og fylgis þingsins, þá virðist ekki, að þetta hafi verið gjört tilefnislaust, eða fyr, en hann og þeir kjósendur hans, sem hlut áttu að máli, voru búnir að gánga úr skugga um, að þeim væri árángurslaust að leita réttíngar á því hjá hlutaðeiganda amtmanni, eptir hvers tilhlutan eða skipan, að fé það, sem hèr ræðir um, virðist, að því sem upplýst er, vera út borgað, ásamt með áföllnum vöxtum úr jarðabókarsjóðnum, þar sem það stóð á vöxtum eptir skuldabrèfum stjórnarinnar. Það sèst nefnilega af meðfylgjandi afskript, nr. 1. af brèfi stipt- og suður-amtsins 26. apríl þ. á., til sýslumannsins í Rángárvallasýslu, að hreppstjórarnir í Rángárvallahrepp hafa beðizt hjá suðuramtinu endurgjalds, eptir því sem þar í segir, á 256 rd., sem teknir höfðu verið úr sveitarsjóði hreppsins, til þess að kaupa fyrir kláðalyf, en feingið skilyrðalaust afsvar þar upp á, og en fremur má sjá það af sjálfum ástæðunum fyrir umkvörtun þíngmanns Rángæínga, sem og einnig af hèr fylgjandi afskript, nr. 2., af amtsbrèfi til mín 18. júlí þ. á., að alþíngismaðurinn leitaði í leingstu lög að fara hinn vanalega embættisveg til að fá réttíngu á þessu máli fyrir kjósendur sína, án þess það hefði nokkuð upp á sig.

Eptir að alþíngi hafði upp kveðið tèða ályktun, varð eg allt um það að álíta rèttara, áður en eg hèldi málinu leingra, að gjöra fyrst ítarlegri tilraun til þess, með brèfi 21. júlí þ. á., hvort amtmaðurinn vildi eigi hlutast til um, að hlutaðeigandi sveitarsjóðum yrði endurgoldið það vaxtafé þeirra, er þannig hafði verið gripið til, og þar næst, þegar eg hafði feingið afsvar hans um þetta 23. s. mán., ritaði eg honum aptur 25. s. m., og beiddist allra þeirra upplýsínga um málið, sem kostur væri á; þar upp á meðtók eg einnig afsvar dagsett 26. s. mán., og fylgja af þeim brèfum afskriptir nr. 3 og 4.

Þegar mèr þannig var synjað um allar upplýsíngar og skýrslur um málið, er hvorki alþíngismanni Rángæínga nè hlutaðeigandi hreppstjórum var mögulegt að gefa, af því þetta fé stóð á vöxtum í jarðabókarsjóðnum, þá snèri eg mèr til landfógetans á Íslandi með brèfi 4. ágúst þ. á., og beiddist þaraðlútandi upplýsínga. Landfógetinn svaraði mèr aptur með brèfi 10. sept. næst á eptir, hvar af afskript fylgir nr. 5.

Eptir þessu brèfi er árið 1858 útborgað úr jarðabókarsjóðnum, A, samkvæmt gjaldskipun stiptamtsins 8. okt. 1858 og gegn kvittíngum setts sýslumanns St. Thordersens:

	Innst.	Vextir.	Samtals.
	rd.	rd. sk.	rd. sk.
Tilheyrandi Ránǵárvallahrepp	300	14 72	314 72
— Hvolhrepp	150	6 92	156 92
— Holtamannahrepp	300	14 16	314 16
B, samkvæmt gjaldskipun stiptamtsins 16. des. 1858 og gegn kvitteríngu lyfs. A. Randrups.			
Tilheyrandi Landmannahrepp	150	2 68	152 68
— Fljótshlíðarhrepp	160	2 85	162 85
— Vesturlandeyjahrepp . . .	100	2 6	102 6
samtals	1160	43 51	1203 51

Því er nú eigi mótmælt í hinum fram komnu amtsbrèfum, að þessu fè, samtals 1203 rd. 51 sk. hafi verið varið, eins og alþíngismaður Ránǵæínga hefir skýrt frá í umkvörtun sinni til alþíngis, til þess að kaupa fyrir hin svo nefndu *thessiersku* lyf, til að lækna fjárkláðann í Ránǵárvallasýslu; er þetta einnig viðurkennt eða út frá því geingið í amtsbrèfinu 29. apríl þ. á., um þá 256 rd., er þar ræðir um, tilheyrandi Ránǵárvallahrepp, en hins vegar óvíst um þessa 256 rd., hvort þeir sè hluti af þeim 314 rd. 72 sk., sem skýrt er frá í brèfi landfógetans, sama hrepp tilheyrandi, eða þeim sè varið í sama skyni *að auki*, og að síðustu virðist kvitteríng lífsala Randrups fyrir nokkrum hluta fjárins að benda til þess, að því hafi verið öllu varið á þenna hátt.

Eg verð nú að leyfa mèr að lýsa yfir þeirri skoðun, að eins og þær ástæður, sem þegar eru fram komnar í brèfi amtsins 29. apríl þ. árs, fyrir synjun þess um endurgjald á þeim 256 rd., virðast ekki óyggjandi, eins sè öll aðferð amtsins í þessu máli og sú ráðsmennska, er það þannig hefir ráðizt í yfir vaxtafè hinna einstöku sveitasjóða, næsta hæpin, einkum hafi það verið að hreppstjórunum eða hreppsbúum fornspurðum; að vísu munu sveitirnar, þar sem fjárkláðinn hefir geingið yfir, víðazt hafa staðizt kaupin á kláðalyfjum sínum að meira og minna leyti, þar til þeim fór að verða gefins út býtt, eptir það hinir konúnglegu erindsrekar komu hèr til landsins í vor, en þessleiðis kaup hafa, það eg til þekki, farið eptir tilmiðlun og samkomulagi milli yfirvaldanna og hlutaðeigandi hreppsmanna, og eptir sameiginlegu samþykki þeirra, og að nokkru leyti svo, að þeir hafi sjálfir pantað meðölin með þessu skilyrði. Að vísu var það að sögn viðtekið á fundi einum, er stiptamtmaðurinn átti við nokkra menn hèr í Reykjavík 13. apríl 1858, eptir því sem síðar var auglýst

bæði í blaðinu „Hirði“, og með umburðarbrèfum suðuramtsins, „að hreppstjórnin í hverjum hrepp skyldi vera skyld til, að sjá fyrir nægum lyfjum handa öllu því fè, sem í hreppnum væri og skyldi borgunin fyrirfram greiðast úr sveitarsjóði, en hreppstjórar skyldi á eptir jafna gjaldinu niður á fjáreigendurna eptir tiltölu við fjáreign þeirra, o. s. frv.“ (Hirðir 1858, bls. 134 nr. 5); en eins og eingi heimild til slíkrar mikilsvarðandi ákvörðunar virðist verða útleidd af brèfi hinnar háu dómsmálastjórnar til stiptamtsins 15. apríl 1858, eins virðist næsta vafasamt, hvort amtmaður hafi eða geti, með fárra manna ráði, þeirra er hann sjálfur kveddi til, gefið sèr vald til, að ráða þannig skilyrðalaust yfir fè sveitasjóðanna, sízt án samþykkis eða vilja þeirra hreppsbúa, er eiga. Eg get nú, sakir synjunar amtsins um hverskyns upplýsíngar um málið, að vísu eigi staðhæft, að amtið hafi skort samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar, til þess að verja þannig því vaxtafè, er hèr ræðir um, að öðru leyti en því, er alþíngismaður Rángæínga gaf í skyn í umræðum málsins; en hitt virðist samt sem áður liggja opið fyrir, að aðalundirstaðan og heimildin fyrir, að grípa til og verja þannig vaxtafè sveitasjóðanna, sem hèr ræðir um, sè fólgin í tèðri skipun eða ákvörðun amtsins 13. apríl 1858, sem þó hlýtur að virðast talsvert vafasamt um, hvort hún, svona án fullrar og gildrar æðri heimildar, getur álitizt óyggjandi bindandi, hvort heldur einstaka menn eða heilar sveitir og fè þeirra.

Af öllum framanskrifuðum ástæðum og samkvæmt umboði því, er alþíngi fól mèr þar til, verð eg að leyfa mèr auðmjúklega að fela þetta mál hinni háu dómsmálastjórn til vitrustu og rèttvísustu úrgreiðslu og rèttíngar, og leyfa mèr jafnframt auðmjúklega að fara því fram, og beiðast:

> *Að hin háa dómsmálastjórn vilji náðarsamlega hlutast til um, að þeir 1,203 rd. 51 sk., sem hèr ræðir um, tilheyrandi ýmsum sveitasjóðum í Rángárvallasýslu, verði þeim aptur endurgoldnir, svo fljótt sem verða má, og á þann hátt, sem stjórnin sjálf álítur haganlegast og rèttast*[1].

Reykjavík, 19. sept. 1859.

Jón Guðmundsson.

---

1) Þetta brèf með fylgiskjölum var sent dómsmálastjórninni í fyrra haust 1859, eins og dagsetníng þess hljóðar; en með brèfi 27. febrúar 1860, færist ráðherranu undan, að leggja úrskurð á málið, nema því sè haldið þá leið, sem 44. gr. alþ.tilskip. bendir til; af þessum rökum sendi forseti konúngsfulltrúanum brèf þetta ásamt danskri þýðíngu og öllum fylgiskjölum 7. júní 1860.